# Menningarminjar í Vesturbyggð

**SVÆÐISSKRÁNING**

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir

**FS031-96041**

**FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS**

**1997**

*Efnisyfirlit*

1. Inngangur 4
1.1 Um svæðisskráningu 7
1.2 Fornleifakönnun á skráningarsvæðinu 10
2. Yfirlit um sögu og einkenni byggðar á skráningarsvæðinu 14
2.1. Náttúrufar og einkenni byggðar 14
2.2 Landnám og byggðaþróun á fyrstu öldum 20
2.3 Byggðaþróun á seinni öldum 29
3. Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra 32
Friðlýstar minjar 34
Bæjarhólar og bæjarstæði 36
Útihús og tún 39
Tún, garðar og akrar 40
Kvíar og stekkir 41
Beitarhús og sel 42
Engjar og áveitur 43
Myllur 44
Minjar um eldsneytisöflun og járnvinnslu 44
Verminjar 45
Minjar um veiðar 46
Samgönguminjar 46
Minjar um samkomur og þinghald 48
Kuml og kirkjugarðar 49
4. Verndun og kynning menningarminja á skipulagssvæðinu 52
5. Skrá um menningarminjar í Vesturbyggð 55
6. Heimildir 319

*Töflur*

1. Búfjárfjöldi í fjórum hreppum í Vestur-Barðastrandarsýslu árið 1703 og 1710 16
2. Íbúafjöldi í fjórum hreppum í Vestur-Barðastrandarsýslu árið 1703 og búfjárfjöldi árið 1703 og 1710 17
3. Helstu tímabil hjáleigubyggðar og stofnun nýbýla í Vesturbyggð 29
4. Skrá yfir þær jarðir í Vesturbyggð sem flestir skráðir minjastaðir eru á 32
5. Helstu tegundir skráðra fornleifastaða í Vesturbyggð 33
6. Fornleifastaðir í Vesturbyggð flokkaðir eftir hlutverki 33
7. Friðlýstar minjar í Vesturbyggð 34-35
8. Bæjarhólar í Vesturbyggð sem flutt hefur verið af og líkur eru til að séu að mestu leyti óskemmdir 37
9. Kotbýli og eyðijarðir í Vesturbyggð þar sem rústir bæjarhúsa gætu verið sýnilegar 37-38
10. Skrá um staði, þar sem vísbendingar eru eða sagnir um að menn hafi verið grafnir utan kirkjugarða. 50

# 1. *Inngangur*

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum og sérílagi staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdaglegar fyrir hundrað árum síðan eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegum upplýsingum um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með athugun á vettvangi, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning. Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmiskonar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna. Slík heimildakönnun er nauðsynlegur undirbúningur undir vettvangsathuganir en hún getur líka skilað sjálfstæðum niðurstöðum. Nægilegar heimildir eru til, til að gefa grófa mynd af fjölda, eðli og ástandi minja á ákveðnum svæðum, og skipuleg heimildaúttekt í því skyni getur komið að gagni við skipulagsgerð jafnt sem minjavernd og rannsóknir. Af þessum ástæðum hefur Fornleifastofnun Íslands á undanförnum árum unnið að þróun aðferða við fornleifaskráningu. Þær fela í sér að skráningunni er skipt þrjú afmörkuð stig og eru þar höfð til viðmiðunar hin þrjú stig skipulagsvinnu, svæðis, aðal- og deiliskipulag. Svæðisskráning felst í öflun heimilda um fornleifar á viðkomandi skipulagssvæði og söfnun gagna sem gefa margvíslegar vísbendingar um menningarminjar. Markmið svæðisskráningar er að gefa heildaryfirlit um ástand og eðli menningarminja á stóru svæði, t.d. heilu sveitarfélagi, sýslu eða héraði. Með svæðisskráningu er reynt að finna og skilgreina svæði og staði sem eru sérstaklega athyglisverðir eða í sérstakri hættu og vera undirbúningur undir aðalskráningu fornleifa. Aðalskráning felst í vettvangsvinnu og miðar að því að staðsetja og kortleggja einstaka minjastaði og lýsa þeim á skipulagan hátt. Deiliskráning er síðan nákvæmari úttekt á litlu svæði og er unnin samhliða áætlanagerð um endanlega ráðstöfun jarðnæðis.

Að tengja fornleifaskráningu við skipulagsgerð á sér stoð í þjóðminjalögum þar sem segir

í 18. gr. að skylt sé 'að fornleifaskráning fari fram á skipulagsskyldum svæðum áður en gengið er frá skipulagi eða endurskoðun þess ...' Samkvæmt lögunum á Þjóðminjasafn Íslands að hafa samvinnu við skipulagsyfirvöld um fornleifaskráningu en að öðru leyti er ekki kveðið á um hvernig standa eigi að fornleifaskráningu og reglugerð hefur ekki verið samin. Þjóðminjasafn Íslands hefur ekki haft fjárhagslegt bolmagn til að sinna þessu verkefni og hefur raunin orðið sú á undanförnum árum að kostnaður af skráningu fornleifa verið borinn af sveitarfélögum. Þó að sveitarfélögum beri ekki lagaskylda til að kosta slíka skráningu eru það augljóslega hagsmunir þeirra að til séu nákvæmar og aðgengilegar upplýsingar um menningarminjar á yfirráðasvæðum þeirra. Fornleifar eru auðlindir sem ekki er hægt að varðveita né hafa tekjur af nema fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu þeirra og gerð. Samkvæmt þjóðminjalögum (21. gr.) ber þeim sem fyrir meiriháttar framkvæmdum standa skylda til að greiða fyrir rannsóknir á fornminjum sem í ljós koma við jarðrask á þeirra vegum. Það eru því hagsmunir slíkra aðila að hægt sé fletta upp í ábyggilegum skrám um staðsetningu fornleifa áður en framkvæmdir hefjast svo komist verði hjá óþarfa kostnaði og töfum. Einnig eykst nú skilningur á að fornleifar eru vannýttar auðlindir í ferðaþjónustu en forsenda þess að hægt sé að velja staði til kynningar fyrir ferðamenn er að til séu heildstæðar upplýsigar um menningarminjar, ástand þeirra og staðsetningu á viðkomandi svæði.

Að auki má minna á að mat á því hvað teljast markverðar fornleifar hefur lengst af tekið mið af sögu lands og þjóðar í heild. Minni gaumur hefur verið gefinn að sérkennum ákveðinna svæða og fornleifum sem eru markverðar í samhengi héraðssögu. Af þessum ástæðum er eðlilegt að fornleifaskráning sé unnin í nánu samstarfi við sveitarstjórnir og með hliðsjón af þörfum þeirra.

Í kafla 1.1 er gerð grein fyrir þeirri aðferðafræði sem liggur að baki svæðisskráningu fornleifa. Hér er þó rétt að minnast stuttlega á þær skilgreiningar sem lagðar eru til grundvallar við fornleifaskráningu. Í 16. grein þjóðminjalaga eru þessi skilgreining:

Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og

vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari víðu skilgreiningu hefur verið fylgt við gerð fornleifaskrárinnar og í anda hennar eru einnig skráðir staðir eins og orrustustaðir, skilgreinanlegir staðir þar sem atburðir, sem tengjast sögu og bókmenntum Íslands hafa átt sér stað og staðir þar sem draugar hafa átt að hafa búið. Dæmi um staði sem eru ekki skráðir eru eykatmörk sem eru ekki manngerð og drangar sem kallaðir eru nátttröll, en það heiti virðist oftast vera tegundargreining á náttúrumyndunum frekar en að sagnir séu um að tröll hafi dagað uppi. Þar sem slíkar sagnir eru, eru þær auðvitað skráðar. Á hinn bóginn eru öll Grettistök skráð og er þetta vitanlega umdeilanlegt og byggir fyrst og fremst á því að fyrirsjáanlegt sé að gagn megi hafa af upplýsingunum. Annarskonar upplýsingar sem átt gætu heima í menningarsögulegum gagnagrunni eru t.d. um staðsetningu engja og bithaga, nytjaskóga og veiðistaða. Söfnun slíkra upplýsinga krefst hinsvegar annarskonar gagna og öðruvísi aðferðafræði en skráning eiginlegra fornleifa og er mun viðráðanlegri á stigi aðalskráningar. Þar sem til eru upplýsingar um gróðurfar og búskaparskilyrði fyrir einstakar jarðir (t.d. í sóknalýsingum og héraðssöguritum) er slíkum upplýsingum safnað á stigi svæðisskráningar.

Samkvæmt lögunum eru öll mannvirki eldri en 100 ára skilgreind sem fornleifar en við skráninguna er notuð aðeins víðari skilgreining. Allar byggingar úr torfi og grjóti eru skráðar, sem og önnur mannvirki sem eru vitni um horfið verklag eða tækni. Þar með geta talist elstu steypubyggingar, byggingar úr blönduðu efni (torf, grjót, timbur, steypa, bárujárn) og mannvirki eins og heimarafstöðvar, sundlaugar, upphlaðnir vegir frá því fyrir jarðýtuöld, fiskplön, áveituskurðir og hverskyns minjar aðrar sem tengjast umbreytingum í atvinnuvegum og lífsafkomu á fyrri hluta 20. aldar. Minjar sem tengjast seinni heimstyrjöldinni, veru setuliðsins og framkvæmdum á vegum þess (vegir, flugvellir, braggahverfi, skotgrafir o.s.fr.v) eru einnig skráðar. Þær heimildir sem stuðst er við í svæðisskráningu geyma yfirleitt mjög lítið af upplýsingum um nútímaminjar og er því ekki að vænta heildstæðs yfirlits um þær fyrr en á stigi

aðalskráningar. Helst er að upplýsingar um gamlar sundlaugar komi fram við svæðisskráningu.

Skýrsla þessi er unnin af Orra Vésteinssyni og Sædísi Gunnarsdóttur. Sædís sá um heimildaöflun, sló inn upplýsingar um fornleifar og setti skrána um menningarminjar upp fyrir þessa útgáfu. Orri hefur samið inngang og safnað efni um jarðir og sögu þeirra. Sérstakar þakkir fær Haraldur Þór Egilsson fyrir aðstoð og ómetanlegan stuðning.

## 1.1 *Um svæðisskráningu*

Við hefðbundna fornleifaskráningu hefur fyrst og fremst verið leitast við að finna og staðsetja einstakar rústir sem sýnilegar eru á yfirborði. Ekki var reynt að grennslast fyrir um hvar fornleifar gætu leynst þó þær væru ekki greinilegar á yfirborði, en ætla má að meginþorri minja á Íslandi sé hulinn sjónum. Til að ráða bót á þessu hefur Fornleifastofnun Íslands þróað aðferðir til að áætla staðsetningu menningarminja en það er mikilvægt bæði frá vísindalegu sjónarmiði og nauðsynlegt ef forðast á röskun minja við framkvæmdir. Annarsvegar er um að ræða leit að vísbendingum um staðsetningu einstakra menningarminja, einkum með stuðningi gamalla túnakorta og örnefnaskráa. Hinsvegar eru óbeinar vísbendingar um byggð og búsetu en með því að fá yfirlit um hvar byggð hefur verið má gera sér allgóða hugmynd um umfang og eðli menningarminja sem þeirri byggð hafa fylgt jafnvel þó þeirra sjái ekki stað lengur.

Við upphaf svæðisskráningar fornleifa er gert yfirlit um sögu byggðar, skilgreindar jarðir og takmörk þeirra og gert yfirlitskort yfir staði þar sem vitað er að búseta hafi verið. Helstu heimildir eru jarðabækur frá ýmsum tímum, sölubréf og landamerkjalýsingar. Þá er farið skipulega yfir vísbendingar um menningarminjar á hverjum stað, þ.e. túnakort og örnefnaskrár. Að því loknu er leitað í beinum heimildum um fornleifar þ.e. eiginlegum fornleifaskýrslum.

Að gagnaöflun lokinni liggur fyrir skrá um þekktar minjar á skipulagssvæðinu og á grundvelli hennar er gert gróft minjakort. Gerð er lýsing á menningarminjum svæðisins og reynt að draga fram sérkenni þess. Síðast eru gerðar tillögur um rannsóknir, hagnýtingu og kynningu minja á svæðinu en þann verkþátt þarf að vinna í samhengi við aðrar skipulagstillögur. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem safnað er, er einnig reynt að leggja mat á ástand minjastaða og skilgreina þá hættu sem þeir kunna að vera í og síðan gerðar tillögur um úrbætur.

Notagildi svæðisskráningar eru ákveðin takmörk sett og hún getur aldrei komið í staðinn

fyrir vettvangskönnun (aðalskráningu). Í fyrsta lagi takmarkast svæðisskráning við þá flokka heimilda sem eru aðgengilegastir og gefa heildstæðasta mynd af menningarminjum á viðkomandi svæði. Er þar um að ræða jarðabækur, fornleifaskýrslur, örnefnaskrár og túnakort. Aðrar heimildir eins og t.d. ævisögur eða ferðasögur, sem oft geyma nákvæmar upplýsingar um húsaskipun og staðsetningu mannvirkja á 19. öld, eru ekki rannsakaðar skipulega á stigi svæðisskráningar þar sem nákvæmni og fjöldi slíkra upplýsinga er tilviljanakenndur og erfitt að hafa upp á þeim þegar stór svæði eru könnuð. Heimildir af þessu tagi eru hinsvegar kannaðar á stigi aðalskráningar. Í öðru lagi getur svæðisskráning ekki gefið nákvæmar upplýsingar um staðsetningu allra minjastaða og í þriðja lagi er ekki hægt að segja til um ástand eða afdrif allra minjastaða á grunni svæðisskráningar. Í fjórða lagi er oft ómögulegt að sjá þegar mismunandi heimildir greina frá sama minjastað og er þess því að vænta að nokkuð sé um endurtekningar á stigi svæðisskráningar. Nákvæmra upplýsinga um þessi atriði er ekki hægt að afla nema með vettvangsathugun, en á grunni svæðisskráningar má hinsvegar gefa grófa mynd af dreifingu og ástandi fornleifa á skipulagssvæðinu.

Helstu flokka heimilda sem við er stuðst við svæðisskráningu fornleifa hefur þegar verið getið en nauðsynlegt er að gera fyrir þeim nánari grein: *Jarðabækur.* Jarðabók Árna Magnúsonar og Páls Vídalín er helsta og ítarlegasta verk sinnar tegundar og grundvallarheimildarrit um sögu byggðar á Íslandi. Jarðabókin fyrir Vestur Barðastrandarsýslu var samin árin 1703 og 1710. Á grunni hennar, Jarðatals Johnsens frá 1847, sóknalýsinga Hins íslenzka bókmenntafélags frá miðri 19. öld og af yfirliti um byggð í sýslunni í Barðstrendingabók, má fá allgóða hugmynd um hvar byggð hefur verið á svæðinu. Með því að bera jarðabækurnar saman við ýmiskonar jarða- og landamerkjaskjöl fæst einnig gróf mynd af þróun byggðar, skiptingu jarða og breytingum á eignarhaldsfyrirkomulagi. Þessar heimildir geta að jafnaði ekki um einstaka minjastaði, aðra en bæjarstæði og stöku sinnum selstöður, en heildstæðar upplýsingar um dreifingu byggðar eru grundvöllur fyrir túlkun flestra annarra minja, þ.e. þeirra sem orðið hafa til í sambandi við landbúnað en það er þorri allra fornleifa. *Landamerkjaskjöl.* Allnokkrir landamerkjadómar og jarðasölubréf þar sem landamerki eru tilgreind hafa varðveist frá miðöldum og seinni öldum en skipuleg skráning landamerkja kom fyrst í kjölfar laga um landamerki frá 1882. Samkvæmt þeim átti að skrá landamerki allra jarða í landinu og geyma þau í landamerkjabókum hjá sýslumönnum. Í Barðastrandarsýslum voru landamerki langflestra jarða skráð á nokkrum árum eftir 1882 og er þar um að ræða all-umfangsmikið heimildasafn. Í landamerkjaskrám er oft að finna upplýsingar um gömul mannvirki sem voru á merkjum eða miðað var við í lýsingum. Þær eru þannig beinar

heimildir um fornleifar en eru einnig, eins og jarðabækurnar, mikilvægar heimildir um skiptingu eignarhalds og þar með samhengis fornleifanna hvoru megin við merkin. *Túnakort.* Á árunum 1916-21 voru gerðir uppdrættir í 1:2000 af túnum svotil allra jarða á Íslandi. Kortin eru allmisjöfn að gerð eftir mismunandi mælingamönnum. Öll sýna þau þó mörk túnanna og langoftast er staðsetning bæjarhúsa og útihúsa innan þeirra sýnd, en yfirleitt engra utan túns. Einnig er ritað á kortin hversu stór túnin voru í fermetrum og/eða dagsláttum, hversu stór hluti þeirra var þýfður þegar mælt var og hversu stórir matjurtagarðir voru. Öll kortin í Vesturbyggð voru gerð árið 1920. Þau sýna rétta stærð húsa í túnum og eru þau merkt inn á ásamt görðum en oft er óljóst hvaða merkingar tákna hvað. Á kortunum er greint frá stærð garða og jafnvel stundum fermetrastærð húsanna. Útmælingar fylgja sumum þeirra. Af túnakortum má oftast ráða hvar bæjarhóllinn hefur verið miðað við útihús. Þó að hús sem voru enn í notkun 1920 teljist ekki til fornleifa lögum samkvæmt þá hafa þau engu að síður nærfelt öll verið torfhús og staðið á sömu stöðum og útihús höfðu staðið um aldir. Túnakort eru því einstakar heimildir um dreifingu og afstöðu bæjarhúsa og skipulag mannvirkja innan garðs. Þau eru sérstaklega mikilvæg því fornleifar innantúns eru sá flokkur fornleifa sem hefur orðið fyrir hvað stórfeldastri eyðileggingu á þessari öld. Túnasléttun með stórvirkum vinnuvélum, plógum og jarðýtum, hefur rutt úr vegi þorra útihúsa innantúns og á rústum hinna standa yfirleitt útihús úr nútímaefnum eins og steinsteypu. *Örnefnaskrár.* Söfnun og skráning örnefna hófst á seinni hluta 19. aldar og þá fyrst og fremst í samhengi við skýringu fornsagna. Það var hinsvegar ekki fyrr en eftir 1920 að skipuleg skráning allra örnefna á einstökum jörðum hófst að marki. Örnefnaskráning varð síðan eitt af aðalverkefnum Þjóðminjasafnsins og er nú í umsjá Örnefnastofnunar safnsins. Til eru gamlar skrár eftir Helga Guðmundsson, skrifaðar á 4. áratugnum, fyrir Dala-, Suðurfjarðar- og Barðastrandarhreppa. Viðbætur og athugasemdir, eða endurbættar skrár, hafa verið gerðar í Barðastrandar- og Suðurfjarðarhreppum, og eru þær flestar frá 7. og 8. áratugnum. Í Dalahreppi hafa nær engar viðbætur verið gerðar, og verður því að styðjast nær eingöngu við skrá Helga. Í Rauðasandshreppi voru flestar skrárnar unnar af Ara Gíslasyni um miðja öldina og eru þær oft harla ónákvæmar. Fjöldi athugasemda og viðbóta eru þó til og sumar skrárnar hafa verið endurgerðar. Allmisjafnt er hversu nákvæmlega er getið um rústir í örnefnaskrám en sjaldgæft er að höfundar skránna láti alveg hjá líða að minnast á mannvirkjaleifar. Þar kemur auðvitað aðallega til að margar rústir bera nöfn og eru auk þess fastir punktar í landslaginu sem hægt er að miða við í lýsingum á landinu. Örnefnaskrár eru stærsta og heildstæðasta safn upplýsinga um fornminjar sem völ er á en helstu gallar þeirra eru, að það er ekki hægt að treysta því að fullt samræmi sé á

milli skráa. Þær eru samdar af ólíku fólki á ólíkum tímum, og höfundar þeirra eru oft of staðkunnugir þannig að lýsingar á landslagi verða illskiljanlegar þeim sem ekki þekkja til. Sjaldgæft er að fornleifum sé lýst að marki í örnefnaskrám heldur er langoftast aðeins getið um þær í framhjáhlaupi eða til skýringar. *Fornleifaskýrslur.* Í næsta kafla er gefið yfirlit um fornleifarannsóknir á skipulagssvæðinu og má af henni fá nokkuð góða hugmynd um þær áherslur sem lagðar hafa verið við fornleifakönnun. Langmest var rannsakað af fornleifum í lok 19. aldar og hafa síðari rannsóknir að mestu leyti byggt á þeim athugunum. Áhugamál fornleifakönnuða 19. aldar snérust fyrst og fremst um fornsögur og sögu þjóðveldisins og eru því til allgóðar upplýsingar um fornminjar, sem hafa - með réttu eða röngu - verið taldar tengjast viðburðum sem lýst er í miðaldaritum. Fornleifskýrslur eru mjög misjafnlega nákvæmar, en um þær má hafa þá grófu reglu til viðmiðunar að þær verða ónákvæmari eftir því sem þær verða eldri.

Það má því segja að jarðabækur, landamerkjaskrár og skyldar heimildir gefi ramman utan um skráningu menningarminja, en þorri upplýsinga um einstaka staði kemur úr örnefnaskrám og af túnakortum. Á svæðum þar sem aðalskráning (vettvangsathugun) hefur ekki farið fram eru fornleifaskýrslur aðeins til um örfáa staði, og yfirleitt um staði sem á einhvern hátt hafa þótt sérstakir. Mjög sjaldgæft er, að til séu nákvæmar lýsingar á minjum um landbúnaðarstörf og daglegt líf seinni alda.

## 1.2 *Fornleifakönnun á skráningarsvæðinu*

Lengi hefur verið tekið eftir fornleifum í Vestur-Barðastrandarsýslu og hafa menn þegar um 1300 verið farnir að velta fyrir sér fornlegum tóftum á Brjánslæk. Haukur Erlendsson, sem ritaði Landnámugerð sína á fyrsta áratug 14. aldar, hefur þekkt sagnir um að tóftir, sem þar eru niður við sjó, væru frá vetursetu Flóka Vilgerðarsonar og bætti því við frásögn eldri gerða um Flóka og landkönnun hans (ÍF I, 39). Þetta er ein af örfáum fornleifafræðilegum athugunum sem þekktar eru frá miðöldum og er allmerk, bæði af því að hún sýnir að menn hafa þá þegar verið farnir að spá í gamlar tóftir til að fá gleggri mynd af fortíðinni og eins vegna þess að hún bendir sterklega til að tóftir þær sem nú eru kallaðar Flókatóftir hafi þegar um 1300 verið afgamlar og grasi grónar.

Um miðja 18. öld fóru Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson um allt Ísland til að kanna náttúru landsins og menningu. Þeir fjölluðu aðeins um örfáar fornaldarminjar, en meðal þeirra sem þeir þó geta eru smiðjuleifar í Vatnsdal. Þeir grófu í rústina í Smiðjunesi árið 1753 og skráðu þá sagnir

um að þar hefði Gestur Oddleifsson í Haga haft smiðju sína (FEB I, 282-83), en skógurinn á þessu svæði tilheyrði einmitt Hagakirkju.

Mikill áhugi var á fornaldarminjum í Danmörku í upphafi 19. aldar og lét konungleg nefnd um varðveislu fornminja skrá merkar minjar í öllu Danaveldi. 1817 voru sendir út spurningalistar til sóknarpresta á Íslandi og þeir beðnir að gera grein fyrir fornum mannvirkjum og gripum sem fyndust í sóknum þeirra. Svörin sem bárust nefndinni á næstu árum eru mjög misjöfn að lengd og gæðum og frá sumum prestum komu engin. Af skráningarsvæðinu bárust svör frá sr. Ásgeiri Jónssyni á Brjánslæk og sr. Gísla Einarssyni í Selárdal. Sr. Ásgeir sagði frá mannabeinaleifum sem blásið hefðu fram á milli Sigluness og Hreggstaða og taldar voru minjar um orrustu sem þar hefði verið háð í fornöld, Grettistaki á Þingmannaheiði með sérkennilegum rúnum og meintum fornmannahaugi á Auðshaugi sem þýskir menn á tímum Hamborgarverslunar (16. öld) áttu að hafa grafið í (FF, 404-405). Svar sr. Gísla var mjög ítarlegt og sagði hann frá fjölda fornaldarleifa, Bardagagrund, Hringssteini, Hringshaugi og Austmannahaugi í Hringsdal, Fífuhofi og Drekahrygg í Krossavík (í landi Neðrabæjar), undirgöngum frá kirkjunni í Selárdal og ýmsum minjum og stöðum tengdum sögnum um Árum-Kára klerk í Selárdal (FF, 407-409). Tuttugu árum síðar voru íslenskir prestar enn beðnir um að svar ítarlegum spurningalistum. Í þetta skiptið var það Hið íslenzka bókmenntafélag sem sendi út spurningar til presta en ætlun þess var að semja lýsingu Íslands og var verkinu stjórnað af Jónasi Hallgrímssyni. Spurningar félagsins voru alhliða og vörðuðu tvær þeirra fornleifar. Í svörum sínum til félagsins sagði sr. Hálfdan Einarsson á Brjánslæk frá sömu stöðum og forveri hans, en bætti við að sverðbrot hefði þá nýlega fundist á Fornmannaleitisflöt, sem þá var farið að kalla svo, milli Hreggstaða og Sigluness. Einnig lýsti hann allnákvæmlega smiðjunni á Vatnsdal, sem Eggert og Bjarni höfðu skoðað nærri öld áður og sagði frá Flókatóftum, Refshólma í Hagavaðli þar sem sjást áttu leifar eftir smiðju og hróf Króka-Refs, garðhleðslum utan við túngarðinn á Brjánslæk og einni sérstaklega sem kölluð var Þrælatröð. Þá gat hann um fornmannahauga í Gellishólum milli Haga og Múla og Hregglsleiði á Hreggstöðum (SSV, 206-207). Sr. Gísli Ólafsson í Sauðlauksdal hafði ekkert um fornleifar að segja í sóknalýsingu sinni (SSV, 208-215) en sr. Einar í Selárdal gat um flesta af þeim stöðum sem sr. Gísli faðir hans hafði skrifað um til hinnar konunglegu nefndar tuttugu árum fyrr en gat auk þess um áletrun á hellu milli Granda og Hóls, og fornamannahaugs á Haugshorni í Austmannsdal (SSV, 233). Til er önnur lýsing Selárdalssóknar frá 1873 eftir sr. Benedikt Þórðarson en hann getur ekki um aðrar fornleifar en Fífuhof og Kárastein í Selárdal (SSV, 250). Til er ein lýsing úr Otradalssókn, frá 1851, eftir sr. Þórð Þorgrímsson og getur hann um haug undir Haganesnúpi þar

sem Otri átti að hafa verið heygður (SSV, 252).

Um miðja 19. öld var því þegar búið að safna allmiklu af upplýsingum um fornleifar í Vestur-Barðastrandarsýslu. Sérstaklega hafði mikið verið sett á blað um fornleifar á Barðaströnd og í Ketildölum, en ekkert á Rauðasandi eða í Patreksfirði og lítið í Suðurfjörðum. Miðað við marga aðra landshluta var þekking á fornleifum í Barðastrandarhreppi og í Dalahreppi mjög mikil áður en fornleifkönnun hófst að marki á síðasta fjórðungi 19. aldar, en það hafði hinsvegar ekki í för með sér meiri eða ítarlegri rannsóknir á svæðinu eins og ætla hefði mátt.

Ástæðan fyrir því virðist fyrst og fremst hafa verið sú að Vestur-Barðastrandarsýsla er ekki meginsögusvið neinnar Íslendingasögu og fornfræðingar á seinni hluta 19. aldar höfðu einfaldlega ekki áhuga á neinu öðru. Skipulegar rannsóknir á Íslendingasögum áttu blómaskeið á seinni hluta 19. aldar, og voru þær, af hálfu Íslendinga að minnsta kosti, beint tengdar sjálfstæðisbaráttunni og þörf Íslendinga fyrir skýra mynd af eigin fortíð. Á þessum tíma gerðu menn sér grein fyrir að ein helsta leiðin til að sannreyna að hversu miklu leyti sögurnar segðu frá raunverulegum atburðum var að athuga staða- og leiðalýsingar sagnanna. Í þessum tilgangi reið danski handritafræðingurinn Kristian Kålund um landið á árunum 1872-74, með Íslendingasögur í hnakktöskunni og kannaði staði og leiðir sem lýst er í sögunum. Kålund kom fyrst á Hjarðarnes á leið sinni um Vestur-Barðastrandarsýslu og spáði þar í hvar og hvernig Gísli Súrsson hefði komist í land á flótta sínum úr Hergilsey og sagði m.a. frá Súrshelli, þar sem sagt var að Gísli hefði leynst. Einnig stakk hann upp á að Þorbjörn kjálki, sem getið er í Heiðarvígasögu og Víga-Styr lét drepa, hefði búið á Auðnum. Kålund skoðaði síðan smiðjuna í Vatnsdal og gefur lýsingu á henni en þaðan fór hann til Brjánslækjar og rannsakaði Flókatóftir og lýsir þeim allnákvæmlega. Frá Brjánslæk fór hann um Lækjarskarð og Vaðalsdal til Vaðals en þar voru honum sýndar meintar leifar af jarðhúsi því og undirgöngum sem Gísli Súrsson leyndist í samkvæmt sögu hans. Kålund minnstist einnig á Refshróf í Refshólma og tóft kallaða Gestfjós í Hagalandi en virðist hvorugan staðinn hafa skoðað. Frá Vaðli fór hann um Mórudal til Trostansfjarðar og lýsir þeirri leið nákvæmlega og fjallaði um aðra fjallvegi í sýslunni sem getið er í fornsögum. Ekki virðist hann hafa farið út með Ketildölum og minnist ekki á annað þar um slóðir en sagnir um Árum-Kára sem hann tók eftir þjóðsögum Jóns Árnasonar. Kålund hefur hugsanlega komið til Bíldudals því hann segir frá klettinum Einvígi utan við kauptúnið þar sem sagt var að Gísli Súrsson hefði barist við fjandmenn sína. Síðast fór hann í Geirþjófsfjörð og segir frá tóftum, sem þá hafa verið kallaðar 'Gíslabær' en nú eru kallaðar 'Auðarbær' og lýsir Einhamri og veltir fyrir sér síðustu vörn Gísla (KK II, 547-62).

Árið 1879 var Hið íslenzka fornleifafélag stofnað og var markmið þess m.a. að kanna forn

mannvirki og einkum þau sem tengdust fornsögum og samfélagi þjóðveldisaldar. Félagið gerði út leiðangra á sumrin til að kanna sögustaði og safna forngripum og var Sigurður Vigfússon gullsmiður og fornfræðingur aðal rannsóknamaður félagins fyrstu tíu árin. Sumarið 1882 kannaði hann sögustaði á Vestfjörðum, sérílagi þá sem tengdust Gíslasögu, og gerði hann þá ítarlega rannsókn í Botni í Geirþjófsfirði og gróf þar í nokkrar tóftir sem hann taldi vera frá þeim tíma sem Gísli Súrsson leyndist þar með konu sinni og dóttur. Einnig kom hann í Otradal og lýsti þar fornum girðingum og gömlum bæjar- og kirkjustæðum. Að síðustu fjallaði hann um Kárastein í Selárdal. (Sigurður Vigfússon: Rannsókn um Vestfirði, Árbók 1883, 43-68). Birni M. Ólsen málfræðingi fannst lítið til athugana Sigurðar koma og fór hann sumarið 1883 aftur á marga af þeim stöðum sem Sigurður hafði lýst. Í grein sinni um þennan leiðangur getur Björn m.a. um Hringshaug utan við túnið í Hringsdal og skráði hann frásögn af Hringi landnámsmanni og deilum hans við Austmann nágranna sinn í Austmannadal (Björn M. Ólsen, Rannsóknir á Vestfjörðum, Árbók 1884-85, 21-22). Sumarið 1888 kom Sigurður aftur í Geirþjófsfjörð og skoðaði Auðarbæ á ný en í suðurhluta sýslunnar kom hann ekki fyrr en 1889. Þá gróf hann í smiðjuna í Vatnsdal, lýsti Flókatóftum mun nákvæmar en áður hafði verið gert. Þá kom hann í Hvamm og var þar sýnd tóft sem átti að vera eftir hof. Í Vaðli skoðaði hann meintar jarðhúsleifar Gísla Súrssonar og gróf í þær og fann ekkert sem benti til að um mannvirki væri að ræða. Einnig skoðaði hann tóft nálægt bænum í Haga sem hann taldi geta verið eftir jarðhús og hefði Gísli leynst þar (Sigurður Vigfússon, Rannsókn í Breiðafirði, Árbók 1893, 3-11). Sumarið 1895 ferðaðist Þorsteinn Erlingsson um landið og kannaði fornleifar fyrir bandaríska konu sem vildi fá samanburðarefni til að bera kennsl á leifar eftir veru norrænna manna vestanhafs. Sem dæmi um naust frá víkingaöld valdi hann eina af tóftunum á Flókatóftum og gróf hana upp (Þorsteinn Erlingsson, Ruins of the saga time, 85-88). Um aldamótin fann Snæbjörn Kristjánsson í Hergilsey, sem víða kannaði fornleifar um Breiðafjörð, tvö kuml á Brjánslæk, í Þrælavík skammt frá Flókatóftum, og gróf hann annað þeirra upp (KEKH, 88-89).

Eftir 1890 tók Brynjúlfur Jónsson við fornleifakönnun fornleifafélagsins og ferðaðist víða um land fram um 1910. Hann kom þó aldrei til Vestur-Barðastrandarsýslu né heldur kom Daniel Bruun þangað en hann vann ötullega að könnun fornleifa á Íslandi um og eftir aldamótin 1900. Eftir að Brynjúlfur og Bruun hættu rannsóknarferðum sínum lögðust könnunarferðir á vegum fornleifafélagsins alveg niður og það var ekki fyrr en eftir 1920 að leið fornleifafræðings lá aftur um suðurhluta Vestfjarða. Matthías Þórðarson skoðaði á ferð sinni meinta hauga í Gellishólum utan við Haga, dys í Orrustulágum hjá Haukabergi, dysjar á Brunnum, kuml í Breiðuvík og

ummerki um kristinn grafreit í Kollsvík. Einnig kom hann í Selárdal og skoðaði þar Kárastein og fór síðan til Geirþjófsfjarðar og lýsir þar húsarústum sem komið höfðu í ljós við jarðarask (Matthías Þórðarson, Smávegis, 45-48).

Á grunni eigin athugana og lýsinga þeirra Kålunds og Sigurðar friðlýsti Matthías fjölda minjastaða í Vestur-Barðastrandarsýslu árið 1930. Árið 1935 friðlýsti hann síðan hoftóftir, eina á Hóli og aðra á Kirkjubóli í Ketildölum og hefur hann sennilega skoðað þá staði áður þó ekki hafi hann birt neitt um athuganir sínar á þessum stöðum (Fornleifaskrá, 35).

Engar meiriháttar fornleifarannsóknir hafa átt sér stað í Vestur-Barðastrandarsýslu á seinni hluta 20. aldar. Árið 1959 skoðuðu Gísli Gestsson og Kristján Eldjárn sérkennilegar girðingar á Melanesi (Kristján Eldjárn, Merkilegar girðingar á Melanesi, *Árbók 1964*, 88-93) og 1963 grófu Gísli og Þór Magnússon upp bátskuml með beinum sjö manna og allmerku haugfé í Vatnsdal í Patreksfirði (Þór Magnússon, Bátkumlið í Vatnsdal, *Árbók 1966*, 5-32). Þór hefur síðan farið nokkrar ferðir um sýsluna og hefur á grunni athugana sinna friðlýst nokkra staði, fyrst verstöðvarnar á Brunnum, Látranesi og í Breiðuvík 1971, síðan sandvarnargarðinn Ranglát, akurgerði og vörslugarð frá tíð sr. Björns í Sauðlauksdal árið 1974 og síðast rústir eyðibýlisins Skyrleysu í landi Hreggstaða árið 1980 (Fornleifaskrá, 34-35).

Árið 1994 skráði Guðmundur Ólafsson fornleifar í Rauðasandshreppi. Fór hann um sunnanverðan Patreksfjörð og skráði fornleifar í Sauðlauksdal, Kvígyndisdal, Vatnsdal og á Hnjóti og einnig í Breiðuvík og á Hvallátrum.

## 2. *Yfirlit um sögu og einkenni byggðar á skráningarsvæðinu*

2.1. *Náttúrufar og einkenni byggðar.* Eins og víðast á Vestfjörðum er undirlendi mjög takmarkað í Vestur-Barðastrandarsýslu og er stærstur hluti hennar gróðurlitlar heiðar í 300-600 metra hæð yfir sjávarmáli. Fjallshlíðar eru víðast snarbrattar og er undirlendið milli fjallsróta og sjávar oftast innan við 2 km breitt og sumstaðar miklu minna. Aflíðandi fjallshlíðar eru í kringum Vatnsfjörð, inn frá Hagavaðli, austan við Bæjarvaðal á Rauðasandi og fyrir botni Patreksfjarðar og Fossfjarðar og eru þetta einu svæðin þar sem hægt hefur verið að hafa verulegan fjölda fjár og nautgripa á beit á sumrin. Umtalsvert undirlendi er nær eingöngu þar sem firðir eða víkur hafa fyllst af árframburði eða sjávarbornum sandi og eru stærstu undirlendissvæðin Hagavaðall, Haukabergsvaðall og Rauðasandur og þvínæst Breiðavík, Örlygshöfn, Sauðlauksdalur, Selárdalur,

Fífustaðadalur, Feigsdalur, Hvestudalur og Bíldudalur. Á mörgum af þessum stöðum er sandurinn óstöðugur og ógróinn þannig að aðeins hluti undirlendisins hefur verið byggilegur, og sumstaðar hefur uppblástur gert verulegan usla á túnum mann, engjum og beitilandi, t.d. í Breiðuvík, Sauðlauksdal og Hvestudal.

Skilyrði til túnræktar geta hvergi talist sérlega góð í sýslunni en stærst voru túnin í Suðurfjörðum (4,9 ha að meðaltali í Otradalssókn árið 1920). Minnst voru túnin á Rauðasandi (3,1 ha að meðaltali árið 1920) en aðeins litlu stærri í Brjánslækjarsókn (3,4 ha að meðaltali árið 1920) og í Hagasókn (3,6 ha að meðaltali árið 1920). Meðaltalið fyrir sýsluna var 3,9 ha árið 1920 og hafa Ketildalir (4,15 ha að meðaltali) og Sauðlauksdalssókn (3,7 ha) verið næst því að vera meðalsveitir í þessu tilliti.[1] Á móti litlum túnum hefur vegið annarsvegar fjöru- og bjargbeit sem hefur allsstaðar verið þokkaleg og sumstaðar til verulegra búdrýginda í sýslunni. Sérstaklega mun fjörubeitin hafa verið góð á Barðaströnd og út undir Blakknes, og þar í víkunum ytra var útigangur svo góður að rosknu saufé og hestum voru engin hey ætluð um 1700. Hinsvegar hafa, í suðurhluta sýslunnar, verið stór og góð engi og hafa þau einkanlega vegið upp á móti hinum smáu túnum í Saurbæ því slægjur voru afburðagóðar í kringum Bæjarvaðal. Svipaða sögu er að segja í kringum Haukabergsvaðal og Hagavaðal og mikið var látið með gnótt og gæði slægna í Engey á Vatnsfirði sem heyrði undir Brjánslæk.

Gróið land hefur því víðast aðeins verið mjó ræma, 1-2 km á breidd, milli sjávar og fjallshlíða en þar sem dalir skerast inn í landið voru, og eru enn, víða skóglendi sem voru mikilvæg hlunnindi fyrir þá bæi sem aðgang áttu að þeim. Á 13.-15. öld er víða getið um skóga í Vestur-Barðastrandarsýslu og má af þeim heimildum ráða að verulegir skógar hafi þá ekki verið mikið víðar en nú, þó sennilegt sé að þeir hafi verið samfelldari og hraustlegri. Kirknaítök í skógum í Vatnsdal, Mórudal, Vesturbotni og Geirþjófsfirði sýna að skógar hafa þá verið orðnir eftirsóttir til beitar, kolagerðar, járngerðar , húsa- og amboðabóta, jafnvel þó að menn hafi þurft að ferðast langan veg til að nýta sér þau hlunnindi. Þetta bendir einnig til að skóglendi hafi þá þegar verið takmarkað við dali og fjallshlíðar sem ekki urðu nytjaðar til slægna.

Um gróðurbreytingar í sýslunni frá landnámsöld er mjög lítið vitað fyrir utan það sem ætla má af ofansögðu, að skógur hafi verið ruddur af láglendi mjög snemma en haldist í stórum dráttum

---

[1] Túnastærð var langmest í Breiðavíkursókn, 5,5 ha að meðaltali, en þar kemur á móti að á flestum bæjum þar var fleirbýli og mun hvert bú aðeins hafa haft 1-2 ha af ræktuðu túni. Til samanburðar má geta að meðaltúnastærð í Grafningi og Ölfusi var 4,4 ha árið 1920, 5,5 ha í Möðruvallasókn í Hörgárdal árið 1917, 1,8 ha í Þönglabakkasókn í Fjörðum og 3,0 ha í Skútustaðasókn í Mývatnssveit árið 1920. Byggt á túnakortum.

á sömu svæðum frá 13. öld í það skemmsta. Á síðustu öldum varð að flytja bæi á nokkrum stöðum í sýslunni vegna skriðna (t.d. á Arnórsstöðum og í Hvammi á Barðaströnd, í Skápadal, Klúku og í Otradal) og gæti það bent til að jarðvegur í fjallshlíðum hafi verið orðinn óstöðugri en áður vegna minnkandi gróðurs.

Sjávargagn var önnur meginstoð undir lífsafkomu manna í sýslunni og var heimræði frá flestum bæjum á Barðaströnd og Rauðasandi fram undir 1700. Þá virðast fiskstofnar um norðanverðan Breiðafjörð hafa hrunið svo gersamlega að ekki hefur fiskast að ráði innan við Siglunes síðan. Verstöðvar voru áður frá Auðshaugi, í Sauðaeyjum, á Krossanesi hjá Rauðsdal og frá Hrísnesi en þegar komið var fram á 19. öld var útgerðin að mestum hluta bundin við stóru útverin í ystu víkunum, á Brunnum, Látranesi, í Láturdal og Kópavík. Eitthvað var misjafnt hvaðan mest var róið á hverjum tíma. Þannig var verstöðin í Brunnum alveg í eyði um 1700 og virðast þá flestir utansveitarmenn hafa róið frá Láganúpi í Kollsvík, en seinna var útræði tekið upp aftur á Brunnum og var þar langstærsta verstöðin á 19. öld. Barðstrendingar og Rauðsendingar, auk manna sem lengra voru komnir að, réru helst frá Brunnum og Látranesi og norður um Kollsvík, en Patreksfirðingar virðast lengst af hafa róið mest úr Láturdal. Heimræði virðist alltaf hafa verið stöðugt úr Ketildölum en einnig réru Arnfirðingar á vorvertíð úr verstöðvunum í Verdölum og úr Kópavík. Fyrir utan fiskveiðar voru selveiðar mikilvægar, sérstaklega á Barðaströnd og Rauðasandi og var útseladráp reiknað til verulegra búdrýginda í Haga og kópaveiði sömuleiðis í Bæjarvaðli.

Þá var Látrabjarg nálega óþrjótandi matarkista og var farið víða að úr Rauðasandshreppi til að sækja þangað fugl og egg þó að bjargið væri séreign Hvallátra, Breiðavíkurkirkju og Saurbæjarkirkju.

| | fjöldi nautgripa | nautgr. á heimili | nautgr. á mann | fjöldi sauðfjár | sauðfé á heimili | sauðfé á mann |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Barðastrandarhr. | 181 | 3,1 | 0,6 | 882 | 14,9 | 2,7 |
| Rauðasandshr. | 231 | 3,1 | 0,5 | 1316 | 17,7 | 2,8 |
| Dalahreppur | 97 | 2,2 | 0,3 | 1003 | 22,3 | 3,5 |
| Suðurfjarðahr. | 96 | 3,2 | 0,5 | 885 | 29,5 | 4,8 |
| samtals | 605 | 2,9 | 0,5 | 4086 | 19,6 | 3,2 |

Tafla 1. Búfjárfjöldi í fjórum hreppum í Vestur-Barðastrandarsýslu árið 1703 (í Barðastrandar- og Rauðasandshreppum) og 1710 (í Dala- og Suðurfjarðarhreppum). Nautgripir eru kýr+naut+kvígur+kálfar en sauðfé er ær+sauðir en ekki lömb. Byggt á JÁM.

| | íbúa fjöldi | fjöldi heimila | m.h.s. | fjöldi búfjár kúgilda | nautgr/ sauðfé | búfjárkúgildi á mann |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Barðastrandarhr. | 320 | 59 | 5,4 | 328 | 1,2 | 1,025 |
| Rauðasandshr. | 477 | 75 | 6,4 | 450 | 1,1 | 0,943 |
| Dalahreppur | 291 | 45 | 6,5 | 281 | 0,5 | 0,966 |
| Suðurfjarðahr. | 185 | 30 | 6,2 | 243 | 0,6 | 1,314 |
| samtals | 1273 | 209 | 6,1 | 1302 | 0,9 | 1,023 |

Tafla 2. Íbúafjöldi í fjórum hreppum í Vestur-Barðastrandarsýslu árið 1703 og búfjárfjöldi árið 1703 (í Barðastrandar- og Rauðasandshreppum) og 1710 (í Dala- og Suðurfjarðarhreppum). m.h.s. : meðalheimilsstærð. Búfjárkúgildi eru reiknuð sem nautgripir alls + (ær + sauðir / 6), en lömb eru ekki talin með. Byggt á JÁM.

Eins og lesa má útúr töflum 1 og 2, þá var allmikil munur innan sýslunnar á því á hverju menn byggðu lífsafkomu sína. Mestur munurinn er á hlutfalli sauðfjár og nautgripa milli sveita. Um suðurhluta sýslunnar byggðu menn til jafns á kúm og sauðfé, og stóð kúabúskapur með mestum blóma á Rauðasandi þar sem voru 3,4 nautgripir á heimili og 0,6 á mann. Við Arnarfjörð var hinsvegar stuðst miklu meira við sauðfé og munar sérstaklega miklu á Suðurfjörðum og öðrum hlutum sýslunnar í þessu tilliti. Þar voru 2,6 mjólkurær á mann en 1,5-1,8 í hinum hreppunum. Þetta bendir til að í Suðurfjörðum hafi áhersla á framleiðslu mjólkurafurða verið svipuð og á Barðaströnd og á Rauðasandi en að menn þar hafi orðið að treysta meir á sauðamjólk en kúa. Í Ketildölum hefur mjólkurframleiðsla hinvegar verið mjög lítil miðað við hinar sveitirnar. Búfjárfjöldi einn og sér segir ekki alla sögu um afkomu manna því misjafnt hefur verið hvað menn gátu aflað sér mikils matar úr sjó og bjargi.[2] Nálega allir bændur í sýslunni hafa látið einn mann eða fleiri róa á vorvertíð en ekki hefur nema lítill hluti þeirra getað treyst á sjávarafla árið um kring. Þar hafa bændur í Ketildölum og í Rauðasandshreppi verið í bestri aðstöðu en eins og sést af Töflu 2, hafa bændur í Suðurfjarðahreppi byggt nálega þriðjungi meira á kvikfjárbúskap en aðrir bændur í sýslunni og er sennilegast að það stafi fyrst og fremst af því að þeir sóttu sjó þeim mun minna.

Skipulag byggðarinnar í Vestur-Barðastrandarsýslu hefur auðvitað fyrst og fremst mótast af hinu takmarkaða undirlendi en þó hafa nokkur atriði haft áhrif á hvar bæir voru, hvað þeim tilheyrði mikið land og að hvaða, og hversu miklum, hlunnindum þeir höfðu aðgang að. Þar hefur

[2] Það gæti einnig skekkt myndina að misjafnt gat verið hversu mörg leigukúgildi voru á hverri jörð en þó mun það ekki breyta neinu verulegu um þá meginþætti sem hér hafa verið dregnir fram.

landnámið ráðið miklu; þeir sem fyrstir komu gátu tekið bestu löndin og höfðu mesta hagsmuni af að halda þeim óskiptum. Með því móti hefur snemma orðið talsverð misskipting á stærð og gæðum jarða. Einnig hafa efnahagsbreytingar á seinni öldum skipt máli, og þá sérílagi aukið mikilvægi fiskveiða frá síðmiðöldum, en þær hafa staðið undir auknum fjölda smábýla, sem höfðu mjög lítið landrými og svo takmarkaðan bústofn að á engan hátt var hægt að lifa af honum einum.

Í grófum dráttum má tala um þrennskonar byggðamunstur í Vestur-Barðastrandarsýslu.

* Í fyrsta lagi eru stakir bæir. Það eru bæir sem eru meir en bæjarleið (+1 km) frá næsta bæ og hafa innan marka sinna aðgang að öllum helstu landkostum og hlunnindum sem nauðsynleg eru til að standa undir búi. Það eru fyrir utan tún og vatnsból: engi og beitiland á fjöru og/eða fjalli, eldsneyti (skógur eða mótak) og fiskveiðar eða annað sjávargagn.

Þetta er hinn dæmigerði íslenski bær, þó álitamál sé raunar hvort meirihluti Íslendinga hafi nokkurn tíma búið á búum sem þessum. Þessi skilgreining segir lítið um afkomu, enda var hún mjög misjöfn á stökum bæjum. Í Vestur-Barðastrandarsýslu má finna bæi af þessari tegund sem voru jafnan á mörkum þess að vera byggilegir. Það er helst í Vatnsfirði og Geirþjófsfirði, þar sem rýrar slægjur gerðu það að verkum að sjálfstæður búskapur var löngum erfiðleikum bundinn þrátt fyrir margskonar önnur landgæði, sérílagi skógarnot. Það mun hafa verið út af hlunnindum af skógi sem þessi svæði komust fljótt undir yfirráð stórbýla í nágrenninu,[3] en þau gengu síðan á landið eftir sínum þörfum og gerðu þar með smábýlungunum enn erfiðara fyrir. Stakir bæir voru einnig meðal bestu jarða á svæðinu. Það er annarsvegar jarðir í Suðurfjörðum vestan við Geirþjófsfjörð, sem í byrjun 18. aldar voru langbest setnu jarðirnar í syslunni og hinsvegar útgerðarjarðirnar stóru, Hænuvík, Kollsvík, Láginúpur, Breiðavík, Hvallátur, Keflavík og Hreggstaðir. Allar þessar jarðir höfðu stóran bústofn og útgerðarjarðirnar höfðu þar fyrir utan greiðan aðgang að sjávarafla og sumar einnig að bjargnotum. Það er einkenni á jörðum af þessu tagi að þar var jafnan margbýli en hjáleigubyggð lítil sem engin. Enn má telja nokkrar jarðir á Barðaströnd til flokks stakra jarða, en það eru landlitlar en notagóðar jarðir undir bröttum fjallshlíðum milli Vatnsfjarðar og Hagavaðals annarsvegar og Hagavaðals og Haukabergsvaðals hinsvegar. Það eru Arnórsstaðir, Rauðsdalur efri og neðri og Hvammur fyrir austan, og síðan Múli, Skjaldvararstaðir og Litlahlíð fyrir vestan. Sérstaklega voru eystri jarðirnar góðar bújarðir og voru Arnórsstaðir og Rauðsdalur efri meðal allra bestu jarða í sýsluni árið 1703 ef miðað er við

[3] Vatnsdalur hefur þó sennilega legið undir Brjánslæk frá upphafi.

stærð bústofns miðað við íbúafjölda.[4] Þessar jarðir hafa verið ennþá gagnmeiri meðan fiskur gekk inn með norðurströnd Breiðafjarðar. Sama gildir um Auðnir og Auðshaug en til meðalbúa í flokki stakra jarða má telja flestar jarðirnar í Petreksfirði þar sem aðeins Botn gat talist flutningsjörð árið 1703.[5] Í Ketildölum eru aðeins tvær stakar jarðir, Austmannsdalur og Hringsdalur og var Hringsdalur sérstaklega vel setin.[6]

*Önnur megin tegund byggðaskipunar í Vestur-Barðastrandarsýslu eru þorp. Á Barðaströnd a.m.k. voru bæjahverfi kölluð þorp, s.s. Vaðalsþorp, Miðhlíðarþorp, Haukabergsþorp en það eru




Mynd 1. Líkan sem sýnir þrjár helstu tegundir byggðar í Vestur-Barðastrandarsýslu.

þyrpingar bæja sem oft standa mjög nálægt hver öðrum, jafnvel í sama túni og höfðu annaðhvort ákveðin jarðarnot sameiginleg, svo sem beitiland eða eldiviðartak, eða þær höfðu með sér ítakaskipti, s.s. bithaga fyrir skipsuppsátur. Hið seinna var sérstaklega algengt í Ketildölum en þar voru þrjú aðalþorp: í Fífustaðadal, Feigsdal og í Bíldudal. Misjafnt var hvort allir bæir í sama þorpi töldust lögbýli eða hvort sumir voru hjáleigur. Í Vaðalsþorpi og í Fífustaðadal og Feigsdal voru flestar jarðirnar lögbýli en í Miðhlíðarþorpi, Haukabergsþorpi og í Bíldudal var aðeins eitt lögbýli og töldust hinar jarðirnar hjáleigur. Þær voru þó oft ekki síðri jarðir og má nefna að 1703

[4] Að meðaltali var 1,02 kúgildi á mann í sýslunni en á Arnórsstöðum voru 2,0 kúgildi á mann og 2,5 í Rauðsdal efra. Byggt á JÁM.

[5] Með 1,4 kúgildi á mann en á hinum flestum jörðunum í Patreksfirði var 0,8-1,1 kúgildi á mann en minnst í Raknadal með 0,5 kúgildi og á Vatneyri með 0,7 kúgildi á mann.

[6] Með 2,0 kúgildi á mann árið 1703.

var Haukaberg miklu miður setið bú en bæði Fótur og Brekkuvöllur sem töldust hjáleigurnar.[7] Hvort sem býli í þorpum töldust vera hjáleigur eða lögbýli þá sýnist ljóst í öllum tilfellum í Vestur-Barðastrandarsýslu að hvert þorp hefur upphaflega verið ein jörð sem síðan hefur skipst í nokkur býli, áþekk að stærð. Í langflestum þorpanna var bænhús eða útkirkja, sem hefur á miðöldum, meðan guðshús þessi voru í notkun, verið miðstöð hverrar byggðar og verið tákn um samstöðu og sameiginlega hagsmuni þorpsbúa.[8]

*Þriðja tegund byggðaskipunar í Vestur-Barðastrandarsýslu eru stórbýli með hjáleigugeri. Stórbýlin eru náskyld þorpunum að því leyti að á þeim voru oft fjöldi býla í örskotsfjarlægð hvert frá öðru, og víða í sama túni, en sá munur er þó að undir stórbýlin lágu gríðarleg landflæmi sem nytjuð voru beint frá höfuðbólinu en hjáleigurnar höfðu yfirleitt mjög takmarkaðar landsnytjar. Annað einkenni á stórbýlum eru útjarðir, en það eru meðalstórar jarðir í útjaðri hinna upphaflegu landareigna sem snemma hafa orðið sjálfstæð býli. Dæmi um slíkt er Melanes sem er umkringd á alla vegu af landi Saurbæjar, og Neðribær sem lengi hefur haft afmarkað svæði í útkanti Selárdalslands þó að allt hafi það tilheyrt Selárdalskirkju.

Eins og fjallað verður um hér að neðan er sennilegast að sum stórbýlanna a.m.k. hafi fyrr á öldum verið skipulögð á líkan hátt og þorpin og að þróun í átt að fleiri og minni hjábýlum hafi ekki hafist fyrr en á seinni hluta miðalda eða jafnvel ekki fyrr en á 16.-17. öld. Sú þróun á m.a. rót sína í því að á stórbýlunum voru yfirleitt sóknarkirkjur sem á 12. eða 13. öld eignuðust hluta af landareigninni, og stundum hana alla, en það stuðlaði aftur að því að þessar jarðeignir klofnuðu síður niður í smærri einingar.

2.2 *Landnám og byggðaþróun á fyrstu öldum.* Frásagnir Landnámabókar um landnám í Vestur-Braðstrandarsýslu eru langt frá því að vera ítarlegar og er næst að ætla að höfundum bókarinnar hafi ekki verið kunnugt um neinar sérstakar hefðir um landnámin sjálf og hafi þess í stað stungið inn frægum ættfeðrum manna sem þeir vissu að höfðu búið á helstu stórbýlum á svæðinu og gefið þeim allvíð landnám.

Flestar sögurnar eru greinilega örnefnaskýringar, t.d. sögnin um Örlyg Hrappsson sem bjó einn vetur í Örlygshöfn og gaf Patreksfirði nafn áður en hann nam land á Kjalarnesi og sögn um

---

[7] Á Haukabergi voru alls 2,8 kúgildi búfjár árið 1703 en 7,2 á Fæti og 13,3 á Brekkuvelli sem þýðir á Haukabergi voru 0,6 kúgildi á mann, en 1,8 á Fæti og 1,7 á Brekkuvelli. Byggt á JÁM.

[8] Haukabergsþorp er eina þorpið þar sem ekki er vitað um bænhús eða útkirkju. Það þarf vitanlega ekki að þýða að slíkt guðshús hafi ekki verið þar á miðöldum.

Ketil ilbreið sem skildi eftir nafn sitt í Ketildölum áður en hann nam land í Berufirði hjá Reykjanesi (ÍF I, 52-55, 176). Annarsstaðar hafa mönnum verið gefin viðurnefni eftir örnefnum á þeim stöðum sem þeir áttu að hafa numið eða þeim voru úthlutuð þau svæði vegna nafnanna. Þannig er undravert samræmi í því að Geirsteinn kjálki skuli nema Kjálkafjörð, Ármóður rauði Rauðasand og Þorbjörn tálkni Tálknafjörð. Ekki er sagt frá því hvar þessir menn áttu að hafa búið og ekki áttu þeir þekkta afkomendur sem bjuggu í landnámunum. Engar ættir eru raktar frá Þorbirni tálkna eða Þorbirni skúmu sem námu norðanverðan Patreksfjörð og Tálknafjörð en frá Geirsteini kjálka og Ármóði rauða er ætt rakin til Þorgeirs langhöfða sem hefur verið mikilsverður maður í Breiðafirði um miðja 12. öld. Sonur hans var ábóti á Helgafelli 1188-1216 og dóttir hans átti menn í Saurbæ og á Reykjanesi (ÍF I, 172, 174, 183; Sturl, 52, 87). Að öðru leyti er ekki vitað hvar þetta fólk bjó og er ekkert til að tengja það sérstaklega við Rauðasand eða Kjálkafjörð. Ármóður rauði á líka að hafa verið afi Hrólfs rauðsendska en sagnir um landkönnun hans og ævintýramennsku voru þekktar á 13. öld (ÍF I, 194-96) og gæti verið að það hafi ráðið nokkru um að afa hans var fengið þetta landnám. Á 12. og 13. öld bjuggu í Saurbæ á Rauðasandi allfyrirferðamiklir höfðingjar, þó ekki ættu þeir goðorð, en ekki er vitað hvort þeir ráku ættir sínar til Ármóðs.

Ekki er fullt samræmi á sögnum um Kollsvík. Bæði Hauksbók og Sturlubók geta þess að Kollur hafi verið í föruneyti Örlygs og að hann hafi brotið skip sitt í Kollsvík. Síðan segir að hásetar Örlygs hafi sumir numið land um Patreksfjörð (ÍF I, 55) og enn síðar að Kollur hafi búið í Kollsvík, inni í miðju landnámi Þórólfs sparar. Landnámi Kolls er hinsvegar sleppt í Melabók (ÍF I, 175) og gæti það bent til að örnefnaskýringin hafi í fyrstu aðeins tengst skipbroti Kolls en að Sturla, og Haukur eftir honum, hafi gefið Kolli landið í Kollsvík annaðhvort af því að hann hefur misskilið söguna eða af því að honum hefur ekki fundist veita af fleiri landnámum á svæðinu.

Geirleifur Eiríksson sem nam Barðaströnd alla sker sig nokkuð úr frá öðrum landnámsmönnum á svæðinu því frá honum eru raktar miklar ættir enda er sonarsonur hans, Gestur hinn spaki í Haga, einn af best þekktu persónum Íslendingasagnanna. Ráða má af Laxdælu að Þórður hinn lági, sonur Gests, hafi verið talinn hafa búið í Haga eftir föður sinn (ÍF V, 92, 196-97) en frá honum eru engar ættir þekktar. Hinsvegar gat stórmenni um allt land rakið ættir sínar til Geirleifs á 13. öld, bæði til Þóreyjar dóttur Gests, til systkyna hans Þorsteins og Æsu, og til systkyna Oddleifs, Gróu hinnar kristnu, Helga skarfs og Þorfinns. Auðvitað er hugsanlegt að ætt Þórðar hins lága hafi verið svo vel þekkt að ekki hafi þótt ástæða til að segja frá henni í

Landnámabókum, en sennilegra verður að teljast að á 13. öld hafi ekki verið þekkt nein tengsl milli kynborinna manna á Barðaströnd og hinna meintu landnámsmanna þar. Það gæti aftur bent til að sagnir um landnám Geirleifs hafi ekki átt sér stoð í héraðinu heldur sé hér um að ræða ályktun fræðimanna þeirra sem unnu að samsetningu Landnámabóka. Um 1200 voru Steinólfur prestur Ljótsson og Gellir Þorsteinsson í fyrirsvari fyrir Barðstrendinga og virðast þeir hafa verið minniháttar sveitarhöfðingjar í bandalagi við Seldæli og Sturlunga á sama hátt og höfðingjarnir á Rauðasandi. Ekkert er vitað um ættir Steinólfs, sem mun hafa búið í Haga, en Gellir var sonur Þorsteins Gyðusonar frá Flatey og föðursystir hans, Helga Gyðudóttir bjó á Brjánslæk í lok 12. aldar og hafði erft hann eftir bróður sinn (Sturl, 187). Gellir bjó í Flatey og bendir þetta til að á 12. öld a.m.k. hafi Brjánslækur og Flatey verið eign sama manns og mætti á það giska að Brjánslækur gæti upphaflega hafa verið útibú frá byggðakjarna í Flatey.

Landnámsfrásagnir úr Arnarfirði eru heldur ruglingslegar og virðast þar stangast á tvö markmið, annarsvegar að skýra úr örnefni og hinsvegar að koma fyrir forfeðrum Seldæla. Fyrst kom Ketill ilbreiður og síðan Örn en báðir fóru þeir síðan til að nema lönd í öðrum héruðum en skildu eftir nöfnin Ketildali og Arnarfjörð. Melabók hefur raunar svolítið aðra sögu um Örn en hinar landnámugerðirnar og lætur hann hafa komið út fyrr en Örlyg, sem stangast á við það sem gefið er í skyn í hinum gerðunum að Ketill ilbreiður, sonur Þorbjarnar tálkna sem kom út með Örlygi, hafi verið kominn og farinn er Örn nam land í Arnarfirði (ÍF I, 176-177). Hinn eiginlegi landnámsmaður í Arnarfirði var Án rauðfeldur sem á að hafa komið út á eftir Erni og bjó fyrst í Dufansdal en færði sig síðan yfir fjörðinn og bjó á Eyri eftir að Örn var farinn frá Tjaldanesi. Dufann, leysingi Áns, á að hafa orðið eftir í Dufansdal og gert þar bú. Frá Áni eru raktar ættir til Auðar og Vésteins Vésteinsbarna sem kunn eru úr Gíslasögu en frá þeim eru hinsvegar ekki kunnar ættir. Öðru máli gegnir um afkomendur Geirþjófs Valþjófssonar sem á að hafa numið land í Suðurfjörðum innan við Dufansdal og búið í Geirþjófsfirði. Hann var forfaðir Seldæla í beinann karllegg og má í því sambandi nefna að þeir Seldælir á Eyri áttu þegar í byrjun 13. aldar lönd í Geirþjófsfirði (Krosseyri sbr. Bsk I, 622; Sturl, 290-91) og Hrafnseyrarkirkja átti Botn samkvæmt elsta máldaga hennar og eignaðist hálfa Sperðlahlíð á seinni hluta 14. aldar (DI III, 198; DI IV, 145-46).

Hrafn Sveinbjarnarson á Eyri gat einnig rakið ættir sínar til Þorbjarnar sparar, sem nam land í Patreksfirði og um víkurnar inn að Keflavík og bjó í Hvallátrum. Sonur Þorbjarnar var Nesja-Knjúkur sem nam lönd á nesjunum milli Kvígindisfjarðar og Vatnsfjarðar (ÍF I, 171, 175) og á að hafa vísað Geirsteini kjálka til landa í Kjálkafirði. Þorbjörn og Nesja-Knjúkur voru því mjög

hentugir forfeður að hafa fyrir höfðingja eins og Hrafn, sem vann ötullega að því að styrkja vald sitt yfir suðurhluta Vestfjarða. Frekar en að þetta bendi til að ættrakningin sé tilbúningur er hugsanlegt að þessum áum hafi verið fengin nokkuð víðari landnám vegna pólitískrar útþennslu afkomendanna.

Í stórum dráttum falla mörk landnámanna saman við náttúruleg mörk og mörk sókna og hreppa á seinni öldum. Undantekningarnar eru þó athyglisverðar. Landnám Geirsteins kjálka er einna minnst af landnámum í Vestur-Barðastrandarsýslu. Það hefur náð yfir land jarðanna Fossár, Hamars, Auðshaugs og Auðna og mögulega Litlaness þó ekki virðist það líklegt. Allmikið landsvæði liggur undir Auðshaug og þar var útkirkja eða bænhús á miðöldum og bendir þetta til að á Hjarðarnesi hafi á 12. öld verið lítið sjálfstætt stórbýli þar sem haldið hefur verið við hefðum um sjálfstætt landnám.

Landnám Geirleifs náði yfir meirihluta Barðastrandarhrepps fyrir utan Hjarðarnes, en það er stærsti hluti Brjánslækjarsóknar og öll Hagasókn og má hugsanlega sjá í því merki um samstarf það sem virðist hafa verið milli smáhöfðingjanna sem réðu fyrir Haga og Brjánslæk um 1200. Þrátt fyrir að á svæðinu hefðu verið tveir foringjar, sem réðu hvor yfir sinni sóknarkirkju, hefur verið litið á Barðaströndina alla sem eina sveit og þessvegna hafa ekki mótast hefðir um nema einn landnámsmann.

Þessu er öfugt farið í Rauðasandshreppi. Þar eru látnir vera tveir aðal-landnámsmenn (þrír ef Kollur í Kollsvík er talinn með) og hefur landnám Ármóðs rauða aðeins náð yfir Rauðasandinn sjálfan. Þar voru upphaflega aðeins þrjár aðaljarðir, Saurbær, Stakkar og Lambavatn, en sennilegt er að þar hafi frá upphafi verið margbýli á öllum jörðunum og að útjarðir eins og Melanes séu mjög fornar. Saurbæjarókn var hinsvegar miklu stærri og áður en bænhúsið í Sauðlauksdal var gert að sóknarkirkju litlu eftir 1500 náði hún um allan Patreksfjörð auk Rauðsands, Hvallátra og Norðurvíka. Þessi nyrðri og vestari hluti sóknarinnar svarar til landnáms Þorbjarnar sparar. Hann átti að hafa búið á Hvallátrum en numið auk þess Keflavík, Breiðavík og vestanverðan Patreksfjörð. Fyrir utan að landnám Kolls í Kollsvík hefur klofið landnám Þorbjarnar í tvo hluta þá verður hið síðara að teljast ósennilega stórt og ósamfellt. Eins og vikið var að hér að ofan má vera að Þorbjörn spör hafi fengið, löngu eftir dauða sinn, öllu víðara land en hann upphaflega nam vegna útþennslu afkomenda hans. Einnig er mögulegt að það hafi einfaldlega skort sagnir um landnám í Patreksfirði en þá er einnig líklegt að það hafi ekki verið tilviljun ein sem réði því að það var Þorbjörn en ekki Ármóður sem fékk heiðurinn af landnámi í Patreksfirði. Fyrir utan að afkomendur Þorbjarnar voru helstu höfðingjar um sunnanverða Vestfirði á 12. öld þá gæti það

hafa ráðið nokkru um þetta að Patreksfirðingar virðast hafa reynt að standa gegn útþennslu smáhöfðingjanna í Saurbæ eins og sést af því að árið 1196 var Markús Gíslason í Saurbæ drepinn eftir að hann hafði reynt að fá bóndann á Hvalskeri til að viðurkenna að bænhúsið þar heyrði undir kirkjuna í Saurbæ (Sturl, 890-93). Ingi bóndi á Hvalskeri var þingmaður Hrafns á Eyri en Markús var hinsvegar þingmaður Jóns Loftssonar í Odda á Rangárvöllum, eins og algengt var með minniháttar höfðingja sem ekki vildu vera undir valdameiri nágrannahöfðingja settir. Hin stóra sókn sem lá undir kirkjuna í Saurbæ sýnir að bændur þar hafa verið þeir langöflugustu sunnan Tálknafjarðar en sagnir um landnám í Patreksfirði benda til að þeir hafi mætt nokkurri mótstöðu og það hafi ekki verið þeir sem höfðu áhrif á innihald sagnanna sem teknar voru upp í Landnámabók.

Sagnir um landnám í Tálknafirði gætu einnig bent til öðruvísi valdasvæða á þeim tíma sem landnámsfrásagnir voru ritaðar en seinna varð. Landnám þeirra Þorbjarnar tálkna og nafna hans skúmu var öllu víðara en Tálknafjarðarhreppur og Stóra-Laugardalssókn var síðar. Landnám þeirra er látið ná yfir norðanverðan Patreksfjörð, það eru jarðirnar Botn og Geirseyri með hjáleigum og útjörðum, en auk þess átti það að hafa náð út á Kópanes en samkvæmt máldögum Selárdalskirkju átti hún allt land milli Líkastapa og Kálfadalsar (DI III, 91-92, 775; DI IV, 148-49) og munar því Selárdalshlíðum Tálknafjarðarmegin Kópaness. Um seinni mörkin gæti ókunnugleiki landnámuritara hafa ráðið en ljóst er að Seldælir hafa ekki haft áhrif á þessa landnámssögn. Lítið sem ekkert er vitað um valdsmenn í Tálknafirði á 12. og 13. öld. Órækja Snorrason réð fyrir Laugardal árið 1241 (Sturl, 433) og hefur þá tæplega verið neinn innfæddur forysumaður í sveitinni lengur - hafi hann verið áður. Í Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar kemur fram að Eyvindur Þórarinsson í Selárdal safnaði liði um Arnarfjarðardali og Tálknafjörð árið 1211 til að létta umsátri Þorvalds Vatnsfirðings um Eyri í Arnarfirði (Sturl, 239, 921). Þetta mætti skilja sem svo að Tálknfirðingar hafi heyrt undir höfðingjana í Selárdal þegar um 1200. Sagnir Landnámabókar um vítt landnám þeirra Þorbjarna, tálkna og skúmu, gæti því annaðhvort verið frá þeim tíma (fyrir 1200?) er Tálknfirðingar höfðu sjálfstæðan höfðingja eða að sagnirnar eru ritaðar af mönnum, eða eftir mönnum, sem vildu gera sem minnst úr valdatilkalli Seldæla í Selárdal.

Seinni möguleikinn virðist styrkjast af því að fyrir utan Ketil ilbreið, sem ekki ílentist á Vestfjörðum, var samkvæmt Landnámu engin sérstakur landnámsmaður í Arnarfjarðardölum og verður að skilja sagnirnar þannig að höfundar þeirra hafi talið að Án rauðfeldur hafi numið allan fjörðinn beggja vegna. Þó þetta sé ekki tekið skýrt fram er freistandi að ætla að þessi útgáfa af

landnámsfrásögnum hafi verið sú sem hentaði best þeirri grein Seldæla sem bjó á Eyri. Sagnirnar gera ekki ráð fyrir öðrum landnámsmönnum í Arnarfirði en þeim sem bjó á Eyri og öðrum í Geirþjófsfirði sem var forfaðir Seldæla. Þær gera síðan eins lítið og hægt er úr landnámum í Selárdal og á Rauðasandi en þar bjuggu í byrjun 12. aldar hinir helstu höfðingjarnir um sunnanverða Vestfirði og þeir einu sem hefðu getað veitt Seldælum á Eyri einhverja keppni.

Niðurstaðan af þessu yfirliti um landnámsfrásagnir úr Vestur-Barðastrandarýslu er því sú að þær séu á margan hátt grunsamlegar og að þær séu tæplega byggðar á gömlum hefðum úr héraðinu. Sennilegra er að þær séu ritaðar af manni eða mönnum sem ekki þekktu nema hæfilega mikið til á svæðinu og að sagnirnar séu sterklega mótaðar af sjónarhorni Seldæla á Eyri í Arnarfirði.

Það er því lítið á Landnámabók að græða þegar rita skal um landnám í Vestur-Barðastrandarsýslu. Hún nefnir aðeins tvo landnámsbæi í sýslunni, Hvallátur og Dufansdal, hvorttveggja staðir sem af almennum líkindum má ráða að hljóti að hafa byggst snemma.

Erfitt er að fá skýra hugmynd um hvenær byggð hófst að ráði á Vestfjörðum. Uppgröftur á Grelutóftum hjá Eyri við Arnarfjörð og allmörg kuml sem komið hafa í ljós, einkum um sunnanverðan kjálkann, sýna að byggð hefur verið orðin öflug á 10. öld. Hvort hinsvegar land á svæðinu var numið jafnsnemma og annarsstaðar á landinu eða seinna, jafnhratt eða hægar, er nær ómögulegt að segja á þessu stigi rannsókna. Af almennum líkindum má ráða að Vestifirðir hafi fyrst í stað ekki verið jafnfýsilegir til landnáms eins og mörg önnur jafnlendari héruð þar sem möguleikar fyrir kvikfjárrækt voru meiri og auðveldari og þar sem menn gátu haft stuðning af öflugum nágrannabyggðum. Á móti þessu mætti segja að hæpið er að landnámsmenn hafi allir haft tækifæri til verulegrar landkönnunar og hafi margir orðið að láta sér nægja að reisa sér bú þar sem þeir lentu. Í því samhengi má þó minnast sagna í Landnámabók um menn sem komu fyrst til Vestfjarða en fluttu sig svo fljótlega í önnur og búvænlegri héruð (Örlygur, Ketill ilbreiður, Örn). Þessu hefur sjálfsagt verið misjafnlega farið en með sumum stöðum á Vestfjörðum hefur mælt að þar hefur verið auðvelt að afla sér og sínum lífsviðurværis með veiðum og eggjatöku á meðan bústofninn var að stækka. Eins og sagan um Hrafna-Flóka ber með sér þá hafa menn hinsvegar ekki getað lifað á veiðum einum saman þannig að ætla má að á Vestfjörðum hafi þeir staðir byggst fyrst þar sem saman fara góð skilyrði til búfjárræktar og tækifæri til fisk- og selveiða og jafnvel bjargnot. Fyrst í stað hefur nautgriparækt einkum verið bundin við þá staði þar sem engjar gefa af sér töðugæft hey því nokkurn tíma hlýtur að hafa tekið að rækta upp tún. Önnur forsenda sem

máli hefur skipt er góð höfn. Þó víða megi lenda bátum á Vestfjörðum eru miklu færri öruggar hafnir fyrir hafskip en þær hafa nokkru ráðið um það hvar menn komu fyrst að landi. Hafi verið búsældarlegt þar sem menn komu fyrst að landi þá hefur verið einfaldast fyrir þá að stofna byggð sína þar. Það hefur einnig haft pólitíska þýðingu að byggja bæ sinn við hafskipahöfn því að þeir sem seinna komu hafa þurft að nota sömu hafnir og hafa þannig orðið að taka tillit til og sennilega fylgja ráðum þess er bjó við höfnina.

Það eru ekki margir staðir í Vestur-Barðastrandarsýslu þar sem saman fara góð hafskipahöfn, góð skilyrði til búfjárræktar og möguleikar á fisk-, sel- og fuglveiði. Eins og áður var vikið að er hvergi verulegt undirlendi á svæðinu, en mest undirlendi er í Saurbæ, Haukabergsvaðli og Hagavaðli. Hagavaðall var ein helsta hafskipahöfn Vesturlands fram á 13. öld en auk hans munu hafskip hafa getað lent í Vatnsfirði hjá Brjánslæk en ekki annarsstaðar Breiðafjarðarmegin í sýslunni. Aðrar hafskipahafnir, t.d. við Geirseyri í Patreksfirði og í Bíldudal eru fjarri stærstu undirlendissvæðunum og hafa því skipt minna máli í þessu samhengi þó að við þær hafi sennilega snemma hafist byggð. Þó að sléttlendi sé meira í Hagavaðli en hjá Brjánslæk þá voru á seinni staðnum mikil hlunnindi af engjum í Engey og þar er líka kríuvarp og kofnatekja og vorkópaveiði var líka nokkur í Vatnsfirði. Kópaveiði er líka utan við Hagavaðal en frá báðum stöðum hefur mátt fara og drepa útsel í skerjum úti á Breiðafirði. Þó að ekki hafi verið lendandi hafskipum á Rauðasandi svo vitað sé þá hafa búskaparskilyrði þar sennilega verið mun betri en á hinum tveimur stöðunum og möguleikar til veiða mun meiri og margvíslegri.

Af þessum forsendum gefnum er því líklegast að varanleg byggð hafi fyrst hafist á Rauðasandi, í kringum Hagavaðal og á Brjánslæk. Á þessum stöðum hafa verið forsendur fyrir fjölmennri byggð með nokkrum heimilum án þess að ryðja þyrfti skóg að marki. Þar hefur verið hægt að koma á fót húsdýrabúskap með svipuðu sniði og menn þekktu úr heimabyggðum sínum á mjög skömmum tíma en jafnframt hægt að styðjast verulega við veiðar. Önnur svæði í sýslunni uppfylla ekki öll þessi skilyrði en næst því komast Haukabergsvaðall og Örlygshöfn þar sem aðeins munar að ekki er jafnmikið landrými og að tækifæri til veiða eru minni. Þar hefur því byggðin sennilega festst aðeins seinna en á fyrrnefndu stöðunum, en þar næst hefur byggð sennilega hafist í Ketildölum þar sem skilyrði til landbúnaðar eru ekki eins góð en ágæt til fiskveiða, þá í Suðurfjörðum, þar sem ryðja hefur þurft skóg til að koma upp byggð og lengra hefur verið á fiskimið, og í Útvíkum, þar sem veiðiskapur er mikill en aðstæður til landbúnaðar, einkum kúabúskapar, verri. Mögulegt er einnig að byggðin í Útvíkum hafi hafist sem útver frá byggðarlögum í búsældarlegri héruðum innar á Barðaströnd eða í Breiðafirði. Á 13. öld sóttust

höfðingjar og stórbændur við Breiðafjörð mjög eftir ítökum og landeignum á Hornströndum og gætu forverar þeirra á 10. öld hafa haft sömu þörf fyrir aðgang að veiðiskap en ekki þurft að leita eins langt þar sem byggð hafi ekki verið hafin á stöðum eins og Útvíkum. Jafnlíklegt er þó að á slíkum stöðum hafi byggð hafist snemma, t.d. byggð þeirra manna sem minna máttu sín en þeir sem brutust til landa á bestu landbúnaðarsvæðunum, og að ítök stórbænda hafi komið til seinna.

Sennilegt er að þegar um miðja 10. öld hafi verið komnir byggðakjarnar á Hjarðarnesi, Brjánslæk, í Vaðalsþorpi, Haga, Miðhlíð, Haukabergi, Holti, Hreggstöðum, Saurbæ og Stökkum, Hvallátrum, Breiðavík, Kollsvík, Örlygshöfn, Sauðlauksdal, Botni, Geirseyri, Selárdal, Fífustaðadal, Feigsdal, Hringsdal, Hvestudal, Bíldudal, Otradal, Dufansdal, Reykjafirði og Trostansfirði. Líklegt er að á öllum þessum stöðum hafi verið mörg heimili og hafa þau jafnvel verið farin að greinast upp í aðgreind býli. Sumstaðar, eins og í Suðurfjörðum, Hvestudal og í Útvíkum, hélst byggðin sem ein jörð fram á seinni aldir, jafnvel þó mörg heimili væru á hverri, en í öðrum klofnaði byggðin upp í aðgreindar jarðir. Það hefur gerst með þrennu móti.

Í fyrsta lagi hafa útjarðir mjög snemma byggst frá byggðakjörnum á svæðum þar landþrengsli hafa verið meiri og búskaparskilyrði takmarkaðri. Þannig hefði Foss byggst frá Dufansdal, Austmannsdalur frá byggðinni í Feigsdal, Raknadalur og Skápadalur frá Botni, Hvalsker sennilega frá Sauðlauksdal og einnig Kvígindisdalur og Vatnsdalur, Keflavík og Lambavatn frá byggð í Saurbæ, Siglunes frá Hreggstöðum, Skjaldvararfoss, Múli og Tungumúli frá Haga, Hvammur frá Vaðalsþorpi og Rauðsdalsbæirnir og Arnórsstaðir frá Brjánslæk. Þessar jarðir eru flestar litlar eða meðalstórar og búskaparskilyrði þar ekki þannig að líklegt sé að menn hefðu kosið að búa þar meðan á öðru betra var völ. Byggð á þessum stöðum hefur því hafist í skugga, og jafnvel verið stjórnað af, bændum þeim sem búnir voru að koma undir sig fótunum í nálægum byggðakjörnum.

Byggðakjarnarnir, sem hér hafa verið kallaðir svo, hafa síðan sjálfir skipst upp með tvennu móti. Annarsvegar virðast sumir snemma hafa skipst upp í nokkur að mestu jafnstór býli en aðrir hafa orðið að stórbýlum, eiginlega búgörðum þar sem stórbóndi eða höfðingi hefur drottnað yfir nokkrum fjölda leiguliða eða smábænda. Slíkir búgarðar eða stórbýli hafa verið á Hjarðarnesi, Brjánslæk, í Haga, Miðhlíð, Haukabergi, Saurbæ, Selárdal og Bíldudal, en byggðakjarnar sem klofnað hafa upp í jafnstór býli í Vaðalsþorpi, vestan við Haukabergsvaðal, í Örlygshöfn, Fífustaðadal og Feigsdal. Í Örlygshöfn voru jarðirnar þrjár allar jafndýrt metnar en í Fífustaðadal og Feigsdal eru minni kot innst í dölunum (Öskubrekka og Klúka í Fífustaðadal og Grandi í Feigsdal) en betri meðaljarðir nær sjónum (Fífustaðir og Kirkjuból í Fífustaðadal og Feigstaðir,

Bakki og Hóll í Feigsdal) og má ætla að hinar síðarnefndu séu arftakar hins upprunalega byggðakjarna í hvorum dalnum. Hugsanlegt er að stórbýlin hafi upphaflega verið líkari þorpum með jafnstór býli og að hjáleiguger það sem var á mörgum þeirra á seinni öldum hafi aðeins orðið til þá. Þannig voru á seinni hluta miðalda nokkur sæmileg býli í landareign Saurbæjar á 15. öld en á 17. öld byggist þar fjöldi örreytiskota. Sama saga gerist í Bíldudal og mögulega Selárdal.

Áður en vikið verður að byggðaþróun á seinni öldum er vert að geta þess að hlutfallslega lítið er af bæjanöfnum í Vestur-Barðastrandarsýslu sem hafa endinguna -staðir. Það er algengasta ending bæjanafna á Íslandi eða á um 15 % af bæjum í landinu. Jafnan er talið að bæir sem hafa þennan nafnlið hafi byggst mjög snemma en séu þó ekki meðal þeirra allra elstu. Þeir séu merki um aðra kynslóð bæja sem byggðust útfrá býlum þeirra sem fyrstir stigu á land. Til marks um þetta er haft að hátt hlutfall af þessum bæjum er nefnt í fornritum en þeir eru hinsvegar ekki meðal dýrustu jarðanna, sem flestar hafa einföld náttúrunöfn, og að hlutfallslega fáir bæir með nafnliðinn -staðir voru kirkjustaðir. Af þessum sökum er talið sennilegt að -staðir merki býli sem stofnað var til á nýjum stað eftir að byggðakjarnar höfðu risið á besta jarðnæðinu á hverju svæði. Í Vestur-Barðastrandarsýslu eru aðeins 3 bæir sem hafa endinguna -staðir, eða 2,4 %, en auk þeirra þrjú fornbýli, Bjarnastaðir (Ba-198:012), Karlsstaðir (eða Karlstún - Ba-152:015) og Konungs- eða Konálsstaðir (Ba-153:009) og munnmæli um það fjórða, Málfríðarstaði (Ba-201:024).[9] Ekki er augljóst hvernig túlka má þennan mun en vera má að hann geti bent til þess að skipting lands í jarðir á landnámsöld hafi á þessum hluta Vestfjarða[10] verið með öðrum hætti en víða annarsstaðar, t.d. þannig að byggðin hafi frá fyrstu tíð verið í hverfum eða byggðakjörnum og minna hafi verið um stofnun stakra nýbýla síðla landnámstíðar heldur en t.d. í Borgarfirði, í Húnaþingi eða á Fljótsdalshéraði. Það gæti aftur styrkt þá túlkun sem hér hefur verið sett fram að landnám í Vestur-Barðastrandarsýslu hafi hafist ívið seinna en annarsstaðar, að landnámin hafi verið minni, hvert og eitt bundið við einn byggðakjarna sem sumir urðu að stórbýlum en aðrir að hverfum með nokkrum meðalstórum jörðum.

---

[9] Aðrir Málfríðarstaðir eru Ba-206:017 en þar sjást engar tóftir og aðstæður ekki þannig að líklegt sé að þar hafi verið mannabyggð. Einnig eru Tjaldstaðir Ba-208:030 sem var tjaldstæði en ekki bæjar, og Brandarstaðir Ba-152:012 sem er nýnefni frá því um 1900.

[10] Í Austur-Barðastrandarsýslu eru 12 bæir af 88 sem hafa endinguna -staðir, eða 13,6 %. Í Vestur Ísafjarðarsýslu eru 7 af 105 eða 6,7 %, í Norður Ísafjarðarsýslu 11 af 185 eða 5,9 % og í Strandasýslu 10 af 126 eða 7,9 %.

## 2.3 *Byggðaþróun á seinni öldum*

Í ritum frá 13. öld er, auk helstu stórbýla sýslunnar, getið um jarðir eins og Hvamm, Vaðal, Tungumúla og Krosseyri og staðfestir það ekki annað en að byggð hefur þá verið komið í áþekkt horf og var á seinni öldum.

Heimildir um byggð í sýslunni fara fyrst að verða verulega skýrar á 14. öld en þá koma kirkjumáldagar til sögunnar. Samkvæmt elstu máldögum kirkna á Barðaströnd og í Saurbæ voru þá ámóta margir bæir í hverri sókn eins og á seinni öldum. Í Brjánslækjarsókn voru heldur fleiri, eða 15 en þar hafa yfirleitt aðeins 14 bæir verið í stöðugri byggð. Gæti það bent til að kot eins og t.d. Uppsalir eða einhver býli í Vatnsdal hafi þá verið í byggð. Í Hagasókn eru heldur færri bæir en ætla hefði mátt eða aðeins 12. Þar verður að hafa í huga að hálfkirkja var í Miðhlíð og tíund greidd heima þannig að sá bær er ekki inni í þessari tölu og mætti vera að hálfkirkja hefði verið á einhverjum öðrum bæ, t.d. Vaðli eða Haukabergi og fellur þá allt í ljúfa löð því á seinni öldum hafa um 14 lögbýli verið í stöðugri byggð í sókninni þó hjáleigur hafi verið miklu fleiri. Í Saurbæjarsókn voru 26 bæir um eða fyrir miðja 14. öld og er það mjög svipuð tala og fjöldi lögbýla í byggð á 18. og 19. öld. Fyrir lok aldarinnar hafði bæjunum í Saurbæjarsókn þó fjölgað í 28 og um miðja 15. öld voru þar í byggð bæir eins og Vellir innarlega í Skorarhlíðum sem ekki er vitað til að hafi verið byggðir á seinni öldum. Þá var einnig búið í Skor og virðist þetta benda til að smábýlum hafi fjölgað á Rauðasandi á seinni hluta 14. aldar og fyrri hluta þeirrar 15. Hvort sambærileg þróun hefur átt sér stað í öðrum sveitum sýslunnar er illt að vita þó ekki virðist það ósennilegt, sérstaklega þar sem útræði hefur verið. Fyrir miðja 16.öld virðist byggðin hafa dregist aftur saman en þá voru bæir eins og Máberg og Gröf á Rauðasandi í eyði og 1575 voru

| | Býli sem komin voru í eyði löngu fyrir 17. öld | Býli sem byggðust á 17. öld | Býli sem byggðust á 18. öld | Býli sem byggðust á 19. öld | Ótímasetjanlegar bæjarrústir[11] |
|---|---|---|---|---|---|
| Barðastrandarhr. | 11 | 6 | 5 | 4 | 10 |
| Rauðasandshr. | 7 | 12 | 2 | 19 | 4 |
| Dalahreppur | 0 | 2 | 1 | 2 | 5 |
| Suðurfjarðahr. | 0 | 4 | 0 | 1 | 1 |
| | 18 | 26 | 8 | 19 | 20 |

Tafla 3. Taflan sýnir helstu tímabil hjáleigubyggðar og stofnun nýbýla í Vesturbyggð. Alls er um að ræða 82 staði en á 8 af þeim var byggt á fleiri en einu tímabili. Í þessum tölum eru ekki hjáleigur sem voru í byggð er JÁM var tekin saman og höfðu verið það um langan aldur. Um heimildir sjá kafla 5. Skrá um menningarminjar.

[11] Um suma af þessum stöðum er ómögulegt að segja hvort um var að ræða selstöður eða heilsársbyggð.

aðeins 12 bæir í Brjánslækjarsókn og hafði fækkað um 3 frá því á 14. öld.

Á 17., 18. og 19. öld virðist byggðin hafa sveiflast nokkuð en þá fyrst verður mögulegt að gera sér grein fyrir byggð smákota og hjáleiga. Allnokkur munur er á Barðaströnd annarsvegar og hinum hlutum sýslunnar hinsvegar í þessu tilliti. Í Barðastrandarhreppi voru mörg minniháttar býli, sem verið höfðu í byggð um miðja 15. öld, komin í eyði í byrjun 18. aldar og er í nokkrum tilfellum ljóst að það hafði þá gerst nýlega. Þar má telja býli eins og Auðnir, Hellu, Þverá og Efri-Haga en einnig voru nálega allar hjáleigur þær sem taldar eru í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns í eyði er þeir komu í hreppinn. Þeir fréttu að kotið Uppsalir hefði lagst í eyði um 1640 og Sauðeyjar höfðu einnig verið í eyði á seinni hluta 17. aldar en voru nýlega komnar í ábúð aftur. Aðeins voru tvær hjáleigur í byggð í Haga, Krókur og Grænhóll sem þá var nýbýli og í Múla voru tvenn Hús í byggð. Seinna á 18. öld virðist byggðin heldur taka við sér, einkum í austurhluta hreppsins, en þá var búið um hríð á Uppsölum, Vatnsdalsbökkum og Hellu og í byrjun 19. aldar byggðist um skeið hjáleigan Undirtún hjá Brjánslæk. Þessar jarðir allar, ásamt Auðnum, Fossá og Þverá voru síðan aftur komnar í eyði um 1900 og hafa verið það síðan. Á fyrri hluta 20. aldar voru nokkur smábýli stofnuð, t.d. Bólstaðarhlíð í Hvammslandi, Hólshús í landi Skjaldvararfoss og Sunnuhvoll í landi Girðis en öll urðu þau skammvinn. Á seinni hluta 20. aldar hefur byggðin heldur dregist saman í vesturendann, en að öðru leyti hefur hún haldist nokkuð stöðug og eru velflest lögbýli í hreppnum enn í byggð.

Í Rauðasandshreppi og Ketildölum hefur þróun byggðar verið með allólíku sniði. Þar var hjáleigubyggð með miklum blóma í byrjun 18. aldar. Á Rauðasandi virðist hafa átt sér stað mikil fjölgun smábýla um miðja 17. öld, og hefur hún að nokkru komið í staðinn fyrir meðalstór afbýli eins og Máberg, Gröf og Klúku sem höfðu sennilega verið í eyði síðan á 16. öld. Þessar nýju hjáleigur voru því miklu fleiri og minni en áður og má í þessu merkja nokkra áherslubreytingu í rekstri stórbýla. Það lítur út fyrir að leigulönd höfðingja í Saurbæ hafi á síðmiðöldum flest verið þokkalega góðir jarðarpartar, oftast 20 hundruð, og hefur mátt reka alhliða búskap á slíkum jörðum. Smákot þau sem stofnuð voru á 17. öld voru hinsvegar miklu minni og rýrari og gátu ábúendur þeirra ekki lifað á búrekstrinum einum saman, heldur þurftu þeir að sækja sjó í meira eða minna mæli. Má geta þess til að landeigendur hafi þegar komið var fram á 17. öld fyrst og fremst viljað fá leigur greiddar í auðseljanlegum gjaldeyri, fyrst og fremst fiski, sem þeir gátu skipt á verslunarstöðum en að forverum þeirra hafi verið meira í mun að fá almenna neysluvöru. Höfundum jarðabókarinnar hefur þótt nóg um kjör leiguliða á Rauðasandi og gætir þar beinnar gagnrýni á búrekstur Guðrúnar Eggertsdóttur í Saurbæ og gefið í skyn að hún þjarmi óþarflega

að leiguliðum sínum. Slík gagnrýni er ekki víða í jarðabókinni og bendir til að ástandið hafi verið með eindæmum á Rauðasandi.

Hjáleigubyggðin á Rauðasandi virðist hafa haldist að mestu fram yfir miðja 18. öld en dregst þá saman. Fyrir miðja 19. öld byggðust á ný nokkur hinna eldgömlu býla, eins og Máberg, Gröf og Brattahlíð og nokkrar af hjáleigunum, eins og Stekkadalur, Krókur og Krókshús héldust enn í byggð.

Í Útvíkum hefur aldrei verið hjáleigubyggð að marki, helst í Kollsvík þar sem hjáleiga Láganúps, Hólar, var í byggð á 18. öld, en hinsvegar var mjög misjafnlega fjölbýlt á hverjum bæ. Til marks um það voru tveir ábúendur á Hvallátrum 1703 en átta um aldamótin 1900 og hefur byggðin í víkunum sennilega aldrei staðið með meiri blóma en þá. Hún var öflug fram eftir öldinni en lagðist svo af mjög hratt eftir miðja öldina og eru nú allar víkurnar í eyði.

Í Patreksfirði var lítil hreyfing á byggð eftir því sem hægt er að greina. Tvær hjáleigur voru í byggð í Sauðlauksdal í byrjun 18. aldar og var önnur komin í eyði 1760 og báðar 1805 og er það áþekk þróun og á Rauðasandi. Þær byggðust hinsvegar aftur önnur til 1825 og hin til 1860 og er það líkara þróu mála í austurhluta Barðastrandarhrepps. Í Skápadal og Raknadal höfðu verið hjáleigur á 17. öld en voru báðar komnar í eyði um 1700. Í Örlygshöfn voru lengst af aðeins lögbýlin þrjú, Tunga, Geitagil og Hnjótur, en um aldamótin síðustu voru komin þar nokkur smábýli, s.s. Hnausar, Kóngsengjar og Hólar en byggð þar var skammæ. Sama er að segja um Brandarstaði í landi Hvalskers sem voru í byggð fram um 1930. Síðan um miðja öldina hafa allmargir bæir í Patreksfirði lagst í eyði.

Í Ketildölum inn að Otradal var, eins og á Rauðasandi, mikil hjáleigubyggð í byrjun 18. aldar og voru sumar þeirra þá nýbyggðar en aðrar höfðu staðið lengi, þó ekki sé vitað hversu lengi. Í Selárdal héldust margar hjáleigurnar í byggð fram á 19. öld og nokkrar fram á fyrri hluta 20. aldar en í Bíldudal og Otradal voru allar komnar í eyði í byrjun 19. aldar utan Hólshús í Bíldudal. Byggðin í Ketildölum var þó öflug fram á fyrri hluta 20. aldar en hefur síðan farið mjög aftur og eru nú aðeins nokkrir bæir byggðir þar.

Í Suðurfjörðum innan við Otradal voru hvergi hjáleigur en hinsvegar misjafnlega margbýlt á hverjum bæ og var byggðin þar blómleg í byrjun 18. aldar og hélst þannig með óverulegum breytingum fram á þessa öld. Nú er sveitin hinsvegar öll komin í eyði fyrir utan Foss.

## 3. *Helstu tegundir menningarminja og ástand þeirra*

Í Vesturbyggð hafa verið skráðir 2800 fornleifastaðir og eru að meðaltali 26,2 minjastaðir á jörð. Á meirihluta jarðanna, eða 64, eru á bilinu 1-30 skráðir staðir. Á 22 jörðum eru 1-10 staðir, 11-20 staðir eru á 32 jörðum og 21-30 staðir eru á 20 jörðum. Flestir skráðir minjastaðir eru í landi Kollsvíkur, eða 104, en næst er Hænuvík með 100 skráða staði. Í töflu 4 er skrá yfir þær jarðir sem eru með fleiri en 40 skráða staði.

| | Heiti jarðar | fjöldi minjastaða | | Heiti jarðar | fjöldi minjastaða |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Kollsvík | 104 | 9. | Keflavík | 52 |
| 2. | Hænuvík | 100 | 10. | Botn í Geirþjófsf. | 49 |
| 3. | Hvallátur | 99 | 11. | Hreggstaðir | 48 |
| 4.-5. | Breiðavík | 92 | 12. | Vatnsdalur | 47 |
| 4.-5. | Sauðlauksdalur | 92 | 13. | Hagi | 45 |
| 6. | Selárdalur | 77 | 14. | Lambavatn | 43 |
| 7. | Siglunes | 70 | 15. | Geirseyri | 42 |
| 8. | Dufansdalur | 64 | 16. | Trostansfjörður | 41 |

Tafla 4. Skrá yfir þær jarðir í Vesturbyggð sem flestir skráðir minjastaðir eru á.

Í aðalatriðum eru því fleiri skráðir fornleifastaðir á jörð eftir því sem hún er stærri en einnig eru áberandi fleiri staðir þar sem útver hafa verið og upplýsingar eru til um hverja verbúð. Annarsstaðar hefur fornleifakönnun aukið við tölu skráðra fornleifastaða og skýrir það afhverju mikið er af fornleifastöðum á jörðum í Útvíkum og í Patreksfirði en Guðmundur Ólafsson gerði ítarlega skráningu þar 1994. Fornleifakönnun á einnig þátt í hárri tölu fornleifastaða í Botni í Geirþjófsfirði en Sigurður Vigfússon og Matthías Þórðarson komu þar báðir og létu enga þúfu óskoðaða í leit að minjum um veru Gísla Súrssonar í firðinum.

Við skráningu fornleifa er notast við tvennskonar flokkun fornleifastaða. Í fyrsta lagi er flokkað eftir eðli minjanna, en með því er reynt að greina á milli hvort á staðnum er mannvirki, hvort aðeins er vísbending um að mannvirki sé eða hafi verið, hvort um er að ræða staði sem tengjast þjóðsögum eða markverðum atburðum eða náttúruminjar sem hafa menningarsögulegt gildi. Innan hvers flokks er síðan reynt að greina enn frekar eftir gerð. Flokkun af þessu tagi kemur ekki nema að takmörkuðu gagni við svæðisskráningu vegna þess að heimildir þær sem stuðst er við eru yfirleitt ekki svo nákvæmar að hægt sé að sjá hvort að mannvirki er enn á þeim stað sem lýst er eða hvort mannvirki hefur nokkurntíma verið á minjastaðnum (t.d. þar sem talað

er um stöðla eða ból). Þessi flokkun kemur fyrst að verulegu gagni eftir að farið hefur verið á vettvang.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Heimild um fornleifar | 1575 | götur og vegir | 106 |
| Örnefni vísar á fornleifar | 391 | vörður | 96 |
| | | | |
| Bæjarhólar og bæjarstæði | 117 | Legstaðir | 14 |
| Tóftir | 211 | | |
| Önnur mannvirki | 152 | Þjóðsögustaðir | 93 |
| Önnur mannaverk | 27 | Sögustaðir | 3 |
| | | | |
| | | Náttúruminjar | 15 |
| | | | |
| **Samtals** | | | **2800** |

Tafla 5. Helstu tegundir skráðra fornleifastaða í Vesturbyggð.

Meira gagn er að flokkun fornleifastaðanna eftir hlutverki þeirra. Hægt var að greina hlutverk á um 84 % staðanna, en af hinum sem ekki var hægt að greina voru flestir vörður (2 %) en sjaldnast er greint frá hvort þær voru byggðar til að vísa á veg, sem kennileiti fyrir heimamenn,

| | | |
|---|---|---|
| Mannabústaðir | 267 | 11,4 % |
| Útihús og garðar innantúns | 855 | 36,4 % |
| Minjar um ræktun korns og grænmetis | 41 | 1,7 % |
| Minjar sem tengjast hirðingu skepna í úthögum | 307 | 13,1 % |
| þ.a. 127 stekkir | | |
| 42 sel | | |
| Minjar sem tengjast engjum og nýtingu þeirra 20 | 0,9 % | |
| Minjar sem tengjast nýtingu og öflun vatns | 7 | 0,3 % |
| Minjar um öflun byggingarefnis | 14 | 0,6 % |
| Minjar um eldsneytisöflun | 60 | 2,6 % |
| Minjar um járnvinnslu | 24 | 1,0 % |
| Minjar um fiskveiðar og verkun fisks | 254 | 10,8 % |
| Minjar um aðrar veiðar | 27 | 1,2 % |
| Samtals minjar um búsetu og búskap | **1876** | **80,0 %** |
| | | |
| Minjar tengdar mannamótum | 39 | 1,7 % |
| þ.a. 29 kirkjur og bænhús | | |
| | | |
| Legstaðir | 45 | 1,9 % |
| | | |
| Eyktamörk | 21 | 0,9 % |
| | | |
| Landamerki | 30 | 1,3 % |
| | | |
| Samgönguminjar | 287 | 12,2 % |
| | | |
| Þjóðsögur | 49 | 2,1 % |
| **Samtals** | **2347** | **100,1 %** |

Tafla 6. Fornleifastaðir í Vesturbyggð flokkaðir eftir hlutverki.

sem eyktamörk eða sem minnisvarðar. Flestir hinna staðanna sem ekki varð ákveðið hlutverk fyrir eru tóftir eða garðar sem ónógar upplýsingar eru um. Í Töflu 6 er gefið yfirlit um helstu flokka fornleifastaða á svæðinu eftir hlutverki þeirra en í næstu köflum verður fjallað um hvern flokk fyrir sig og gerð grein fyrir hversu nákvæmlega skráningin lýsir fjölda og ástandi hvers flokks minjastaða. Fyrst verður þó gefið yfirlit yfir friðlýstar minjar á skipulagssvæðinu.

## *Friðlýstar minjar*

Í sveitarfélaginu eru friðlýstir 25 minjastaðir á 14 jörðum. Eins og áður hefur verið getið voru flestir þessarar staða friðaðir af Matthíasi Þórðarsyni á árunum 1930-35 en fjórir staðir til viðbótar voru friðaðir 1971, 1975 og 1980.

**Brjánslækur á Barðaströnd**
- Tóft í Vatnsdal sem talin hefur verið smiðja Gests Oddleifssonar
- Flókatóftir svonefndar við sjóinn innan við Brjánslækjará

**Hvammur á Barðaströnd**
- Kringlótt tóft austan við bæinn, kölluð Hoftóft.

**Vaðall á Barðaströnd**
- Garðlag sem liggur frá frá bænum og að Þinghóli

**Hagi á Barðaströnd**
- 2 tóftir í mýrinni neðan við bæinn, kallaðar Gestfjós
- 2 tóftir í Refshólma í Hagavaðli, kallaðar Refstóft og Refssmiðja.

**Haukaberg á Barðaströnd**
- Dys við veginn vestur að Haukabergsá
- Dysjar austan við Haukabergsá

**Hreggstaðir á Barðaströnd**
- Rústir eyðibýlisins Skyrleysu með túngörðum, gerðum og sjóbúðatóftum

**Hvallátur**
- Hóllinn Kárni (meintur legstaður)
- Dysjar á Kúlureit
- Verstöðin að Brunnum
- Verstöðin á Látranesi

**Breiðavík**
- Breiðavíkurver

**Sauðlauksdalur**
- Sandvarnargarðurinn Ranglátur
- Akurgerði sr. Björns Halldórssonar
- Vörslugarður frá tíð sr. Björns fyrir framan túnið

**Selárdalur**
- Kárasteinn

**Kirkjuból í Fífustaðadal**
- Meint hoftóft á Hofhúsholti fyrir framan túnið

**Hóll í Feigsdal**
- Meint hoftóft á Hofhúsholti fyrir neðan túnið

**Hringsdalur**

Hringshaugur
Austmannahaugur

**Botn í Geirþjófsfirði**

Skálatóft kölluð Auðarbær eða Gíslabær, ofan við túnið.
Meint fylgsni Gísla Súrssonar, hið nyrðra af tveimur
Meint fylgsni Gísla Súrssonar, hið syðra af tveimur

Tafla 7. Friðlýstar minjar í Vesturbyggð

Þó að ekki sé hægt lengur að fallast á þær forsendur sem gefnar voru á sínum tíma fyrir friðun sumra staðanna - en óvíst verður að telja að tóftirnar í Refshólma í Hagavaðli hafi raunverulega verið notaðar af Króka-Refi þeim sem lýst er í sögu sem ber nafn hans eða að tóftir á Hóli og Kirkjubóli í Ketildölum hafi haft eitthvað með heiðið helgihald að gera - þá eru á öllum stöðunum merkar minjar sem ástæða er til að varðveita áfram. Gott dæmi er tóftin í Vatnsdal sem er elsta þekkta dæmið um fornleifauppgröft í vísindaskyni. Hún hefur löngum verið talin hafa verið smiðja Gests Oddleifssonar sem samkvæmt mörgum Íslendingasögum var höfðingi í Haga á 10. öld. Skýrt er af lýsingum á uppgröftum í tóft þessa á 18. og 19. öld að þar er á ferð rauðablásturssmiðja og er það í sjálfu sér stórmerkilegt og er tóftin ein af örfáum sínum líkum sem vitað er um á Íslandi. Hvað sem líður tengslum hennar við Gest hinn spaka þá hefur hún því tvímælalaust varðveislu- og kynningargildi. Svipuðu máli gegnir um svonefndan Hringshaug á sjávarbakkanum í Hringsdal. Björn M. Olsen lýsti þessum haugi fyrstur og skráði þá heilmikla sögu um Hring í Hringsdal og deilur hans við Austmann sem líka á friðlýstan haug í Hringsdal. Þegar Björn var á ferðinni höfðu mannabein fundist hjá Hringshaugi og um miðja 20 öld fannst þar síðan sverð frá Víkingaöld og getur varla leikið nokkur vafi að þarna er kuml og jafnvel kumlateigur frá heiðinni tíð.

Í kafla 1.2 var gerð grein fyrir forsendum friðlýsinga og sýnt að þær hafa að mestu leyti byggst á rannsóknum fornfræðinga á 19. öld og úrval staða til friðunar mótaðist af hugðarefnum þeirra. Það vill raunar til að þeir fundu marga af umfangsmestu og best varðveittu minjastöðunum í hverju héraði og að mörgum slíkra staða hefur verið forðað frá eyðileggingu með friðlýsingum og gildir auðvitað einu á hvaða forsendum staðirnir voru friðlýstir; þeir hafa eftir sem áður mikið menningarsögulegt gildi. Vandinn liggur miklu frekar í því hvaða staðir, sem nú teljast menningarsögulega mikilvægir, urðu útundan við fornleifakönnun og friðlýsingar fyrri aldar. Um það verður ekki dæmt með vissu fyrr en vettvangsrannsóknir hafa verið gerðar en benda má á tvö atriði:

- Fornfræðingar 19. aldar leituðu fyrst og fremst fornleifa sem þeir töldu að hefðu gildi fyrir

sögu og menningu landsins í heild. Þar af leiðir að fáir eða engir fornleifastaðir sem hafa fyrst og fremst gildi fyrir sögu og menningu síns héraðs njóta friðlýsingar. Önnur afleiðing af þessu er að dreifing minjastaða er mjög ójöfn þannig að í sumum byggðarlögum eru engar friðlýstar minjar (t.d. á Rauðasandi) meðan í öðrum eru fjölmargar á litlum bletti (t.d. á Hvallátrum).

- Minjar sem eru dæmi um búskaparhætti seinni alda er yfirleitt að finna í mun minna hlutfalli meðal friðlýstra fornleifa en meintar minjar frá fornöld. Slíkum stöðum hefur fækkað gríðarlega eftir tilkomu vélvæðingar í landbúnaði en brýnt verður að telja að varðveita sem flesta fyrir komandi kynslóðir. Í Vesturbyggð hafa þó verið friðlýstar verminjar á Hvallátrum og í Breiðuvík og eyðibýlið Skyrleisa í landi Hreggstaða nýtur einnig friðlýsingar og eru í sveitarfélaginu góð tækifæri til að varðveita búskaparminjar þar sem margir bæir og heil svæði eru þar í eyði og hafa verið lengi. Þar má nefna Suðurfirði, Ketildali og þó sérílagi Útvíkur þar sem tækifæri til að flétta kynningu á fornminjum saman við aðra útivist eru sérlega góð.

### *Bæjarhólar og bæjarstæði*

Yfirleitt hafa bæir staðið á sama stað öldum saman, og jafnvel allt frá landnámsöld til þessarar og hafa þá myndast bæjarhólar sem eru samsettir úr byggingaleifum og mannvistarlögum. Í bæjarhólum er mestra og fjölbreytilegastra fornminja að vænta, í þeim er geymd saga daglegs lífs kynslóðar á kynslóð ofan og í þeim er flesta forngripi að finna. Bæjarhólar eru því langmikilvægasta tegund fornleifastaða og brýnt að koma í veg fyrir að þeir verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víðast hafa steypuhús með djúpum kjöllurum verið byggð á þeim og skemmt þá að meira eða minna leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætanlegt sé eða raunhæft að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verði að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á bæjarhólum. Mikilsverðastir eru þó bæjarhólar sem ekki hefur verið byggt á eða orðið fyrir raski. Sjaldnast er hægt að komast að því hvort bæjarhólar eru óskemmdir eða ei, nema með vettvangsathugun, en til eru upplýsingar um hvar bæjarhús hafa verið flutt og má ganga útfrá að þar sem hús hafa ekki verið flutt þar séu bæjarhólar meira eða minna skemmdir. Í töflu 8 er skrá yfir bæjarhóla sem vitað er að hús hafa verið flutt af eða þar sem byggð lagðist af áður en steypuhús komu til sögunnar. Þó að bæjarhús hafi verið flutt er það auðvitað engin trygging fyrir því að bæjarhóllinn hafi ekki orðið eyðileggingu að bráð.

Bæjarstæði sem hafa verið yfirgefin hafa einnig mörg verið sléttuð undir tún. Það er því ekki víst að bæjarhólar séu óskemmdir þó bæjarhús hafi verið flutt og verður að lesa Töflu 8 með það í huga. Einnig kann að vanta marga staði í skrána því ekki eru aðgengilegar upplýsingar á prenti um aldur og staðsetningu húsa á bæjum í sýslunni.

| | |
|---|---|
| Auðnir (í eyði frá um 1900) | Hnjótur |
| Hamar (í eyði frá 1904) | Vatnsdalur (færður um 1900) |
| Hella (í eyði frá um 1875) | Sauðlauksdalur (undir vegi) |
| Þverá (í eyði frá um 1875) | Skápadalur (færður á 17. öld) |
| Arnórsstaðir (færður v. skriðufalla um 1880) | Öskubrekka (í eyði f. 1950) |
| Hvammur (færður v. skriðufalla fyrir 1879) | Klúka (tóftir á Hesthúsbala) |
| Miðhlíð ytri (sléttað yfir? síðar kartöflugarður) | Gróhólar (sléttað yfir? síðar kálgarður) |
| Gerði (sléttað yfir?) | Feigsdalur |
| Fótur (í eyði frá um 1880) | Grandi (færður tvisvar fyrir 1700) |
| Sjöundá (í eyði frá 1921) | Otradalur (fl. fyrir 19. öld) |
| Skor (í eyði frá seinni hl. 18. aldar) | Foss (Ljóshóll) |
| Brattahlíð (í eyði frá um 1900, spunakofi seinna á hólnum) | Sperðlahlíð (í eyði fyrir 1940) |
| | Botn |

Tafla 8. Bæjarhólar í Vesturbyggð sem flutt hefur verið af og líkur eru til að séu að mestu leyti óskemmdir.

Algengt var að fyrsta kynslóð timbur- eða steypuhúsa væri byggð við hlið gamla torfbæjarins og stundum spölkorn frá honum og í slíkum tilfellum geta bæjarhólar hafa varðveist lítið skemmdir jafnvel þó þeir séu enn í dag undir hlaði og byggingar allt í kring.

Fyrir utan bæjarhóla á býlum sem verið hafa í byggð fram á þessa öld eru fjölmargir staðir þar sem byggð hefur annaðhvort varað í stuttan tíma eða þar sem hjáleigur eða afbýli hafa lagst

| nr. fornleifar | nafn býlis | í byggð | nr. fornleifar | nafn býlis | í byggð |
|---|---|---|---|---|---|
| Ba-089:008 | Vindheimar | ekki vitað | Ba-132:012 | Hesthús | 1650-18. öld |
| Ba-093:005 | Smiðjumýrar | ekki vitað | Ba-134:001 | Krókshús | 17.-19. öld |
| Ba-093:006 | Vatnsdalsbakkar | 18 öld | Ba-138:081 | Básar | f. 1840 |
| Ba-093:007 | Helluhvammur | ekki vitað | Ba-139:023 | Stekkur/Urðarhvammur | 19. öld |
| Ba-093:008 | Uppsalir | f. 1640; seinni hl. 18. aldar; um 1900 | Ba-140:006 | Hólar | 17.-18. öld |
| | | | Ba-140:012 | Grund (H) | 19. öld |
| Ba-094:011 | Grafarkot | 17. öld eða fyrr | Ba-142:014 | Tröð | ekki vitað |
| Ba-094:012 | Lækjarkot | 17. öld eða fyrr | Ba-142:046 | Grænamýri | 19. öld |
| Ba-094:024 | Undirtún | 18. öld | Ba-142:051 | Össursbær | 19. öld |
| Ba-100:020 | Skarðatún | f. 1840 | Ba-142:069 | Stekkjarmelur | 19. öld |
| Ba-101:012 | Hvammshús | 17. öld | Ba-144:006 | Tóftir | 19. öld? |

| | | |
|---|---|---|
| Ba-101:018 | Bólstaðahlíð | um 1915-23 |
| Ba-102:029 | Bergjakot | f. 1840 |
| Ba-102:035 | Skeiði | f. 1840 |
| Ba-103:017 | Kot | ekki vitað |
| Ba-108:010 | Krókur | 17.-18. öld |
| Ba-108:011 | Efri Gata | 17. öld |
| Ba-108:012 | Neðri Gata | 17.-18. öld |
| Ba-108:013 | Efri Krókur | 17.-18. öld |
| Ba-108:014 | Efri Hagi/Lambhús | 14.-16. öld |
| Ba-108:042 | Tröð | ekki vitað |
| Ba-108:043 | Hagabúð | ekki vitað |
| Ba-109:016 | Hús | 17.-18. öld |
| Ba-109:017 | Hús | 17.-18. öld |
| Ba-110:016 | Hólshús | um 1920 |
| Ba-110:017 | Hólshús | f. 1840 |
| Ba-112:009 | Þúfa | 17. öld eða fyrr |
| Ba-112:010 | Stekkur | 17. öld eða fyrr |
| Ba-112:011 | Skriða | 17. öld eða fyrr |
| Ba-112:029 | Gröf | ekki vitað |
| Ba-114:008 | Sunnuhvoll | um 1900-1929 |
| Ba-121:018 | Skyrleysa | 17. öld |
| Ba-121:019 | Efrihús | 17. öld |
| Ba-121:020 | Innri Hús | 17. öld |
| Ba-121:035 | Litlistekkur | ekki vitað |
| Ba-121:046 | Dynjandi (H) | ekki vitað |
| Ba-121:047 | Brandstóftir (H) | 19. öld |
| Ba-122:025 | Húsatún | f. 1840 |
| Ba-122:042 | Sæból | ekki vitað |
| Ba-122:055 | Grænibakki | 19. öld |
| Ba-127:011 | Traðir | 17.-18. öld |
| Ba-127:012 | Tóftavöllur | um 1650-1780 |
| Ba-127:013 | Hlíðarhvammur | 17. öld |
| Ba-127:014 | Hlíðarhvammshólar | um 1670-1710 |
| Ba-127:030 | Hurðarbak | ekki vitað |
| Ba-127b:002 | Kvarnargrund | 17. öld? |
| Ba-127b:003 | Grænihjalli | ekki vitað |
| Ba-127b:005 | Grænutóftir | |
| Ba-127c:012 | Vellir | 15. öld |
| Ba-130:008 | Skarðahólar | ekki vitað |
| Ba-131:008 | Klúka | 15.-16. öld |
| Ba-132:010 | Litli Krókur | 17. öld |
| Ba-132:011 | Kvíárhólar | 1660-18. öld |
| Ba-145:016 | Hnausar | um 1900 |
| Ba-146:007 | Kóngsengjar | um 1900 |
| Ba-147:012 | Hólar | um 1900 |
| Ba-147:013 | Kryppa | 1833-um1900 |
| Ba-147:028 | [tóftir] | ekki vitað |
| Ba-150:021 | Leifshús (H) | ekki vitað |
| Ba-150:023 | Efri Dalshús | 17. öld-1821 |
| Ba-150:043 | [ón. tóftir] | ekki vitað |
| Ba-150:049 | Ólafsvöllur | ekki vitað |
| Ba-150:066 | Dalssel* | 19. öld |
| Ba-151:001 | Neðri Dalshús | 17.-18. öld; e. 1800-um1860 |
| Ba-152:012 | Brandarstaðir | um 1895-1930 |
| Ba-152:015 | Karlstún/-staðir | ekki vitað |
| Ba-153:008 | Kot | 17. öld; s.hl. 19. aldar |
| Ba-153:009 | Konungsstaðir/Konálsstaðir | 16. öld eða fyrr |
| Ba-156:008 | Sel* | f. 1670 |
| Ba-178:013 | Innri Krókur | 17.-18. öld |
| Ba-178:014 | Klettur | 1690-1800 |
| Ba-178:015 | Fremrihús | 17.-18. öld |
| Ba-178:022 | Kálfatjörn | ekki vitað |
| Ba-178:024 | Kammerráðstóftir | f.hl. 19. aldar |
| Ba-178:030 | Kolhústóft | ekki vitað |
| Ba-178:040 | Tóft | ekki vitað |
| Ba-178:066 | Klúka | ekki vitað |
| Ba-178:068 | í Skarðfossárdal (H) | um 1670 |
| Ba-178:077 | [ón. tóftir] | ekki vitað |
| Ba-190:009 | Garðar | um 1900 |
| Ba-194:009 | Feitsdalshús/Hólatóftir | 17.-18. öld |
| Ba-195:088 | Ásbjarnartóft (H) | ekki vitað |
| Ba-200:007 | Grænibakki | ekki vitað |
| Ba-200b:001 | Auðihrísdalur | 16. öld; e. 1800-1831; um 1920 |
| Ba-201:012 | Fremrihús | 1687-18. öld |
| Ba-201:013 | Hjallhólar | 1698-18. öld |
| Ba-201:020 | Hólskot | ekki vitað |
| Ba-201:024 | Málfríðarstaðir | ekki vitað |
| Ba-203:008 | Otradalshús | 17. öld eða fyrr |
| Ba-203:009 | Vindheimar | 1684-1701 |
| Ba-203:010 | [ón. tóftir]* | f. 17. öld |
| Ba-203:023 | Tóftir | 18. öld? |
| Ba-204:061 | Gaddstóft (H) | um 1900 |
| Ba-209:018 | Auðartóftir/Gíslatóftir | ekki vitað |

Tafla 9. Kotbýli og eyðijarðir í Vesturbyggð þar sem rústir bæjarhúsa gætu verið sýnilegar. (H) merkir að kotið var húsmannsbýli. * merkir að tóftirnar voru einnig notaðar sem sel.

í eyði. 104 slíkir staðir eru á skráningarsvæðinu og á um helmingi þeirra eru vísbendingar um að rústirnar séu enn sýnilegar og í aðalatriðum óskemmdar. Frá sjónarmiði fornleifafræðinnar eru staðir af þessu tagi jafnvel enn mikilvægari en bæjarhólar á lögbýlum því oft er meira eftir af byggingum í kringum bæjarhólinn, þ.e. útihúsum og görðum. Slíkir staðir hafa einnig meira

kynningargildi því að á þeim er oft auðvelt að átta sig á legu og afstöðu bygginga meðan að bæjarhólar eru oftast ekki annað en ólögulegir hólar og flestir huldir sjónum af byggingum og uppfyllingum. Í Töflu 9 er skrá yfir staði af þessu tagi en ekki er gerð tilraun til að greina á milli þeirra staða sem sennilegt er að séu enn óskemmdir og hinna sem líklegt er að séu horfnir undir tún, vegi eða byggingar. Tiltækar heimildir eru ekki þess eðlis að hægt sé að átta sig á ástandi minjanna nema í örfáum tilvikum og verður því að bíða vettvangsathugana til að skera úr um þetta.

## *Útihús*

Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús helstu byggingar á hverri jörð. Eins og víðast á Íslandi voru útihús dreifð um túnin. Flest slík hús voru fyrir sauðfé, en einnig hafa verið hesthús á hverjum bæ og fjósin í Vestur-Barðastrandarsýslu virðast yfirleitt hafa staðið í túninu en ekki heima við bæ eins og í mörgum öðrum sveitum. Skemmur og smiðjur voru hinsvegar oftast hluti af bæjarhúsaröðinni eða þær stóðu mjög nálægt bæjarhúsunum þó einnig þekktist að smiðjur stæðu einstakar úti á túni. Að meðaltali voru tæplega 7 útihús á hverri jörð og ekki var óalgengt að á stærri jörðum væru þau á annan tug. Þetta er talsvert meiri fjöldi en t.d. í Borgarfirði og Eyjafirði þar sem algengast var að á hverjum bæ væru 3-5 útihús. Þessar tölur eru að stærstum hluta byggðar á túnakortum frá byrjun 20. aldar og er hugsanlegt að munurinn milli héraða felist í því að framfarir í landbúnaði, og þar með stærri og færri útihús, hafi verið minni á Vestfjörðum en í héruðum þar sem fiskveiðar voru minna stundaðar. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús en þeim hefur fækkað síðan meira en nokkurri annarri tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum en einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu oft verið byggð ofan á eldri útihúsrústum.

Langflest skepnuhús voru byggð fyrir sauðfé en einnig hafa verið hesthús og fjós á hverjum bæ. Aðeins eru heimildir um eina tóft, rétt fyrir utan túnið í Trostansfirði, þar sem geitur voru hýstar. Þó mun talsvert hafa verið búið með geitur á Vestfjörðum fram á þessa öld en þess verður að gæta að mjög sjaldan liggja fyrir upplýsingar um til hvers einstök útihús voru notuð.

Hlöður urðu ekki algengar á Vestfjörðum, frekar en öðrum landshlutum, fyrr en undir lok 19. aldar eða í byrjun þeirrar 20. og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við

skepnuhúsin þó ekki séu glöggar heimildir um þetta.

## *Tún, garðar og akrar*

Á fyrri hluta 19. aldar voru tún almennt ekki girt á Íslandi og virðist svo hafa verið um allnokkrar aldir. Á 19. öld var rekinn áróður fyrir túngarðahleðslu og um aldamótin síðustu voru komnir garðar í kringum tún mjög víða á Vestfjörðum. Vitað er að sr. Björn Halldórsson í Sauðlauksdal lét hlaða garð um túnið þar á seinni hluta 18. aldar og á nokkrum stöðum er getið um grjóthlaðna garða í kringum tún í Vesturbyggð á fyrri hluta 20. aldar. Oftast er ekki hægt að greina hvort garðar þessir eru fornir en líklegast verður að telja að flestir séu frá 19. öld. Þó er í skýrslum frá seinni hluta 19. aldar getið um fornlega garða í Otradal og Botni í Geirþjófsfirði og á fyrrnefnda staðnum hafði túnið greinilega verið stækkað mikið. Vel má vera að fornir garðar hafi verið miklu víðar en að þeir hafi horfið á þessari öld vegna túnræktar.

Auk eiginlegra túngarða sem gerðir voru til að hlífa túnum við ágangi kvikfjár voru sumstaðar í Vesturbyggð sérstakir garðar til að verja tún og hús fyrir skriðuföllum. Til slíkra varnargarða telst líka garðurinn Ranglátur sem sr. Björn Halldórsson lét byggja á seinni hluta 18. aldar til að verja Sauðlauksdal fyrir uppblæstri.

Á undanförnum árum hafa orðið hraðar framfarir á sviði fornleifavísinda og hafa menn m.a. þróað aðferðir sem byggja á efnagreiningum á jarðvegi og geta með því móti sagt til um ræktun túna og áburðarnotkun til forna. Til þess að hægt sé að beita slíkum aðferðum verða túnin að vera óskemmd af vinnuvélum og helst má gerfiáburður ekki hafa verið borinn á þau. Slík tún virðast hvergi vera til í Vesturbyggð nema í kringum gömul eyðibýli.

Á Barðaströnd, Rauðasandi og í Útvíkum eru túnhlutar á nokkrum bæjum kallaðir 'Hundrað' eða 'Hundruð'. Freistandi er að ætla að þetta nafn sé forn stærðar- eða verðeining á túnvelli og standi í samhengi við hundruð þau sem dýrleiki jarða var metinn í.

Sr. Björn Halldórsson í Sauðlauksdal ræktaði fyrstur kartöflur á Íslandi svo vitað sé og gerði merkar tilraunir með ræktun ýmisra nytjajurta. Lítið framhald varð á ræktunartilraunum í sýslunni eftir hans dag en kál- og kartöflur voru þó ræktaðar á nokkrum bæjum á Barðaströnd um 1840 (mest í Litluhlíð, en einnig á Brjánslæk, Efri-Rauðsdal, Haukabergi og Siglunesi) og um aldamótin var grænmetisrækt orðin umtalsverð við nær alla bæi í sýslunni.

Auk þess sem sr. Björn var frumkvöðull í grænmetisrækt gerði hann tilraunir með akuryrkju

og er Akurgerði frá hans tíð enn varðveitt og er það friðlýstar minjar. Vísbendingar um akuryrkju á fornöld er að finna á 12 stöðum og eru 4 af þeim aðeins örnefni með Akur- eða Akra-. Á nokkrum stöðum er lýst niðurhólfuðum girðingum í útjaðri eða utan við hin fornu tún og bera þau oftr en ekki nöfn sem enda á -tröð. Á Melanesi á Rauðasandi rannsakaði Kristján Eldjárn slíkar girðingar (að vísu nafnlausar) og taldi sennilegt að um forn akurgerði væri að ræða. Mikið vantar á rannsóknir á íslenskri akuryrkju á miðöldum en þó má ætla af hinum takmörkuðu vísbendingum sem til eru, að kornyrkja hafi staðið með nokkrum blóma í Vestur-Barðastrandarsýslu á miðöldum, einkum á Barðaströnd og Rauðasandi.

## *Kvíar og stekkir*

Fráfærur byrjuði að leggjast af í Vestur-Barðastrandarsýslu á fyrstu árum 20. aldar en mjög víða héldust þær fram undir 1940. Stekkir eru því víða enn sýnilegir og eru raunar sú tegund fornleifa sem mest er eftir af en vitað er um 127 stekki á skipulagssvæðinu og virðist stór hluti þeirra hafa varðveist. Stekkir virðast yfirleitt vera einfaldar girðingar með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda. Sumsstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir.

Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkirnir og oft beinlíns í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur aðeins ákveðinn staður þar sem ær voru mjaltaðar og sumsstaðar voru færikvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á þessa öld. Hugtakið 'stöðull' er oft notað um kvíar þar sem ær voru mjólkaðar en oftast er það þó notað um stað eða réttir þar sem kýr voru mjólkaðar á sumrum. 57 kvíar og stöðlar eru skráðir á skipulagssvæðinu en slíkir staðir hafa eflaust verið á hverjum bæ og er líklegast að ástæðan fyrir því að þeirra er ekki getið nema á um helmingi jarðanna sé að færikvíar voru miklu algengastar í seinni tíð og að þær hafi ekki staðið á sama stað í meira en nokkur ár.

Staðir þar sem kvíar voru hafðar eru mjög oft kallaðri 'ból' í Vestur-Barðastrandarsýslu en það hugtak er einnig haft um sérstaka haglendisbletti. Hugtakið 'kví' (í eintölu) getur í máli Barðstrendinga merkt bæði kvíar til að mjalta ær í og hverskyns tóftir aðrar, yfirleitt litlar og þröngar.

Aðrar minjar sem tengjast mjaltaám eru smalakofar. Aðeins 4 slíkir eru skráðir á skráningarsvæðinu og flestum tilfellum er um að ræða örnefnaskrásetjara sem geta kofa sem þeir höfðu sjálfir byggt í kringum síðustu aldamót. Líklegt er að smalakofar eða -skýli hafi verið á fleiri

stöðum og jafnvel margir á hverri því algengt hefur verið að nýir smalar byggðu sinn eigin kofa frá grunni. Smalakofar eru undantekningalítið við staði sem hátt ber og þaðan sem víðsýnt er.

## *Beitarhús og sel*

Aðeins 11 beitarhús eru skráð á skipulagsvæðinu, meirihlutinn á Barðaströnd, en sennilegt er að þau hafi verið fleiri og víðar. Beitarhús voru oftast niður við sjávarmál en víða var treyst algerlega á fjörubeit til að framfleyta sauðum og öðru fullorðnu fé um veturinn, t.d. í Útvíkum. Á nokkrum stöðum (6) er getið um fjárskýli, víðast kölluð hlöð, og voru þau einnig í langflestum tilvikum niðri við fjöru. Hlöð þau sem upplýsingar eru um eru oft sögð hafa verið notuð fyrst og fremst fyrir lömb og má ætla að fullorðnum sauðum hafi á mörgum jörðum ekki verið ætlað neitt skjól um veturinn.

Sel höfðu víða lagst af í Vestur-Barðastrandarsýslu fyrir 1700 en á nokkrum stöðum var þó haft í seli fram á 19. öld. Um 1840 var enn haft í seli frá Auðshaugi og var það þá eina selið í Barðastrandarhreppi. Í Keflavík og á Hvallátrum var haft í seli fram undir aldamótin 1900 en um 1840 hafði selið við Látrabjarg verið eina virka selstaðan í Rauðasandshreppi. Seljarústir eða vísbendingar um að sel hafi verið er að finna á 39 stöðum á 35 jörðum eða aðeins um þriðjungi jarða í Vesturbyggð. Sel hafa fyrst og fremst verið á landmeiri jörðum og á sumum þeirra voru fleiri en eitt. Í Breiðuvík er vitað um seljarústir á tveimur stöðum en í landi Haukabergs var selstaða frá Miðhlíð auk heimabæjarins og í landi Klúku í Fífustaðadal var sel frá Kirkjubóli en sennilega ekkert frá heimabænum. Ekki er ástæða til að ætla að nokkurntíma hafi verið selstöður á jörðum eins og Arnórsstöðum, Rauðsdölunum báðum, Múla, Skjaldvararfossi eða Litluhlíð og þau hafa heldur ekki verið mörg í Ketildölum en þar er aðeins vitað um sel frá Kirkjubóli eins og þegar hefur verið greint frá, Feigsdal, Hringsdal og Neðri Hvestu. Ekki er vitað um sérstök sel sem notuð voru frá Brjánslæk, Saurbæ eða Selárdal en sennilegt er að í þeim tilfellum hafi heilsársbýli seinna byggst upp á seltóftunum. Sels frá Brjánslæk er án vafa að leita meðal eyðikota í Vatnsdal og frá Saurbæ t.d. í Bjarngötudal eða landi Skóga. Í landi Selárdals er víða getið um tóftir sem gætu verið selstöður en þar var einnig mikið hjáleiguger frá því á 17. öld og hugsanlega fyrr og má líklegt telja að einhver þeirra hafi byggst á selstöðu staðarins. Vitað er að byggð var um skeið í Dalsseli frá Sauðlauksdal og einnig hefur verið búið í seljum frá Raknadal og Otradal.

Vitað er um seljarústir á 22 stöðum á skráningarsvæðinu og eru það ásamt eyðibýlum og verstöðvum þeir minjastaðir þar sem mest er að sjá af mannvirkjaleifum og sem einna best gætu hentað til kynningar. Mörg rannsóknarverkefni eru einnig enn óleyst varðandi seljabúskap. Ekki hefur enn verið ráðið fram úr hvernig greina megi muninn á selbyggingum og byggingum þar sem búið var allt árið og er það eitt af mikilvægari verkefnum íslenskrar fornleifafræði. Sömuleiðis er lítið sem ekkert vitað um mismunandi tegundir af seljabúskap en ýmislegt bendir til að seljum í Vestur-Barðastrandarsýslu hafi í mörgum tilfellum verið valinn staður með það fyrir augum að nýta slægjuland og hafa þau því gengt margbreytilegra hlutverki en víða annarsstaðar þar sem sel voru fyrst og fremst höfð til að nýta beitiland fyrir mjaltaær.

Fyrir utan landamerkjagarða, sem voru allvíða á skráningarsvæðinu og hafa verið í notkun og viðhaldi jafnt á 15. öld sem þeirri 19., voru vörslugarðar af ýmsum gerðum á mörgum stöðum. Girtir nátthagar eru á nokkrum stöðum, en oftar hafa vörslugarðar verið gerðir til að halda skepnum við beit á ákveðnu svæði, inni í dal eða úti á tanga. Slíkra garða er getið í skjölum frá miðöldum og í lok 19. aldar voru menn enn að halda slíkum görðum við og hlaða nýja. Garðar til að verja engi fyrir ágangi búfjár þekkjast einnig. Garðhleðsla hefur því staðið með nokkrum blóma í Vestur-Barðastrandarsýlu allt fram til þess að gaddavírinn hélt innreið sína en það er eitt af sérkennum héraðsins því mjög lítið er af görðum af þessu tagi í héruðum eins og Borgarfirði eða Eyjafirði.

## *Engjar og áveitur*

Fram á þessa öld var stór hluti heyafla hverrar jarðar fenginn á engjum. Af örnefnaskrám sést að menn hafa oft leitað mjög langt eftir örlitlum heytuggureitingi og móar verið slegnir þar sem nú sprettur lítið sem ekkert gras. Bestu engjarnar voru flæðiengjar þar sem sjór eða ferskvatn flæddu yfir öðru hvoru. Slíkar engjar eru á nokkrum stöðum á skráningarsvæðinu, sérílagi uppfrá Bæjarvaðli og voru þar gerð allveruleg áveitumannvirki, stíflur og flóðgáttir á fyrri hluta 20. aldar. Þar sem flæðiengjar voru ekki frá náttúrunnar hendi var víða veitt vatni á móa og mýrar. Algegnt er að bæjarlækjum hafi verið veitt á svæði utanvið tún og gætu á nokkrum stöðum enn sést merki um stíflur og veituskurði sem byggðir voru í þessum tilgangi.

Flestir veitugarðar eru byggðir í votlendi og sökkva því fljótt og hverfa ef þeim er ekki haldið við. Einstakir áveituskurðir eða stíflugarðar teljast kannski ekki merkileg mannvirki, en

þau eru samt minjar um tegund af jarðrækt sem fæstir af yngri kynslóðinni hafa hugmynd um eða bera skynbragð á, og er því nauðsynlegt að koma í veg fyrir að öll veitumannvirki hverfi.

### *Myllur*

Á fyrri öldum var allt korn malað í höndum en á 19. öld var farið að byggja vatnsmyllur til að sjá um þetta erfiða verk. Aðeins 5 myllur eru skráðar á skipulagssvæðinu og fyrir utan eina vindmyllu í Selárdal voru þær allar í Kollsvík, Hænuvík og Örlygshöfn. Í Barðastrandarsýslum eru myllur kallaðar kvarnir eða kvarnhús. Myllur eru eitt fyrsta merkið um innreið nýrra tíma í íslenskum sveitum og er af þeim sökum mikilsvert að reynt verða að varðveita nokkrar slíkar fyrir komandi kynslóðir.

### *Minjar um eldsneytisöflun og járnvinnslu*

Eldsneytisöflun var ekki allsstaðar auðveld í Vestur-Barðastrandarsýslu og hafa menn löngum þurft að elda taði til að vega upp á móti skorti á mó og timbri. Um 1840 var mór aðeins tekinn á einni jörð í Barðastrandarhreppi, Litluhlíð, en á 20. öld voru mógrafir mun víðar, þó hvergi austan við Vaðalsþorp og hafa menn þar einkum getað sótt eldivið í birkiskógana í Vatnsdal og á Hjarðarnesi eða þurft að elda taði. Trjáreki mun hafa verið sjaldgæfur innan við Siglunes en mjög góður á Rauðasandi og ágætur um Útvíkur en inni í Patreksfjörð og Arnarfjörð rak hinsvegar lítið. Góðan mó er víða að finna í Rauðasandshreppi og var jafnvel tekinn surtarbrandur til eldsneytis í Sauðlauksdal. Mógrafir er einnig að finna í Ketildölum og Suðurfjörðum og var á mörgum stöðum ekki hætt að taka mó fyrr en um miðja 20. öld. Mógrafir sáust enn víða þegar örnefnaskrár voru teknar saman um og eftir miðja öldina en líklegt er að þær séu nú óðum að hverfa. Mógrafir geta ekki talist mjög athyglisverðar fornleifar í sjálfum sér en mikilvægt er að halda til haga upplýsingum um hvar mór var tekinn. Móhús, litlir kofar til að geyma móinn í, voru algengir í Rauðasandshreppi og stóðu þá hjá mógröfunum. Þeir voru fylltir af mó á sumrin en síðan var honum ekið heim að bæ á ís um vetur.

Allmiklir birkiskógar eru í Vestur-Barðastrandarsýslu sem nýttir voru til kolagerðar og jafnvel raftiviðar þar sem þeir voru mestir. Skógur var mestur í Kjálkafirði, um Hjarðarnesi og í Vatnsdal. Síðan í Mórudal upp af Hagavaðli, lítilsháttar uppfrá Haukabergsvaðli og

umtalsverður austan við Bæjarvaðal á Rauðasandi. Skógur var einnig í botni Patreksfjarðar, í landi Botns og Skápadals og í Suðurfjörðum innan við Dufansdal, mestur í Geirþjófsfirði. Fyrir utan þessa skóga voru skógarleifar hér og þar í dalbotnum og fjallshlíðum, t.d. í Ketildölum. Hvergi eru beinar heimildir um kolagrafir en þær eru meðal þeirra fornleifa sem ekki er getið reglulega í örnefnaskrám. Heimildir eru hinsvegar um kolagerð í skógum þessum og víða benda örnefni eins og Kolalág eða Kolahjalli á þá staði þar sem gert var til kola.

Auk minja um kolagerð eru á nokkrum stöðum minjar um járngerð, rauðablástur. Smiðja, sem kennd er við Gest Oddleifsson, í Vatnsdal er frægur staður enda hefur þar verið grafið, fyrst á 18. öld af Eggerti Ólafssyni og Bjarna Pálssyni, og síðan á þeirri 19. af Sigurði Vigfússyni og komu í bæði skiptin í ljós skýr merki um járngerð og járnvinnslu. Jafnótvíræðar minjar er ekki vitað um annarsstaðar í sýslunni en Smiðjuhvammur er í Dufansdal, annar í Hrafnskógarhlíð í landi Foss og þriðji á merkjum milli Sperðlahlíðar og Langabotns og er á þessum stöðum öllum getið um óljósar tóftir. Smiðjur til venjulegra járnsmíða hafa tæplega verið reistar svo fjarri bæjum og er sennilegast að þessir staðir séu leifar eftir rauðablástur.

## *Verminjar*

Fiskveiðar voru ein mikilvægasta bústoð í Vestur-Barðastrandarsýslu um aldir og eru miklar minjar tengdar útgerð á skráningarsvæðinu. Útgerð var í aðalatriðum með tvennum hætti. Annarsvegar var heimræði en það voru fiskveiðar stundaðar heiman frá hverjum bæ, venjulega aðeins einn bátur frá hverjum og var gripið til þess þegar hægt var að komast frá landbúnaðarstörfum. Yfirleitt var sérstök lending (og stundum fleiri en ein) við hvern bæ, en einnig þekktist að bændur sem ekki áttu land að sjó eða áttu ekki trygga lendingu í eigin landi hefðu lendingu og uppsátur hjá nágrönnum sínum. 77 lendingar hafa verið skráðar og eru flestar þeirra við heimver en aðeins 13 uppsátur eru skráð og 40 naust. Sennilegt er að lendingar hafi verið miklu fleiri og uppsátur með eða án nausta hljóta einnig að hafa verið nær hundraði en hálfu. Aðeins tvær sjóbúðir eru skráðar á svæðinu, en það eru kofar sem notaðir voru til að geyma vergögn og beitu. Vera má að það stafi af því að víðast er stutt frá bæjum ofaní fjöru og að einfaldara hafi verið að sinna slíku heima við bæ en að byggja sérstök hús við lendinguna.

Hin aðaltegund útgerðar var viðlega í útveri. Þá söfnuðust menn saman í verstöðvum, oft fjarri bæjum en nálægt fiskimiðum og stunduðu fiskveiðar eingöngu frá miðjum vetri og fram í

maí. Margar af verstöðvunum í Vesturbyggð voru hrein útver, þ.e.a.s. staðir þar sem eingöngu var verið um vetrarvertíð. Meðal þeirra voru Básar, Látranes, Breiðuvíkurver, Láturdalur og Verdalir og voru þar, sérstaklega á fyrst töldu stöðunum tveimur, menn oft mjög langt að komnir, úr öðrum sýslum jafnvel. Algengara var þó að verstöðvarnar væru blandaðar, verbúðir fyrir aðkomumenn og jafnframt útræði fyrir heimamenn. Þannig hefur verið í verstöðvunum á Barðaströnd, frá Auðshaugi og Hrísnesi, sem báðar voru aflagðar fyrir 1700, og á Siglunesi, Keflavík, Kollsvík og Hænuvík. Á Rauðasandi var erfitt með lendingar og réru Rauðasandsbændur annaðhvort frá Skor eða Naustabrekku, en einnig eru vísbendingar um forna verstöð á Bjarnanesi (Ba-126:010). 81 verbúð er á skrá en sú tala segir í raun ekki mikið því að tala verbúða er ekki þekkt nema í örfáum verstöðvum og því aðeins ein verbúð skráð á sumum þeirra. Tiltækar heimildir greina yfirleitt ekki nákvæmlega frá öðrum mannvirkjum í verstöðvunum og eru þannig aðeins 10 herslugarðar á skrá og 23 hjallar en vafalaust að þeir hafa verið miklu fleiri og einnig fiskbyrgi og fiskreitir.

Verstöðvarnar í Útvíkum voru kannaðar allnákvæmlega 1989 og er ljóst að þær eru vel varðveittar og henta vel til kynningar ferðamönnum og skólabörnum. Sama máli gegnir vafalítið um verminjar í Sigluvík, Keflavík, Láturdal og Verdölum.

### *Minjar um veiðar*

Selveiði, fuglveiði og eggjatínsla voru mikilvægt búsílag, einkum þeim sem áttu þess kost að veiða fugl og tína egg í Látrabjargi. Slíkar veiðar skildu hinsvegar ekki eftir neinar minjar svo vitað sé. Í bjargferð var yfirleitt legið í tjöldum og því ekki um verulegar leifar að ræða tengdar því starfi. Sama gildir um silungsveiði, en hún var lítilsháttar í Vatnsdalsvatni og Sauðlauksdalsvatni. Skotbyrgi eru á nokkrum stöðum, flest um norðanverðar Útvíkur og utanverðan Patreksfjörð, og í Suðurfjörðum. Þau eru í Barðastrandarsýslu gjarnan kölluð tófuhús. 9 refagildrur eru skráðar á sömu svæðum en auk þeirra tvær á Barðaströnd.

### *Samgönguminjar*

Vestur-Barðastrandarsýsla er útkjálki hvað varðar samgöngur. Engin þjóðleið milli héraða liggur um sýsluna fyrir utan leið úr botni Kerlingarfjarðar um Þingmannaheiði í Vatnsfjörð og þaðan um

Lækjarheiði í Trostansfjörð eða um Penningasdal og Hornatær í Geirþjófsfjörð og þaðan áfram um Dynjandisheiði til Hrafnseyrar og Dýrafjarðar. Óljósar vísbendingar og getgátur eru um leiðir af Þingmannaheiði þvert yfir Vatnsdal ofan við vatnið og þannig ofan í Geirþjófsfjörð eða jafnvel með vesturrönd Glámu í Hestfjarðarbotn eða niður í Borgarfjörð eða Dýrafjarðarbotn. Frá Brjánslæk lá þjóðleiðin annaðhvort með ströndinni eða ofanfyrir Hamarshyrnu um Vaðalsdal í Vaðalsþorp þar sem leiðirnar mættust. Þaðan lá leiðin á svipuðum slóðum og þjóðvegurinn nú framhjá Haga og meðfram ströndinni í Haukabergsvaðal og þaðan upp á Sandsheiði ef farið var á Rauðasand en um Mikladal ef leiðin lá í Patreksfjörð. Af Sandsheiði lá leiðin eftir Rauðasandi, yfir Kerlingaháls í Keflavík og þaðan yfir Látraheiði til Hvallátra. Það voru því engir stórir krókar á leiðinni úr Kerlingarfirði og út á Látrabjarg en yfir fjóra fjallvegi var að fara, bæði langa og ógreiðfæra, einkum á vetrum. Af þessari leið lágu nokkrir fjallvegir yfir í Suðurfirði, Tálknafjörð og Patreksfjörð. Þegar hefur verið getið um leiðir út Vatnsfirði yfir í Suðurfirði en frá Vaðalsþorpi lá einnig leið um Morudal í Fossfjörð en þangað mátti einnig fara um Fossheiði frá Haga. Frá Saurbæ á Ruðasandi lá leið á sama stað og þjóvegurinn yfir í Patreksfjörð er nú, yfir að Hvalskeri en einnig var hægt að fara niður í Sauðlauksdal. Þaðan lá önnur leið framhjá Arnarvörðum til Keflavíkur. Einnig mátti komast frá Naustabrekku á Rauðasandi beint yfir fjallið niður í Örlygshöfn. Frá Keflavík lágu fjallvegir um Stæður og Brúðgumaskarð til Breiðuvíkur og niður Mikladal í Örlygshöfn. Þaðan var enn leið um Hafnarfjall til Breiðuvíkur og önnur um Tunguheiði til Kollsvíkur. Frá Brúðgumaskarði lá einnig leið til Kollsvíkur. Úr Patreksfirði var farið upp með Botnsá yfir hálsinn til Tálknafjarðar, um Mikladal þar sem vegurinn er nú og yfir Lambeyrarháls til Lambeyrar. Frá Norðurbotni lá þjóðleið til Bíldudals um Tunguheiði eins og í dag en einnig var farið um Fagradal yfir í Fífustaðadal og úr Krossadal yfir Selárdalsheiði í Selárdal.

Þessir fjallvegir voru margir varðaðir að einhverju leyti en óvíða hafa þó verið samfelldar raðir af vörðum. Í sóknalýsingu Selárdalssóknar er getið um rudda og varðaða fjallvegi milli Ketildala og Tálknafjarðar og er sennilegt að slíkar samgöngubætur hafi verið víðar. Verulegar vegabætur voru þó ekki gerðar fyrr en á 19. öld er skipulegar póstferðir hófust og voru póstleiðir þá varðaðar, t.a.m. Þingmannaheiði.

Auk fjallveganna eru víða til heimildir um leiðir milli bæja á láglendi og eru alls 198 leiðir skráðar í Vesturbyggð. Oft er getið um einstakar vörður í sambandi við slíkar leiðir og á örfáum stöðum hafa verið hlaðnar brýr yfir mýrarsund.

*Minjar um samkomur og þinghald*

Enginn vorþingstaður var í Vestur-Barðastrandarsýslu á miðöldum svo vitað sé og hafa bændur þaðan sótt þing annaðhvort til Dýrafjarðar eða á Þorskafjarðarþing. Í Hrafns sögu Sveinbjarnarsonar er á einum stað getið um sáttafund sem haldinn var á Haukabergi en hann sóttu menn af Rauðasandi, úr Arnarfirði og af Barðaströnd auk lengra aðkominna og má vera að þar hafi verið eðlilegur mótsstaður fyrir bændur sem bjuggu sunnan við Arnarfjörð.

Þingstaður Barðastrandarhrepps var á Vaðli og er þinghalds þar fyrst getið 1520. Í túninu á Efra Vaðli er Þinghóll (Ba-104:002). Manntalsþing voru að vísu haldin í Haga milli 1746 og 1820 og aftur milli 1834 og 1852 og þingstaðurinn alfarið fluttur þangað 1916.

Þingstaður Rauðasandshrepps var í Tungu í Örlygshöfn og er þinghalds þar getið fyrst 1532. Að vísu var þingað í Sauðlauksdal milli 1788 og 1812 en síðan hefur þingstaðurinn verið í Tungu. Í Landi Geitagils, niðri við vaðalinn nálægt merkjum við Tungu eru Gálgasteinar í mýri (Ba-146:009). Í Sauðlauksdal eru líka Gálgasteinar (Ba-150:027) sem gætu bent til að þar hafi verið framkvæmdar aftökur.

Þingstaður Ketildala- og Suðurfjarðahreppa var lengstum í Neðri Hvestu og er þinghalds þar fyrst getið 1463. Þar eru einnig Gálgasteinar (Ba-198:016) niðri við sjó. Vorþingstaður hreppanna var þó á Fífustöðum er komið var fram á 18. öld, fyrst getið 1746 og þar var aðalþingstaður þeirra á árunum 1776-1835, en þingað var í Bíldudal 1802-1811. Eftir 1835 voru Fífustaðir aðeins þingstaður Ketildalhrepps, en 1833 varð Otradalur þingstaður Suðurfjarðahrepps og Bíldudalur frá 1895.

Auk þeirra þingstaða sem þekktir eru úr ritheimildum eru vísbendingar um aftökur á nokkrum stöðum. Þannig eru Gálgasteinar á Fossá, Krossi í Vaðalsþorpi, á tveim stöðum í landareign Saurbæjar, á Lambavatni, Láganúpi og Botni í Patreksfirði. Einnig eru þjósögur um aftökur í Efra Rauðsdal, á Siglunesi og Fossi.

Fram á 13. öld a.m.k. var Hagavaðall ein helsta hafskipahöfn Vesturlands og er sennilegt að þar hafi átt sér stað verslun þó ekki sé þess getið í heimildum. Síðan á 16. öld hefur verið verslað á Bíldudalseyri og á Vatneyri við Patreksfjörð en ekki eru þekktar minjar um þessa verslun eldri en frá 19. öld.

Fyrir utan þinghald, verslunarferðir og kirkjusókn var lítið um samkomur í íslenska bændasamfélaginu. Helsta undantekningin voru verstöðvarnar þar sem mikill mannfjöldi var oft

samankominn nokkrar vikur á ári hverju. Þar höfðu menn tækifæri til að bregða á leik og eru minjar um aflraunaleiki á Brunnum, Látranesi og utan við Selárdal hjá Kálfatjörn. Á þessum stöðum eru aflraunasteinar sem menn reyndu með sér að lyfta. Í Kollsvíkurveri er örnefnið Leikvöllur (Ba-142:039) og fylgir sú sögn að þar hafi vermenn haft leiki sína, sennilega glímu.

Hér má einnig geta um meintar hofminjar. Ótvíræðar minjar um hof eða heiðið helgihald hafa ekki fundist á Norðurlöndum eða Íslandi og eru almennt talinn leika vafi á um hvort sérstakar byggingar hafi verið reistar undir slíkt helgihald. Sigurður Vigfússon rannsakaði meinta Hoftóft í Hvammi á Barðaströnd 1880 en hún er nú ekki þekkt lengur þó hún njóti friðlýsingar. Í Hænuvík er örnefnið Blótkelda og við hana tóft sem sagt var að hefði verið hof og fylgdi sú sögn að undirgöng væru úr henni heim að bænum. Á Geirseyri eru einnig munnmæli um hof en langmest af meintum hofminjum og Hof- örnefnum er þó í Ketildölum. Í Krossavík, í landi Neðrabæjar, á Fífa á Fífustöðum að hafa haft hof og var þar til skamms tíma bent á tóft sem nú mun vera orðin óglögg. Annað hof á hún að hafa haft á Hofholti í landi Fífustaða en Hofhúsholt og Hofholt með tóftum uppá eru einnig í landi Klúku, Granda og Hóls og er síðastnefnda tóftin friðlýst. Í túninu á Dufansdal var svokölluð Goðatóft en í Reykjafirði Goðahofstóft sem hefur verið sléttuð þrátt fyrir álög sem á henni hvíldu. Í landi Fossár er stakur klettur kallaður Hörgur en önnur Hörg- örnefni er ekki að finna á skráningarsvæðinu.

## *Kuml og kirkjugarðar*

Miðað við Suðurland og Norðurland hefur mjög lítið fundist af kumlum á Vesturlandi og Vestfjörðum. Vestur-Barðastrandarsýsla sker sig nokkuð úr á því svæði þar sem allnokkur kuml hafa komið í ljós þar. Ótvíræðar leifar eftir heiðin kuml hafa fundist á Brjánslæk, í Breiðuvík og Vatnsdal en auk þessara staða hafa komið upp mannabein, sem tæplega eru úr kirkjugörðum, á Siglunesi, Hvallátrum og í Hringsdal og verða það að teljast mjög líkleg kumlstæði sem mikilvægt væri að rannsaka. Fyrir utan þessar vísbendingar þá skortir ekki sagnir um fornmannahauga og dysjar á skráningarsvæðinu. Í Töflu 10 er skrá um slíka staði en að órannsökuðu máli verður lítið sagt um það hvort sumir þeirra kunni að vera kuml úr heiðni en ekki er það ómögulegt. Sumir af þessum stöðum eru örugglega náttúrumyndanir - það er t.d. augljóst með meinta hauga uppi á fjöllum við Bíldudal og Otradal - en á öðrum gætu í sögnunum hafa geymst þekking um mannabeinafundi eða gripa. Athyglisvert er að í utanverðum Rauðsandshreppi eru haugar og

mannabeinafundir iðulega settir í samband við Spánverjavíg eða útlenda sjómenn, franska eða þýska sem hér eiga að hafa orðið til á seinni öldum, en víðast

| | | | |
|---|---|---|---|
| Auðshaugur | Ba-090:021 | Paurildarhaugur | haugur Paurhildar |
| Auðshaugur | Ba-090:025-27 | Auðshaugur/Gullkista | haugur og fjársjóður Auðs |
| Brjánslækur | Ba-094:025 | | kuml |
| Brjánslækur | Ba-094:026 | | barnskuml |
| Rauðsdalur efri | Ba-100:010 | Rauðshóll | haugur Rauðs |
| Hagi | Ba-108:034 | Gellishóll | 2 "fornmannahaugar" |
| Hagi | Ba-108:038 | Vörðubrot | dys (þjóðsaga) |
| Hrísnes | Ba-113:021 | Dys | hólar - leiði |
| Haukaberg | Ba-117:013 | Austmannahólar | dysjar Austmanna |
| Haukaberg | Ba-117:014 | Hauksleiði | haugur Hauks |
| Hreggstaðir | Ba-121:041 | Hreggsleiði | þúfa - leiði Hreggs |
| Siglunes | Ba-122:029 | við Krossnes | mannabein |
| Siglunes | Ba-122:068 | | blásin mannabein |
| Keflavík | Ba-137:027 | Franskir | dysjar franskrar áhafnar |
| Keflavík | Ba-137:030 | Kapteinseyri | leiði fransks kapteins |
| Hvallátur | Ba-138:031 | Kúlureitur | dys Tyrkja/Spánverja - mannabein |
| Hvallátur | Ba-138:038 | Kárni | dys Tyrkja/Spánverja - mannabein |
| Breiðavík | Ba-139:092 | | kuml |
| Kollsvík | Ba-142:017 | Kollsleiði | hóll - leiði Kolls |
| Vatnsdalur | Ba-148:046 | | bátskuml |
| Sauðlauksdalur | Ba-150:034 | Imbuleiði | leiði sakakonu |
| Sauðlauksdalur | Ba-150:040 | Líksteinn | leiði franskra sjómanna |
| Sauðlauksdalur | Ba-150:089 | | "fornamannahaugur" |
| Geirseyri | Ba-157:012 | Helgaleiði | leiði Helga |
| Geirseyri | Ba-157:013 | Þrælsleiði | leiði þræls |
| Geirseyri | Ba-157:014 | Geirsleiði | leiði Geirs - álagablettur |
| Geirseyri | Ba-157:017 | | steinn - leiði Guðrúnar Valdadóttur |
| Geirseyri | Ba-157:021 | Frönskuleiði | örnefni |
| Geirseyri | Ba-157:023 | Þýzkuleiði | örnefni |
| Selárdalur | Ba-178:041 | Barkarleiði | leiði Barkar, vinnumanns Árum-Kára |
| Austamannsdalur | Ba-191:010 | Austmannahaugur | hóll - haugur Austmanns |
| Feigsdalur | Ba-194:017 | Feigsleiði/Fornadys | hleðsla - leiði Feigs |
| Hringsdalur | Ba-197:023 | Hringshaugur | kuml (mannabein og sverð) |
| Hringsdalur | Ba-197:028 | Austmannshaugur | dys - mannabein |
| Auðihrísdalur | Ba-200b:009 | | dysjar óvina Gísla Súrssonar |
| Hóll í Bíldudal | Ba-201:031 | Auðarleiði | dys - leiði Auðar, konu Bílds |
| Hóll | Ba-201:034-35 | á Haganeshyrnu | dysjar Otra og Bílds |
| Otradalur | Ba-203:021 | Otraleiði | hóll - haugur Otra |
| Dufansdalur | Ba-204:044 | Dufi | hóll - haugur Dufans |
| Dufansdalur | Ba-204:047 | Dysin | upphlaðið leiði í túni |
| Dufansdalur | Ba-204:062 | Helga | haugur konu Dufans |
| Dufansdalur | Ba-204:063 | Kerlingarhóll | haugur fóstru Dufans |
| Steinanes | Ba-211:023 | Átjánmannareitur | leiði manna sem dóu í Svartadauða |

Tafla 10. Skrá um staði, þar sem vísbendingar eru eða sagnir um að menn hafi verið grafnir utan kirkjugarða.

annarsstaðar eru slíkir staðir tengdir við landnámsmenn eða þjóðsagnapersónur frá söguöld.

Greftrað hefur verið í kirkjugörðum og bæði þar sem voru sóknarkirkjur og útikirkjur og jafnvel einnig þar sem voru bænhús en kirkjur og bænhús voru á miðöldum miklu víðar en seinna

varð. Ekki eru til heildstæðar upplýsingar um hvar útkirkjur og bænhús voru á miðöldum.

Í Brjánslækjarþingum er vitað um bænhús á Auðshaugi og Vaðli. Í Hagaþingum er vitað um hálfkirkju í Miðhlíð og bænhús á Skjaldvararfossi, en það stóð neðan við túnið við þjóðleiðina og mun hafa verið krosshús, þ.e. bænhús ætlað ferðalöngum. Sennilegt verður einnig að teljast að bænhús hafi verið á Haukabergi og Hreggstöðum eða Siglunesi.

Í Saurbæjarþingum var útkirkja í Kollsvík á miðöldum en einnig voru bænhús á Stökkum, Hvallátrum, Breiðuvík, Hænuvík, Sauðlauksdal, Botni og Geirseyri. Þá er getið um bænhús á Hvalskeri en sennilegt er að það hafi verið við Sandoddann þar sem fjöldi manns safnaðist á hverju ári til að tína beituskel. Nýtt bænhús var stofnað á Melanesi 1514 en mun ekki hafa staðið lengi. Um svipað leyti var bænhúsið í Sauðlauksdal gert að sóknarkirkju fyrir Patreksfjörð og á 18. öld var bænhúsið í Breiðuvík gert að sóknarkirkju fyrir Útvíkur. Þó að bænhúsin hafi verið mörg í Saurbæjarþingum þá er sennilegt að a.m.k. eitt í við bót hafi verið, nefnilega í Örlygshöfn, annaðhvort í Tungu eða á Hnjóti.

Í Selárdalsþingum voru bænhús í hverjum dal. Bænhús voru á Kirkjubóli í Fífustaðadal, Feigsdal og Hóli og á Neðri-Hvestu. Í Otradalsþingum var sett hálfkirkja á Hóli í Bíldudal á 14. öld og hélst hún framundir lok 17. aldar. Einnig voru bænhús í Dufnasdal, Reykjafirði, Trostansfirði og á Krosseyri.

Litlar minjar munu nú vera eftir hin aflögðu bænhús og smákirkjur. Þó hafa verið til skamms tíma a.m.k. tóftir á Auðshaugi, Skjaldvararfossi og í Breiðuvík en í Feigsdal og Neðri-Hvesta vísa örnefnin Bænhúsflöt og Bænhúshóll á hvar bænhúsin hafa staðið. Í Breiðuvík var bænhústóft á öðrum stað en kirkjan var og virðist bænhúsið hafa verið allfjarri bænum. Svipuðu máli gegnir í Ortradal en mannabein höfðu á 19. öld komið í ljós neðst í túninu og fylgdu sagnir um að þar hefði kirkjan staðið áður. Í Otradal virðist kirkjan því upphaflega staðið í túnfæti eða jafnvel utantúns og vera má að slík skipan hafi verið algengari á öldum áður og að leifa eftir bænhús og smákirkjur sem lögðust af í kjölfar siðaskiptanna sé ekki að leita heima í hlaði heldur utanvið tún, nær þjóðbraut.

## 4. *Verndun og kynning menningarminja á skipulagssvæðinu*

Eins og þegar hefur verið minnst á þá eru líkur á að meirihluti fornleifa á skipulagssvæðinu hafi verið eyðilagður á þessari öld og sést nú aðeins lítið brot þeirra rústa sem áður voru til. Skilvirk minjavernd verður að byggja á vettvangsathugunum en benda má á nokkur atriði sem vert er að hafa í huga við áætlanagerð og skipulag byggðar.

- Langmest af fornleifum er að finna á gömlum bæjarstæðum sem oftar en ekki er enn búið á. Mikilvægt er að reynt verði að takmarka framkvæmdir á slíkum stöðum og fylgjast vel með því raski sem nauðsynlegt er.
- Dregið hefur úr framkvæmdum í landbúnaði á síðastliðnum áratug og stafar því þeim tóftum sem enn eru sýnilegar ekki jafnmikil hætta og áður af nýbyggingum, framræslu og túnasléttun. Stórt hlutfall slíkra tófta eru stekkir, beitarhús, eyðikot og sel og hafa margar þeirra kynningargildi. Brýnt er að komið verði í veg fyrir frekari eyðileggingu slíkra minja. Auk vegagerðar og línulagna stafar fornleifum nú helst hætta af skógrækt og aukinni sumarbústaðabyggð auk þess sem nýbyggingar og framkvæmdir á þéttbýlisstöðunum í Patreksfirði og Bíldudal ógna fornleifum.
- Skógur eyðileggur ekki fornleifar á sama hátt og skurðgröfur. Rætur trjáa sprengja hinsvegar vegghleðslur og afmynda rústir þannig að það verður erfitt bæði að átta sig á þeim á yfirborði og kanna þær með uppgreftri. Það er þó ekkert sem segir að hagsmunir skógræktar og minjavörslu geti ekki farið saman. Fornleifar þekja aðeins brotabrot af heildarflatarmáli mögulegs skógræktarlands og ætti að vera auðvelt að sneyða hjá þeim. Slíkt krefst aðeins að fornleifastaðirnir séu þekktir og að skógurinn sé hirtur þannig að hann sái sér ekki sjálfur í tóftir á auðum svæðum.
- Bygging sumarbústaða getur valdið miklu alvarlegri spjöllum á fornleifum ef ekki er farið að með gát. Þar gildir hinsvegar það sama og með skógrækt. Ef fornleifastaðirnir eru þekktir á að vera auðvelt að sneyða hjá þeim. Augljóst er að með lágmarkskynningu og viðhaldi geta fornleifastaðir aukið útivistargildi sumarbústaðalanda og því réttara að líta svo á að fornleifar auki verðmæti þeirra frekar en að þær séu fyrir framkvæmdum.
- Ekki verður tekið tillit til fornleifa á skógræktarsvæðum, sumarbústaðalöndum eða þar sem aðrar framkvæmdir eiga sér stað nema fornleifastaðirnir hafi verið rannsakaðir á vettvangi og staðsetning þeirra færð inn á kort. Það er brýnt að gerðar séu vettvangsathuganir á fornleifum í Borgarfirði en sérstaklega er mikilvægt að slíkar athuganir fari fram áður en land er lagt undir skóg eða

sumarbústaði. Það sama gildir um land sem þegar hefur verið úthlutað til þessara þarfa.

Margir athyglisverðir minjastaðir eru á skráningarsvæðinu og ljóst að miklu fleiri munu koma í dagsljósið við vettvangsathugun. Eins og stendur er stendur eru Flókatóftir eini staðurinn sem er sæmilega auðkendur og aðgengilegur almenningi. Marga sambærilega staði mætti finna með vettvangskönnun og má benda á nokkur svæði þar sem líkur eru á að mikið sé eftir af sýnilegum rústum sem hægt væri að kynna íslenskum almenningi, skólabörnum jafnt sem erlendum ferðamönnum.

- Í Vatnsdal hafa verið nokkur smákot og þar er smiðja eftir rauðablástur. Rannsókn á rauðasmiðjunni er mikilvægt verkefni frá vísindalegu sjónarmiði en með kortlagningu og lágmarksathugun mætti fá nægar upplýsingar um búskap í dalnum til að kynna staðina ferðalöngum og auka þannig gildi dalsins sem útivistarsvæðis.

- Í landi Hreggstaða er eyðibýlið Skyrleysa friðlýst og eru þar miklar sýnilegar rústir en jafnframt er mikið af tóftum í landi Hreggstaða og Sigluness allt út að Sigluneshlíðum. Þar með taldar eru verminjar í Siglunesi. Út við Fossá í Sigluneshlíðum er t.d. eyðibýlið Hústún sem hægt væri að tengja mögulegri útivist á þessu svæði.

- Sambærilegt svæði er hinumegin við Stálfjall, í landi Sjöundár og Skorar. Skor er frægur staður úr bókmenntasögunni en þar eru líka fornminjar eftir búskap og útgerð sem merkilegar eru. Enn innar í Skorarhlíðum er einnig eyðibýlið Vellir sem var í byggð á 15. öld. Á sama stað eru yngri minjar eftir tilraun sem þar var gerð á fyrri hluta þessarar aldar til surtarbrandsnáms.

- Útvíkur, allt frá Bjargtöngum til Blakkness eru samfellt minjasvæði og eru þar á mörgum stöðum vel varðveittar heilar verstöðvar og eru möguleikar þar nálega óþrjótandi á rannsóknum og kynningu. Fá svæði á landinu hafa jafnmikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, þar sem bæði er stórfengleg náttúra og óvenjulegar og óvenjuvel varðveittar minjaheildir.

- Ketildalir eru nú að stærstum hluta komnir í eyði og eru þar minjar á nokkrum stöðum sem skemmtilegt er að skoða og kynna má með lítilli fyrirhöfn. Einn slíkur staður er í Krossavík milli Fífustaða og Neðrabæjar. Þar á hof Fífu að hafa verið og þar eru sjóbúðir frá Neðribæ og mjög sérkennileg skiplaga steinsetning sem vert væri að rannsaka. Þar eru einnig leifar eftir bíðir norðmanna sem sendir voru til Íslands á 17. öld til að kenna Íslenidingum betri aðferðir við sjósókn og landbúnað.

- Geirþjófsfjörður er sá Suðurfjarða sem fyrst lagðist í eyði og eru þar miklar minjar beggja vegna fjarðarins og mestar þó í Botni, sem einnig er sögusvið síðasta hluta Gísla sögu. Þar voru

gerðir uppgreftir á síðustu öld og margar tóftir skráðar sem talda voru tengjast Gísla og veru hans í firðinum og er þar óvenjugott tækifæri til að flétta saman áhuga á Íslendingasögum, fornleifum og náttúruskoðun.

Það á við um öll svæði sem skipulögð eru til útivistar að sjálfsagt er að reynt sé að nýta þær auðlindir sem fyrir eru og fornleifastaðir geta verið afar spennandi og upplýsandi fyrir ferðamenn, jafnt innlenda sem útlenda, að skoða. Til þess að það sé hægt þarf ekki annað en að skrá staðinn á vettvangi, merkja hann svo fólk viti hvert það eigi að fara og gera upplýsingar um hlutverk og gildi minjanna aðgengilegar á einn eða annan hátt, t.d. með prentuðum bæklingum eða skiltum á staðnum.

## Ba-089 Auðnir

6 hdr. 1703. Í eyði fyrir 1920 og er jörðin nú nytjuð frá Haugum. Upphaflega klofin úr Auðshaugalandi og á land milli Brúarár og Þverár.

1446 á Guðmundur Arason 3 hdr. í Auðnum og fylgir þar 1 kúg. - DI IV, 688-89. 15.4.1480 fær Einar Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. 3 hdr í A - DI VI, 255-56. Jón eldri Magnússon seldi Jón elsta Ívarssyni A. fyrir 6 hdr. 13.6.1630 - Jarðabréf, 119. Einar Jónsson selur Guðnýju Einarsdóttur (dóttur sinni) 1 1/2 hdr. í A. með því fororði að Þórður Jónsson, maður Guðnýjar, eignist það 1 1/2 hdr. sem er eign erfingja Eggerts Björnssonar 5.1.1684 - Jarðabréf, 135. Guðrún og Helga eldri Eggertsdætur selja Þórði Jónssyni 1 1/2 hdr. í A. með einu ásauðarkúgildi er þar stóð 17.8.1684 - Jarðabréf, 135. Þórður Jónsson og Guðný Einarsdóttir framsegja 3 hdr. í mála Sigríðar Einarsdóttur (bróðurdóttur Guðnýjar) við Bjarna Jónsson 3.11.1689 - Jarðabréf, 141. 11.4.1703 eiga Þórður Jónsson og Guðný Einarsdóttir 1 1/2 hdr í A. byggt með 1 kúg og 15 al. landsk. í óaðgreindum aurum. - JÁM XIII, 248.

Ekkert túnakort til. 1778 geysaði skógareldur í meir en tvo mánuði á Auðnum - Árbækur Espólíns. 1840: "Beztir landkostajarðir eru bæirnir allir við Vatnsfjörð, Auðnar ..." SSV, 199.

**Ba-089:001** *Auðnir* bæjarstæði
1959: "Þar er búsældarlegt en öll hús fallin." Túnakort ekki til.
ÁFÍ 1959, 90.

**Ba-089:002** tóft hjallur
"Niður undan Auðnatúni er klettasker áfast við landið; heitir Hjallsker. Þar er gömul hjalltóft."
Ö-Auðnshaugur og Auðnar, 2.

**Ba-089:003** *Vörður* varða
"Út af Markhjalla [gengur út með fjallinu] og upp af Gormi eru skógi vaxnar skriður; heita skriður. Fyrir utan Skriður er stór hryggur: Stórihryggur. Upp af honum í brúnni er stórt klettagil; heitir Stórahryggsgil. Út og niður af Stórahrygg eru skógarrunnar og mýrarblettir; heita Stórahryggsmýrar. Kippkorn fyrir utan Stórahrygg út með hlíðinni er holt eða leiti; heitir Vörður. Ber það nafn af mörgum smávörðum, sem þar eru."
Ö-Auðshaugur og Auðnar, 6.

**Ba-089:004** *Kvíarhóll* örnefni kvíar
"Á Bæjargilsþröminni að innanverðu er barð; heitir Kvíarhóll."
Ö-Auðshaugur og Auðnar, 6.

**Ba-089:005** *Laug* laug
"Niðri í Bæjargili innanverðu er dálítil laug; heitir Laug."
Ö-Auðshaugur og Auðnar, 6.

**Ba-089:006** *Hesthústún* heimild hesthús
"Aðaltúnið á Auðnum var fyrir utan Bæjargil, en dálítill túnblettur var til forna fyrir innan það og hét Hesthústún."
Ö-Auðshaugur og Auðnar, 6.

**Ba-089:007** heimild stekkur
"Beint upp af gamla Auðnabænum er malarhóll utan túns; heitir Bæjarhóll. Beint upp af Bæjarhól eru valllendismóar uppi undir hjalla. Þar var Stekkur."
Ö-Auðshaugur og Auðnar, 6.

**Ba-089:008** *Vindheimar* heimild bústaður
"En svæði þetta [007] var kallað Vindheimar. Gömul munnmæli segja, að þar hafi Auðnabærinn staðið til forna."
Ö-Auðshaugur og Auðnar, 6-7.

## Ba-090 Auðshaugur

24 hdr 1703. Bændaeign. Auðnum hefur verið skipt úr landi Auðshaugs því Haugur hefur alltaf átt 6 hdr land fyrir innan Auðnir, milli Þverár og Austurár í Kjálkafjarðarbotni. Brúará skiptir löndum Auðna og Auðshaugs að utan. Skiptá er á merkjum við Litlanes. Haugs er getið í Gísla sögu.

1576 átti Eggert Hannesson jörðina, metin á 24 hdr. - Jarðabréf, 103. 4.12.1576 greiðir Eggert Guðmundi Jónsyni a. 24 hdr. að dýrleika - Jarðabréf, 105-106. 24.4.1582 selur Jón Björnsson Magnúsi Jónssyni A. fyrir Hlíð í Þorskafirði, jafna að dýrleika - Jarðabréf, 108. 14.5.1582 selur Magnús Jónsson Gvendi Jónssyni A. fyrir 24. hdr í Hænuvík - Jarðabréf, 108. 16.5.1634 viðurkennir Björn Magnússon að hafa gefið Guðmundi Jónssyni (bróðursyni sínum) 20 hdr. í A. - Jarðabréf, 122. 27.6.1703 á Árni Guðmundsson A., en móðir hans tekur afgiftina, 6 vættir og af

6 kúgildum. Jörðin er skemmd af grjóti og skriðum. - JÁM XIII, 226.

1920: 3,2 ha. garðar 901 m2, 1/3 sléttað. 1942: "Haugur er flutningsjörð all-mikil, tún all-stórt, en nokkuð langsótt í heyskap. Sumarhagar góðir og útbeit, en útfiri mikið og mjög flæðihætt. Lítilsháttar æðarvarp er þar einnig. Landrými mikið. Skóglendi er allmikið inni í Kjálkafirði. Sá mikill annmarki var á fjörubeit í firðinum, fyrst er ísa leysti á vorin, að féð bráðdrapst þar af fjörugrösunum, nema áður hefði komið á þau stórrigning, frostgarður eða stórstraumsflæði, og helzt tvennt af þessu þrennu. Þessi sauðfjársjúkdómur er kallaður fjörufall." Bstbók, 67. 1959: "Hjarðarnesbændur hafa bezt sauðfjárræktarskilyrði í hreppnum, enda eru þar hjarðir stórar, og ber nesið enn nafn með rentu. Hér er líka gott land til ræktunar." ÁFÍ 1959, 91

**Ba-090:001** *Auðshaugur* bæjarhóll bústaður

1877: "gården står midt i tunet, kun nogle få favne fra kysten; og skönt den ikke ligger synderligt höjt, er der dog herfra udsigt over en del af Bredefjordens öer: man ser således lige for sig I en klynge af holme den höje Hergilsö, og længst imod öst Stykkesöerne."

Túnakort 1920; KK I, 546.

**Ba-090:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-090:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-090:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-090:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-090:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-090:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-090:008** *Haugssel* heimild sel

1703: "Jörðin á vi [hdr] land inn í Kjálkafirði, fyrir framan Auðnir. Er þar skógur, viðsæmandi til raftviðar, góður til kola og eldiviðar. Þar eru og slægjur, en heyslæmar, og nær jörðin illa til þess. Þar hefur áður verið selstaða heimanað, nú aldrei brúkuð fyrir atorkuleysi." - 1840: "Nú er hér hvergi haft í seli, nema frá Auðshaugi, sem selstöðu á inn í Kjálkafirði."

1942: "Við ána [úr Þverdal] var áður sel frá Haugi. Var þar verið með fé haust og vor fram um síðustu aldamót. Dálítill skáli var þar og fjárrétt. Venjulega voru þar karlmaður og kvenmaður. Fyrir kom það, að af þeirri sambúð leiddi mannfjölgun." "Neðst við sjóinn innan til við Þverá er sel; heitir Haugssel. Þar var haft við fé frá Haugi haust og vor fram undir síðustu aldamót." Þverá rennur eftir Þverdal og kemur úr Þverdalsvatni."

JÁM VI, 267; SSV, 199; Bstbók, 67; Ö-Auðshaugur og Auðnar, 5.

**Ba-09:009** *Þingmannaheiðarvegur* vegur leið

1840: "Þingmannaheiði er fjallvegurinn milli Vatnsfjarðarbotns og Vattarfjarðarbotns ... ein þingmannaleið." 1942: "Að neðanverðu er dalurinn [upp í Þingmannaheiði] all-grösugur, en hrjóstrugur, er ofar dregur. Þingmannaheiði liggur frá Vattarfjarðarbotni í Múlasveit, bak við Skálmarnes, Kerlingarfjörð, Litlanes, Kjálkafjörð og Hjarðarnes og niður í Vatnsfjörð. Hið efra er hún gróðulaus grjótauðn um 500 m. á hæð, en góður reiðvegur. Um heiði þessa liggur póstleiðin frá Gröf í Bitru að Brjánslæk. Oft er er hún ófær að vetrinum sökum snjóa, og verður þá ð fara með fjörðum. Heiðin er talin þingmannaleið milli fjarða."

1959: "Heiðin er, þegar norðar dregur, nærri gróðurlaus, og öll er hún klettótt, grýtt og ógreiðfær, og þótti um aldir hinn verti farartálmi, ekki sízt að vetrarlagi. ... Þingmannaheiði hefur verið póstleið um langt skeið. Hún er vel vörðuð, en erfið vetrarleið nema á snjóbílum, en veturinn 1957 hófust um hana póstferðir á snjóbíl. Segja má, að á árinu 1951 hafi álagaham verið svipt af Þingmannaheiði, er vegýta sýslunnar ruddi á nokkrum vikum akveg um heiðina. Síðan hefur hún verið fjölfarin að sumarlagi. " "Á rennur af hálendinu úr austri í Kjálkafjarðará og heitir Austurá. Hún kemur úr fjalladal, er heitir Austurárdalur. Norðanvert við botn dalsins liggur heiðarvegur, Þingmannaheiðar."

SSV, 202; Bstbók, 69; ÁFÍ 1959, 89; Ö-Auðshaugur og Auðnar, 4.

**Ba-090:010** *Grettistak* áletrun

1818: "3. Svonefnt Grettis=Tak hærst uppá Þíngmannaheidi, er nú nidur fallid og brotid í 3 Stycki, hvörju Stycki vellta nú naumlega færri en 5 a 6 menn; medan þad stód heilt uppi var þad 3 1/2 al: á hæd og 4 al. ummáls; austanverdt í þad voru grafnir Rúnastafir med þessari mind:" 1840: "Grettistak heitir á miðri Þingmannaheiði. Á því er sagt, að sé einn rúnastafur. Nú er steinn þessi oltinn út af og brotinn í sundur. Ei hef ég að honum komið."

"En á vatnaskilum Kjálkafjarðar og Mjóafjarðar norðanvert við veginn [009] eru þrír steinar, sem auðsjáanlega eru hlutar úr einum steini, sem þannig hefur klofnað í sundur. Steinar þessir heita Grettistak. Á einn steininn eru

klappaðir rúnastafir, og segja munnmæli, að þetta sé fangamark Grettir Ásmundarsonar. En enginn hefur ráðið rúnir þessar að fullu svo mér sé kunnugt."

FF, 405; SSV, 206-207; Ö-Auðshaugur og Auðnar, 4.

**Ba-090:011** tóft sel

"Frá Geldingahólum og út með firðinum að vestan er grashjalli hátt uppi; heitir Seljahjalli. Neðan við hann inn undir Lambagiljum er holt; heitir Melur. Út frá Melnum er bunguvaxið skóglendi; heitir Bingur. Út og niður frá Bing er mýri: Seljamýri. Niður af henni gengur tangi fram í fjörðinn; heitir Seljatangi. Þar eru Seltóftir." Gæti verið sama og 008.

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 4-5.

**Ba-090:012** heimild vað

"Skammt fyrir innan Seljatanga er reiðvað á Kjálkafjarðarvaðli."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 5.

**Ba-090:013** *Rauðagata* gata leið

"Förum ... inn á Langholt og getur örnefnanna upp á fjallinu. Af Langholti liggur aurgata, sem heitir Rauðagata, upp í dálítið dalverpi, sem heitir Haugsdalur."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 9.

**Ba-090:014** *Hlaðhóll* varða varða

"Austanvert við Hlaðsskarð er Hlaðhóll. Það er hár malarhóll, 62 metra yfir sjó. Á honum er ævagömul varða."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 10.

**Ba-090:015** *Mannamótsvellir* þjóðsaga orrustustaður

"...inn og upp af Hlaðhól er stór slétt flöt inn að Lómatjörn. Flötin heitir Mannamótsvellir."

"Það er gömul sögn, að Auðshaugur og Auðnar hafi í fyrndinni verið ein jörð og eitt býli, og hafi þá eitt sinn búið þar þrír bræður. Fór vel á með tveimur þeirra, en misklíð var á milli hins þriðja og hinna tveggja. Var þá horfið að því ráði að skipta jörðinni. Sá bróðirinn, sem var ósamþykkur hinum tveimur, reisti bú á Auðnum, en hinir tveir héldu við búinu á Haugi. Auðnabóndanum búnaðist bezt og græddi of fjár. Samkomulagið batnaði ekki heldur við skilnaðinn, heldur magnaðist óvináttan svo, að þeir Haugsbændur ráða af að veita bróður sínum atför og hann þeim. Ekki er getið um mannsöfnuð, en sagt er, að þeir hafi hitzt á Mannmótsvöllum og barizt þar. Lauk bardaganum svo, að Auðnabóndinn felldi báða bræður sína, og er sagt, að Mannamótsvellir beri nafn sitt af fundi þessum. En Mannmótsvellir eru því nær mitt á milli bæjanna Haugs og Auðna. Engar menjar fundar þessa sjást nú á þessum slóðum." Styttri útgáfa af sömu sögu er í Barðastrendingabók, 66.

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 10-11; Bstbók, 66.

**Ba-090:016** *Hlaðsstekkur* heimild stekkur

"Fyrir utan Hlaðhól er djúpur grashvammur. Í honum er stekkur, sem heitir Hlaðsstekkur."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 11.

**Ba-090:017** *Torfnes* örnefni rista

"Niður af honum [Hlaðsstekk] er allstórt nes; heitir Torfnes."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 11.

**Ba-090:018** *Réttarhjalli* örnefni rétt

"Upp af Hlaðsstekk í hlíðarrótunum (fjallsrótunum) er klettahjalli; heitir Réttarhjalli."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 11.

**Ba-090:019** *Nálarstígur* heimild leið

"... Úr Hærribreiðhillu og fram hlíðina liggur tæpur þræðingur; heitir Nálarstígur."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 11.

**Ba-090:020** *Gildrunes* heimild refagildra

"Kippkorn fyrir utan (?) Torfnes er nesmynd; heitir Gildrunes. Mun nafn þetta verið dregið af refagildru, sem þar hefir verið."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 11.

**Ba-090:021** *Paurildarhaugur* þjóðsaga legstaður

"Spölkorn fyrir utan Gildrunes [020] er stór skriða frá fjalli til fjöru; heitir Stóraskriða. Hefir hún hlaupið fram úr geysimikilli gjá í fjallsbrúninni. Heitir gjáin Paurildargjá." Paurildur fórst í hruni þessu. En sagt er, að hún sé heygð í haug, sem er uppi á fjallinu skammt frá Paurildargjá. Haugurinn heitir Paurildarhaugur."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 12.

**Ba-090:022** *Írskilækur* örnefni vatnsból

"Spölkorn fyrir utan Stóruskriðu rennur uppsprettulækur til sjávar, heitir Írskilækur. Gömul munnmæli herma, að eitt sinn

hafi írskir farmenn átt búðir í Búðarhólma og hafzt þar við. Hafa þeir þá sótt neyzluvatn í læk þennan."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 12.

**Ba-090:023** *Bænhústóft* tóft bænhús

1840: "Þriðja [bænhús] hefur verið á Auðshaugi á Hjarðarnesi, sjálfsagt fyrir Hjarðnesinga." "Hæst í Haugstúni er slétt flöt; heitir fötur. Fyrir neðan Fót er hvammur; heitir Alviðra. Niður af Alviðru er túnblettur; heitir Litlatröð. ... Niður af Litlutröð er dálítil flöt; heitir Bænhúsflöt. Á henni er gömul tóft; heitir Bænhústóft. Sést móta fyrir, þar sem talið er, að kórinn hafi verið."

SSV, 202; Ö-Auðshaugur og Auðnar, 12-13.

**Ba-090:024** *Torfnes* örnefni rista

"Yzt og neðst á túninu út undir Djúpalæk gengur fram dálítið klettanef; heitir Torfnes."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 13.

**Ba-090:025** *Auðshaugur* tóft

"Fram út Haugstúni og fram í sjóinn gengur hár og hrikalegur höfði; heitir Haugshöfði. Þar sem hann er hæstur, er hringmynduð ævagömul tóft eða önnur mannvirki. Þessi hluti höfðans heitir Auðshaugur ..."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 13.

**Ba-090:026** *Auðshaugur* tóft

"Austan til á höfðanum sést fyrir afargömlum tóftum."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 13.

**Ba-090:027** *Gullkista* þjóðsaga

"Sú sögn hefir fylgt Auðshaugnum, að í honum væri gulllkista fólgin, og var því haugurinn stundum kallaður Gullkista. Sagt er, að eitt sinnhafi menn nokkrir grafið í hauginn eftir gullkistunni. Grófu þeir ofan með stórum steini, sem þar er enn. Koma þeir ofan á stóra hellu, og var talið, að gullkistan væri undir henni. Taka nú mennirnir vogir og vilja lyfta hellunni upp. Þá verður þeim litið til bæjarins og sjá, að hann stendur í ljósum loga. Hætta þeir þá við verkið og flýta sér til bæjarins til þess að slökkva logann. En þá var allt með kyrrum kjörum og hafði ekki í honum kviknað. Þóttust þeir nú sjá að þeim væri ekki ætlað að ná fénu og áttu ekki við það framar. Sjást enn glögg merki þess, að grafið hefir verið í hauginn ofan með áðurnefndum steini." Sama saga er rakin í Barðastrendingabók, 67.

1818: "2. Fornmanna Haugur, sem mál manna er at standi hiá bænum Audshaugi, lýtur ut sem einkis manns höndur hafi hann lagt, enn þó synist trúlegt at svo manna verk muni ávera, þar fyrrum hefur verid grafid í hann hér um 1 1/2 ál. djúpt, sem mælt er at giört hafi þiódverskir menn, um þær Tídir sem Hamborgar höndlun tídkadist hér, og skyldu hafa hætt vid svo búid vegna Missyninga." FF, 405. 1840: "einn [fornmanna haugur er] á tanga fram undan Auðshaugi á Hjarðarnesi." SSV, 207.

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 13; Bstbók, 67; FF, 405; SSV, 207.

**Ba-090:028** *Grjótstekkur* örnefni stekkur

"Utan við Haugstún rennur lækur ofan til sjávar; heitir Djúpilækur. Rennur hann í gegnum skarð á hamrabelti sem er uppi undir hlíðinni og heitir Kálfhamar. Góðan spöl fyriri vestan þá er allmikill hryggur á hlíðinnni; heitir Grjótstekkur. ... Kippkorn fyrir vestan Grjótstekk er hryggur; heitir Stekkjarhryggur."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 14.

**Ba-090:029** garðlag

"Á hryggnum [Grjótstekk] er öflugur Hagagarður."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 14.

**Ba-090:030** *Garðshryggur* örnefni

"Næstu hryggur fyrir vestan Stekkjarhrygg [028] heitir Garðshryggur."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 14.

**Ba-090:031** tóft verbúð

"Ofan eftir holtunum utanverðum rennur árspræna til sjávar; heitir Brúará. Kemur hún úr dálitlu dalverpi, sem heitir Brúarárdalur. En Brúará skiptir hér löndum milli Haugs og Auðna." " Brúará. Gamlar tóftir eru hér við sjóinn, enda var hér útræði til forna."

Ö-Auðshaugur og Auðnar, 7; viðb. 1.

**Ba-090:032** *Búðarhólmi* tóft verbúð

"Fram af Torfnesi eru lágir og flatir grashólmar; heita Torfneshólmar. Fram af þeim er hættulegt flæðisker; heitir Torfnesspillir. Góðan kipp suðvestur af af honum er varphólmi; heitir Búðarhólmi. Í honum eru mjög gamlar tóftir, sem bóndinn á Haugi, Sigurður Pálsson, heldur að séu verbúðartóftir, því að þaðan hafi verið róið til fiskjar eftir gömlum

munnmælum." - "Spölkorn fyrir utan Stóruskriðu rennur uppsprettulækur til sjávar, heitir Írskilækur [022]. Gömul munnmæli herma, að eitt sinn hafi írskir farmenn átt búðir í Búðarhólma og hafzt þar við. Hafa þeir þá sótt neyzluvatn í læk þennan."
Gæti verið í landi Auðshaugs.

Ö-Auðnshaugur og Auðnar, 2, 12.

**Ba-090:034** *Brúará* örnefni brú

"Ofan eftir holtunum utanverðum rennur árspræna til sjávar; heitir Brúará. Kemur hún úr dálitlu dalverpi, sem heitir Brúarárdalur. En Brúará skiptir hér löndum milli Haugs og Auðna." " Brúará. Gamlar tóftir eru hér við sjóinn, enda var hér útræði til forna."

Ö-Auðnir og Auðshaugur, 7; viðb 1.

## Ba-091 Hamar (á Haugsnesi)

6 hdr 1703. Bændaeign. Einnig Suðurhamar. Hamar fór í eyði 1904 og var jörðin þá keypt undir Fossá.

1446 er H. 12 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Brjánslæk og fylgdu þar 3 kúgildi - DI IV, 688-89.Eggert Hannesson selur Torfa Andréssyni H. fyrir 6 hdr 2.12.1569 - DI XV, 327-28. 25.4.1661 erfir Ingibjörg Þórólfsdóttir H. fyrir 6 hdr. eftir Finn bróður sinn - Jarðabréf, 125. 25.4.1661 selur Guðbrandur Magnússon Þorleifi Kortssyni H. ásamt Fossum - Jarðabréf, 97, 238. 8.10.1698 fær Guðmundur Þorleifsson Hamar f. 6 hdr í arfahlut eftir föður sinn Þ. Kortsson - Jarðabréf, 150. 30.4.1703 er H. 6 hdr jörð, með 80 álna landskuld í óskyldum aurum og 3 1/2 kúgildi, meðal erfðajarða Guðmundar Þorleifssonar. - JÁM XIII, 169.

1920: 1,3 ha. garðar 201 m2, 1/3 sléttað. 1840: "Lökust er fjárbeit á Hamri á Hjarðarnesi ... Heyskapur mestur í ... Hamri á Hjaraðarnesi." SSV, 199. Í eyði 1877 - KK, 546.

**Ba-091:001** *Hamar* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-091:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-091:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-09:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-091:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-091:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-091:007** *Hamarsstekkur* heimild stekkur

"Vestan til við Markhrygg er hvolf: Ytra-Markhvolf. ... Fyrir vestan Ytra-Markhvolf er hryggur; heitir Miðhryggur. Skammt fyrir vestan hann er lágur og breiður hryggur; heitir Bæjarhryggur. Vestan til á honum er gamall stekkur; heitir Hamarsstekkur."

"Hamarsstekkir er austan til við Bæjarhrygg, milli hans og Miðhryggs. Þar sjást enn glöggar rústir. Stekkurinn var með lambkró. Hann var notaður fram yfir aldamót, en ekki eftir minni Haralds. Níels faðir sr. Árelíusar, bjó eitt sinn á Hamri. Hann var sá síðasti, sem færði frá á Hjarðarnesi. Það hefur verið rétt eftir aldamótin."

Ö-Fossá-Suðurhamar, 3; Ö-Fossá og Hamar, 3.

**Ba-091:008** *Skipatangi* heimild lending

"Niður af Hamarstúni er tangi, heitir Skipatangi. Þar lendingin frá Hamri."

Ö-Fossá-Suðurhamar, 3 nm.

**Ba-09:009** *Merkjaklettar* heimild huldufólksbústaður

"Í Hamarslandi, milli bæjanna Hamars og Fossár, er þurrlendisbrekka, sem sagt er, að ekki megi slá, því að huldufólk sé í Merkjaklettum, sem eigi brekkuna."

Ö-Fossá-Suðurhamar, við. 1.

**Ba-091:010** *Akurey* örnefni

Akurey er allstór eyja beint undan landi suður af Hamarstúni

Hkort 13

## Ba-092 Fossá

24 hdr. 1703. Bændaeign. Uppsalir og Hella eyðihjáleigur, taldar til Fossár 1703 þó þær væru Brjánslækjarkirkjueign. Á land að Uppsalaá. Getið í Gíslasögu.

1446 er F. 24 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Brjánslæk og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 688-89. 5.9.1460 var tekinn vitnisburður um að Björn Þorleifsson lagði aftur jarðir, sem Guðmundur Arason hafði áður haldið, til arfa Ólafar Aradóttur, og var þá einnig kært um F. - DI XI, 20. 1509 er F. 24 hdr jörð meðal eigna Bjarna Andréssonar sem þá var látinn - DI VIII, 267. 22.2.1569 selur sr. Jón Þorleifsson Eggerti Hannessyni hálfa F. - XV, 231-33. 1576 á Eggert Hannesson hálfa Fossá fyrir 12 hdr. - Jarðabréf, 103. 16.9.1630 selur sr. Þorleifur Bjarnason Magnúsi Arasyni F. á 24 hdr. - Jarðabréf, 163. 25.4.1661 selur Guðbrandur Magnússon Þorleifi Kortssyni F. og Hamar - Jarðabréf, 97, 238. 8.10.1698 fær Guðmundur Þorleifsson F. í arfahlut ásamt Hamri eftir Þorleif Kortsson - Jarðabréf, 150. 30.4.1703 er F. 24 hdr jörð meðal erfðajarða Guðmundar Þorleifssonar. Hún byggðist þá landskuldarlaust með 4 kúgildum en hafði legið í eyði nokkur umliðin harðindisár, en leigðist áður fyrir 1 hdr með 6 kúgildum. - JÁM XIII, 169.

1920: 1,9 ha. garðar 200 m2. 1/2 sléttað. 1840: "Beztir landkostajarðir eru bæirnir allir við Vatnsfjörð ..." SSV, 199. 1840: "Hrognkelsi aflast á Fossá ... á vorin til fardaga. Þau veiðast í netum ..." SSV, 200. "Æðarvarp er ... Lítils háttar í skerjum við Engey og dúnn nálægt þrem pundum, og álíka á Fossá." SSV, 201. 1942: "Fossá er rétt utan við Hamar og liggja túnin nær því saman ... Tún er aþr gott, litlar slægjur, beitiland ágætt. Flæðihætta mikil og hætt við fjörufalli. Dálítið varp er þar í hólum. Það er í framför. ... Frá Öskjudalsá að Uppsalaá er landið vaxið þéttum skógi, svo að varla sést rjóður. Fremur er hann lágvaxinn, en þó blómlegur." Bstbók, 68. 1959: "Þetta er góð bújörð og á ágætt og vítt sauðaland. Uak þess gengur fé héðan norður um Þingmannadal og austanverðan Vatnfjörð. Hjarðarnesbændur hafa bezt sauðfjárræktarskilyrði í hreppnum, enda eru þar hjarðir stórar, og ber nesið enn nafn með rentu. Hér er líka gott land til ræktunar." ÁFÍ 1959, 91

**Ba-092:001** *Fossá* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.

**Ba-092:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-092:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-092:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-092:005** *Vör* heimild lending
"Fyrir vestan Nóney er Leiðarsker. En upp af þeim eru Tangasker og Tvíhólmar; þar eru tveir flatir og lágir grashólmar utan til við Fossártanga. En hann gengur niður úr Fossártúni fram í sjóinn. Fremst á tanganum er aðallending Fossármanna; heitir Vör."
Ö-Fossá og Suðurhamar, 1-2.

**Ba-092:006** *Fossárvogur* heimild lending
"Austan til við tangann [005] er vogur: Fossárvogur. Þar er stundum lent um flóð."
Ö-Fossá og Suðurhamar, 2.

**Ba-092:007** *Hjallhólmi* tóft hjallur
"Í Fossárvogi [006] er hólmi með hjallatóft. Heitir hólminn Hjallhólmi."
Ö-Fossá og Suðurhamar, 2.

**Ba-092:008** *Hörgnesvogur* heimild lending
"Niður að Hörg er vogur og ágæt lending, heitir Hörgnesvogur."
Ö-Fossá og Suðurhamar, 6.

**Ba-092:009** heimild beitarhús
"Niður að Hörg er vogur og ágæt lending, heitir Hörgnesvogur. Öðru meginn við vog þennan er malareyri. Á henni voru beitarhús frá Fossá nokkuð fram á síðustu öld."
Ö-Fossá og Suðurhamar, 6.

**Ba-092:010** *Fossárstekkur* heimild stekkur
"Förum aftur niður að Fossá fyrir neðan Geldamylkjubrekkur. Þar skammt fyrir vestan ána er lækur; heitir Bóllækur. Fyrir vestan Bóllæk er klettahjalli, sem liggur upp og ofan; heitir Stekkjarholt. Áfast við hjallann að vestan er gamall stekkur; heitir Fossárstekkur."

Ö-Fossá og Suðurhamar, 4-5.

**Ba-092:011** *Smalaskáli* örnefni smalakofi

"Fyrir vestan Miðskóg er komið að klettabelti, sem liggur upp og ofan. Heitir það ásamt umhverfinu Smalaskáli. Þar upp af er gilskarð í fjallið; heitir Smalaskálagil."

Ö-Fossá og Suðurhamar, 5-6.

**Ba-092:012** *Fossársel* tóft sel

1840: "Áður til forna átti [Fossá] selstöðu ... inn með Vatnsfirði." "Miðja vegu milli Hörgsness og Uppsalaár er stórt rjóður, en þó með töluverðum skógi, sem er á framfarastigi. Rjóðrið heitir Stórarjóður. Ofan í það rennur gil, heitir Selgil. Við gilið eru seltóftir; heita Fossársel. Tóftir þessar eru á tanga við sjóinn. Tanginn heitir Seltangi. Fjallsbrúnin upp af selinu heitir Selbrún." Rústirnar voru teknar í veginn, sbr viðbót við Ö-Fossá og Hamar, 5.

SSV, 199; Ö-Fossá og Suðurhamar, 6-7.

**Ba-092:013** álagablettur

"... nema þúfu eina í Fossártúni. Hún er aflöng í lögun líkt og leiði og vaxinn vallhumli. Gömul munnmæli sögðu, að hana mætti ekki slá. Eitt sinn gekk frásagnarmaður frá slætti í Fossártúni með ljá sinn í hendinni til álagningar. Á leiðinni skrikaði honum fótur, svo hann féll á ljáinn, sem skar í hægri hendina ljótan og stóran skurð alveg inn í bein. Skurðurinn greri að vísu, en Pétur gat ekkert unnið í hálfan mánuð, og síðan hefir hann aðeins rúmlega haft helmingsafl í þeirri hendinni á við hina. En áður var það þó sterkari höndin. Þegar slægja Péturs var athuguð eftir slysið, sást, að hann hafði slegið helming af álagaþúfunni í ógáti, rétt áður en hann gekk frá slættinum."

"Faðir Haralds sló tvisvar álagaþúfuna í Fossártúni. Í annað skipti fauk mikið hey, en í hitt skiptið fældist afburðargóður vagnhestur og sleit af sér öll aktygi. Síðustu slitrin úr aktygjunum lággu rétt hjá þúfunni. Hún hefur aldrei verið slegin síðan og stendur nú ein í sléttunni."

Ö-Fossá og Suðurhamar, 7; Ö-Fossá og Hamar viðb., 5

**Ba-092:014** *Kerlingar* heimild huldufólksbústaður

"Þegar Hjálmar og Metta var á Fossá, var það eitt sinn, að fólk fór til Brjánslækjarkirkju, en kona ein heima með börnin. Þegar fólkið kemur frá kirkjunni, er ein telpa týnd. Stúlkan hafði leitað, en hitt fólkið fer nú allt í leitina. Loks fannst það upp á Húsadal hjá svokölluðum Kerlingum. Sat það þar undir klettunum útgrátið. Sagði það, að það hefði elt mömmu sína hingað. Hefði hún verið að hringla framan í sig lyklum, og svo hefði hún horfið inn í klettana þarna, og hefði hún ekki þorað að fara inn á eftir henni. Hefði hún ætlað að bíða, þar til hún kæmi út aftur. ... Talið er, að barnið hafi aldrei orðið samt aftur."

Ö-Fossá og Suðurhamar, viðb. 10.

**Ba-092;015** varða landamerki

"Að vestanverðu á milli Uppsala og Fossár skilur samkvæmt bréfi, dagsettu 11. ágúst 1851, Uppsalaá við sjó og í djúp sker undan henni sem fjörumerki, en löndin skilur árgilið til fjalls, allt upp í krók þann þar það beygist þvert til suðurs á Fossárland. Síðan stefna úr þessum (?) króki í lítið leirtjarnardrag, þaðan eftir lautinni í lítinn kletthól, á hverjum stakur steinn stendur með vörðubroti á ..."

Landamerkjaskrá Fossár, 1889.

**Ba-092:016** varða landamerki

"Að vestanverðu á milli Uppsala og Fossár skilur samkvæmt bréfi, dagsettu 11. ágúst 1851, Uppsalaá við sjó og í djúp sker undan henni sem fjörumerki, en löndin skilur árgilið til fjalls, allt upp í krók þann þar það beygist þvert til suðurs á Fossárland. Síðan stefna úr þessum (?) króki í lítið leirtjarnardrag, þaðan eftir lautinni í lítinn kletthól, á hverjum stakur steinn stendur með vörðubroti á; þaðan beint upp á brúnina í vörðu eftir melhryggjum í syðri endann á norðustu og stærstu tjörninni ..."

Landamerkjaskrá Fossár, 1889.

**Ba-092:017** *Ambáttarsker* örnefni

"... suður af Langey er sker, sem aðeins kemur upp um stórstraumsfjöru og heitir Ambáttarsker." "Ambáttarsker er skerið, sem talið er, að Gísli Súrsson hafi synt af, þegar ambáttin bjargaði honum." 1877: "Ambáttarsker ... siges at være opkaldt efter den trælkvinde (ambátt), der roede Gisle fra Hergilsö, men som da skulde være druknet på tilbagevejen."

Ö-Fossá og Suðurhamar, 1; Fossá og Hamar viðb. 1; KK I, 547.

**Ba-092:018** *Bóllækur* örnefni kvíar

"Skammt fyrir vestan ána [Fossá] er lækur; Bóllækur." "Bóllækur dregur nafn sitt af kvíabóli, sem þar var, líklega alla tíð meðan fært var frá."

Ö-Fossá og Suðurhamar, 5; Fossá og Hamar viðb. 3

**Ba-092:019** *Hlað* heimild rétt

"Fyrir vestan Öskjudalsá niðri er melholt: Skeið. Fyrir vestan Skeið tekur við flatlent skóglendi; heitir Miðskógur. Auðstast í honum og rétt fyrir vestan Skeið er stór, gömul fjárrétt; heitir Hlað."

Ö-Fossá og Suðurhamar, 5.

**Ba-092:020** *Hörgur* örnefni

"Þar liggur vegurinn yfir lágar klettakleifar, sem heita Hörgsneskleifar. Í kleifum þessum er stakur klettur, einkennilegur, sem Fossármenn kalla nú Hörg, en hét áður Gataklettur." "Þetta er afar sérkennilegur klettur með götum, s.s. tveggja metra hár. Hefði hann vel getað verið blótstallur til forna. Kletturinn er náttúrulegur en götin gætu verið höggvin af manna höndum. Þau eru kringlótt, og gæti maður þrengt sér í gegnum þau." Kålund segir að Hörgsnes sé einnig ritað Hörðsnes - KK I, 547.

Ö-Fossá og Suðurhamar, 6; Ö-Fossá og Hamar viðb. 4.

**Ba-092:021** *Gíslahellir* hellir útilegumannabústaður

1877: "... I klippegrunden her [þ.e. á Hörgsnesi], ikke langt fra söen, men dog en del höjere end kysten, findes en ret mærkelig hule, Súrshellir, der skal have fået navn efter, at Gisle Surssön - på sin vej fra Haug til sit hjem vester på, siges der - skal have skjult sig her. Indgangen til hulen (der nu holdes tildækket, da fårene stundum faldt I den) ligger vandret ind mellem flere flade kratgroede klipper og er næten umulig at finde uden af meget vel bekendte: gennem den snævre åbning kommer man ind I en ellers aldeles lukket rundagtig hule 4-5 al. I diameter (der 1874 ved et lille lavere liggende sidehul var omdannet til rævegrav)."

"Í vestanverðu Hjarðarnesi gengur dálítið horn vestur í Vatnsfjörð. Það er kallað Hörgsnes. Þar er veðursæld mikil og náttúrufegurð einkennileg ... mun vera tæpur klukkutíma gangur frá Fossá vestur í Hörgsnes. Á einum stað á nesi þessu er klettahjalli. Uppi á hjallanum er stór, flatur mór, vaxinn grasi, lyngi og smá-birkirunnum. Á einum stað í mó þessum sést flatur, lágur steinn, hér um bil tveir metrar að lengd og einn metri að breidd. Vestanvert við steininn er laut, viðlíka löng og steinninn er langur og eins breið og hann er breiður. Sé stigið ofan í lautina, mundi steinninn taka meðalmanni í öxl. Er þá staðið á bergi. Úr lautinni gengur hola eða op inn undir steininn. Hún er svo víð, að hægt er að renna sér á rönd inn um hana. Sé það gert og fæturnir hafðir á undan, verður fljótt vart við þverhnípta bergbrún. Láti maður sig síga ofan af brúninni, þar til að hún er komin í mitti þá er komið á malargólf í helli. Sá hellir er kallaður Gísla-hellir."

"Sjávar og Fossármeginn við vestasta kleifarskarðið [021] er Gíslahellir. ... 1. nóv skoðaði ég (H.G) hellinn, og var hann kollhæð mín í miðjunni, þar sem hann er hæstur. En þessi hæð er aðeins á litlu bili, því hann lækkar fljótt til hliðanna, og næst þeim er hann svo lágur, að ekki er hægt að komast út að þeim nema með því að skríða flatur. Gólf hellisins er ólögulegt að ummáli. Helzt mætti segja, að það væri nætti því sporöskjulagað. Lengsta þvermál þess mun vera nálægt þremur föðmum, en minnsta þvermálið reyndist vera faðmur minn og framhandleggslengd mín að auki." 1942: "Í hörgsnesi er einkennilegur hellir, sem Gíslahellir heitir. Hann er svo vandfundinn, að ókunnugir munu ekki geta fundið hann nema af hendingu; jafnvel þótt þeir hefði all-nákvæma lýsingu við að styðjast. - Munnmæli herma, að Gísli Súrsson hafi leynzt í helli þessum um skeið í sekt sinni."

KK I, 547; Ö-Fossá og Suðurhamar, 6; Ö-Fossá og Hamar viðb. 5; Vestfirzkar sagnir I,7-8; Bstbók, 68.

**Ba-092:022** *Húsadalur* örnefni

"Fossá rennur eftir daladragi upp á fjalli. Það heitir Húsadalur." Ekki eru sagðar vera neinar sagnir um byggð í Húsdal.

Ö-Fossá og Suðurhamar, 4; Ö-Fossá og Hamar viðb. 3.

**Ba-092:023** *Gálgi* örnefni

"Niður að Hörg er vogur og ágæt lending, heitir Hörgnesvogur. Öðru meginn við vog þennan er malareyri. Á henni voru beitarhús frá Fossá nokkuð fram á síðustu öld. Þá er stakur klettur; heitir Gálgi." "Engin sögn fylgir Gálga. Hann er nú kominn í veginn."

Ö-Fossá og Suðurhamar, 6.; Ö-Fossá og Hamar viðb. 5.

**Ba-092:024** sögustaður lending

"Ég fór alla leið frá Hergilsey og upp á Hjarðarnes, eins og Gísli [Súrsson]; það eru 1 1/2 vika sjávar. Enginn hefir áðr vitað, hvar Gísli kom að landi, enn þetta er þó auðséð. Tæpa 1 1/4 viku fyrir utan Auðshaug eru tveir hólmar rétt við landið og fjarar í báða; utan til við ytri hólmann miðjan hefir Gísli lent; hann liggr beint við og þangað er einna styzt úr Hergilsey, enda kemr það alveg heim við söguna. Þar er lítil vík og annarstaðar flýtr ekki að, enn Börkr var á stóru skipi, meira enn tíæringi. Þegar Gísli hleypr hér yfir þvera eyna, verðr fyrir honum hið eina hamarsskarð sem hér getr verið um að ræða; það er í hallanum rétt við sjóinn og fellr upp að klettinum eða upp í hann um flæði; það er strandklettr meira enn tvær mannhæðir. Skarðið liggr lítið eitt á ská, og átti Gísli því hægra með að vera í leyni, enn Saka-Steinn hefir ekki varað sig á þessu bragði, enda hefir hann ekki getað stilt sig þar í snarbröttum halla, er hann hljóp eftir Gísla. Milli klettanna er um 2 1/2 alin, enn

þvert yfir eyna frá flæðarmáli að sunnan og þangað til fer að halla niðr eru 25 faðmar.- Þegar Gísli hafði höggvið Stein, hleypr hann á sundi; enn þá kemr Börkr á bakkann og skýtr eftir honum spjóti; það var á stuttu færi; og það er hér, sem Gísli týnir sverðinu, enn þetta sund er ekki meira enn um 30 faðma; þar er slétt flúð, lítið grasi vaxin, sem ekki fer í kaf nema í stórstraum, enn það sést af sögunni, að hásjávað var, og er það skilyrði fyrir því, að þetta gat átt sér stað."

Frá Hergilsey og stystu leið í land eru um 12 km, þannig að vika Sigurðar er um 8 km og myndi þá 1 1/4 vika utan við Auðshaug vera handan við Vatnsfjörð og raunar nokkuð inn í land fyrir ofan Þverá. Hér er því eitthvað málum blandið hjá Sigurði og ekki alveg ljóst hvaða stað hann á við. Þessi staður mun þó vera fyrir Fossárlandi. Kålund taldi að Gísli hefði lent í Fremstuey (= Yztey á Hkorti): "Fra kysten ud for Hamar strækker sig en række af fire småöer (Hamarseyjar) I sydvestlig retning ud I Bredefjorden; den yderste af disse (Fremstaey) skal være klippefuld, og navnlig et sted på nordsiden skal opstigningen til öen ligge gennem en klippesnævring, der vel kunde egne sig til forsvar. På denne ö er det utvivlsomt, at Gisli har ladet sig sætte I land. Han må være kommen hertil ved flodtid; når det er ebbe, stå nemlig öerne I forbindelse med hverandre, og gennem den inderste af disse endog med selve næsset; ved flod er der derimod fra den yderste vel omtrent 1/2 fjærdingvej at svömme I land." KK I, 547

Sigurður Vigfússon: "Rannsóknir í Breiðafirði 1889" Árbók 1893, 3-4

## Ba-093 Hella

6 hdr. 1703. Brjánslækjarkirkjueign. "Þar er annað kot, kallað Hella. Sumir hafa heyrt hún skuli verið hafa vi [hdr]. Kirkjueign frá Brjánslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Liggur í eyði, og hefur lengi legið. Meinast illa kunna að byggjast vegna átroðnings." JÁM VI, 269. 1840: "Nýbýli eru engin, nema ef telja skal Hellu, sem legið hafði í eyði frá árinu 1811, þangað til núverandi Brjánslækjarprestur byggði hana upp, fyrir þrem árum, á sinn kostnað." Í byggð 1847 en nýkomin í eyði 1877 (KK I, 548 sbr. Bstbók, 72) og telst til Brjánslækjar. 1959: "Eyðibýlið Hella er sunnan undir fjallinu. Þar eru volgrur. Kotinu tilheyrir lítill varphólmi á firðinum, Helluhólmi. útfiri er hér mikið og flæðihætt. ... [Penningsdalur] og áin munu draga nafn sitt af því, að búpeningi hafi verið haldið til haga í dalnum, enda þótti land þar kjarngott. Hella átti slægjur og selstöðu í Smjördal. Rjóminn þar var svo kostmikill, að skeifa flaut á troginu. Til eru sagnir um bónda, sem þrívegi kom fótum undir bústofn sinn að Hellu, en hann gekk jafnan af honum aftur, er hann fluttist á aðra bæi. Sumir segja, að kotið hafi lagzt í eyði sökum gestanauðar, er á því mæddi, en það lá í þjóðbraut, þegar ferðazt var af Vestfjörðum austur um Þingmannaheiði og að austan vestur um." ÁFÍ 1959, 92-93.

1446 er H. 12 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Brjánslæk og fylgdu þar 3 kúgildi - DI IV, 688-89. 1509 er H. 6 hdr jörð meðal eigna Bjarna Andréssonar sem þá var látinn - DI VIII, 267. 29.4.1617 semja séra Teitur Halldórsson og Bjarni bóndi Björnsson með sér að Teitur "hafði í sinn part af kirkjujörðunum [Mos]Hlíð, en Uppsalaland leggist til beggja jarðanna Þverár og Hellu, en beri þau höpp upp á Uppsalareka, sem landsdrottni með lögum tilheyra, skiptist meðal allra partanna að réttum þriðjunga skiptum." - Jarðabréf, 112. Hagakirkja átti skóg á Mörk milli Þingmannaár og Lambagils en Flateyjarkirkja á Pörtum milli Pennu og Grenjadalsár. Hér eru allir minjastaðir milli Grenjadalsár og Uppsaladalsár , þ.m.t. allur Vatnsdalur, taldir til Hellu

Túnakort ekki til. 1840: "Beztir landkostajarðir eru bæirnir allir við Vatnsfjörð ..." SSV, 199. 1840: "Afréttarlönd eru engin, nema að nafninu Vatnsdalur, sem liggur undir Brjánslæk. Þangað eru einkanlega lömb rekin frá nokkrum bæjum. En vegna illra fjárheimta af dal þessum, vilja margir heldur brúka þann sið, að láta geldfé sitt ganga á fjöllum og heiðum þeim sem næst liggja bænum ..." SSV, 199-200. 1942: "Þar er allstórt tún, engjaslægjur engar nálægt, en útbeit ágæt á vetrum. Gömul munnmæli sögðu, að aldrei yrði haglaust á Eiðshlíð. Sumarhagar eru þar einnig hinir beztu. ... [Sæmundur Hallgrímsson bjó á Hellu nokkru fyrir miðja 19. öld] Gekk el fram bú hans og gerðist hann brátt fjármargur, en kýr gat hann ekki haft. Þótti honum það svo mikið mein, að hann fluttist á aðra jörð ... Síðast mun hann hafa flutzt þaðan um 1840. Um þær mundir seldi hann Þórði Þorsteinssyni ... geitur sínar, sem hann hafði á Hellu; því að þæ undu þar vel í skóginum, þótt kýr þrifist þar ekki. ... Mývargur mikill er í Vatnsfirði og Vatnsdal. Má vera, að það hafi miklu valdið, að byggð lagðist þar niður." Bstbók, 72. 1942: "Silungsveiði er í [Vatnsdalsvatni] en notast lítt vegna fjarlægðar frá byggð. Talið er að þar hafi fundizt 35 faðma dýpi. Framan við vatnið er lítið um skóg, en í hlíðunum beggja vegna þess og allt til sjávar er skógur blómlegur og stórvaxinn." Bstbók, 70. 1959: "Í [Vatnsdalsvatni] er góð silungsveiði. Skógur er mikill í hlíðunum umhverfis vatnið. ... Innan við vatnið eru grösugar eyrar. ... Ágætir sauðfjárhagar eru í dalnum." ÁFÍ 1959

**Ba-093:001** *Hella* bæjarstæði býli
Ekkert túnakort til.

**Ba-093:002** *Laug* laug
"Þá er Hellutún. Laug."

Ö-Brjánslækur, 2.

**Ba-093:003** *Sæmundarstekkur* heimild stekkur

"Þá er Hellutún. Laug. Laut er fyrir framan túnið heitir Kýrlág. ... Nokkru fyrir framan Kýrlág er Sæmundarstekkur."

Ö-Brjánslækur, 2.

**Ba-093:004** tóft smiðja **Friðlýstar minjar**

1840: " Í mörkinni í Vatnsdal, sem heyrir Hagakirkju til, er á einum stað dálítil girðing, lítið eitt hærri en jarðaryfirflötur í kring. Þessi tótt er kölluð smiðja, nefnilega Gests Oddleifssonar. Í tóttinni er steinn, jafn hár við jörð að innan, og í stein þennan hefur verið klöppuð lítilfjörleg ferhyrnd hola, sem skal vera steðjaþró, en er þó furðu lítil. Járnverumoli hnöttóttur fannst þar mikið nálægt, fyrir tveimur eða þremur árum, sem leit út fyrir að mundi verða brúkanlegt járn eftir suðu og hreinsun. Molinn fannst innan í stykki af smiðjugjalli og var fluttur til Gufudalssveitar, af því maðurinn átti þar heima, sem fann hann." 1877: "Hinsides, nord (eller vest) gor åen (þ.e. Þingmannaá), noget oven for dens udlöb, men nær dennes bred findes midt I den temlig höje kratskov, der bedækker hele strækningen her, en meget nedfalden 4-5 fv.s tomt, der udgives for Gest Oddlevjssöns smedje; I tomten ligger en stenblok med et fyrkantet, omtrent et kverter dybt hul; heri skal ambolten have stået, der altså vel har været af samme art som de nu brugelige små islandske jærnambolte, der indsættes I en træblok e. d. l. som fod. I "smedjen" har man slv I den nyere tid fundet jærnstumper og slagger, og at tomten virkelig er resterne af en smedje - hvor da I ældre tid jærnudsmeltning vel kan have fundet sted - derom vidner flere stedsnavne (smiðjukleif, smiðjuhnjúkr), der er knyttede til nogle af de nærmeste omgivelser. I E.O. (I, 407-08), hvor denne tomt omtales, angives tillige, at odden, hvorpå den ligger, kaldtes Smiðjunes. Rejsebeskrivelsens forfattere besögte stedet 1753 og erfarede da, at det fra gammel tid fortaltes, at Gest Oddlejvssön havde haft jærnværk og smedje der; allrerede, da de besögte stedet, var tomten overvokset med birkebuske, og I jorden fandt man kul, aske og svære jærnslagger."

1893: "Á að giska 300 faðma upp af botninum á Vatnsfirði (frá stórstraumsflæði talið), að norðanverðu við Þingmanna-á, við "Smiðjufljót" sem kallað er í ánni, er forn tóft, sem í almæli er kölluð "Smiðja Gests Oddleifssonar". Þar sem tóftin stendr, kallar Eggert Ólafsson "Smiðjunes" (E. O., I., 407-8.), og "smiðjukleifar" eru kallaðar enn í dag þar sustr og upp. Tóft þessi er í "Mörkinni", sem kölluð er (= Vatnsdaldsmörk), því að þar eru víðlendir skógar. Tóftin er um 7 faðma frá Þingmanna-á, og snýr nálægt því í landsuðr og útnorðr samhliða ánni. Tóftin er ákaflega fornleg og niðrsokkin, og var mjög ilt að átta sig á henni, með því að hún var öll vaxin háum og þéttum skógi. Þessa tóft lét eg grafa alla umhverfis, og skoðaði allar ytri hleðslur, og sáust þær allar greinilega, með því að tóftin mun öll hafa verið hlaðin úr grjóti. Tóftin er 28 fet á lengd utan veggja, enn 20 fet á breidd. Landsuðrgafl tóftarinnar er hálfkringlóttr fyrir, sem oft er vani á fornum tóftum, enn útnorðrgaflinn beinni fyrir. Dyr eru út úr þeirri hlið tóftarinnar, sem að ánni snýr, nær útnorðrgaflinum, sem og er einkenni á fornum tóftum; sáust dyrnar glögglega, enn vóru nokkuð hlaupnar saman. Þegar eg kom að tóftinni fyrst, vóru á móti dyrunum í miðri tóftinni steinar 2 ákaflega miklir. Annar þeirra er með djúpri og víðri, ferhyrndri steðjaþró, og er þróin 5 þumlunga út á brún á hinn lengra veg, enn 4 þumlunga á hinn veginn; brúnirnar eru mjög máðar og fornlegar. Steðjaþróin er 5 1/2 þumlungr á dýpt. Steinn þessi er mjög svo ferskeyttr, með flötum hliðum á 2 vegu. Hann er rétt alin á hæð; lengd frá yzta horni 1 1/2 alin; breidd 21 1/2 þuml. Hinn steinninn hefir líka lögun; sléttar hliðar á 2 vegu; hann er sömuleiðis 1 alin á hæð; lengd hans er um 1 alin og 1 þumlung; breidd um 18 þumlunga. Þessa steina lét eg grafa upp báða og vvelta þeim með vogum út úr tóftinni, til þess að geta rannsakað gólfið. Þar fanst í kringum steinana, bæði gjall og kola-aska og þess konar gólfskán, og yfir höfuð var þar fult af aflöskuog ýmsum slíkum eikennum. Yfir um þvera tóftina, að landsunnanverðu við dyrnar, var grjóthleðsla allmikil, enn þó mjög úr lagi gengin. Steinarnir í henni vóru svartir og eldlitaðir, og sannsökuðum vér mjög svo hleðslu þessa. Framan í grjóthleðslunni fundum vér mikil einkenni af reglulegum deigul-mó, sem ég tók með mér til sýnis."

1942: "Á grjóteyri nálægt Smiðjufljóti er forn tóft sex álna löng og fjögra álna breið innan veggja, og kölluð Smiðja. Gömul munnmæli herma, að Gestur Oddleifsson hafi átt smiðjuna, og hafi haft þar rauðablástur. Ærinn skógur er þar til kolagerðar og rauði í mýrunum í grennd. Talið er, að járnsleggja forn ryðbrunnin hafi fundizt þar á síðastliðinni öld. Það voru og gömul munnmæli, að tveir stórir steinar hefði lengi staðið í smiðjutóftinni [hér kemur frásögn af uppgrefti SV] Merkur maður, sem var með Sigurði að þessu verki, hefir sagt, að Sigurði hafi orðið að orði, er steinarnir komu í ljós: "Miklar gersemar eru þetta"!"

1959: "Talið er, að á eyri norðan árinnar, rétt neðan við Smiðjukleifarnar, sé tóft smiðju Gests Oddleifssonar í Haga og steinninn, er hann lúði járn við. Líkur tel ég þó meiri til þess, að örnefnið Smiðjukleifar sé frá dögum Guðmundar ríka, því að vitað er, að meðal eigna hans að Brjánslæk var rauðablásturssmiðja, alfær."

Friðlýstar minjar. "Smiðja Gests Oddleifssonar, er svo heitir, skammt upp frá Vatnsfjarðarbotni, norðanmegin við Þingmannaá, þar sem í henni er kallað Smiðjufljót." Friðl. 25.10.1930; Fornleifaskrá, 34.

1893: "Það er því ljóst, að þetta getr ekki annað verið enn smiðjuafl, með því að hinir áðrnefndu steinar vóru í sömu afstöðu frá aflinum, sem venja er til enn í dag, þ. e. a. s. steinninn með steðjaþrónni stóð innar í miðri tóftinni, enn hinn

steinninn framar rétt á móti dyrunum. Það er því sjáanlegt, að steinn þessi hlýtr að hafa verið reksteinn, og ber hann þess merki að ofan, að lúð hefir verið járn á honum. Hann er mjög svo flatr ofan, enn nokkur laut þvert yfir hann, ekki þó í miðjunni, heldr nær öðrum enda hans. ... þegar ég kom til Fateyjar ... gaf Eyjólfr Jóhannsson, kaupmaður í Flatey ... sleggju allmikla og svo fornlega, að eg hefi enga slíka séð. Hún er ryðbrunninn með pollum og básum og mjög uppbarin í báða enda. Á henni hefir verið nokkurs konar munni í annan endann; er klofið það úr mikið stykki, og þannig var hún er hún fanst. Hún fanst fyrir 20-30 árum nálægt reksteininum, og er það víst um þetta verkfæri, að það er frá fornöld. Báðir steinarnir (steðjasteinninn og reksteinninn) vóru skorðaðir upp með grjóti eða hlaðið undir þá, enn vóru þó farnir að hallast. Frá yfirborði jarðar niðr að gólfi tóftarinnar var fullkomlega 2 álnir. Þessi grjóthleðsla eða afl var hlaupinn sundr, einkum sú hlið, sem til landsuðrsgaflsins vissi, eða þar, sem belgrinn hefði átt að vera. Innri hleðsla gaflsins var og hlaupinn inn og var þannig allr syðri endi tóftarinnar fullr af grjóti, svo að ekkert varð deilt það sundr. Tóftin var enda öll að mestu uppfylt af grjóti, og að eins grjótlaust lítið bil í miðjunni, rétt í kringum steinana, þó einkum milli steinanna og aflsins, eða þverhleðslu þeirra, er áðr er um getið. Útnorðurgafl tóftarinnar var og mjög svo innhlaupinn og tóftin þar í endanum full af grjóti, enn allar ytri hleðslur tóftarinnar alt í kring vóru mjög lítið úr lagi gengnar. Steinana lét eg, eins og áðr segir, færa upp úr tóftinni, og standa þeir nú á grjótbálkinum landsunnanmegin í tóftinni, svo sem á innanverðum aflinum, í líkri afstöðu hvor frá öðrum, eins og þeir stóðu í tóftinni, og eins og þeir hafa upphaflega staðið, og eru þeir þar til sýnis. ... langs með þeirri hlið tóftarinnar, sem frá ánni snýr, virðist hafa verið grjótræsi, því að steinaraðirnar sjást ljóslega."

SSV, 206; KK I, 548; Sigurður Vigfússon: "Rannsóknir á Breiðafirði 1889" Árbók 1893, 5-7; "Skrá um friðlýstar fornaldaleifar í Barðastrandarsýslu" ÁBS, 1950, 67; Bstbók, 69-70; ÁFÍ 1959, 92.

**Ba-093:005** *Smiðjumýrar* heimild býli

"Lambalaut. Smiðjuhnjúkur. Smiðjukleifar. Mörk. Smiðjumýri. Merkurlækur. Smiðjutóft." "Norðan megin Þingmannaárósa er mynni Vatnsdals. Gengur lágur múli með smáhnjúkum fram milli dalanna, er nefnast Smiðjuhnjúkar. Í mynni dalsins eru kleifar, sem heita Smiðjuleifar. ... Í Þingmannaá heitir og Smiðjufljót, neðan við kleifarnar. Vestan undir hnúkunum er flatlent skóglendi með mýrarsundum. Þar í grennd var hið forna býli Smiðjumýrar." Smiðjumýra er ekki getið í JÁM en eru taldar eyðijörð undir Hellu í jarðab. 1805.

Ö-Brjánslækur, 1-2. Ö-Brjánslækur og Moshlíð, 3; Bstbók, 69.

**Ba-093:006** *Vatnsdalsbakkar* heimild býli

1942: "Neðan við vatnið er flatlent skóglendi um einn km. vegar til sjávar. Austan árinnar nefnist það Mörk, en að vestan Eið. Þar stóð áður býlið Vatnsdalsbakkar. Síðast var búið þar seint á 18. öld. - Jón, nefndur skóli, mun þar síðastur hafa búið ..." 1959: "Vestan árinnar kallast Eiði. Þar var um skieð smábýlið Vatnsdalsbakkar." Vatnsdalsbakka er ekki getið í JÁM en eru taldir eyðijörð í jarðab. 1805. "Vatnsdalsbakkar voru byggðir langt fram á 18. öld."

JJ, 180; Bstbók, 66, 71; ÁFÍ 1959, 92.

**Ba-093:007** *Helluhvammur* heimild býli

Kot í Vatnsdal, framar á dalnum en Vatnsdalsbakkar. Helluhvamms er ekki getið í JÁM en er talinn eyðijörð í jarðab. 1805.

JJ, 180

**Ba-093:008** *Uppsalir* heimild býli

1703: "Á millum Fossár og Brjámslækjar hefur verið kot, kallað Vppsaler. Jarðadýrleiki meinast hafa verið V [hdr]. Er kirkjueign frá Brjámslæk. Heyrir til Guðmundi Þorleifssyni. Er í eyði og hefur ei bygst um lx ár. Meinast kynni að byggjast." 1840: "14. Uppsalir fyrir austan Vatnsfjörð lögðust í eyði á seinniparti átjándu aldar." 1942: "Uppsalir eru hjáleiga frá Brjánslæk. Síðast var þar búið um síðustu aldamót." Í Jarðab. 1805 eru Uppsalir taldir með Hellu, JJ, 180

JÁM VI, 269 sbr. JÁM XIII, 173; SSV, 201; Bstbók, 69.

**Ba-093:009** *Fossárhólsvað* heimild vað

"Uppsalahnjúkur er milli Uppsaladals og Þingmannadals. Eftir honum rennur Þingmannaá. Neðarlega í henni er Fossárhólsvað."

Ö-Brjánslækur, 1.

**Ba-093:010** *Lambavað* heimild vað

"Uppsalahnjúkur er milli Uppsaladals og Þingmannadals. Eftir honum rennur Þingmannaá. Neðarlega í henni er Fossárhólsvað. Djúpagil. Lambavað."

Ö-Brjánslækur, 1.

**Ba-093:011** *Gvendarbrunnur* lind vatnsból

"Kippkorn fyrir heiman Heimri-Brunadalsá er uppspretta rétt fyrir ofan veginn undan holtabarði, heitir Gvendarbrunnur. Þar (fyrir neðan) byrjar skógkjarr."

Ö-Brjánslækur, 1.

**Ba-093:012** *Breiðavað* heimild vað

1942: "Nokkuð niður frá vatninu er vað á því, er Breiðavað nefnist, en hvergi annarsstaðar fyrr en langt niðri í dl, og áin hverri skepnu ófær. Um Breiðavað lá fyrrum vegur til þings úr Arnarfirði og Dúrafirði. "Milli Brunadals heimri og Austurárdals eru Þröskuldar. Vatnsdalsá. Frá Lambagiljum fram undir Austurá heitir Austurárhlíð. Austurá. Austurárdalur. Fyrir framan Austurá er Vangur. Vatnsdalsgljúfur. Breiðavað. Horntær."

Bstbók, 70; Ö-Brjánslækur, 2.

**Ba-093:013** *Sönghóll* örnefni huldufólksbústaður

"Niðri í dal rétt fyrir heiman Stóragil er hóll, Sönghóll. Hefir heyrzt söngur í honum."

Ö-Brjánslækur, 2.

**Ba-093:015** *Mörk* heimild kolagröf

"Fyrir botni Vatnsfjarðar er víðlendi nokkurt, vaxið allstórum skógi. Það heitir Mörk. Þangað voru menn séra Sigurðar sendir einu sinni til þess að afla viðarkola. Þeir hjuggu fyrst viðina, en báru síðan til grafar. Síðan er kveikt í, og læsir eldurinn sig þá í viðina, svo að þeir fara að sviðna, en mikinn reyk leggur frá kolagröfinni fram dalinn."

Vestfirzkar sagnir I, 106.

**Ba-093:015** þjóðsaga skrímsli

"Fyrir botni Vatnsfjarðar er víðlendi nokkurt, vaxið allstórum skógi. Það heitir Mörk. Þangað voru menn séra Sigurðar sendir einu sinni til þess að afla viðarkola. Þeir hjuggu fyrst viðina, en báru síðan til grafar. Síðan er kveikt í, og læsir eldurinn sig þá í viðina, svo að þeir fara að sviðna, en mikinn reyk leggur frá kolagröfinni fram dalinn. Nú sjá kolagerðarmennirnir, að einhver ófreskja kemur á móti reyknum, eins og hún vilji læðast til þeirra. Þeir halda, að hún ætli að vinna sér mein, og leizt þeim ekki að bíða. Flýja þeir þá í flýti frá kolagerðinni ... prestur [býst] með mönnum sínum til kolagerðarinnar í Mörkinni og hefir með sér pál eða reku. Er nú kolagerðin undirbúin eins og bezt þykir henta, og þegar þeim undirbúningi er lokið er kveikt í viðnum. Þá stingur prestur rekublaðinu í eldinn, svo að það skuli hitna. ... Eftir nokkurn tíma þykjast kolagerðarmennirnir sjá sömu ókindina, er þeir höfðu séð áður, og verða þeir hræddir sem fyrr. En þá tekur prestur rekuna, sem var í eldinum. Hann getur vel haldið í viðarskaftið á henni, þó blaðið sé orðið rauðheitt. Með þetta vopn veður hann á móti óvætinni og rekur það í hana af öllu afli. En óvættin tekur utan um rauðheitt blaðið með krumlunum og segir: "Þessa átti ég von. Heithentir og harðhentir eru þið Vestfirðingar." Þó hörfar hún undan presti, en hann veitir henni eftir för og eltir hana úr augsýn manna sinna. ... Prestur kom heill á húfi frá viðureign sinni við ófreskju þessa, og ónáðaði hún ekki iftar menn hans við kolagerð." "Talið var, að óvættur þessi ætti heima í svo kölluðum Lambagiljum, sem eru frammi í Vatnsdal austanverðum, hér um bil bæjarleið þangað, sem menn séra Sigurðar hafa verið við kolagerðina."

Vestfirzkar sagnir I, 106-108.

**Ba-093:016** þjóðsaga skrímsli

"Séra Sigurður hafði það fyrir vana, að senda menn sína á fjall á hverju sumri til grastekju. Eitt sumar er þess getið, að þeir skyldu fara í Vatnsdal ... Þegar grasafólkið er ferðbúið, leggur það af stað frá Brjánslæk og ríður sem leið liggur inn með Vatnsfirði, fram Vatnsdal og fram í drög hans. Þar er tjaldið reist fyrir framan svo kallaða Austurá, en hestarnir eru látnir bíta í grasgeirunum nálægt því. ... Ekki hafa menn lengi verið að ... verki, er skessa ein, geysistór vexti, kemur ofan svo nefndan Vang. Gengur hún rakleiðis þangað, sem hestarnir eru, staðnæmist þar litla hríð og virðir þá fyrir sér. Síðan fer hún til eins þeirra, tekur hann á háhest og þrammar af stað með hann. Þegar Oddur sér, hvað tröllkonan hefst að, býður hann fólkinu að fara inn í tjaldið, ná í malpoka sína og fá sér þá. Er þessum boðum þegar hlýtt. En Oddur gengur með föng þessi í veg fyrir skessuna og varpar þeim til hennar. Þá lætur hún hestinn lausan, en tekur það, sem henni var fært, og skálmar síðan með þennan feng sinn upp Vang, sömu leið og hún hafði komið. ... Þegar fólkið er heim komið, segir það presti frá því, er það hafði orðið fyrir á fjallinu, en hann spyr grandgæfilega um stærð skessunnar. Oddur segir, að hún hafi verið svo stór, að meðalmaður hefði getar riðið fullstórum hesti gegnum klofið á henni. Þá segir séra Sigurður: "Þetta hefir verið sú yngri. Sú eldri er þá ekki ferðafær lengur"."

Vestfirzkar sagnir I, 108-109.

**Ba-093:017** heimild vað

1840: "Bezt vað á Vatnsdalsá er rétt fyrir neðan vatnið ..." Oftar mun þó hafa verið farið um fjarðarbotninn sbr Kålund: "Tværs over den inderste del af Vatnsfjorden passeres sædvanlig ved ebbetid, og derefter fører vejen langs fjordens vestkyst ..."

KK I, 548; SSV, 197

**Ba-093:018** heimild vað

1840: "Bezt vað á Vatnsdalsá er rétt fyrir neðan vatnið, á Pennu í hvamminum fyrir utan Hellubæ ..."

SSV, 197

**Ba-093:019** þjóðsaga brú

1877: "Oven for söen [þ.e. Vatnsdalsvatn] skal der over åen, der her löber I et smalt klippeleje, af "fornmenn" være dannet en bro ved at vælte tre store stene tværs over bredderne og give dem et underlag ved den ene side. Man formoder, at herover har tidligere gået en vej fra Vattarnæs langs Glåma (joklen) til Arnar- eller - Dyrefjorden." sbr. 020.

KK I, 548

**Ba-093:020** *Hornatær* heimild leið

1942: "Um Breiðavað lá fyrrum vegur til þings úr Arnarfirði og Dýrafirði. Sér enn glöggt fyrir veginum, er hann vel fær á köflum og vörðubrot hér og hvar. Vegur þessi er kallaður Hornatær eða Hornatáavegur. Hnúkarnir, sem nefndir eru á uppdrætti herforingjaráðsins Hornatær, hétu alls ekki svo, heldur vegurinn, sem lá norðar við hnúkana. Þeir, sem fóru Hornatær, riðu Vatnsdalsá á Breiðavaði. Af þeim vegi var komið ofan í Tröllatungur í Vattardal. Var þannig farið í suðurhjöllum Glámu." 1957: "Forn fjallvegur liggur úr botni Arnarfjarðar, eða nánar til tekið upp frá Dynjandi suður í Múlasveit á Barðaströnd. Vegur þessi nefndist Hornatær. Á korti herforingjaráðsins er þessi leið merkt upp úr Geirþjófsfirði og niður í Penningsdal vestan Vatnsfjarðar á Barðaströnd. En það hafa gamlir menn sagt mér, að það hafi verið kallað "að fara Hornatær", þegar farið var úr Arnarfirði og jafnvel Dýrairði, bak við alla firði og dali, suður í Breiafjarðarsveitir. En leið sú, sem á kortinu er nefnd Hornatær, er enn í dag nefnd Botnsskarð. Hefur það verið tíðfarið til skamms tíma, bæði suður og sunnan, enda leið þessi greiðfær, þótt með hesta sé. Öðru máli er að gegna um Hornatær. Það má segja, að þær séu illfærar með hesta, vegna urða og óteljandi smávatna á hálendinu, milli Dynjandifjalla og Vatnsdalsdraga. Síðast var leið þessi farin með hesta, vorið 1915 ... Lögðu þeir upp frá Dynjandi og komu niður í Vattarfjörð í Múlasveit, eftir 16 tíma ferð á fjallinu."

1959: "Munnmæli eru um það, að áður á öldum hafi verið farið miklu norðar yfir [Þingmanna]heiðina, úr Arnarfirði og Dýrafirði, og komið niður í Tröllatungur í Vattardal. Hafi þetta verið kallað að fara Hornatær eða Hornatáarveg. En engin virðist lengur þekkja þá leið, og nafnið virðist vafasamt á leið um Þingmannaheiði, en kynni að eiga við leið upp úr Suðurfjörðum, ef tindarnir austur af þeim eru rétt nefndir Hornatær, svo sem Þorvaldur Thóroddsen gerir og landabréf sýna." Gísli Vagnsson lýsir leiðinni enn nákvæmar í grein sinni í Hrakningum og heiðavegum

Bstbók, 70; Hrakningar og heiðavegir IV, 162-64; ÁFÍ 1959, 89.

**Ba-093:021** *Breiðaskarð* heimild leið

1942: "Tveir fjallvegir liggja frá Hellu norður í Suðurfjörðu í Arnarfirði: Annar í Trostansfjörð, um Breiðaskarð. Er sú leið vel fær hestum, þótt vegleysa sé. Liggur leiðin yfir Pennu á hættulegu vaði, og foss skammt fyrir neðan. Síðan er farið upp svokallað Tagl milli dalanna. ... Nær þriggja stunda gangur er frá Hellu, hvor leiðin sem farin er."

Bstbók, 71-72.

**Ba-093:022** heimild leið

1942: "Tveir fjallvegir liggja frá Hellu norður í Suðurfjörðu í Arnarfirði: ... Hin leiðin liggur fram Penningsdals upp með Þvergili sunnan Lónfells og Botnshests, beint niður að Botni í Geirþjófsfirði. Leið sú er ófær með hesta, en aldrei farin nema af gangandi mönnum. Nær þriggja stunda gangur er frá Hellu, hvor leiðin sem farin er." 1959: "Um Penningsdal og Þverdal er gamall reiðvegur (Kollagata?) til Geirþjófsfjarðar, yfir efstu drög Norðdals ofan í Vatnahvilft vestan Botnshests, en austan Fjallakolls við Geirþjófsfjörð. Nú er verið að leggja akveg um þessa leið ..."

Bstbók, 71-72; ÁFÍ 1959, 93.

**Ba-093:023** heimild sel

1942: "Í Smjördalstungum átti Hella slægjur og selför. Var gamalt mál, að þar væri svo gott undir bú, að skeifa flyti á rjómatroginu."

Bstbók, 72

## Ba-094 Brjánslækur

30 hdr 1703, kirkjustaður. Fyrst getið 1198. Eyðihjáleigur, Grafarkot og Lækjarkot og Undirtún 1805. Kirkjan átti hálft heimaland og hálfa Engey, einnig á kirkjan sker í sjó sem heitir Lækjarsker. Uppsalir, Hella, Þverá og Moshlíð voru kirkjujarðir Brjánslækarkirkju en Vatnsdalur var talinn heyra beint undir hana 1575 en hefur sennilega upphaflega verið hluti af heimalandi Brjánslækjar. Kirkjurnar í Haga, Miðhlíð og Flatey áttu skógarítök í Vatnsdal og Penningsdal. Eyðikot í Vatnsdal eru talin með Hellu.

1198: "Sighvatur [Sturluson] átti vináttu við Helgu Gyðudóttur. Hún bjó að Brjánslæk. Helga hafði tekið arf eftir Þorstein Gyðuson en Gellir son Þorsteins hafði Flatey af arfinum og bjó hann þar og átti Vigdísi Sturludóttur. Helga hafði búfé fátt en lendur góðar. Sighvatur lagði jafnan stórfé til bús hennar en tók í mót af lendum sem hann vildi og dróst með

því stórfé undir Sighvat." Sturl, 187. Um eða fyrir 1400 seldi Sveinn Brandsson Ara Guðmundssyni hálfan B. og þar með allar Lækjareignir hálfar og hálfan Vatnsdal fyrir 60 hdr. Kona Sveins var Þóra Þorsteinsdóttir en hún og systir hennar Ásdís skilgetnar dætur Þorsteins Halldórssonar erfðu allan B. og Lækjareignir allar eftir hann. Maður Ásdísar, Eyjólfur Halldórsson hafði einnig selt Ara sinn helming í B. ásamt helmingi Lækjareigna og hálfum Vatnsdal fyrir 60 hdr. Vitnisburður frá 13.10.1467 - DI V, 495-96. 1446 er B. fjórða höfuðból Guðmundar Arasonar - DI IV, 688-89. 23.10.1467 fær Ólöf Loptsdóttir í helmingaskipti eftir Björn Þorleifsson ríka, mann sinn, m.a. B. og þær jarðir er þar liggja suður að Skálmarnesi. - DI V, 499-503. Jón Björnsson fær Bjarna Andréssyni B. og aðrar jarðir er þar til liggja 26.3.1508 - DI VIII, 197-98. 1509 er B. með Engey 60 hdr jörð meðal eigna Bjarna Andréssonar sem þá var látinn - DI VIII, 267. 1547 var B. í eyði og dæmir prestadómur Gissur biskup skyldugan að byggja kirkjuhlutann, hálfa jörðina. Sama ár gefur biskup Guðrúnu Björnsdóttur umboð yfir kirkjuhluta á B. - DI XI, 600-601. Guðrún Björnsdóttir gefur Eggerti Hannessyni (syni sínum) upp tilkall sitt til B 13.2.1553 - DI XII, 512-13. Solveig Bjarnardóttir selur Eggerti Hannessyni (systursyni sínum) hálfan B. 10.11.1555 - DI XIII, 88-89. Eggert Hannesson selur Torfa Andréssyni B. fyrir 30 hdr. og þar til Arnórsstaði + 2 kúg fyrir 20 hdr. 2.12.1569 - DI XV, 327-28. Torfi Andrésson selur Magnúsi Jónssyni B. fyrir 30 hdr með Arnþórsstöðum fyrir 18. hdr 14.11.1580 Jarðabréf, 97. 29.4.1617 semja séra Teitur Halldórsson og Bjarni bóndi Björnsson með sér að Teitur "hafði í sinn part af kirkjujörðunum [Mos]Hlíð, en Uppsalaland leggist til beggja jarðanna Þverár og Hellu, en beri þau höpp upp á Uppsalareka, sem landsdrottni með lögum tilheyra, skiptist meðal allra partanna að réttum þriðjunga skiptum." - Jarðabréf, 112. 18.2.1629 selur sr. Jón Sigurðsson Þorleifi Magnússyni 13 hdr í B. og skyldi sá partur vera eign bróður Þorleifs, Jóns Magnússonar. Að auki heimilar sr. Jón, Jóni Magnússyni alla fríða peninga, tolla og tíundir, arð og ábata er hlutanum ber að tiltölu kirkjunnar vegna - Jarðabréf, 120. 16.9.1629 lofar Magnús Arason að svara landskuld af 6 hdr sem hann hafði lofað Birni Bjarnasyni, þegar hann hefur tekið við tveimur hlutum í B. og Arnarstöðum, þangað til þau 6 hdr verða tilsögð Birni - Jarðabréf, 121. 1.11.1646 auglýsir Guðmundur Jónsson að hann eignar sér þriðjung í Brjánslæk með sundurdeildum eignarskiptum á túni og engjum og húsum, og í útjörðum til ristu, stungu, slægna og beitar og þar til eignar hann sínum parti kirkjujörð, Hlíð, með landamerkjum sem lýst er í bréfinu - Jarðabréf, 124. Guðbrandur Magnússon selur Þorleifi Kortssyni tvo parta af og úr B. 25.4.1661 - Jarðabréf, 97, 238. 8.10.1698 fær Guðmundur Þorleifsson tvo parta í B. 20 hdr að kaupahluta, kirkjueign fylgir þar, í arfahlut sinn eftir Þorleif Kortsson - Jarðabréf, 150. Sbr. JÁM XIII, 181. 30.4.1703 er B. 60 hdr jörð, og á Guðmundur Þorleifsson 20 hdr með 20 hdr kirkjuhluta en Árni Guðmundsson á 10 hdr með 10 hdr kirkjuhluta. Af þeim 40 hdr sem Guðmundur hafði með var landskuld 1 hdr í óáskildum aurum og 4 eða 4 1/2 kúgildi. - JÁM XIII, 168-69. 22.6.1703 á Árni Guðmundsson 13 hdr í B er hann hafði erfti eftir föður sinn Guðmund Jónsson. Leigð fyrir 4 kúg og 4 vætta landskuld - JÁM XIII, 219 sbr. 225.

1920: 8,2 ha. garðar 1167 m2 og að auki 740 (?) m2, 1/2 sléttað. 1840: "Beztir landkostajarðir eru bæirnir allir við Vatnsfjörð ... þarabeit er og víða annarsstaðar mikið góð, svo sem á ... Brjánslæk." SSV, 199. 1840: "Hrognkelsi aflast á ... Brjánslæk ... á vorin til fardaga. Þau veiðast í netum ..." SSV, 200. 1840: "Æðarvarp er ... Lítils háttar í skerjum við Engey og dúnn nálægt þrem pundum ... Kríuvarp töluvert í Engey ... Kofnatekja töluverð í Engey, frá 10-14 hundruð." SSV, 201. 1840: "Færikvíar eru á Brjánslæk ... en reynast gagnlitlar. ... Bezt hefur [jarðarræktin] verið stunduð í Litluhlíð og nú allvel á Brjánslæk." SSV, 203. 1840: "Kálgarðarækt hefur bezt verið stunduð í Litluhlíð. Nú líka allvel á Brjánslæk ..." SSV, 204. 1942: "Bærinn stendur spölkorn frá sjó, á sléttu og stóru túni. Er það fremur harðlent. - Neðan við mitt túnið er brekka þvers yfir það. Náði túnið að fornu niður að brekkunni, en neðan við hana var hjáleigan Undirhús. ... Síðustu árin hefir túnið verið ræktað út nær því til sjávar. ... Engjaslægjur eru litlar að Brjánslæk, nema í Engey. Hún er í fjarðarmynninu, fjórðungur viku frá landi. Hefir hún löngum verið talin fóturinn undir jörðinni. Var það gamalt mál, að eyjan skilaði átta kýrfóðrum af töðugæfu heyi í meðalári. Kofnatekja er þar nokkur og mergð af kríu. Lítilsháttar varp er og í flögum kring um Engey, en sjálf er eyjan of hálend fyrir æðarfugl. Nokkurir vorkópar fengust áður inni í firðinum ... Mótak er gott að Brjánslæk, og vel er þar fallið til matjurtaræktar. Fæðihætta er gífurleg og erfitt að sjá við henni." Bstbók, 72-73. 1959: "Að Brjánslæk er allvítt milli fjalls og fjöru, og land vel gróið. ... Jörðin á allmikið og gott heimaland, en auk þess land milli smájarðanna á báða bóga og allan Vatnsdal. Henni tilheyrir því mikið og gott beitiland." ÁFÍ 1959, 96.

**Ba-094:001** *Brjánslækur* bæjarhóll bústaður
1840: "Bæir bezt húsaðir eru Brjánslækur ..."
Túnakort 1920; SSV, 203.

**Ba-094:002** heimild kirkja
Brjánslækur (VB) -Gregoríusi, Maríu
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 13
1363: Briannslækur.
Kirkia hinns heilaga gregorius ad Brianslæk ä heima land halft oc halua eingey. Sex kýr. hundrad frijtt. krossar

iij. mariu skript. messuklædi. alltarklædi tuo. kluckur. ij. oc bialla. fonntz vmmbunijngur. glodaker. elldberi. refill og merki. þanngad liggia vnndir xv bæir ad tijunndum oc lysitollum. þar liggur [til] prestzskylld oc luca honum fiorar merkur krakur og abreidsl. fiorttan hunndrud j kirkiu tyund reiknnad þa er herra þorarinn biskup kom j fyrstu sinni visitatione anno domini M°. ccc°. lx°. iij°. Máld DI III 194

[1394]: XI. Kirkia hins h[eilaga] Gregorii ä Brämslæk ä heimaland hälfft og hälfa Eingey. les Vilkinsbok; Hítardalsbók DI III 775

1397: a heimaland halftt oc halfa Eingey. Þangad liggia vnder xv bæer ad tiundumm oc lysitollumm Þar liggur prestskylld og lvka honum iiij merkur portio oreiknud vmm xvij är; Máld DI IV 151

1532: Máld DI IX 644-645

1575: LIV. Briamslækur.

Kirkian ä Briamslæk ä heimaland hälfft. Eingey. Jtem jardernar Hlijd og Thuerä. onnur fyrer .x. aura leigd. enn onnur fyrer .iiij. ærgillde. halffann peningsdal. Vppsale og allann Vatzdal med skoge og Haga nedann frä Eidsaä og Thijngmannaä og framm ä Gielldneytatungur. so langt sem skoge er vaxid vtann skog I Hniotum I millum Thijngmannaär og Lambagilia er kirkiann I Haga ä. Jtem ä kirkian selveide alla med ollum fiorugiædum ä Eide fyrer jnnann Skälmanes millum Sandvijkurness og Kiellingartanga. Jtem kirkiuskier tuo. thangad liggia vnder .xij. Bæer ad tijundum og Lysetollum. thar liggur til ein prestsskyllda og luka honum .iiij. merkur kaups. Jtem ä kirkian sex mälnytu kugillde. Jtem jnnann kirkiu .ij. messuklædi. eitt alltarisklæde. eirn silffur kaleikur. ij. koparpijpur storar ä alltare. eitt glodarkier. ein klucka og korbialla. eirn lijtill koparhialmur. Jtem steint tialld yffer alltare. eirn skrudastockur og eirn järnkall. Jtem fastagotz hundrad hundrada. Lxxxc. og ijc.

1.5.1703: Kirkjan að Brjánslæk á Barðaströnd, yfir hvörri ég [Guðmundur Þorleifsson] forsjón hefi að tveim hlutum, en Árni Guðmundsson að einum parti, því hann er eignarmaður þriðjungs bóndaeignarinnar í þeirri jörðu, og ber hönum þar fyrir að svara. Hún á í föstu hálft heimaland, reiknað 20c, byggist nú 60 álnum með 2 kúgildum, óáskilinn eyrir. Þar eð fylgir hálf Engey. Item á hún Þverá, nú í eyði og fæst ei byggð. Byggðist áður með 60 álna landskuld og kúgildi 4. Einnin á hún Uppsali, hálfan Peningsdal og allan Vatnsdal (eru hagabeitarlönd, en ei byggð lönd) með skógi og haga neðan frá Eiðsá og Þingmannaá og fram á Geldneytatungur so langt sem skógi er vaxið. Item á hún selveiði alla með öllum fjörugæðum á Eiði fyrir innan Skálmarnes millum Sandvíkurness og Kellingartanga, item Kirkjusker tvö. Svo meina ég hana eiga hálft heimaland, er Árni Guðmundsson hönd á hefur, reiknast 10c, hvað byggist veit ég ei. Svo og jörðina Hlíð, undir hans hendi, hvað dýr eður byggist veit ég ekki. Í fríðu á kirkjan 6 málnytukúgildi. Innan sig á hún 1 messuklæði gömul, 1 slopp og fornan, 2 altarisklæði með 2ur yfirdúkum af lérefti, 1 silfurkaleik með pátínu, 2 kaleiksdúka, 2 koparp´pur gamlar, aðrar nýrri, 1 koparhjálm með 6 liljum, sacraríum munnlaug af messing, 1 klukku, litla kórbjöllu, 1 baksturjárn, 1 klukka rifin, 2 grallara, annar rotinn, 1 járnkall. Annað veit ég ei þessa kirkju fémætt eiga. Hefi eg henni forsjón veitt í 17 ár og látið hana að viðum og veggjum endurbæta. Þangað liggja til kirkjusóknar þessir bæir: Hamar 20c, Hvammur 15c, Rauðsdalur 24c, annar Rauðsdalur 18c, Arnórsstaðir 18c, Hlíð, kirkjujörð, staðurinn sjálfur bóndaeign, 30c, Þverá, kirkjujörð í eyði, Uppsalir, kirkjujörð, langvarandi í eyði. Fossá 24c, Hamar 6c, Haugur 24c, Auðnir 6c. -

JÁM XIII, 173; Túnakort 1920; Máld. DI XV 585-586.

**Ba-094:003** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-094:004** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-094:005** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-094:006** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-094:007** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-094:008** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-094:009** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-094:010** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-094:011** *Grafarkot* heimild býli

"Hjáleigur hafa þar verið í landinu: Grafarkot, fyrir innan ána. Lækjarkot í undirtúninu. Báðar fyrir löngu í eyði. Kunna ei byggjast fyrir utan jarðarinnar skaða, sökum landþrengsla."

JÁM VI, 270.

**Ba-094:012** *Lækjarkot* heimild býli

"Hjáleigur hafa þar verið í landinu: Grafarkot, fyrir innan ána. Lækjarkot í undirtúninu. Báðar fyrir löngu í eyði. Kunna ei byggjast fyrir utan jarðarinnar skaða, sökum landþrengsla."

JÁM VI, 270.

**Ba-094:013** *Þrælavogur* örnefni

"Þá er haldið frá Þverá með sjó út að Læk. Skarð í kletta fyrir utan Þverá heitir Skarð. Þar fram af í sjó er Skarðtangi. Skammt þar fyrir utan er Djúpilækur. Þar fyrir utan og framan eru tveir hólmar, Tvíhólmar. Þar fyrir utan er djúpur vogur, heitir Þrælavogur."

Ö-Brjánslækur, 4

**Ba-094:014** *Hlóðabrekkur* örnefni

"Upp og út af því [Grasskeri] er Gíslalækur. Inn af Gíslalæk og inn undir Grenjadalsá eru hjallar, heita Hlóðabrekkur."

Ö-Brjánslækur, 3.

**Ba-094:015** *Stekkjatún* heimild stekkur

"Þá er haldið frá Þverá með sjó út að Læk. Skarð í kletta fyrir utan Þverá heitir Skarð. Þar fram af í sjó er Skarðtangi. Skammt þar fyrir utan er Djúpilækur. Þar fyrir utan og framan eru tveir hólmar, Tvíhólmar. Þar fyrir utan er djúpur vogur, heitir Þrælavogur. Út og upp af honum er Stekkur og kringum hann Stekkjartún."

Ekki ljóst hvort þetta tilheyrir Þverá eða Brjánslæk.

Ö-Brjánslækur, 4.

**Ba-094:016** *Flókatóftir* tóftir **Friðlýstar minjar**

"Þeir Flóki sigldu vestr yfir Breiðafjorð ok toku þar land, sem heitir Vatsfjorðr við Barðastrond ... Þeir fóru brott um sumarit ok urðu síðbúnir. Þar sér enn skálatópt þeira inn frá Brjánslæk ok svá hrófit ok svá seyði þeira." Ldnb. Hauksb. 5.

1840: " En fornar húsatóttir standa niður við sjóinn á Brjánslæk, við Lækjará, sem nefndar eru Flókatóttir af manni þeim, er nafnið gaf landinu."

1877: "Tomter fra Flokes tid vil man endnu påvise inden for Brjånslæk nede ved söen. Tæt inden for (c: nord for) gården Brjånslæk falder en lille å Lækjarå gennem en smal dal ned fra fjældene; omkring den nederste löb udvider underlandet sig til en smuk grönlig lille slette eller liskråning, hvori præstegården står noget fra söen. Inden for åen, nede ved söen, findes på en jævn græsflade en del gamle tomter, almindelig benævnte Flókatóptir. De ere 4-5 i tallet, men til dels temlig uklare; nærmest söern står en lille firkantet tomt kun et par favne lang; noget höjere, skrås ind fra denne, er et par langagtig-spidse under en vinkel sammenstödende tomter, som man måske snarest kunde anse for "naust", hvis de ikke lå forholdsvis langt fra kysten; endnu lidt længere inde (mod nord), men ikke slet så höjt oppe, er to sammenbyggede tomter, hver omtrent 4 fv. I diam., med åbning ned imod kysten. Hovedtomten er en langagtig firkantet tomt (9 fv. lang) stående noget oven for de andre og nordligere end disse; den ligger fra öst til vest, og indgangen har rimeligvis været med öst, ned mod kysten. Også et næs, Hrófsnes, findes her, men det ligger rigtignok på den anden side åen, hvor den almindelige landingsplads er."

1893: "Fyrir innan svo kallaða Brjánslækjará, sem rennr niðr með túninu á Brjánslæk að innanverðu, gengr fram í sjóinn dálítill klettahöfði fallegr. Inn af honum myndast fögr vík, með því að klettatangi gengr fram að norðanverðu. Upp af vík þessari og alt umhverfis hana eru eggsléttar og beinharðar grundir, enn í suðvestr upp af grundinni er klettahæð mikil. Svo sem mitt á milli sjávarmálsins og hennar er tóft (1.) afar mikil og fornleg með ákaflega digrum og útflöttum veggjum. Hún er 52-53 fet á lengd, utanmáls. Tóftin skiftist í tvent með millivegg, sem engar dyr eru á, og er syðri hlutinn 30 fet á miðjan millivegginn, enn sá nyðri 23 fet. Tvennar dyr hafa auðsjáanlega verið á tóftinni út úr þeim hliðarvegg, sem að sjónum snýr, og eru þær sín hvoru megin við millivegginn. Breidd tóftarinnar er 33 fet. ... Í miðjum norðrhluta tóftarinnar eru eins og upphækkaðar þúfur, enn hvort hér hefir verið bygðr síðar einhver kumbaldi eða þetta hefir sprungið frá aðalveggnum verðr ekki sagt með vissu.

Litlu utar og ofar enn hin áðr nefnda tóft og beint upp af klettahöfðanum er tópt (2), sem snýr í norðr og suðr. Hún er 41 fet á lengd, enn um 18 fet á breidd, að því er mælt verðr. Dyr eru út úr nyðri gafli tóftarinnar, enn sést þó ekki fyrir neinum kömpum, því að líkara er að hún sé opinn í endann. Upp í eystra hliðarvegg á þessari tóft er önnur tóft (3.) og liggur hún svo sem á ská upp í hliðarvegginn. Hún er um 27 fet á lengd. Breidd tóftarinnar verðr eigi með vísu mæld. með því að veggr hennar hinn vestri hefir fallið saman við vegg hinnar tóftarinnar (2.), og er þannig eins og upphækkaðr grasgeiri milli tóftanna. Í báðum þessum tóftum 2. og 3. sést glögglega fyrir grjóthleðslu að innan. Lögun beggja tóftanna er að kalla

má hin sama. Þær eru báðar mjög fornlegar og útflattar. Mitt á milli hinna síðasttöldu tófta og klettahöfðans, þar á grundinni, um 7 faðma frá sjávarmáli, er lítil tóftarmynd (4.), er virðist hafa verið nær ferskeytt í lögun. Hún er ákaflega niðrsokkin og útflött, og er um 19 fet á hinn lengra veg, utanmáls, en 16 fet á hinn. ... Ef nokkuð mætti um dyr tala, þá virðast þær hafa vitað í norðr við austurvegginn, enda ekki ómögulegt, að hann hafi náð nokkuð fram fyrir dyrnar, svo sem eins og skjólkampr. ... Beint upp af miðri víkinni, um 24 faðma frá læðarmáli, innar eða norðar enn allar hinar áður töldu tóftirnar, er tóft (5.) ákaflega mikil og fornleg. Hún snýr beint ofan að sjónum og nær alt upp að hinni áðrtöldu klettahæð innanverðri. Tóftin er nú, að því er mælt verðr, 73 fet á lengd, innanmáls, þegar með er talið það, sem eg hygg þann enda tóftarinnar vera innhlaupinn, sem snýr upp að klettahæðinni ... Tóftin er opin í þann endann, sem að sjónum snýr, og smá lækka veggjaendarnir, þegar fram dregst, unz þeir verða ekki lengr deildir frá grundinni. Nyrðri veggr tóftarinnar er svo lágr og niðrsokkinn, sem mest má verða, enn sést þó glöggt fyrir honum að innan þannig, að öll þessi tóft sýnist hafa verið niðrgrafin, og í þeim vegg sést ekki fyrir neinum steini upp úr. Þar á móti er syðri veggr tóftarinnar miklu hærri, hryggmyndaðr og digr ákaflega, svo að þegar mælt er þvert yfir hann, er hann 15 fet. Ofan eftir öllum þessum vegg miðjum eða hrygg hans sést fyrir miklu grjóti. Fyrir sunnan þessa tóft sýnist hafa verið önnur tóft (6.), og þá þessi mikli veggr hliðveggr undir báðum tóftunum 5. og 6. Þessi tóft (6.) sýnist ekki hafa náð eins langt upp undir grjóthæðina eins og hin (5.) með því að endi tóftarinnar (6) eða gaflinn ; sem er ákaflega fyrirferðamikill, virðist hafa verið laus frá klettahæðinni. Hvað hinum syðra hliðvegg þessarar tóftar (6.) viðvíkr, þá er hann orðinn mjög óglöggr, og alla vega úr lagi genginn, með því að mjög mikil og löng stekkjartóft hefir á síðari tímum verið bygð ofan í hliðvegg þessarar tóftar (6.), eða nokkurs hluta hans, og efni í stekkjartóftina, bæði grjót og jörð hefir verið tekið úr þessum hliðarvegg ... Þessi síðartalda tóft (6) hefir að minsta kosti verið 55 fet á lengd, utanmáls, eftir því sem hún kemr nú fyrir sjónir. ... Ég hef þá fundið hér í alls 6 tóftir, og eru þær allar kallaðar einu nafni enn í dag "Flókatóftir"...." "Þar fyrir utan [013] niður við sjó eru Flókatóftir."

"Flókatóftir, svo nefndar; þær eru 6 sunnan á sljettri grund við vík eina fyrir innan Brjánslækjará." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 34. 1942: "Á Flókatóftum er nú nýbýli og heitir Flókagrund."

Þorsteinn Erlingsson ferðaðist um Ísland sumarið 1895 og skoðaði fornleifar til að finna samanburðarefni fyrir rannsóknir á minjum eftir veru norrænna manna í Nýja heiminum. Hann skoðið m.a. naust á Hrafnseyri sem hann taldi vera frá 13. öld, en þar sem Leifur Eiríksson hefði verið í svipaðri stöðu á Vínlandi og Hrafna-Flóki er hann kom til Íslands gerði hann einnig rannsókn á naustinu á Flókatóftum: "[The ruins] are situated on the western side of the fjord, 45 m. from the sea. Above and west of the ruins there is a rocky hill, from [87] which the photograph (Plate XLII.) is taken. The grassy hollow in the middle ground is the ruin. A heap of rocks by the shore and the sea is seen in the background (cf. Vigfússon's description, Árbók 1893, p.g, ff). Plate XLIII. shows the ground plan. The naust itself (a) was only 18.30 m. long, according to my measurement, but was probably originally about 21.35 m. The walls could now only be traced to lines kk. The rest was invisible, but to judge by the ridge a short continuation was probable (perhaps 3.05 to 4.27 m). Breadth 6.10 m. Wall b is of earth, and was 4 ft. high inside, but as the naust for [88] the greater part was dug into the ground, the top of the walls has only been slightly raised above ground. Gable wall I joins one side of the rock-hill j. The partition wall c was 2.44 m broad and 1.52 m. high on the side turning to the naust. It was built of stones, with thin layers of earth between. d must be Flóki's skáli. Its length only could be ascertained, 14.64 m. including wall e, f. The four walls, e, f, g, h, are uncertain, but it was evidently built of stones throughout (perhaps with earth between). Line qq is a section of the undisturbed earth, and line xx the same section after digging the naust. The open end of the naust, which never had any wall, turns to the sea, east ... (N.B. - The height of seqtion qq answers completely to the breadth of the ruin opposite. l is the skáli, m the partition wall, n the naust bottom, o the outer north wall, c and b show the height of the walls, and þ the bottom after being dug out.)"

ÍF I, 39; SSV, 206; KK I, 549; Sigurður Vigfússon: "Rannsóknir í Breiðafirði 1889" Árbók 1893, 9-11; Ö-Brjánslækur, 4; Bstbók, 72; Ö-Brjánslækur og Moshlíð, 2; ÞE Ruins of the Saga time, 85-88

**Ba-094:017** *Lækjarheiðarvegur* vegur leið

1840: "Lækjarheiði milli Brjánslækjar og Trostansfjarðar ... hér um bil hálf [þingmannaleið]."

1877: "Lækjarhedevejen ... förer fra Brjånslæk mod nord til en af Arnarfjordens bifjorde Trostansfjorden og er vel omtrent tre mile lang. Fra Brjånslæk er opstigningen endda ikke så besværlig; en kort tid glædes man ved den ... smukke udsigt til Hagavadal, derefter har man kun til alle sider hede. Denne taber snart al vegetation, men er ret ejendommelig bölgeformig med en mængde kedelformige fordybninger, nogle fyldte med småsöer og kær, endre törre, atter andre med snedriver I bunden eller langs skråningerne, ad hvilke man rider. Den utydelige vej forsvinder hyppig mellem sten og klippebrokker, hist og her, hvor der er jævnere flader, kommer en igen til syne. Efterhånden udformes hedesænkningen, man fölger, til et skard eller jævnt pas, og pludselig viser flere af Arnarfjordens fresmspringende trapfjælde deres toppe. / Efterhånden som man kommer frem hvor nedstigningen til det egenlige Trostansfjords-skard begynder, viser en ganske ejendommelig alpeudsigt sig. Næsten af form og stejlhed som en bölgeformig rutschbane strækker den smalle klöft, ad hvilken nedstigningen foregår, sig ned mod Trostansfjorden. på bægge sider omgiven af stejle ud mod fjorden löbende

trapfjælde; det synes, som skulde man rutsche ned I selve den lille fjord, over for hvilken der hæver sig lige så stejle fjældvægge, som dem, den indesluttes af. Ad den smalle utydelige sti glides mellem sten og skærver ned ad, ofte så stejlt, at man næsten får den glidende hest, som man må trække efter sig, I ryggen, - ned, næsten lodret, med den store Arnarfjord for sine födder og dens lodrette fjældmure lige for öjnene, så at man samtidig nyder udsigten over et af de stolteste fjældpartier som Island har at opvise." "Upp með Hestmúla að innan er Lækjarheiðarvegur."

SSV, 202; KK I, 553; Ö-Brjánslækur, 4.

**Ba-094:018** tóft

"Niður af Lækjardal renna gil ofan í Lækjará að vestan, heita Miðgil, sem er nokkuð fyrir heiman Surtsbrandsgil, heimar er Heimstagil eða Yztagil. Kinn fyrir utan gilin heitir Fagrakinn. Fyrir neðan hana er stór steinn, heitir Stóri Grásteinn, þar tóftir." "Haldið er, að þar hafi verið lausamannsbýli, þurrabúð. Litli-Grásteinn."

Ö-Brjánslækur, 5. Ö-Brjánslækur og Moshlíð, 2.

**Ba-094:019** *Torflág* örnefni rista

"Fyrir utan og ofan Lækjartún er mýri, heitir Gormur. Upp af honum eru hólar, heita Skelhólar. Niður af þeim er laut, heitir Torflág."

Ö-Brjánslækur, 5.

**Ba-094:020** *Lækjarrétt* heimild rétt

1840: "Rétt er á Brjánslæk, ..." "Nes rétt fyrir utan Lækjará heitir Hrófsnes. Þar rétt fyrir utan eru Sjávarhólar. Fyrir utan þá rennur til sjávar Lækjarkrókur. ... Fyrir utan Krók er Lækjarfit. Hún nær út að Hömrum. Undir þeim er skilarétt, Lækjarrétt."

SSV, 200; Ö-Brjánslækur, 5.

**Ba-094:021** *Fjóshóll* örnefni

"Brjánslækjartún. Undirtún. Bogavöllur. Bjarnavöllur. Fjóshóll."

Ö-Brjánslækur og Moshlíð, 1.

**Ba-094:022** *Vörðuhólmi* örnefni

"Á Vatnsfirði fram undan Brjánslæk er Engey; örnefni á henni. Borgir. Svíri. Fótur. Bolavogur. Eiði. Eiðisvogur. Vörðuhólmi."

Ö-Brjánslækur og Moshlíð, 3.

**Ba-094:023** *Hrófsnes* örnefni naust

1877: "Også et næs, Hrófsnes, findes her, men det ligger rigtignok på den anden side åen, hvor den almindelige landingsplads er." "Nes rétt fyrir utan Lækjará heitir Hrófsnes. Þar rétt fyrir utan eru Sjávarhólar."

KK I, 549; Ö-Brjánslækur, 5.

**Ba-094:024** *Undirhús* heimild býli

1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: ... 13. Undirtún í Brjánslækjartúni, óbyggt síðan 1811." "Neðan við mitt tún er brekka þvert yfir það. Náði túnið að fornu niður að brekkunni, en neðan við hana var hjáleigan Undirhús. Er hún nú fyrir löngu lögð til heimajarðarinnar, og fjárhús komið þar sem bærinn var." Undirtún var í byggð 1805 en er ekki nefnt í öðrum jarðabókum - JJ, 180 og hefur sennilega fyrst byggst eftir 1760.

SSV, 201; Bstbók, 72-73.

**Ba-094:025** kuml legstaður

"Um síðustu aldamót fann Snæbjörn Kristjánsson í Hergilsey tvö kuml á Brjánslæk, þar sem heitir Þrælavogur, rétt hjá Flókagrundinni. Á nesi milli vogsins og grundarinnar voru tvær uppmjóar þúfur, nokkuð blásnar, og sá í grjót sums staðar. Stærra kumlið rannsakaði Snæbjörn. Snéri það "frá auðstri til vesturs, þvert á móti því, sem nú er grafið í kirkjugörðum", þ.e. höfuð beinagrindar þeirrar, sem var í kumlinu, hefur snúið í austur. Stór hella var yfir brjóstinu, og nam hún á báða vegu "fulla alin og beit þannig fast út í hleðslurnar, en hellurnar til höfða og fóta námu mér (þ.e. Snæbirni") í hné og miðja kálfa". Leifar af áreftri sáust. Snæbjörn talat hér sem oftar um "steinkistu" og árefti" sem sjálfsagðan hlut. Slíkt er þó óþekkt í öðrum íslenzkum kumlum, enda rannsókn hans frumstæð. Ekki virðist grunlaust, að þannig hafi Snæbjörn talið fornt kuml eiga að vera og sú skoðum litað lýsingar hans á því sem hann fann. Beinagrind mannsins var mjög fúin. Ryðrönd lá niður með henni hægra megin. Vottur af birkikolum sást á botninum; "hef ég ekki fundið viðarkol í dysjum nema sumstaðar," segir Snæbjörn. Kuml þetta hefur ekki skýr heiðin einkenni, en ryðröndin bendir þó til, að eitthvert vopn hafi verið í gröfinni, og því er kumlið talið með hér."

KEKH, 88.

**Ba-094:026** kuml legstaður

"Um síðustu aldamót fann Snæbjörn Kristjánsson í Hergilsey tvö kuml á Brjánslæk, þar sem heitir Þrælavogur, rétt hjá

Flókagrundinni. Á nesi milli vogsins og grundarinnar voru tvær uppmjóar þúfur, nokkuð blásnar, og sá í grjót sums staðar. Stærra kumlið rannsakaði Snæbjörn. ... Hitt kumlið var minna, og sem barnsgröf væri. Snæbjörn hreyfði það ekki."

KEKH, 88-89.

**Ba-094:027** *Vatnsfjarðar-Dísa* þjóðsaga draugur

"Einu sinni þegar séra Sigurður var prestur á Brjánslæk bar það við, að kona nokkur datt ofan um ís á Vatnsfirði og drukknaði. Í lifanda lífi hafði kona þessi verið illa þokkaður umrenningur. Eftir dauða sinn varð hún enn ver þokkuð, því að undireins og hún dó, fór að bera á reimleika á Brjánslæk, og var henni kennt um. Hún sást ganga í ljósum logum á staðnum og gerði fólki þar ýmsar glettur. Var draugur þessi kallaður Vatnsfjarðar-Dísa ... Reimleiki þessi hafði þau áhrif á eina vinnukonuna að hún varð brjáluð. Var talið, að andi Vatnsfjarðar-Dísu hefði farið ofan í stúlkuna."

"Einu sinni, þegar séra Sigurður söng tíðir á Brjánslæk, lætur hann tvo menn halda stúlkunni allan messutímann rétt hjá predikunarstólnum. Í messugerðinni biður prestur heitt og innilega fyrir sjúklingnum, að hinn illi andi megi frá honum víkja. Undir þessari bæn engdist stúlkan sundur og saman, eins og hún tæki út þjáningar miklar. Loksins þóttust menn sjá svarta flugu koma upp úr henni, og líður stúlkan þá í ómegin."

Vestfirzkar sagnir I, 102-103.

**Ba-094:028** *Surtarbrandsgil* náma

1840: "... surtarbrandur finnst hér í Brjánslækjarlandi, í svo nefndu Surtarbrandsgili, skammt fyrir ofan Brjánslæk. Eru þar eitt eða tvö lög af honum undir háu bergi, sem grjót hrynur úr. Þar hefur hann verið sprengdur fram með járnum og stundum sviðinn til kola, og stundum brúkaður ósviðinn." 1877: "I en senere tid er Brjánslæk bleven bekendt af, at der I fjældet oven for gården findes den såkaldte surtarbrand hovedsagelig I to lag, som af og til er bleven benyttet til brændsel (se I övrigt E.O. I, 412)." 1942: "Í Lækjardal er surtarbrandur í Surtarbrandsgili."

SSV, 194; KK I, 550; Bstbók, 73.

**Ba-094:029** garðlag

1840: "Garðlög sjást á Brjánslæk, utan við þann gamla túngarð, eins og á mörgum stærri bæjum, til hvers hlaðinn, veit ég ekki með vissu."

SSV, 206.

**Ba-094:030** *Þrælatröð* heimild

1840: "Þrælatröð heitir þar og spottakorn frá túninu. Þar er grjótgirðing í ferhyrning, stendur á mel, niður fallin að utan. Ekki er hún í neinu skjóli fyrir köldustu átt. Hún er hér um bil 20 faðma í hvert horn að innan."

SSV, 206.

## Ba-095 Þverá

6 hdr. 1703. Brjánslækjarkirkjueign. Í byggð fram yfir miðja 19. öld en komin í eyði 1877 (KK I, 548). "Kot þetta var oftast í ábúð fram undir síðustu aldamót." Bstbók, 72 sbr. ÁFÍ 1959, 94.

1446 er Þ. 12 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Brjánslæk og fylgdu þar 3 kúgildi - DI IV, 688-89. 29.4.1617 semja séra Teitur Halldórsson og Bjarni bóndi Björnsson með sér að Teitur "hafði í sinn part af kirkjujörðunum [Mos]Hlíð, en Uppsalaland leggist til beggja jarðanna Þverár og Hellu, en beri þau höpp upp á Uppsalareka, sem landsdrottni með lögum tilheyra, skiptist meðal allra partanna að réttum þriðjunga skiptum." - Jarðabréf, 112. 1.5.1703 var jörðin í eyði og fæst ei byggð - byggðist áður með 60 álna landskuld og 4 úgildum - JÁM XIII, 173.

Túnakort ekki til. 1840: "Beztir landkostajarðir eru bæirnir allir við Vatnsfjörð ..." SSV, 199. 1942: "Túnblettur er þar grasgefinn og liggur vel við sól." Bstbók, 72.

**Ba-095:001** *Þverá* bæjarstæði býli

Túnakort ekki til.

**Ba-095:002** heimild stekkur

"Heiman til í Þverárdal er Stekkur."

Ö-Brjánslækur, 4.

## Ba-096 Moshlíð

6 hdr 1703, Brjánslækjarkirkjueign, kallast Hlíð 1703. Í eyði.

1446 er M. 12 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Brjánslæk og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 688-89. 1509 er M. 16 hdr jörð meðal eigna Bjarna Andréssonar sem þá var látinn - DI VIII, 267. 29.4.1617 semja séra Teitur Halldórsson og Bjarni bóndi Björnsson með sér að Teitur "hafði í sinn part af kirkjujörðunum [Mos]Hlíð, ..." -

Jarðabréf, 112. 1.11.1646 auglýsir Guðmundur Jónsson að hann eignar sér þriðjung í Brjánslæk og útjörðum og þar til eignar hann sínum parti kirkjujörð, með landamerkjum sem lýt er í bréfinu - Jarðabréf, 124. 27.6.1703 er M. 6 hdr. kirkjujörð meðal eigna Árna Guðmundssonar sem hann hafði erft eftir föður sinn Guðmund Jónsson, leigð fyrir 4 vættir í landsk og með 4 kúgildum, hvar af eitt var burtskikkað til Girðis. Landsk. svarast í landaurum - JÁM XIII, 225.

1920: 2,8 ha. garðar 1858 m2, 1/3 sléttað. 1840: "Beztir landkostajarðir eru bæirnir allir við Vatnsfjörð ..." SSV, 199. 1942: "...lítil jörð en notagóð ..." Bstbók, 73. 1959: "Þar er einna breiðast undirlendið og láglent með sjónum ... Ræktunarskilyrði eru hér ágæt ..." ÁFÍ 1959, 98.

**Ba-096:001** *Moshlíð* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-096:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-096:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-096:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-096:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-096:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-096:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-096:008** *Hesthúshóll* örnefni hesthús
"Örnefni í Moshlíðartúni. Bólbrekka. Aukatún. Fjósalækur. Hesthúshóll." Hugsanlega sama og 002-007
Ö-Brjánslækur, 6.
**Ba-096:009** *Fjósalækur* örnefni fjós
"Örnefni í Moshlíðartúni. Bólbrekka. Aukatún. Fjósalækur. Hesthúshóll." Hugsanlega sama og 002-007
Ö-Brjánslækur, 6.
**Ba-096:010** *Bólbrekka* örnefni kvíar
"Örnefni í Moshlíðartúni. Bólbrekka. Aukatún. Fjósalækur. Hesthúshóll."
Ö-Brjánslækur, 6.

## Ba-097 Arnórstaðir

18 hdr. 1703. Bændaeign. Bærinn færður um 1880.

1446 er A. 18 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Brjánslæk og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 688-89. 1509 er A. 20 hdr jörð meðal eigna Bjarna Andréssonar sem þá var látinn - DI VIII, 267. 1547 uppgefur Kristín Ormsdóttir Sölmundi Erlingssyni 10 hdr í A. fyrir þann jarðarpart sem Erlingur Gíslason sálugi (sýslumaður) hafði arfleitt Sölmund að. Ennfremur gefur hún honum þau 8 hdr. sem jörðin var dýrari - DI XI, 594-95. 7.10.1554 selur Sölmundur Erlingsson Eggert Hannessyni A. fyrir 18 hdr - DI XII, 765-66. 2.12.1569 selur Eggert Hannesson Torfa Andréssyni Brjánslæk og þar til Arnórsstaði og tvö kúgildi fyrir 20 hdr - DI XV, 327-28. 14.11.1580 selur Torfi Andrésson Magnúsi Jónssyni Brjánslæk og þar með A. fyrir 18 hdr - Jarðabréf, 97. 25.4.1661 selur Guðbrandur Magnússon Þorleifi Kortsyni A. fyrir 18 hdr. - Jarðabréf, 99. 30.4.1703 er A. 18 hdr jörð, með 100 álna landskuld í óskyldum aurum og fjórum kúgildum, meðal erfðajarða Guðmundar Þorleifssonar. - JÁM XIII, 169 sbr. JÁM XIII, 181-82.

1920: 2,8 ha. garðar 831 m2 1/3 sléttað. 1840: "Heyskapur mestur í ... Arnórsstöðum ... Undir skriðuáföllum liggja Hvammur einkanlega, líka að nokkru leyti Arnórsstaðir ..." SSV, 199. 1942: "Tún er allstórt og sæmilega grasgefið. Hætt er þar við skriðuföllum, er oft hafa gert skaða, einkum á túni." Bstbók, 73.

**Ba-097:001** *Arnórsstaðir* bæjarhóll bústaður
"Um 1880 kvað svo mikið að þessu [skriðum], að bærinn var færður niður á sjávarbakkann, en stóð áður undir fjallinu. Skriða hafði þá hlaupið á bæinn, brotið hann að einhverju leyti og eitthvað af peningshúsum."
Bstbók, 73-74.

**Ba-097:002** bæjarstæði bú、staður

"Um 1880 kvað svo mikið að þessu [skriðum], að bærinn var færður niður á sjávarbakkann, en stóð áður undir fjallinu."
Túnakort 1920; Bstbók, 73.

**Ba-097:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-097:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-097:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-097:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-097:007** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-097:008** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-097:009** *Varða* örnefni

"Fjallið fyrir ofan Arnórsstaðaland heitir Arnórsstaðafjall. Niður undan Kerlingum eru Kerlingateigar. Þar fyrir neðan eru hvammar, heita Dýjahvammar. Þeir ná ofan að grundinni sem desin eru á og heitir Desjagruns. Þar skammt fyriri utan er Stóraskriða og Stóragil. Á Stóruskriðu niður við sjó er Varða."
Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 1-2.

**Ba-097:010** heimild stekkur

"Þar fyrir utan [008] er stekkur."
Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 2.

**Ba-097:011** *Vör* heimild lending

"Höldum út með sjónum. Kippkorn fyrir utan Lambanes er stakur klettur rétt fyrir ofan fjöru, heitir Dvergur. Beint þar fram af í sjó er annar klettur, heitir Dvergur. Þar fyrir utan er Vör. Þar er lending fyrir Arnórsstaði."
Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 2.

**Ba-097:012** *Stekkjarhvolf* örnefni stekkur

"Upp af innri bænum er hvolf, heitir Stekkjarhvolf."
Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 2.

**Ba-097:013** garðlag túngarður

"Efst í Ytratúni girt stykki með gömlum grjótgarði, heitir Fótur."
Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 2.

**Ba-097:014** *Kofahvolf* örnefni

"Fyrir utan og ofan Fót [012] er hvolf, heitir Kofahvolf. Úr því rennur lækur ofan með túninu að utan, heitir Götulækur."
Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 2.

**Ba-097:015** dys

"Fyrir utan hann [Götulæk 013] meðfram sjónum eru Bugar. Fyrir utan Buga er dálítið nes, heitir Hreggnesi. Á honum er fornt dys."
Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 2-3.

**Ba-097:016** *Skemmusteinn* örnefni

"Fyrir utan Kofahvolf [013] er stór steinn í núpnum, heitir Stóristeinn. Þar fyrir utan hryggur, heitir Innraleiti. Þar út í hlíðinni er djúpt hvolf, heitir Skemmuhvolf. Í því er stór steinn, heitir Skemmusteinn, að ofan líkur húsi."
Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 3.

**Ba-097:017** heimild landamerki

"Þar næst [eftir 015] er Breiðahvolf. Utan til í því var vörðubrot. Þar töldu sumir landamerki og þaðan ofan í Hangaklett."
Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 3.

**Ba-097:018** *Hulduhvammur* örnefni huldufólksbústaður

"Innst í háubrekku er hvammur, heitir Hulduhvammur. Hann var ekki sleginn."
Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 2.

**Ba-097:019** heimild gripir

"Norskur silfurpen. 2 mark 1669 (D M, Fr. 3., 209); Fanst í jörðu á Arnórsstöðum á Barðaströnd vorið 1915."

Matthías Þórðarson: "Skýrsla um viðbót við Þjóðminjasafnið árið 1917" Árbók, 26.

## Ba-098 Sauðeyjar

20 hdr. 1703, Hagakirkjueign. Getið í Laxdælu þar sem talað er um Ingjald Sauðeyjargoða. 1703 hafði þávernadi ábúandi Sauðeyja tekið "firrskrifada jordu til husanna nidur nijdda og j eidi, en nú stædilega vppbigtt." JÁM VI, 272 nmgr. 1. Fóru í eyði um 1935.

1920: 0,8 ha. garðar 695 m2, 1/4 sléttað. 1840: "Æðarvarp er til muna í Sauðeyjum. Þar fást, meina ég, hér um bil 20 pund dúns ... Kríuvarp töluvert í ... Sauðaeyjum ... Söl eru í Sauðeyjum, en ei höfð til manneldis." SV, 201. 1942: "Tún er þar lítið, en heyskapur nokkur í úteyjum, einkum Þórisey. Svo lítið er þar um vatn, að stundum hefir orðið að flytja kýr í land að sumrinu, en vatn sótt á báti til heimilisneyzlu. Æðarvarp er þar allmikið og kofnatekja, svartbaks-, skarfs- og rytuvarp. Eitthvað veiðist þar og af sel. Vetrarbeit er þar góð og bitfjara ágæt. Jörðin hefir þótt notagóð, en nokkuð erfið, eins og margar eyjajarðir. Landskuld var jafan greidd í hreinsuðum æðardún, eins og tíðkaðist í Vestureyjum." Bstbók, 74. 1959: "Þar er lítið um ferskt vatn í þurrkasumrum, en annars er þetta notasæl bújörð, miðað við fyrri búsakaparhætti. Þar er allmikið æðarvarp og fleiri sjófugla, Nokkrar eyjar tilheyra jörðinni, og var heyskapur aðallega í úteyjum." ÁFÍ 1959, 99.

**Ba-098:001** *Sauðeyjar* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-098:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-098:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-098:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-098:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-098:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-098:007** *Lambhúshóll* örnefni lambhús
"Á Bæjareyjunni eru þessi örnefni: Fyrir vestan bæinn er lítill hóll, kallaður Lambhúshóll."
Ö-Sauðeyjar, 2.
**Ba-098:008** *Eldhúsvogur* heimild lending
"Á Bæjareyjunni eru þessi örnefni: Fyrir vestan bæinn er lítill hóll, kallaður Lambhúshóll. Eldhúsvogur suðvestur af honum, þar er ágætt að lenda í norðan og norðaustanátt, þegar mátulega er sjávað."
Ö-Sauðeyjar, 2.
**Ba-098:009** *Festus* heimild lending
"Vestur af Lambhúshól er klettarani. Utast á honum, þar sem Bæjareyjan skagar lengst í vesturátt, er lóðréttur bergstandur, sem kallaður er Festus. Þar er mjög aðdjúpt einkum um háflóð. Ágætt er að hafa báta þar á floti í austan og norðaustan átt, landtogin þá fest í klettinn og mun hann draga nafn sitt af því, þótt annars sé hann nógu konunglegur, og hafi ennþá staðið af sér öll áhlaup Ægis gamla."
Ö-Sauðeyjar, 2.
**Ba-098:010** *Höfði* heimild lending
"Í vestan eða utanátt eru bátarnir geymdir við svonefndan Höfða, sem er innanvert á Bæjareyjunni. Annars er lending hvergi verulega góð í Suðureyjum."
Ö-Sauðeyjar, 2.
**Ba-098:011** *Vör* heimild lending
"Aðallendingin er beint suðaustur frá bænum, og þar er hægt að setja báta upp, einnig í Eldhúsvognum, sem fyrr er nefndur."
Ö-Sauðeyjar, 2.
**Ba-098:012** *Friðka* þjóðsaga
"Norður af bænum er klettagjá, sem kölluð er Friðka. Úr henni hafa menn stundum þózt heyra kynjahljóð, einkum undan vondu veðri eða voveiflegum tíðindum. Sagt er, að stúlka nokkur hafi, fyrir ævalöngu, hrapað í gjána og beðið bana."
Ö-Sauðeyjar, 3.

**Ba-098:013** heimild smiðja
"Smiðjuhóll heitir innan til á Rananum norður af bænum, þar stóð smiðjan, spottakorn frá öðrum húsum vegna eldhættu."
Ö-Sauðeyjar, 3.

**Ba-098:014** *Huldukonusteinn* örnefni huldufólksbústaður
"Fyrir innan eða norðaustan túnið hækkar eyjan nokkuð, og er þar stór hóll, kallaður Sjónarhóll. Norðan til á hólnum er Huldukonusteinn."
Ö-Sauðeyjar, 3.

**Ba-098:015** *Tólfmannabani* þjóðsaga
"Suður af Nátthagavík [sem er sunnanlega á bæjareyjunni], en vestur af Höfðanum er klettur skammt frá landi kallaður Tólfmannabani. Svo er sagt, að á þessum kletti hafi eitt sinn farist nær því allt heimilisfólk úr Suðureyjum, er það var að koma úr kirkjuferð frá Brjánslæk."
Ö-Sauðeyjar, 3.

**Ba-098:016** *Sjömannabani* þjóðsaga
"Sjömannabani heitir annar manndrápsklettur fyrir ofan Suðurskerin, er hann til vinstri eða á bakborða, þegar haldið er upp í aðallendinguna, Vörina."
Ö-Sauðeyjar, 3.

**Ba-098:017** *Háeyjarbrunnur* brunnur vatnsból
"Fyrir vestan Bæjareyjuna er Háey ... Hæsta bunga eyjarinnar kallast Háeyjarhæð. Norðan til liggja tveir hamrahjallar eftir henni endilangri, sem kallast Neðri-Bekkur og Efri-Bekkur, á hinum síðar nefnda er Háeyjarbrunnur, þar endist lengur vatn í þurrkatíð, en í brunnunum á Heimaey."
Ö-Sauðeyjar, 4.

**Ba-098:018** brunnur vatnsból
"fyrir vestan Bæjareyjuna er Háey ... Hæsta bunga eyjarinnar kallast Háeyjarhæð. Norðan til liggja tveir hamrahjallar eftir henni endilangri, sem kallast Neðri-Bekkur og Efri-Bekkur, á hinum síðar nefnda er Háeyjarbrunnur, þar endist lengur vatn í þurrkatíð, en í brunnunum á Heimaey."
Ö-Sauðeyjar, 4.

**Ba-098:019** *Örustuhlein* örnefni
"Suður af Rifinu liggur allhá og bunguvaxin kringlótt eyja, sem nefnist Skarfey. ... Syðst á eyjunni heitir Örustuhlein eða Völkuhlein."
Ö-Sauðeyjar, 5.

**Ba-098:020** *Þrælavík* heimild lending
"Þórisey er suðvestur af Skarfey. ... Þessi örnefni eru í Þórisey: Nyrzt er Þrælavík. Hún er við Þóriseyjarsundið, lendingarstaður."
Ö-Sauðeyjar, 6.

**Ba-098:021** *Lambhöfði* álagablettur
"Þórisey er lægst að norðan og norðaustan, þar er víða hægt að lenda við ströndina einkum um hásjávað. Öðru máli gegnir um suðvesturströnd hennar, sem er há og hömrum girt. Þar eru þrír háir hólar, eftir eyjunni endilangri, með dálitlum dældum á milli. Og það að auki er fjórði hólinn allra syðst og austast, sem heitir Lambhöfði. Hann er hálfsprunginn að ofan frá aðaleyjunni með gjá eða glufu, sem þykir ógreið yfirferðar. Ekki eru þó mikil höpp stundum þangað að sækja, því Lambhöfði er n. l. álögublettur, sem bóndinn í Sauðeyjum má aldrei slá, eða nota sjálfur heyið af. Aftur á móti má vinnufólk bóndans hagnýta sé það að vild."

"Flest slys, sem orðið hafa í Sauðeyjum, voru sett í samband við það, að bóndinn hafði sjálfur notað heyið af höfðanum."
Ö-Sauðeyjar, 6-7.

## Ba-099 Rauðsdalur neðri

18 hdr 1703. Bændaeign.

1446 er R. 20 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Brjánslæk og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 688-89. 1509 er R. 20 hdr jörð meðal eigna Bjarna Andréssonar sem þá var látinn - DI VIII, 267. 1576 er R.-n 20 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. 2.1.1577 selur Þormóður Magnússon Eggerti Hannessyni R.-n fyrir 20 hdr. en 10 af þeim höfðu verið eign konu Þormóðs, Katrínar Sturladóttur - Jarðabréf, 106. 24.4.1704 á Sesselja

Sigurðardóttir, kona Snjólfs Magnússonar, 8 hdr í R.-n. og er landskuld þar af 60 al. og kúgildi 3, leigur f þeim í smjöri. - JÁM XIII, 311.

1920: 2,8 ha. garðar 580 m2 1/5 sléttað. 1840: "Heyskapur mestur í ... Lægra-Rauðsdal ... þarabeit er og víða ... mikið góð, svo sem á ... Rauðsdölum." SSV, 199. 1942: "... liggja túnin þar saman, en lítil á rennur milli þeirra og skiptir löndum. Jarðir þessar eru um landsnytjar líkar Arnórsstöðum, en slægjur meiri, einkum í Neðra-Rauðsdal, en Efri-Rauðsdalur meiri beitarjörð." Bstbók, 74.

**Ba-099:001** *Rauðsdalur neðri* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-099:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-099:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-099:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-099:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-099:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-099:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-099:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-099:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-099:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-099:011** *Krossanes* heimild uppsátur
"Þegar forðum þar var heimræði, hefur Efri Rauðsdalur og Arnórsstaðir haft þar búðir og skipsuppsátur, og goldið x fiska tollur af hverjum manni á skipunum til jarðeigenda, en af skipunum ekkert. Nú er þetta af, síðan fiskirí brást. ... Skip ábúenda, gamalt, hefur til forna gengið til fiskjar undir Krossanesi (lendíngunni fyrir neðan Neðri Rauðsdal, hvar heimræði var) en hefur í vetur uppi staðið. Undir þessu Krossanesi hefur til forna (áður en fiskiríet sló feil) verið verstaða fyrir 2, 3 a 4 skip á vor ..."
JÁM VI, 274-275.
**Ba-099:012** *Lambhúsbali* örnefni lambhús
"Neðri-Rauðsdalstún. Í því innst og efst Hólavöllur. Innst og neðst Mýrarvöllur. Fyrir ofan bæinn er Bæjarlækur. Fyrir utan heitir Lambhúsbali."
Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 4.
**Ba-099:13** *Klauf* heimild lending
1942: "Milli Arnórsstaða og Rauðsdals er lending, sem heitir Klauf, venjulega kölluð Rauðsdalsklauf. Fyrrum var þar veiðistöð, líklega fram á 18. öld. Vandlent er þar og brimasamt. Tveir bátstapar hafa orðið þar í minnum núlifandi manna."
"Fyrir utan Hangklett [landamerki] við sjóinn er Bás og Básvík. Þar fyrir utan Klettur. Svo er Innri-Klaufatangi og Ytri-Klaufatangi. Milli þeirra er lending, heitir Klauf. Beint upp af henni nes, heitir Krossanes." Sbr. 011.
Bstbók, 75; Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 3.
**Ba-099:014** *Tóftir* tóft
"Fyrir utan Hangklett [landamerki] við sjóinn er Bás og Básvík. Þar fyrir utan Klettur. Svo er Innri-Klaufatangi og Ytri-Klaufatangi. Milli þeirra er lending, heitir Klauf. Beint upp af henni nes, heitir Krossanes. Utan til við það eru gamlar tóftir, heita Tóftir." Sennilega það sama og fornleif nr. 11 undir Neðri-Rauðsdal 099.
Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 3.
**Ba-099:015** *Götuskarð* örnefni leið
"Hlíðin milli Arnórsstaða og Rauðadals heitir Arnórsstaðahlíð. Hryggur fyrir utan Breiðahvolf heitir Skjólahryggur. Þar fyrir utan stór hryggur, heitir Götuskarð (líklega götur í honum)."

Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 4.

**Ba-099:016** heimild rétt

"Næsta hvolf [á eftir 015] er Birgishvolf. Þar er innrekstrarrétt."

Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 4.

**Ba-099:017** *Búð* örnefni

"Út og upp af Birgishvolfi [016] eru neðst í klettunum Vellir. ... Rétt fyriri utan Velli er lækur, heitir Búðarlækur. Þar fyrir utan stór klettur einkennilegur, heitir Búð. Af henni liggur gangur út í dal, heitir Búðargangur. Niður af Búð Búðarteigur."

Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 4.

**Ba-099:018** *Ból* örnefni

"Út og upp af Birgishvolfi [016] eru neðst í klettunum Vellir. ... Rétt fyriri utan Velli er lækur, heitir Búðarlækur. Þar fyrir utan stór klettur einkennilegur, heitir Búð. Af henni liggur gangur út í dal, heitir Búðargangur. Niður af Búð Búðarteigur. Þar fyriri utan Breiðiteigur. Niður af honum í hlíðinni heitir Ból."

Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 4.

**Ba-099:019** *Troðningur* örnefni leið

"Þar niður af [018] Troðningur."

Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 4.

**Ba-099:020** *Skemmuhvolf* örnefni skemma

"Haugaklettur. Haugar. Landfastiboði. Kast. Skemmuhvolf."

Ö-Arnórsstaðir og Neðri-Rauðsdalur, 2.

## Ba-100 Rauðsdalur efri

24 hdr 1703. Bændaeign.

9.1.1554 selur Jón Erlingsson Helgu Jónsdóttur R.-e fyrir 24 hdr - DI XII, 675-76. 25.9.1554 fá Helga og Jón Nikulásson maður hennar Eggerti Hannessyni R.-e til eignar, 24 hdr. að dýrleika - DI XII, 761-62. 1576 er R.-e 24 hdr. talin meðal eigna Eggerts Hannesonar - Jarðabréf, 103. 22.7.1677 fá systurnar Ástríður, Þorbjörg og Sesselja dætur Sigurðar Jónssonar og Herdísar Ásgeirsdóttur eftir föður sinn m.a. R.-e fyrir 24 hdr. - Jarðabréf, 170. 24.4.1703 á Sesselja Sigurðardóttir 11 hdr í R.-e og er landskuld þar af 60 al í landaurum og 3 kúgildi, leigur af þeim oftast í smjöri. Hjáleiga hefur áður verið með jörðunni ein. Nú og í nokkur ár óbyggð. - JÁM XIII, 311.

1920: 2,5 ha. garðar 493 m2, 1/4 sléttað. 1840: "... þarabeit er og víða ... mikið góð, svo sem á ... Rauðsdölum." SSV, 199. 1840: "Kálgarðarækt hefur bezt verið stunduð í Litluhlíð. Nú líka allvel á Brjánslæk, nokkuð í Hærra-Rauðsdal, ... Kartöflur ræktast líka á þessum bæjum öllum, nema Rauðsdal. SSV, 204. 1942: "... liggja túnin þar saman, en lítil á rennur milli þeirra og skiptir löndum. Jarðir þessar eru um landsnytjar líkar Arnórsstöðum, en slægjur meiri, einkum í Neðra-Rauðsdal, en Efri-Rauðsdalur meiri beitarjörð." Bstbók, 74.

**Ba-100:001** *Rauðsdalur efri* bæjarhóll bústaður

1840: "Bæir bezt húsaðir eru ... Hærri-Rauðsdalur."

Túnakort 1920; SSV, 203.

**Ba-100:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-100:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-100:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-100:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-100:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-100:007** *Naustabreiða* örnefni naust

"Landamerki milli Neðri-Rauðsdals og Efri-Rauðsdals er Rauðsdalsá. Milli ánna fyrir neðan túnið eru Brekkur. Við Rauðadalsá fyrir neðan Brekkur er Naustabreiða, dálítil flöt."

Ö-Efri-Rauðsdalur, 1

**Ba-100:008** *Lambhústún* örnefni lambhús

"Þá er Efri-Rauðsdalstún. Það nær að Rauðsdalsá. Innst og efst á því er Lambhústún. Skilur það frá hinu túninu Bæjarlækur."
Ö-Efri-Rauðsdalur, 1

**Ba-100:009** *Hesthúsbali* örnefni hesthús
"Efst í túninu er Hesthúsbali ..."
Ö-Efri-Rauðsdalur, 1

**Ba-100:010** *Rauðshóll* örnefni legstaður
"Rétt innan við Hesthúsbala, en utan túns er lítill hóll, heitir Rauðshóll. Þar á Rauður að vera heygður."
Ö-Efri-Rauðsdalur, 1

**Ba-100:011** *Álfhóll* örnefni huldufólksbústaður
"Í tungu rétt fyrir innan bæinn og efst í henni er lítill hóll, heitir Álfhóll."
Ö-Efri-Rauðsdalur, 1

**Ba-100:012** *Bóllækur* örnefni
"Þar fyrir utan er Flatatún, sem nú er verið að rækta. Það nær niður að læk, sem heitir Bóllækur." 1840: "Færikvíar eru á ... Hærri-Rauðsdal, en reynast gagnlitlar."
Ö-Efri-Rauðsdalur, 1; SSV, 203.

**Ba-100:013** heimild stekkur
"Út af bænum fyrir utan Bóllæk er gamall Stekkur."
Ö-Efri-Rauðsdalur, 1

**Ba-100:014** gata leið
"Rétt fyrir neðan fjárgötur í Rauðsá eru Davíðsstillur."
Ö-Efri-Rauðsdalur, 2.

**Ba-100:015** heimild stekkur
"Fyrir utan Rauðsá fyrir neðan Nautahjalla eru Breiðar. Fyrir utan þær er Stekkur. ... Út af Stekk er hvolf, heitir Stekkjarhvolf. Fyrir utan það er Skarðahjalli. Kletturinn fyrir ofan Stekk heitir Stekkjarklettur."
Ö-Efri-Rauðsdalur, 2.

**Ba-100:016** *Votagata* gata leið
"Fyrir utan Rauðsá fyrir neðan Nautahjalla eru Breiðar. Fyrir utan þær er Stekkur. Niður af honum er Skarðatún. Niður undan Skarðatúni liggur gata til sjávar, heitir Votagata."
Ö-Efri-Rauðsdalur, 2.

**Ba-100:017** heimild beitarhús
"Upp af Rauðadalsskörðum upp undir Skarðahjalla eru Skarðamýrar. Rétt fyrir innan Skörð [020]voru Beitarhús."
Ö-Efri-Rauðsdalur, 2.

**Ba-100:018** *Grafir* örnefni
"út af Skörðum liggja Bugar. Fyrir ofan þá í hlíðinni eru Skjól. Fyrir utan þau eru Grafir, það eru Innstagröf, Miðgröf og Yztagröf (stórar lautir ofan í hlíðina). Fram undan þeim í flæðamáli eru Grafarsker. En hlíðin beggja megin við Grafir heitir Grafarhlíð. Milli Yztugrafar og Þrætulágar heita Grafarhólar."
Ö-Efri-Rauðsdalur, 2-3.

**Ba-100:019** *Skottagjóta* þjóðsaga aftökustaður
"Innarlega á hlíðnni gengur stuðlabergsgangur úr bökkunum og allt í sjó fram. Fer hann smálækkandi og á yzta útfjari eru aðeins lágar hleinar. Bríkin er öll jafn-þykk, og liggja stuðlarnir lárétttir, eins og þeim væri hlaðið þar upp af tröllahöndum. ... Á einum stað ganga tvö klettanef fram hvort gegnt öðru, líkt og dyrakampar. Verður þar byrgi eða gjóta, gegnt öðru, líkt og dyrakampar. Verður það byrgi eða gjóta, jafnvíð upp úr og niður úr. Þar er mælt, að Sveinn skotti hafi verið hengdur: gálgatré lagt yfir gjána. Ekki var hann tekinn strax ofan eftir líflátið, heldur látinn dingla í snörunni, þar til Barbara systir hans tók rögg á sig og skar hann niður. Hún var þá vinnukona á Barðaströnd. Sveinn átti dóttur, sem var barnfóstra í Dalshúsum í Sauðlauksdal. Er mælt, að hún hafi þá kveðið við barnið; "Væri eg sem afi minn, mundi eg stinga gat á maga og hleypa út vindi"."

"Tveir aðrir bófar voru síðan hengdir í Skörðunum; Bóndinn á Skarðatúni, sem er eyðibýli á Grafarhlíð, ofanvert við Skörðin, og annar, er Bjarni hét, kallaður Hellu-Bjarni báðir börkuþjófar. Á Skarðstúni sér enn fyrir túngarði og bæjarrústum. Löngum hefur verið talið reimt um Reiðskörðin. Þar dó voffeiflega séra Guðbrandur á Brjánslæk, ættfaðir Briemanna, 5. mars 1779, og var kennt Sveini skotta."
Bstbók, 74-75.

**Ba-100:020** *Skarðatún* heimild býli

1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: ... 12. Skarðatún fyrir utan Rauðsdal efra." "Fyrir utan Rauðsá fyrir neðan Nautahjalla eru Breiðar. Fyrir utan þær er Stekkur. Niður af honum er Skarðatún. Niður undan Skarðatúni liggur gata til sjávar, heitir Votagata." - "Fyrir utan Rauðsá fyrir neðan Nautahjalla eru Breiðar. Fyrir utan þær er Stekkur. ... Út af Stekk er hvolf, heitir Stekkjarhvolf. Fyrir utan það er Skarðahjalli. Kletturinn fyrir ofan Stekk heitir Stekkjarklettur."

1942: "Tveir aðrir bófar voru síðan hengdir í Skörðunum [019]; Bóndinn á Skarðatúni, sem er eyðibýli á Grafarhlíð, ofanvert við Skörðin, og annar, er Bjarni hét, kallaður Hellu-Bjarni báðir börkuþjófar. Á Skarðatúni sér enn fyrir túngarði og bæjarrústum." Skarðatúns er ekki getið í jarðabókum en í jarðabréfi frá 24.4.1703 er þess getið að hjáleiga hafi áður verið með jörðinni sem nú sé og í nokkur ár óbyggð og er það sennilega Skarðatún - JÁM XIII, 311.

SSV, 201; Ö-Efri Rauðsdalur, 2; Bstbók, 75.

**Ba-100:021** *Reiðskörð* heimild leið

1942: "Innarlega í [Grafarhlíð] gengur stuðlabergsgangur úr bökkunum og allt í sjó fram. ... Í flæðarmálinu og fyrir framan það eru skörð í bríkina og drangar á milli. Er riðið gegn um skörð þessi um lágsjávað, og heita þau Reiðskörð, en ekki Rauðuskörð, þótt þau séu oft nefnd svo. Um flóð verður að fara uppi á bökkunum."

Bstbók, 74.

## Ba-101 Hvammur

15 hdr 1703, var áður 20 hdr. Bændaeign. Getið í Gísla sögu. Eyðihjáleigan Hvammshús 1703, 1805. Húsmannsbýlið Bólstaðahlíð var byggt á jörðinni stuttu eftir 1913 og fór í eyði fyrir 1923, byggt upp aftur 1927 og var í byggð til um það bil 1934.

1446 er H. 22 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Brjánslæk og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 688-89. 5.10.1555 selur Ormur Erlingsson Eggerti Hannesyni 13 hdr. í H. - DI XIII, 87-88. 1576 er H. meðal eigna Eggerts Hannessonar, 30 hdr. - Jarðabréf, 103. 27.6.1703 er Hvammur 30 hdr jörð meðal eigna Árna Guðmundssonar, erfð eftir föður hans Guðmund Jónsson 'nú stórkostlega af grjóti og skriðum skemmd.' - JÁM XIII, 225.

1920: 5,9 ha. garðar 1383 m2, 1/2 sléttað. "Um hvítasunnu 1672 hlupu svo miklar skriður á túnið í Hvammi, að það tók allt af, og var skaðinn metinná 10 hundruð ... Um 1879 rann stórkostlega á það, og mun helmingur túnsins þá hafa eyðilagzt. Þá var bærinn fluttur ofan undan hlíðinni, á þann stað sem hann stendur nú." Vestfirzkar sagnir I, safnað hefur Helgi Guðmundsson, 5.

1840: "Heyskapur mestur í ... Hvammi ... þarabeit er og víða ... mikið góð, svo sem á ... Hvammi. ... Undir skriðuáföllum liggja Hvammur einkanlega ..." SSV, 199. 1942: "Undirlendi er þar breiðara [en í landi Rauðsdals og Arnórsstaða], smáhallandi mýrlendi frá hlíðarrótum að fjörusandi. - Valllendisgrundir eru með hlíðinni. Tún er þar stórt. Bærinn var fluttur frá hlíðinni [um 1880] vegna skriðufalla. Var þá nýtt tún grætt neðar, en gamla túninu þó haldið í rækt. ... Hvammur er góð heyskaparjörð. Hagasælt á vetrum, en fremur landlétt fyrir sauðfé." Bstbók, 75.

**Ba-101:001** *Hvammur* bæjarhóll bústaður

Bærinn hefur verið fluttur vegna skriðufalla. "En sá bær [fyrir 1879] stóð þar, sem nú er kálgarður upp undir hlíðinni; var hann búinn til úr bæjartóftunum."

Túnakort 1920; Vestfirzkar sagnir I, 6; sbr. Bstbók, 75.

**Ba-101:002** bæjarstæði bústaður

Bæjarstæði það sem flutt var á 1879

**Ba-101:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-101:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-101:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-101:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-101:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-101:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-101:009** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-101:010** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-101:011** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-101:012** *Hvammshús* heimild býli

1703: "þar hefur verið hjáleiga, kölluð Hvammshús. Hafa verið V [hdr.] af jörðinni. Það kot hafa skriður eyðilagt." 1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: ... 11. Hvammskot, fyrir innan Hvamm." Einnig getið sem eyðihjáleigu í jarðab. 1805.

JÁM VI, 275-276; SSV, 201.

**Ba-101:013** *Pálsskurður* renna áveita

"Pálsskurður var stunginn eftir Fit skammt fyrir utan tún eins og sléttlendið. Þarna er nú kominn þurrkunarskurður en Pálsskurður er horfinn."

Ö-Hvammur, 2.

**Ba-101:014** heimild rétt

"Réttarskriða, skriða fyrir utan túnið. Karl þekkir ekki það nafn, en skriða er á þessum stað og þarna var rétt."

Ö-Hvammur, 2.

**Ba-101:015** *Kumlahryggir* örnefni

"Kumlahryggir eru hryggir sem lágu niður með Þembu og Hólatúni sem er niður af Hólunum og mun vera það sama og Helgi kallar Lambhúsbala."

Ö-Hvammur, 2.

**Ba-101:016** *Lambhúsbali* örnefni lambhús

"Kumlahryggir eru hryggir sem lágu niður með Þembu og Hólatúni sem er niður af Hólunum og mun vera það sama og Helgi kallar Lambhúsbala."

Ö-Hvammur, 2.

**Ba-101:017** *Þorkelsfjós* tóft fjós

"Þorkelsfjós var greinileg tóft og grænn blettur í kring. Móðir Hákonínu hafði þá trú að þurrkur kæmi ef það var slegið. Var þetta innanvert við Hólatún og stóð alveg rétt upp undir Hólnum. Sér fyrir því enn. Vagnvegur sem var lagður með Hólnum fór yfir þetta að nokkru leyti, en það var ekki tekið þegar ýtt var fyrir bílvegi." "Út og upp af gamla bæjarstæðinu og nokkuð hátt upp undir hlíðinni sést mjög fornleg tóft. Hún mun vera um 20 álnir að lengd utan veggja. Stendur hún á dálitlum hóli, og er auðsjáanlegt, að gömul rækt er í honum. Hólinn, sem tóftin stendur á, og þó einkum stærri hóll eða brysti fyrir ofan, hefur hlíft tóftinni fyrir skriðugangi, og hafa skriður aldrei komið beint ofan á hana. Tóft þessi er kölluð Þorkelsfjós, og eru gömul munnmæli um það, að þar sem hún er, hafi staðið fjós Þorkels Súrssonar."

1942: "Vall-lendishóll er nálægt Hvammstúni með fornlegum húsarústum. Er hann kallaður Þorkelsfjós. Því hefir verið trúað, að í óþurrkatíð skyldi slá Þorkelsfjós. Mundi þá skammt til þerris."

Ö-Hvammur, 2; Vestfirzkar sagnir I, 6; Bstbók, 75-76.

**Ba-101:018** *Bólstaðahlíð* heimild býli

"Bólstaðahlíð var húsmannsbýli fyrir innan gamla efra túnið í Hvammi, en er nú gengið inn í Hvammstúnið. Þar byggði fyrst Sigurður Guðmundsson og Dagbjört kona hans. (Sigurður var föðurbróðir Guðmundar á Brjánslæk) Þetta var byggt eftir að Gísli, faðir Hákonínu, kom að Hvammi 1913, þó ekki alveg strax, og fór í eyði fyrir 1923. Þar var byggt upp aftur 1927 og var í byggð til u.þ.b. 1934."

Ö-Hvammur, 3.

**Ba-101:019** *Margrétarstekkur* heimild stekkur

"Hólar var allvel gróið stykki, beitiland, fyrir ofan túnið. ... Stóri-Bolli er grashvolf takmarkað af skriðum fyrir ofan Hólana rétt fyrir neðan og innan Bæjarhamar. ... Litli-Bolli er í næsta geira þar fyri rinnan. Margrétarstekkur, stekkjartóftir fyrir neðan Litla-Bolla og ofan Hvammstún. Stekkjarnef eru klettanef fyrir ofan miðja hlíð. Eru fjögur nef sem heita svo og renna lækir á milli þeirra."

Ö-Hvammur, 3-4.

**Ba-101:020** *Hoftóft* tóft **Friðlýstar minjar**

"Hoftóft var nokkru fyrir innan Bólstaðarhlíð. Var þetta kringlótt tóft og var friðlýst. Einhverjir töldu að þetta hlyti að vera

hoftóft, en Karl hefur ekki heyrt nein ummæli þessu tengd." SV: "Svo sem 2-300 faðma inn frá hinum gamla bæ er tóft nokkur fornleg og niðursokkin, sem enn í dag er kölluð hoftóft. Hún er kringlótt og snúa dyr í útsuðr niðr að sjónum. Ofan í tóftina hafði hlaupið skriða, enn þó ekki allmikil, og var því ilt að koma hér við nokkurri verulegri rannsókn, enn þó sást fyrir allri tóftinni. Hún er um 29-30 fet í þvermál. Þessa tóft lét ég rannsaka með greftri. Hleðslurnar að innanverðu vóru úr grjóti á þeim stöðum, er eg gar prófað, enn að utan virðist minna grjót verið hafa. Gólf tóftarinnar kannaði eg og lét þar grafa 3 grafir alt ofan í möl. Þær vóru á stærð 3-5 fet á hinn lengra veg, enn á dýpt 1 1/2-2 álnir. Í tóft þessari fann eg í öllum gröfunum bæði svarta kola-ösku og rauða eða móleita ösku, enn alls ekki neins konar gólfskán, hvorki eftir pening eða undanlás af heyi eða neinu slíku."

Friðlýstar minjar. "Forn, kringlótt tóft, nefnd "Hoftóft", er hún 2-300 faðma inn frá gamla bænum." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 34.

Ö-Hvammur, 4; Sigurður Vigfússon: "Rannsóknir í Breiðafirði 1889" Ábók 1893, 7-8.

**Ba-101:021** *Stekkjarhóll* örnefni stekkur

"Stekkjartún er fyrir innan Kotlækina. Stekkjarteigur er upp af Stekkjartúninu. Stekkjarhvolf er skál í fjallið, heitir það inn undir Hryggi. Stekkjarhóll er upp af Stekkjartúni en fyrir innan Stekkjarteig. Stekkjarlækur, lækur fyrir innan Stekkjartún en fyrir neðan Stekkjarhól."

Ö-Hvammur, 4.

**Ba-101:022** gata leið

"Í skrá Helga er nefnd Reiðgata, mýri sem riðið var eftir fyrir utan og neðan Stekkjartún. Karl heyrði þetta aldrei nefnt svo, en þarna var venjulega farið."

Ö-Hvammur, 4.

**Ba-101:23** álagablettur

"Rolluhólar voru venjulega kallaðir svo. Það eru tveir hólar nálægt hvor öðrum og eru þar sem þornar um aftur fyrir neðan mýrina. Þarna er álagablettur milli hólanna. Þar er grasgefinn blettur sem spratt mikið en mátti ekki slá. Þarna spratt einkennilega vel, eins og best gerðist í hlaðvarpa og eins og áborið væri, grænt og mikið gras."

Ö-Hvammur, 5.

**Ba-101:024** *Bólamelur* örnefni kvíar

"... niður af Bólstaðahlíð var pyttur, kallaður Hundapyttur. Þar upp af er Bólamelur og Bóltjörn. Tjörnin var oft nokkuð vatnsmikil."

Ö-Hvammur, 5.

**Ba-101:025** *Vörðuhryggur* örnefni

"Rauðaugu eru inn af Rolluhólum [022] í börðunum sem myndast við að melarnir lækka."

Ö-Hvammur, 5.

**Ba-101:026** tóft beitarhús

"Hrafnanes er nes sem gengur fram að sjó, að mestu leyti berg en gras ofan á því fremst. Trumba er klettur fremst á nesinu og þar er eingöngu grjót. Rétt fyrir utan nesið við sjóinn eru Húsatóftir. Þar höfðu verið beitarhús."

Ö-Hvammur, 6.

**Ba-101:027** gata leið

"Þarna [025] voru reiðgötur áður en vegur var lagður, einkum þegar hátt var sjóað ..."

Ö-Hvammur, 6.

**Ba-101:028** *Fjósadalur* örnefni fjós

"Ofan í fjallið fyrir ofan Hvammsbæinn eða aðeins innar er grunnt dalverpi en breitt og heitir Fjósadalur. Engar tóftir sjást þar og vita heimildarmenn enga skýringu á þessu nafni. ... Á Fjósadal er snjóskafl sem sjaldan hverfur. Var það talið boða harðan vetur ef hann hvarf."

Ö-Hvammur, 7.

**Ba-101:029** *Fjósdalsgangur* gata leið

"Gangur liggur til Fjósadals [027] úr Hrafnagjá, Fjósdalsgangur."

Ö-Hvammur, 7.

**Ba-101:030** þjóðsaga fjársjóður

"Spölkorn fyrir neðan gamla bæinn og rétt fyrir neðan gamla túnið voru tvær keldur. Önnur keldan var út og niður frá bænum, en hin inn og niður frá honum. Þó var ekki langt á milli þeirra. Innri keldan var miklu meiri, og var hún hættuleg skepnum. Það er gömul sögn, að Þorkell Súrsson hafi fólgið fé sitt í keldu þessari. En ekki er þess getið, að þar hafi peningar fundist. ... Á seinni áum hafa fallið skriður ofan í hana, og við það hefir hún grynnkað að mun. Keldan hefur og

verið ræst fram fyrir alllöngu. ... Skurður var líka grafinnn upp í ytri kelduna, og má heita, að hún hafi horfið við það."
Vestfirzkar sagnir I, 6-7.

## Ba-102 Hamar

20 hdr. 1703. Bændaeign.

1446 er H. 16 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Brjánslæk og fylgdu þar 3 kúgildi - DI IV, 688-89. 1576 er H. 20 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. 27.6.1703 er Hamar 20 hdr jörð meðal eigna Árna Guðmundssonar, en móðir hans tekur afgiftina sem er 5 1/2 kúgildi og eitt leigukúgildi sem svarast eftir hálf leiga, en landskuldin í landurum - JÁM XIII, 226. Hamar, Efri- og Neðri-Vaðall eru nefndir Vaðalsþorp - Bstbók, 76.

1920: 5,3 ha. garðar 995 m2, 1/3 sléttað. 1942: "Tún er þar allstórt, ekki miklar engjar." Bstbók, 76.

**Ba-102:001** *Hamar* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-102:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-102:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-102:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-102:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-102:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-102:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-102:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-102:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-102:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-102:011** *Ísfirðingavarða* varða landamerki
"Landamerki Hamars ... Lína dregin úr neðri Nóngrund í Skyrkollaklett, þaðan bein sjónhending í Ísfirðingavörðu á Þórðarkinnarhöggi, þaðan í sömu línu í stein á hæzta Víðirhvammshöggi og þaðan beina línu í klettinn í jaðrinum á Kikafellinu. Allt miðar frá sömu vörðu."
Ö-Hamar, 1.
**Ba-102:012** *Gvendarbrunnur* lind vatnsból
"Gvendarbrunnur er líklega nálægt því að vera mitt á milli Hvamms og Hamars og er á merkjum milli bæjanna. Hann var þar í urð, mynduðust pollar með svölu og góðu vatni milli steinanna. Átti hann að vera vígður af Guðmundi góða. Sést aðeins fyrir Gvendarbrunni enn, þótt honum hafi verið spillt við vegagerð, jafnvel eitthvað af honum farið undir veginn."
Ö-Hamar, 2.
**Ba-102:013** *Landamerkjaskurður* renna landamerki
"Við sjóinn eru merkin í Merkjakrók. Var grafinn skurður ofan í hann, sem kallaður var Landamerkjaskurður, og náði hann upp undir hlíð. Skurðurinn var í fyrstu handgrafinn, en í seinni tíð hefur hann verið grafinn að nýju með vél."
Ö-Hamar, 2.
**Ba-102:014** *Steinbogavað* heimild vað
1942: "Áður fyrr voru þrjú vöð á Vaðlinum ... Fremst milli oddanna er kallað Steinbogavað. Er þar farið eftir skeri, sem heitir Steinbogi. Þar er ósinn straumharður áll, ófær nema um stórstraumsfjöru, og sjladan farið." "Austan til í Strengnum eru Steinbogasker. Þrjár hnútur; fremsta hnútan er stærst, og oft er hún ein upp úr, hinar fara á kaf í sand. Vað er á Vaðlinum við Steinbogasker, Steinbogavað, frá Óseyrum yfir í Hagaodda. Var talað um "að fara yfir á Steinboga"."
Bstbók, 77; Ö-Hamar, 3.
**Ba-102:015** *Innrifit* heimild rista

"Hvalkrókur er utan til við lítið nes, sem heitir Kjóanes. Á því eru melar, og ná þeir inn undir Merkjakrók. Landið hér upp af heitir einu nafni Fit, grasið vaxið flæmi. Fitin skiptist milli Hamars og Vaðals og er kölluð Innrifit, sem tilheyrir Hamri, en í Vaðalslandi er Ytrifit. Í Innrifit var góð torfrista. Torfið var haft á hús og hey; einnig í reiðing, í álög sem kallað var. Torf var einnig haft innan í kartöflustíu að vetrinum."

Ö-Hamar, 3-4.

**Ba-102:016** garðlag landamerki

"Hlíðin fyrir innan Hamar inn að merkjum heitir Hamarshlíð. Innst við landamerkjagarðinn var Nátthagi áður fyrr. Var landamerkjagarðurinn á annan veginn, en hlaðinn grjótgarður á hinn."

Ö-Hamar, 4.

**Ba-102:017** *Nátthagi* garðlag vörslugarður

"Hlíðin fyrir innan Hamar inn að merkjum heitir Hamarshlíð. Innst við landamerkjagarðinn var Nátthagi áður fyrr. Var landamerkjagarðurinn á annan veginn, en hlaðinn grjótgarður á hinn."

Ö-Hamar, 4.

**Ba-102:018** heimild fjárhús

"Rétt fyrir utan Kaldál er Hamarstún. Innsti hluti þess, að Bæjarlæk, heitir Mýrvöllur. Á honum voru fjárhús."

Ö-Hamar, 6.

**Ba-102:019** garðlag kálgarður

"Innsti og neðsti hluti túnsins, upp undir kálgarðinn, sem var, heitir Eyrisvöllur. Hann náði út að gamalli tröð, sem lá niður túnið."

Ö-Hamar, 6.

**Ba-102:020** heimild traðir

"Innsti og neðsti hluti túnsins, upp undir kálgarðinn, sem var, heitir Eyrisvöllur. Hann náði út að gamalli tröð, sem lá niður túnið."

Ö-Hamar, 6.

**Ba-102:021** *Sauðhús* heimild fjárhús

"Þar fyrir utan [020], neðst í túni heita Sauðhúsflatir. Þar var Sauðhús."

Ö-Hamar, 6.

**Ba-102:022** *Álfkonuberg* örnefni huldufólksbústaður

"Í kálgarði fyrir neðan bæinn, sem var, er allhátt berg, sem heitir Álfkonuberg. Var krökkum sagt að ærslast ekki kringum það. Nú er gras í kringum bergið, búið er að slétta yfir neðri garðinn, en sést fyrir efri garðinum."

Ö-Hamar, 6.

**Ba-102:023** garðlag kálgarður

"Í kálgarði fyrir neðan bæinn, sem var, er allhátt berg, sem heitir Álfkonuberg. Var krökkum sagt að ærslast ekki kringum það. Nú er gras í kringum bergið, búið er að slétta yfir neðri garðinn, en sést fyrir efri garðinum. ... Í honum voru alls fjórtán beð, og fékkst tunna af kartöflum upp úr hverju. Þær voru geymdar í stíu í eldhúri, sem klædd var að innan með torfi."

Ö-Hamar, 6-7.

**Ba-102:024** heimild hesthús

"Upp af gamla bænum var Hesthúsbali, langur bali, þar sem áður var hesthús. Nú stendur íbúðarhúsið á Hesthúsbala."

Ö-Hamar, 7.

**Ba-102:025** *Ból* heimild kvíar

"Milli Miðbergja og hinna er laut, sem nefnd er Ból. Á Bólinu voru ær og kýr mjólkaðar. Þar var kví, sem ær voru mjólkaðar í, og kýr voru einnig mjólkaðar á Bólinu á sumrin og látnar liggja úti. ... því var hætt um 1918. Stutt var upp að Bólinu, aðeins túnbreidd. Bólið er enn eins og það var, er fyrir ofan bílveginn. Má heita að hann liggi yfir Bólið."

Ö-Hamar, 7.

**Ba-102:026** heimild stekkur

"Upp undir hlíðinni, upp af Kúaskarði, var gamall Stekkur. Þar var stíað áður fyrr, fyrir búskapartíð foreldra Sigríðar. Upp úr Stekknum var byggð Fjárrétt. Þar rétt fyrir innan er Stekkjarhvolf. Upp af Stekk gengur nef ofan í hlíðina, sem heitir Stekkjarnef, og fyrir neðan það er Stekkjarlaut, ofan undir reiðgötur."

Ö-Hamar, 7-8.

**Ba-102:027** gata leið

"Upp af Stekk [026] gengur nef ofan í hlíðina, sem heitir Stekkjarnef, og fyrir neðan það er Stekkjarlaut, ofan undir reiðgötur."

Ö-Hamar, 8.

**Ba-102:028** *Gamlaból* heimild rétt

"Holt liggur frá Miðbergjum, og þar fyrir utan er berg, sem heitir Gamlabólsberg, og utan við það rétt (var hestarétt), þar hét Gamlaból."

Ö-Hamar, 8.

**Ba-102:029** *Bergjakot* heimild býli

1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: ... 9. Bergjakot." "Bergin fyrir utan Hamarstún eru aðeins kölluð Berg. Þau eru út af Steinabrekku, það há, að skepnur fara ekki upp á þau. Neðst fyrir utan þau var gamalt býli, sem hét Bergjakot. Þar voru tóftir á móunum."

SSV, 201; Ö-Hamar, 8.

**Ba-102:030** *Álagamýri* álagablettur

"Rétt upp af Gamlabóli er graskinn, sem heitir Þórðarkinn. ... Mýri fyrir ofan Þórðarkinnarhögg heitir Álagamýri. Hana mátti ekki slá og var aldrei gert, meðan Páll, faðir Sigríðar, bjó á Hamri."

Ö-Hamar, 8.

**Ba-102:031** *Neðri-Hrossahjalli* heimild mógrafir

"Áfram er haldið fram með merkjum. Fyrir framan Þverá er Neðri-Hrossahjalli fram af Þrætumýri og Langholti, og Hærri-Hrossahjalli ofar. Mór var tekin á Neðri-Hrossahjalla um tíma. Þar var góður mór en ekki mikill, líklega fjórar stungur fyrir utan rof."

Ö-Hamar, 9.

**Ba-102:032** heimild mógrafir

"Síðar [en 031] var mór tekinn á mýrum fyrir utan Gollurhól, enda styttra að sækja hann þangað. Þar var hann dýpri, um sex stungur fyrir utan rof, og voru lurkar í honum. Mór var tekinn þar a.m.k. til 1953-4."

Ö-Hamar, 9.

**Ba-102:033** *Heimsti-Sneiðingur* gata leið

"Upp á Hagana liggur einnig Þrautabrekka, sem kann að heita svo vegna þess, hve brött hún er. Hún er fyrir neðan Kinn. Í Þrautabrekkur er klettabelti, sem heitir Brekkur. Fyrir heiman Þrautabrekku er gata upp á Hagana, Heimsti-Sneiðingur ..."

Ö-Hamar, 10.

**Ba-102:034** *Mið-Sneiðingur* gata leið

"Upp á Hagana liggur einnig Þrautabrekka, sem kann að heita svo vegna þess, hve brött hún er. Hún er fyrir neðan Kinn. Í Þrautabrekkur er klettabelti, sem heitir Brekkur. Fyrir heiman Þrautabrekku er gata upp á Hagana, Heimsti-Sneiðingur, og fyrir framan Þrautabrekku er Mið-Sneiðingur. Hann liggur upp af Bekk, fyrir framan Heimstalæk. ... Fyrir framan göturnar er Langalág, löng laut, sem liggur í krók upp með holtunum fyrir heiman Þverá."

Ö-Hamar, 10.

**Ba-102:035** *Skeiði* heimild býli

1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: ... 10. Skeiði, niður undan Hamri."

SSV, 201.

**Ba-102:035** *Draugagil* örnefni

"Hyrnan fyrir heiman skarðið [Pyttaskarð] er Kikafell. Niður af Pyttaskarði er stórt gil sem heitir Draugagil, og getur verið af efri partur þess fylgi Hamarslandi. Ef vatn er í því, rennur það í Vaðalsá."

Ö-Hamar, 11.

## Ba-103 Vaðall neðri

Árið 1703 var Vaðall ein jörð, þá 30 hdr. 1847 er neðri Vaðall 20 hdr. Einnig Vaðall lægri. Vaðals er getið í Gíslasögu. Hamar, Efri- og Neðri-Vaðall eru nefndir Vaðalsþorp - Bstbók, 76. Jörðinni hefur verið skipt fyrir 1760 en þá höfðu 2/3 verið gefnir til fátækra í Barðastrandarhreppi sbr. gjafabréf Davíðs Scheving sýslumanns frá 15.2.1792 (Alþb) og var Neðri Vaðall þá talinn fátækraeign, en ekki lengur 1847.

Jón Ólafsson selur Eggerti Hannessyni 10 hdr. í V - DI XIII, 329-31. 2.1.1577 greiðir Eggert Hannesson 10 hdr. í V. fyrir aðra jörð, Þormóði Magnússyni og tilskilur að kona Þormóðar, Katrín Sturladóttir eignist þennan hlut í V. - Jarðabréf, 106. 28.12.1580 selur Magnús Jónsson Eyjólfi Magnússyni 10. hdr í V. - Jarðabréf, 113. 4.6.1677 leggja Þorleifur og Magnús Magnússynir 10 hdr í Vaðli til fátækra í Barðastrandar-, Ísafjarðar- og Strandasýslum - Lovs I, 364-66. Vaðall er einnig talin meðal konungsjarða sem Henrik Bjelke fékk og seldi aftur, en ekki kemur fram hverjum (eða hvort?)

hann seldi hana aftur - JÁM XIII, 500.

1920: 5,7 ha. garðar 1195, 1/3 sléttað. Túnakortið er fyrir báða bæina á Vaðli. 1942: "Á Efra- og Neðra-Vaðli liggja túnin saman. Eru þau lítil, en greiðfær og grasgefin." Bstbók, 76.

**Ba-103:001** *Vaðall neðri* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-103:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-103:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-103:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-103:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-103:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-103:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-103:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-103:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-103:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-103:011** *Sauðhúspartur* örnefni fjárhús
"Þar fyrir ofan er Neðrivaðalstún. Örnefni í því: Innst og efst í því er Þemba. Þar fyrir neðan er Sauðhúspartur. Nú er það sáðslétta."
Ö-Hamar og Vaðall, 4.
**Ba-103:012** *Hesthúspartur* örnefni hesthús
"Þar fyrir ofan er Neðrivaðalstún. Örnefni í því: Innst og efst í því er Þemba. Þar fyrir neðan er Sauðhúspartur. Nú er það sáðslétta. Næst fyrir utan er Hesthúspartur, sáðslétta nú."
Ö-Hamar og Vaðall, 4.
**Ba-103:013** *Lambhústún* örnefni lambhús
"Þar fyrir utan [012] er Heimatún. Niður af því er Lambhústún."
Ö-Hamar og Vaðall, 4.
**Ba-103:014** *Álfaberg* örnefni huldufólksbústaður
"Berg yzt í heimatúni heitir Álfaberg."
Ö-Hamar og Vaðall, 4.
**Ba-103:015** *Vaðalsstekkur* tóft stekkur
"Fyrir utan túnið skerst út í ána klettur, heitir Sigguklettur. ... Fyrir framan hann við ána er mýri, heitir Kálfamýri. Innan til við hana er holt heitir Ruslaholt. Fram af því er Leiti. Fyrir ofan það er Hallur. Þar fyrir framan er Vaðlastekkur. Þar sést fyrir tóft. Fyrir ofan hann er Stekkjarlækur."
Ö-Hamar og Vaðall, 4-5.
**Ba-103:016** tóft sel
"Fyrir framan Leynihjalla er Seljá, sem rennur niður í Vaðalsá. Við hana er surtarbrandur. Fyrir framan Selja eru Seltóftir, en þær tilheyra Vaðli."
Ö-Hamar, 11.
**Ba-103:017** *Kot* tóft býli
"Rétt fyrir framan Vaðlastekk er brekka, heitir Lyngbrekka. Upp á henni er holt, heitir Lyngbrekkuholt. Fyrir ofan það eru gamlar tóftir, heita Kot. Sagt er, að þar hafi býli verið."
Ö-Hamar og Vaðall, 6.
**Ba-103:018** *Árhvammar* álagablettur

"Fyrir neðan og framan Lyngbrekkuholt [018] eru hvammar við Vaðalsá og Þverá, heita Árhvammar. Þar eru álagablettir. Neðri-Vaðalsbóndi, sem nú er, hefur slegið þá og gefizt illa."
Ö-Hamar og Vaðall, 6.

**Ba-103:019** *Kolalágar* örnefni kolagröf
"Þá er haldið ofan dalinn að utanverðu. Fyrir heiman Búrfell tekur við víðáttumikið svæði af holtum og lautum heitir Katlar. ... Fyrir heiman þá er oddi milli gilja, Katlagils og Draugagils, heitir Tunga. Fyrir utan Katlaflóa er stórt holt, heitir Stórholt. Klettabelti fyrir heiman Katla heitir Katlabrún. Fyrir heiman hana er víðáttumikið fjalllendi, heitir Stórubrekkufjall. Niður af því er Hærri-Stórabrekka og Neðri-Stórabrekka. ... Fyrir heiman Stórubrekkur eru graslautir, heita Kolalágar."
Ö-Hamar og Vaðall, 7-8.

**Ba-103:020** *Bæli* örnefni
"Heimst á Stórubrekkurfjalli [019] er vatn, heitir Svartalækjarvatn. Úr því rennur lækur niður í Vaðalsá, heitir Svartilækur. Fyrir heiman Svartalækjarvatn er dalverpi, heitir Litlidalur. Fyrir innan hann eru lyngbrekkur, heitir Girðisbrekkur. Fyrir heiman og neðan þær er flatneskja, heitir Flár. Fyrir innan þær er graskvos, heitir Bæli."
Ö-Hamar og Vaðall, 8.

**Ba-103:021** *Brandshólmavað* heimild vað
1942: "Áður fyrr voru þrjú vöð á Vaðlinum. Miðvaðið, sem nefndist Brandshólmavað, er nú ekki talið fært vegna sandbleytu." "Langur hólmi með grasi fremst gengur fram í Vaðalinn fram undan Hamarslandi, heitir Brandshólmi. Fram undan honum eru sker, heita Strákasker. Milli Brandshólma og Strákaskers er djúpur pollur, heitir Selapollur. Vatnið í vaðlinur um fjörur heitir Strendur. Vogur fyrir ofan Brandshólma heitir Skipavogur. Utan til við hann gegnur fram tangi, heitir Hjallatangi. Fram og út undan honum er frálaus grashólmi, heitir Nauthólmi. Beint út af Nauthólma er vað á Vaðlinum, heitir Brandshólmavað."
Bstbók, 77; Ö-Hamar og Vaðall, 9.

**Ba-103:022** *Hjallatangi* örnefni hjallur
"Langur hólmi með grasi fremst gengur fram í Vaðalinn fram undan Hamarslandi, heitir Brandshólmi. Fram undan honum eru sker, heita Strákasker. Milli Brandshólma og Strákaskers er djúpur pollur, heitir Selapollur. Vatnið í vaðlinum um fjörur heitir Strendur. Vogur fyrir ofan Brandshólma heitir Skipavogur. Utan til við hann gengur fram tangi, heitir Hjallatangi."
Ö-Hamar og Vaðall, 9.

**Ba-103:023** *Bótólfsnes* heimild aftökustaður
"Kippkorn fyrir utan Hjallatanga [023] er annar grastangi, heitir Landhólmi. Fyrir utan og framan hann er sker, heitir Árflaga. Upp af því og út við á er enn grastangi, heitir Bæjarnes. Þá er Vaðalsá, áðurnefnd. Rétt fyrir utan hana er nes, heitir Bótólfssens. Þar var Bótólfur tekin af lífi." 1942: "Fyrir neðan Vaðal er nes eitt, sem heitir Bótólfsnes. Þar var hálshöggvinn maður, er Bótólfur hét, á 18. öld, fyrir misþyrmingar stórar á manni nokkurum, er Jón hét."
Ö-Hamar og Vaðall, 9; Bstbók, 76.

**Ba-103:024** *Réttarnes* örnefni rétt
"Þar fyrir utan [024] er Réttarnes."
Ö-Hamar og Vaðall, 9.

**Ba-103:025** *Skipavogur* örnefni
"Langur hólmi með grasi fremst gengur fram í Vaðalinn fram undan Hamarslandi, heitir Brandshólmi. Fram undan honum eru sker, heita Strákasker. Milli Brandshólma og Strákaskers er djúpur pollur, heitir Selapollur. Vatnið í vaðlinum um fjörur heitir Strendur. Vogur fyrir ofan Brandshólma heitir Skipavogur. Utan til við hann gengur fram tangi, heitir Hjallatangi."
Ö-Hamar og Vaðall, 9

## Ba-104 Vaðall efri

Árið 1703 var Vaðall ein jörð, þá 30 hdr. 1847 er efri Vaðall 10 hdr. Bændaeign. Einnig Vaðall hærri. Hamar, Efri- og Neðri-Vaðall eru nefndir Vaðalsþorp - Bstbók, 76. Á Vaðli var þingstaður Barðastrandar.

4.6.1677 leggja Þorleifur og Magnús Magnússynir 10 hdr í Vaðli til fátækra í Barðastrandar-, Ísafjarðar- og Strandasýslum - Lovs I, 364-66. 1840 er Hærri Vaðall talinn fátækrajörð og var afgjaldið 18 vættir og 30 fiskar og kúgildaleiga þrír fjórðungar smjörs og legst það til fátækrafjárhirslu sveitarinnar - SSV, 203. Sjá Vaðal neðri.

**Ba-104:001** *Vaðall efri* bæjarhóll bústaður

**Ba-104:002** *Þinghóll* örnefni
"Yzt í því [Hærra Vaðalstúni] er stór hóll, heitir Þinghóll." Kålund minnist einnig á Þinghól í sambandi við frásögn af jarðgöngum Gísla Súrssonar, sem eiga að hafa legið frá eldhúsi í bænum á Hærra Vaðli og undir Þinghól - KK I, 552 nmgr. 1.

Ö-Hamar og Vaðall, 4.

**Ba-104:003** *tröð* örnefni
"Fyrir neðan Þinghól [002] er Gömul tröð."
Ö-Hamar og Vaðall, 4.

**Ba-104:004** heimild bænhús
1840: "Annað [bænhús] skal verið hafa á Hærra-Vaðli: líklega hafa þangað sótt bæirnir: Kross, báðir Vaðlar og Hamar." "Hér var bænhús fyrrum."
SSV, 202; Ö-Hamar og Vaðall, 4.

**Ba-104:005** *Hesthúsbali* örnefni hesthús
"Innst í túninu er bali, heitir Hesthúsbali."
Ö-Hamar og Vaðall, 4.

**Ba-104:006** heimild göng **Friðlýstar minjar**
1877: "På gården Evre Vadal vises lævningerne af gisles löngang, der som en forholdsvis bred, noget ophöjet stribe strækker sig fra ildhuset over en jævn græsklædt bakke I en længde af c. 50 skridt, hvorpå den ender bag ved höjen ved den lille å, der kort nord for gården löber ned imod vadlen (Höien hvorover "löngangen" går, hedder Þinghóll)."

"Þorgerður ekkja, sem bjó á Vaðli, skaut skjólshúsi yfir Gísla Súrsson tvo vetur, er hann var í sektinni. Munnmæli segja, að jarðgöng hafi verið frá bæ Þorgerðar niður að Vaðalsá, sem fellur með túninu skammt frá bænum." Friðlýstar minjar. "Fornt garðlag, er liggur þráðbeint frá bænum út eftir vellinum að hól þeim, er Þinghóll heitir." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 34.

KK I, 552; Barðst.bók, 76.

**Ba-104:007** *jarðhús* garðlag **Friðlýstar minjar**
1893: "Í öllum sögum Gísla Súrssonar segir, að Gísli hafi verið á Vaðli í jarðhúsi, og að annar jarðhúsmunninn hafi verið í eldhúsi, enn hinn við ána ... Á Vaðli hagar nú þannig til, að út frá bænum er slétt flöt, sem myndar hól að utanverðu, og er brekka af honum alt niðr undir ána (Vaðilsá). Þessi hóll heitir Þinghóll. Alt frá bænum og eftir flötinni og út á hólinn, og niðr eftir brekkunni að ánni liggr garðr allmikill, þráðbeinn. Hann er hryggmyndaðr, breiðr og allgloggr. Frá bænum og alt út á hólbarðið eru rúmir 40 faðmar, og víst einir 10 faðmar niðr brekkuna eða meira. Er þannig allr garðrinn á að gizka rúmir 50 faðmar. Undir þessum garði hafa menn haldið, að hið umtalaða jarðhús lægi." - "Fornt garðlag, er liggur þráðbeint frá bænum út eftir vellinum að hól þeim, er Þinghóll heitir."
"Til að prófa, hvort slíkt gæti átt sér stað, lét eg grafa þvert í gegnum garðinn inn á hólnum. Við grófum langt ofan fyrir ræts garðsins, vel 2 álnir á dýpt, ofan í beinharða möl. Fundum þar ekki nokkur kennimerki til nokkurs slíks ..."

Sigurður Vigfússon: "Rannsóknir í Breiðafirði 1889" Árbók, 8. "Skrá um friðlýstar fornaldarleifar í Barðastrandarsýslu" ÁBS 1950, 68.

## Ba-105 Kross

6 hdr. 1703. Bændaeign til 1773 að jörðin var lögð til Brjánslækjarkirkju.

16.11.1474 vitnisburður um að Pétur Þórðarson tíundaði sér til eignar jarðirnar K. og Skjaldvararfoss til dauðadags og að síðan tók þær í erfð Sigfús sonur hans - DI V, 768-69. 1576 er K. 6 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103.

1920: 2,6 ha. garðar 713 m2, 3/4 sléttað. 1840: "Beztir landkostajarðir eru bæirnir allir við Vatnsfjörð ... Kross, ..." SSV, 199. 1942: "Tún á Krossi er fremur lítið en greiðfært. Engjaslægjur litlar, beit góð. Lítil laug er þar nálægt túninu. Silungsveiði er góð í Móru. Flestum hefur þar farnast vel, þótt jörðin geti ekki talizt flutningsjörð." Bstbók, 77.

**Ba-105:001** *Kross* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.

**Ba-105:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-105:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-105:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-105:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-105:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-105:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-105:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-105:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-105:010** heimild sel
1703: "Selstaða hefur þar verið í heimalandi, nú lángvarandi aldrei brúkuð."
JÁM VI, 277.
**Ba-105:011** heimild mógrafir
"Næst verða talin fljót (þ.e. hyljir) í Móru og byrjað fremst (efst): Efsti hylurin mun heita Svæfarhylur. ... Næst er Vetrarfljót, þá Stórarjóðursfljót og síðan Búrafljót ... síðan Bleikjufljót. Næstur er Móbakki, aðalfljótið. Þar hjá voru mógrafir."

Ö-Kross, 1-2.
**Ba-105:012** *Svæfingarhylur* örnefni aftökustaður
"Næst verða talin fljót (þ.e. hyljir) í Móru og byrjað fremst (efst): Efsti hylurin mun heita Svæfarhylur. Talið er, að nafnið merki sama og Drekkingarhylur."
Ö-Kross, 1.
**Ba-105:013** laug sundlaug
1959: "Heitari laug er í austurhlíð Mórudals. Er þar lítil, hlaðin laug, og var þar áður kennt sund, en sökum bratta er óhægt að gera þar stóra laug." "Krosspartur er ofarlega í Mórudal austan Móru. Laugatungur eru heimanverðu við Krosspart. ... Í tungunum er Sundlaug, hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er a.m.k. frá því fyrir 1920. Nú orðið er hún ekkert notuð."
ÁFÍ 1959, 101; Ö-Kross, 2-3.
**Ba-105:014** tóft stekkur
"Þar austan við er Nýjaskriða, þar næst Jónsklettur, og loks Tagl, endinn á fjallinu. Austan við það er Bæli og Bælishraukur. Þar á landamerkjalækur upptök sín. Vestanverðu við Tagl er Stekkur, um 5-10 mín, gangur frá bæ. Þar sjást enn tvö tóftarbrot. Stíun mun hafa verið hætt milli 1900 og 1920, en fráfærum um 1934."
Ö-Kross, 4.
**Ba-105:015** *Kvíaskriða* örnefni kvíar
"Örnefni upp í hlíðinni: Bæjarteigur er niður af Bolla. Framan við hann er Kvíaskriða"
Ö-Kross, 5.
**Ba-105:016** *Vörðuholt* varða
"Breiða er þar fram af [015], grasmýrlendi fram af Vörðuholti. Það er fyrir austan Þverá, fremst á holtunum. Hrundar vörður eru á holtinu. Þarna lá þjóðleiðin um, en þó munu vörðurnar á holtinu einungis vera smalavörður."
Ö-Kross, 5.
**Ba-105:017** *Grjótgarður* garðlag túngarður
"Örnefni í túninu: Túnið afmarkast af Grjótgarði að ofan ..."
Ö-Kross, 5.
**Ba-105:018** *Háigarður* garðlag túngarður
"Örnefni í túninu: Túnið afmarkast af Grjótgarði að ofan og Háagarði að austan."
Ö-Kross, 5.
**Ba-105:019** *Garður* garðlag túngarður
"Að vestan var aðalgarðurinn, en hann hét bara Garður."
Ö-Kross, 5.
**Ba-105:020** brunnur vatnsból
"Renningur var þýfður renningur frá austri til vesturs fjallsmegin við túnið. ... Brunnur var í Renningi vestanverðum."

Ö-Kross, 5.
**Ba-105:021** *Pyttla* heimild vatnsból
"Á skilum milli Rennings og annara hluta túnsins rann lækur, sem síðar rann í hinn lækinn (bæjarlækinn). Þar var vatnsból, kallað Pyttla neðan við brunninn."
Ö-Kross, 5.
**Ba-105:022** *Ullarnes* örnefni þvottastaður
"Nes sem tilheyra Krosslandi, talin frá vestri: Fyrst er Mórunes, síðan Laugarnes. Nokkuð austan við það rennur Kaldilækur. Austan við hann er Skora í mel með háum börðum. ... Austan við Skoru er Selatangi. Þar fyrir austan rennur Krosslækur. Austan við hann kemur Ullarnes ..."
Ö-Kross, 6.
**Ba-105:023** *Reiðnes* örnefni leið
"Nes sem tilheyra Krosslandi, talin frá vestri: Fyrst er Mórunes, síðan Laugarnes. Nokkuð austan við það rennur Kaldilækur. Austan við hann er Skora í mel með háum börðum. ... Austan við Skoru er Selatangi. Þar fyrir austan rennur Krosslækur. Austan við hann kemur Ullarnes og þá Reiðnes. Er það leið þeirra, sem farin var út á Barðaströnd, þegar fjarðað var, og kallað var að fara á Krosslæk."
Ö-Kross, 6.
**Ba-105:024** heimild vað
1840: "Best vað ... á Móru [er] í hvamminum fyrir utan Kross."
SSV, 197
**Ba-105:025** *Mórudalsvegur* heimild leið
1942: "Frá Krossi liggur fjallvegur norður að Fossi í Suðurfjörðum. Er þá farið um Mórudal, fyrst sléttar melgötur, síðsn upp brattar tungur. Talið er að það sé átján sneiðingar. Norðan við Tungnabrúnina er klettahjalli 15-16 m. hár og þverhníptur. Er vegurinn neðan undir hjallanum austan megin ... Fossheiði liggur hátt, og er talin fjögra stunda leið milli bæja."
"Vestur af honum [Sjömannabana, 027] er dalverpi, heita Útnorðurslautir. Fyrir botni Mórudals heita Mórudalstungur. Upp þær liggur Mórudalsvegur."
Bstbók, 76-77; Ö-Tungumúli og Hagi, 1.
**Ba-105:026** *Sjömannabani* þjóðsaga
1942: "Norðan við Tungnabrúnina [sbr. 025] er klettahjalli 15-16 m. hár og þverhníptur. Er vegurinn neðan undir hjallanum austan megin. Hjallinn heitir "Sjömannabani." Gömul munnmæli segja, að átta menn hafi einu sinni sótt á bát norður að Fossi og sett hann norðan Fossheiði, en hreppt hríðarbyl á heiðinni. Hafi þeir vegna hríðarinnar orðið uppi á hjallanum í stað þess að fara neðan við hann. Þeir renna nú bátnum suður eftir hjallanum og hafa veðrið í bakið. Einn var við afturstafn og ýtti eftir. Vissi hann þá ekki fyrr en báturinn og allir sjö félagar hans steyptust fram af hamrinum niður í urðina, og biðu þar bana, en hann stóð einn eftir, og var til frásagna." "Vestur af Geldingadal er hnúkur, heitir Sjömannabani; sagnir um hann." Þessi staður gæti verið í Tungumúlalandi.
Bstbók, 76; Ö-Tungumúli og Hagi, 1.
**Ba-105:027** *Vaðalsdalur* heimild leið
1942: "Önnur fjall-leið liggur frá Krossi að Brjánslæk norðan Hvammsfjalls. Er þá farið fram Vaðalsdal og um Lækjarskarð og niður svonefnda Síðu að Brjánslæk. Þessa leið má líka fara, ef haldið skal kringum Vatnsfjörð, og er þá farið frá Hestmúla niður hjá Þverá. Munar þetta mjög miklu á vegalengd í samanburði við það að fara með bæjum."
Bstbók, 77.
**Ba-105:028** *Krosslækjarvað* heimild vað
1942: "Áður fyrr voru þrjú vöð á Vaðlinum ... Þriðja og efsta vaðið heitir Krosslækjarvaðið. Er þá farið undan Krosslæk, sem rennur austantil við Krosstún. Þar er ávallt fært um fjöru, ef ísalaust er, hversu miklar sem árnar eru."
Bstbók, 78.

## Ba-106 Tungumúli

20 hdr. 1703. Hagakirkjujörð a.m.k. frá 1639. Fyrst getið 1224 - Sturl, 292.

Um eða stuttu eftir 1413 bjó Páll Þorkelsson í T. en síðan átti sr. Bjarni Sigurðsson jörðina og bjó þar um skeið en leigði hana einnig a.m.k. 4 ár. 1459 hafði Guðmundur Pétursson eignast jörðina og gengið í skóg Hagakirkju í Morudal - DI V, 194-200. 4.10.1478 fær Magnús biskup Eyjólfsson Gísla Filippussyni og konu hans Ingibjörgu, systur sinni, 15 hdr. í T. - DI VI, 166-67. 1576 er T. 20 hdr. jörð talin meðal eigna Eggerts Hannessonar en hann átti einnig Haga - Jarðabréf,

103.

1920: 3,3 ha. garðar 1596 m2, 1/4 sléttað. 1840: "Beztir landkostajarðir eru bæirnir allir við Vatnsfjörð ... Tungumúli ..." SSV, 199. 1942: "Í Tungumúla er allstórt tún, útengjar nokkurar og sumarhagar góðir. ... Allmikill skógur er í Arnarbýlisdal." Bstbók, 77. 1959: "Grýtt er þar og fremur örðugt til ræktunar, en sauðaland gott." ÁFÍ 1959, 102.

**Ba-106:001** *Tungumúli* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-106:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-106:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-106:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-106:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-106:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-106:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-106:008** *Hagagarður* garðlag vörslugarður
"Efst í Tungum austan vegarins [009] heitir Sméhlíð. Vestan við Tungur kemur gil úr Útnorðurslautum, heitir Útnorðursgil. Skammt fyrir heiman það er grjóthryggur, sem ausjáanlega eru mannaverk á, heitir Hagagarður. Sagt er, að Gestur Oddleifsson hafi látið hlaða garð þennan til þess að halda geldneytum sínum fyrir framan hann í Mórudalstungum."

Í máldaga frá seinni. hl. 14. aldar er Hagakirkja sögð eiga "j morudal skog fra olldugile oc framm at haga garde vpp aa fiall oc ofan at aa." DI III, 301 Í máldaga Miðhlíðarkirkju frá 1575 er hún sögð eiga "skogarpartt I Morudal fra Hagagarde og I Haffä." Máld DI XV 585.

Ö-Tungumúli og Hagi, 1-2; DI IIII, 301
**Ba-106:009** *Kolviðargil* örnefni kolagröf
"(Nú er farið heim Mórudal). Fyrir heiman Öldugilshjalla er stórt gil, rennur í Móru, heitir Öldugil. Fyrir heiman Eyrarskóg niðri í dalnum eru hólar,skógi og lyngi vaxnir, heita Búrar. Hluti af Búrum er Flatiskógur. ... Upp af Flataskógi er hjalli; heitir Kolviðarhjalli. Þar fyrir heiman Kolviðargil."
Ö-Tungumúli og Hagi, 2.
**Ba-106:010** *Kvíarkinn* örnefni kvíar
"Þar sem Mórudalur byrjar að utanverðu heitir Leiti. ... Spölkorn vestur frá Leiti er Kvíarkinn. Þar fyrir vestan er Tungumúlatún."
Ö-Tungumúli og Hagi, 3.
**Ba-106:011** *Fjárhústún* örnefni fjárhús
"Fyrir innan Bæjarlæk heitir Fjárhústún."
Ö-Tungumúli og Hagi, 3.
**Ba-106:012** *Hesthúshóll* örnefni hesthús
"Niðri á túni heitir Hesthúshóll."
Ö-Tungumúli og Hagi, 3.
**Ba-106:013** *Orustuvöllur* örnefni
"Þar út og niður af [014] heitir Orustuvöllur."
Ö-Tungumúli og Hagi, 3.
**Ba-106:014** *Stekkur* örnefni stekkur
"Eyrar, lyng og grasi vaxnar, beggja vegna Arnarbælu heita Lambhagi. Fyrir ofan Lambhaga er hár hóll, heitir Fálkahóll. Þar fyrir ofan heita Stekkjarmýrar. Ná þær upp undir Stekk og heim að Hjallholti. Það er fyrir utan og framan túnið."
Ö-Tungumúli og Hagi, 3.
**Ba-106:015** *Hjallholt* örnefni hjallur
"Eyrar, lyng og grasi vaxnar, beggja vegna Arnarbælu heita Lambhagi. Fyrir ofan Lambhaga er hár hóll, heitir Fálkahóll. Þar fyrir ofan heita Stekkjarmýrar. Ná þær upp undir Stekk og heim að Hjallholti. Það er fyrir utan og framan túnið."

Ö-Tungumúli og Hagi, 3.

**Ba-106:016** *Norðurvað* heimild vað

"Fyrir framan Lambhaga [014] er vað á Arnarbýli, heitir Norðurvað. Þetta vað er fyrir þá, sem fara á Fossheiði (hitt vaðið er neðar.)"

Ö-Tungumúli og Hagi, 4.

**Ba-106:017** heimild vað

"Fyrir framan Lambhaga [014] er vað á Arnarbýli, heitir Norðurvað. Þetta vað er fyrir þá, sem fara á Fossheiði (hitt vaðið er neðar.)"

Ö-Tungumúli og Hagi, 4.

**Ba-106:018** *Leikvöllur/Fossheiði* vegur leið

1840: "Fossheiði milli Tungumúla og Fossfjarðar ... svo sem 3/4 [úr þingmannaleið]." 1942: "Frá Tungumúla liggur vegur norður á Fossheiði. Er hann nefndur Leikvallarvegur. Liggur hann eftir Klettahjalla vestan í Tungumúlafjalli, er heitir Leikvöllur. Óvíst er, hvernig á nafninu stendur. Er vegur þessi hvergi nærri hættulaus í dimmu. Haustið 1875 hrapaði Guðmundur Þorláksson [póstur] fram af Leikvallarklettum og beið bana."

1959: "Vestan við bæinn liggur reiðvegur upp múlann eftir tæpum hjalla, sem kallast Leikvöllur. Liggur vegurinn norður um Fossheiði og mætir Mórudalsveginum norður á fjallinu." "Förum heim að Stekk [016]. Þar liggur Fossheiðarvegur upp bratta hlíð, skógi vaxna með klettabelti. Heitir vegurinn (Leikvallavegur) Leikvöllur. ... Upp á miðju fjalli heita Vegamót. Þar skiptist Fossheiðarvegur. Liggur annar niður Mórudal og heitir Mórudalsvegur [Ba-105:026], en hinn niður að Tungumúla og heitir Leikvallarvegur."

SSV, 202; Bstbók, 77; ÁFÍ 1959, 102; Ö-Tungumúli og Hagi, 4, 5.

**Ba-106:019** *Grettistak* örnefni

"Fram á móts við fremri Urðarhjallaenda [fyrir framan og ofan Leikvöll] er ákaflega stór steinn á hlóðum, Grettistak."

Ö-Tungumúli og Hagi, 5.

**Ba-106:020** *Aronshellir* heimild útilegumannabústaður

1942: "Nokkuru norðar við Leikvöll eru Aronslautir, þar er hellir, sem Aronshellir heitir. Dregur hvorttveggja nafn af Aroni Hjörleifssyni, sem Sturla Sighvatsson lagði mest í einelti." 1224: "Aron stökk suður til Barðastrandar og var í helli í Arnarbælisdal á kosti konu þeirrar er bjó í Tungumúla."

Bstbók, 77; Sturl, 292.

## Ba-107 Grænhóll

20 hdr. 1703. Hagakirkjujörð. Grænhóls er ekki getið í miðaldaskjölum eða máldögum Hagakirkju fyrir 1703. Grænhóll og Hagi með hjáleigum eru stundum kallaðir Hagaþorp - Bstbók, 78.

1920: 2,9 ha. garðar 559 m2, 3/4 sléttað. 1942: "lítil jörð en notagóð ... Tún er þar lítið en slétt, engjaslægjur nokkurar. Beitiland er sameiginlegt með Haga. Grænhóll mun og hafa átt selveiði að fjórða hlut móti Haga." Bstbók, 80.

**Ba-107:001** *Grænhóll* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-107:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-107:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-107:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-107:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-107:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-107:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-107:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-107:009** *Grænhólssel* örnefni sel

1840: "Áður til forna átti [Grænhóll] selstöðu ... inn með Vatnsdal." "Suður af Heimsta-Vatnsdal er múli, Hagamúli. ... Hagamúli aðskilur Hagadal og Arnarbýlisdal. Norður af Hagamúla eru hraun, heitir Grænhólsselshraun eða aðeins Hraun."

Ö-Tungumúli -Hagi, 6.

**Ba-107:010** *Skemma* örnefni

"Fyrir neðan Haga er býli; heitir Grænhóll. Þar í túninu er djúp laut; heitir Skemma."

Ö-Tungumúli -Hagi, 9.

## Ba-108 Hagi

100 hdr 1703, þar af eignarhluti 80 hdr. og kirkjueign 20 hdr. Kirkjustaður. Getið í mörgum Íslendingasögum og Sturlungu. Hjáleigur, Krókur (í byggð), Efri Gata, Neðri Gata, Efri Krókur og Efri Hagi, allar í eyði. Nýbýlið Breiðilækur í landi Haga. Grænhóll og Hagi með hjáleigum eru stundum kallaðir Hagaþorp - Bstbók, 78. Gestur Oddleifsson, sem getið er í t.d Laxdælu og Njálu, á að hafa búið í Haga. Efri eða Minni Hagi svaraði til kirkjuhlutans í jörðinni en var kominn í eyði á 17. öld (Sennilega fyrir 1639). Hálft Múlaland var einnig kirkjujörð frá því á 13. öld amk og átti kirkjan þá jörð alla frá því á 14. öld og hefur Múli sennilega verið hluti af upphaflegri landareign Haga. Grænhóls er ekki getið sem kirkjujarðar fyrr en 1703.

1413 kom Sigurður Þórðarson í Haga og bjó þar til dauðadags 1458 og erfðu þá synir hans sr. Greipur, Filippus og Þórður jörðina - sbr. DI V, 194-200. 30.5.1459 afhendir sr. Greipur Sigurðsson Þórði bróður sínum 1/3 í H. - DI V, 179. 24.5.1472 veðsetur Sigríður Þórðardóttir Gísla Filippussyni 1/4 í Haga vegna þeirra 5 kúgilda sem hann átti hjá henni. Fjórðunginn höfðu gefið henni Þórður Sigurðarson og Ingibjörg Halldórsdóttir foreldrar hennar til kaups við Orm Bjarnason - DI V, 667-68. 2.5.1473 selur Sigríður Þórði Sigurðarsyni föður sínum 1/4 í Haga [að manni hennar látnum] en áskilur framfæri þriggja barna sinna hjá Þórði - DI V, 695-96. 7.8.1473 selur Þórður Sigurðsson Gísla Filippussyni bróðursyni sínum hálfan Haga fyrir samtals 90 hdr. í jörðum og lausafé - DI V, 712. 2.7.1540 selur Oddur Eyjólfsson séra Magnúsi bróður sínum þau 40 hdr er hann átti í H.- DI X, 545-46. 1576 er H. 80 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. 31.7.1579 ónýtir Eggert Hannesson kaupskap sinn við Bjarna Björnsson um jörðina H. því Bjarni hafði ekki greitt það smáa hundrað dala, sem vantaði á tilskilda verðaura fyrir Haga. Þess í stað gefur Eggert dótturmanni sínum Magnúsi Jónssyni allan þennan garð gegn því að Magnús semji við Bjarna. Eggert áskilur að einhver af sonum Magnúsar og Ragnheiðar skuli hljóta Haga til jafnra erfaðskipta og að jörðin haldist í ætt hans um aldur og ævi - Jarðabréf, 106-107.

1920: 8,8 ha. (Húsatúnið að auki og það er 0,9 ha.) garðar 2664 m2, 1/3 sléttað. 1840: "Heyskapur mestur í Haga, ..." SSV, 199. 1840: "Selskópaveiði er á 5 eða 6 bæjum, einkanlega í Haga ..." SSV, 200. 1942: "Túnið er stórt, slétt að miklu, og hefir verið bætt mikið síðari árin. Liggur það á ávölum, grónum holtarmi, sem teygist austur frá fjallinu. Landrými er þar ærið, engjaslægjur miklar, út frá túni og með Vaðlinum, hagar góðir fyrir allan pening. Alllöng leið er þaðan til sjávar, en fjörubeit góð. Vorkópaveiði er þar, bæði við Múlasker, sem er skammt frá landi, og við Drápsker, þau eru viku sjávar frá landi, að því er talið var. Á vetrum voru oft slegnir þar upp fullorðnir útselir, sem liggja þar í hópum ... Oft hafa ferðir þessar verið allarðvænlegar, veiðst 10-12 selir í ferð. - Fullorðnir útselir hafa 50-80 kg. spiks og þar yfir, og 3/4 tunnu kjöts. Skinn þeirra eru sem stórgripahúðir. ... Milli Tungumúlafjalls og Hagafjalls er allmikið undirlendi með ávölum ísaldarholtum, mýrarsundum og skógarkjörrum. Neðar og vestan megin Vaðalsins er stór flatneskja, grasi vaxin, sem kallast Hagafit." Bstbók, 78-79. 1959: "Ræktanlegt land er að kalla óþrjótandi umhvefis Haga, en mikið af landinu er vott, og hefur því ekki fram að þessu verið tiltækt til ræktunar, en nú nýlega hefur héraðið fengið skurðgröfu til afnota, og er verið að þurrka mýrarnar. Jörðinni fylgja hólmar og sker með hlunnindum af selveiði og nokkurri fuglatekju." ÁFÍ 1959, 103.

**Ba-108:001** *Hagi* bæjarhóll bústaður

1840: "Bæir bezt húsaðir eru ... Hagi ..."

Túnakort 1920; SSV, 203.

**Ba-108:002** heimild kirkja

Hagi á Barðaströnd (VB) - Nikulási, Maríu og Jóni baptista (Brjánslæksannexia)

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 13

c. 1190-1212: Steinólfur Ljótsson prestur þar [?], bjó a.m.k. á Barðaströnd og brúðkaup dóttur hans var haldið í Haga, Eyvindur Þórarinsson prestur var þar; Rafnssaga, Bsk I, 649, 667, 669.

1234: Haukur prestur Þorgilsson bjó þar; Íslendingasaga, Sturl, 363

1235: Órækja Snorrason rak Hauk og syni hans úr Haga; Íslendingasaga, Sturl, 372

1242: Eyvindur prestur Þórarinsson og Ragnheiðar bjó þá í Haga; Þórðar saga Kakala, Sturl, 466.

[1286]: Hage

Michaels kirkia j haga er eignud med gudi märiu drottnijngu oc johani Baptista. hun ä jn litla haga allan oc mula land hälft: oc j rekum oc j skogum slijkt sem hun hefur fyrr ätt: þriv kugilldiz hross oc v. ku fiar: iiij hundrud alna anarz vijrdingar fiar:
tiolld vm alla kirkiu: kluvkur iij skrin oc skriptir ij: rodu krossa iij oc glerglugg: glodaker oc kertti stiku: salltara oc handBok ij messu fot oc gudvefiar hokul: oc gudvefiar alltara klædi: oc ij: onur: silfur kalec: alguldan

þar skal vera prestur oc diäknn ad heimili oc messa anan huern dag er gor er thil: oc anan huern d[ag] þess j midli: ij mesur vm langa: f[ostu]: huern dag: og vigilia: huern dag mes[s]a vm jola fostu: oc vigila huern dag lýsa kirkiu fra mariu messu: þar thil er lijdur paska vika: tuær messur vm jmbrvdaga oc vigilia; Máld DI II 259-260

1363: Hage a Bardastronnd.
Kirkia hinns helga niculaji biskup[s] j haga a barda stonnd oc vorrar fru. a haga hinn minna [... slykt j rekum oc r[ennin]gum sem hun att hefur ad fornu fimm kugilldi. þriu kugilldis hross. fiogur hunndrud annars virdijngar fear. tiolld vmm alla kirkiu. klockur þriar. skrijn oc ij skriptir. ij. rodukrossa. glerglugg oc glodaker oc kerttistikur ij. salltara oc handbok. ij messufot oc gudvefir hokul. þriu alltaraklædi oc eitt med gudvef. silfurkalekur. algylldann.

þar skal vera prestur oc diacnn. messa huernn dag þann sem giortt er thil oc annann huernn þess a millum. ij messur huernn dag vmm lannga fostu. messu huernn dag vmm jola fostu oc vigilia [i] huerri viku. ij messur vmm ymmbrudaga oc vigilia. lysa fra mariumessu. vnns lydur framm vmm paska viku. Jtem ij hundrud oc lijkakrakur. er gefist hefur thil. þanngad liggia tolf bæir ad tijunndum oc lysitollum.

Svo mikil reiknnadist porcio ecclesie. þad sem gisli var kirkiunni skylldugur. half mork. fatt j tiju hundrudum þa er herra Þorarinn visiteradi. primo. anno gracie vt privs [Saurbær]; Máld DI III 193-194 [Þetta er copia af [1286] m. viðbót frá Þórarni og er ansi ófullkomin um upphafið]

1.8.[1375]: Maldagi Haga kirkiu enn Gamle.
Þaa er lided var fraa hingat burd vors herra jehsu christi þusund þriu hundrud attatiger. v. aar pietursmessu dag aduincula. þaa er virduligur herra oddgeir med gudz biskup j skalhollte visiterade vmm vestfiordu og var j haga aa bardastrond. reiknadist suo fallinn kirkiunnar maldage j haga.

Jn primis huna aa haga hinn minna. mula land alltt. halft holltt. og slikt j rekum og skogum sem hun hefr at fornu hafft. skog j vatzdal j aamotum. Item eitt kugilldi. tiolld vmm kirkiu med ferskeptu og vantar vtar vm þuertt. kluckur þriar. skrin. mariuskript. nichulas likneske. ij rodukrossa. glerglugg og glodarker. kertestikur tuær. sallttare og handbok. tuenn messuklæde og guduefiar hokull. þriu allttarisklædi og eitt med guduef. silfur kaleik algyllttann.

Þar skal vera prestur og diakn. messa hern dag þann er giort er til. og annan huern þess j mille. tuær messur huern dag vmm langa fostu. messa huern dag vm jolafostu. vigilia j huerre viku. tuær messur jmbrudaga. lika krakur er gefizt hefir til. þanngad liggia xij bæer at tiundum og lysetollum

Hier til lagdi filipus gislason fiorar bækur oc fimta kirkials kuer. metnar firir þriu hundrud j portio ecclesie fimm aurum fatt j. fiell nidr portio firir kirkiu uppgiord.

Kirkian j haga aa bardastrond aa saudeyiar allar med holmum oc vtskerium sem til hafa leigid at fornu og nyiu og suo heita. heimey. haey. rif. skarf edr þorisey. kidholmar ij. flata skier er liggur j drapskerium sudur oc vt fra kidholmum. dura tindur. raudzdalz holmar tueir. þridiung ædar sker[s]. Jtem eigur kirkian j haga aa bardastrond allann skog j laugarhuamme. j morudal skog fra olldugile oc framm at haga garde vpp aa fiall oc ofan at aa. skog j arnarbylis dal tungumula meigin fraa aligili og framm j geitar mula sem skogur vegs vpp aa fiall oc ofan at aa. skogar partt j trostans firde j otradals kirkiu sockn j sunndal. Máld DI III 300-301 [AM dipl afskr 1132 'aptan af storu Transscripto fra Haga a Bardastrond giordu 1587'; Lbs 107 4to, 417-18. sbr Hítardalsbók (2): XIII. Anno Domini M.ccc.Lxx. Petursmessudag þä er virdulegur herra Othgeir med gudz näd biskup I Skalhollte visiterade Vestfiordu og var j haga ä Bardastrond. reiknadist so fallenn kirkiunnar maldage.

in primis. hun ä Haga hinn minna. mula land allt. slijkt I rekum og skogum sem hun hefur ad fornu hafft. Skogur I Vatnsdal I Ämotum. Jtem eitt kugillde. tiolld um kyrkiu. Þetta allt ber saman vid Vilkinsbok. DI III 775

[1394]: XII. Kirkia hins h[eilaga] Nicolaj biskups I Haga ä Bardastrond og vorrar fru ä Haga hinn minna. v kugillde et cetera Mula land halfft (so helldur su gamla Hijtardalsbok) Jtem slijkt i rekum og skogum sem hun hefur ätt ad fornu. vj kugillde. hross. cccc annars virdingarfiär (ej gietur hier umm neinn skog) annad ber saman; Hítardalsbók (1) DI III 775

1397: a Haga hinn minna. Mvla land allt. slijkt i Rekumm oc Skogumm sem hun hefur att ad fornu [+skóg í Vatnsdal]

Þar skal vera prestur oc diakn. messa hvern dag þann er til er giortt oc annann hvern þess j milli. ij messur huern dag vmm Langafostv. messa hvern dag vm Jolafostv oc Vigilia j hverri viku. ij messur aa ymbrodaga. Þangad liggia xij bæer

ad tiundumm oc lysitollumm hier til lagdi Philippus Gijslason [bækur] metnar firir ccc. Þetta hefur gefist til kirkiunnar sijdann Philippus kom. viij kugilldi. portio fiell nidur fyrer kirkiu vppgiord;Máld DI IV 150-151

[10.11.1459]: sr. Greipur ber vitni að hann var 8 ára er faðir hans kom í Haga [1413] og heyrði hann aldrei annað sagt en að 'kirkian j haga ... ætti allan skog j morudal fra aulldugili ok fram adh hagagardi. liet fadir minn vinna I þessum sama skogi bædi kol ok elldiuit vetur ok sumar.' DI V 194-95 [sbr. samhljóða vitnisburði DI V, 195-96, 196 og 197; 19.4.1461; DI V 226]

10.11.1459: Jón Markússon ber vitni, er bjó 4 ár í Tungumúla á vegum sr. Bjarna Sigurðssonar, að kirkjan í Haga 'ætti allan skog fra aulldugili j mordal ok fram ad brennuskridu.' DI V, 198. 12.11.1459: Dómur um að Hagakirkja ætti skóg milli Öldugils og Hagagarðs í Morudal - DI V, 198-200. 5.12.1524 meðkennir Helgi Gíslason í Miðhlíð (bróðir Eyjólfs b. í Haga) að hafa gefið tilkall sitt til Drápskerja St. Nikulási til æfinlegrar eignar - DI IX, 252.

29.4.1540: Séra Magnús Eyjólfsson í Haga fær Ögmundi biskupi þau 10 hdr í Siglunesi sem Hagakirkja átti áður og lofar hannkirkjunni öðrum 10 hdr í fasteign í staðinn - DI X, 520.

1575: LII. Hage.

Kirkia I Haga ä Bardastrod. Hun a Haga hinn minna. Mulaland alltt. Slijktt I rekum og skogum sem hun heffur ätt ad fornu. Skog I Vatzdal I Amotum.

Jtem ä hun x kugilldi og ij kapla. Jtem ä kirkian thessar jarder Mulaland .c. landgillde. Jtem halfft Holtt leigd fyrer .x. aura. Jtem Sandeyre .xxc. Landskylld .I½c. [=Sauðeyjar] Jtem heffer sera Magnus feinged I burtt .xc. jord er Haga kirkia ätte. og loffad annare jaffndyrre. Jtem I kirkiunne. iij. mesuklæde. ij alltarisklæde. eitt ryckelijn. kantarakapa. iij corporalar. Jtem eirn kaleikur med sylffur. fontzklæde. Jtem blämerckttur dukur. iij kluckur og ij biollur. Jtem vattzkall brotinn. eirn hialmur. Jtem .x. bækur med vondum og godum effter gomlu lage. Jtem fastagotz. I ½c. hundrada og .xvc. enn gardurenn er tijutiju hundrud. ä thar kirkian I .xxc. Máld DI XV 584-585

1575: [Kirkjan á Brjánslæk á Vatnsdal] vtann skog I Hniotum I millum Thijngmannaär og Lambagilia er kirkiann I Haga ä. Máld [Brjánslækjar] DI XV585

3.9.1639: [Lýsing á inneign kirkjunnar í Haga á Barðaströnd. Síðan er talið upp það, sem hún á "utan sig": 20 hndr. í heimalandi, Sauðeyjar allar með gögnum og gæðum, Múla, 20 hndr., Tungumúla, 20 hndr., skógarítak í Vatnsdal í ármótum, skóg í Trostransfirði, skóg í Mórudal til þeirra ummerkja, sem kirkjunnar bréf útvísa, tollver á Nesi, Drápssker og Kiðhólma með öðrum skerjum og smáeyjum, sem fylgja kirkjunni eftir kirkjunnar bréfum og bevísum, sem eru hjá Magnúsi Jónssyni, eignarmanni jarðarinnar. Kirkjan á átta kýr, tvö ásauðarkúgildi, tvö fimtán aura hross (Síðan eru taldir upp þeir bæir, sem liggja þangað til sóknar, tíundar og lýsistolla)] Ágrip af máld í Jarðabréf, 122

Túnakort 1920.

**Ba-108:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-108:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-108:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-108:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-108:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-108:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-108:009** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-108:010** *Krókur* heimild býli

1703: "Krókur hefur lengi staðið. Á að vera ix [hdr.] úr heimajarðarinnar dýrleika." 1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: ... 7. Krókur, ... í og nálægt Hagatúni." "Á Innratúni er Hólavöllur. ... Niður af Hólavelli er tún, heitir Krókstún."

JÁM VI, 279; SSV, 201; Ö-Tungumúli-Hagi, 8.

**Ba-108:011** *Efri Gata* heimild býli

"Efri gata var x [hdr] úr heimajörðinni." 1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: ... 6. Gata, ... í og nálægt Hagatúni." "Húsin á jörðinni [Breiðalæk] voru staðsett í svokölluðum Götumýrum, en þar var melrani, sem gekk

inn í mýrlendið, ónefndur". Í eyði 1703

JÁM VI, 279; SSV, 201; Ö-Breiðlækur, 2

**Ba-108:012** *Neðri Gata* heimild býli

"Neðri gata önnur x [hdr] úr heimajörðinni." "Húsin á jörðinni [Breiðalæk] voru staðsett í svokölluðum Götumýrum, en þar var melrani, sem gekk inn í mýrlendið, ónefndur. Í eyði 1703.

JÁM VI, 279; Ö-Breiðlækur, 2

**Ba-108:013** *Efri Krókur* heimild býli

"Efri Krókur ix [hdr] út heimajörðinni." Í eyði 1703

JÁM VI, 279.

**Ba-108:014** *Efri Hagi* heimild býli

"Efri Hagi hefur verið fyrir löngu bygður og löngu eyðilagður, skal hafa verið hálfur kirkjuhlutinn í heimalandi. Öðru nafni var þessi hjáleiga kölluð Lambhús."

JÁM VI, 279.

**Ba-108:015** *Miðvörðuheiði* vegur leið

1840: "Miðvarða milli Haga og Tálknafjarðar ... allt að því ein [þingmannaleið]." 1873: "Frá Botni og að Haga á Barðaströnd liggur vegur yfir fjallið Miðvörðu ..." 1942: "[Frá Haga] liggur Miðvörðuheiðarvegur til Tálknafjarðar. Heiði þessi er vel fær hestum, en sjaldfarin." "Miðvörðuheiði heitir vegur milli Haga á Barðaströnd og Botns í Tálknafirði."

SSV, 202, 247; Bstbók, 78; Ö-Tungumúli-Hagi, 5.

**Ba-108:016** *Þrívörður* varða

"Miðvörðuheiði heitir vegur milli Haga á Barðaströnd og Botns í Tálknafirði. Þar sem vötn skilur á fjallinu eru þrjár vörður skammt á milli, heita Þrívörður."

Ö-Tungumúli-Hagi, 5.

**Ba-108:017** *Hamarshjallavarða* varða

"Vestur af Vatnadölum heita Þröskuldar. Þeir eru á milli Hagalands og Haukabergs-Vatnsdals. Austur af Þröskuldum er dalverpi með töluverðum gróðri, heitir Hálsvegur. (Hann er vestur af Heimstavatnadal). Austur af Hálsvegi stendur varða á háum hól, hún heitir Hamarshjallavarða."

Ö-Tungumúli-Hagi, 5.

**Ba-108:018** *Gestsfjós* örnefni fjós

"Fyrir neðan Háuborgir er stór Mýrarfláki, heitir Gormur. Innan til í honum er stór lækur, fellur í Arnarbýlu, heitir Silungalækur. ... Í miðjum Gormi er stór hóll, heitir Gestsfjós. Talið er, að Gestur Oddleifsson hafa haft þar fjós."

Ö-Tungumúli-Hagi, 6.

**Ba-108:019** *Refshróf* tóft naust **Friðlýstar minjar**

1840: "Refshólmi er nefndur innarlega í Hagavaðli. Þar eru tvær lítilfjörlegar tóttir. Skal önnur þeirra hafa verið smiðja Refs, hvar hann smíðaði skipið, en hinn hrófið fyrir það."

1877: "I den indre del af vadlen findes en lille holm, kaldet Rævsholm (Refshólmi); her vises en tomt Rævshrov (Refshróf), hvor det af Ræv byggede skib skal have stået ... Af sagaen synes det I övrigt, som om Gests skibsskur (hróf), hvori skibet byggedes, tænkes at have stået på det faste land ved kysten I nærheden af hage. Det til holmen lokaliserede sagn er dog vist forholdsvis gammelt, ligesom det er overordenlig almenbekendt og Ræv en velkendt personlighed."

1942: "Allstór grashólmi er í Hagavaðli, er nefnist Refshólmi. Í honum er afarstórt og fornlegt naust. Munnmæli segja, að þar hafi Króka-Refur smíðað haffæra byrðinginn ... Virðist sönnu nær, að farmenn hafi haft þar skipauppsátur á söguöld, er þeir komu skipi sínu vestur "í Vaðli", sem þá var talin ein af beztu höfnum landsins." "Fyrir neðan þá [Grjóthóla] eru hólmar, sem Arnarbýla og Hagaá renna sinn hvort vegar við, heita Hagahólmar. Einn af þeim er nefndur Refshólmi. Hann er hæstur þeirra og fer aldrei í kaf, en hina fellur sjór yfir stórflæðum. Á honum eru glögg mannaverk. Segja munnmæli, að þar hafi Refur byggt skip sitt (sbr. Krókarefssögu)." "Refshró og Refssmiðja, 2 tóftir, er svo heita, á Refshólma í Hagavaðli."

Friðlýstar minjar. "Refstóft og Refssmiðja, tvær tóftir er svo heita, á Refshólma í Hagavaðli." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 34.

"Gestr lætr nú búa hróf eitt mikit ok draga þangat viðu mikla. Knörr einn hafði brotit á fjörum Gests; hafði hann keypt upp skipviðuna. Þessa allla viðu lætr Gestr færa til hrófs Refs ok svá sauminn allan. Gestr átti ok járn ósmíðat, ok lézt Refr þat villdu til sín taka, kveðst sjálfr vildu saum slá. Smíðatól á alla vega lét Gestr þangat bera, svá afl ok kol. Þá mælti Gestr: "Nú hefi ek svá alla hluti láti bera til hrófs þíns, at eigi mun fleiri þurfa, þótt væri smíðaðr byrðingr, sá er vel mætti fara á til annarra landa." Refr kvað hann ekki meira mega at gera, hvern veg sem til tækist. / Nú tekr Refr til smíðar;

hann ríss upp snemma, en kemr síð heim; þessu ferr fram mánuði þrjá. Þat var einn morgin, at Gestr sendi trúnaðarmann sinn til hrófsins, bað hann vita, hvat líðr um selabátinn ... Gestr gengr nú til hrófsins við fá menn ... ok er hann kom þar, stóð þar byrðingr einn vel haffærandi." Króka-Refs saga, ÍF XIV, 127-28. "Um miðja nítjándu öld sást enn fyrir gömlum rústum í Refshólma. Fylgdu forn munnmæli, að í hólmanum hafi staðið smíðahús og naust Refs bónda. ... Ganga sagnir um, að grafið hafi verið í rústirnar í hólminum og þar hafi komið í ljós ýmsar leifar, sem örugglega bentu til, að þar hafi verið að smíðum unnið."

SSV, 206; KK I, 551; Bstbók, 79; Ö-Tungumúli-Hagi, 6; "Skrá um friðlýstar fornaldarleifar í Barðastrandarsýslu" ÁBS 1950, 68; Vestfirzkar þjóðsögur I, 46-47.

**Ba-108:020** *Hákonarstekkur* tóft stekkur

"Við Hagaá upp í holtið er hvammur, Geldingarhvammur. Fyrir utan það nær Hagaá er mýri, heitir Hákonarstekksmýri. Fyrir framan hana er Hákonarstekkur. Þar sjást fornlegar tóftir. Ekki eru nöfn þessi eftir Hákoni Kristóferssyni."

Ö-Tungumúli-Hagi, 6.

**Ba-108:021** *Hagasel* tóft sel

"Þegar fer að halla upp úr dalnum kemur Seljabrekkur að innan og framhald af þeim að utan er múli, heitir Selmúli. Fyrir framan Selmúla er Hagasel. Þar eru fornlegar tóftir."

Ö-Tungumúli-Hagi, 7.

**Ba-108:022** *Lambhúslág* örnefni lambhús

"Holti frá Skálargili niður að reiðgötu heita Holtabrekkur. Fyrir neðan þær er Lambhúslág og Lambhúslágarholt (rétt fyrir framan Fjárhúsatún)."

Ö-Tungumúli-Hagi, 8.

**Ba-108:023** *Kumlamýri* örnefni

"Kumlamýri er frá Hagatúni fram að Skálargili. Í mýri þeirri er hóll, heitir Gestsfjós."

Ö-Tungumúli-Hagi, 8.

**Ba-108:024** *Gestsfjós* örnefni fjós **Friðlýstar minjar**

"Kumlamýri er frá Hagatúni fram að Skálargili. Í mýri þeirri er hóll, heitir Gestsfjós."

"Gestsfjós, er svo heita, 2 tóftir í mýrinni niður undan bænum." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 34.

Ö-Tungumúli-Hagi, 8.

**Ba-108:025** *Kvíarhóll* örnefni kvíar

"Fyrir framan Hagatún er hár hóll, heitir Kvíarhóll. Inn af honum er Bóleyri."

Ö-Tungumúli-Hagi, 8.

**Ba-108:026** *Lambhústún* örnefni fjárhús

"Fyrir ofan það [Hagatún] er tún, Lambhústún."

Ö-Tungumúli-Hagi, 8.

**Ba-108:027** *Fjósaþúfur* örnefni fjós

"Efri hluti Ytratúnsins er nefndur og Hólavöllur. En utar og neðar voru stórar þúfur; heita Fjósaþúfur. Eru mest til sléttaðar."

Ö-Tungumúli-Hagi, 9.

**Ba-108:028** *Skotthúfugarður* garðlag kálgarður

"Ytri hluti þess [Neðratúns] heitir Götutún. Fyrir neðan það er gamall kálgarður, ekki notaður nú; heitir Skotthúfugarður. Mun nafn þetta dregið af lögum garðsins."

Ö-Tungumúli-Hagi, 9.

**Ba-108:029** *Bakkhús* tóft fjárhús

"Graslendið mikla fyrir neðan Harðarima heitir Hagafit. ... Næst Harðarima við Vaðalinn er krókur; heitir Harðarimakrókur. Þar fyrir neðan Breiðabakkar og næst krókur, Bakkhúskrókur, og Bakkhús. Þar eru margar tóftir, og voru þar fjárhús frá Haga í tíð Ebenesar Þórðarsonar."

1840: "Borgir, eða eiginleg beitarhús, eru ekki, en tvenn eru þó fjárhús í Haga, af því ærfé má ekki koma til sjávar, eftir að brundtíð er komin, vegna þarans, sem hefur þar skaðlegar verkanir á fóstrið." SSV, 203.

Ö-Tungumúli-Hagi, 9.

**Ba-108:030** *Hagastekkur* örnefni stekkur

"Fyrir neðan Bakkhús [031] er langur oddi; heitir Hagaoddi. Hann er utanvert við Hagavaðal. Í miðri Hagafit er hóll; heitir Hagastekkur."

Ö-Tungumúli-Hagi, 9-10.

**Ba-108:031** *Grænhólsstekkur* örnefni stekkur
"... upp af stekknum [030] er Grænhólsstekkur."
Ö-Tungumúli-Hagi, 10.
**Ba-108:032** *Hagahús* heimild beitarhús
"Þar fyrir utan [031] Lágar. Rétt fyrir neðan Lágar voru beitarhús frá Haga til skamms tíma, voru kölluð Beitarhús, Hagahús." 1840: "Borgir, eða eiginleg beitarhús, eru ekki, en tvenn eru þó fjárhús í Haga, af því ærfé má ekki koma til sjávar, eftir að brundtíð er komin, vegna þarans, sem hefur þar skaðlegar verkanir á fóstrið." SSV, 203.
Ö-Tungumúli-Hagi, 10.
**Ba-108:033** *Gestsfjós* örnefni fjós **Friðlýstar minjar**
"Fyrir ofan Lágar [034] er flatneskjan mikil, mýrkennd; heitir Hagaflói. Í honum er grashóll; heitir Gestsfjós (það þriðja)." "Gestsfjós, er svo heita, 2 tóftir í mýrinni niður undan bænum." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 34.
Ö-Tungumúli-Hagi, 10.
**Ba-108:034** *Gellishóll* örnefni legstaður **Friðlýstar minjar**
1840: "Í svo nefndum Gellishólum, milli Haga og Múla, eru tveir fornmanna haugar, ..." "Yzt í Hagaflóa eru hólar. Heitir einn hinn hæsti þeirra Gellishóll. Þar er sagt, að Gellir sé heygður (Krókarefssaga)." "Skammt fyrir útsunnan tún á Haga á Barðaströnd er í mýrarfláka, sandhóll einn, sporöskjulagaður, er nefnist Gellishóll." Friðlýstar minjar. "Gellishóll, skammt fyrir sunnan túnið, og hjá honum 3 smærri hólar." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 34.
SSV, 207; Ö-Tungumúli-Hagi, 10; Matthías Þórðarson: "Smávegis. Um nokkra staði og fornminjar, er höf, hefir athugað á skrásetningarferðum sínum", Árbók 1924, 45.
**Ba-108:035** *Naustalágar* örnefni naust
"Fyrir ofan Gellishól [034] eru Gellisálar, en neðan hann Naustamýri. Út af Naustamýri eru lágar; heita Naustalágar."
Ö-Tungumúli-Hagi, 10.
**Ba-108:036** heimild lending
"Niður með Naustalágum er lendingin í Haga, og er lent upp með skeri; heitir Háasker."
Ö-Tungumúli-Hagi, 10.
**Ba-108:037** hleðsla
"Húsin á jörðinni [Breiðalæk] voru staðsett í svokölluðum Götumýrum, en þar var melrani, sem gekk inn í mýrlendið, ónefndur. Moldarmóar voru fyrir ofan rana þennan og voru kallaðir Réttarmóar. Þar voru þegar ég lét grafa fyrir húsunum veggir hlaðnir úr hnaus."
Ö-Breiðilækur, 2.
**Ba-108:038** *Vörðubrot* dys legstaður
"Fyrir utan gamla þjóðveginn eru til tvær sléttur, Langaslétta og Leiti. Fyrir neðan Löngusléttu eru dys sem getið er um í þjóðsögunum. Heitir þetta Vörðubrot."
Ö-Breiðilækur, 2.
**Ba-108:039** *Hagastofa* heimild bústaður
"Á dögum Davíðs sýslumanns [Scheving] brann Hagastofan sumir segja á Kyndilmessu en aðrir fyrir jólin 1778. Stofa þessi var þá enn í smíðum, og eitt hið mesta hús þeirra tíma. Í stofu þessa mun hafa verið tré það hið mikla, sem flutt var af Rauðasandi inn Sandheiði um hávetur af átján mönnum, og urðu allir úti. Það er mælt, að átján hurðir hafi verið á járnum í bæ þessum."
Bstbók, 79.
**Ba-108:040** tóft
"Ég skal ekki frekar geta hér, hvernig á orðum sögunnar stendr um þetta jarðhús (sjá Vaðal), nema ef svo væri, að Þorgerður, móðir Gísla, hafi búið í Haga eins og önnur sagan segir á einum stað, með því að í Haga stendr mjög líkt á, að nær ánni (Hagaá) að innanverðu er hóll og túnbrekka niðr. Þar á eru miklar fornar tóftir, niðursokknar og óglöggvar, enda hefir þar nýlega verið byggð hlaða. Hér eru munnmæli um að bær Gísla hafi staðið á hólnum. Það hefði vel getað verið grafið jarðhús út úr hólnum, því þaðan er örskamt niðr að ánni."
Sigurður Vigfússon: "Rannsóknir á Breiðafirði 1889" Árbók 1893, 8-9.
**Ba-108:041** heimild rétt
1840: "Rétt er á Brjánslæk, líka, að nafninu, á Haga ..."
SSV, 200.
**Ba-108:042** *Tröð* heimild býli
1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: ... 8. Tröð, ... í og nálægt Hagatúni."

SSV, 201.

**Ba-108:043** *Hagabúð* heimild býli

1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: ... 5. Hagabúð þar var síðast búið um næstliðin aldamót, ... í og nálægt Hagatúni."

SSV, 201.

**Ba-108:044** heimild gripir

1840: "Hesthófsskeifa hefur og fyrir fáum árum fundizt í Hagafit, grafin upp úr jörð, með 9 götum á, og grópi einlægu eftir miðju, enda á milli."

SSV, 207.

**Ba-108:045** *Hagavaðall* heimild lending

Í nokkrum Íslendingasögum sem greina frá atburðum vestanlands er Hagavaðals getið sem hafskipahafnar en hvergi kemur fram hvar í Vaðlinum skipin lentu - Gísla saga, Fóstbræðra saga, Laxdæla. 1186: "En þau Ari [sterki Þorgilsson og Guðný Böðvarsdóttir] bæði réðust til skips vestur í Vaðli og fóru þar utan."

1877: "Denne "vadel" (vaðill) er hyppig nævnt I sagaerne som en yndet og meget besögt havn, hvorfra udenlandsrejser foretogs, hvor de hjemkommende landede, og hvor der derfor sædvanlig stod et eller flere skibe "oppe". I selve vadelmundingen skal der være stærk ström, og kun med stigende vande skal et fartöj kunde passere derind, men længere inde skal være et dybere parti (pollr), som selv ikke ved ebbetid bliver tört." KK I, 551.

Sturl, 183.

## Ba-109 Múli

20 hdr. 1703, Hagakirkjujörð, hjáleigur Hús og Hús. "Á Múla eru tveir bæir, Ytri- og Innri-Múli. Hvor bær á sín tún, en allt óræktað land er sameiginlegt." Ö-Múli, 1. Hálft Múlaland var Hagakirkjueign skv. máld frá [1286] en [1375] er allt landið lagt undir kirkjuna.

1920: Múli innri 2,3 ha. garðar 565 m2 1/5 sléttað. Múli ytri 1,8 ha. garðar 724 m2, 1/4 sléttað. 1942: "Bæirnir standa meðfram hlíðarrótum. Er þar víðast valllendi en hallandi mýrlendi neðar, og sléttar grundir eða fitjar meðfram söndunum. Undirlendisræma þessi mun óvíða breiðari en einn km." Bstbók, 80.

**Ba-109:001** Múli innri bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-109:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-109:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-109:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-109:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-109:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-109:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-109:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-109:009** *Múli ytri* heimild býli

Túnakort 1920.

**Ba-109:010** heimild útihús

Túnakort 1920

**Ba-109:011** heimild útihús

Túnakort 1920

**Ba-109:012** heimild útihús

Túnakort 1920

**Ba-109:013** heimild útihús
Túnakort 1920
**Ba-109:014** heimild útihús
Túnakort 1920
**Ba-109:015** heimild útihús
Túnakort 1920
**Ba-109:016** *Hús* heimild býli
"Þar eru tvær hjáleigur, hver um sig kölluð Hús. Er hver um sig v [hdr] af jörðinni."
JÁM VI, 281.
**Ba-109:017** *Hús* heimild býli
"Þar eru tvær hjáleigur, hver um sig kölluð Hús. Er hver um sig v [hdr] af jörðinni."
JÁM VI, 281.
**Ba-109:018** *Tíuaurakeldusteinn* heimild huldufólksbústaður
"Stroffur heita graslautir upp í hlíðinni, alveg út undir garði sem var upp með hólunum í Fosslandi. Tíaurakelda er dý neðar og aðeins austar en Stroffur. ... Tíaurakeldusteinn er stutt frá keldunni, aðeins ofar. Þar var talið að byggi huldufólk. Þetta er stór og áberandi steinn, hinn stærsti á þessu svæði."
Ö-Múli, 1.
**Ba-109:019** *Akrabrekka* örnefni
"Fyrir ofan steininn [017] er grasi gróin brekka, Akrabrekka."
Ö-Múli, 1.
**Ba-109:020** *Stekkjarhryggur* örnefni stekkur
"Stóraskriða er í hlíðinni aðeins austar en Snösin ... Stekkjarhryggsteigur er grasteigur aðeins austar en Stóraskriða. Austan við hann er Stekkjarhryggur. Sjást engar rústir þar lengur. Fráfærur voru síðast á Innri-Múla 1936. Þá var fært því frá í 6 ár, en höfðu þá legið niðri um skeið."
Ö-Múli, 2.
**Ba-109:021** heimild kvíar
"Fyrir ofan Ytri-Múla er Ból. Þar var grjótbyrgi sem kvíaær voru mjólkaðar í en er hrunið nú. Það hefur horfið þegar vegurinn var lagður."
Ö-Múli, 2.
**Ba-109:022** heimild áveita
"Fyrir neðan túnin voru slægjulönd sem kölluð voru Veitur. Var Bæjarlæknum veitt á þetta stykki til að fá meira gras. Þarna eru nú ræktuð tún fá báðum bæjunum."
Ö-Múli, 3.
**Ba-109:023** *Þjófatóftir* tóftir beitarhús
"Á bökkunum niður af Ytri-Múla voru tóftir, sem hétu Þjófatóftir. Þar voru eitt sinn beitarhús og var sauð einu sinni stolið þaðan og farið með hann inn eftir Ströndinni. Þessar tóftir sjást ekki lengur, nú er þarna tún."
Ö-Múli, 3.
**Ba-109:024** heimild fjárhús
"Rétt hjá þessum tóftum [023] eru tveir hólar, kallaðir Haugar. Á báðum voru fjárhús, hvor frá sínum bæ."
Ö-Múli, 3.
**Ba-109:025** heimild fjárhús
"Rétt hjá þessum tóftum [023] eru tveir hólar, kallaðir Haugar. Á báðum voru fjárhús, hvor frá sínum bæ."
Ö-Múli, 3.
**Ba-109:026** heimild rétt
"Upp úr fjárhúsunum [024-025] voru byggðar réttir sem hafðar voru til að reka inn i á vorin. Hafa þær staðið til skamms tíma."
Ö-Múli, 3.
**Ba-109:027** *Ólafstóftir* tóft
"Næst fyrir austan Sölkuhlein er Bæjarsker. Fyrir ofan það er smáklettadrangar, kallaðir Strákar. ... Á bökkunum fyrir ofan Stráka eru Ólafstóftir. Sést vel fyrir þeim enn þótt ræktað hafi verið í kring. Ekki er vitað hvern þær eru við kenndar."
Ö-Múli, 3.
**Ba-109:028** *Sláturhús* heimild

"Rétt vestan við merkin rennur lækur í sjó, alltaf kallaður Sandkvika. Þar voru árum saman þvegna vambir frá sláturhúsi sem byggt var aðeins vestar við merkin. Var alltaf kallað sláturhúsið í Haga þótt það stæði Múlamegin við merkin."
Ö-Múli, 4.

**Ba-109:029** heimild leið
"Upp af Dranghlíð er svokallað Ganghorn, klettasylla. Í Ganghorninu er gangstígur, illfær nema vönum mönnum. Þessi stígur lá á milli Skálar sem áður er getið og oft var kölluð Heimri-Skál og Fremri-Skálar sem er alveg eins og hin."
Ö-Múli, 5.

**Ba-109:030** *Böðlatóftir* örnefni
"Þá verða talin örnefni í túni á Innri-Múla: Böðlatóftir voru neðarlega á túninu. Þegar þeim var bylt kom þar upp mikið af kræklingi (skeljum)."
Ö-Múli, 6.

**Ba-109:031** *Hesthúslækur* örnefni hesthús
"Hesthúslækur rann gegnum Innri-Múlatún."
Ö-Múli, 6.

**Ba-109:032** *Bæjargarður* garðlag kálgarður
"Á Innri-Múla voru fjórir kálgarðar og hétu allir nöfnum: Bæjargarður, Hesthúsgarður, Stóri-Lófi og Litli-Lófi."
Ö-Múli, 6.

**Ba-109:033** *Hesthúsgarður* garðlag kálgarður
"Á Innri-Múla voru fjórir kálgarðar og hétu allir nöfnum: Bæjargarður, Hesthúsgarður, Stóri-Lófi og Litli-Lófi."
Ö-Múli, 6.

**Ba-109:034** *Stóri-Lófi* garðlag kálgarður
"Á Innri-Múla voru fjórir kálgarðar og hétu allir nöfnum: Bæjargarður, Hesthúsgarður, Stóri-Lófi og Litli-Lófi."
Ö-Múli, 6.

**Ba-109:035** *Litli-Lófi* garðlag kálgarður
"Á Innri-Múla voru fjórir kálgarðar og hétu allir nöfnum: Bæjargarður, Hesthúsgarður, Stóri-Lófi og Litli-Lófi."
Ö-Múli, 6.

**Ba-109:036** *Bæjargarður* garðlag kálgarður
"Á Ytri-Múla voru tveir garðar, Bæjargarður og Hesthúsgarður."
Ö-Múli, 6.

**Ba-109:037** *Hesthúsgarður* garðlag kálgarður
"Á Ytri-Múla voru tveir garðar, Bæjargarður og Hesthúsgarður."
Ö-Múli, 6.

## Ba-110 Skjaldvararfoss

20 hdr. 1703. Bændaeign. Gengur undir nafninu Foss í daglegu tali. Einnig Skjaldarfoss, Skaldandafoss og Skjallandafoss. Talið að Litluhlíð hafi verið skipt úr Fosslandi. Laufhóll var nýbýli á 20. öld. 18.3.1465 ber Ólafur Þorvaldsson vitni um að hann heyrði menn segja að S. ætti bæð naust og vör þau sem eru inn frá túngarði á S. svo og ei síður vissa eg bæði fyrir mannplágu og eftir að þeir sem á S. bjuggu héldu og höfðu þessi sömu naust og vör og höfðu þar átölulaust langa tíma og aldrei heyrða eg þess getið að það væri lán heldur ævinleg eign fyrrnefndrar jarðar S. og aldrei heyrða eg þar tvímæli á fyrr en hvalinn rak að S. og þó af öngum nema mér var sagt að Sigurður í Haga og synir hans hafi talað upp á vörina - DI V, 442. 16.11.1474 vitnisburður um að Pétur Þórðarson tíundaði sér til eignar jarðirnar Kross og S. til dauðadags og að síðan tók þær í erfð Sigfús sonur hans og um að Sigfús hefði vör og verstöð sem inn er frá Tungunni á S. Einnig um að Fossármenn, er áttu S. rekaveturinn mikla, hefði haft þar hvert kefli sem rak að hinum innri vararvegg og engi hefði af því fundið. Einnig um að S. ætti jarðareign 'sionhending af enum innara varar vegg ok upp j giana storv j fiallenu ok alldre hefer mule att ne haft þa vaur ne verstaud.' - DI V, 768-69. 26.3.1483 gefur Sigfús Pétursson Ólafi syni sínum 10 hdr í S. og Hallur prestur Sigfússon gefur Ólafi bróður sínum 4 hdr í sömu jörð - DI VI, 508. 31.1.1519 selur sr. Jón Ólafsson Eyjólfi Gíslasyni S. - DI VIII, 677-78. 11.7.1540 fær Oddur Eyjólfsson Herdísi systur sinni S. - DI XI, 119-20. 1576 var S. 20 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. 1.10.1695 tilseigir Eggert Sæmundsson vegna systur sinnar Þuríðar í kaupmála við Halldór Torfason m.a. S. 20 hdr að dýrleika 'en þá jörð skilur Guðrún Magnúsdóttir sér til halds og ágóða lífstíð, vilji hún ei fyrr af höndum láta. - Jarðabréf, 145. 22.6.1703 er S. 20 hdr jörð meðal eigna Halldórs Torfasonar og Þuríðar Sæmundsdóttur 'Þá jörð hefur Guðríður Magnúsdóttir í Flatey á Breiðafirði skilið sér til afgjalds nota og ágóða sína lífstíð.' JÁM XIII, 64.

1920: 2,3 ha. garðar 1243 m2, 1/2 sléttað. Útmæling sýnir 0,5 ha, garðar 305 m2. 1840: "... þarabeit er og víða ... mikið góð, svo sem á Skjaldvararfossi ..." SSV, 199. 1942: "Bæirnir standa meðfram hlíðarrótum. Er þar víðast valllendi en hallandi mýrlendi neðar, og sléttar grundir eða fitjar meðfram söndunum. Undirlendisræma þessi mun óvíða breiðari en einn km." Bstbók, 80.

**Ba-110:001** *Skjaldvararfoss* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-110:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-110:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-110:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-110:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-110:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-110:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-110:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-110:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-110:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-110:011** *Bænhústóft* tóft bænhús
"Fremst á bökkunum í túninu sér enn fyrir litlu tóftarbroti, það heitir Bænhústóft. Þaðan hefur sést vel til allra mannaferða, því að allir fóru með sjónum þangað til vegur var lagður um sveitina. Slíkt hús á vegamótum munu líka hafa verið kölluð krosshús."
Ö-Skjaldvararfoss, 1.
**Ba-110:012** heimild stekkur
"Yst á hólunum er Stekkurinn, þar er enn nokkuð vel uppistandansi fjárrétt, hlaðin úr grjóti. Fráfærur munu hafa lagst hér niður snemma á öðrum áratug þessarar aldar."
Ö-Skjaldvararfoss, 1.
**Ba-110:013** *Álfkonuberg* álagablettur huldufólksbústaður
"Í túninu stutt fyrir innan (austan) bæinn er klettur sem heitir Álfkonuberg. Hann er utan í hól og nær gras fram á brún klettsins. Upp á Álfkonuberginu má aldrei slá"
Ö-Skjaldvararfoss, 1.
**Ba-110:014** *Hesthústún* örnefni hesthús
"Ysti hluti gamla túnsins frá Hesthúslæk heitir Hesthústún."
Ö-Skjaldvararfoss, 1.
**Ba-110:015** *Þvottalækur* örnefni þvottastaður
"Rétt fyrir utan túnið rennur lækur sem heitir Þvottalækur."
Ö-Skjaldvararfoss, 1.
**Ba-110:016** *Hólshús* heimild býli
1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: ... 4. Hólshús, milli Litluhlíðar og Skjaldvararfoss, "Við enda Hólanna er Hólsendalækurinn. Stutt þar fyrir utan er hryggur (gömul uppgróin skriða) sem heitir Skjólhryggur. Nokkuð þar fyrir utan eru Hólshús ... Þegar faðir minn, Guðmundur Jónsson, keypti Foss og flutti þangað 1925, var þar fyrir húsamaður sem Guðjón hét Jónsson. Faðir minn leyfði honum að byggja sér bæ og fjárhús á Hólshúsum. Þar bjó Guðjón með fjölskyldu sinni í nokkur ár. Leifarnar af þeim húsum sjást enn."
SSV, 201; Ö-Skjaldvararfoss, 1-2.
**Ba-110:017** heimild býli

"Við enda Hólanna er Hólsendalækurinn. Stutt þar fyrir utan er hryggur (gömul uppgróin skriða) sem heitir Skjólhryggur. Nokkuð þar fyrir utan eru Hólshús, það er sléttur blettur, nokkuð hálendari en landið sem nær er sjónum. Þar telja sumir að bærinn á Fossi hafi staðið til forna, meðan næsti bær fyrir utan Foss, sem er Litlahlíð, var enn óskipt úr Foss landareign."

Ö-Skjaldvararfoss, 1.

**Ba-110:018** *Naustamýri* örnefni naust

"Í mýrunum milli Hólhúsanna og Litluhlíðar er stór steinn sem heitir Grásteinn og mýrarnar hétu Grásteinsmýrar, nú er þar tún. Neðsti hluti þeirra hét Naustamýri."

Ö-Skjaldvararfoss, 2.

**Ba-110:019** *Vör* örnefni lending

"Í fjörunni þar beint fyrir neðan [Fossgjá] er Vörin."

Ö-Skjaldvararfoss, 1.

**Ba-110:020** heimild naust

Á 15. öld hefur verið lending og naust alveg við merkin við Múla. 18.3.1465 ber Ólafur Þorvaldsson vitni um að hann heyrði menn segja að S. ætti bæð naust og vör þau sem eru inn frá túngarði á S. svo og ei síður vissa eg bæði fyrir mannplágu og eftir að þeir sem á S. bjuggu héldu og höfðu þessi sömu naust og vör og höfðu þar átölulaust langa tíma og aldrei heyrða eg þess getið að það væri lán heldur ævinleg eign fyrrnefndrar jrðar S. og aldrei heyrða eg þar tvímæli á fyrr en hvalinn rak að S. og þó af öngum nema mér var sagt að Sigurður í Haga og synir hans hafi talað upp á vörina - DI V, 442.

16.11.1474: vitnisburður um að Pétur Þórðarson tíundaði sér til eignar jarðirnar Kross og S. til dauðadags og að síðan tók þær í erfð Sigfús sonur hans og um að Sigfús hefði vör og verstöð sem inn er frá Tungunni á S. Einnig um að Fossármenn, er áttu S. rekaveturinn mikla, hefði haft þar hvert kefli sem rak að hinum innri vararvegg og engi hefði af því fundið. Einnig um að S. ætti jarðareign 'sionhending af enum innara varar vegg ok upp j giana storv j fiallenu ok alldre hefer mule att ne haft þa vaur ne verstaud.' - DI V, 768-69.

DI V, 442, 768-69.

## Ba-111 Litlahlíð

12 hdr. 1703. Bændaeign. Talin hafa verið skipt úr Fosslandi.

1446 er L. 12 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Brjánslæk og fylgdu þar 3 kúgildi - DI IV, 688-89. 16.9.1498 afhenda Andrés Guðmundsson og synir hans Birni Þorleifssyni m.a. L. á móti Saurbæjareignum - DI VII, 401-403. 28.6.1703 er L. 12 hdr jörð meðal eigna Þorbjargar Sigurðarsóttur, sem hún hafði erft eftir föður sinn S. Árnason. Byggð með 80 al. landsk í óánefndum landaurum og 4 kúgildum - JÁM XIII, 112. 28.6.1704 selur Erlingur Gíslason bróður sínum Oddi Helgasyni L. fyrir 16 hdr í Miðhlíð og skyldi L. eiga skógarhögg í Miðhlíðarskógum til kola, eldiviðar og rafthöggs sem þyrfti og tolllaust skip á Hrísnesi ár um kring. - JÁM XIII, 239.

1920: 2,5 ha. garðar 455 m2. 3/4 sléttað. 1840: "Lökust er fjárbeit á ... Litluhlíð ... Engin jörð hefir hér í seinni tíð batnað við sérlega góða ræktun svo sem Litlahlíð." SSV, 199. 1840: "Mór er grafinn í Litluhlíð." SSV, 201. 1840: "Bezt hefur [jarðaræktin] verið stunduð í Litluhlíð ..." SSV, 203. 1840: "Kálgarðarækt hefur bezt verið stunduð í Litluhlíð ... Kartöflur ræktast líka á þessum bæjum ... mór er skorinn einasta í Litluhlíð." SSV, 204. 1942: "Bæirnir standa meðfram hlíðarrótum. Er þar víðast valllendi en hallandi mýrlendi neðar, og sléttar grundir eða fitjar meðfram söndunum. Undirlendisræma þessi mun óvíða breiðari en einn km." Bstbók, 80.

**Ba-111:001** *Litlahlíð* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-111:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-111:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-111:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-111:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-111:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-111:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-111:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-111:009** *Naust* örnefni naust

Örnefnaskrá er einungis upptalning.

Ö-Litlahlíð.

**Ba-111:010** *Stekkur* örnefni stekkur

Örnefnaskrá er einungis upptalning.

Ö-Litlahlíð.

**Ba-111:011** *Lámur* garðlag kálgarður

Örnefnaskrá er einungis upptalning.

Ö-Litlahlíð.

**Ba-111:012** *Böðvarstóftarmýri* örnefni

Örnefnaskrá er einungis upptalning.

Ö-Litlahlíð.

**Ba-111:013** *Fjósaflöt* örnefni fjós

Örnefnaskrá er einungis upptalning.

Ö-Litlahlíð.

**Ba-111:014** *Sauðhúsgarður* garðlag kálgarður

Örnefnaskrá er einungis upptalning.

Ö-Litlahlíð.

## Ba-112 Miðhlíð

48 hdr. 1703 með hjáleigunum Hrísnesi og Gerði sem þá voru í byggð, auk eyðikotanna Þúfu, Stekks og Skriðu. Þau voru einnig í eyði 1805. Bændaeign. Hlíðar er getið í Króka-Refs sögu.

20.9.1478 gerir Ólöf Loftsdóttir kunnugt að hún hefur fengið Magnúsi Eyjólfssyni bpi 18 hdr í M. - DI VIII, 65; Jarðabréf, 97. 4.10.1478 fær Magnús biskup Eyjólfsson Gísla Filippussyni og konu hans Ingibjörgu, systur sinni, 18 hdr. í M. - DI VI, 166-67. 5.12.1524 gefur Helgi Gíslason í Miðhlíð vitnisburð um að hann vilji halda samning við Eyjólf heitinn bróður sinn um tollverið í M. og um skógarhöggið í hans skóga [Eyjólfs?] að frá skildri Brenniskriðu. Helgi meðkennir einnig að hafa gefið tilkall sitt til Dráðskerja St. Nikulási til æfinlegrar eignar. Sama dag var tekinn vitnisburður um að Helga Þorleifsdóttir og Helgi bóndi Gíslason staðfestu að halda samning þeirra bræðra um tollverið í Miðhlíð og um skógarhöggið. Átti þar að ganga teinæringur og þaðan af minni, tvo ef hann vildi og hafa eldivið í Miðhlíðarskógi sem þarfnaðist - DI IX, 252-253. 22.12.1535 selur Ólafur Helgason Erlingi Gíslasyni 16 hdr í M. - DI IX, 752-53. 12.7.1537 selur Ögmundur Pálsson Erlingi Gíslasyni 16 hdr. í M. en það voru þau 16 hdr. sem Fúsi Helgason hlaut og séra Gísli og synir hns keyptu af honum - DI X, 109-110. 7.4.1654 selur Þorlákur Arason Gísla Jónssyni 9 hdr. í M. og þar með 2 1/2 kúgildi - Jarðabréf, 125. 4.7.1673 afhendir Þorsteinn Þorleifsson Gísla Jónssyni 14 hdr í M. eftir arfaskipti eftir Kristínu Magnúsdóttur - Jarðabréf, 128-29. 22.7.1677 skiptir Herdís Ásgeirsdóttir arfi með sex börnum hennar og Sigurðar Jónssonar og koma 3 hdr og 70 álnir í hlut allra barnanna [= 22 1/2 hdr?]. - Jarðabréf, 170. 11.5.1680 er auglýst að fundist hafi erfðaskrá eftir Gísla Jónsson í Reykjarfirði þar sem hann ánafnar Árna Guðmundssyni bróðursyni sínum nokkur hdr. í Miðhlíð og eru honum því tilsögð 5 hdr. í M. - Jarðabréf, 132. 2.6.1680 selur Bjarni Egilsson Þorleifi Magnússyni 4 hdr. í M. sem erfingjar Magnúsar Jónssonar höfðu fengið honum fyrir aðra jörð - Jarðabréf, 132. 6.7.1691 selur Elín Magnúsdóttir bróður sínum Magnúsi 4 hdr og 24 álnir í M. - Jarðabréf, 143. 27.6.1703 á Árni Guðmundsson 3 hdr í M. og eru þau leig ð fyrir 1 vætt landsk og með 1 kúg. Jörðin er alls 48 hdr en Ástríður Sigurðardóttir á 3 1/2 hdr, landsk 16 vættir, 4 fjórð. með kotunum Hrísnesi og Girði. Jörðin gengur kaupum og sölum fyrir 50 hdr. - JÁM XIII, 226. 28.6.1704 selur Oddur Helgason bróður sínum Erlingi Gíslasyni 16 hdr í Miðhlíð fyrir Litluhlíð og skyldi Litlahlíð eiga skógarhögg í Miðhlíðarskógum til kola, eldiviðar og rafthöggs sem þyrfti og tolllaust skip á Hrísnesi ár um kring. - JÁM XIII, 239.

1920: Miðhlíð ytri: 2,3 ha. garðar 1233 m2, 1/2 sléttað. Miðhlíð innri 2,1 ha. garðar 463 m2, 1/3 sléttað. 1840: "Lökust er fjárbeit á ... Miðhlíð ... Undir skriðuáföllum liggja ... að nokkru leyti ... Miðhlíð ..." SSV, 199. 1942: "Miðhlíðarþorp er fjórir bæir: Gerði, Innri- og Ytri-Miðhlíð og Hrísnes. Allar þessar jarðir eru svipaðar um landkosti, hafa fremur lítil en grasgefin tún, snöggslægar engjar, en beitarsælt á landi og í fjöru. Víða vel fallið til matjurtaræktar enda er hún allmikil." Bstbók, 80.

**Ba-112:001** *Miðhlíð ytri* bæjarhóll bústaður
"Út af bænum var stórþýft stykki, kallað Stórþúfur. Hundrað er út af Stóruþúfum. Þar voru bæjarhúsin áður, og kartöflugarðar voru þarna fram yfir 1940."
Túnakort 1920; Ö-Miðhlíð, 5.
**Ba-112:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-112:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-112:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-112:005** *Miðhlið innri* heimild býli
Til eru túnakort af Miðhlíð ytri og Miðhlíð innri.
Túnakort 1920
**Ba-112:006** heimild útihús
Túnakort 1920
**Ba-112:007** heimild útihús
Túnakort 1920
**Ba-112:008** heimild útihús
Túnakort 1920
**Ba-112:009** *Þúfa* tóft býli
"Þar hafa verið í heimalandinu önnur þrjú kot, kölluð Þufa, Steckur, Skrida. Hafa ei bygst um nokkur ár. Eru komin í skriður og blásin upp. Kunna ei að byggjast." "Hærrimýrar halda sínu nafni, þó komnar séu í tún. Ljóstóftarmóar heita nú Ljóstóftarmóaslétta. Yzta og fremsta sléttan heitir Þúfutún. Við enda sléttunnar dalmegin eru tóftir. Þar er talið, að hafi verið býli, er hét Þúfa."
Verið getur að Ljóstóftir séu á öðrum stað en leifar býlisins Þúfu en það er ekki ljóst af skránni.
JÁM VI, 183; Ö-Miðhlíð, 4.
**Ba-112:010** *Stekkur* heimild býli
1703: "Þar hafa verið í heimalandinu önnur þrjú kot, kölluð Þufa, Steckur, Skrida. Hafa ei bygst um nokkur ár. Eru komin í skriður og blásin upp. Kunna ei að byggjast." 1942: "Á Stekk var búið nokkur ár fyrir skömmu." Bstbók, 80 - sennilega sama og Guðastekkur.
JÁM VI, 183.
**Ba-112:011** *Skriða* heimild býli
"Þar hafa verið í heimalandinu önnur þrjú kot, kölluð Þufa, Steckur, Skrida. Hafa ei bygst um nokkur ár. Eru komin í skriður og blásin upp. Kunna ei að byggjast." - "Inn af Fjósaflöt [012] heitir Hundrað. Ofar Hundraði er Skriða. Gömul tóft er á Skriðu, kölluð Smiðjutóft [016]."
JÁM VI, 183; Ö-Miðhlíð, 3.
**Ba-112:012** *Fjósaflöt* heimild fjós
"Örnefni í túninu í Ytri-Miðhlíð. ... Upp af Bæjarhól var Fjósflöt. Þar stóð fjósið, um 40 m. beint upp af bænum."
Ö-Miðhlíð, 2.
**Ba-112:013** heimild lambhús
"Nokkru innar og ofar en fjósið voru Lambhús, hesthús og kúahlaða, þar sem nú standa öll skepnuhús á jörðinni."
Ö-Miðhlíð, 2.
**Ba-112:014** heimild hesthús
"Nokkru innar og ofar en fjósið voru Lambhús, hesthús og kúahlaða, þar sem nú standa öll skepnuhús á jörðinni."
Ö-Miðhlíð, 2.
**Ba-112:015** heimild hlaða
"Nokkru innar og ofar en fjósið voru Lambhús, hesthús og kúahlaða, þar sem nú standa öll skepnuhús á jörðinni."
Ö-Miðhlíð, 2.
**Ba-112:016** *Smiðjutóft* tóft smiðja
"Inn af Fjósaflöt [012] heitir Hundrað. Ofar Hundraði er Skriða. Gömul tóft er á Skriðu, kölluð Smiðjutóft."
Ö-Miðhlíð, 3.
**Ba-112:017** heimild fjárhús

"Inn af Skriðu [011] er brekka, heitir Húsabalabrekka. Upp á brekkunni voru fjárhús."
Ö-Miðhlíð, 3.
**Ba-112:018** *Álfkonusteinn* álagablettur
"Inn og niður frá fjárhústóftum er Húsabali. Neðst og innst í Húsabala er steinn, sem heitir Álfkonusteinn. Í kringum Álfkonustein mátti ekki slá. Það var talinn álagablettur. Sagnir eru um, að svo hafi verið."
Ö-Miðhlíð, 3.
**Ba-112:019** *Prettur* heimild vatnsból
"Þessir lækir komu saman í einn læk, sem hét þá Prettur og rann niður Innri-Miðhlíðartún. Úr þessum læk var tekið neyzluvatn; mun það oft hafa þrotið í þurrkum og frostum ..."
Ö-Miðhlíð, 3.
**Ba-112:020** gata leið
"Út af Lamburðarmýri var þýft stykki, kallað Hærri-Þemba. Utan og neðar Neðri-Þemba. Á milli þeirra lá gata fram á Bólið."
Ö-Miðhlíð, 3.
**Ba-112:021** *Brunnur* lind
"Næst er lýst örnefnum í slægnalandi niður og út af Ytri-Miðhlíðartúni. Fyrir neðan Flatarenda voru sléttar grundir, hétu Traðir. Þar neðar hét Melar. Fram undan brekku, neðst inn á Melum, var uppsprettulind, hét Brunnur."
Ö-Miðhlíð, 3.
**Ba-112:022** *Yztatóft* tóft
"Þar út af [021] var gömul húsatóft, hét Yztatóft (sennilega hafa þar verið fjárhús)."
Ö-Miðhlíð, 3-4.
**Ba-112:023** *Langigarður* garðlag
"Fyrir utan Hærrimýrar var hlaðinn garður, sem náðu upp í hlíð, úr hnaus í mýrunum, en grjóti ofar, og sést vel fyrir honum ennþá fyrir ofan girðinguna. Var hann kallaður Langigarður."
Ö-Miðhlíð, 4.
**Ba-112:024** *Hæstuhús* tóft fjárhús
"Örnefni í túni Innri-Miðhlíðar. ... Hærratún er upp af bænum. Efst á því eru tóftir. Þar voru fjárhús, kölluð Hæstuhús."
Ö-Miðhlíð, 5.
**Ba-112:025** *Fjósahluti* heimild útihús
"Örnefni í túni Innri-Miðhlíðar. ... Niður frá bænum er Fjósahluti. Innst og neðarlega á Fjósahluta eru skepnuhúsin."
Ö-Miðhlíð, 5.
**Ba-112:026** *Stígur* gata leið
"Neðst í Hundraði, í beinu áframhaldi af hlaðinu fyrir framan gömlu bæina, var gata inn að Prett, hét Stígur."
Ö-Miðhlíð, 5.
**Ba-112:027** heimild mógrafir
"Niður af túninu og inn af því voru engjarnar. Mýrlent var inn af túninu, hét Partur. Það var mótak á bletti, en ekki talið gott."
Ö-Miðhlíð, 5.
**Ba-112:028** *Ból* heimild kvíar
"Fram með hlíðinni heitir Ból. Þarna eru víða uppsprettur. Áður runnu þær saman í læk, sem rann niður Hærrimýrar, hét Bóllækur. Frá þessum uppsprettum er nú vatnslögn heim að Ytri-Miðhlíð. Á Bóli var fjárrétt hlaðin úr grjóti. Líka önnur lítil, sem kvíær voru mjólkaðar í, og man Dagný vel eftir, að ær voru mjólkaðar þarna (síðast var fært frá í Ytri-Miðhlíð árið 1935). Nú eru bæði réttin og kvíin að miklu leyti undir skriðu, þó sést vel fyrir þeim enn þá."
Ö-Miðhlíð, 6-7.
**Ba-112:029** *Gröf* tóft býli
"Á Leitinu beygir fram í dalinn, Miðhlíðardal. Niður dalinn rennur Miðhlíðará. Fyrir framan Leiti heitir Gröf. Þar var gamalt býli, og sést þar fyrir húsatóftum stutt frá ánni."
Ö-Miðhlíð, 7.
**Ba-112:030** *Innstatóft* tóft beitarhús
"Fyrir neðan þjóðveginn eru grónir sandmelar. Út við ána heita þeir Lappamelar. Hér er áin ýmist kölluð Miðhlíðará eða Hrísnesá. Á melunum beint suður af Innri-Miðhlíð er hústóft, heitir Innstatóft. Þarna hafa verið fjárhús, og var svo víða hér í sveitinni, að fjárhús voru nálægt sjó. Þá var stutt í fjörubeitina, og sandur við húsin að bera undir fé."

Ö-Miðhlíð, 10.

**Ba-112:031** *Vörðuvaðshlein* örnefni vað

"Í fjörunni, niður af því sem áin rennur til sjávar, er hlein, sem heitir Vörðuvaðshlein. Vörðuvað er í Haukabergsvaðli, og á hleininni hafa kunnugir getað séð, hvort fjara var á þessu vaði yfir Haukabergsvaðal."

Ö-Miðhlíð, 10.

**Ba-112:032** heimild vað

"Í fjörunni, niður af því sem áin rennur til sjávar, er hlein, sem heitir Vörðuvaðshlein. Vörðuvað er í Haukabergsvaðli, og á hleininni hafa kunnugir getað séð, hvort fjara var á þessu vaði yfir Haukabergsvaðal."

Ö-Miðhlíð, 10.

**Ba-112:033** *Sjömannabani* örnefni

"Tvær hleinar eru fjær í fjörunni, liggja inn eftir frá Hrísnesinu; milli þeirra lá leiðin í Hrísneslendinguna. Inn af þeirri, sem fjær er, er boði, sem sést um lágsjávað, heitir Sjömannabani, í daglegu tali nefndur Bani. Sagt er, að þar hafi farizt bátur með sjö mönnum. Hvenar það var, veit ég ekki."

Ö-Miðhlíð, 10.

**Ba-112:034** *Kálfagangur* heimild leið

"Urðirnar meðfram hlíðinni heita Fossárurðir. Fossá rennur niður af Fossdal. Tveir háir fossar eru í ánni frá dalbrún og niður. ... Árhilla er í gljúfrinu á milli fossanna. Eftir hillunni er gegnt að ánni. Kálfagangur ofar, eftir honum er farið upp á Fossdal."

Ö-Miðhlíð, 11.

**Ba-112:035** heimild hálfkirkja

Miðhlíð á Barðaströnd (VB) - Guði, Ólafi - Hálfkirkja

[1394]: XIV. Halfkirkia i Midhlijd er helgud gude. les Vilkinsbok; Hítardalsbók DI III 775

1397: Halfkirkia i Midhlijd ... a skog allann j Morudal upp fra Halza. Þar tekst heima tiund oc lysitollar.
Þanngad skal syngia annann hvern dag helgann og lvka presti ij merkur; Máld DI IV fram yfir 1570 a.m.k.; (PP, 177)
{1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 79}

1840: "Bænhús hefur til forna verið í Miðhlíð. Þangað munu sótt hafa kirkju bæirnir þar fyrir utan ... Ei er mér kunnugt, nær þessi bænhús hafa aflagzt, nema Miðhlíðarbænhús mun þeirra lengst hafa staðið."

SSV, 202

## Ba-113 Hrísnes

6 hdr 1703, hjáleiga frá Miðhlíð.

1920: 3,4 ha. garðar 486 m2, 3/4 sléttað. 1942: "Miðhlíðarþorp er fjórir bæir: Gerði, Innri- og Ytri-Miðhlíð og Hrísnes. Allar þessar jarðir eru svipaðar um landkosti, hafa fremur lítil en grasgefin tún, snöggslægar engjar, en beitarsælt á landi og í fjöru. Víða vel fallið til matjurtaræktar enda er hún allmikil." Bstbók, 80.

**Ba-113:001** *Hrísnes* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-113:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-113:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-113:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-113:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-113:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-113:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-113:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-113:009** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-113:010** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-113:011** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-113:012** *Tjaldstæður* örnefni tjaldstæði

"Tjaldstæður eru sporöskjulaga laut neðan Bekkja: Á þeim slóðum var stundum heyjað, en af og frá að fólki hafi legið þar við í tjöldum þar sem þetta er svo nálægt bæ."

Ö-Hrísnes, 1.

**Ba-113:013** tóft stekkur

"Rönd er grjóthryggur, að mestu ógróinn, sem liggur frá Hrísneshjalla niður á sléttlendi. Rústir Stekksins sjást við Röndina upp undir Hjalla, rétt hjá bæ." "Rústirnar af Stekk eru í Stekkjarhvolfi, ekki undir Hjalla. Ekki er hægt að segja, að þær séu rétt hjá bæ. Fráfærur voru líklega síðast í Hrísnesi 1936-37. "

Ö-Hrísnes, 2; Ö-Hrísnes viðb. 4.

**Ba-113:014** *Hjallholt* heimild hjallur

"Hjallholt er ofarlega í túni. Þar stóð fiskihjallur og fær holtið nafn af honum."

Ö-Hrísnes, 2.

**Ba-113:015** heimild fjárhús

"Sauðhúsflöt er flatur blettur neðan til í túninu. Þar stóðu fjárhús."

Ö-Hrísnes, 2.

**Ba-113:016** tóft bústaður

"Efst í túninu voru tóttir þurrabúðar sem þar var."

Ö-Hrísnes, 2.

**Ba-113:017** *Selkollufoss* örnefni

"Nokkrir fossar eru í Hrísnesá. Næstur bæ er Breiðifoss. Selkollufoss er ofar eða á móts við Brekkurnar. Guðmundur kann ekki að skýra það nafn og veit ekki til, að sel hafi verið í dalnum." Sennilegra verður að telja að Selkollufoss vísi ekki til sels heldur vættar eða fyrirbæris sem heitið hefur Selkolla. Kvikindi með því nafni herjaði í menn við Steingrímsfjörð og Hrútafjörð í byrjun 13. aldar.

Ö-Hrísnes, 3.

**Ba-113:018** *Hádegisholtsgarður* garðlag kálgarður

"Upp með ánni ofan Hádegisholts eru grasi grónar flatir, Eyrar. Hádegisholtsgarður (matjurtagarður) var á vestanverðu Hádegisholti."

Ö-Hrísnes viðb. 1.

**Ba-113:019** *Hesthúshóll* örnefni hesthús

"Hesthúsgarður, matjurtagarður á Hesthúshól; nú búið að ýta honum burt."

Ö-Hrísnes viðb. 2.

**Ba-113:020** *Hesthúsgarður* garðlag kálgarður

"Hesthúsgarður, matjurtagarður á Hesthúshól; nú búið að ýta honum burt."

Ö-Hrísnes viðb. 2.

**Ba-113:021** *Dys* örnefni legstaður

"Fyrir neðan Bekkuna eru litlir grjóthólar, kallaður Dys. Álitið er, að þar hafi verið dysjað fólk, og þótti reimt þar fyrrum."

Ö-Hrísnes viðb. 2.

**Ba-113:022** heimild rétt

"Milli árinnar og túnsins var rétt, þar sem ærnar voru mjólkaðar í einum dilk, sem lagaður var til þess. Réttinn stendur svo til enn. Kýrnar voru stundum mjólkaðar í réttinni á sumrin."

Ö-Hrísnes viðb. 4.

**Ba-113:023** tóft naust

"Naust var við lendinguna, og stendur tóft þess enn."

Ö-Hrísnes viðb. 4.

**Ba-113:024** *Hrossagirðing* örnefni vörslugarður

"Hrossagirðing var við Hrossahjalla. Hross voru oft á Hrosssahjalla ..."

Ö-Hrísnes viðb. 5.

**Ba-114** **Gerði (Girði)**

6 hdr 1703, hjáleiga Miðhlíðar. Býlið Sunnuhvoll var í landi Gerðis, í eyði síðan 1929.

1920: 1,4 ha. garðar 598 m2, 3/4 sléttað. 1840: "Lökust er fjárbeit á ... Girði .." SSV, 199. 1942: "Miðhlíðarþorp er fjórir bæir: Gerði, Innri- og Ytri-Miðhlíð og Hrísnes. Allar þessar jarðir eru svipaðar um landkosti, hafa fremur lítil en grasgefin tún, snöggslægar engjar, en beitarsælt á landi og í fjöru. Víða vel fallið til matjurtaræktar enda er hún allmikil." Bstbók, 80.

**Ba-114:001** *Gerði* bæjarhóll bústaður

"Ofan til í miðri túngirðingu við vestari merki liggur vélgrafinn skurður inn í Gerðistún. Við enda hans er stórt bjarg, 14 metra frá skurðinum í rétt austur. Þar var bærinn, og frá þeim stað miða ég örnefni eftir því, sem ég get."

Túnakort 1920; Ö-Gerði, 1.

**Ba-114:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-114:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-114:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-114:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-114:006** *Húsahvolf* heimild fjárhús

"Húsahvolf er vel gróið. Það nær upp í miðja hlíð og niður í tún. Þar stóðu fjárhúsin, og sér vel fyrir þeim beint upp af bænum."

Ö-Gerði, 3.

**Ba-114:007** *Guðnastekkur* heimild stekkur

1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: ... 3. Guðnastekkur, milli Litluhlíðar og Girðis, " "Stekkur, eða Guðnastekkur er fast upp undir Innrihólum og því beint niður undan Stekkjarnefinu. Hann er alltaf í daglegu tali kallaður Stekkur. Fyrst þegar ég man eftir, var þarna kví og sá fyrir smákró við endann á henni, og bendir allt til, að þarna hafi verið stíað, eins og víða var gert áður fyrr. Stekkjarhóll er austan megin við Stekkinn, stór framruni úr fjallinu, algróinn." Hugsanlegt er að þetta sé sama og Stekkur sem var eyðihjáleiga frá Miðhlíð 1703 og 1805.

SSV, 201; Ö-Gerði, 3-4.

**Ba-114:008** *Sunnuhvoll* heimild býli

"Sunnuhvoll er eyðibýli, sem var í byggð í nokkur ár, lagðist niður 1929. Það stóð beint niður undan Stekkjarhólnum [007] eða suður frá honum. Þar sést fyrir húsaskipan enn."

Ö-Gerði, 4.

**Ba-114:009** heimild kvíar

"Skriða heitir stykki í túninu í norðvestur frá bænum, gömul skriða en gróin. Þar sér fyrir kví, þó ógreinilega. Vélgrafinn skurður liggur fyrir neðan Skriðuna. Kvíarhóll, hár bungumyndaður og algróinn, er áfstur við skriðuna. Hann er auðfundinn, því við vestari hlið hans stendur kofatóft, og er stórt bjarg í gafli hennar."

Ö-Gerði, 4.

**Ba-114:010** tóft

"Skriða heitir stykki í túninu í norðvestur frá bænum, gömul skriða en gróin. Þar sér fyrir kví, þó ógreinilega. Vélgrafinn skurður liggur fyrir neðan Skriðuna. Kvíarhóll, hár bungumyndaður og algróinn, er áfstur við skriðuna. Hann er auðfundinn, því við vestari hlið hans stendur kofatóft, og er stórt bjarg í gafli hennar."

Ö-Gerði, 4.

**Ba-114:011** heimild mógrafir

"Mógrafapartur kallaðist stykki suðvestur frá bænum, frá Skriðu að ofan, en Bugum að neðan. Hann liggur við vestari landamerki, og í honum var mikið mótak, dýptin trúlega 6 stungur. Mór var líklega tekinn þar fram undir 1930."

Ö-Gerði, 4.

**Ba-114:012** *Stefánsskurður* renna

"Stefánsskurður var austari í túngirðingu, nú vélgrafinn, nema hvað efst sést fyrir, hvar hann var stunginn, af búfræðingi, sem Stefán hét. Það var löngu fyrir mitt minni, og var mér tjáð, að hann hefði ferðazt um og gert jarðabætur."

Ö-Gerði, 5.

**Ba-114:013** tóft stekkur

"Stekkjarhóll er í túni. Þar var Stekkurinn og sjást enn þá smávægilegar tóttir hans."

Ö-Gerði ath. 2.

## Ba-115 Fótur

9 hdr.og 60 álnir 1703, hjáleiga Haukabergs. Í eyði síðan um 1880. Fylgir Brekkuvelli.

**Ba-115:001** *Fótur* bæjarstæði býli

"... nú eru þar fjárhús." Túnakort ekki til.

Bstbók, 81.

## Ba-116 Brekkuvöllur

7-8 hdr. 1703, hjáleiga Haukabergs. "Um skeið voru tveir bæir á Brekkuvelli, Innri- og Ytri-Brekkuvöllur ..." Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 1.

1920: 5 ha. garðar 1014 m2, 1/2 sléttað. 1942: "... austan Vaðalsins eru bæirnir: Haukaberg og Brekkuvöllur. Liggja túnin þar saman. Eru þau allgrasgefin, en slægjur rýrar, beitiland mikið og gott ... Bæir þessir eru nú nefndir Haukabergsþorp." Bstbók, 81.

**Ba-116:001** *Brekkuvöllur* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-116:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-116:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-116:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-116:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-116:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-116:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-116:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-116:009** *Stekkjarhryggur* heimild stekkur

"Þá tekur við Stekkjarhryggur, nokkuð áberandi hryggur. Á honum er stór steinn, kallaður Stóristeinn og nú í seinni tíð einnig Álfkonusteinn. Eftir Stekkjarhrygg rennur Stekkjarhryggslækur, og upp af Stekkjarhrygg er Stekkjarhryggshvolf. Utan til á Stekkjarhrygg er mjög gömul rétt, sem mun sjást fyrir ennþá."

Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 3.

**Ba-116:010** *Álfkonusteinn* örnefni

"Þá tekur við Stekkjarhryggur, nokkuð áberandi hryggur. Á honum er stór steinn, kallaður stóristeinn og nú í seinni tíð einnig Álfkonusteinn."

Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 3.

**Ba-116:011** hleðsla

"Þá tekur við Stekkjarhryggur, nokkuð áberandi hryggur. Á honum er stór steinn, kallaður stóristeinn og nú í seinni tíð einnig Álfkonusteinn. Eftir Stekkjarhrygg rennur Stekkjarhryggslækur, og upp af Stekkjarhrygg er Stekkjarhryggshvolf. Utan til á Stekkjarhrygg er mjög gömul rétt, sem mun sjást fyrir ennþá. Þar nálægt er ógreinileg hleðsla að blásast út úr mel, og eru líklega einn til tveir metrar niður á hana."

Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 3.

**Ba-116:012** *Neðstavað* heimild vað

"Nú er farið alveg niður að sjó. Þar heitir Neðstavað eða Fremstavað neðan til við Rifhaus. Þar var farið yfir Vaðalinn á

hestum og komið að landi neðan til við Ytri-Rifshaus í Skriðnafellslandi. ... Ekki var nema fyrir kunnuga að fara þetta."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 5.

**Ba-116:013** *Vörðuvað* heimild vað
"Vörðuvað er neðan til við Kráksmel út í vörðu, sem er neðst í Odda Holtsmegin."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 5.

**Ba-116:014** varða
"Vörðuvað er neðan til við Kráksmel út í vörðu, sem er neðst í Odda Holtsmegin."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 5.

**Ba-116:015** *Fótarvað* heimild vað
"Sandeyri, sem heitir Fótareyri liggur frá Vörðuvaði [013] og upp að Fótarvaði. Það liggur úr reiðhólma og út í Fótarodda í Holtslandi."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 5.

**Ba-116:016** heimild mógrafir
"Næst verður Brekkuvallartúni lýst. Hærratún er kallað túnið fyrir ofan bæinn og Neðratún fyrir neðan bæ. ... Neðsti hluti Neðratúns kallast Móflag. Þar fyrir innan er nú kallað Skipavöllur. Þar voru áður mógrafir og óræktarland."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 6.

**Ba-116:017** vegur leið
"Áður fyrr, meðan farið var á hestum, lá vegurinn út Leira, fyrir Stekkjarhryggstá, yfir Brekkuvallarkrók, upp Breiðengi og þar fyrir ofan tún og fram á Berg. Þar var farið í sama skarðið og bílvegurinn liggur nú um. Þar sem vegurinn lá um Breiðaengi, hét Brú. Vegurinn var þar upphleyptur."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 7.

**Ba-116:018** *Brunnhúslækur* örnefni vatnsból
"Lækur rennur niður ál, fyrir utan Breiðengi og niður Skipavöll, ýmist kallaður Bæjarlækur eða Brunnhúslækur. Upp af læknum er hvolf milli hryggja í hlíðinni, nefnt Brunnhúshvolf." Getur tilheyrt Haukabergi.
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 7.

**Ba-116:019** *Orustulágar* dys
"Rjett við veginn frá Brekkuvelli vestur að ánni (Haukabergsá) virðist vera forn dys."

"Forn sögn er talin vera um það, er austmenn nokkrir hafi komið til Gests Oddleifssonar að Haga og beðið hann vísa sjer skemstu leið til Hauks á Haukabergi; áttu þeir sökótt við hann og ætluðu að fara að honum og drepa hann. Gestur vísaði austmönnum leið yfir fjall, bak við Hagatöflu og Haukabergsfjall. En er þeir fóru þá leið sendi hann mann fyrir framan og aðvarðari Hauk. Haukur fjekk safnað mönnum og kom til móts við austmenn þar sem síðan heita Orrustulágar. Barðist hann þar við þá og lauk svo, að austmenn fjellu allir. Eru dysjar þeirra það að austanverðu við ána."
Matthías Þórðarson: "Smávegis." Árbók 1924, 45.

**Ba-116:020** þjóðsaga skrímsli
"Eitt sinn um haust var Benedikt að koma innan frá Haga, og hafði verið að finna foreldra sína. ... Þegar hann kom út undir svokallaða Gálgasteina, sem eru rétt utan Minnihlíðar, sér hann eitthvað liggja í flæðarmálinu, líkt og það væri selur. Þegar Benedikt kemur að dýrinu rís það upp, og leggur framlöpp sína á bóg hestinum; tekur hann þá viðbragð mikið, en klór dýrsins festist í buxnavasa Benedikts, og rifnar buxnaskálmin niður úr. Dýr þetta eltir svo Benedikt heim undir bæ á Brekkuvelli; braut hann keyri sitt á dýrinu, auk þess barði hesturinn dýrið frá sér. Dýrið spjó ólyfjan yfir Benedikt og hestinn, og svo spretthart, að allt af var það á svig við hestinn, þótt Benedikt riði allt af tók, og hesturinn þyti yfir fen og flóa af hræðslu við dýrið. Benedikt lýsti svo dýrinu, að það hefði ferfætt verið, og nokkuð lægra að framan en aftan. Þegar höggin dundu á dýrinu hefði það verið líkast því, sem barið væri í skráp. Benedikt var máttfarin mjög þegar heim kom. Lá hann veikur lengi um veturinn, og hreistraði allur líkaminn. Á þriðja degi eftir þetta fannst hesturinn, og var hann allur í útbrotum, svo eigi var annars úrkosta en að slá hann af. Héldu menn að kvikindi þetta myndi úr sæ verið hafa. Saga þessi er eftir Benedikt sjálfum."
Vestfirzkar þjóðsögur I, 33-34.

## Ba-117 Haukaberg

30 hdr. 1703 með hjáleigunum Fæti og Brekkuvöllum. Bændaeign.

Fyrst getið 1197 - Sturl, 893. 1446 er H. 24 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Brjánslæk og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 688-89. 1.10.1487 selur Magnús biskup Eyjólfsson Ingibjörgu systur sinni H. eða þá jörð sem Einar Björnsson leysir þar með - DI VI, 605-606. 2.7.1540 selur séra Magnús Eyjólfsson í Haga Ólafi bróður sínum

10 hdr í H. - DI X, 545-46. 4.4.1660 selur sr. Páll Björnsson bróður sínum Eggerti 6 1/2 hdr. í H. - Jarðabréf, 117. 4.7.1673 afhendir Þorsteinn Þorleifsson Gísla Jónssyni 4 hdr. í H. eftir arfaskifti eftir Kristínu Magnúsdóttur - Jarðabréf, 129.

1920: 4,5 ha. garðar 904 m2, 1/2 sléttað. 1840: "Beztir landkostajarðir eru bæirnir allir við Vatnsfjörð ... Haukaberg ... " SSV, 199. 1840: "Kálgarðarækt hefur bezt verið stunduð í Litluhlíð. Nú líka allvel á Brjánslæk, nokkuð í ... Haukabergi ... Kartöflur ræktast líka á þessum bæjum öllum, " SSV, 204. 1942: "... austan Vaðalsins eru bæirnir: Haukaberg og Brekkuvöllur. Liggja túnin þar saman. Eru þau allgrasgefin, en slægjur rýrar, beitiland mikið og gott ... Bæir þessir eru nú nefndir Haukabergsþorp." Bstbók, 81.

**Ba-117:001** *Haukaberg* bæjarhóll búståður
Túnakort 1920.

**Ba-117:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-117:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-117:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-117:005** *Nausttangi* örnefni naust
"Neðst í túni heitir Nausthundrað, og niður úr því gengur Nausttangi niður í vaðal."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 7.

**Ba-117:006** *Ból* heimild kvíar
"Efratún er fyrir ofan og innan bæ, og efst á því er Ból. Þar var kví, síðar rétt."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 7.

**Ba-117:007** heimild þvottastaður
"Fyrir framan Nausthundrað [005] er stykki, sem heitir Öfund. ... Framan til við Öfund er stakur klettur við Vaðalinn, Þvottaklettur. Þar munu hafa verið þvegnir þvottar frá Haukabergi."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 7.

**Ba-117:008** *Leggjabrjótur* örnefni leið
"Fyrir ofan Leggjabrjót og langleiðina upp undir hlíð eru Bólbrekkur. Vegurinn liggur nú þvert á þær."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 8.

**Ba-117:009** *Stekkur* tóft stekkur
"Á Mýrunum var girt tún og ræktað fyrir nokkrum árum. Það var aðeins notað sem tún í stuttan tíma og hefur ekki verið slegið undanfarin ár, en girðingin stendur þar. Nú liggur bílvegurinn um Mýrarnar ... Fram af Mýrunum heitir Illálsholt, og þar fyrir ofan er mýrarfen, sem nefnist Illáll. Þá tekur við þurrlent sláttlendi, og heitir þar Stekkur. Þar sjást enn kvíatóftir."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 8.

**Ba-117:010** *Seljá* örnefni sel
"Þar fyrir framan [009] kemur Silungalækur, sem rennur í Haukabergsá. ... Fyrir framan Silungalæk eru Silungalækseyrar. Svæðið frá Silungalæk og fram að Selja er kallað Heimrihjallar einu nafni. Þar er skógur og klettabelti í skóginum. Efst í þeim er kallaður Efstihjalli. Framan við Heimrihjalla er Selja, sem rennur í Haukabergsá og framan hennar heita Fremrihjallar."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 9.

**Ba-117:011** *Kolahjalli* örnefni kolagröf
"Efst i Fremrihjöllum [010] er Kolahjalli. Þar hefur að líkindum verið gert til kola, en engar grafir eða aðrar minjar um kolagerðina sjást þar lengur."
Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 9.

**Ba-117:012** *Leynibalar* örnefni
"Nú er farið aftur heim að Skildi. Svæðið fyrir framan Skjöld er kallað einu nafni Hlíð. Næst Skildi er grasteigur, sem vengjulega er kallaður Sjaldarteigur eða Teigurinn fyrir framan Skjöld. Þá kemur svæði um miðja hlíðina, sem kallað er Skriður. Fyrir framan hlíðina er graslendi nokkuð bratt, sem heitir Leynibalar. ... Sú sögn er til, að Austmenn hafi komið í Haga í tíð Gests Oddleifssonar og ætlað að fara að Hauki bónda á Haukabergi.. Gestur vísaði þeim leið að Haukabergi fram Hagadal og yfir fjall og sagði leiðina með sjó ófæra vegna þess, að berg væri í sjó. Á meðan þeir fóru fjallleiðina, sendi

Gestur menn með sjó fram út að Haukabergi og varaði Hauk við. Fór Haukur þá með sína menn fram á Leynibala og leyndist þar og beið Austmanna, sem komu niður Austmannagjá. Hefur að öllum líkindum komið til bardaga, því að Austmenn eiga að vera dysjaðir í Austmannahólum."

Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 9.

**Ba-117:013** *Austmannahólar* örnefni legstaður **Friðlýstar minjar**

"Þá taka við Austmannahólar, grasi vaxnar hæðir. Upp af þeim er gjá í klettana, sem heitir Austmannagjá." Sjá 012. Friðlýstar minjar. "Dysjar að austanverðu við Haukabergsá, (Austmanna er féllu í Orustulágum, að sögn)." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 34. ATH MÞ í Árb 1924, 45.

Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 10.

**Ba-117:014** *Hauksleiði* örnefni legstaður

"Uppi á Kjöl, hér á fjallinu millli Haukabergsdals og Hrísnesdals, einhversstaðar upp af Austmannagjá [013], er sagt, að Hauksleiði sé, en óvíst er, að nokkur viti nú vissu hvar það er. Þar á Haukur bóndi á Haukabergi að vera dysjaður. Sagt er að Haukur og Hreggur á Hreggstöðum hafi verið dysjaðir upp á fjöllum svo hátt, að ekki heyrðist þangað sjávarniður."

Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 10.

**Ba-117:015** heimild sel

"Í Síkið rennur Kjósargil, lækur, sem kemur ofan úr Kjós. Fyrir utan Síkið er lítilll klettahóll, sem heitir Selhnúkur, og fyrir utan hann Selhnúksmýri. Þarna á að hafa verið sel frá Ytri-Miðhlíð."

Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 13.

**Ba-117:016** *Haukabergsrétt* heimild rétt

1840: "Rétt er á Brjánslæk, líka, að nafninu, á Haga og Haukabergi." "Fyrir framan Selhnúksmýri [015] er gömul hlaðin rétt, Haukabergsrétt. Hún er orðin meira en 100 ára, en hefur ekki verið notuð nú um nokkura ára skeið."

SSV, 200; Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 13.

**Ba-117:017** *Akurgata* örnefni

"Fyrir framan Haukabergsrétt [016] er skógivaxið land, þar sem vegurin á Sandheiði byrjar, en hún er millli Barðastrandar og Rauðasands. Þetta land heitir Akurgata. Ekki munu nú sjást þarna neinar minjar um akuryrkju, og ekki hafa geymzt neinar sagnir um slíkt."

Akurgata er sýnd á Herforingjaráðskorti samhliða Sandsheiðarvegi norðan við Holtsá utan við þar sem Þverá rennur í hana. Af kortinu að dæma er Akurgata í Holtslandi.

Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 14.

**Ba-117:018** heimild mógrafir

"Fyrir utan Langholt, út við Haukabergsá, voru mógrafir. Mór var tekinn upp þar fram yfir 1945."

Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 15.

**Ba-117:019** tóft fjárskýli

"Fyrir framan Haukabergstún er þýfður og grýttur mór, sem heitir Leggjabrjótur. Fyrir neða Leggjabrjót við Vaðalinn er berg, sem kallað er Lambaberg. ... Þar er dálítil tóft, sem getur hafa verið byrgi fyrir lömb."

Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg, 7; Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg viðb. 1.

**Ba-117:020** heimild mógrafir

"Frammi á Mýrum, fremst á Bólbrekku [008], voru Mógrafir. Þær voru við Illaál."

Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg viðb. 2.

**Ba-117:021** *Vörðuholt* varða

"Fyrir framan Löngulág og Silungalæk [010] er holt, sem kallað er Vörðuholt. Á því var varða."

Ö-Brekkuvöllur og Haukaberg viðb. 2.

**Ba-117:022** *Kleifaheiði* heimild leið

1840: "Kleifaheiði milli Haukabergs og Patreksfjarðarbotns ... svo sem 2/5 [úr þingmannaleið]."

1942: "Milli Haukabergsdals og Holtsdals er lágur múli skógivaxinn. Liggur þar vegur um Kleifaheiði í Patreksfjarðarbotn. Er þar um tólf km. milli byggða, greiðfær reiðvegur og póstleið. Símalína liggur þar og."

SSV, 202; Bstbók, 80.

## Ba-118 Holt

20 hdr. 1703 með Holtsfit. Eyðihjáleiga Holtsfit talin með 1703, í byggð 1847.

Holtsfit talin 6 hdr. Hagakirkjueign að hálfu frá 14. öld og fram yfir 1575, síðan bændaeign. 1576 var hálft Holt 9 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannesonar - Jarðabréf, 103.

1920: 3,1 ha. garðar 702 m2, 1/2 sléttað. 1840: "Beztir landkostajarðir eru bæirnir allir við Vatnsfjörð ... Holt ... " SSV, 199. 1942: "Tún er þar fremur lítið, slægjur miklar, landrými og hagar góðir. - Fremur er þar talið vetrarhart." Bstbók, 81. 1959: "Tún er þar harðlent, en slétt, ræktunarskilyrði góð og miklar engjar í mýum og á sléttum eyrum." ÁFÍ 1959, 105.

**Ba-118:001** *Holt* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-118:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-118:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-118:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-118:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-118:006** heimild brunnur
"Brunnur var undir Bæjarbrekku norðan við bæinn. ... Hætt var að nota brunninn árið 1926 ..."
Ö-Holt, 2.
**Ba-118:007** *Brunnstígur* heimild leið
"Stígur var niður að brunninum [006], nefndur Brunnstígur."
Ö-Holt, 2.
**Ba-118:008** renna vatnsból
"Hætt var að nota brunninn [006] árið 1926, þá var grafinn vatnsrás úr Voðalæk í gegnum Framraholt og skurður grafinn heim með Bæjarbrekku og inn í Haukabergsvaðal og hlaut nafnið Bæjarlækur."
Ö-Holt, 2.
**Ba-118:009** *Veituflag* renna áveita
"Austan við Bæjarlæk [008] var mýrarfen, er heitir Veita. Náði hún að Voðalæk og að Vaðli; er Bæjarlækur var gerður var Veitu skipt í þrjá parta með skurðum og hlutu þeir þessi nöfn: Syðst er Veitiflag, miðstykkið var Nátthagi og loks Fremriveita."
Ö-Holt, 2.
**Ba-118:010** *Nátthagi* renna
"Austan við Bæjarlæk [008] var mýrarfen, er heitir Veita. Náði hún að Voðalæk og að Vaðli; er Bæjarlækur var gerður var Veitu skipt í þrjá parta með skurðum og hlutu þeir þessi nöfn: Syðst er Veitiflag, miðstykkið var Nátthagi og loks Fremriveita."
Ö-Holt, 2.
**Ba-118:011** *Fremriveita* renna áveita
"Austan við Bæjarlæk [008] var mýrarfen, er heitir Veita. Náði hún að Voðalæk og að Vaðli; er Bæjarlækur var gerður var Veitu skipt í þrjá parta með skurðum og hlutu þeir þessi nöfn: Syðst er Veitiflag, miðstykkið var Nátthagi og loks Fremriveita."
Ö-Holt, 2.
**Ba-118:012** *Húsaflöt* örnefni
"Ofar í Neðratúni var þúfnareitur, illur yfirferðar og hét Þrjótur. ... Vestur af Þrjót er Húsaflötur."
Ö-Holt, 3.
**Ba-118:013** *Ytrifjárhús* heimild fjárhús
"Um 150 m suður af bænum voru fjárhús, Ytrifjárhús."
Ö-Holt, 3.
**Ba-118:014** *Gíslatótt* heimild bústaður
"Tæpum 100 m sunnar [en 013] Gíslatótt, nú komin í tún. Þar bjó Gísli Þórðarson í eitt ár."
Ö-Holt, 3.
**Ba-118:015** *Tvístæða* heimild fjárhús
"Um 70 m vestur af bænum stóðu fjárhús á smáhól og hétu Tvístæða."
Ö-Holt, 3.

**Ba-118:016** heimild hesthús

"Rúmum 100 m norður af bænum, á Fremratúni, stóð hesthús, og stóð það á harðbala, er heitir Hesthúsbali."

Ö-Holt, 3.

**Ba-118:017** *Álfkonusteinn* örnefni

"Holtsdalur. ... Er neðar dregur breikkar dalurinn og heitir Flæmi. Í miðju Flæmi er stór steinn, líkur húsi í lögun og heitir Álfkonusteinn." Um hann er saga í bók Magnúsar Gestssonar, Úr vesturbyggðum Barðastrandarsýslu, bls. 185.

Ö-Holt, 3.

**Ba-118:018** *Réttarfljót* örnefni rétt

"Förum aftur að Holtsá við Hrafnagil. Sunnan við ána eru töðuvellir, sem heita Fremrieyrar. Austan við þær er víðivaxin eyri, sem heitir Víðireyri. Þar beygir áin í suður, og neðst við Víðireyri er dýpi á ánni, er heitir Réttarfljót."

Ö-Holt, 5-6.

**Ba-118:019** *Réttarvað* heimild vað

"Fyrir neðan Réttarfljót [018] er vað á ánni, nefnt Réttarvað."

Ö-Holt, 6.

**Ba-118:020** heimild brú

"Fyrir neðan Réttarvað [019] er dýpi, er heitir Langafljót, en er að mestu horfið. Brú var byggð þar yfir ána."

Ö-Holt, 6.

**Ba-118:021** *Eldhúseyri* heimild þvottastaður

"Sunnan við Voðalæk [008] er Eldhúseyri og nær heim í Nátthaga; þar var þvegin ull áður en Bæjarlækur var gerður."

Ö-Holt, 6.

**Ba-118:022** *Kirkjuvað* heimild vað

"Förum upp með Voðalæk. Voðalækur beygir í norðvestur við Nátthaga. ... Milli Fremriveitu og Miðeyra er dýpi, sem heitir Langafljót. Nokkru ofar var gamli sveitavegurinn yfir Miðeyrar, og er þar vað yfir Voðalæk og heitir Kirkjuvað."

Ö-Holt, 6.

**Ba-118:023** vegur leið

"Förum upp með Voðalæk. Voðalækur beygir í norðvestur við Nátthaga. ... Milli Fremriveitu og Miðeyra er dýpi, sem heitir Langafljót. Nokkru ofar var gamli sveitavegurinn yfir Miðeyrar, og er þar vað yfir Voðalæk og heitir Kirkjuvað."

Ö-Holt, 6.

**Ba-118:024** heimild stekkur

"Nú beygir Voðilækur suðvestur og síðan suður. Þar er dýpi, er heitir Stíflufljót, og rann Bæjarlækur úr því. ... Norður af Stíflufljóti er mýrarfen, er heitir Stekkjardý. Norður af því var Stekkur. Sáust þar tóttarbrot þar til vegur var lagður þar yfir. Vestan við Stekk er Stekkjarholt."

Ö-Holt, 7.

**Ba-118:025** *Mógrafarpartur* heimild mógrafir

"Vestur af Stekkjarholti [014] er hylur, sem heitir Langafljót. Vestur af Stekkjarholti er mýri, heitir Eyvindarmýri. Syðst í Eyvindarmýri er foræði, er heitir Sund. ... Sunnan við Sund er Mógrafarpartur, og var þar mótak til ársins 1947. Í Mógrafaparti þótti mjög góður mór. Dýptin var 4-5 stungur og svipað í Mómýrinni."

Ö-Holt, 7.

**Ba-118:026** heimild mógrafir

"Sunnan við Læki er Gormur. Er hann mýrarfen. Úr Gormi rennur lækur í Voðalæk, sem heitir Prettur. Austan við Gorm er brekka, sem heitir Bugur. Austur af er grjótmelur, sem nær heim að túni og nefnist Ytraholt. Syðst heitir það Holtshorn Austan við holtið er mýrarfláki, sem heitir Flói Í Flóa undir Holtshorni er gott mótak, og var það nýtt frá 1938-1952 og frá nokkrum bæjum um árbil."

Ö-Holt, 7-8.

**Ba-118:027** tóft naust

"Austan við Flóa [026] heitir landið Krókar ... Um Króka renna lækir úr Flóa. Efstur er Reiðkrókur. Fyrir neðan Reiðkrók var Naust, og er það tóttarbrot ennþá."

Ö-Holt, 8.

**Ba-118:028** *Músatóttir* tóft

"Nokkru neðar [en 027] er Holukrókur. Neðstur er Músatóttaráll. Við Músatóttarál miðjan eru tóttir, og heita þær Músatóttir."

Ö-Holt, 8.

**Ba-118:029** *Vörðuvað* heimild vað

"Förum nú upp Haukabergsvaðal. - Neðan við Holtsodda er vað á vaðlinum, sem heitir Vörðuvað."

Ö-Holt, 8.

**Ba-118:030** *Fótavað* heimild vað

"Ofan við Fótarodda er vað, er heitir Fótarvað."

Ö-Holt, 8.

**Ba-118:031** *Eyjavað* heimild vað

"Ofar [en 030] á milli Eyjar og Breiðhólma, er Eyjavað. Þar var riðið yfir, er farið vað á hestum."

Ö-Holt, 8.

**Ba-118:032** *Fjóshólmi* örnefni fjós

Úr örnefniskrá sem er einungis upptalning

Ö-Holt og Fit

**Ba-118:033** heimild sel

1840: "Áður til forna átti Holt selstöðu í Holtsdal ..."

SSV, 199

**Ba-118:034** *Sandsheiði* heimild leið

1840: "Sandsheiði milli Haukabergs og Rauðasandsins ... svo sem 2/3 úr þingmannaleið."

1942: "Vestan megin múlans [milli Haukabergsdals og Holtsdals] liggur vegur á Sandsheiði vestur á Rauðasand. Mun hún vera fimmtán km. milli bæja. - Á miðri heiðinni er farið yfir háa fjallsöxl, er heitir Vatnskleifarhorn ... Vegur þessi er nú fáfarinn, en var áður fjölfarinn, er skreiðarlestirnar gengu af Barðaströnd og sunnan úr sýslum að Hvallátrum. Munnmæli herma, að Davíð Scheving sýslumaður í Haga hafi eitt sinn um vetur látið átján menn draga tré mikið, 18 álna langt og að sama skapi digurt, alla leið af Bæjarreka og suður yfir Sandsheiði. Hrepptu þeir hríðarbyl, villtust og urðu allir úti á heiðinni. Þar heitir nú Dauðramannavatn, og er talið að nafnið standi í sambandi við mannskaða þenna."

SSV, 202; Bstbók, 80-81.

## Ba-119 Holtsfit

6 hdr. 1703, hjáleiga Holts. Í eyði 1703, en byggð 1847. Á Túnakorti er bærinn nefndur Fit.

1920: 1 ha. garðar 424 m2, 1/3 sléttað. 1942: "Var kot þetta áður talið þriðjungur jarðarinnar og á beit óskipta með Holti." Bstbók, 81.

**Ba-119:001** *Holtsfit* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-119:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-119:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

## Ba-120 Skriðnafell

18 hdr. 1703. Bændaeign.

2.7.1540 selur séra Magnús Eyjólfsson í Haga Ólafi bróður sínum 4 hdr í S. - DI X, 545-46. 1576 var S. 18 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðbréf, 103. 31.5.1668 gefur Ingibjörg Jónsdóttir Torfa Ögmundssyni 3 hdr. í S. í þjónustulaun - Jarðabréf, 127. 27.5.1673 gefur Ingibjörg Jónsdóttir Torfa Ögmundssyni 8 hdr. í S. - Jarðabréf, 128. 2.6.1680 selur Þorleifur Magnússon Bjarna Egilssyni 3 hdr. í S. - Jarðabréf, 132. 28.5.1703 gefur Torfi Ögmunsson, dóttur sinni Dýrvinu og manni hennar Ólafi Jónssyni 12 hdr í S. gegn því að þau hjónin framfæri hann og að jarðarparturinn hverfi aftur til sín ef Dýrvina deyi fyrr, að því frádregnu sem metið verði að Torfi hafi eytt í garði Ólafs - JÁM XIII, 212-13.

1920: 3,7 ha. garðar 1066 m2, 1/4 sléttað. 1942: "Skriðnafell er nokkuru minni landrýmisjörð en Holt. Tún er þar stærra og grasgefnara, en engjar minni." Bstbók, 81.

**Ba-120:001** *Skriðnafell* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-120:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-120:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-120:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-120:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-120:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-120:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-120:008** *Ebbavarða* örnefni

"Lausiboði, Fastiboði, Urðir, Ebbavarða ..." Örnefnaskráin er í upptalningarformi.

Ö-Skriðnafell, 1.

**Ba-120:009** *Gvendarbrunnur* lind

"... Óskiptaland, Melar, Þverlækur, Rif, Rifhaus, Vitahryggur. Gvendarbrunnur, talinn vígður af Guðmundi hinum góða. Gott vatn er í honum. En hann er langt frá Skriðnafelli og því lengra frá Holti."

"Þegar Gestur Gestsson bjó í Holti (fyrir 1898), var hjá honum holdsveikur og blindur maður, að nafni Sigurður Sakaríasson. Það var vani að sækja vatn á flösku fyrir hann til drykkjar í brunn þennan. Ef honum var færð flaska með vatni annars staðar frá, vissi hann það undireins og hann bragðaði það, svo ekki var hægt að gabba hann á því."

Ö-Skriðnafell, 1.

**Ba-120:010** *Hesthústún* örnefni hesthús

"Skriðnafellstún. Hesthústún ..." Örnefnaskráin er í upptalningarformi.

Ö-Skriðnafell, 1.

**Ba-120:011** *Brunnaveitur* örnefni

"... Brunnaveitur ..." Örnefnaskráin er í upptalningarformi.

Ö-Skriðnafell, 1.

**Ba-120:012** heimild beitarhús

"... Brunnaveitur, Húsatóftir, gömul beitarhús." Örnefnaskráin er í upptalningarformi.

Ö-Skriðnafell, 1.

**Ba-120:013** *Bólbrekka* örnefni kvíar

Örnefnaskráin er í upptalningarformi.

Ö-Skriðnafell, 1.

**Ba-120:014** *Fornistekkur* örnefni stekkur

Örnefnaskráin er í upptalningarformi.

Ö-Skriðnafell, 1.

**Ba-120:015** *Álfkonusteinn* örnefni

Örnefnaskráin er í upptalningarformi.

Ö-Skriðnafell, 2.

**Ba-120:016** *Stekkur* örnefni stekkur

Örnefnaskráin er í upptalningarformi.

Ö-Skriðnafell, 2.

## Ba-121 Hreggstaðir

30 hdr. 1703, eyðihjáleigur: Skyrleysa, Efri Hús og Innri Hús. Bændaeign. Einnig Hrakstaðir og Rekstaðir.

1446 er H. 30 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Brjánslæk og fylgdu þar 6 kúgildi - DI IV, 688-89.1.10.1487 selur Magnús biskup Eyjólfsson Ingibjörgu systur sinni H. eða þá jörð sem Einar Björnsson leysir þar með - DI VI, 605-606. 28.6.1544 selur Erlingur Gíslason Sigríði Andrésdóttur H. með Selskeri og skógarparti sem liggur undir Akurgötu milli Tófugils og Svartalækjar, fyrir hálfan Saurbæ - DI XI, 317. 1576 eru H. 30 hdr jörð í eigu Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. 17.6.1703 eru H. 30 hdr jörð meðal eigna Rannveigar Jónsdóttur sem hún og hennar börn höfðu erft eftir hennar mann Einar Gunnlaugsson. Landskuldarupphæð og kúgildafjöld óþekkt því eigandinn hefur á jörðunni búið. - JÁM XIII, 216

1920: 8,1 ha. garðar 1947 m2, 1/4 sléttað. 1703: "Nú næstliðin 26 ár hefur góðum mönnum virst þessi jörð landbrotajörð hin mesta með öðrum af þessari strönd, sérdeilis af sandi og skriðum. Er útigangslaus nærri því nema í bestu vetrum og hagalítilá sumurin. Skógarpartur og flæðisker fylgir jörðu þessari og búðir tvær, önnur fyrir heimaskip, en önnur hefur stundum öngvum léð verið. En nú upp í næstliðin tvö ár hefur þar ein skipshöfn við verið, og hefur þar lítill af sumum, en enginn af sumum betalningur fyrir komið. Nefnilega hafa tveir af skipverjunum hest tekið til hagagöngu nokkurn part vetrarins vegna útigangleysis þessarar jarðar, hinir fjórðungsvirði í vettlingum, kolakornum og þvílíku, sem skilsamir verið hafa." DI XIII, 216.

1840: "Sauðfjárútigangur beztur á ... Rekstöðum, bregzt þar mjög sjaldan þarabeitin, þó jörð taki fyrir." SSV, 199. 1840: "Selkópaveiði er á 5 eða 6 bæjum, einkanlega í Haga og á Rekstöðum. Heilagfiski, þorskur, ýsa, skata og hákall veiðast fram undan Siglunesi og Rekstöðum ..." SSV, 200. 1942: "... flutningsjörð mikil, stórt tún og grasgefið, slægjur litlar, en vetrarbeit góð. Vorkópaveiði er við svonefnt Selsker. Reki er þar nokkur og útræði. Er þá sótt á Siglunessmið." Bstbók, 81. 1959: "Er þetta ein stærsta jörð hreppsins, vetrarbeit bregzt þar vart sauðfénaði." ÁFÍ 1959, 105

**Ba-121:001** *Hreggstaðir* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-121:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:011** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:012** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:013** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:014** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:015** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:016** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:017** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-121:018** *Skyrleysa* bæjarstæði býli **Friðlýstar minjar**
1703: "Í Hreggstaðalandi hefur verið hjáleiga, kölluð Skyrleysa. Reiknaðist í jarðarinnar dýrleika, og meinast verið hafa v [hdr]. ... Hún er fyrir nokkrum árum lögð í eyði, hefur og fyrir mörgum árum í eyði legið, en var bygð í milli um nokkur ár." 1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: ... 2. Skyrleysa, milli Rekstaða og Sigluness." "Þar fyrir neðan [043] er þurrlend grasflatneskja, sem heitir Skyrleisa. Það er gamalt býli, og sjást þar garðar og tóftir.

Garðhleðsla hefur verið þar með ólíkindum. ... Þarna hefur e.t.v. verið fyrsta byggð á Hreggsstöðum."

Friðlýstar minjar. "Rústir eyðibýlisins Skyrleysu, utan við Hreggstaðaá, bæjarrústir og rústir útihúsa auk tvöfalds túngarðs, sem liggur í sveig um svæðið, tveggja gerða nærri sjónum og rústa sjóarhúsa á sjávarbakkanum." Friðl. 17.12.1980. Fornleifaskrá, 34.

JÁM VI, 287; SSV, 201; Ö-Hreggsstaðir, 12.

**Ba-121:019** *Efri Hús* heimild býli

"Í túninu hafa þar fyrir utan verið tvær hjáleigur, kallaðar Efre Hus, Innre Hus, hver um sig reiknuð v [hdr.] í heimajarðarinnar dýrleika. Þær eru báðar í eyði og skaði fyrir jarðar ábúendurnar þær upp aftur að byggja."

JÁM VI, 287.

**Ba-121:020** *Innri Hús* heimild býli

"Í túninu hafa þar fyrir utan verið tvær hjáleigur, kallaðar Efre Hus, Innre Hus, hver um sig reiknuð v [hdr.] í heimajarðarinnar dýrleika. Þær eru báðar í eyði og skaði fyrir jarðar ábúendurnar þær upp aftur að byggja."

JÁM VI, 287.

**Ba-121:021** heimild verbúð

"Þrjár verbúðir eru þar: Í einni hefur í vor (1703) verið maður sem verið hefur fyrir skipi (5 manna fari) sínu sjálfs. Fyrir skipsuppsátur hefur hann haft einn hálfan hest til hagagöngu fyrir lóðareigandann. Hálfan hefur einn af skipverjunum haft í sama nafni. Búðinni sjálfri viðheldur landsdrottinn."

JÁM VI, 287.

**Ba-121:022** heimild verbúð

"Tvær hinar búðirnar nytkar sjálf ábúanda."

JÁM VI, 287.

**Ba-121:023** heimild verbúð

"Tvær hinar búðirnar nytkar sjálf ábúanda."

JÁM VI, 287.

**Ba-121:024** *Ebbavarða* heimild

"Ebbavarða var lítil varða á grjóthrygg fyrir utan Urðir í Skriðnafellslandi, en varðan sjálf var fyrir utan merkin. Hún er nú líklega hrunin. Varðan var kennd við Ebeneser Þórðarson, sem hlóð hana." ATH Ebbavarða er líka skráð með Skriðnafelli.

Ö-Hreggsstaðir, 2-3.

**Ba-121:025** *Gildruhólar* örnefni refagildra

"Skammt fyrir utan Ebbavörður [024] taka við hólabörð, er heita Gildurhólar. Einar veit ekki skýringu á þessu nafni, en hólarnir eru í lögun eins og þeim hafi verið gildrað upp. E.t.v. má líka setja nafn hólanna í samband við gamalt Gren, sem er skammt fyrir utan þá miðja. Þar er mikið gróin urð. Gætu hafa verið settar upp gildrur við hólinn. Grenið er áreiðanlega mjög gamalt."

Ö-Hreggsstaðir, 3.

**Ba-121:026** heimild stekkur

"Fyrir utan Gren er lækur, sem heitir Siggatrippslækur. ... Utar og neðar eru dý, er heita Grænudý. Að vísu sjást þau ekki lengur, því búið er að þurrka þarna. ... Fyrir ofan og utan Grænudý er grasbreiða, sem heitir Innri-Stekkjarhryggsbreiða. Fyrir utan hana eru tveir hryggir, sem heita Stekkjarhryggir. Þeir eru grónar skriður, sem hafa hrunið úr fjallinu. Efst við Innri-Stekjarhrygg er gamall Stekkur."

Ö-Hreggsstaðir, 3.

**Ba-121:027** *Draugsborg* örnefni draugur

"Fyrir utan hana [Ytri-Stekkjarbreiðu sem er fyrir utan Ytri-Stekkjarhrygg] er skurður, sem heitir Votálsskurður. Liggur hann ofan mýrlendi, sem heitir Votáll. Nú er búið að þurrka þetta mýrlendi. ... Fyrri utan Votál tekur við stór grasbreiða, sem heitir Breiðupartar. Þeir ná heim undir tún. ... Fyrir neðan þetta barð tekur við grasstykki með sandmel neðst, sem kallað var Draugsborg. Einar heyrði sagt, að maður, sem þarna var á ferð seint um kvöld, hafi talið sig verða fyrir árás draugs."

Ö-Hreggsstaðir, 3-4.

**Ba-121:028** *Húsahaugar* heimild beitarhús

"Við ytri endann á Draugsborg [027] tók við mýrlendi, sem nefnt var Álar. ... Fyrir neðan Ála voru sandhaugar, sem hétu Húshaugar. Þar voru áður beitarhús. Húshaugum hefur nú verið ýtt burt, og sést ekki móta fyrir þeim lengur, enda svæðið orðið slétt og er innan túns."

Ö-Hreggsstaðir, 4.

**Ba-121:029** *Kofatún* örnefni
"Innst og neðst í túni hét Urðarvöllur ... Fyrir ofan Urðarvöll var stykki, sem hét Hundrað. Fyrir ofan það var Kofatún ..."
Ö-Hreggsstaðir, 5.

**Ba-121:030** *Fjósbali* örnefni fjós
"Innst og neðst í túni hét Urðarvöllur ... Fyrir ofan Urðarvöll var stykki, sem hét Hundrað. Fyrir ofan það var Kofatún og fyrir utan það Fjósbali."
Ö-Hreggsstaðir, 5.

**Ba-121:031** *Hesthúsbali* örnefni hesthús
"Fyrir utan hann [030] er skurður, og fyrir utan skurðinn hét Hesthúsbali."
Ö-Hreggsstaðir, 5.

**Ba-121:032** *Stöðulbalar* tóftir kvíar
"Fyrir utan hann [031] ofanverðan voru Stöðulbalar. Amma Einars talaði um og móðir hans mundi líka eftir því, að ær og kýr voru mjólkaðar á Stuðulbölum. Þarna voru skriðubalar grónir og tóftir, sem hægt var að reka fé inn í til að mjólka. Þetta voru tveir staðir, sem mjólkað var á, og tilheyrði annar balinn innri bænum, hinn ytri."
Ö-Hreggsstaðir, 5.

**Ba-121:033** *Mjatlarahóll* örnefni huldufólksbústaður
"Fyrir utan bæjarlækinn er grasstykki, sem heitir Mjatlari. Var hann seinslægur. Neðst í honum er svokallaður Mjatlarhóll. Það var trú eldra fólks, að þar byggi huldufólk. Krökkum var sagt að fara með mestu kurteisi við þennan hól, hafa þar ekki hávaða eða læti."
Ö-Hreggsstaðir, 5.

**Ba-121:034** heimild bústaður
"Fyrir utan Mjatlara er lækur, sem heitir Þórðarlækur, og fyrir utan hann er Þórðarvöllur, sem nær út að á. Þessir staðir munu kenndir við Þórð, nokkurn, einsetumann, sem byggði sér þarna kofa, en Einar veit ekki önnur deili á honum. Þegar Einar fór frá Hreggsstöðum, stóðu þarna enn kofatóftir."
Ö-Hreggsstaðir, 5-6.

**Ba-121:035** *Litlistekkur* heimild býli
"Fyrir ofan túnið og utan Mjóapartar með hlíðinni er stykki,sem heitir Litlistekkur. ... Litlistekkur er gamalt hjáleigukot."
Ö-Hreggsstaðir, 6.

**Ba-121:036** *Kvíaból* örnefni kvíar
"Þar fyrir framan [035] er stykki, sem heitir Gjárpartur. Fyrir utan hann rennur Bæjarlækur innri bæjarins, og fyrri innan hann eru mýrar, sem heita Gjámýrar. Innst í þeim er holt, sem heitir Kvíarholt, og utar og neðar er Kvíaból. Fráfærur voru lagðar niður á Hreggstöðum, áður en Einar mar eftir."
Ö-Hreggsstaðir, 6.

**Ba-121:037** heimild vað
"Fyrir framan og neðan Skollabyggðir er hjalli lágur, sem heitir Litlihjalli. Hreggstaðaá rennu rmeð ytri enda hans og myndar þar foss, sem heitir Kúafoss. Fossinn dregur líklega nafni af því, að neðst í gljúfri Kúafoss var vað yfir ána, þar sem kýr voru reknar yfir til beitar út fyrir ána."
Ö-Hreggsstaðir, 8-9.

**Ba-121:038** *Bæli* örnefni
"Upp af innri enda Litlahjalla [037] er klettur, sem heitir Bælisklettur, og fyrir ofan hann og framan er hvolf, sem heitir Bæli."
Ö-Hreggsstaðir, 9.

**Ba-121:039** *Seltóftir* tóft sel
"Fyrri ofan Bæli [038] er lág brekka, sem heitir Bekkir. Hún nær fram að á. Fyrir neðan hana við ána er stykki, sem heitir Seltóftir. Þar eru gamlar tóftir."
Ö-Hreggsstaðir, 9.

**Ba-121:040** garðlag vörslugarður
"Fyrir ofan Bekki [039] er hilla, sem heitir Nautahilla. Líklega hafa geldneyti verið girt þar inni, og þar sér fyrir gömlum grjótgarði."
Ö-Hreggsstaðir, 9.

**Ba-121:041** *Hreggsleiði* örnefni legstaður
1840: [Fornmanna haugur er] á Rekstöðum, kallaður Hreggsleiði. Segja sumir að bærinn dragi nafn af honum og heiti Hreggsstaðir, ..." "Fyrir ofan miðjan Háls á Kjöl er grasþúfa, sem heitir Hreggsleiði. Sagt er, að Hreggur, fyrsti búandi á

Hreggsstöðum, sé þar heygður. Þetta er grastó, sem fuglar hafa sezt á og gras vaxið upp af."
SSV, 207; Ö-Hreggsstaðir, 10.

**Ba-121:042** varða
"Fjallið fyrir ofan Stórubrekku heitir efst Flatafjall. ... Ofan til á Flatafjalli er brekka með vörðu á, kölluð Vörðubrekka."
Ö-Hreggsstaðir, 11.

**Ba-121:043** heimild fjárskýli
"Út af Kúafossi [037] er lynghæð, sem heitir Byrgi. Fyrir ofan það er gamalt fjárbyrgi úr grjóti."
Ö-Hreggsstaðir, 12.

**Ba-121:044** heimild naust
"Innsta hornið á Skyrleysubökkum við ána heitir Hreggnesi. Þetta er malarbarð, trúnlega framburður úr ánni fyrir þúsundum ára. Undir Hreggnesa er dálítil flöt, sem heitir Naust. Þar var bátum hvolft áður, en er nú ekki lengur haft sem naust."
Ö-Hreggsstaðir, 13.

**Ba-121:045** heimild rétt
"Skammt fyrir utan Ytra-Fornmannaleiti niður við sjó er Fjárrétt ..."
Ö-Hreggsstaðir, 14.

**Ba-121:046** *Dynjandi* tóft bústaður
"Skammt fyrir utan Ytra-Fornmannaleiti niður við sjó er Fjárrétt og rétt fyrir ofan hana var lausamannsbýli, er Dynjandi heitir. Djást þar enn tóftir."
Ö-Hreggsstaðir, 14.

**Ba-121:047** *Brandstóftir* tóft bústaður
"Skammt þar fyrir innan [046] eru aðrar tóftir, sem Brandstóftir heita. Þarna voru hús og bjó þar fólk, sem lifði það lengi, að Einar man eftir því, en hvorki var búið þarna né á Dynjanda, eftir að hann man eftri sér."
Ö-Hreggsstaðir, 14.

**Ba-121:048** *Fornmannaleiti* örnefni
1840: "Á Fornmannaleitisflöt, milli Sigluness og Rekstaða, hvar bardagi skal haldinn hafa verið, hefur fundizt brot af sverði." "Skammt fyrir utan Ytra-Fornmannaleiti niður við sjó er Fjárrétt ..." Mögulega er þetta sami staður og beinafundarstaðurinn Ba-122:068
SSV, 207; Ö-Hreggstaðir, 14

## Ba-122 Siglunes

30 hdr. 1703. 10 hdr. Sauðlauksdalskirkjueign, 20 hdr. bændaeign. Fjöldi verbúða voru á Siglunesi og eru 5 taldar 1703. 1942: "Tvíbýli hefir jafnan verið þar, og bæirnir nefndir: Hærranes og Miðbær. Miðbær er þriðjungur jarðarinnar. Var sá jarðarhluti áður eign Sauðlauksdalskirkju. Lítið húsmennskubýli er þar, sem nefnist Sæból." Kirkjan hafði eignast hlut sinn 1575.

29.4.1540 fær séra Magnús Eyjólfsson Ögmundi biskupi þau 10 hdr í S. sem Hagakirkja átti áður - DI X, 520. 1541 var S. meðal jarða Ögmundar biskups sem teknar voru undir konungsvaldið og var landskuld þar af 1 hdr. - DI X, 679, 681.

1920: 5 ha. garðar 1758, 1/3 sléttað, Útmæling: 0,5 ha. garðar 114 m2. 1840: "Sauðfjárútigangur beztur á Siglunesi ..., bregzt þar mjög sjaldan þarabeitin, þó jörð taki fyrir. ... sandfok hefir mjög skemmt Siglunestún" SSV, 199. 1840: "Heilagfsiki, þorskur, ýsa, skata og hákall veiðist fram undan Silgunesi ... Hrognkelsi aflast á ... Siglunesi á vorin til fardaga. Þau veiðast í netum ... Veiðistaða í sveitinni er Siglunes." SSV, 200. 1840: "Viðarreki oft allgóður á Siglunesi, en ekki til mun annars staðar ... " SSV, 201. 1840: "Kálgarðarækt hefur bezt verið stunduð í Litluhlíð. Nú líka allvel á Brjánslæk, nokkuð í ... Siglunesi ... Kartöflur ræktast líka á þessum bæjum öllum," SSV, 204. 1942: "Sú jörð er nokkuð svipuð Hreggsstöðum. Tún er þar minna, engjaslægjur litlar, en útigangur öllu betri. - Útræði er þar, og mun jafnan hafa verið stundað eitthvað síðan á landnámstíð. ... [í Fossárdal] eru hagar allmiklir, og hefir dalurinn stundum verið hafður fyrir geldneytaafrétt." Bstbók, 81-82. 1959: "Þetta er góð sauðajörð, sem á beitiland um Sigluneshlíðar vestur að Stálhlein. Héðan var útræði um langan aldur enda skammt á góð fiskimið." ÁFÍ 1959, 105.

**Ba-122:001** *Siglunes* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.

**Ba-122:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-122:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:007** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:008** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:009** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:010** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:011** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:012** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:013** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:014** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:015** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:016** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:017** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:018** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:019** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-122:020** *Sveinssonarbúð* heimild verbúð
"Sveinssonarbúð heyrir til Guðrúnar Eggertsdóttur. "Þessar ... búðir brúkar verfólk, sem rær á skipunum sem gánga á Siglunesi, um vertíð. Endranær liggja þær í eyði."
JÁM VI, 290.

**Ba-122:021** *Ólafsbúð* heimild verbúð
Ólafsbúð heyrir til Guðrúnar Eggertsdóttur. "Þessar ... búðir brúkar verfólk, sem rær á skipunum sem gánga á Siglunesi, um vertíð. Endranær liggja þær í eyði."
JÁM VI, 290.

**Ba-122:022** *Torfabúð* heimild verbúð
Torfabúð heyrir til Guðrúnar Eggertsdóttur. "Þessar ... búðir brúkar verfólk, sem rær á skipunum sem gánga á Siglunesi, um vertíð. Endranær liggja þær í eyði."
JÁM VI, 290.

**Ba-122:023** *Staðarmannabúð* heimild verbúð
Staðarmannabúð heyrir til Ara Þorkelssonar. "Þessar ... búðir brúkar verfólk, sem rær á skipunum sem gánga á Siglunesi, um vertíð. Endranær liggja þær í eyði." - "... fyrrum [var] útræði frá Siglunesi, og var þar fjöldi verbúða. Búðirnar voru á bökkunum frá vörinni og út undir Sæból og Hlýra. ... hafa tóftir þeirra verið jafnaðar við jörðu: Staðarmannabúð; Hagamannabúð [045]; Miðbúð [046]; Eyjamannabúð [047]; Arabúð var fjárhús, þegar GG man fyrst eftir."

JÁM VI, 290; Ö-Siglunes, 15.

**Ba-122:024** *Bjarnabúð* heimild verbúð

Bjarnabúð heyrir til Ara Þorkelssonar. "Þessar ... búðir brúkar verfólk, sem rær á skipunum sem gánga á Siglunesi, um vertíð. Endranær liggja þær í eyði."

JÁM VI, 290.

**Ba-122:025** *Húsatún* bæjarstæði býli

1840: "Kot, sem fyrir mjög löngum tíma eru lögzt í eyði, heita svo: 1. Hústún í Sigluneshlíðum, " 1942: "Vestan [Fossárdals] er svokallað Húsatún. Þar eru nokkrar slægjur. Ef til vill hefir verið þar býli að fornu, eða að þar hafi að vetrinum hafzt við fólk frá Siglunesi, og hirt þar fé, því að útigangur er þar betri en heima við bæinn."

"Fyrir innan Hvalvík er Hústún, sem er sama eðlis og Slétturnar, en er stærra og flatara en þær. Eru brattir bakkar af Húsatúni niður í fjöru. Á Húsatúni var búið áður fyrr, að sagt er eitthvað fram á 18. öld, og sér þar enn fyrir tóftum. Ekki er þó getið um byggð á Húsatúni í Jarðabók Árna Magnússonar. Sagt er, að sá hafi heitið Illugi, sem síðastur bjó á Húsatúni. Síðar var heyjað þarna og heyið flutt heim á bátum."

SSV, 201; Bstbók, 82; Ö-Siglunes, 5-6.

**Ba-122:026** *Húshlein* heimild lending

"Í Húsvíkinni [025] er Húshlein, slétt hlein, berggangur eins og hinar bríkurnar þarna. Við hana var lent bátum og heyið borið á eins og við bryggju."

Ö-Siglunes, 6.

**Ba-122:027** *Stígskor* gata leið

"Innst á Húsatúni [025] byrjar Hríshjalli. ... Fyrir neðan Hríshjalla er Stígskor, gata, sem ganga má eftir af Húsatúni og inn á Fosshjalla. Þetta er öllum fært ..."

Ö-Siglunes, 6.

**Ba-122:028** heimild vörslugarður

"Hlaðið var fyrir Stígsskor [027], þegar naut voru höfð á Húsatúni [025] áður fyrr."

Ö-Siglunes, 6.

**Ba-122:029** mannabein legstaður

"Þá er komið að Fossá, sem kemur niður Fossdal. ... Fossvík og Fosshjalli enda við Krossnes, sem er grösugt eins og hjallinn. ... Upp af Krossnesi er Krossneshryggur, og af Krossnesi upp á Fossdal er Krossnesgangur. Rétt fyrir innan Krossnesið fundust mannabein fyrir nokkrum árum. Eru þau í sandbarði, sem er að blása upp."

Ö-Siglunes, 7.

**Ba-122:030** *Krossanesgangur* heimild leið

"Þá er komið að Fossá, sem kemur niður Fossdal. ... Fossvík og Fosshjalli enda við Krossnes, sem er grösugt eins og hjallinn. ... Upp af Krossnesi er Krossneshryggur, og af Krossnesi upp á Fossdal er Krossnesgangur."

Ö-Siglunes, 7.

**Ba-122:031** álagablettur

"Frá Krossnesi og inn að Björgum er stórgrýtt fjara. Björgin eru klettadrangar í sjó, en gras upp á þeim og hlíð fyrir ofan. Smáhrískjarr er í skriðunni fyrir ofan Björg. Það mátti ekki taka - var álagablettur - og þótti það koma niður á þeim, sem það gerðu."

Ö-Siglunes, 8.

**Ba-122:032** *Bakkagata* gata leið

"Alveg rétt fyrir innan Bristið er Merargjóta, djúp skriða eins og sýkling niður í hlíðina. ... Þegar kemur inn fyrir Merargjótu, taka við Hólar, holt og lautir. ..... Framan í Hólum eru snarbrattir bakkar ofan í fjöru, og er þar aurrunnið. Þar er fjárgata, sem kölluð var Bakkagata. Hún byrjar út hjá Krossnesi og enda í Hellisvík."

Ö-Siglunes, 9.

**Ba-122:033** heimild mógrafir

"Tjaldstæður eru fyrir neðan og utanhallt við neðsta-Bælishól [034]. Það eru tveir háir hólar, framhlaup úr hlíðinni, og djúpar lautir á milli. Þegar jörð er frosin á vetrum, safnast vatn í lautirnar, þegar rignir, svo að myndast tjarnir Vera þar ágæt skautasvell, þegar síðan frystir aftur. Fyrir ofan Tjaldstæður fannst mór í seinni tíð, bezti mór."

Ö-Siglunes,11.

**Ba-122:034** heimild rétt

"Þá er komið að Bælishólum. Það eru skriðuhólar, þrír að sjá frá bæ, og eru aðgreindir og nefndir Efsti-Bælishóll, Mið-Bælishóll og Neðsti-Bælishóll. ...Niður með Bælinu rennur Bælislækur, sem kemur úr Mávavatni upp á fjálli. Á Bælinu

var bælt fé áður, og er þar gamall garður [070]. Á Bæli var einnig hringlaga rétt, sem enn sér fyrir ."
Ö-Siglunes,11-12.
**Ba-122:035** Ytrigrafir heimild mógrafir
"Ytrigrafir heita mjög gamlar mógrafir utan til á Bælinu."
Ö-Siglunes, 11.
**Ba-122:036** *Illugaklettar* þjóðsaga aftökustaður
"Þar sem Bælishólar enda í fjörunni, eru Illugaklettar. Þar er sagt, að Illugi, síðasti bóndinn á Húsatúni [025] , hafi verið hengdur fyrir Sauðaþjófnað. Það var, að sagt er, í tíð Ólafs sýslumanns, sem kallaður var klaki."
Ö-Siglunes, 12.
**Ba-122:037** heimild stekkur
"Þegar Illugaklettar [036] enda, tekur við svolítið bogadregin fjara. Í henni miðri eru klettaskápar, sem heita Básar. ... Þar sem Básasvæðið endar, er Stekkur, mjög gamall. Hann er utan til við Stekkjarskriðu, sem er bungumynduð skriða, gróin upp að miklu leyti." Upp af henni er Stekkjarlækur."
Ö-Siglunes, 12.
**Ba-122:038** *Hlað* heimild rétt
"Fyrir innan Stekkjarlæk [037] er Votihvammur. Fyrri neðan hann er Ormshaus. Þar hækkar landið og myndast eins og hryggur. Alveg niðri við fjöru er kringlótt fjárrétt, grafin inn í mel, ævaforn að sjá. Hún er hlaðin upp úr fjörugrjóti, nefnd Hlað."
Ö-Siglunes, 12.
**Ba-122:039** *Grafirnar* heimild mógrafir
"Upp af Hlaðinu [038] nefndi EE ævafornar mógrafir, Grafirnar, en GG þekkir þær ekki."
Ö-Siglunes, 12-13.
**Ba-122:040** varða
"Frá Hlaði [038] og inn undir Hlýra er sandvík, sem heitir Vörðuvík. Þar var varða, sem nú mun farin að lækka."
Ö-Siglunes, 13.
**Ba-122:041** *Miðaftasnsvarða* varða eyktamark
"Brúnin á fjallinu hér upp af heitir Miðaftanshæð. Þar sér fyrir vörðubroti, sem EE nefnir Miðaftansvörðu, en GG þekkir ekki nafn á vörðunni."
Ö-Siglunes, 13.
**Ba-122:042** *Sæból* heimild býli
"Fyrir innan Vörðuvík tekur við Hlýrabót, örstutt fjara inn að túninu. Fyrir innan hana eða upp af er Hlýri, klettur fram í sjó. ... Eyðibýli er fyrir innan Hlýra, á sjávarbakkanum upp af Hlýrabót, og heitir Sæból."
Ö-Siglunes, 13-14.
**Ba-122:043** heimild verbúð
"Landboði er fram af Siglunesi utan til. Hægt er að ganga fram í hann um stórstraumsfjöru. Upp af honum voru búðartóftir og var útræði fyrrum." ATH 020-024.
Ö-Siglunes, 14.
**Ba-122:044** *Siglunesvör* heimild lending
"Upp af Bjarnarboða beygir landið og myndar Bæjarvík alveg inn að Siglunesá. Yzt í Bæjarvík er Siglunesvör."
"Í fyrndinni bjuggu hjón á Rauðsandi. Þau áttu syni, sem einhverju sinni reru úr Bæjarós. Þeir lentu í löngum hrakningum og var farið að óttast um þá. Konan lagði það á, að næðu þeir einhversstaðar landi, skyldi enginn bátur farast úr þeim lendingarstað. Bræðurnir náðu Siglunesvör, og hefur aldrei farizt bátur, sem þaðan hefur róið. Hafa menn enn í dag trú á ummælum þessum og stinga við stafni í Siglunesvör, t.d. þegar þeimr koma með báta sína í fyrsta sinn til Barðastrandar."
Ö-Siglunes, 14.
**Ba-122:045** Hagamannabúð heimild verbúð
"... fyrrum [var] útræði frá Siglunesi, og var þar fjöldi verbúða. Búðirnar voru á bökkunum frá vörinni og út undir Sæból og Hlýra. ... hafa tóftir þeirra verið jafnaðar við jörðu: Staðarmannabúð [023]; Hagamannabúð; Miðbúð; Eyjamannabúð; Arabúð var fjárhús, þegar GG man fyrst eftir." Gæti verið sama og 020-022, 024
Ö-Siglunes, 15.
**Ba-122:046** *Miðbúð* heimild verbúð
"... fyrrum [var] útræði frá Siglunesi, og var þar fjöldi verbúða. Búðirnar voru á bökkunum frá vörinni og úr undir Sæból

og Hlýra. ... hafa tóftir þeirra verið jafnaðar við jörðu: Staðarmannabúð [023]; Hagamannabúð; Miðbúð; Eyjamannabúð; Arabúð var fjárhús, þegar GG man fyrst eftir." Gæti verið sama og 020-022, 024

Ö-Siglunes, 15.

**Ba-122:047** *Eyjamannabúð* heimild verbúð

"... fyrrum [var] útræði frá Siglunesi, og var þar fjöldi verbúða. Búðirnar voru á bökkunum frá vörinni og úr undir Sæból og Hlýra. ... hafa tóftir þeirra verið jafnaðar við jörðu: Staðarmannabúð [023]; Hagamannabúð; Miðbúð; Eyjamannabúð; Arabúð var fjárhús, þegar GG man fyrst eftir." Gæti verið sama og 020-022, 024

Ö-Siglunes, 15.

**Ba-122:048** *Arabúð* heimild fjárhús

"... fyrrum [var] útræði frá Siglunesi, og var þar fjöldi verbúða. Búðirnar voru á bökkunum frá vörinni og úr undir Sæból og Hlýra. ... hafa tóftir þeirra verið jafnaðar við jörðu: Staðarmannabúð [023]; Hagamannabúð; Miðbúð; Eyjamannabúð; Arabúð var fjárhús, þegar GG man fyrst eftir." Gæti verið sama og 020-022, 024

Ö-Siglunes, 15.

**Ba-122:049** Skotta heimild verbúð

1942: "Á Siglunesi er sjóbúð ein, sem Skottabúð er kölluð. Þótti þar reimt. Er sú saga til þess, að hauskúpu af Sveini skotta hafi rekið þar, og verið holað niður í haug fram undan búðardyrunum, því að búðin var notuð fyrir fjárhús á vetrum. Reimleikinn var kenndur Skotta." "Ein búðin hét Skotta. Var sagt, að hauskúpan af Sveini skotta væri þar í vegg og þótti þar reimt." Gæti verið sama og 020-022, 024

Bstbók, 82; Ö-Siglunes, 15.

**Ba-122:050** heimild verbúð

"Búðirnar voru fleiri, en ekki munu nú fleiri þekkt nöfn."

Ö-Siglunes, 15.

**Ba-122:051** *Sigmundartóftir* tóft

"Á sjóarbökkunum á að gizka 100 m fyrir innan Sæbólstóftir [042]. Mótar aðeins fyrir þeim enn, en eru ævagamlar að sjá. Þar bjó síðast einsetumaður, Sigmundur, sem kallaður var Drottinskarl."

Sigmundur með svartar brár/ Sinn um gengur pallinn/ hefur hann í heilmörg ár/ heitið Drottinskallinn.

Ö-Siglunes, 16.

**Ba-122:052** *Hesthúspartur* örnefni hesthús

"Milli hesthúss og bæjar, ... er Hesthúspartur og flöt í honum miðjum."

Ö-Siglunes, 16.

**Ba-122:053** *Fjósatunga* örnefni fjós

"Tunga, stundum nefnd Fjósatunga, er beint niður af Klifi, milli lækja, sem oftast eru þurrir."

Ö-Siglunes, 16.

**Ba-122:054** heimild kvíar

"Kvíarhóll var kallaður fyrir utan Tungu [053], gamalt kvíaból."

Ö-Siglunes, 16.

**Ba-122:055** *Grænibakki* heimild býli

"Innst í Brekkutúni [undir Steinbrekku] við ána var býli, sem hét Grænibakki. Þar var búið, er EE var á Siglunesi, en GG man ekki byggð þar."

Ö-Siglunes, 16-17.

**Ba-122:056** *Miðbær* tóft býli

"Miðbær, sem var einn bæjanna á Siglunesi, meðan þar var margbýlt, var stutt fyrir ofan Hákarlapoll, og Miðbæjarflöt fyrir neðan bæinn. Tóftin af Miðbæ stendur einn. Brekkutúnið tilheyrði Miðbæ."

Ö-Siglunes, 17.

**Ba-122:057** *Langatröð* garðlag

"Niðri undir Búðartóftum var túninu skipt í reiti með görðum, sem lengi sást fyrir, en hafa nú verið jafnaðir við jörðu. E.t.v. hefur verið ræktað korn þar fyrrum. Reitirnir höfðu nöfn. Hét einn Langatröð, annar Litlatröð. Þar var Hjallatröð, Fátækt og Svunta, þríhyrnt stykki afmarkað með görðum."

Ö-Siglunes, 17.

**Ba-122:058** *Litlatröð* garðlag

"Niðri undir Búðartóftum var túninu skipt í reiti með görðum, sem lengi sást fyrir, en hafa nú verið jafnaðir við jörðu. E.t.v. hefur verið ræktað korn þar fyrrum. Reitirnir höfðu nöfn. Hét einn Langatröð, annar Litlatröð. Þar var Hjallatröð, Fátækt

og Svunta, þríhyrnt stykki afmarkað með görðum."

Ö-Siglunes, 17.

**Ba-122:059** *Hjallatröð* garðlag

"Niðri undir Búðartóftum var túninu skipt í reiti með görðum, sem lengi sást fyrir, en hafa nú verið jafnaðir við jörðu. E.t.v. hefur verið ræktað korn þar fyrrum. Reitirnir höfðu nöfn. Hét einn Langatröð, annar Litlatröð. Þar var Hjallatröð, Fátækt og Svunta, þríhyrnt stykki afmarkað með görðum."

Ö-Siglunes, 17.

**Ba-122:060** *Fátækt* garðlag

"Niðri undir Búðartóftum var túninu skipt í reiti með görðum, sem lengi sást fyrir, en hafa nú verið jafnaðir við jörðu. E.t.v. hefur verið ræktað korn þar fyrrum. Reitirnir höfðu nöfn. Hét einn Langatröð, annar Litlatröð. Þar var Hjallatröð, Fátækt og Svunta, þríhyrnt stykki afmarkað með görðum."

Ö-Siglunes, 17.

**Ba-122:061** *Svunta* garðlag

"Niðri undir Búðartóftum var túninu skipt í reiti með görðum, sem lengi sást fyrir, en hafa nú verið jafnaðir við jörðu. E.t.v. hefur verið ræktað korn þar fyrrum. Reitirnir höfðu nöfn. Hét einn Langatröð, annar Litlatröð. Þar var Hjallatröð, Fátækt og Svunta, þríhyrnt stykki afmarkað með görðum. Svunta var inn í túni, nokkru utar en naustið upp af vörinni."

Ö-Siglunes, 17.

**Ba-122:062** heimild naust

"Svunta [061] var inn í túni, nokkru utar en naustið upp af vörinni."

Ö-Siglunes, 17.

**Ba-122:063** tóft sel

"Beint upp af bæ er skarð í klettana, einstigi, sem hægt er að ganga upp, og heitir þar Klif. ... fyrir ofan Klif er brekka og þar fyrir ofan Klifmýri. Þar var slegið áður. Þar fyri rframan (þ.e. í átt til fjalls) er Sel, þar sem enn sér fyrir gömlum tóftum. Engar sagnir eru um Selið."

Ö-Siglunes, 18.

**Ba-122:064** gata leið

"Upp af Klifmýri [063] eru Miðaftansbrekkur, halli niður í dalinn. Niður þær varð að reiða heyið af dalnum, þegar þar var heyjað. Þar lágu götur í sneiðingum niður."

Ö-Siglunes, 18.

**Ba-122:065** *Rauðigangur* heimild leið

"Núpurinn fyrir utan Siglárdal, milli hans og Fossdals, heitir Mávaskorarnúpur. ... Þá er Efri-Núpsgangur, sem kallaður er einnig Rauðigangur. Þar er víða rauður steinn. Hann er ekki farinn í seinni tíð nema menn þurfi."

Ö-Siglunes, 19-20.

**Ba-122:066** *Neðri-Núpsgangur* heimild leið

"Fremur [en 065] er farin Neðri-Núpsgangur, sem er neðstur ganganna."

Ö-Siglunes, 20.

**Ba-122:067** *Naust* hús

"Upp af Siglunesvör er naust [062] og á sjóarbakkanum örstutt fyrir utan það er hús, sem einn maður bjó í um árabil, en hefur nú staðið lengi autt. Húsið var nefnt Naust (flt)."

Ö-Siglunes, 21.

**Ba-122:068** mannabein legstaður

"Í fornleifaskýrslu sinni frá 1818 segir séra Ásgeir Jónsson á Brjánslæk frá einkennilegum beinafundi á þessa leið: "Á einum framanverdum háfum sandmel, er liggur milli Bæanna Siglunes og Hreggsstada, hafa menn á þessu og nærstlidnum Árum fundid líkur til at í Fornöld, verid hafi eitt Orrustu pláts, hvared hinir végnu hafa verid dysiadir og þar giörd Kuml þeirra. Tímaléngdin sídan, sem ad líkendum er ei styttri en herumbil 700 ár, hefr svo umbreitt Plátsi þessu, at grasvegur allur er uppblásin, og Sandmelsbakkin blæs og eydist ár eptir ár, svo at Bein enna föllnu liggia nú heil mörg ofanjardar og í Sandsins yfirbordi, en eckert finst hér af gömlum Vopnum eda Verjuleifum. - Hid merkilegasta er: 1° At Tönnur þeirra manna sem hér hafa fallid, finnast eptir þetta lánga tímabil fríar fyrir allri Forrotnun og uppleysíngu, og halda en nú sinni náttúrlegu skörpu og glæu Húd, líkast því, er Tönnur í rúmlega Tvítygum mönnum líta út. 2° At beinin sem hér eru fundin og skodud, eru hverki leng[r]i né stærri um sig, en þau er menn hafa athugad í nú brúkanlegum Greftrunarplátsum; en vid náqvæma Adgætslu og samanburd verdur madur þess var, ad mergholid í Leggiunum er miórra og þycktin á Leggjar beininu þessvegna mun meiri en á Beinum í Kyrkjugardi; hvar af menn fá skilid at mögulegt væri, menn í þá daga hefdu verid sterkari en nú,

þótt framan ritad sýni at stærd og vaxtarlagi hefr ei verid ödrvísi háttad en nú er." Hér er að því er virðist, lýst uppblásnum grafreit, sem þó minnir fremur á kirkjugarð en kumlateig. Ekki er vitað um kirkju eða bænhús á þessum bæjum, og verður öll frásögn að liggja milli hluta." Ekki er ljóst hvort þetta er sami staður og Fornmannaleiti sbr. Ba-121:048.

FF, 404; KEKH, 89.

**Ba-122:069** *Tjaldstæður* örnefni tjaldstæði

"Tjaldstæður eru fyrir neðan og utanhallt við neðsta-Bælishól [034]. Það eru tveir háir hólar, framhlaup úr hlíðinni, og djúpar lautir á milli."

Ö-Siglunes, 11.

**Ba-122:070** garðlag vörslugarður

"Þá er komið að Bælishólum. Það eru skriðuhólar, þrír að sjá frá bæ, og eru aðgreindir og nefndir Efsti-Bælishóll, Mið-Bælishóll og Neðsti-Bælishóll. ...Niður með Bælinu rennur Bælislækur, sem kemur úr Mávavatni upp á fjálli. Á Bælinu var bælt fé áður, og er þar gamall garður."

Ö-Siglunes, 11-12

## Ba-123 Sjöundá

12 hdr. 1703. Árið 1805 er eyðihjáleigan Skor talin með. Saurbæjarkirkjueign að hálfu 1363 en að öllu fyrir lok 14. aldar.

1446 er S. 12 hdr. kirkjujörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 3 kúgildi - DI IV, 691. Jörðin í eyði síðan 1921. Bærinn er frægur fyrir morðmál sem þar varð 1802.

1920: 3,2 ha. garðar 930 m2, 1/8 sléttað. 1840: "Sjöundá er fjörujörð." SSV, 212. 1942: "Tún er lítið og grýtt á Sjöundá, en vel grasgefið. Útslægjur litlar og erfiðar. Fjárhirðing fremur erfið. Útbeit er ágæt og tekur sjaldan fyrir jörð, og fjörubeit góð. Reki er þar dálítill. Talið var, að vel væri heybirgt, ef sáta var ætluð fyrir kind. Sauðum mun ekki hafa verið ætlað þar hey." Bstbók, 1959: "Fyrrum voru Sjöundárbændur oft meðal efnuðustu bænda hreppsins, því að beitiland er gott á dalnum og hlíðunum. Á dalnum voru einnig slægjur og mótekja." ÁFÍ 1959, 112.

**Ba-123:001** *Sjöundá* bæjarhóll bústaður

1959: "Bæjarrústirnar eru rétt norðan við samnefnda á, í bröttu, þýfðu og grýtu túni."

Túnakort 1920; ÁFÍ 1959, 112.

**Ba-123:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-123:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-123:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-123:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-123:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-123:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-123:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-123:009** gata leið

"Frá Sjöundá inn á Þrot mun vera rúml. 1/2 klst. gangur. Í hvammi þessum, sunnarlega, liggja fjárgötur í einum sneiðingi, upp í Söðul. Um þær liggur leið kinda, sem sækja í haglendi inn á Hlíðum, og um þær rennur fé niður, þá smalað er þaðan til rúnings eða haustrétta, eða annarra þarfa."

Ö-Sjöundá, 2.

**Ba-123:010** gata leið

"Þegar komið er í Söðul [009] blasa við brattar aurskriður yfir sjávarhömrum. Liggja hér fjárgötur miðhlíðis, og er það gönguleið inn í Skor."

Ö-Sjöundá, 3.

**Ba-123:011** *Stekkjargjóta* örnefni stekkur

"Þá tekur það við, sem nefnt er heimalandið, og verður nú byrjað innst. Fyrst er Innra-Þrot og Ytra-Þrot. ... Klif er Klettahjalli á snið upp og út. Þá er Hvammur, og þar upp af Hvammshlíð. En utast í Hvamminum er Klifið. Þá tekur við allmikið svæði að mestu graslendi, sem nefnt er Breiður. Það nær heim að ánni er síðar getur. Í fjallinu upp af Breið er Stekkjargjóta ..."

Ö-Sjöundá, 5.

**Ba-123:012** *Nónvarða* varða eyktamark

"Upp klettana upp úr Hvamminum [011] heitir Hvammsgjóta, og niður úr Hvamminum heitir Flatahlein, utan við svonefndan Nónstapa. Þá er þar Nónklettur og Nónvarða."

Ö-Sjöundá, 5.

**Ba-123:013** *Ból* örnefni kvíar

"Fyrir heiman ána tekur við túnið. Næst ánni er auðvitað dalurinn með henni, sem nefndur er Árdalur. Árdalsbristi er hæðin heiman við ána, og Ból er þar uppi. Þá er Bólbrekka og Bóllækur, sem er þar nokkuð hátt uppi."

Ö-Sjöundá, 5.

**Ba-123:014** *Hlöðubali* örnefni hlaða

"Innan við ána undir Bæjarbrekkunni er Hlöðubali."

Ö-Sjöundá, 5.

**Ba-123:015** *Hjallbali* örnefni hjallur

"Neðst í túni eru allháir bakkar nefndir Bakkar. Þar fyrir ofan heitir Hjallbali utast ..."

Ö-Sjöundá, 6.

**Ba-123:016** *Lambhúsbali* örnefni lambhús

"Neðst í túni eru allháir bakkar nefndir Bakkar. Þar fyrir ofan heitir Hjallbali utast, þá Lambhúsbali og Steinavöllur."

Ö-Sjöundá, 6.

**Ba-123:017** *Yrðlingakví* heimild kvíar

"Neðst í túni eru allháir bakkar nefndir Bakkar. Þar fyrir ofan heitir Hjallbali utast, þá Lambhúsbali og Steinavöllur. Þá brekka, er snýr móti bæ og heitir Steinabrekka. Yzt á henni er grjótkví nefnd Yrðlingakví."

Ö-Sjöundá, 6.

**Ba-123:018** heimild stekkur

"Fyrir utan Saltvíkina eru brattir sjávarklettar, sem nefndir eru Sneiðingar. Undir þeim eru tveir drangar, Karl og Kerling. ... Framhald af Sneiðingnum er Leiti, en upp af Sneiðingnum er Stekkjarmýri. Upp af mýrinni er Stekkur og svo Urðir."

Ö-Sjöundá, 6.

**Ba-123:019** *Mótótt* tóft mógrafir

"Gil. Heitir Öldugil enda rennur Öldulækur um það. Neðan þess er Mótóttin og mótak þeirra Sjöundármanna það sem síðast var nýtt en mótak var einnig í Bæjarmýri en þótti lélegt eða var þrotið á seinni árum Sjöundár í byggð."

Ö-Sjöundá viðb.

**Ba-123:020** *Bæjarmýri* heimild mógrafir

"Gil. Heitir öldugil enda rennur öldulækur um það. Neðan þess er Mótóttin og mótak þeirra Sjöundármanna það sem síðast var nýtt en mótak var einnig í Bæjarmýri en þótti lélegt eða var þrotið á seinni árum Sjöundár í byggð."

Ö-Sjöundá viðb.

**Ba-123:021** tóft sel

"Sel. Er í hlíðarrótum Seljabrekku og mun vera frá Sjöundá." "Hærra í dalnum er svo Gil [019] og Sel ..."

Ö-Sjöundá viðb. Ö-Sjöundá, 7.

**Ba-123:022** *Mágavarða* varða

"Aðeins innar í dalnum [en Landbrot] er Kúaból. Framhald af þeim eru Bekkir, grashlíð, sem nær upp að svonefndri Mágavörðu ..."

Ekki ljóst hvort þetta tilheyrir landi Sjöundá eða Skorar.

Ö-Sjöundá, 7.

**Ba-123:023** heimild stekkur

"Utan við dalinn [Sjöundárdal ?], eða norðan við hann neðst er Langalaut. Síðan er Stekkur og Stekkjarbrekka."

Ö-Sjöundá, 7.

**Ba-123:024** *Miðmorgunsvarða* varða eyktamark

"Aðeins innar í dalnum [en Landbrot] er Kúaból. Framhald af þeim eru Bekkir, grashlíð, sem nær upp að svonefndri Mágavörðu, Hádegismýri og Hádegishjalla ... Á Hallinum fyrrnefnda er varða, Miðmorgunsvarða."

Ö-Sjöundá, 7.
**Ba-123:025** *Hálsgata* gata leið
"Aðeins innar í dalnum [en Landbrot] er Kúaból. Framhald af þeim eru Bekkir, grashlíð, sem nær upp að svonefndri Mágavörðu, Hádegismýri og Hádegishjalla ... Á Hallinum fyrrnefnda er varða, Miðmorgunsvarða. Þá eru Hálsbrekkur og Hálsgötur."
Ö-Sjöundá, 7.
**Ba-123:026** *Ölduskarð* heimild leið
"Um Ölduskarð var farið, þegar farið er upp á Sjöundárdal af Völlum."
Ö-Sjöundá viðb.
**Ba-123:027** heimild draugur
"Fyrir utan Saltvíkina eru brattir sjávarklettar, sem nefndir eru Sneiðingar. Undir þeim eru tveir drangar, Karl og Kerling." "Reimt var talið í Sneiðingunum, og sperrtu hestarnir oft eyrun þar eftir að skyggja tók."
Ö-Sjöundá, 6. Ö-Sjöundá við.
**Ba-123:028** *Kúaból* örnefni kvíar
"Aðeins innar í dalnum [en Landbrot] er Kúaból. Framhald af þeim eru Bekkir, grashlíð, sem nær upp að svonefndri Mágavörðu ..."
Ö-Sjöundá, 7.
**Ba-123:029** *Saltvík* örnefni
Ö-Sjöundá,
**Ba-123:030** *Bæjarvík* heimild lending
1959: "Við sjóinn heitir Bæjarvík, þar er lendingin."
ÁFÍ 1959, 112
**Ba-123:031** tóft fjárhús
1959: "Á sjávarbakkanum eru tóftir af fjárhúsum yfir 100 fjár, sem Sjöundárbóndi gætti fyrir Bæjarbónda. Var þar ónotaleg viðbót í hagana og hefur átt drjúgan þátt í því, að jörðin fór í eyði."ÁFÍ 1959, 112.

## Ba-124 Melanes

20 hdr. 1703. Bændaeign. Bænhús um skeið á 16. öld. Á land að Suðurá og Stóravatni.

1446 er M. 20 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 691. 15.4.1480 fær Einar Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. M. - DI VI, 255-56. 22.8.1536 fær Sigríður Andrésdóttir, erfingi Ara bróður síns, Ögmundi biskupi alla peninga og fasteign bróður síns, þ.m.t. M. - DI X, 84-85. 6.7.1537 selur Ögmundur biskup Sigurði Ormssyni og Guðrúnu Eyjólfsdóttur konu hans, Saurbæ með Mábergi, Klúku og Gröf en hefur haldið M. eftir - DI X, 108. 27.6.1554 selur Jón Erlingsson Eggerti Hannessyni Saurbæ allan og hálfa jörðina M. fyrir 10 hdr - DI XII, 741-43. 4.12.1576 selur Guðmundur Jónsson Eggerti Hannessyni M. 20 hdr að dýrleika með öllum gögnum, rekum og renningum, vötnum og veiðistöðum og öllu því, sem þeirri jörðu fylgir og fylgt hefur að fornu og nýju. - Jarðabréf, 105.

1920: 4 ha. garðar 700 m2, 1/5 sléttað. 1840: "[góð grasjörð og allgóð útigangsjörð með heygjöf - hefur] stórum tapað sér af skriðuföllum og [er undirorpin] mestu háskasemdum." SSV, 212. 1942: "Tún er allstórt og sæmilega grasgefið, en grýtt og vont að slá það. Útengjar eru litlar og reytingslegar, á brokmýrum. Beitiland er ágætt yrir sauðfé, sumar og vetur, og tekur sjaldan fyrir jörð, kvistbeit og skógarkjarr. Fjörubeit nokkur. Kópalagnir að austanverðu í Bæjarósi fylgja jörðinni. Mótak er ágætt." Bstbók, 89. 1942: "Vorkópaveiði er nokkur í Bæjarvaðli, en var yrrum miklu meiri, stundum á annað hundrað kópa ... Þrír bæir eiga selalagnir í Bæjarvaðli: Saurbær, Kirkjuhvammur og Melanes. Frá tveim hinum fyrrnefndur bæjum voru félagslagnir, var þar aðal-veiðin og átti Kirkjuhvammur sjötta hluta veiðar." Bstbók, 88.

**Ba-124:001** *Melanes* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-124:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-124:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-124:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-124:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-124:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-124:007** heimild bænhús

"Sagt verið hafi bænhús, en aflagt aldeilis með reformatione." "Bænhús var leyft þar 1514 ..." Í athugasemdum við örnefnaskrá er sagt að bænhúsið hafi verið á Fitinni, fyrir neðan gamla túnið, þar sem rannsakaðar hafa verið fornar girðingar [008] en ekki er ljóst hvort þetta er aðeins tilgáta eða hvort gömul hefð liggur að baki þessu.

JÁM VI, 294; Ö-Melanes, 1

**Ba-124:008** *akurgerði* gerði

"Fyrir neðan túnið er nefnt Fit. ... Ytri hluti Fitarinnar er nefndur Melaskörð. Það er gróið land, sem er að blása upp. Þar sem það blæs niður í sand, koma upp grjótgarðar, er liggja þar í krókum. "Í athugasemdum við örnefnaskrána segir að þarna hafi bænhúsið staðið.

KE og GG komu til Melaness 5.-7. september 1959 til að kanna garðan og mæla þá upp. "Á Melanesi er gamla túnið bratt og grýtt, en neðan við það er allmikið flatlendi, sem nefnist Fitin í daglegu tali. Framan við hana eru leirur, og gengur sjór yfir þær og upp að Fitinni. Á Fitinni er jarðvegi þannig háttað, að þar eru þykk lög af ljósrauðleitum skeljasandi, sem er mjög óstöðugur og vill blása upp, en gróa svo á milli ... eru þar enn háir ... rofabakkar og melaskörð, sem úr rífur ... Á Fitinni er nú aðaltúnið, þarátt fyrir melaskörðin og sandfokið, og er þarna mikið til sjálfsléttað, en þarf mikinn áburð. Áður var þar snöggt, svo að ekki fengust nema í mesta lagi 22 hestar af allri Fitinni.

Í melaskörðunum á Fitinni hefur lengi sézt á eikennilega grjótveggi eða garða, sem koma fram, þegar sandinn blæs. [Garðar sjást á 4 stöðum og er vísað til þeirra sem A, B, C og D] A. Í stærsta melaskarðinu, sem liggur frá leirunum suður eftir Fitinni, a.m.k. 150 m langt og 20 m breitt, sér á mannaverk allmikil í eystri bakka. Er það grjótgarður, sem kemur út undan bakkanum, liggur í sveig fram skarðið og hverfur síðan inn undir bakkann aftur. Grjótgarður þessi er hlaðinn úr lábörðu hnullungagrjóti, um 70 sm á hæð og 100 sm á breidd. Þetta er vafalaust vesturendi á afmarkaðri girðingu, enda auðvelt að fylgja henni eftir á gróinni sléttunni austan við melaskarðið. Þar sér ekki á grjótið, en það mótar skýrt fyrir görðunum sem áölum hryggjum, og er ekki um það að villast. Í austurenda girðingarinnar hefur hún verið með nokkurnveginn réttum hornum. Stærðin er 35x50 m. - Grafið var niður með veggjum þeim, sem út undan stóðu, bæði utan við þá og innan við, en ekki sást neitt annað en sandur og aftur sandur.

B. Norðan við girðingu A og upp með henni hefur legið önnur, [91] sem virðist hafa verið ferköntuð og rétthyrnd, 35x35 m. Norðvesturhorn hennar var glöggt í melaskarðinu, sömuleiðis dálítill bútur af austurvegg syðst, en ekki mótaði fyrir norðausturhluta girðingarinnar, enda það svæði mjög sorfið af uppblæstri, þótt gróið sé nú. Það virðist þó varla geta verið efamál, að þarna hafi verið girðing af þeirri stærð og með þeirri lögun, sem hér er lýst.

Svo virtist sem í vesturbakka melaskarðsins sæi á leifar af girðingarstúf andspænis girðingu B, en þess ber skýrt að geta, að hér kynni að vera um missýningu að ræða, ekki víst að á séu mannaverk. ...

C. Norðan og vestan við stóra melaskarðið er gróin spilda, en þá kemur annað melaskarð, og stendur þar undan bakkanum girðing-[92]in C. Veggir hennar eru gerðir á sama hátt og í girðingu A, en þynnri og hærri; þeir eru 60 sm breiðir, 90 sm háir. Girðingin er 12.5 m breið og a.m.k. 20 m löng, en reyndar er ekki hægt að gera sér grein fyrir, hve langt hún kann að ná inn undir rofbakkann. Á norðurvegg og austurvegg eru hlið, svo sem sjá má uppdrættinum, og eru þau um 1 m á breidd. Fljótt á litið mætti virðast sem einhver bygging hefði verið innan í girðingu þessari, en svo mun þó ekki vera, heldur er þar aðeins um laust grjót að ræða. Grafið var niður á nokkrum stöðum inni í girðingunni, en ekkert sást nema sandur og steinar í.

D. Á leirum þeim, sem yfir flæðir norðan við Fitina, sést undirstaða grjótgarðs, sem í annan endann hverfur á leirunum, en í hinn gengur inn undir Fitina. Stefnir hann þaðan nokkorn veginn í austur eftir leirunum, en sveigir til suðurs nokkru áður en hann hverfur. Alls eru það 30 metrar, sem nú sjást af garði þessum.

Vestan við eða framan við Fitina er gamall og gróinn sjávar-[93]kambur, sem Ingibjörg húsfreyja segir að á hafi verið steinaröð af manna völdum, en ekki er nú með vissu hægt að segja, hvort þetta er rétt ...

Naumast verður með visu sagt, hversu gamlar þessar girðingar eru, né heldur til hvers þær hafa verið. Af almennum líkum verður þó ráðið, að þær hljóti að standa í sambandi við einhverja ræktun, og virðist raunar ekkert vera því til fyrirstöðu, að hér sé um að ræða fornar akurgirðingar.

Ö-Melanes, 2; KE í Árb. 1964, 88-93.

**Ba-124:009** garðlag

"Nú skulum við bregða okkur heim í tún. Túnið er í brekku upp frá Fitinni. Efst í Fitinni neðan hallans heita Deildir. Þar

eru garðar sýnilegir, og stóðu þar oft tjarnir."
Ö-Melanes, 2.
**Ba-124:010** *Presthús* heimild fjárhús
"Langhólar eru sléttir hólar innan við lækinn og þar á móts við utan lækinn er Ingimundarbali. Upp af Ingimundarbala heitir hallinn Brekka, er nær inn undir fjárhúsin. Tunga er þar milli lækjanna, og milli þeirra ofar er brekka lág og grýtt, sem heitir Prestsbrekka. Þar voru fjárhús, sem hétu Presthús. Þau eru nú horfin. Þau voru notuð, þegar Sauðlauksdalsprestur átti hálfa jörðina og hafði hér beitarhús."
Ö-Melanes, 2.
**Ba-124:011** brunnur vatnsból
"Þá er úti í túninu brunnhola, sem heitir Pyttla. Brunn þennan hlóð Níels Björnsson."
Ö-Melanes, 3.
**Ba-124:012** *Naust* örnefni naust
"Túnið endar svo í hæð nyrzt í því eða norðan þess, sem heitir Leiti. Fyrir neðan Leitið niður á sjávarbökkunum heitir Naust ..."
Ö-Melanes, 3.
**Ba-124:013** *Ból* örnefni kvíar
"Upp af Leitinu [012] fyrrnefnda við norðanvert túnið utan þess og ofan er Ból."
Ö-Melanes, 3.
**Ba-124:014** *Stekkur* örnefni stekkur
"Út af Leitinu [012] heitir Stekkur."
Ö-Melanes, 3.
**Ba-124:015** *Miðstekkur* álagablettur stekkur
"Upp af Holtasundum og út af Stekk [014] er Stórimór, og þar inn og upp af er Miðstekkur, álagablettir, sem ekki má slá." "Miðstekkur er greinilega gömul rúst. Ekki eru taldir fleiri álagablettir og ekki eru sagnir um óhöpp tengd þessum bletti."
Ö-Melanes, 3. Ö-Melanes viðb.
**Ba-124:016** *Stórimór* heimild mógrafir
"Upp af Holtasundum og út af Stekk [014] er Stórimór, og þar inn og upp af er Miðstekkur, álagablettir, sem ekki má slá."
Ö-Melanes, 3.
**Ba-124:017** *Hvíldarsteinn* örnefni
"Upp af Holtasundum og út af Stekk [014] er Stórimór, og þar inn og upp af er Miðstekkur, álagablettir, sem ekki má slá. Á Holtasundum er steinn, sem heitir Hvíldarsteinn. Þar hvíldu menn sig, þegar þeir voru að bera móinn heim."
Ö-Melanes, 3.
**Ba-124:018** *Troðningsholt* heimild
"Túnið endar svo í hæð nyrzt í því eða norðan þess, sem heitir Leiti. Fyrir neðan Leitið niður á sjávarbökkunum heitir Naust, og neðan Leitisins er mýri, sem heitir Kollumýri og er nú í ræktun. ... Út af Kollumýri er allstórt holt, sem heitir Troðningsholt." "Troðningur lá þar um eftir þá sem áttu leið í mógrafirnar og einnig þá sem fóru um Torfavogsbrekkur."
Ö-Melanes, 3; Ö-Melanes viðb.
**Ba-124:019** *Torfavogur* örnefni rista
"Vogurinn norður frá bæ heitir Torfavogur. ... Upp af botni hans er Torfavogsbrekka."
Ö-Melanes, 3.
**Ba-124:020** *Hallbjarnarstekkur* heimild stekkur
"Nú skulum við dvelja um stund við Torfavog. ... Utan við Breiðanes frá norðri og suður í Torfavog gengur nes, sem heitir Miðnes. Upp frá því alla leið upp í Stökkur gengur holt, sem heitir Langholt. Á því er Hallbjarnarstekkur; það er gamall stekkur." "Rósinkrans Ívarsson nefni stekkinn einni Stefánsstekk. Hallbjörg og Stefán voru hjón sem bjuggu á Melanesi á fyrri hluta 19. aldar.
Ö-Melanes, 4; Ö-Melanes viðb.
**Ba-124:021** heimild stekkur
"Nú skulum við dvelja um stund við Torfvog. ... Utan við Breiðanes frá norðri og suður í Torfavog gengur nes, sem heitir Miðnes. Upp frá því alla leið upp í Stökkur gengur holt, sem heitir Langholt. Á því er Hallbjarnarstekkur; það er gamall stekkur. Annar stekkur er niður við Seil, en hinn er upp á holtinu."
Ö-Melanes. 4.
**Ba-124:022** *Brot* heimild vað

"Út af Hafnarvogi ... er nokkuð stórt holt, sem nær að Mjósundum og heitir Mjósundsholt. Upp af því út við ána er langt holt, Merardýsholt ... Ofan við Merardý er vað á ánni, sem nefnt er Brot."
Ö-Melanes, 5.

**Ba-124:023** heimild vað
"Áin, sem hér hefur verið nefnd ... heitir Suðurfossá. ... lækur kemur einnig upp í Sökkum; það er Sökkulækur. Hann rennur svo í Suðurfossá austan til við Langholtshaus. Vað er á ánni rétt ofan við ós Sökkulækjar ..."
Ö-Melanes, 5.

**Ba-124:024** heimild mógrafir
"Upp af Seil eru Mógrafir, en það er einn hluti af Sökkum."
Ö-Melanes, 5.

**Ba-124:025** *Fornistekkur* heimild stekkur
"Upp af Mógröfum heiman við Stóruskriðu ... er Fornistekkur."
Ö-Melanes, 5.

**Ba-124:026** tóft sel
"Utan við Fornastekk er lægð, sem heitir Fagralaut. Milli hennar og Sakkanna er gamalt Sel, og þar við er Selholt ..." "Seltóftir sjást vel. Þar var haft í seli frá Saurbæ. Einnig mun það hafa verið notað sem beitarhús og sauðamaður þá dvalið þar á vetrum. Var það gert af tvennum ástæðum. Vetrarbeit var þar með ágætum og einnig var stundum heyjað frá Saurbæ við Stóravatn upp undir Skörðum og var þá æði mikið styttra að reiða heyið aðeins í Selið en fara með það alla leið heim. Tóft af tvístæðu fjárhúsi er þar greinileg. Um 1890 og aðeins fyrr var jörðin Skógur sem var í eign Saurbæjarmanna lögð í eyði á tímabilinu til sömu nota og ég hef líst með vetrarnot af Selinu. Má ég vel um það vita því móðurafi minn Júlíus Halldórsson var sauðamaður í Saurbæ, og dvaldist einn á Skógi vetur eftir vetur yfir fénu."
Ö-Melanes, 5. Ö-Melanes viðb.

**Ba-124:027** *Kolahjalli* örnefni kolagröf
"Upp með fossunum í ánni beggja megin eru brekkur, sem heita fossbrekkur. Neðsti hjallinn í hlíðinni er heim af þeim og heitir Kolahjalli. Sami hjallinn heldur áfram inn í Skógadal."
Ö-Melanes, 6.

**Ba-124:028** *Sigvaldagangur* örnefni leið
"Upp með Melanesá er lægð eða hvilft í fjallið, sem heitir Melanesdalur og er þar fram á klettabrúnina. Úr dalnum út í klettana liggur Sigvaldagangur." "Sigvaldagangur liggur af Melanesdal og inn klettana í átt að Sjöundá, en ekki út. Var hann oft farin af Dalnum og niður í hlíðina innan Melanesár."
Ö-Melanes, 6; Ö-Melanes viðb.

**Ba-124:029** varða eyktamark
"Yzst þar sem beygir út í Skörðinn, er löng brekka, sem heitir Langabrekka. Þar á er Hádegishæð. Hún er með vörðu á. Það er eyktamark frá Mábergi."
Ö-Melanes, 7.

**Ba-124:030** *Skógur* heimild mógrafir
"Skógur hét svæðið, þar sem mórinn var tekinn. Þar var kjarr." "Svæðið Skógur takmarkast af Stóruskriðu til Mógrafa og þaðan til Árinnar og með henni upp til Fossa. Þetta svæði hafði þó ekki nákvæm mörk en var í stórum dráttum þar sem skógarkjars gætti til muna. Mógrafirnar eru innan þessa svæðis, ofan Seilarinnar. Móholt liggur að þessu svæði annars vegar og var þar þurrkaður mór þegar unnið var í innri hluta grafanna, enda Móhús þeim megin. Í mínu minni var unnið við mótekt í ytri hlutanum og mórinn því þurkaður á holti þeim megin. Mógrafirnar þarna eru þær víðáttumestu sem ég þekki og skiftir mörg hundruðum fermetra, kennski þúsundum. Kemur það til að því að Saurbær sótti þangað alla sína mótekju um tugi ára enda eigandi að hálfu Melanesi á þeim tíma. Fleiri bændur fengu einnig stundum að taka þar upp mó, til dæmis frá Lambavatni. Mótekjan þótti góð en ókostur var vatnsæginn frá Sökkum enda er þetta svæði í jaðri þeirra. Svörðurinn ofan á mónum var um eina og hálfa rekstrarstungu að þykkt en mólagið gat farið í 9u stungur, en algengast svona sex til sjö stungur."
Ö-Melanes viðb.

**Ba-124:031** heimild naust
"Litlanes er fram í Vaðalinn. Innan þess og neðan Kollumýrar er túnsins heita Bakkar og á þeim eru tvö naust með nokkru millibili."
Ö-Melanes viðb.

**Ba-124:032** heimild naust

"Litlanes er fram í Vaðalinn. Innan þess og neðan Kollumýrar er túnsins heita Bakkar og á þeim eru tvö naust með nokkru millibili."

Ö-Melanes viðb.

**Ba-124:033** heimild leið

"Aftur lá önnur leið [en Sigvaldagangur] út á við af Dalnum og niður klettana um Hesthillu ... Sagt var að Hesthilla dragi nafn sitt af því að um hana hafi verið farið með hesta með heybandi en slegið var stundum á Eyrum á Melanesdal. Ef það er rétt mun vandfundin annar eins heybandsvegur."

Ö-Melanes viðb.

**Ba-124:034** heimild leið

"Tvær leiðir aðrar voru færar gangandi og kunnugum manni á Dalinn um klettana ofan Melanes. Önnur hét að fara uppundir Vörðuna sem er eiktarmark frá Melanesi ..."

Ö-Melanes viðb.

**Ba-124:035** heimild leið

"Tvær leiðir aðrar voru færar gangandi og kunnugum manni á Dalinn um klettana ofan Melanes. Önnur hét að fara uppundir Vörðuna sem er eiktarmark frá Melanesi, en hin að fara upp með Fossinum."

Ö-Melanes viðb.

**Ba-124:036** varða eyktamark

"Tvær leiðir aðrar voru færar gangandi og kunnugum manni á Dalinn um klettana ofan Melanes. Önnur hét að fara uppundir Vörðuna sem er eiktarmark frá Melanesi, en hin að fara upp með Fossinum."

Ö-Melanes viðb.

**Ba-124:037** *Móhús* heimild

"Svæðið Skógur takmarkast af Stóruskriðu til Mógrafa og þaðan til Árinnar og með henni upp til Fossa. Þetta svæði hafði þó ekki nákvæm mörk en var í stórum dráttum þar sem skógarkjars gætti til muna. Mógrafirnar eru innan þessa svæðis, ofan Seilarinnar. Móholt liggur að þessu svæði annars vegar og var þar þurrkaður mór þegar unnið var í innri hluta grafanna, enda Móhús þeim megin. Í mínu minni var unnið við mótekt í ytri hlutanum og mórinn því þurkaður á holti þeim megin.

Ö-Melanes viðb.

## Ba-125 Máberg

20 hdr. 1446; 6 hdr 1847. Konungseign frá 1541. "Milli Skóga og Bjarnargötudals (sem eru tvær hjáleigur í Saurbæjarlandi á Rauðasandi), liggur eitt eyðipláts, hvar í sjer fyrir túnstæði og bæjartóftum. Heitir Máberg (aðrir kalla það Móberg). Er konungseign, og fylgir Barðastrandarsýslu, hefur lángvarandi í eyði verið, so enginn nú lifandi veit neitt til nær það muni í eyði lagst hafa. Er lítilfjörlegt land, og kann ei að byggjast, sökum landþrengsla, liggur undir skriðu úr einu stóru gili á aðra síðuna. ... Landamerki Mábergs segja menn verið hafa Geitá fyrir innan, en Silúngalæk fyrir utan. Dýrleika þess pláts veit enginn. Virðist sumum muni vi [hdr] verið hafa áður en af skriðunni fordjarfaðist, hvað eyðileggingunni meinast ollið hafa." JÁM VI, 296-297. Í byggð 1847, þá 6 hdr. Jörðin ýmist kölluð Móberg eða Máberg, einnig Máfaberg.

1446 er M. 20 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 691. 15.4.1480 fær Einar Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. M. - DI VI, 255-56. 22.8.1536 fær Sigríður Andrésdóttir, erfingi Ara bróður síns, Ögmundi biskupi alla peninga og fasteign bróður síns, þ.m.t. M. - DI X, 84-85. 6.7.1537 selur Ögmundur biskup Sigurði Ormssyni og Guðrúnu Eyjólfsdóttur konu hans, Saurbæ með Mábergi, Klúku og Gröf - DI X, 108. 1541 var M. í eyði og meðal jarða Ögmundar biskups sem teknar voru undir konungsvaldið - DI X, 679, 681.

1920: 3,2 ha. garðar 820 m2, 1/3 sléttað. 1840: "[góð grasjörð og allgóð útigangsjörð með heygjöf - hefur] stórum tapað sér af skriðuföllum og [er undirorpin] mestu háskasemdum." SSV, 212. 1942: "... lítil jörð ...Tún er fremur lítið, og allmikið af því þýft. Engjaslægjur litlar og ekki grasgóðar. Landkreppa er mikil." Bstbók, 89.

**Ba-125:001** *Máberg* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-125:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-125:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-125:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-125:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-125:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-125:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-125:008** *Ból* örnefni kvíar

"Upp í túninu ofarlega heitir Ból ..."

Ö-Máberg, 1.

**Ba-125:009** garðlag kálgarður

"Upp í túninu ofarlega heitir Ból, en Balar er efra túnið og hólinn, sem efst er í túni og nú er kálgarður."

Ö-Máberg, 1

**Ba-125:010** *Hesthústún* örnefni hesthús

"Utan við Bæjarlækinn niður af Bólum heitir Hesthústún."

Ö-Máberg, 1

**Ba-125:011** *Áll* renna áveita

"Áll er áveitustykki, fyrir neðan túnið."

Ö-Máberg, 2.

**Ba-125:012** *Mábergsstekkur* heimild stekkur

"Niður undan Fossinum er skriða, sem heitir Mábergsskriða og nær heim að túni og út að Silungalæk ... Á skriðunni er stekkur nefndur Móbergsstekkur." "Mábergsstekkur er á landamerkjunum utanhallt upp undir hlíð."

Ö-Máberg, 2. Ö-Máberg, viðb.

**Ba-125:013** *Ból* heimild kvíar

"Fyrir ofan túnið var Ból. Þar var kví."

Ö-Máberg, viðb.

**Ba-125:014** heimild fjárhús

"Balar eru jaðarinn á Mábergsskriðu. Inn af þeim er lítill hóll, nafnlaus, þar sem hafði verið gamalt sauðahús, en síðar búinn til kálgarður þar. Balarnir eru það sem enn sést af gamla túninu, en hitt er komið í skriðu."

Ö-Máberg, viðb.

**Ba-125:015** *Tortótt* örnefni

"Máberg. Tortótt ..."

Ö-Máberg.

**Ba-125:016** álagablettur

"Álagablettur er þar í landinu, grösugur mjög, sem ekki má slá, eftir gamalli trú, og þykir ekki góðri lukku stýra, ef út af er brugðið."

Bstbók, 89.

## Ba-126 Kirkjuhvammur

20 hdr. 1703, Saurbæjarkirkjueign. Fyrst getið 1363, þá Hvammur, kirkjueign. "Land jarðarinnar er hálfur Bjarnargötudalur og hlíðin vestan hans. Var frekar lítið undirlendi niður að Bæjarós. Bærinn sjálfur stendur vestast í landareigninni."

1446 er K. 20 hdr. kirkjujörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 691.

1920: 2,4 ha. garðar 480 m2, 1/3 sléttað. 1840: "[góð grasjörð og allgóð útigangsjörð með heygjöf - hefur] stórum tapað sér af skriðuföllum og [er undirorpin] mestu háskasemdum." SSV, 212. 1942: "Kirkjuhvammur er smájörð og stendur bærinn á dálitlum bakka fast við Vaðalinn. Tún er lítið og votlent, og landrými lítið, eins og á flestum bæjum á Sandinum ..." Bstbók, 90. 1942: "Vorkópaveiði er nokkur í Bæjarvaðli, en var yrrum miklu meiri, stundum á annað hundrað kópa ... Þrír bæir eiga selalagnir í Bæjarvaðli: Saurbær, Kirkjuhvammur og Melanes. Frá tveim hinum fyrrnefndur bæjum voru félagslagnir, var þar aðal-veiðin og átti Kirkjuhvammur sjötta hluta veiðar." Bstbók, 88

**Ba-126:001** *Kirkjuhvammur* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-126:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-126:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-126:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-126:005** *Digratobba* varða
"Bjarnargötudalurinn liggur til norðurs milli Hraunshnjúks að vestan og Móbergsfjalla að austan. ... Á háfjalli, þar sem vötnum hallar norður af, er djúp laut, sem heitir Borgulág, og rétt norðar í hallaanum er stór varða, sem heitir Digratobba."
Ö-Kirkjuhvammur, 1-2.
**Ba-126:006** *Gálgasteinn* þjóðsaga aftökustaður
"Nú höldum við niður á láglendið aftur, og þegar komið er út fyrir Bjarngötudalsá, tekur við urðarhryggur, sem liggur samfelldur alla leið heim. Heitir hann Hraun. En við enda hans tekur við Hvammur. Utanhallt á miðju hrauni er Fremriblettir. Þeir eru upp af Gálgasteini, sem er stór steinn á hraunbrúninni. Þar segja munnmælin, að hengdir hafi verið útilegumenn."
Ö-Kirkjuhvammur, 2.
**Ba-126:007** *Torftóftir* heimild
"Frá þessum tóftum [Bjarnargötudalstóftum] niður að Vaðli liggur mýri, sem heitir Bjarnanesmýri. ... Þessi mýri nær að Torftóftum, sem reyndar eru ekki lengur sýnilegar. Þær eru horfnar undir veginn." - "Veiðistöð var við Tortóttir eins og básar grafnir við bakkana og tóttahróf þar við. Vermenn þar áttu að hafa sér til útilegumanna."
Ö-Kirkjuhvammur, 2; Ö-Kirkjuhvammur, viðb.
**Ba-126:008** Sjömannabani örnefni
"Steinn er fyrir framan Bjarnanestá og er nefndur Sjömannabani. Sagt er, að veiðistöð hafi verið við Bjarnarnes, og mikið af báthrófum utan við nesið."
Ö-Kirkjuhvammur, 2.
**Ba-126:009** *Nýjagata* gata leið
"Eftir Bjarnanesmýrinni liggur nú vegurinn, og gamla gatan hjá Bjarnanesi hét alltaf Nýjagata."
Ö-Kirkjuhvammur, 2.
**Ba-126:010** *Bjarnarnes* heimild naust
"Steinn er fyrir framan Bjarnanestá og er nefndur Sjömannabani. Sagt er, að veiðistöð hafi verið við Bjarnarnes, og mikið af báthrófum utan við nesið."
Ö-Kirkjuhvammur, 2.
**Ba-126:011** Draugasteinar örnefni draugur
"Í Bjarnarnesmýrinni eru tveir stórir steinar, nefndir Draugasteinar. Þeir eru yzt í mýrinni. Þarna bjuggu til forna landdraugur og sjódraugur. Nú er gata á milli þeirra." "Gamall maður sagði föður B.Í., að ekki mætti fara milli þeirra, því að sjódraugurinn og landdraugurinn ættust þar illt við."
Ö-Kirkjuhvammur, 2. Ö-Kirkjuhvammur, viðb.
**Ba-126:012** gata leið
"Í Bjarnarnesmýrinni eru tveir stórir steinar, nefndir Draugasteinar. Þeir eru yzt í mýrinni. Þarna bjuggu til forna landdraugur og sjódraugur. Nú er gata á milli þeirra."
Ö-Kirkjuhvammur, 2.
**Ba-126:013** *Hvanngarðar* garðlag kálgarður
"Utar en [012] eru grasbakkar nefndir Hvanngarðar. Líklega hefur verið þarna baunarækt." "Í Hvannagörðum hefu rverið hvannarækt (ekki baunarækt), og sjást garðar þar enn. Fremst í Hvanngörðum var á bletti hvít mold, sem kölluð var "pétursmold, kísilblandin." Einnig nefndir Fanngarðar.
Ö-Kirkjuhvammur, 3; Ö-Kirkjuhvammur, viðb.
**Ba-126:014** *Þórðarstekkur* tóft stekkur
"Utar [en 3 steinar í fjörumáli, Prófastar] er svo Stakkaleiti; þar sést fyrst út á Rauðasand. Fyrir ofan Stakkaleiti er gömul tóft, sem heitir Þórðarstekkur. Sennilega er hann kenndur við Þórð Jónsson, er bjó víða á Rauðasandi á fyrri hluta síðustu aldar."
Ö-Kirkjuhvammur, 3.
**Ba-126:015** *Stekkjarhóll* heimild stekkur

"Teigur er þar framar [en 014] í hrauninu, er heitir Langató, og undir henni er Stekkur og Stekkjarhóll."
Ö-Kirkjuhvammur, 3.

**Ba-126:016** *Helguhólar* heimild huldufólksbústaður
"Utan til upp af Stakkaleiti eru frálausar hólstrýtur, sem heita Helguhólar. Þarna er álfabústaður, eða var, og ekki hafa þeir tilkynnt flutninginn ennþá."
Ö-Kirkjuhvammur, 3.

**Ba-126:017** *Draugasteinn* örnefni draugur
"Stór steinn er undir Bökkunum neðan undir túninu, er heitir Draugasteinn og dregur nafn sitt af, hve stór hann er."
Ö-Kirkjuhvammur, 3.

**Ba-126:018** *Ból* örnefni kvíar
"Upp af túni fyrir neðan skriður, er hóll, sem heitir Kirkjuhvammshóll. Framan í hólnum við túnið er Ból, og brekkan þar niður af heitir Bólbrekka."
Ö-Kirkjuhvammur, 4.

**Ba-126:019** *Mjóna* heimild kvíar
"Framarlega á Hólnum er Mjónuteigur, grasteigur, sem liggur um hann. Gömul kví var fyrir framan Mjónuhvolf, sem hét Mjóna, en þau nöfn eru líklega ekki mjög gömul."
Ö-Kirkjuhvammur, viðb.

**Ba-126:020** *Ærskúti* örnefni fjárhús
"Ærskúti er í Miðteigsklettur, um 15 álna langur, og snýr opið í suðvestur. Hann er neðst í klettunum, þar sem þeir mæta hlíðinni."
Ö-Kirkjuhvammur, viðb.

**Ba-126:021** *Fitjargarður* garðlag
"Með sjó, milli Kirkjulækjar [í Saurbæjarlandi] og Krikjuhvammslækjar, er graslendi, nefnt Fit, oft kölluð Kirkjuhvammsfit, einkum, er nær dregur Kirkjuhvammi. Í Fitinni er Fitjargarður, en hann er Kirkjuhvammsmegin við merkin."
Ö-Saurbær, 6.

## Ba-127 Saurbær á Rauðasandi

60 hdr 1703 með hjáleigum, kirkjustaður. Hjáleigur: Traðir, Tóftavöllur, Stekkjardalur, Hlíðarhvammur (í eyði), Hlíðarhvammshólar og Skógur. Á auka blaði sem fylgdi handriti jarðarbókarinnar er getið nafnanna Bröttuhlíðar og Hurðabaks en 'eyði' skrifað fyrir aftan. "Auk heimalands á Saurbær land á fjórum stöðum: Bæjarpartur milli Mábergs og Kirkjuhvamms, svæði nefnt Skörð, norðaustur af Melaneslandi, á Skorarhlíðum og í Látrabjargi." Ö-Saurbær, 2. Þá voru Kirkjuhvammur, Sjöundá og Skor eignir Saurbæjarkirkju og hefur Saurbæjarland upphaflega náð frá Sigluneshlíðum og að merkjum við Stakka. Bæjarbjarg var eign kirkjunnar í Saurbæ og nær frá Saxagjá að Melalykkju.

Englendingar rændu í Saurbæ 1579. 11.7.1418 selja Þorsteinn Sigurðarson og Helga Þórðardóttir Þorleifi Árnasyni S. fyrir 120 hdr. - DI IV, 262 sbr. 335-36. 1446 er S. fimmta höfuðból Guðmundar Arasonar og var metið 60 hdr til tíundar en 100 hdr. til giptumála. - DI IV, 691. 23.10.1467 fær Ólöf Loptsdóttir í helmingaskipti eftir Björn Þorleifsson ríka, mann sinn, m.a. S. og þær jarðir er þar liggja innan þinga. - DI V, 499-503. 15.4.1480 fær Einar Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. S. og allar aðrar byggðar jarðir á Rauðasandi - DI VI, 255-56. 18.11.1483 vitnisburður um að Solveig Guðmundsdóttir hafi gefið Andrési bróður sínum S. og þar með allar þær jarðir er þar lægi undir og hún hafði erft eftir Guðmund Arason og Helgu Þorleifsdóttur foreldra sína - DI VI, 505 sbr. vitnisburð hennar sjálfrar frá 23.9.1469, I V, 552 sbr. 581. 27.1.1493 gefur Andrés Guðmundsson Guðmundi syni sínum S. eftir sinn dag - DI VII, 159-60. 16.9.1498 afhendir Björn Þorleifsson Andrési Guðmundssyni og sonum hans, Guðmundi, Ara og Bjarna m.a. S. og allar þær jarðir er þr til heyra er Guðmundur Arason og hans kona Helga Þorleifsdóttir áttu - DI VIII, 401-403. 4.11.1500 lofar Björn Guðnason Þorbjörgu Ólafsdóttur að búa í Saurbæ fram að næstu fardögum en hún lofar, fyrir hönd manns síns Andrésar Guðmundssonar, að verða þá á braut nema um annað semdist - DI VII, 526-27. 30.6.1501 er felldur dómur þar sem Andrési Guðmundssyni og sonum hans er dæmdur S. með þeim jörðum er þar fylgja, en Solveig systir Andrésar hafði erft S. eftir móður sína Helgu Þorleifsdóttur, dóttur Kristínar Björnsdóttur - DI VII, 570. 3.8.1536 fellur dómur þar sem fram kemur að Ari Andrésson hafði gefið Ögmundi biskupi S. fyrir sín brot og sakferli og þar sem engin löglegur erfingi hefði komið til þá hefði biskup mátt skikka og burt skipa svo mikla dauða peninga sem hans skuld var til, en það voru leigur og landskuldir sem námu 130 hdr. - DI X, 77-78. 22.8.1536 fær Sigríður Andrésdóttir, erfingi Ara bróður síns, Ögmundi biskupi alla peninga og fasteign bróður síns, þ.m.t. S. - DI X, 84-85. 6.7.1537 selur Ögmundur biskup Sigurði Ormssyni og Guðrúnu Eyjólfsdóttur konu hans, Saurbæ með Mábergi, Klúku og Gröf - DI X, 108.

15.5.1541 selur Sigurður Ormsson Erlingi Gíslasyni S. fyrir Bíldudal og Eyri og 14 kúgildi - DI X, 616-17. 1.7.1542 gefur Gissur biskup Erlingi Gíslasyni upp tilkall Skálholtskirkju til S. - DI XI, 145. 28.6.1544 selur Sigríður Andrésdóttir Erlingi Gíslasyni hálfan S. fyrir Hreggstaði - DI XI, 317. 27.6.1554 selur Jón Erlingsson Eggerti Hannessyni S. 60 hdr. að dýrleika ásamt hálfu Melanesi. - DI XII, 741-43. 1576 er Saurbær 60 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. Eggert gaf jörðina Birni Magnússyni sýslumanni, dóttursyni sínum. Eftir Björn bjó þar Eggert sonur hans og 1703 bjó í S. Guðrún Eggertsdóttir.

1920: 7,5 ha. garðar 2789 m2 og 200 m2 utan túns, hús 1938 m2, 1/2 sléttað. 1840: "[góð grasjörð og allgóð útigangsjörð með heygjöf - hefur] stórum tapað sér af skriðuföllum og [er undirorpin] mestu háskaskemmdum. ... Selveiði er í Saurbæ á vorin." SSV, 212. 1942: "Tún er allstórt í Bæ og grasgefið, en út frá túni eru áveitur og flæðiengjar miklar og véltækar og hey nautgæft af þeim. Má heyja 1200-1300 hesta í Bæ. Garðrækt er þar mikil, eins og víðast á Rauðasandi ... Meðfram hlíðarrótunum, nær því frá Bjarngötudal og út á miðjan Rauðasand, eru hólar, risavaxnir urðahryggir, og auröldur, með grösugum lautum og vosum á milli ... Eru þar góð skjól og víða mikið blómgresi. Í hamrabeltunum uppi yfir Bæ, er allmikill surtarbrandur, en erfitt er að ná honum ... Engjar, tún og vorbeit í landinu er allt afgirt í Bæ." Bstbók, 90. 1942: "Vorkópaveiði er nokkur í Bæjarvaðli, en var fyrrum miklu meiri, stundum á annað hundrað kópa ... Þrír bæir eiga selalagnir í Bæjarvaðli: Saurbær, Kirkjuhvammur og Melanes. Frá tveim hinum fyrrnefndur bæjum voru félagslagnir, var þar aðal-veiðin og átti Kirkjuhvammur sjötta hluta veiðar." Bstbók, 88. 1959: "Heyskapur var mikill á flæðiengi í Fitinni, en tún fremur lítið. Nú hafa engin á Rauðasandi verið þurrkuð til ræktunar. Selveiði var áður í Vaðlinum og heimræði á sumrum um Bæjarós, þegar kjör gerði. Rekasælt er á Rauðasandi." ÁFÍ 1959, 115.

**Ba-127:001** *Saurbær* bæjarhóll bústaður
"Fyrir ofan bæinn er Bæjarflöt. Þar sem íbúðarhúsið (byggt 1907, brann haustið 1984) stóð, var nefndur Stofubali."
Túnakort 1920; Ö-Saurbær, 6.

**Ba-127:002** heimild kirkja
Saurbær á Rauðasandi (VB) -Maríu, Jóni post (Sauðlauksdalsannexía)

c. 1190: Markús Gíslason kom með kirkjuvið frá Noregi, eftir að hafa gengið til Róms og Englands. Lét hann gera kirkju göfugliga á Rauðasandi ok til þeirrar kirkju gaf hann enskar klukkur, ok Ólafsskrín, er hann hafði út haft. Sú kirkja var síðan vígð guði almátkum ok heilagri Maríu drotningu; Rafnssaga, Bsk I, 645
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 13
1217: Eyjólfr Kársson og menn hans koma til tíða frá Stökkum og voru læstir inni í kirkjunni. Eyjólfr komst út um glerglugg austur úr kirkjunni og hljóp heim; Íslendingasaga, Sturl, 250.

1363: Bær a Raudasandi.

Þessi er mäldagi j saurbæ a raudasandi. ad kirkian a land j huammi. halft land a sionda. skor. xiij hundrud frijd. hina tijundu hueria vætt vmm oll þijnngin af hualreka. vætt skreidar af huerium skattmanni jnnann þijnnga. skiædatoll af hueriu bonhusi.

kirkia a þrenn messuklædi. kalek. pellz kanntara kapa. kluckur .v. oc ij biollur. mariuskript. jonz lijkneski postola. jons lijkneski baptiste. krossa iiij. er einn smelltur. skrijn þriu. alltaraklædi eitt med pell oc hlod. glodaker ij. elldbera. vatzketill. sacrarium munnlog, glerglugg. vatzkarll. merki .ij. tiolld vmmhuerfis kirkiu vtar vm dyr. kertastikur ij. messufata kistu. kirkia a Graduale. saequenciubok. lesbok de sanctis. aspiciens bok. hin v. a fornann hatt. þangad liggia tijundir af sex oc tuttugu bæium. gudspiallabækur ij. a veturinn. onnur med song. þar skulu vera prestar ij. reiknadist porcio ecclesie sijdan philipus tok halft setta c vmm iij ar.

Loptur lauk philipo syni sijnum j þetta goss fiogur hundradz kugilldi oc sijdan niju hunndrad j frijdu gossi. gafst hunndradz hestur er loptur a ad suara. vmm v. ar half[t] þrettanda hundrad. reiknnadist þetta þa er herra þorarinn visiteradi primo. anno domini M. ccc. lx. iij. Máld DI III 192-193

[1394]: XV. Mariukirkia og hins h[eilaga] Jons postula I Saurbæ ä Raudasande ä land j Hvamme. Siaunda. alla Skor og xc frijd. iij kyr og eitt hross allt annad ber saman et cetera; Hítardalsbók DI III 775

1397: a lannd i Hvammi hina tiundu hveria vætt af ollumm hualreka innann þijnga. Jatadi Loptur bondi Philippus son þesse jskylld æfinnliga firir sijnar jarder. so oc Magnus broder hanz firir sijnar jarder. Jtem vætt skreidar af hveriumm skattmanni innann þinga. Jtem skædatollur af hveriu Bænhvse. Þangad liggia tiunder af viij oc xx bæiumm Þar skulu vera prestar ij. portio Ecclesiæ vijc. Jtem sijdan herra Oddgeir reid j seinasta sinne hafa giefizt iiij kugilldi oc cccc. Jtem gaf Vilborg Benedikttzdotter iiij kugilldi oc eru ij olukt. [+ornamenti] portio Ecclesiæ lxc oc viij hundrud; Máld DI IV 149-150

26.5.1405: hænnuvik ... ligur j savrbæiar kirkiv soknn; DI III 698

11.7.1418: [Hjónin Þorsteinn Sigurðsson og Helga Þórðardóttir selja Bæ Þorleifi Árnasyni, en áskilja sér að fá að búa á Bæ] wm æitth aar eðr tuo ef þau villði. ok suo at luka jarðagodz þar aa sandinum j kirkiugodzit j bæ ef þeim þætte

ser þat betur henta; DI IV 262

1419: á fimm jarðir + ítök hina tijundu hveriu vætt umm oll Þijngen af hvalreka vætt skreiðar af hverium skattmanne. jnnan Þijnga skiædatollur af hveriu Bænhuse og allar smätijunder; Máld DI V 5

1431: [skipuð hálfkirkja] j breidavijk er liggur j Savrbæar Þijngum skal hvn taka heima manna Tijvnder oc lysitolla alla meire og menne. oc luka presti ij merkur kaups; Vmáld DI IV 469 [Breiðuvíkur]

24.9.1500: Virðing Saurbæjarkirkju er Andrés Guðmundsson hélt: nu saker þes at oss leizt greind kirkia Roten og at nidurfalle komen og faer vider j henne hæfer. eN torf eingen. þa giordum ver fyrr greinda kirkiu fyrer sio hundrud. til kaups med ollum sinum vidum. - DI VII, 518-19. 27.6.1554 selur Jón Erlingsson Eggerti Hannessyni S. 60 hdr. að dýrleika ásamt hálfu Melanesi. Skyldi Eggert gjalda kirkjunni í Saurbæ 20 málnytukúgildi og 3 hesta vegna Jóns og skyldi Eggert borga kirkjunni í Bæ allt slíkt inventarium, sem gamall máldagi vottar, að kirkjan hafi mátt eiga og fargast hefur fyrir Jóni, á meðan hann átti garðinn - DI XII, 741-43.

1575: Máld DI XV 583-584

"Björn Bjarnason til Sauðlauksprestakall 1602 og hélt því til dauðadags 1625. ... Var hann jarðaður að Saurbæ á Rauðasandi, í hempu. 1754 kom prestshempa úr vaðmáli upp úr kirkjugarðinum og var talin hempa séra Björns."

Túnakort 1920; Jón Kr. Ísfeld: "Prestatal í Barðastrandarprófastdæmis" ÁBS 1957-1958, 29.

**Ba-127:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-127:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-127:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-127:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-127:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-127:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-127:009** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-127:010** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-127:011** *Traðir* heimild býli

"Hjáleiga í Bæjar heimalandi. Þetta býli skal vera yfir 60 ára gamalt. Dýrleiki óviss ..." "Landamerki heimalands Saurbæjar eru þannig, samkvæmt landamerkjabók Barðastrandarsýslu: Landamerki heimalands Bæjar Kirkjuhvammsmegin eru í garð þann, sem liggur frá Virkinu upp undir hlíðina fyrir suðaustan eyðihjáleiguna Traðir ..." - "Ofan við innsta hluta Neðra-Virkis er lægð upp, nefnd Traðir. Þar var fjárhús, en líklega hefur verið þar gömul hjáleiga. 1941 féll skriða niður Traðirnar, en fór ekki á húsin. Hún kom niður með Skildi og rann þarna niður og líka á Kirkjuhvammstún."

1942: "Hurðarbak og Traðir eru líka fornar hjáleigur í Túninu." JÁM VI, 299-300; Ö-Saurbær, 1, 7; Bstbók, 90.

**Ba-127:012** *Tóftavöllur* tóft býli

1710: "Toptavöllur. Hjáleiga (nærri túninu í Bæ á Rauðasandi) í Bæjarlandi fyrir utan bæinn. Var til forna geldneytafjóssstæði frá Bæ, en er orðið býli fyrir 60 árum ongefer. Dýrleiki óviss eins og um hinar hjáleigurnar tíundar og fyrirsvarslausar." 1840: "Eyðijarðir eru frá fornöld margar, nfl. ... Tóptarvellir ... [niðurfallnir] í harðindunum 1784-1785." "Ofan við Engið ... ofan við mýrarnar, er Tóftarvöllur. Hann er frá Byttulæk eða Bröttuhlíð og út að Stakkadalshól. Þar sem Fagramýri og Tóftavöllur mætast, hétu Bugar ... Á Tóftarvelli sést fyrir tóftum, og hafði verið þar gamalt býli."

1942: "Í túnjaðri Saurbæjar eru eyðihjáleigurnar Brattahlíð og Tóftavöllur. Hin fyrrnefnda fór í eyði um síðustu aldamót, en hin um aldamótin 1800."

JÁM VI, 300; SSV, 213; Ö-Saurbær, 8; Bstbók, 90.

**Ba-127:013** *Hlíðarhvammur* heimild býli

1710: "Hlidar hvammur. Hlidarhvamms-holar. Hjáleigur í Bæjarlandi. Dýrleiki þeirra óviss því þar er ekkert fyrirsvar eða tíundagjörð. Hlíðarhvammshólar voru fyrir nærri 30 árum fjárhús frá Hlíðarhvammi. Var so Hlíðarhvammsbær fluttur þangað. Nokkrum árum síðar voru Hlíðarhvammshólar forlagðir, og búið í Hlíðarhvammi. Í fyrra var búið í hvörutveggju kotinu, en nú er aftur Hlíðarhvammur eyðilagður, og býr ábúandinn, Jón Diðriksson, nú á Hlíðarhvammshólum, og hefur

beggja þessara smábýla land. Þetta býli er fyrir manna minni uppbygt."

1840: "Eyðijarðir eru frá fornöld margar nfl. ... Hlíðarhvammur, ... [niðurfallin] í Stórubólu 1707." "Hlíðarhvammur er lítil hvilft inn í Hólana, rétt austan við Klúku og Staðarhóla. Hólarnir ná þarna aðeins skemmra en annars staðar, því að hvammurinn kemur inn í þá. Þarna er skjól fyrir öllum áttum nema suðvestanátt. ...Þarna var fornt býli, og eru þar greinilega bæjarrústir. Ef dregnar væru línur milli rústanna í Klúku, Staðarhólum og Hlíðarhvammi, kæmi fram þríhyrningur, sem ekki vææri nema 40-60 m á hlið; svo skammt er á milli rústanna. Þessi kot hafa því tæpast verið byggð samtímis." 1446 er H. 6 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 2 kúgildi - DI IV, 691. 15.4.1480 fær Einar Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. Hlíðarhvamm og hefur hún þá verið í byggð. - DI VI, 255-56.

JÁM VI, 301; SSV, 213; Ö-Stakkadalur, 7.

**Ba-127:014** Hlíðarhvammshólar heimild býli

"Hlidar hvammur. Hlidarhvamms-holar. Hjáleigur í Bæjarlandi. Dýrleiki þeirra óviss því þar er ekkert fyrirsvar eða tíundagjörð. Hlíðarhvammshólar voru fyrir nærri 30 árum fjárhús frá Hlíðarhvammi. Var so Hlíðarhvammsbær fluttur þángað. Nokkrum árum síðar voru Hlíðarhvammshólar forlagðir, og búið í Hlíðarhvammi. Í fyrra var búið í hvörutveggju kotinu, en nú er aftur Hlíðarhvammur eyðilagður, og býr ábúandinn, Jón Diðriksson, nú á Hlíðarhvammshólum, og hefur beggja þessara smábýla land. Þetta býli er fyrir manna minni uppbygt."

JÁM VI, 301

**Ba-127:015** garðlag landamerki

"Landamerki heimalands Saurbæjar eru þannig, samkvæmt landamerkjabók Barðastrandarsýslu: Landamerki heimalands Bæjar Kirkjuhvammsmegin eru í garð þann, sem liggur frá Virkinu upp undir hlíðina fyrir suðaustan eyðihjáleiguna Traðir ..."

Ö-Saurbær, 1.

**Ba-127:016** gata leið

"Ofan við Rifið eru landamerki í suðaustur neðanvert við Fljótsbakkana alla leið siðaustur að landamerkjum milli Króks og Grafar. Þaðan suðaustur á Bær landið upp að reiðgötum þeim, sem liggja suðaustan úr Bæjarodda og vestur að Stökkum."

Ö-Saurbær, 1-2.

**Ba-127:017** *Réttarkrókur* örnefni rétt

"Bæjaroddi heitir innsti (þ.e. austasti) oddi Fitarinnar, sem gengur lengst fram í Vaðalinn. ... Bæjaroddi heitir því nafni alla leið upp að Stórakrók, sem kemur að utan og rennur frá Stakkadal og í Vaðalinn. Úr Stórakrók rann Réttarkrókur, sem nú er kominn í skurð. Hann lá niður í Fljót. Þessir krókar mynduðu hólma. Á Réttarkrók var Svartavað, djúpt forarvað á gömlu götunni úr Oddanum, ofarlega, rétt við Stórakrók."

Ö-Saurbær, 3-4.

**Ba-127:018** *Svartavað* heimild vað

"Á Réttarkrók [017] var Svartavað, djúpt forarvað á gömlu götunni úr Oddanum [016], ofarlega, rétt við Stórakrók."

Ö-Saurbær, 4.

**Ba-127:019** *Tumavöllur* heimild áveita

"Krókur er ofan undan Byttulæk, er heitir Litlikrókur. Hann og annar krókur nafnlaus mynduðu milli sín þríhyrnu, áveitustykki, sem nefnt var Tumavöllur."

Ö-Saurbær, 4.

**Ba-127:020** *Ungmennafélagshús* hús

"Mýrarnar næst Engislæk heita Engi. Það svæði nær niður undan ungmennafélagshúsinu (sem stendur enn 1984) og nær niður undir Flagapart."

Ö-Saurbær, 5.

**Ba-127:021** heimild fjós

"Upp með bakkanum [á Byttulæk ?] heimanverðu við Litlakrók liggur rimi, sem heitir Harðirimi. Upp af honum koma saman Fjósatunga og Illamýri. Fjósatunga var og er enn yzti hluti í túni. ... Niður með Fjósatungu að innan, milli hennar og fjóss, sem var, rann Fjóslækur."

Ö-Saurbær, 5.

**Ba-127:022** heimild rista

"Torfrista var fyrir utan Fjósatungu [021], ofan til á Bröttuhlíðarmýrum, en þær eru utan túns, niður undan Bröttuhlíð og innanvert við Byttulæk. Torfið var nýtt á hús og hey."

Ö-Saurbær, 5.

**Ba-127:023** *Hólmatjörn* stífla áveita

"Hólmar eru bæði fyrir utan og innan Fjóslæk [021], þar sem hann kemur í Vaðalinn. Milli Hólma og Harðarima er Hólmatjörn, sem er áveita. ... Þar sem þurrast er, næst flæðienginu og meðfram Hólmatjörn, er Hestaflöt. Hestar voru oft þar á vetrum. Hún nær frá stíflunni og líklega heim undir tún."

Ö-Saurbær, 5-6.

**Ba-127:024** garðlag kálgarður

"Ofan við Hólmaflöt er Garður, sem fellur niður undan bæ. Það var gamalt kálgarðsstæði, er GG var í Bæ, en var ekki notað þá sem garður."

Ö-Saurbær, 6.

**Ba-127:025** *Stofubali* örnefni

"Fyrir ofan bæinn er Bæjarflöt. Þar sem íbúðarhúsið (byggt 1907, brann haustið 1984) stóð, var nefndur Stofubali."

Ö-Saurbær, 6.

**Ba-127:026** *Kirkjulækur* lind vatnsból

"Lækur rann niður með túni, milli bæjarins og kirkjunnar, nefndur Kirkjulækur. Upptök hans voru uppspretta undan Neðra-Virki, beint upp af íbúðarhúsinu. Vatn í húsið var tekið beint úr uppsprettu Kirkjulækjar, sem aldrei fraus."

Ö-Saurbær, 6.

**Ba-127:027** *Trampur* gata leið

"Utan (þ.e. vestan) við Kirkjulæk [026] er Trampur, gömul heimreiðargata neðan frá sjó og heim að bæ."

Ö-Saurbær, 6.

**Ba-127:028** *Virki* örnefni

"Ofan við innsta hluta Neðra-Virkis er lægð upp, nefnd Traðir." - "Milli Neðra- og Hærra-Virkis er hvolf nefnt Stöðlar."

Ö-Saurbær, 7, 8.

**Ba-127:029** heimild mógrafir

"Smávegis mógrafir voru neðst í Tröðum, en annars var tekinn mór inn á Skógi [sjá Kirkjuhvamm] og innst í Bæjarparti [sjá síðar].

Ö-Saurbær, 7.

**Ba-127:030** Hurðabak heimild býli

"Utan og ofan við Neðra-Virki er Hurðabak. Það er töðugróið hvolf. Þar voru fjárhús, og sagt var, að þar hefði verið gamalt býli. Hurðabak var ekki slegið. Er farið var með heyband í fjárhúsin þar, var farið upp með ytri endanum á Neðra-Virki, milli þess og Hurðabakshóls, sem er vestan við Hurðabak." 1942: "Hurðarbak og Traðir eru líka fornar hjáleigur í Túninu." Hurðarbaks er getið sem eyðihjáleigu á lausum miða með jarðabók 1703.

JÁM VI, 334; Ö-Saurbær, 7; Bstbók, 90.

**Ba-127:031** *Systrahóll* tóft

"Beint upp af íbúðarhúsinu er Systrahóll, á Neðra-Virki, þar sem það er hæst. Þar er greinileg tóft, og er sagt, að systur, e.t.v. Guðrún Eggertdóttir og systir hennar, hefðu látið byggja sér þar lystihús."

Ö-Saurbær, 7.

**Ba-127:032** heimild kvíar

"Milli Neðra- og Hærra-Virkis er hvolf nefnt Stöðlar. Það er milli Traða og Systrahóls, nær langleiðina út að honum. Kýr höfðu áður verið mjólkaðar þar, síðar á Fit eða neðst í Kirkjuflöt. Fráfærur voru lagðar niður, áður en GG man eftir."

Ö-Saurbær, 7-8.

**Ba-127:033** heimild kvíar

"Milli Neðra- og Hærra-Virkis er hvolf nefnt Stöðlar. Það er milli Traða og Systrahóls, nær langleiðina út að honum. Kýr höfðu áður verið mjólkaðar þar, síðar á Fit eða neðst í Kirkjuflöt. Fráfærur voru lagðar niður, áður en GG man eftir."

Ö-Saurbær, 7-8.

**Ba-127:034** heimild lambhús

"Fyrir utan Bæjarlæk voru hlaða og lambhús á Lambaflöt, sem er milli Bæjarlækjar og Fjóslækjar. Enn eru þar einhver hús."

Ö-Saurbær, 8.

**Ba-127:035** heimild leið

"Aðeins vestar en upp af Bæ er Bæjargjá í Brúnum. Þar er opið upp úr, skriðurunnið og bratt, en þó fært gangandi manni. Þar var farið upp, þegar farið var yfir í Patreksfjörð. Talað var um að fara upp á Brúnir, þegar farið var upp á fjall."

Ö-Saurbær, 9.

**Ba-127:036** stífla áveita
"Fyrir 1920 voru flæðiengjar gerðar í Bæ. Þær náðu frá Fögrumýri og Engi heim að Fjósatungu (nær að Fjósalæk). Að innan takmörkuðust þær af Hólma- og Hestaflöt. Svo var hluti af Krókshöfða undir vatni, og þegar nær dró Rifi, af Oddanum. En að sunnan lágu þær að Fljótabökkum. Neðst af þessum flæðiengjum var nýtt sem bithagi, kúahagi. Þar er land með þurrum rimum og stararlautum á milli. Flóðgátt með hlera í var í stíflu gerðri úr grjóti og hnausum yfir, þar sem komu saman Stóri- og Litlikrókur. ... Flóðgáttin sjálf var úr timburstokkum, sem hlaðið var að. ... Þessar áveitur ónýttust, ekki mjög löngu eftir 1945."

Ö-Saurbær ath, 3.

**Ba-127:037** stífla áveita
"Yfir Neðrikrók var líka stífla, en þar var ekki flóðgátt. Þessar áveitur ónýttust, ekki mjög löngu eftir 1945."

Ö-Saurbær ath, 3.

**Ba-127:038** *Stígur* heimild leið
"Úr Geldingsskorardal [Í Saurbæjarhluta Látrabjargs] er gangur ofan í bjargið, sem nefndur er Stígur,"

Ö-Breiðavíkurbjarg og Saurbæjarbjarg, 3.

**Ba-127:039** *Álfhóll* þjóðsaga huldufólksbústaður
1821: "Ad N° 10. Sögusögn er su medal almugans umm einn Stóran hól á Raudasandi I Saurbæar kyrkiu sókn, kalladur Alfhóll, ad sá sami skuli holur innann, og glugginn finnist þo sialdann, enn þo eru þeir enn lifandi, sem tiá sig fundid hafa holu þá á toppi hólsins." Ekki er víst að Álfhóll sé í landi Saurbæjar

FF, 406

## Ba-127b Saurbær (Bjarngötudalur/Partur)

1703: Bjarnagötudalur. "Nýlenda, bygð sumspart af Kirkjuhvamms landi, sumpart af því landi kirkjustaðarins Saurbæjar, sem kallað er Sláttuteigar, og liggur næst við þá kóngs eyðijörð sem Máberg heitir. Hefur verið bygð ongefer 50 ár. Jarðardýrleiki óviss ... Eigandinn er kirkjan að Saurbæ á Rauðasandi og hús[f]rúin Guðrún Eggertsdóttir." - "Landsvæði þetta, sem tilheyrir Bæ, er næst utan við Mábergsland. ... Svæði þetta afmarkast á móti Kirkjuhvammi af Bjarnargötudalsá ofan af vatnahalla og allt niður að Kvernagrund, en þaðan eftir Gamlaárfari ofan að ál þeim í Bæjarós, er síðar getur. Móti Mábergi markast landið af Silungalæk alla leið frá fremstu upptökum til sjávar." Ö-Bæjarpartur.,1.

**Ba-127b:001** *Dalshús* bæjarhóll bústaður
"Nú höldum við niður á láglendið aftur, og þegar komið er út fyrir Bjarngötudalsá, tekur við urðarhryggur, sem liggur samfelldur alla leið heim [að Kirkjuhvammi]. Heitir hann Hraun. En við enda hans tekur við Hvammur. Utanhallt á miðju hrauni er Fremriblettir. Þeir eru upp af Gálgasteini, sem er stór steinn á hraunbrúninni. Þar segja munnmælin, að hengdir hafi verið útilegumenn. Við austurenda hraunsins eru Dalstóftir. Þar var gamalt býli, sem hét Dalshús. Er það talið það sama og Bjarngötudalur."

Ö-Kirkjuhvammur, 2.

**Ba-127b:002** *Kvarnargrund* heimild býli
1840: "Eyðijarðir eru frá fornöld margar nfl. ... Kvennagrund ... [niðurfallin] í Stórubólu 1707."

1942: "Skammt fyrir neðan Bjarnargötudal eru tvö forn eyðibýli: Kvarnargrund fyrir innan ána og Dalshús fyrir utan hana. Talið er, að Grænihjalli hafi líka verið býli fyrir utan Móberg. Allt hafa þetta verið lítil örreytiskot, eða húsmannsbýli."

SSV, 213; Bstbók, 90.

**Ba-127b:003** *Grænihjalli* heimild býli
"Skammt fyrir neðan Bjarnargötudal eru tvö forn eyðibýli: Kvarnargrund fyrir innan ána og Dalshús fyrir utan hana. Talið er, að Grænihjalli hafi líka verið býli fyrir utan Móberg. Allt hafa þetta verið lítil örreytiskot, eða húsmannsbýli."

Bstbók, 90.

**Ba-127b:004** *Gálgasteinn* þjóðsaga aftökustaður
"Utanhallt á miðju hrauni eru Fremriblettir. Þeir eru upp af Gálgasteini, sem er stór steinn á hraunbrúninni. Þar segja munnmælin, að hengdir hafi verið útilegumenn."

**Ba-127b:005** *Grænutóftir* tóft býli
"Næst Silungalæk er þetta svæði nefnt Sláttuteigar. Í svæðinu eru svonefndar Grænutóftir. Munu þetta vera rústir eftir þennan bæ ... nefndist Bjarngötudalur."

Í athugasemdum við örnefnaskrána stendur: "Grænutóftir. Þar er sagt , að býlið Grænuteigar hafi verið; býlið hét

alls ekki Bjarnagötudalur." Sama og Grænihjalli 003?

Ö-Bæjarpartur, 1; Ö-Bæjarpartur

**Ba-127b:006** *Neðri-Skipahjalli* heimild

"Í eystri brún Bjarnagötudals eru tveir allmiklir hjallar, Neðri-Skipahjalli og Efri-Skipahjalli. Draga þeir nafn sitt af því, að skip voru tekin á vaðdrætti upp dalinn og sett eftir hjöllum þessum, aðallega þeim hærri. ... milli hjallanna eru Skipahjallalautir."

Ö-Bæjarpartur, 2.

**Ba-127b:007** *Efri-Skipahjalli* heimild

"Í eystri brún Bjarnagötudals eru tveir allmiklir hjallar, Neðri-Skipahjalli og Efri-Skipahjalli. Draga þeir nafn sitt af því, að skip voru tekin á vaðdrætti upp dalinn og sett eftir hjöllum þessum, aðallega þeim hærri. ... milli hjallanna eru Skipahjallalautir."

Ö-Bæjarpartur, 2.

**Ba-127b:008** *Bjarngötudalur* heimild leið

1942: "Var leiðin upp af Bjarngötudal forðum ærið brött og ill. Fyrir nokkrum áratugum var hún bætt til mikilla muna, og nýlega hefir verið ruddur akfær og bílfær vegur alla leið yfir fjallið."

Bstbók, 89-90.

## Ba-127c Saurbær (Skor)

"Jarðardýrleiki er óviss því Skor er ekki lögbýli, heldur fyrir 60 árum ongefer fyrst bygð á eyðiplátsi, og tíundast ennú ekki, ei heldur er þar fyrirsvar." Eign Bæjarkirkju á Rauðasandi." Skorarhlíðar eða Sjöundárhlíðar þar sem bærinn stóð eru nálægt Sjöundá. Örnefnið Skor kemur fyrir í Eyrbyggju en bæjarins er fyrst getið í Saurbæjarkirkjumáldaga 1363.

1446 er S. 8 hdr. kirkjujörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 2 kúgildi - DI IV, 691. 1942: "Er veðursæld á hlíðunum og tekur sjaldan eða aldrei fyrir jörð, horfa þær beint við suðri. Fjörubeit er þar einnig. Hætt er fé við að hrapa til bana, er svellbólstra og harðfenni leggur. Hlíðar þessar fylgja nú Saurbæ; er ekki ólíklegt, að þar hafi verið hafðir sauðir þaðan og menn yfir til vöktunar um harðasta tímann á vetrum. Óvistlegt hefir þar verið og einmanalegt. - Þegar svellabólstrar koma, verður ekki farið eftir hlíðunum til fjársmölunar. Er þá farið uppi á fjallinu og svo niður eftir geil í klettunum, heitir hún Ölduskarð. Er þar oft harðfenni niður hlíðina. Öldusarðið er upp af Völlum [012]." Bstbók, 85.

1942: "Skor var fyrrum oft kærkominn áfanga- og hvíldarstaður sjóróðramönnum úr Breiðafjarðareyjum og austursveitum Barðastrandarsýslu, er þeir fluttu sig í ver á Hvallátrum vestra á vorum, og þaðan aftur með sjóföng sín að liðinni vertíð í elleftu eða tólftu viku sumars. Varð þá margur feginn að leit lendingar í Skor eftir langan og hvíldarlausan barning á árabátum, þessa löngu sjóleið. Voru taldar fjórar vikur sjávar frá Bjargtöngum að Skor. - Skor var líka eina þrautarlendingin, er Barðstrendingar sóttu á djúpmið á haustum, og hrepptu storma á opnum árabátum. Næsta lending, og ekki góð, er á Hvallátrum og þá yfir Látraröst að sækja ... Ólíkt byggilegra er í Skor, heldur en á Völlum [012]. Graslendi er meira og mundi fóðra kú, og veðursæld engu síðri. Sauðfé hefir þar líklega hvorki verið ætlað hús né hey." Bstbók, 86.

**Ba-127c:001** *Skor* bæjarhóll bústaður

1942: "Vestast í Hlíðunum er eyðijörðin Skor, þar mun hafa verið búið fram á 18. öld, og mannabyggð hefir verið þar þeggar Eggert Ólafsson lagði á Breiðafjörð 8. maí 1768. Í Skor er allmikið graslendi, sér þar fyrir bæjarrústum og fleiri tóftum. Hafa sumar þessar rústir að líkindum verið hjallar eða fiskbyrgi, því þaðan voru stundaðir róðrar, a.m.k. af heimamönnum, meðan þar var byggð, og ef til vill fleirum."

"Fyrr var búið í Skor, og talið er, að verið hafi tvíbýli, enda eru hér tvennar bæjarrústir."

Bstbók, 85; Ö-Sjöundá, 3.

**Ba-127c:002** *Borgarsbúð* heimild verbúð

"Þar er verstaða, og sækja þángað af næstu bæjum um vorvertíð Rauðsendíngar. Þar eru 3 vermannabúðir. ... en hinar tvær eru gamlar. Heita þær: Borgarsbúð, Staðarmannabúð. ... Búðirnar uppbyggði landsdrottinn."

JÁM VI, 293.

**Ba-127c:003** *Staðarmannabúð* heimild verbúð

"Þar er verstaða, og sækja þángað af næstu bæjum um vorvertíð Rauðsendíngar. Þar eru 3 vermannabúðir. ... en hinar tvær eru gamlar. Heita þær: Borgarsbúð, Staðarmannabúð. ... Búðirnar uppbyggði landsdrottinn."

JÁM VI, 293.

**Ba-127c:004** *Smiðja* heimild verbúð

"Þar er verstaða, og sækja þángað af næstu bæjum um vorvertíð Rauðsendíngar. Þar eru 3 vermannabúðir. Ein þar af nú í eyði. Er sú fyrir tíu árum uppbyggð ... Eyðibúðin heitir Smiðja. Búðirnar uppbyggði landsdrottinn."

JÁM VI, 293.

**Ba-127c:005** varða

"Fjallsegg þessi, sunnan frá Stálnúpi og norður í Vatnskleifarhorn, er kölluð einu nafni Skarðabrún. ... Landmælingarmenn, danskir, komu á Rauðasand (líkl 1907-1908) til að hlaða vörður á hæstu fjallstindum og sjónarhæðum til afnota við þríhyrningsmælingar á Íslandi síðar. Skarðsbrún varð fyrir vali þeirra."

Ö-Sjöundá og Skorarhlíðar, 11.

**Ba-127c:006** heimild leið

"Úr Sjöundárdal yzt, að sunnanverðu, er farið upp í Landbrot áleiðis inn í Skor."

Ö-Sjöundá og Skorarhlíðar, 13.

**Ba-127c:007** heimild leið

"Innar í dalnum [en 006], sama megin, liggur leið upp í Ölduskarð og niður á Völlu í Sjöundárhlíðum."

Ö-Sjöundá og Skorarhlíðar, 13.

**Ba-127c:008** *Neðstigangur* heimild leið

"Enda þótt bergveggir Stáls séu ekki árennilegir gangstigir, er þó brattgengum mönnum fært þvert um klettahlöð þess á nokkrum stöðum. Eru taldar þrjár leiðir, gengnar. Fyrst skal telja Neðstagang. Hann er styztur. Farið er, upp í hann af Vallaenda innri og komið úr honum inn að efri enda Stálhryggs, og gengið upp með honum utanverðum og yfir hann, efst, inn á Sigluneshlíðar."

Ö-Sjöundá og Skorarhlíðar, 13.

**Ba-127c:009** *Miðgangur* heimild leið

"Enda þótt bergveggir Stáls séu ekki árennilegir gangstigir, er þó brattgengum mönnum fært þvert um klettahlöð þess á nokkrum stöðum. Eru taldar þrjár leiðir, gengnar. Fyrst skal telja Neðstagang. ... Miðgangur hefst úti í Ölduskarði - þó er einnig hægt að komast upp í hann af Völlum. Hann er lengstur, liggur í gegnum mitt Stál og út honum er komið líklega nokkuð ofarlega á Sigluneshlíðum."

Ö-Sjöundá og Skorarhlíðar, 13-14.

**Ba-127c:010** *Efstigangur* heimild leið

"Enda þótt bergveggir Stáls séu ekki árennilegir gangstigir, er þó brattgengum mönnum fært þvert um klettahlöð þess á nokkrum stöðum. Eru taldar þrjár leiðir, gengnar. ... Snertuspöl, allgóðan, inn frá Ölduskarði, gengur klakkur eða hnjótur upp úr fjallsbrúninni, kallaður Speni. Hjá honum byrjar Efstigangur og nær inn á Fossdal. Hann er talin tæpastur, getur frekar heitið þræðingur. Allir eru þessir gangar þess aðeins færir brattgengum mönnum."

Ö-Sjöundá og Skorarhlíðar, 13-14.

**Ba-127c:011** *Kænugangur* heimild leið

"Upp í fjallinu eru áberandi gangar. Heita þeir Neðstigangur, þá Miðgangur og svo Kænugangur. Efstur er Efstigangur. Utast í Kænugarði er Sveltið. Kænugarður er á köflum slæmur yfirferðar."

Ö-Sjöundá., 2.

**Ba-127c:012** *Vellir* tóft býli

1942: "Skammt fyrir vestan Stál er graslendisblettur, sem heitir Vellir. Þar voru búðir námamannannn, haa þau hús nú öll verið rifin. Talið er að þar hafi forðum verið býli og heitið Vellir. Sér þar votta fyrir skálatóft og hringlagaðri tóft, sem hefir að líkindum verið fjárborg. Hefir fé líklega aldrei verið hýst þar, heldur gefið á gadd í viðlögum, eins og víða átti sér stað við sjávarsíðu á fyrri öldum."

1959: "Fært er upp á fjallið um Ölduaskarð, en óaðgengilegra byggt ból er vart hægt að finna á landi hér. Enn sjást gamlar rústir á Völlum. Eru þær taldar vera af fjárborgum og kofa sauðamanna, sem þar hafi gætt fjár að vetrarlagi." "Í Stálvíkinni ... byrja svo Skorarhlíðarnar, eða eins og þær eru oftast nefndar Sjöundárhlíðar. Innst á þeim er mjótt grasafles, sem liggur á sjávarbökkum meðfram fjallshlíðinni. Þar heitir Völlur. Á þeim eru húsatættur hálfsokknar í jörð, og er talið, að þar hafi verið búið fyrr á öldum."

1446 eru Vellir taldir sem 3 hdr. kirkjujörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdi þar ekkert kúgildi - DI IV, 691.

Bstbók, 85; ÁFÍ 1959, 107; Ö-Sjöundá, 2.

**Ba-127c:013** *Bæjarvík* örnefni

"Undir Völlunum meðfram sjó skerast inn smávíkur, sem heita Bæjarvík og Illavík."

Ö-Sjöundá., 2.

**Ba-127c:014** *Gleðigjóta* örnefni

"Innan til í Skor ofarlega er grasi vaxin laut nokkuð djúp, nefnd Gleðigjóta. Þegar heyjað var hér í Skor, skemmti heyskaparfólkið sér í þessum hvammi."

Ö-Sjöundá., 3.

**Ba-127c:015** tóft sel

"Aðeins innar í dalnum [en Landbrot] er Kúaból." "Selið frá Skor hefur verið undir Skorarbrún upp af Kúabóli og sagt er að þess sjáist merki. Rústir beggja seljanna eru mjög fornar og erfitt að finna þær."

Ö-Sjöundá., 7. Ö-Sjöundá viðb.

**Ba-127c:016** heimild lending

1942: "Lending er þar að sumu leyti góð. Henni er þannig háttað, að mjótt gjögur skerst inn á milli tveggja hamraveggja. Gjögur þetta heitir Skorarvogur. Fyrir framan voginn er hátt sker, sem heitir Nónsker, er mjótt sund milli þess og lands. Vestur af skerinu eru tveir klettastapar, sem heita Kríustapar. Milli þeirra og Nónskers er mjótt sund, en alldjúpt. Milli Kríustapa og lands er sund, sem sjór fellur í um hálffallið. Eru því þrjú sund, sitt í hverja átt fram úr Voginum. Má að sögn lenda í Skor, ef eitthvert sundið er fært. Fiskisæld mun fyrrum hafa verið þar á grunnmiðum og skammt til sóknar á þrjá vegu. Sá galli er á lendingunni, að stórgrýtt urð er fyrir botni vogsins og illt að bjarga þar bátum." "Beggja vegna við Skorarvog eru mjög háir klettaveggir. Ekki var lent nema í sjálfum vognum."

Ö-Sjöundá viðb.

**Ba-127c:017** heimild lending

"Treggjaldin er hlein, sem fellur yfir hálffallinn sjó, fremst í Bæjarvík, þar sem lent er."

Ö-Sjöundá viðb.

**Ba-127c:018** *Stálfjall* náma

"Í Stálfjalli var unnið að surtarbrandsnámi á styrjaldarárunum [fyrri], en til engra nota, þótt með ærnum kostnaði væri. Hafnalust er þar með öllu og flutningur mjög torveldur. Allmikið mun þar vera af surtarbrandi og mókolum, og voru grafin námugöng inn í fjallið, sem innan fárra ára munu verða lukt aftur a grjóthruni. En inni er enn þá allmikið af vélum og ýmsum áhöldum. ... búðir námumannanna [voru á Völlum, 012] hafa þau hús nú öll verið rifin."

Bstbók, 84-85.

## Ba-127d Saurbær (Skörð/Hnjótar)

"Landsvæði næst norðan Melaneslandi, óbyggt fjalllandi, sem er eign Saurbæjar. Einhvern tíma hefur það verið talið með Skógi, en er nú úrskipt. ... Sunnan landssvæðissins er Suðurfossá. Hún kemur úr Stóravatni. Í það renna þrjú gil. Það suðvestasta af þeim er merkjagilið, en öll þessi þrjú gil heita Grýlifossar. Úr þessu gili er svo línan upp á há Skarðabrún. En Skarðabrún er hryggur sérkennilegur ekki sízt fyrir það, að hann er svo þunnur á köflum, að hægt er að sitja klofvega á honum. ... Norðurendinn á Skarðabrún heitir Vatnskleifar. Þaðan beygir línan til vesturs yfir Gljá og Hrólfsvirki. Frá því eru svo merkin til suðvesturs eftir Geldingadal og Skógardal síðar, en eftir þessum dölum rennur Skógá, sem er á vesturmörkum landsins, þar til Skógaá fellur í Suðurfossá." Ö-Skörð, 1.

1942: Eru þar skógarkjörr víðlend, og hafa þau tekið miklum framförum á síðastliðnum fjörutíu árum, og verið alfriðuð fyrir skógarhöggi. Gyltuból heitir svæði þar í dalnum, hefir þar sennilega verið svínaganga á fyrri öldum. Í fyrrnefndu landsvæði Saurbæjar eru tvö örnefni, Stakkahnjótur og Lambavatnsholt. Munu þessir bæir hafa notið þar skógarhöggs fyrrum." Bstbók, 89.

**Ba-127d:001** *Kolahjalli* örnefni kolagröf

"Meðfram Suðurfossá eru Fossabrekkur og Kolahjalli er þar hátt í hlíð milli ánna."

Ö-Skörð, 2.

**Ba-127d:002** *Hrólfsvirki* örnefni

"Austur af Taglinu eru Neðri-Steinbrekkur og Efri-Steinbrekkur. Sú neðri er austan í Þvergilinu. Ofan við Steinabrekkur eru Þrífarabrekkur, og í lægð milli þeirra er Þrífaralækur. Hann dregur nafn sitt af því, að vegurinn yfir Sandheiði fer þrisvar yfir hann. ... Norður af Þrífarabrekkum er hár hnjúkur umgirtur klettum, og heitir hann Hrólfsvirki. Þar á Hrólfur að hafa varizt."

Ö-Skörð, 3-4.

**Ba-127d:003** *Hrossagötuskarð* örnefni leið

"Norður af því [Hrólfsvirki] er Hrossagötuskarð. Hallar þá til Patreksfjarðar."

Ö-Skörð, 4.

**Ba-127d:004** heimild vað

"Skógá rennur hér á merkjum, og neðsti fossinn í henni heitir Grýlufoss, en hann er rétt ofan við vaðið á Skógá."

Ö-Skörð, 4.

## Ba-128 Skógur

1703: "Skógur er gamalt býli, og man enginn þess uppruna. Hjáleiga í Bæjarlandi, og er þar fyrir dýrleiki óviss." Jörðin í eyði nú. Skógar er ekki getið í jarðatölum Saurbæjarjarða frá 15. og 16. öld og er því sennilega fyrst byggður eftir það. 1920: 1,2 ha. garðar 720 m2, 1/4 sléttað. Einnig eiga þeir lítinn túnpart kallaðan Húsatúnið, ómældur. 1840: "[góð grasjörð og allgóð útigangsjörð með heygjöf - hefur] stórum tapað sér af skriðuföllum og [er undirorpin] mestu háskasemdum." SSV, 212. 1942: "... lítil jörð, tún fremur lélegt og engjar fremur litlar og votar. Vetrarbeit er ágæt, kvistbeit, landrými mikið. Sumarhagar góðir fyrir sauðfé. Lágvaxið skógarkjarr er mikið í landinu, frammi í Skógardal." Bstbók, 89.

**Ba-128:001** *Skógur* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-128:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-128:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-128:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-128:005** heimild fjárhús

"Guðrún Eggertsdóttir [að Saurbæ] hefur fjárhús nærri Skógi, og liggur smalinn í Skógs bæ, kauplaust, en hún fæðir hann."

JÁM VI, 296.

**Ba-128:006** *Skógarrétt* heimild rétt

"Á merkjum móti Mábergi er Skógarhryggur, gömul grasi gróin skriða. Upp af henni er gömul skilarétt hlaðin úr grjóti, sem nefnd er Skógarrétt."

Ö-Skógur, 1.

**Ba-128:007** Húsatún örnefni

"Fram af hryggnum og niður af réttinni [006] er tún, sem nefnt er Húsatún."

Ö-Skógur, 1.

**Ba-128:008** *Gamlarétt* heimild rétt

"Fram af því [007] er geiri upp með fjalli nefndur Gamlarétt, sem er rúst eftir enn eldri rétt."

Ö-Skógur, 1.

**Ba-128:009** *Kvíahvolf* örnefni kvíar

"Þá er [eftir 008] komið að læk, sem heitir Bóllækur, og þar suðaustan við lækinn er Ból, sléttar flatir undir háfjallinu. Bóllækurinn rennur um mýrarflatir ofan við bæinn ... Næst við Ból er hvilft inn í hlíðina, Kvíahvolf."

Ö-Skógur, 1-2.

**Ba-128:010** heimild stekkur

"Fram af því [009] heita Stekkjarhólar. Þeir eru þrír, og milli þeirra er Stekkurinn. Upp af Stekkjarhólum er Stekkjargjóta upp fjallið og Stekkjarnef við gjótuna."

Ö-Skógur, 2.

**Ba-128:011** *Gvendarsteinn* heimild

"Við Stekkjarhóla og Stóramó er farið að nálgast Sandsheiðarveg. Fram af Stóramó eru Þvermýrar, sem ná fram að Holtasundum ... Er nú haldið inn með hlíð, og er þá komið að steini nokkuð ílöngum með allmikilli grjóthrúgu hjá; heitir hann Gvendarsteinn. Er það nafn Guðmundar biskups hins góða. Hver sem fór í fyrsta sinn um Sandsheiði, skyldi láta þar þrjá steina, svo hann viltist ekki. Var það góð trygging um villugjarna slóð."

Ö-Skógur, 3.

**Ba-128:012** *Hofmannaflöt* heimild áfangastaður

"Flatir taka við fram af steininum [011], og heitir þar Steikarahlíð. Niður af henni heitir Hofmannaflöt. Það er gamall áningarstaðurí mynni Skógardals, þar sem brekkurnar byrja upp dalinn."

Ö-Skógur, 3.

**Ba-128:013** *Sel* örnefni sel
"Niður við Suðurfossáa er nefnt Sel."
Ö-Skógur, 4.

**Ba-128:014** *Sandsheiðarvegur* heimild leið
"Við Stekkjarhóla og Stóramó er farið að nálgast Sandsheiðarveg." - yfir í Patreksfjörð
Ö-Skógur, 3

**Ba-128:015** heimild leið
1840: "[Alfaraleið] Frá Skógi í austur inn á Barðaströnd að Haukabergi."
SSV, 213.

## Ba-129 Brattahlíð

Á aukablaði með handriti JÁM standa nöfnin Brattahlíð og Hurðabak fyrir aftan Saurbæ og í eyði fyrir aftan. Í byggð 1847, en farin í eyði um aldamót.

1920: 1,1 ha, garðar 348 m2, hús, 309 m2, 1/2 sléttað. 1840: "[góð grasjörð og allgóð útigangsjörð með heygjöf - hefur] stórum tapað sér af skriðuföllum og [er undirorpin] mestu háskasemdum." SSV, 212.

**Ba-129:001** *Brattahlíð* bæjarhóll bústaður
"Bærinn stóð upp undir hlíðinni. Nú er þar kofi síðan að þar var sett niður spunavél." 1942: "Í túnjaðri Saurbæjar eru eyðihjáleigurnar Brattahlíð og Tóftavöllur. Hin fyrrnefnda fór í eyði um síðustu aldamót, en hin um aldamótin 1800
"Eftir að bærinn fór í eyði, var þar fyrst fjárhús, síðan spunahús upp úr 1930, er ungmennafélagið keypti spunavél."
Túnakort 1920; Ö-Brattahlíð, 1; Bstbók, 90.

**Ba-129:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-129:003** *Hlaðstún* tóft
"Hlaðstún er þar austur af Tóftavelli í Saurbæ. Þarna eru menjar bygginga við götuna."
Ö-Brattahlíð, 1.

**Ba-129:004** *Hjallhóll* örnefni hjallur
"Í gamla Bröttuhlíðartúni vestast er Hjallhóll."
Ö-Brattahlíð, 1.

**Ba-129:005** *Hesthústún* örnefni hesthús
"Í gamla Bröttuhlíðartúni vestast er Hjallhóll. Síðan er Hesthústún og Ytratún."
Ö-Brattahlíð, 1.

**Ba-129:006** *Þorvaldsstekkur* heimild stekkur
"Upp af því [Ytratúni] upp í hvolfi við hlíðina er Þorvaldsstekkur."
Ö-Brattahlíð, 1.

**Ba-129:007** *Hvíluklettar* örnefni áfangastaður
"Þar næst utar einnig upp af bænum í Bröttuhlíð er smáteigur, sem heitir Lyngteigur. Hærra og utar eru klettar sem nefndir er Hvítuklettar [sbr, leiðréttingar heita þeir Hvíluklettar]. Með þeim liggur leiðin upp Bægjargjá."
Ö-Brattahlíð, 1-2; Ö-Brattahlíð, ath.

**Ba-129:008** heimild leið
"Þar næst utar einnig upp af bænum í Bröttuhlíð er smáteigur, sem heitir Lyngteigur. Hærra og utar eru klettar sem nefndir er Hvítuklettar [sbr, leiðréttingar heita þeir Hvíluklettar]. Með þeim liggur leiðin upp Bægjargjá."
Ö-Brattahlíð, 1-2; Ö-Brattahlíð, ath.

## Ba-130 Stekkadalur

Hjáleiga í Bæjarlandi, mun hafa verið 50 ára gömul 1703, dýrleiki óviss. Einnig nefnd Stakkadalur. 1920: 0,8 ha. garðar 850 m2, 1/3 sléttað. 1840: "[góð grasjörð og allgóð útigangsjörð með heygjöf - hefur] stórum tapað sér af skriðuföllum og [er undirorpin] mestu háskasemdum." SSV, 212. 1942: "Bæirnir Stekkadalur, Gröf, Krókur og Krókshús standa í röð út með hlíðinni og skammt á milli. Allt eru það litlar en notagóðar jarðir, með grasgefnum túnum og grösugum engjum og áveitum." Bstbók, 91.

**Ba-130:001** *Stekkadalur* bæjarhóll bústaður

"Í Stakkadal var ágætis torfrista. Húsin þar voru öll úr grjóti og torfi, þegar Sigurvin var ungur. Gamli bærinn var allur úr torfi og grjóti, einnig stafnarnir. Hann var við lýði til 1908, en þá var byggður nýr bær. Var timburþil í rishæðinni á austur og vesturstafni og á framhliðinni, en að öðru leyti var bærinn hlaðinn úr torfi og grjóti."

Túnakort 1920; Ö-Stakkadalur, 3.

**Ba-130:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-130:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-130:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-130:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-130:006** heimild stekkur

"Stekkjardalur ... Var til forna stekkur frá Bæ."

JÁM VI, 300.

**Ba-130:007** heimild rista

"Torfið var rist niðri á láglendinu."

Ö-Stakkadalur, 3.

**Ba-130:008** *Staðarhólar* tóft býli

"Staðarhólar voru fornt býli rétt ofan við Klúku, væntanlega hjáleiga frá höfuðbólinu Saurbæ. Er nafnið Staðarhólar líklega dregið af staðnum Saurbæ. Þarna eru gamlar rústir. Þessi partur af Hólunum er einnig kallaður Staðarhólar. Það nafn er trúlega arfur frá því að þarna var býli. Staðarhólar hafa farið í eyði miklu fyrr en Klúka."

"Ef dregnar væru línur milli rústanna í Klúku, Staðarhólum og Hlíðarhvammi, kæmi fram þríhyrningur, sem ekki væri nema 40-60 m á hlið; svo skammt er á milli rústanna. Þessi kot hafa því tæpast verið byggð samtímis."

Ö-Stakkadalur, 7.

**Ba-130:009** *Urðarstekkur* tóft rétt

"Skammt fyrir ofan rústirnar á Staðarhólum, alveg undir hlíðarrótum, eru tvær lautir, önnur neðar, en hin ofar. Heita þær Efri- og Neðri-Urðarstekkur. Þetta eru litlir, láréttir stallar, og hallar af hinum efri ofan á hinn neðri. Stallarnir eru grösugir, en Efri-Urðarstekkur er mjög settur stórgrýti, svo að þar er ekki þægilegt að slá. Þar eru leifar lítillar fjárréttar."

Ö-Stakkadalur, 8.

**Ba-130:010** *Kistur* álagablettur huldufólksbústaður

"Kistur eru tvær djúpar lautir niður í Hólana, austan og ofan við Hlíðarhvamm. Þarna er mikið stórgrýti, en gott gras á milli steinanna. Þarna er logn í öllum veðrum. Kisturnar eiga að vega gamalt aðsetur álfa, enda mátti ekki slá þar eða rífa sinu."

Ö-Stakkadalur, 8.

**Ba-130:011** renna

"... grafinn var skurður frá Klúku gegnum landarreigninna ..."

Ö-Stakkadalur, 8.

**Ba-130:012** *Draugasteinn* örnefni draugur

"... austan við bæinn, í túnjaðrinum, þar sem mýrin byrjar, er steinn, sem kallaður er Draugasteinn. Hann er svo sem hálf önnur mannhæð, og er mannsmynd á honum. Hann hefur hrunið úr klettabeltinu fyrir ofan. Krakkar léku sér á honum. Steinni er úr rauðu, en linu bergi, og vill heldur molna úr honum."

Ö-Stakkadalur, 10.

**Ba-130:013** *Stekkur* örnefni stekkur

"Stakkadalur (Stekkjardalur) er ofurlítil skeifulögð hvilft í Hólana, skammt frá hlíðarrótum. Bærinn stendur fremst í þessum hvammi og snýr mór suðvestri ... Þar fyrir ofan var lítil, hallandi flöt, sem líktist mjög Stekkadalnum. Fóru því sumir að kalla hana Hærri-Stekkadal eða Efri-Stekkadal. Þarna var þó engin dalmynd. ... Fólkið í Stakkadal kallaði þetta reyndar oftast Stekk, en aðrir notuðu nöfnin Stekkur og Hærri-Stekkadalur jöfnum höndum. E.t.v. hefur þarna einhvern tíma verið stekkur, og fjárhús var þarna, þegar Sigurvin var krakki. ... Á Stekkknum eru fjögur stórgrýtisbjörg, sem nefnast Stakkjarsteinar. Stekkjarhóll er austan við Stekkinn á merkjum Stakkadals og Saurbæjar."

Ö-Stakkadalur, 10-11.

**Ba-130:014** heimild fjárhús

"Stakkadalur (Stekkjardalur) er ofurlítil skeifulögð hvilft í Hólana, skammt frá hlíðarrótum. Bærinn stendur fremst í þessum hvammi og snýr mór suðvestri ... Þar fyrir ofan var lítil, hallandi flöt, sem líktist mjög Stekkadalnum. Fóru því sumir að kalla hana Hærri-Stekkadal eða Efri-Stekkadal. Þarna var þó engin dalmynd. ... Fólkið í Stakkadal kallaði þetta reyndar oftast Stekk, en aðrir notuðu nöfnin Stekkur og Hærri-Stekkadalur jöfnum höndum. E.t.v. hefur þarna einhvern tíma verið stekkur, og fjárhús var þarna, þegar Sigurvin var krakki."

Ö-Stakkadalur, 10-11.

**Ba-130:015** *Engislækur* renna landamerki

"Sjónarhóll er keilulagaður, stórgrýttur hóll, austan við túnjaðar. ... Undan Sjónarhóli kemur Engislækur. Gamalt fólk trúði því, að vatn úr honum hefði lækningarmátt. ... búið að veita honum í þráðbeinan skurð. Byrjar hann rétt fyrir neðan uppsprettuna og liggur niður allt undirlendið. Hann er landamerki milli Stakkadals og Saurbæjar. - Farvegur gamla lækjarins sést þó enn."

Ö-Stakkadalur, 11.

**Ba-130:016** *Vaðgötur* gata landamerki

"Vaðgötur eru mjög gamall reiðvegur, margar götur samhliða, myndaðar af hestafótum, löngu aflagðar og uppgrónar, sjáanlegar aðeins á köflum. Þær eru landamerki milli Stakkadals og Saurbæjar. Göturnar voru farnar á leið frá Saurbæ og út Rauðasandinn. Þær lágu úr svonefndum Bæjarodda í Saurbæ að Stökkum á Rauðasandi."

Ö-Stakkadalur, 12.

**Ba-130:017** garðlag áveita

"Mýrarnar beint niður af túninu ... eru þýfðar og nefnast Móar. Þeir eru sæmilega grasgefnir og venjulega slegnir. Frá Móum austur að landamerkjalæknum var gerð áveita með flóðgörðum og vatni veitt á það úr Engislæk, og var það nefnt Áveita; varð mjög grasgefið."

Ö-Stakkadalur, 13.

**Ba-130:018** *Fjóstunga* örnefni fjós

"Næst Sjónarhól, milli hans og áveitunnar, inn undir Engislæk, var grasbali, sem kallaðist Fjóstunga."

Ö-Stakkadalur, 13.

## Ba-131 Gröf

Í eyði 1703, 6 hdr. 1847; Í JÁM er Gröf og Klúka taldar upp saman sem eyðijarðir en 1805 er Gröf komin í byggð. Konungseign frá 1541. 1840 segir að Gröf komi í staðinn fyrir Klúku eftir fornum máldögum - SSV, 212.

1446 er G. 20 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 691. 15.4.1480 fær Einar Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. G. og Klúku og hafa þá báðar verið í byggð. - DI VI, 255-56. 22.8.1536 fær Sigríður Andrésdóttir, erfingi Ara bróður síns, Ögmundi biskupi alla peninga og fasteign bróður síns, þ.m.t. G. og Klúku. - DI X, 84-85. 6.7.1537 selur Ögmundur biskup Sigurði Ormssyni og Guðrúnu Eyjólfsdóttur konu hans, Saurbæ með Mábergi, Klúku og Gröf - DI X, 108. 1541 voru G. og Klúka. í eyði og meðal jarða Ögmundar biskups sem teknar voru undir konungsvaldið - DI X, 679, 681.

1920: 1,7 ha. garðar 690 m2, 1/2 sléttað. 1840: "[góð grasjörð og allgóð útigangsjörð með heygjöf - hefur] stórum tapað sér af skriðuföllum og [er undirorpin] mestu háskasemdum." SSV, 212. 1942: "Bæirnir Stekkadalur, Gröf, Krókur og Krókshús standa í röð út með hlíðinni og skammt á milli. Allt eru það litlar en notagóðar jarðir, með grasgefnum túnum og grösugum engjum og áveitum." Bstbók, 91.

**Ba-131:001** *Gröf* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-131:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-131:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-131:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-131:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-131:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-131:007** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-131:008** *Klúka* tóft býli
"Kluka og Gröf. Eyðiland, konunginum tilheyrandi. Er fyrir so löngu eyðilagt, að enginn man þar neitt til bygðar. Gamlir menn þykjast heyrt hafa, að í Gröf hafi í fyrstu bærinn verið, síðan hafi landið verið komið í bræðraskifti, og so Klúka úr Grafar stekk uppbygð verið, nærri við landamerkin. Til tófta sjer í hörumtveggja plátsinu. Landamerki þessa eyðilands halda menn vera á eina síðu lækinn sem rennur allagötu við Klúku, en á aðra síðuna garðinn milli Grafar og Stakka (þeirra jarðar) landareignar, og sjónhending þaðan sem garðurinn sleppur ofan í Djúpavað. Að neðanverðu endi landið við reiðgöturnar, sem gánga úr eftir fitinni, so þetta kóngsland hafi aldri sjónum náð. Milli Klúku og Grafar er einn lítill hvammur, sem kallast Grafardalur; er hann af gömlum og nýjum skriðum skemdur ... Grafartún er af skriðum fordjarfað, en hjá Klúku sýnist aldri túnlegt verið hafa."

1942: "Klúka er gamalt eyðikot milli Stekkadals og Grafar ..." Merkjalínan milli Grafar og Stakkadals liggur yfir jaðar rústanna. "Ef dregnar væru línur milli rústanna í Klúku, Staðarhólum og Hlíðarhvammi, kæmi fram þríhyrningur, sem ekki væri nema 40-60 m á hlið; svo skammt er á milli rústanna. Þessi kot hafa því tæpast verið byggð samtímis." 1446 er K. 12 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 691. 15.4.1480 fær Einar Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. Klúku og Gröf og hafa þá bæði býlin verið í byggð. - DI VI, 255-56.

JÁM VI, 302; Bstbók, 91; Ö-Stakkadalur, 6-7.

**Ba-131:009** gata leið
"Landamerki þessa eyðilands [Kluku og Grafar]halda menn vera á eina síðu lækinn sem rennur alla götu við Klúku, en á aðra síðuna garðinn milli Grafar og Stakka (þeirra jarðar) landareignar, og sjónhending þaðan sem garðurinn sleppur ofan í Djúpavað. Að neðanverðu endi landið reiðgöturnar, sem gánga úr eftir fitinni, so þetta kóngsland hafi aldri sjónum náð."

JÁM VI, 302

**Ba-131:010** *Kvíaskriða* örnefni kvíar
"Ef við snúum nú við og höldum heim frá Klúku neðan hólanna, er þá fyrst Nýjaskriða. Heimar er Kvíaskriða."

Ö-Gröf, 1.

**Ba-131:011** *Breiðavað* heimild vað
"Breiðavað er svo á merkjum mót Króki og lá þar yfir Illaál, en það var seil, er liggur úr Krókshúsaá rétt hjá Vaðgranda."

Ö-Gröf, 2.

**Ba-131:012** *Vaðagrandi* örnefni vað
"Neðan við túnið er mýri, sem nefnd er Partur ... Neðan við Partinn heitir Vaðagrandi [eða Vaðarimi]."

Ö-Gröf, 2.

**Ba-131:013** *Bæli* heimild fjárhús
"Ofan túns eru Bæli, efri og neðri. Á neðra-Bæli var fjárhús."

Ö-Gröf, viðb.

**Ba-131:014** garðlag landamerki
"Landamerki þessa eyðilands [Kluku og Grafar]halda menn vera á eina síðu lækinn sem rennur alla götu við Klúku, en á aðra síðuna garðinn milli Grafar og Stakka (þeirra jarðar) landareignar, og sjónhending þaðan sem garðurinn sleppur ofan í Djúpavað."

JÁM VI, 302

## Ba-132 Stakkar

48 hdr. 1703. Bænhús á miðöldum. Jörðinni er skipt í 3 býli 1703, Stakka 24 hdr., Stóra Krók 12 hdr. og Krókshús 12 hdr. Hjáleigur með þeim Litli Krókur, Kvíarhólar og Hesthús komnar í eyði 1805. Fyrst getið um 1195 - Sturl, 890. "Bæirnir Krókur, Krókshús og Stakkar höfðu áður óskiptar landsnytjar, aðrar enheyskap, eru þeir kallaðir Miðsandur, er það hið forna höfuðból Stakkar ... Litli-Krókur, Kvíarhólar og Hesthús eru forn eyðikot á þessum slóðum." Bstbók, 91.

1446 eru S. 50 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 10 kúgildi - DI IV, 691. 15.4.1480 fær Einar Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. S. - DI VI, 255-56. 1509 eru S. 48 hdr jörð meðal eigna Bjarna Andréssonar sem þá var látinn - DI VIII, 267. 22.2.1569 selur sr. Jón Þorleifsson Eggerti Hannessyni hálfa Stakka - DI XV, 231-33. 1576 eru hálfir Stakkar 24 hdr. jörð í eigu Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103.

1920: 3,5 ha. garðar 825 m2, 2/3 sléttað. 1840: "[góð grasjörð og allgóð útigangsjörð með heygjöf - hefur] stórum tapað sér af skriðuföllum og [er undirorpin] mestu háskasemdum." SSV, 212.

**Ba-132:001** *Stakkar* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-132:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-132:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-132:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-132:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-132:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-132:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-132:008** garðlag landamerki
"Landamerki þessa eyðilands [Kluku og Grafar] halda menn vera á eina síðu lækinn sem rennur allagötu við Klúku, en á aðra síðuna garðinn milli Grafar og Stakka (þeirra jarðar) landareignar, og sjónhending þaðan sem garðurinn sleppur ofan í Djúpavað.
JÁM, 302
**Ba-132:009** heimild bænhús
Stakkar á Rauðasandi (VB) (Saurbæjarþing) - bænhús
1509: [á annar leiguliðinn á Stökkum að] svara bænhússkyld. 1703: Þar hefur til forna bænhús verið en fyrir löngu fallið og aflagt, meina sumir fyrir reformationen.
DI VIII, 268; JÁM VI, 302
**Ba-132:010** *Litli Krókur* heimild býli
"Lengi bygð hjáleiga. Jarðardýrleiki er áður talinn í aðaljarðarinnar dýrleika, og tíundast þetta kot öngvum." - "Þar sem húsin eru fyrir utan Krókshól, er kallað Litli-Krókur. Það var nafn á einni hjáleigunni 1703."
JÁM, 305; Ö-Krókur, 1.
**Ba-132:011** *Kvíarhólar* heimild býli
"Önnur hjáleiga Qviar hoolar, bygð fyrir 40 árum ongefer. Jarðardýrleiki er áður reiknaður í aðaljarðarinnar dýrleika, en tíund gelst engum." "Þar sem húsin eru fyrir utan Krókshól, er kallað Litli-Krókur. Það var nafn á einni hjáleigunni 1703. Út af honum er nefnt Kvíhólar. Þar eru tveir balar með lægð á milli; var það nefnt Djöflaþúfur. ... Þar var býli."
JÁM, 305; Ö-Krókur, 1.
**Ba-132:012** *Hesthús* heimild býli
1710: "Þriðja hjáleigan, Hesthuus, bygð innan 60 ára. Dýrleikinn talinn í heimajörðinni sjálfri, en tíundast öngvum." "Parturinn hét í Krókshúsalandi neðan við túnið. Þar var hesthús. ... Parturinn var gamalt býli. ... Reist var býli þar sem hesthús var í Partinum og var kallað Hesthús." 1840: "Eyðijarðir eru frá fornöld margr, nfl. ... Hesthús ... [niðurfallin] í harðindunum 1784-85."
JÁM, 305-306; SSV, 213; Ö-Krókur, viðb.
**Ba-132:013** *Grátsteinn* örnefni
"Utan frá Lambavatnsmerkjum er þá fyrst að nefna að í hvamminum ... eru lindir, sem heita Ytri-Hvammskelda og Innri-Hvammskelda. Hvammkshóll er grýttur og grár upp í hlíðarrótum. Þar innar eru sléttar grundir, sem heita Vellir. Þar er á skriðunni lítill steinn, Grátsteinn, og er sagt, að þar hafi konur kvatt menn sína, er þeir fóru í verið."
Ö-Stakkar, 2.
**Ba-132:014** *Kvíarvellir* heimild stekkur
"Innar og ofar [en 013] með hlíðinni er hóll, sem heitir Stakkhóll. Vestan við hann innst á Völlunum er Stekkur." "Stekkur var rétt, hlaðin úr grjóti og var kölluð kví. Vellirnir voru í daglegu tali kallaðir Kvíarvellir."
Ö-Stakkar, 2;
**Ba-132:015** heimild mógrafir
"... úr Stakkavatni rennur lækur, sem heitir Vatnskrókur. Þar á mýrunum eru tvær tjarnir hvor upp af annari. Sú efri heitir Startjörn. Þar eru mógrafir hjá ..."
Ö-Stakkar, 2.

**Ba-132:016** *Lambhúsflöt* örnefni lambhús
"Svo er á túni Lambhúsflöt út undir skriðu."
Ö-Stakkar, 2.
**Ba-132:017** *Samúelsskurður* renna áveita
"Inn úr vatninu er Samúelsskurður og liggur í Nóntjörn, sem er niður af Vatnsrima og liggur í gegn. Þennan skurð gróf Samúel Eggertsson um aldamót."
Ö-Stakkar, 2-3.
**Ba-132:018** álagablettur
"Í Stakkhól [sbr. 014] er vaxin laut, sem liggur niður hólinn. Hana mátti ekki slá. Ef hún var slegin, átti að koma ólán fyrir búfé. Hún var einu sinni slegin af fólki utan út Kollsvík, sem hafði þarna slægjur. Um veturinn drápust 12 eða 14 lömb af 30, sem þetta fólk hafði þarna, og vissi enginn hvernig á því stóð."
Ö-Stakkar, ath.
**Ba-132:019** *Álakelda* þjóðsaga
"Neðan við Stakkhól [sbr. 014] vestan við Velli heitir Stakkavatn allstórt. Þá er Álakelda, sem liggur niður af Stakkhól innan við Velli og vestan túns." "Þar er auðsjáanlega mikil uppspretta af mýrargasi, þar sem keldan kemur upp úr mýrinni. Gömul munnmæli sögðu, að þar væri fólgið fé, líklega vegna þess að þar sáust vafurlogar."
Ö-Stakkar, 2; Ö-Stakkar, ath.
**Ba-132:020** brunnur vatnsból
"Brunnþúfur: Þar var grafinn brunnur í gamla daga og vatn tekið fyrir Stakka."
Ö-Stakkar, ath.

## Ba-133 Krókur

12 hdr. 1703. Einnig Stóri Krókur, en Litli Krókur var í byggð 1703 en farinn í eyði 1805. Hluti af jörðinni Stökkum. Í eyði fyrir 1942.

1920: 4,6 ha. garðar 1756 m2, 1/2 sléttað. 1840: "[góð grasjörð og allgóð útigangsjörð með heygjöf - hefur] stórum tapað sér af skriðuföllum og [er undirorpin] mestu háskasemdum." SSV, 212. 1942: "Bæirnir Stekkadalur, Gröf, Krókur og Krókshús standa í röð út með hlíðinni og skammt á milli. Allt eru það litlar en notagóðar jarðir, með grasgefnum túnum og grösugum engjum og áveitum. ... Er Krókur góð jörð og var þar vel búið til skamms tíma." Bstbók, 91.

**Ba-133:001** *Krókur* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-133:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-133:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-133:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-133:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-133:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-133:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-133:008** *Hvíluklettur* örnefni áfangastaður
"Upp á háfjalli hér uppi af er Stakkafell. ... Neðar um miðja kletta er hilla, sem heitir Svartahilla. ... Neðan til við Svörtuhillu ... er klettur í skriðunum, sem nefndur er Hvíluklettur. Þar hvíldu menn sig, er gengið var út í Svarthillu." Örnefnaskráin er sögð illa frá gengin. Í athugasemdum er sagt að þessi klettur sé í landi Stakka.
Ö-Krókur, 1.
**Ba-133:009** *Vínhola* örnefni vatnsból
"... niður við tún heitir Grýluurð. ... Inn af Grýluurðum er hár hóll, sem heitir Krókshóll. Niður af honum heitir Bekkir. Þetta allt tilheyrði gamla Stóra-Krók, sbr. 1703. Niður af Bekk er svo Vínholubali, og hjá honum er uppspretta, sem heitir Vínhola. Um liggjandann á þrettándakvöldi breyttist innihald holunnar í vín. Vínholulækur kemur úr holunni."

Ö-Krókur, 1.
**Ba-133:010** *Brunnhola* örnefni vatnsból
"Niður af Grýluurðum [009] er hlíðarkennt, sem nefnt er Brunnenni. Það er gróin skriða og í því er smálækur, sem heitir Brunnholulækur og kemur úr Brunnholu."
Ö-Krókur, 2.
**Ba-133:011** *Kastalabrekka* örnefni
"Efst vestan til í túni Króks er Kastalabrekka. Virðist hún hafa verið vígi, en enginn hefur nefnt hér kastala [?]. Á brekkunni er Kastalabrekkusteinn." "Bergþór Ívarsson segir, að Kastala, sem Kastalabrekka er við kennd, hafi byggt kappi sá, er Hrólfur rauðsenzki hét, og varðist hann þar. En veginn var Hrólfur í Hrólfsvirki á Sandsheiði."
Ö-Krókur, 2; Ö-Krókur, viðb.
**Ba-133:012** *Fjárhúsflötur* örnefni fjárhús
"Fjárhúsflötur er austan við lækinn ..."
Ö-Krókur, 2.
**Ba-133:013** *Djöflaþúfur* örnefni
"Þar sem húsin eru fyrir utan Krókshól, er kallað Litli-Krókur. Það var nafn á einni hjáleigunni 1703. Út af honum er nefnt Kvíhólar. Þar eru tveir balar með lægð á milli; var það nefnt Djöflaþúfur. Þar var margt óhreint á ferðinni." Galdramaður átti að hafa búið í Litla-Króki.
Ö-Krókur, 2; Ö-Krókur, viðb.
**Ba-133:014** renna
"Út af og neðan við Litla-Krók voru Hólar. ... Lómatjörn er beint niður af Hólum, en þó nokkuð langt. Vörsluskurður lá í gegnum mýrina fyrir ofan Lómatjörn og endaði við Krókhústjörn."
Ö-Krókur, viðb.
**Ba-133:015** tóft kvíar
"Upp af Kattahvammi [sem er inn af Vínholu 009] er gömul kví eða tóft, nafnlaus."
Ö-Krókur, viðb.
**Ba-133:016** garðlag landamerki
"Þegar Kattahvammi [015] sleppir var hlaðinn merkjagarður milli Króks og Grafar. Skriða hefur fallið úr fjallinu og yfir Kattarhvamm."
Ö-Krókur, viðb.
**Ba-133:017** heimild vatnsból
"Faðir Jóns veitti Litlalæk heim rétt eftir aldamót. Líklega var það í fyrsta sinn í þessari sveit, sem vatn var látið renna í bæ og fjós."
Ö-Krókur, viðb.
**Ba-133:018** heimild stekkur
"Upp af Krókshól, beint upp af Vínholubala var Stekkur. Þar voru grjótkvíar, hlaðnar. Bakatil var byrgi sem lömb voru látin í, þegar fært var frá. Það var reft og tyrft yfir það. Jón man eftir fráfærum sem barn, en þær voru fallnar niður áður en hann fór að heiman. Stekkurinn er nú alveg horfinn, því þurrkunarskurður, sem liggur eftir endilöngum Rauðasandi fór yfir hann."
Ö-Krókur, viðb.

## Ba-134 Krókshús

12 hdr. 1703, hluti af jörðinni Stökkum. Í eyði fyrir 1942.

1840: "[góð grasjörð og allgóð útigangsjörð með heygjöf - hefur] stórum tapað sér af skriðuföllum og [er undirorpin] mestu háskasemdum." SSV, 212. 1942: "Bæirnir Stekkadalur, Gröf, Krókur og Krókshús standa í röð út með hlíðinni og skammt á milli. Allt eru það litlar en notagóðar jarðir, með grasgefnum túnum og grösugum engjum og áveitum." Bstbók, 91.

**Ba-134:001** Krókshús bæjarstæði býli
Túnakort ekki til.
**Ba-134:002** heimild hesthús
"Parturinn hét í Krókshúsalandi neðan við túnið. Þar var hesthús."

Ö-Krókur, viðb.

**Ba-135 Lambavatn**

30 hdr. 1703. Bændaeign. Naustbrekka hjáleiga 1703 og 1847. Tvíbýli 1942.

1446 er L. með Brekkunni 30 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 8 kúgildi - DI IV, 691.15.4.1480 fær Einar Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. L. - DI VI, 255-56. 1509 er L. 30 hdr jörð meðal eigna Bjarna Andréssonar sem þá var látinn - DI VIII, 267. 30.10.1564 selur Kristín Ólafsdóttir Eggerti Hannessyni 10 hdr í L. - DI XIV, 311-12. 3.7.1567 selur Arngrímur Björnsson, með samþykki konu sinnar Þóreyjar Ólafsdóttur, Eggerti Hannessyni 10 hdr. í L. - DI XV, 419-20. 1576 er L. 30 hdr. jörð í eigu Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. Lambavatnsholt er örnefni á Skörðum í Saurbæjarlandi sem bent gæti til að Lambavatn hafi átt þar skógarítak.

1920: 4,7 ha. garðar 1214 m2, 1/3 sléttað. 1840: "[góð grasjörð og allgóð útigangsjörð með heygjöf - hefur] stórum tapað sér af skriðuföllum og [er undirorpin] mestu háskasemdum." SSV, 212.

**Ba-135:001** *Lambavatn* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.

**Ba-135:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:007** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:008** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:009** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:010** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:011** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:012** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:013** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:014** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-135:015** *Draugasteinn* örnefni draugur
"Fyrir innan Tófukletta [innan við Grjótrif] er ísaldarruðningur, sem kallast Hraun. Hraun ná að Skaufhól, sem er sérkennilegur, stakur hóll, bunguvaxinn en brattari að framan. ... Inn frá Skaufhól liggur malarkambur, sem nefndur er Engisgarður, og slétt svæði fyrir ofan hann er nefnt Engi. Það var áður frá Naustabrekku. Á þessu svæði er stakur móbergssteinn, mórauður og ljótur í laginu, og heitir Draugasteinn."
Ö-Lambavatn, 2.

**Ba-135:016** *Brekkkustekkur* tóft stekkur
"Fyrir innan Engi og Engishól [015] er Stekkjarholt, og liggur Engjagarður að því. Undir því eru rústir, kallaðar Brekkustekkur." Hefur sennileg tilheyrt Naustbrekku.
Ö-Lambavatn, 2-3.

**Ba-135:017** *Káutröð* garðlag
"Inna við Stekkjarholtið [016] er grassvæði, sem heitir Káutröð. Í máldögum mun það kallað Gáutröð eða Gæutröð. Þarna hefur verið sáðreitur, og sést þar enn fyrir görðum."
Ö-Lambavatn, 3.

**Ba-135:018** heimild skotbyrgi
"Í einu horninu [á 017] hefur verið tóft, e.t.v. tófuskýli." Bóndinn í Naustbrekku hélt til í kofanum þegar hann var að slá.
Ö-Lambavatn, 3; Ö-Lambavatn, ath, 2-3.

**Ba-135:019** *Gildruhóll* heimild refagildra
"Fyrir innan Stekkjarholtið eru Gildruhólsskriður. Vatn ryðst það niður í leysingum, an annars er þarna þurrt. Skriðurnar eru í kringum hól, sem heitir Gildruhóll og er fyrir neðan hlíð. Á hólnum var tófugildra, og sést enn móta fyrir hleðslum eftir hana."
Ö-Lambavatn, 3.

**Ba-135:020** hleðsla
"Nokkuð fyrir utan tún og fyrir innan Gildruhól [019] er laut, sem heitir Hvammur, og heiman við hann eru tveir uppgrónir skriðuhryggir eða ásar með lautum á milli og heita Ytraleiti og Heimraleiti. Þar eru gamlar hleðslur."
Ö-Lambavatn, 3.

**Ba-135:021** garðlag túngarður
"Þá er komið að túngarði. Var hlaðinn grjótgarður frá hlíðarfótum niður að vatninu [Lambavatni]."
Ö-Lambavatn, 3.

**Ba-135:022** *Reiðgötur* gata leið
"Fyrir Rauðasand, frá Bæjarósi og út á móts við Skaufhól, liggur sandrif, kallað aðeins Rif. Meðfram öllu Rifinu liggur vatnslæna, kölluð Fljót, og nær frá Tófuklettum inn í Bæjarós. ... Á Fljótabökkum heitir Fit, og eftir henni lágu Reiðgötur áður."
Ö-Lambavatn, 4.

**Ba-135:023** *Grettistak* örnefni
"Norðvestur í túni er allmikið stórgrýti, og heitir einn stærsti steinninn Grettistak. Hann hefur staðnæmzt á öðrum steini, og væri hægt að velta honum með járnkalli."
Ö-Lambavatn, 4.

**Ba-135:024** *Hesthúspartur* örnefni hesthús
"Frá túngarði ofan götu og heim að bæ var túninu skipt í parta: Fyrst var Yztipartur, öðru nafni Hesthúspartur, en hann er nú horfin í túnið."
Ö-Lambavatn, 4.

**Ba-135:025** *Breiðapartsgarður* garðlag
"Frá túngarði ofan götu og heim að bæ var túninu skipt í parta: Fyrst var Yztipartur, öðru nafni Hesthúspartur, en hann er nú horfinn í túnið. Þá var Mjóipartur og síðan Breiðipartur og á honum Breiðapartsgarður."
Ö-Lambavatn, 4.

**Ba-135:026** heimild hesthús
"Á Breiðaparti [025] var hesthús."
Ö-Lambavatn, 4.

**Ba-135:027** heimild fjárhús
"Á Breiðaparti [025] var hesthús. Friðrikshundruð voru næst, frá fjárhúsum og að Neðribæjarhesthúsi ..."
Ö-Lambavatn, 4.

**Ba-135:028** heimild hesthús
"Á Breiðaparti [025] var hesthús. Friðrikshundruð voru næst, frá fjárhúsum og að Neðribæjarhesthúsi ..."
Ö-Lambavatn, 4.

**Ba-135:029** heimild hesthús
"Á Breiðaparti [025] var hesthús. Friðrikshundruð voru næst, frá fjárhúsum og að Neðribæjarhesthúsi, og á þeim var hesthús frá efri bænum, meðan tveir bæir voru á Lambavatni."
Ö-Lambavatn, 4.

**Ba-135:030** *Hjallhóll* heimild hjallar
"Efst í túni er Hjallhóll, grashóll, þar sem fiskhjallar hafa verið áður."
Ö-Lambavatn, 4.

**Ba-135:031** *Tóftir* tóft
"Inn af Hjallhól [030] voru gamlar húsatóftir, kallaðar Tóftir."
Ö-Lambavatn, 4.
**Ba-135:032** heimild rista
"Fyrir neðan Þembu [túnið fyri neðan bæ] er votlendur engjateigur, þar sem Bæjarlækurinn rennur í vatnið, og heitir Votipartur. Ekki var mikill mór þar, heldur torf."
Ö-Lambavatn, 5.
**Ba-135:033** garðlag vörslugarður
"Fyrir neðan [032], áframhald af Votaparti, er Lambhagi meðfram vatninu. Lambhagi er tangi, sem myndast milli Króks og vatnsins, austan við Krókinn. Í Lambhaga hafa lömb verið höfð og sér það fyrir garði."
Ö-Lambavatn, 5.
**Ba-135:034** *Gálgasteinar* örnefni
"Fyrir innan Traðir er Leiti, grýtt holt og hálfgróið. Það nær inn að Hvammi, þar sem merkin eru milli Lambavatns og Stakka. Á Leitinu eru stórir steinar, sem heita Gálgasteinar."
"Þetta eru tveir steinar og stutt á milli þeitta. Mætti vel hugsa sér, að tré hefði verið lagt á milli þeirra."
Ö-Lambavatn, 6; Ö-Lambavatn, ath, 2.
**Ba-135:035** heimild mógrafir
"Frá Hvammi og niður eftir Mýrunum, alveg að merkjunum, hét Sortáll, en nú er það allt þurrt orðið. Niður af Leiti og alveg heim undir bæ eru Lambavatnsmýrar eða Mýrar. Þar fyrir neðan eru Mógrafir, og Mógrafarimi er nær Deildunum. Mógrafir eru fjær bæ en Þrætupartur." "Mór var tekinn upp líklega til 1953-1954."
Ö-Lambavatn, 6; Ö-Lambavatn, ath, 2.
**Ba-135:036** renna áveita
"Bæjarlækur kemur upp í Hvammi. Grafinn var skurður með Leitinu, eftir Álfari, heim undir bæ og áfram úr í Lambavatni, sem lækurinn rennur eftir."
Ö-Lambavatn, 6.
**Ba-135:037** *Álfasteinn* örnefni huldufólksbústaður
"Milli Ytra- og Heimraleitis er stór steinn, sem kallaður var Álfa- eða Grýlusteinn. E.t.v. er það nafn búið til af krökkum."
Ö-Lambavatn, ath, 1.
**Ba-135:038** heimild rista
"Þegar Gylfi var að alast upp, var rist torf í mýri niður undir Tröðum. Þar er stór steinn, sem kallaður var Ristusteinn. Yfir hann voru torfurnar lagðar til þess að láta síga úr þeim vatnið. Torfið var haft til að þekja með hey."
Ö-Lambavatn, ath, 2.
**Ba-135:039** heimild rista
"Í mýri niður undir Leiti [034] var rist torf, sem haft var í einangrun í tvö hús á Patreksfirði, líklega um 1948."
Ö-Lambavatn, ath, 2.
**Ba-135:040** *Leitisgarður* garðlag túngarður
"Á Leiti [034] er túngarður, sem kallaður var Leitisgarður. Þar var einnig kálgarður samnefndur, og var túngarðurinn einn veggur kálgarðsins."
Ö-Lambavatn, ath, 2.
**Ba-135:041** *Leitisgarður* garðlag kálgarður
"Á Leiti [034] er túngarður, sem kallaður var Leitisgarður. Þar var einnig kálgarður samnefndur, og var túngarðurinn einn veggur kálgarðsins."
Ö-Lambavatn, ath, 2.
**Ba-135:042** *Stöðull* heimild kvíar
"Kýr voru mjólkaðar á Stöðli í minni Gylfa Guðbjartssonar. Stöðullinn er 5-10 mín. gang heiman frá bæ."
Ö-Lambavatn, ath, 2.
**Ba-135:043** þjóðsaga
"Ef við förum aftur út að Skaufhól er flöt utan og neðan við hann, sem nær niður að Fljóti og heitir Selgresi. Upp af Grjótrifinu ... er slétt brík, sem heitir Síðaskegg. Í því er gat upp við brún. Úr Síðaskeggi kom skessan, er elti sr. Jón, eins og frá er sagt annars staðar."

Þeir sem skrifa endurbættu skrána telja þessa skrá eftir Ara Gíslason frekar varasama, og kannast ekki við þessa sögu.

Ö-Lambavatn, gamla skráin, 3.

**Ba-136** **Naustabrekka**

Hjáleiga Lambavatns, dýrleiki reiknast með Lambavatni. Í eyði nú. Á Naustabrekku höfðu Rauðasandsbændur uppsátur - SSV, 212. 1942: "Við Forvaðann [019] eru landamerki milli Naustabrekku og Keflavíkur. Er meiri hluti hlíðarinnar í Keflavíkurlandi, en notast erfiðlega þaðan, en er Naustabrekku ómissandi. Sauðabeit er þar ágæt." Bstbók, 93.

1920: 3 ha. garðar 450 m2, 1/2 sléttað. 1840: "Þessi jörð er góð til útigangs, en graslítil." SSV, 212. 1942: "Er bærinn fyrir utan Brekkusanda, en engjarnar inni í Sandfit. Graslendi er ekki heima, annað en túnið, og dálítill bithagi. Er túnið fremur hart og greiðfært. Mótak er þar ekkert, en reki bætir úr. Fjörubeit er góð, og sauðbeit á Brekkuhlíð, en ærið er hún sæbrött. Vestan við túnið eru hamrar og gjögur, heitir þar Básar, er þar góð lending í norðan og norðaustanátt, og fiskur oft skammt undan. Annars er engin lending á öllu Rauðasandi ... Reki er allmikill á Naustabrekku, eins og víðar á Rauðasandi." Bstbók, 91.

**Ba-136:001** *Naustabrekka* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-136:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-136:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-136:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-136:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-136:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-136:007** *Húsatún* örnefni
"Um túnið rennur lækur, sem heitir Bæjarlækur. Utan við hann er Húsatún."
Ö-Naustbrekka, 1.
**Ba-136:008** *Hesthúshóll* örnefni hesthús
"Um túnið rennur lækur, sem heitir Bæjarlækur. Utan við hann er Húsatún. Hesthúshóll er stór hóll fremst í túninu." "Hesthúshóll er innst í túninu."
Ö-Naustbrekka, 1; Ö-Naustbrekka, ath.
**Ba-136:009** garðlag
"Þvert yfir túnið liggur garður. Þar hefur verið haft í seli."
Ö-Naustbrekka, 2.
**Ba-136:010** heimild sel
"Þvert yfir túnið liggur garður. Þar hefur verið haft í seli."
Ö-Naustbrekka, 2.
**Ba-136:011** heimild leið
"Klifhyrna er hæsta hyrnan fyrir utan hvolfið, sem er upp af bænum. Hvolfið heitir inn að næstu hyrnu Ytri-Brekkudalur og Innri-Brekkudalur. Brekkudalshryggur er þar hæst uppi, þar sem hallar yfir í Dalverpið. Í Klifhyrnu er gjóta alla leið af Brún, er heitir Klifgjóta. Hún var vetrarvegur, þegar brekkan var ófær sökum svella og snjóa."
Ö-Naustbrekka, 2.
**Ba-136:012** *Rauðigangur* gata leið
Inn frá Klifhyrnu [011] liggur Rauðigangur." "Rauðigangur er stuttur þræðingur, 30-40 faðmar frama í hjalla."
Ö-Naustbrekka, 2; Ö-Naustbrekka ath.
**Ba-136:013** *Húsakambur* heimild leið
"Húsakambur er upp af fjárhúsum á túninu, eins og sprungið klettanef, þar sem ganga mátti upp og niður, því skafl myndaðist ekki þar."
Ö-Naustbrekka ath.
**Ba-136:014** heimild fjárhús

"Húsakambur er upp af fjárhúsum á túninu, eins og sprungið klettanef, þar sem ganga mátti upp og niður, því skafl myndaðist ekki þar."

Ö-Naustbrekka ath.

**Ba-136:015** heimild uppsátur

1840: Naustabrekka "hvar Rauðasandsbændur hafa skipsuppsátur."

SSV, 212.

**Ba-136:016** *Básar* heimild lending

1942: "Vestan við túnið eru hamrar og gjögur, heitir þar Básar, er þar góð lending í norðan og norðaustanátt, og fiskur oft skammt undan."

Bstbók, 91.

**Ba-136:017** heimild leið

1942: "Frá Naustabrekku liggur vegur í Víkur og Örlygshöfn. Liggur leiðin upp Naustabrekkuna, sem er snarbrött klettahlíð, ekki mjög há; er gatan í sneiðingum um klettasyllurnar. Leið þessi er oftast ófær hestum á vetrum og stundum líka gangandi mönnum. Reyna þá gangandi menn að komast lítið eitt utar, og hefir þó legið við slysi stundum. Þegar komið er á brún, beysgist vegurinn út eftir þverhníptum hamrabrúnum, sem heita Hyrnur. Liggur sú leið í Keflavík [sbr. 018]"

Bstbók, 93.

**Ba-136:018** *Kerlingaháls* heimild leið

1942: "Þegar komið er á brún [sbr. 017], beygist vegurinn út eftir þverhníptum hamrabrúnum, sem heita Hyrnur. Liggur sú leið í Keflavík. Er gatan þar víða svo tæp, að sjá má fram af hengifluginu og fjörugrjótið beint fyrir neðan. Heitir leið þessi Kerlingaháls. Er mælt, að hann dragi nafn af kerlingum tveimur, sem voru á ferð eftir brúnunum, og gekk sú, sem síðar fór, jafnan í spor hinnar. Þetta mislíkaði þeirri, sem á undan var, og hafði orð um; en hin lét sér ekki segjast. Fikraði sú fyrri sig alltaf tæpara og tæpara eftir brúninni, en hin fylgdi jafnan á eftir og var kominn mesti móður í báðar kerlingarnar. Þegar ekki varð tæpara gengið, stígur sú fyrri fram af brúninni og segir um leið: "Gakk þú nú í sporin mín bölvuð!" Lét hin ekki segja sér það tvisvar, og fóru svo báðar kerlingarnar fram af fluginu, og segir ekki af þeim meir."

Bstbók, 93.

**Ba-136:019** *Forvaði* heimild leið

1942: "Meðfram fjöru [fyrir Brekkuhlíð] er ekki fært, nema um lágsjávað, því að sjór gengur í berg á tveim stöðum. Skaga þar fram tvö hamraklif, heitir annað þeirra Forvaði. Gat er í gegnum Forvaðann, og getur maður smogið þar í gegn um lágsjávað, ef brimlasut er, og eigi meira en meðalgildur, en gildvöxnum mönnum mun reynast það erfitt og þröngt. Tök eru upp að fara í glufu þessa. Verður að sæta þessari leið ef harðfenni er í skriðunum. Er það kallað að "fara í gat"."

Bstbók, 93.

## Ba-137 Keflavík

12 hdr. 1703. Bændaeign. Í eyði fyrir 1959.

1458 var K. 12 hdr. jörð meðal eigna Kristínar Björnsdóttur - DI V, 163. 15.4.1480 fær Þorleifur Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. K. - DI VI, 255-56. 17.4.1480 selur Þorleifur Björnsson Gísla Filippussyni K - DI VI, 257. 6.10.1483 gefur Gísli Filippusson Dýrfinnu dóttur sinni í heimanfylgju ámóts við Jón Jónsson K. fyrir 12 h. DI VI, 501 sbr 607. 1514 gaf Jón Jónsson Íslendingur 1/6 af öllum reka í K. til Sauðlauksdalskirkju - DI VIII, 517. 3.12.1533 bar sr. Filipus Jónsson að foreldrar hans, Jón Jónsson Íslendingur og Dýrfinna Gísladóttir, hefðu gefið sér K. í tannfé en hann hefði gefið jörðina bróður sínum Koðráni Jónssyni til kvonarmundar - DI X, 69. 28.8.1539 fær Ögmundur biskup Daða Guðmundssyni m.a. K, sem hann hafði fengið af séra Filipusi Jónssyni og Dýrfinnu Gísladóttur móður hans - DI X, 469-70. 21.8.1543 fær séra Filipus Jónsson Guðrúnu Björnsdóttur eldri K. til eignar fyrir 12. hdr - DI XI, 248-49 sbr. 492-93. 1576 var K. 12 hdr. jörð í eigu Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. Fór í eyði 1933. Keflavík á Brekkuhlíð inn að Forvaða en Keflavíkurbjarg út að forvaðanum Gorgán.

1920: 2,7 ha. garðar 618 m2, 1/4 sléttað. 1840: "graslítil jörð, en fjöru- og útigangsjörð með heimræði." SSV, 212. 1942: "Er bær þesi afskektur og einangraður. ... Frá Keflavík voru jöfnum höndum stundaðir sjóróðrar og bjargferðir í Látrabjarg, bæði til fuglveiða og eggja ... Keflavík mun löngum hafa verið talin notasæl jörð, þótt ekki sé þar heyskapur mikill, hvorki á túni né utan túns. Sauðland er kjarngott, bæði sumar og vetur. Fjörusæld er mikil og veðursæld í öllum áttum. Trjáreki er þar all-mikill og bjargið gagnsamt ..." Bstbók, 93-94. 1959: "Þar er þröngt um og hrjóstrugt, þó er sæmilega grasgefið kringum bæjarstæðið, sem er skammt frá sjó ... Kostir kotsins eru: útræði, reki, hlunnindi af fugli í Bjarginu og óþrjótandi útbeit og fjörubeit. ... Aðstaða er óhæg í fjöru og lítið pláss fyrir báta." ÁFÍ 1959, 116.

**Ba-137:001** *Keflavík* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-137:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-137:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-137:004** heimild verbúð
"Þar gánga nú [1703]: 2 áttræðingar, 2 6-æringar, 3 5-mannaför. Engin fleiri skip um vertíðina. Öll þessi skip á Guðrún Eggertsdóttir." 1710: "Verstaða er þar, og sækja þángað Rauðsendíngar til fiskjar. Þerrar búðir eru þar engar. Vermannabúðir eru þar nú 7. Hafa stundum verið færri, stundum og 8. Þar við liggja vermenn um vorvertíð, sem byrjast með sumri eður seinna (eftir því sem árar), og endast nú um Maríumessu (þíngmaríumessu), tilforna Jónsmessu ..."
1942: "Í Keflavík var fyrrum veiðistöð, allt fram um miðja síðustu öld. ... Veiðistöð í Keflavík mun að mestu hafa lagzt af, þegar saltfiskverkun hófst í nálægum veiðistöðvum, eftir 1870. Er mjög erfitt með flutninga í Keflavík, bæði á salti og fiski."
JÁM VI, 309; Bstbók, 93-94.
**Ba-137:005** heimild lending
1710: "Lendíng er þar brimasöm þó sækjandi." 1942: "Lending er góð í Keflavík í norðan og austan átt, en brimasamt í allri hafátt."
JÁM VI, 310; Bstbók, 94.
**Ba-137:006** heimild uppsátur
"Uppsátur er þröngt mjög, í aðallendíngunni, ei nema fyrir 3 eða 4 skip." JÁM VI, 310.
**Ba-137:007** heimild uppsátur
"Í öðrum stað [en 010] er rýmra uppsátur (fyrir 12 skip eður fleiri), en þar er hætt lendíng ..."
JÁM VI, 310.
**Ba-137:008** heimild lending
"Í öðrum stað [en 010] er rýmra uppsátur (fyrir 12 skip eður fleiri), en þar er hætt lendíng, þá illt er í sjóinn og öngvir reitir til að leggja fisk á, verða og ei vel gjörðir, sökum grjótsins, stærðar og óhentugleika."
JÁM VI, 310.
**Ba-137:009** *Innstabúð* tóft verbúð
"Meðan útræði var úr Keflavík, voru verbúðir innan til við ána, og sjást tóftirnar enn. Innst voru Innstabúð og Litlabúð, sem voru hlaðnar saman, grjótveggur á milli." Sennilega sama og 004-011.
Ö-Keflavík, 4.
**Ba-137:010** *Litlabúð* tóft verbúð
"Meðan útræði var úr Keflavík, voru verbúðir innan til við ána, og sjást tóftirnar enn. Innst voru Innstabúð og Litlabúð, sem voru hlaðnar saman, grjótveggur á milli." Sennilega sama og 004-011.
Ö-Keflavík, 4.
**Ba-137:011** *Hagamannabúð* tóft verbúð
"Yzt og næst ánni var Hagamannabúð og fyrir ofan hana Haugbúð." Sennilega sama og 004-011.
Ö-Keflavík, 4.
**Ba-137:012** *Haugbúð* tóft verbúð
"Yzt og næst ánni var Hagamannabúð og fyrir ofan hana Haugbúð." Sennilega sama og 004-011.
Ö-Keflavík, 4.
**Ba-137:013** *Árdalsbúð* tóft verbúð
"Árdalsbúð var fyrir ofan Hagamannabúð, upp með ánni. Hún var höfð fyrir fjárhús en var áður verbúð." Sennilega sama og 004-011.
Ö-Keflavík, 4.
**Ba-137:014** *Hæstabúð* tóft verbúð
"Upp af Haugbúð var Hæstabúð. Ekki er nú vitað, hverjir áttu og notuðu þessar búðir, en í skrá A.G. [Ara Gíslasonar] er þess getið til, að Hagi á Barðaströnd og Haugur (Auðshaugur) á Hjarðarnesi hafi átt tvær þeirra." Sennilega sama og 004-011.
Ö-Keflavík, 4.
**Ba-137:015** vegur leið

"Nú er farið upp Kerlingarháls, en um hann var farið inn á Rauðasand. Þar átti að heita ruddur vegur, eftir því sem áður gerðist. ... vegurinn liggur rétt fyrir framan Þrotið og upp á Helguþúfuna. Þegar komið er niður úr brekkunum, sem heita Skekkingar, er komið að Helguþúfu, og liggur Klifberjabrjótur þaðan og fram að Dalverpi. Er það nokkuð löng vegalengd. Upp við brún á hálsinum eru Systrabrekkur. Þær eru beint upp frá bæ; var farið um skarðið í Klyfberabrjót og upp á Systrabrekkur."

"Sögn er um nafnið Kerlingarháls: Kerlingar tvær voru að fara inn yfir hálsinn og metuðust á að stíga sem lengst til og feta í för hvorrar annarrar. Þá segir önnur, er hún steypir sér fram af og niður á Brekkuhlíð: "Fetaðu nú í förin mín", og fór hin síðari á eftir."

Ö-Keflavík, 4-5.

**Ba-137:016** *Systur* varða

"Á Systrabrekkur [023] eru tvær vörður, kallaðar systur. Þær bera við himin frá bæ séð."

Ö-Keflavík, 5.

**Ba-137:017** *Kötludý* þjóðsaga fjársjóður

"Nú verður farið heim eftir Árdalnum frá sjó, austan árinnar, heldur innar, en þar sem farið var upp á hálsinn. Þegar komið er upp hjá Bökkunum fyrrnefndu, taka við Hólar, þrír hólar. Þeir eru grasi vaxnirog grjót í. ... Milli hólanna er dý, sem heitir Kötludý. Þar á að vera grafinn ketill með peningum í. Vatnið úr því rennur í Árgilið."

Ö-Keflavík, 5-6.

**Ba-137:018** álagablettur

1942: "Í Keflavík er álagablettur, er það grasbrekka niður með ánni að austanverðu fyrir neðan túnið. Er það huldufólksengi og má ekki slá þar, og hefir þótt illa gefast, ef út af var brugðið, ýmis óhöpp steðjað að skepnum, er það hey fengu, að sögn."

"Framan við Kötludý [026] er álagablettur á engjunum. Er það grasbrekka niður að ánni austanvert, neðan túns. Var sagt, að þetta væri huldufólksengi, sem ekki mætti slá."

Bstbók, 94; Ö-Keflavík, 6.

**Ba-137:019** heimild fjós

"Nokkuð fyrir framan bæinn, ofan við Bæjarlæk, er Klíningshóll. Það er kringlóttur hóll, er gott var að þurrka á. Skammt frá honum stóð fjósið."

Ö-Keflavík, 6.

**Ba-137:020** *Bæli* örnefni kvíar

"Hæst á túni, upp af Bergjamýri og nær ánni, er Bæli. Var sagt að fara "fram á Bæli". Þar mun fé hafa verið bælt á nóttunni í fyrri tíð. Fráfærur voru löngu niður lagðar í Keflavík, þegar Hafliði átti þar heima."

Ö-Keflavík, 6-7.

**Ba-137:021** *Húsadalur* örnefni

"Fyrir ofan túnið eru hjallar, sem heita Bergir. Þeir ná fram undir Árgil. Þar má heita gróðurlaust. ... Innan til við Bergi er laut, sem heitir Húsadalur. Þar er bleyta og mýrar og þaðan kemur Bæjarlækurinn."

Ö-Keflavík, 7.

**Ba-137:022** *Bræður* varða

"Lægðin, þar sem Keflavík begir til austurs (þ.e. dalurinn), heitir Dalverpi. Þar sem Dalverpi byrjar, eru tvær vörður, sem heita Bræður. ... Vörðurnar eru norðaustur frá bæ við götuna, sem farin var að Sauðlauksdal. Vörðurnar eru nokkuð fyrir framan Árgil, en það er gil, sem áin rennur eftir fyrir heiman tún."

"Í skrá A.G. [Ara Gíslasonar] segir, að þær séu hlaðnar af þeim bræðrum, Össuri skáldi Össurssyni og Jóhanni, bróður hans. Jóhann átti heima í Dýrafirði. Þegar hann heimsótti bróður sinn, kvöddust þeir þarna og hlóðu þessar vörður. Hafliði hefur ekki heyrt þessa sögu."

Ö-Keflavík, 7-8.

**Ba-137:023** heimild leið

"Lægðin, þar sem Keflavík begir til austurs (þ.e. dalurinn), heitir Dalverpi. Þar sem Dalverpi byrjar, eru tvær vörður, sem heita Bræður. ... Vörðurnar eru norðaustur frá bæ við götuna, sem farin var að Suðlauksdal."

Ö-Keflavík, 7.

**Ba-137:024** *Konráðarvarða* varða

"Þegar haldið er lengra fram dalverpið, u.þ.b. hálftíma gang, er komið að vörðu, er heitir Konráðarvarða. Hún mun vera ævagömul. Segir í skrá A.G., að getið sé um þann, sem hlóð hana, í fornum ættartölum. Þessi varða er undravel hlaðin. Hún er mjóst neðst og hlaðin á tveimur steinum, eins og á hlóðum, og var hægt að rugga henni til. Var sagt, að lengi vel hafi ekki verið hægt að koma í hana hníf."

Ö-Keflavík, 8.

**Ba-137:025** vegur leið

"Vegur liggur utan úr víkum bak við Keflavík um Beinavörðubrekkur í Dalverpi og neðan Sandhúfubrekkur. Þá er komið á Kerlingarháls og örstutt að Miðhyrnu; þar mætast vegirnir."

Ö-Keflavík, 8.

**Ba-137:026** *Arnarvörður* varða

"Dalverpi endar við Arnarvörður, en þar er hákjölurinn milli Keflavíkur og Sauðlauksdals. Arnarvörður eru tvær."

Ö-Keflavík, 8.

**Ba-137:027** *Franskir* örnefni legstaður

1942: "[Á hlunkurholti heita] Fransar. Er mælt að franskir ræningjar hafi verið dysjaðir þar."

"Þá verður farið út fyrir Keflavíkurá. Utan við ána verður fyrst fyrir stórt malarholt, nokkurn veginn kringlótt í lögun og slétt að ofan. Það heitir Hlunkurholt. ... Holtið má heita gróðurlaust. Bakkar niður af því innan til heita Franskir, og eru þeir lægri en annars staðar. Bakkarnir niður að Hlunkurholti niður að víkinni eru annars snarbrattir. Sagt er, að franskir menn hafi farizt þarna og verið dysjaðir."

Bstbók, 94; Ö-Keflavík, 9.

**Ba-137:028** heimild hjallur

"Á Frönskum [038] hefur verið hjallur og naust."

Ö-Keflavík, 9.

**Ba-137:029** heimild naust

"Á Frönskum [038] hefur verið hjallur og naust."

Ö-Keflavík, 9.

**Ba-137:030** *Kapteinseyri* örnefni legstaður

"Í skrá A.G. er nefnd Kapteinseyri, lítil slétt eyri utan við Franska. Sagt er, að þar eigi skipstjórinn að vera grafinn ... Hafliði þekkir ekki þetta nafn og ekki söguna."

Ö-Keflavík, 9.

**Ba-137:031** *Heimamannabúð* tóft verbúð

"Vestan við Hlunkurholt eru Ormar [038], lægð,sem liggur með holtinu, í sveig kringum það. Ormar heita alla leið frábæ. Þar er töluvert mýrlent á stykkjum. Ormalækur rennur eftir Ormum og til sjávar. ... Við Ormslæk eru tóttir af verbúðum, og einnig hafa verið þar kræ til að hita kaffi og sjóða, lítil byrgi. Svæðið, þar sem tóttirnar eru, alveg við Ormalæk, heitir Gjóðra. ... Franskir og Gjóða eru sitt hvoru megin á Hlunkurholti. Ein búðanna hét Heimamannabúð. Hafliði man hana uppistandandi. Sá , sem síðastur réri úr Keflavík, notaði þá búð. Það var Sveinn, afi Magnúsar Torfa Ólafssonar. Hann réri úr Keflavík alveg um aldamótin, en Hafliði er ekki viss um, hvort það var fyrir þau eða eftir. Sveinn ætlaði út fyrir til að róa, að Brunnum, Látrum eða eitthvað annað. Það var norðanátt, svo að ekkert gaf þangað, og fór hann þá ekki lengra en í Keflavík. Lendingin var upp í sandinn, nefnd Stöð." Sennilega sama og 004-011.

Ö-Keflavík, 9-10.

**Ba-137:032** heimild hlóðir

"Vestan við Hlunkurholt eru Ormar [038], lægð,sem liggur með holtinu, í sveig kringum það. Ormar heita alla leið frábæ. Þar er töluverðt mýrlent á stykkjum. Ormalækur rennur eftir Ormum og til sjávar. ... Við Ormslæk eru tóttir af verbúðum,. og einnig hafa verið þar kræ til að hita kaffi og sjóða, lítil byrgi." 1942: "Utanvert við [Hlunkurholt] heitir Ormalækur. Má þar enn sjá rústir af verbúðum."

Ö-Keflavík, 9; Bstbók, 94.

**Ba-137:033** *Stöð* heimild lending

"Sveinn [ sjá 042] ætlaði út fyrir til að róa, að Brunnum, Látrum eða eitthvað annað. Það var norðanátt, svo að ekkert gaf þangað, og fór hann þá ekki lengra en í Keflavík. Lendingin var upp í sandinn, nefnd Stöð. Þarna beygir fjaran, og klettar mynda vinkil, og á bletta er skjól í öllum áttum. Þótti gott að láta fé liggja þarna. Stöðin er rétt niður undir Ormalæknum, hann rennur niður í vinkilinn."

1942: "Einnig voru verbúðir í svonefndri Stöð, fyrir miðjum víkurbotninum." Gæti verið sama og 012 eða 015.

Ö-Keflavík, 10; Bstbók, 94.

**Ba-137:034** tóft sel

"Þá er farið fram í dalinn. Lítið grasgil kemur í Árgil rétt á móti Bræðrum austan ár. Það heitir Bústýrugil. ... Næst því er Seljagil. Þarna eru rústir, frá því er haft var þar í seli. Afi Hafliða hafði í seli. Það mun hafa verið fram undir aldamót, að því er Hafliði telur, þar til milli 1890-1900. Stóðu veggirnir af selinu, þegar Hafliði var barn. Sigríður ömmusystir hans,

mundi vel sel, en ekki er víst, hvort hún var þar sjálf."
Ö-Keflavík, 10.

**Ba-137:035** gata leið
"Næst [við 045] er Svarthamarsgil. Upp með því liggur gata. ... Gatan upp með Svartahamarsgili liggur í Hafnarlautir. Það er stór lægð út í áttina, sem farið er að Gili (í Örlygshöfn) og út í Brúðgumaskarð."
Ö-Keflavík, 11.

**Ba-137:036** *Þjófurð* tóft
"Næst [við 045] er Svarthamarsgil. Upp með því liggur gata. Vestan við Svartahamarsgil er Svartiklettur, langur klettur og talsvert stór. Vatnsagi er í honum, og er hann svartur á bletti. Var hann hafður fyrir mið á sjó. Niður undan honum er Þjófurð. Hún er feikilega stórgrýtt. Í henni eru tvö byrgi, annað auðfundið, hitt ekki."
Ö-Keflavík, 11.

**Ba-137:037** *Þjófurð* tóft
"Næst [við 045] er Svarthamarsgil. Upp með því liggur gata. Vestan við Svartahamarsgil er Svartiklettur, langur klettur og talsvert stór. Vatnsagi er í honum, og er hann svartur á bletti. Var hann hafður fyrir mið á sjó. Niður undan honum er Þjófurð. Hún er feikilega stórgrýtt. Í henni eru tvö byrgi, annað auðfundið, hitt ekki."
Ö-Keflavík, 11.

**Ba-137:038** *Ræningjahóll* þjóðsaga
"Næst [við 045] er Svarthamarsgil. Upp með því liggur gata. ... Gatan upp með Svartahamarsgili liggur í Hafnarlautir. Það er stór lægð út í áttina, sem farið er að Gili (í Örlygshöfn) og út í Brúðgumaskarð. Úr Hafnarlautum kemur Hafnargil, sem rennur til Keflavíkur og í ána, þegar það kemur niður. Í Hafnarlautum er hóll við veginn, sem heitir Ræningjahóll. Sagt er, að þar hafi ræningjar verið drepnir (óvíst, hvort þeir voru einn eða fleiri). Þetta er sérstæður hóll og steinar og gras í honum."
Ö-Keflavík, 11.

**Ba-137:039** *Beinvörðubrekkur* örnefni
"Upp af Hrómundarfæti [sem er framan við Selgil] er Hrómundarbrekka á leiðinni í Örlygshöfn, og þar upp af eru Beinvörðubrekkur. Þær liggja bak við Keflavík og blasa við þaðan. Liggur vegurinn út brekkurnar. Ekki er vitað, hvers vegna Beinvörðubrekkur heita svo. Þar eru engar vörður sjáanlegar."
Ö-Keflavík, 11.

**Ba-137:040** heimild brú
"Beint á móti bæ var brú yfir ána. Þar var lambhús og kringlótt tún, sem nefnt var Hjallatún."
Ö-Keflavík, 11-12.

**Ba-137:041** heimild lambhús
"Beint á móti bæ var brú yfir ána. Þar var lambhús og kringlótt tún, sem nefnt var Hjallatún."
Ö-Keflavík, 11-12.

**Ba-137:042** *Sveinsstekkur* heimild stekkur
"Upp af Hjallatúni [052] var stekkur og garðlag í kring. Það var nefnt Sveinsstekkur. Hafliði man ekki eftir tóftarbrotum þar."
Ö-Keflavík, 12.

**Ba-137:043** *Hjallatún* garðlag túngarður
"Upp af Hjallatúni var stekkur og garðlag í kring. Það var nefnt Sveinsstekkur. Hafliði man ekki eftir tóftarbrotum þar."
Ö-Keflavík, 12.

**Ba-137:044** *Stæðavegur* vegur leið
"Stæðavegur, sem er milli Keflavíkur og Breiðavíkur, er sagður liggja um Stæðaskarð í skrá A.G., en Hafliði þekkir ekki það nafn. Vegurinn liggur sunnan eða suðvestan við Stæður [við Brúðgumaskarð]. Þar er skarð eða lægð, sem hann liggur um."
Ö-Keflavík, 13.

**Ba-137:045** varða
Suðvestan skarðsins [055] er Brunnahæð, sem er há-Látraheiði milli Keflavíkur og Hvallátra. Landmælingavarða frá 1923 er á Brunnahæð."
Ö-Keflavík, 13.

**Ba-137:046** *Gvendarbrunnar* lind
1942: "Vatnslaust er [á Látraheiði] með öllu nema á einum stað. Heita þer Gvendarbrunnar, kenndir við Guðmund biskup

hinn góða, og er mælt að hann hafi vígt uppsprettur þessar. Ferðamenn hafa staðnæmzt við Gvendarbrunna, og skyldi hver maður, er þar fór um í fyrsta sinn, hlaða þar vörðu. Mun sú venja hafa haldizt mjög lengi, enda er þar ótölulegur fjöldi af smávörðum."

"Vegur hefu rnú verið ruddur um Látraheiði til Keflavíkur. Alveg við veginn er Gvendarbrunnur, uppspretta, sem á að vera vígð af Guðmundi góða. Þetta er lítil skál, sem aldrei þrýtur vatn í, en ekkert vatn er sjáanlegt ofanjarðar þar í kring. Skyldi hver maður hlaða þar vörðu í fyrsta sinn, er hann færi það, til þess að villast ekki. Talið er nóg að setja þrjá steina saman. Er mikill fjöldi af vörðum þarna í kring og staðurinn því auðfundinn." Hafliði telur, að Gvendarbrunnur tilheyri Breiðavíkurlandi.

Ö-Keflavík, 13; Bstbók, 95.

**Ba-137:047** *Lyngmannavarða* varða

"Þarna upp á brún, nokkuð fyrir framan veginn til Breiðavíkur, er Lyngmannavarða. Hún stendur á hæð og ber við himin frá bæ séð. Þarna voru brekkur góðar, þegar farið var að rífa lyng, en það var haft til eldiviðar og undir í rúmin."

Ö-Keflavík, 14.

**Ba-137:048** *Hærri-Fuglagötur* gata leið

"Milli Kýrgils og Heiðargils heita Hærri- og Neðri-Fuglagötur. Það eru urðir og skriður, en á þeim neðri er grasflöt, og var þar oft áð með hesta. Um Fuglagötur lá vegurinn niður í víkina, þegar komið var frá Látrum. Það eru sneiðingar, bæði brattir og margir. Rauðsendingar stunduðu bjarg áður fyrr. Þarna sást fyrst til þeirra með hestana, þegar þeir voru að koma af bjarginu."

Ö-Keflavík, 14-15.

**Ba-137:049** *Neðri-Fuglagötur* gata leið

"Milli Kýrgils og Heiðargils heita Hærri- og Neðri-Fuglagötur. Það eru urðir og skriður, en á þeim neðri er grasflöt, og var þar oft áð með hesta. Um Fuglagötur lá vegurinn niður í víkina, þegar komið var frá Látrum. Það eru sneiðingar, bæði brattir og margir. Rauðsendingar stunduðu bjarg áður fyrr. Þarna sást fyrst til þeirra með hestana, þegar þeir voru að koma af bjarginu."

Ö-Keflavík, 14-15.

**Ba-137:050** *Nónvörður* varða eyktamark

"Á háhæðinni út frá Fuglagötum [048-049] eru Nónvörður, sem blasa við frá Keflavík og voru hafðar fyrir eyktamark."

Ö-Keflavík, 15.

**Ba-137:051** *Stígur* heimild leið

"... Keflavíkurbjarg. Það er í raun og veru austasti hluti þess hamraveggjar, sem nefnt er Látrabjarg. ... Neðsti gangurinn heitir Stígur. Það er leiðin út í sjálft bjargið."

Ö-Keflavík, 15.

**Ba-137:052** *Skjaldargangur* heimild leið

"Ýmsir gangar og smáþræðingar eru ofan við Stíg [062], en flestir eru nafnlausir. Einn gangur hefur nafn, Sjaldargangur. Hann er hátt í bjarginu, hæsti gangur, sem kalla má svo. ... Skjaldargangur liggur út í Skjöld og alveg inn í Brimnesgjótu."

Ö-Keflavík, 16.

## Ba-138 Látur (Hvallátur)

30 hdr. 1703. Bændaeign. Landnámsjörð. Þar var bænhús. 1959: "Margbýlt er og hefur verið á Hvallátrum. Er byggðin öll í þorpi nyrzt í víkinni." ÁFÍ 1959, 121.

1458 var B. 30 hdr. jörð meðal eigna Kristínar Björnsdóttur - DI V, 163. 26.9.1465 selur Þorleifur Árnason sr. Jóni Snorrasyni H. fyrir 40 hdr. - DI V, 449-50 sbr. 450-51. 1514 var H. í eigu Jóns Jónssonar Íslendings og gaf hann 60 sauða beit á vetur, tolllaust skip, bjarg, hvannskurð og sölvafjöru í Hvallátralandi til Sauðlauksdalskirkju - DI VIII, 517. 3.12.1533 hafði Jón Jónsson gefið sr. Jóni Koðránssyni sonarsyni sínum 10 hdr í H. en Dýrfinna Gísladóttir hafði ekki viljað samþykkja gjöfina - DI X, 69. 21.8.1543 fær séra Filipus Jónsson Guðrúnu Björnsdóttur eldri H. til eignar fyrir 30. hdr - DI XI, 248-49 sbr. 492-93. 1576 var H. 30 hdr. jörð í eigu Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103.

1920: 8 ha. garðar 1898, 3/4 sléttað. 1840: "graslítil jörð, en fjöru- og útigangsjörð hin bezta." SSV, 211. 1942: "Á Hvallátrum hefir um langan aldur verið margbýli og mikil búpeningshöfn, einkum sauðfé. Nú eru þar átta búendur. Tún eru þar stór, greiðfær, sendin og nokkuð harðlend. Kartöflugarðar eru þar ágætir og allmiklir. Engjar eru mjög litlar, aðeins valllendisblettir á bjargbrúninni. Fjörubeit er mikil og útigangur fyrir sauðfé mikill, svo að lömb eru stundum eigi tekin í hús fyrr en á þorra, og sleppt með einmánuði. Hefir vetrarbeit löngum þótt gagnsöm og kjarngóð á Látrabjargi, en mörg kindin hefir þar hrapað. ... Sölvatekja mun og að fornu hafa verið mikið notuð á Látrum ... Veiðiskapur hefir mjög verið

stundaður á Hvallátrum, bæði á sjó og landi. Útræði er þar ágætt, eggjatekja og fuglatekja í bjarginu. Eru dæmi til þess, að 36 þúsund af fugli hafi veiðst í Látrabjargi á einu vori ... Loks hafa refaveiðar jafnan verið stundaðar þar af miklu kappi. / Útræði er ágætt frá Hvallátrum, ... bæði vor, sumar og haust, og aflasæld hin mesta báðum megin við Látraröst. Boði er fyrir framan lendinguna og hlífir hann mikið fyrir brimi ... Fram til 1890 var sótt mjög að Hvallátrum til sjóróðra á vorvertíð, sunnan úr sýslunni, einkum úr Múlasveit, Flateyjarhreppi og af Barðaströnd, og svo af Rauðasandi. Var þá mest róið á steinbít. Vorið 1882 var þar fyrst verkaður saltfiskur til verzlunarvöru. Það vor gengu þar 15 bátar til fiskjar. / Aðkomumenn reru flestir á Brunnum eða á Látranesi, nema Rauðsendingar, þeir reru heiman frá Látrum ásamt heimamönnum. - Nú róa aðeins heimamenn frá Látrum. ...Til skamms tíma voru fuglaveiðar studaðar af miklu kappi á Látrum. Aflaðist jafnan vel og stundum ágætlega. Þær eru nú lítið stundaðar. Haa Látur jafnan verið taldir með fengsælustu stöðum sýslunnar og jafnvel á Vestfjörðum. En ekki hafa aflaföng verið tekin þar án fyrirhafnar og mannrauna ..." Bstbók, 96-97. Um róðra frá Hvallátrum sjá: Bstbók, 193-203 og um bjargferðir Bstbók, 204-212, ÁFÍ 1959, 117-20. 1959: "Jörðin er kostajörð, en krefst fjölmennis, áræðis og mikillar atorku, ef kostir jarðarinnar eiga að nýtast að fullu. Minnzt hefur verið á hlunnindin af Bjarginu og fiskveiðarnar, en þar að auki hefur verið rekinn á Látrum mikill landbúnaður, með fjölda búpenings, nauta, sauða og hrossa. Tún eru frekar stór, en engi lítið, útbeit ágæt í Bjarginu og fjörubeit notadrjúg. Refaveiðar voru stundaðar á vetrum með góðum árangri, meðan skinnin voru í verði." ÁFÍ 1959, 121-22.

**Ba-138:001** *Hvallátur* bæjarhóll bú“staður
Túnakort 1920

**Ba-138:002** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-138:003** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-138:004** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-138:005** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-138:006** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-138:007** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-138:008** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-138:009** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-138:010** heimild útihús
Túnakort 1920

**Ba-138:011** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-138:012** heimild verbúð
"Þar hefur verið verstaða tilforna, bæði heima við Látur, og so á Brunnum í Látra landi. Segja gamlir menn þar hafa verið til vers 20 skip eða þar um. Heima við Látur kynni vera verstaða enn, ef menn vildi heldur þar róa en heima hjá sér."
JÁM VI, 312.

**Ba-138:013** *Brunnar* tóft verbúð **Friðlýstar minjar**
1710: "Þar hefur verið verstaða tilforna, bæði heima við Látur, og so á Brunnum í Látra landi. Segja gamlir menn þar hafa verið til vers 20 skip eða þar um. ... En á Brunnum er alt eyðilagt af Sandi og vatnsleysi, og er það yfir 80 ár að þar ekkert skip róið hefur. Til þessarar Brunna verstöðu skulu tilforna hafa sótt Dýrfirðíngar, Arnfirðíngar, Tálknfirðíngar og það íbland vegna þess að þeir hafa (per conniventiam) haft fuglaveiði og egg úr Látrabjargi, tolllaust, sem menn meina."

1942: " Sandurinn þótti ærið hvimleiður þar, sökum þess, hve illt var að verja fiskifangið fyrir sandfoki meðan það var í herzlu. Hinsvegar var miklu styttra þaðan til sóknar suður fyrir röstina, þegar aðalfiskislóðin var þar, sem oftast var. Úr Brunnum gengu jafnan 6-8 bátar, og verbúðir voru þar viðlíka margar."

"Er nú aftur farið til sjávar við Brunnanúp [018]. Rétt fyrir norðan Brunnanúp eru Brunnar, gömul verstöð, þar sem var mikið útræði. Í Jarðabók Árna Magnússonar er sagt, að í 80 ár hafi þar ekki skip róið, allt sé eyðilagt af sandi og

vatnsleysi. Síðar var aftur farið að nota verstöðina."

"Brunnar eru norðan megin Brunnanúps í Látralandi. Þar eru sandauðnir einar allt á fjall upp, svo að bæði verður að reisa búðir og vergögn á sandi ..."

Friðlýstar minjar. "Leifar verbúða og fiskigarða, svo og önnur forn mannvirki í hinni gömlu Brunnaverstöð." Friðl. 12.11.1971. Fornleifaskrá, 35. "Á Brunnum voru og eru enn margar verbúðartóftir og steinbítsgarðar."

JÁM VI, 312; Bstbók, 195; Ö-Hvallátrar, 15-16.

**Ba-138:014** heimild bænhús

1710: "Þar hefur verið bænhús, sem fyrir löngum tíma er affelt." 1840: "Bænhús hafa til forna verið á Látrum .." "Austnorður af Stórugróf [sem er laut,sem liggur upp í gegnum túnið] er Bænhúshóll. Þar neðan við, á Heimabæjartúni, var Bænhús, síðast notað sem geymsla. Er mjög langt síðan það var aflagt sem bænhús. Bænhúsið var að lokum rifið og byggt íbúðarhús á rústunum. Bænhúsið var lítið torfhús. Höfðu veggirnir að innan verið hlaðnir úr völdu grjóti. Húsið var um átta álnir á lengd og fjórar á breidd. Enginn man, hvenær húsið var gert."

JÁM VI, 311; SSV, 213; Ö-Hvallátrar, 24-25.

**Ba-138:015** *Kvíarhillur* heimild

"Niðri í bjarginu er Hrunhöfði niður af Hruninu. Vestar og nokkuð neðarlega eru Kvíarhillur. Gengið er á þær úr fjöru. Kvíarhillur draga nafn af því, að þar var fuglinn kvíaður, sem kallað var. Hlaðið var fyrir hillurnar og fuglinn tekinn fyrir innan."

Ö-Hvallátrar, 5.

**Ba-138:016** *Sæluhöfn* heimild lending

"Fram undan vitanum [á Bjargtöngum] heitir Tangahleinar. Í þeim eru smáklakkar, og heitir stærsti klakkurinn Selkollur. ...Norðanvert í þessum hleinum heitir Sæluhöfn. En þrátt fyrir fallegt nafn er lendingin ekki sérlega góð. Þetta er eins og vík, og er helzt hægt að lenda þar í suðvestan eða sunnanátt."

Ö-Hvallátrar, 9-10.

**Ba-138:017** heimild kvíar

"Sá básinn, sem næstur er Bjargtöngum, heitir Fjárbás. Fyrir ofan Fjárbás er gömul kví. Þar var rekið inn um sauðburðinn."

Ö-Hvallátrar, 10.

**Ba-138:018** tóftir sel

1840: "Engar selstöður eru hér, og hvergi tíðkaðar, utan á Látrum á Látrabjargi um tíma hásumars." 1942: "Fram undir aldamót var haft í seli á bjarginu, flutt í það laugardaginn í 11. viku sumars. Mjólkin var reidd heim dagleg og gerðu það selsmalarnir ... Nú er ekkert eftir af selinu nema tóftirnar, og troðin selgata, sem oft er þó farin ennþá."

"Upp af Básunum heita Bugar. Þar er grýtt og ekki samfelldur gróður. Ofan við Básana og heiman við Smáhamrana eru tvær tjarnir ... Ofan við Smáhamra og Buga tekur við Selið, og þar ofar er Seljadalur. Í mynni dalsins er brekka sem heitir Selhjallur. Undir honum er Sel. Þar eru tættur eftir sel, sem var notað fram til 1893. Móðir Daníels var síðasta selkonan þar. Þrjár konur voru í selinu, ein frá hverju býli, en ekki annað fólk. Ekki voru krakkar í selinu. Selkonurnar sáu um að smala búpeningnum og fóru til þess um kl. fjögur á næturnar. Réttin var fast við selið, og var rekið þar inn til að mjalta. Flutt var í selið í 11. viku sumars og verið að staðaldri, þar til heim var flutt í 19. vikunni. Bæði voru hafðar ær og kýr í selinu; voru kýrnar tvær. Gert var skyr og smjör, sem sett var í kvartil og flutt heim á hestum. Heimferðin með hesta hefur líklega tekið hátt í klukkustund. Farin var Hærri- eða Neðri-Seljavegur, yfir svonefndan Háls og út Arnarnúp, er farið var í selin."

"Sel á Seljadal. Selið er ofarlega í Seljadal, við lækjarfarveg. Þar eru miklar og vel varðveittar minjar um seljabúskap fyrri alda. Í raun er um þrjár þyrpingar herbergja að ræða sem standa skammt frá hver annarri. Hver rústaþyrping hefur verið 1 hús með 2-4 herbergjum. Í þremur herbergjum eru ... útskot inn í vegginn, annað hvort út í horni, eða fyrir miðjum vegg. Þar hefur sennilega verið eldstæði eða ofn. Flest húsin og réttin hafa staðið sín hvoru megin við læk sem rennur niður dalinn. Í læknum milli húsanna virðist hafa verið eins konar þró það sem sléttað hefur verið í botninn og steinum raðað fyrir ofan og neðan. ... 19.1. Tóft með 3 herbergjum sem tengd eru saman með 5 m löngum og 1 m breiðum göngum. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr grjóti og vel varðveittir. Þeir virðast víða enn halda fullri hæð sem er um 1 m. 19.2. Tvær samliggjandi tættur. Ekki er innangengt á milli þeirra. 19.3. Tóftaþyrping sunnan við lækinn. Í lækjarfarveginum á milli 19.2 og 19.3 er svæði sem er um 2 x 2 m í þvermál og virðist hafa verið sléttað í botninn. Það afmarkast af steinum bæði að ofanverðu og neðanverðu. E.t.v. hefur þetta verið sléttað af mannavöldum í ákveðnum tilgangi, t.d. við geymslu á mat eða þvott á ull. 19.5. Tvö samsíða herbergi. 19.6. Rétt, hlaðin úr grjóti [við seliðl], um 7,5 x 3m að innanmáli. Hæð veggja er allt að 1 m að innanverðu, en að utanverðu að austan og norðan, nemur yfirborð jarðar við efri veggjabrún. Í suðausturhorni er smá skot út úr réttinni. Inngangur er á norðvesturhorni réttarinnar þar sem

gengið er niður í hana. 19.7. Rétt, hlaðin úr grjóti, um 5,5 x 3 m að innanmáli. Hún virðist ver yngri en rétt nr. 6 og hlaðin þvert fyrir hana. Vesturhliðin er bogadregin og er inngangur á norðvesturhorni. 19.8. Grjótgarður. Um 6 m langur grjótgarður, sem liggur til vesturs frá rétt nr. 7. Hefur hugsanlega verið til þess að beina búpeningi í átt að réttinni."

"Daníel man eftir húsaskipan í selinu. Þar var búr og eldhús og svefnherbergi með bjálkum og dýnu á."

"Gengið er inn í herbergið til hægri úr göngunum. Herbergið er um 3 x 2 m að innanmáli. Dyraopið inn í herbergið er enn uppistandandi og er grjóthella yfir því. 1.2. Innanmál um 2,5 x 2 m. Mikið hrun úr veggjum og þaki er inn í herberginu." "2.1. Innanmál 2 x 1,5 m. Inngangur er á suðurgafli. 2.2. Innanmál 2 x 1,8 m. Lítið útskot er í suðausturhorni herbergisins. Það er um 0,5 m í þvermál og gæti hafa verið eldstæði. 2.3. Dálítil laut inn í brekkuna austan við tóftina. Hugsanlega eru einhverjar minjar þarna undir yfirborðinu þó að ekki sjái móta frekar fyrir þeim á yfirborði. 2.4. Laut eða dæld inn í brekkuna austan við tóftina. Hugsanlega leifar af mannvirki." "3.1. Innanmál um 3 x 1,8 m. Inngangur er á vesturhlið. Sunnan við tóftina eru 3 m löng göng sem liggja inna í 3.2. Tóft sem er um 3 x 2 m að innanmáli. 3.3. Innanmál er um 4 x 2 m. Nálægt miðju húsi er grjóthleðsla þvert yfir tóftina. E.t.v. hefur herbergið verið minnkað? Innangengt úr tóft 3.2. og hleðslur veggjanna benda til þess að þetta herbergi hafi verið byggt við hana. 3.4 og 3.5 eru leifar tveggja tófta sem eru vestan við 3.1. Þessar tættur eru fremur ógreinilegar virðast eldri en 3.1."

"5.1. Innanmál eru 2,8 x 2 m. Veggir hafa verið hlaðnir úr grjóti. Mikið hrun er í austurhluta herbergisins. Inngagnur er syðst á vesturhlið. Í suðausturhorni er innskot í vegginn um 0,5 - 0,6 m í þvermál. Hugsanlega er þetta leifar af eldstæði. 5.2. Ógreinileg tóft, um 1 m breið og um 2 m löng. Ekki var á yfirborði hægt að sjá að grjót væri í vegg þessa herbergis. Veggirnir lækkuðu til vesturs og eyddust þannig að ekki er gott að sjá hvar suðurhliðin endar til vesturs. Timburþil virðist hafa verið fyrir vesturgafli." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.

SSV, 212; Bstbók, 204; Ö-Hvallátrar, 10-11;GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 29, 31.

**Ba-138:019** *Hærri-Seljavegur* vegur leið

"Heimferðin með hesta [úr selinu] hefur líklega tekið hátt í klukkustund. Farin var Hærri- eða Neðri-Seljavegur, yfir svonefndan Háls og út Arnarnúp, er farið var í selin."

Ö-Hvallátrar, 11.

**Ba-138:020** *Neðri-Seljavegur* vegur leið

"Heimferðin með hesta [úr selinu] hefur líklega tekið hátt í klukkustund. Farin var Hærri- eða Neðri-Seljavegur, yfir svonefndan Háls og út Arnarnúp, er farið var í selin."

Ö-Hvallátrar, 11.

**Ba-138:021** heimild huldufólksbústaður

"Sagt var, að á selinu væri huldufólk. Eitt sumar var það, að önnur kýrin var alltaf þurr annars vegar. Þegar ráðskonan (móðir Daníels) var komin heim, dreymdi hana konu, sem kvaðst hafa mjólkað kúna á móti henni um sumarið, því hún hafi verið mjólkurlaus. Hún kvaðst að vísu vera fátæk og ekki geta launað henni í neinu, en skuli þó sjá til þess, að hún verði aldrei mjólkurlaus í sínum búskap, og gekk það eftir."

Ö-Hvallátrar, 11.

**Ba-138:022** *Þvottagil* örnefni þvottastaður

"Fyrir neðan selið er Seljagil og rennur niður í Þvottagilsurð, sem er í höllunum. Þvottagil rennur niður Selið."

Ö-Hvallátrar, 11.

**Ba-138:023** *Skollahilla* heimild leið

"Í [Brunnahlíð] er hilla, sem heitir Skollahilla. Daníel veit ekki um tilefni nafnsins. Þegar smalað var fé, var Skollahilla farin, en hún er svo mjó, að varla er hægt að fara um hana með hest."

Ö-Hvallátrar, 12.

**Ba-138:024** tóft fjárskýli

"Utan til við Brunnanúp upp af Básum er Gildruhjalli. Í honum er kví eða tóft, sauðahlað frá Sauðlauksdal. Sagt er, að Sauðlaukdalskirkja hafi átt 60 sauða göngu á Látrabjargi. Á Gildruhjalla er gömul refagildra, enn óhögguð, sem hjallinn dregur nafn af." "Sauðabyrgi, sem stendur í grýttri brekku upp í Gildruhjalla [025]. Sagt er að prestar í Sauðlauksdal hafi haft sauði sína hér í geymslu og að sauðamaður hafi hafst hér við. Sauðirnir eiga einhverntíma allir [að] hafa gengið í sjóinn og að notkun þessa byrgis hafi lagst af eftir það. Þetta er nokkurs konar rétt, mikið mannvirki um 16 x 10 m að innanmáli. Veggirnir, sem hlaðnir eru úr stórgrýti, eru allt að 1,8 m breiðir. Hæð veggjanna er víðast um 0,5 m, en fer alveg upp í 1,5 m. Lítið byrgi er hlaðið upp að innanverðri austurhlið, um 2,5 m breitt og um 3 m langt að utanmáli. Fyrir framan innganginn sem er á norðvestur hlið er hlaðin ferhyrnd varða, um 1 m í þvm og allt að 0,7 m há." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.

Ö-Hvallátrar, 12-13;GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 34-35.

**Ba-138:025** tóft refagildra
"Utan til við Brunnanúp [018] upp af Básum er Gildruhjalli. Í honum er kví eða tóft, sauðahlað frá Sauðlauksdal. Sagt er, að Sauðlaukdalskirkja hafi átt 60 sauða göngu á Látrabjargi. Á Gildruhjalla er gömul refagildra, enn óhögguð, sem hjallinn dregur nafn af." "Refagildra. Þrjár refagildrur eru á þessu svæði og er skammt á milli þeirra. Tvær hafa hrunið saman en ein er enn uppistandandi og verður greint frá henni hér. Gildran stendur á klöpp á grýttri flöt á svonefndum Gildruhjalla upp af Básum í austanverðu mynni Seljadals. Hún snýr í austur-vestur með inngangi í austurenda."
"Refagildran er þannig gerð að steinum hefur verið raðað í tvær samsíða raðir, í 2-3 lögum eftir stærð steinanna. Flatar hellur eru lagðar yfir steinaraðirnar og mynda þak. Gildran er um 2,2 m löng. Við opið er hún 0,45 m breið; um 0,6 m breið um miðjuna og 0,55 m breið innst. Opið er 0,15-0,2 m breitt og 0m23 m hátt. Um 1,2 m innan við innganginn er mjór, flatur steinn í þakinu. Honum mun hafa verið lyft upp til að koma æti fyrir í gildrunni, sem haft var í spotta." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.

Ö-Hvallátrar, 12-13;GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 34.

**Ba-138:026** *Hálsvarða* varða samgöngubót
"Við veginn [019 og 020] eru nokkrar vörður og þó ein miklu mest, sem hét Hálsvarða. Hana ber við himinn heiman frá og sést enn."

Ö-Hvallátrar, 13.

**Ba-138:027** *Byrgi* tóft útilegumannabústaður
"Hærri Seljavegur [019] liggur austur og hærra en hinn [020]. Þar upp af hækkar Hálsinn enn, og er þá komið á Miðmundahæðirnar, sem fyrr var getið um. Í þeim er Byrgi, mjög vandfundið. Ein steinaröð mun vera eftir af því. Það var móðir Daníels sem fyrst fann það, en ekki hefur öllum, sem leitað hafa, tekizt að finna það. Frá Byrginu sést á Sléttanef og Brunnanúpsnibbuna. Þarna var geymdur sakamaður heilan vetur. Hafði hann átt barn með systur sinni. Ríki-Þórður, sem bjó á Látrum, tók við honum. Leyndi hann manninum fyrst í hlöðunni, en byggði síðan þennan kofa og færði honum þangað mat á hverjum laugardegi. Sagt er, að hann hafi síðan komið honum í hollenzka duggu."

Ö-Hvallátrar, 13.

**Ba-138:028** *Saxagjárvegur* vegur leið
"Háar brekkur liggja út í Djúpadal suðaustan við Djúpadalsvatnið, og heita þær Djúpadalsbrekkur. Sunnan við Djúpadalsvatn er Hvanngjárfjall. Út af Orminum (Djúpadalsorminum) liggur vegur út á Saxagjá með vatninu og heitir hann Saxagjárvegur."

Ö-Hvallátrar, 14.

**Ba-138:029** *Hvíluklettur* örnefni áfangastaður
"Framan við vatnið [Djúpadalsvatnið] við Saxagjárveg [028 er Lambalág, og rétt ofan við lágina er stór steinn, sem heitir Hvíluklettur. Oft hvíldu menn sig við hann, er búið var að fara upp brekkuna."

Ö-Hvallátrar, 14.

**Ba-138:030** heimild rétt
"Þar sem gengið var heim úr Lágum, var byggð rétt. Þar er grasteigur, sem nefndur var Ormur."

Ö-Hvallátrar, 14-15.

**Ba-138:031** *Kúlureitur* dys legstaður **Friðlýstar minjar**
"Gömul dys, Kúlureitur, er á Brunnum. Hann er nú friðlýstur. Þar eiga að vera dysjaðir Spánverjar. Þetta er kúlulaga hóll, þétt lagður steinum efst sem neðst." "Dys? Svonefndur Kúlureitur, 4602/3 er í verstöðinni á Brunnum, fast við veginn sem liggur gegnum svæðið, og um 9 m frá sjó. Kúlureitur er um 2 m hár hóll þakinn steinum. Að utanmáli er hann um 11 m, en að lögun er hann nánast eins og fimmhyrningur með ávölum hornum. Að sunnanverðu er hann um 5 m breiður, að norðanverðu um 9 m og 11,3 m breiður um miðjuna. Kúlureitur hefur sennilega verið notaður sem fiskireitur, þ.e. svæðið sem fiskur var breiddur á og þurrkaður." "Þar hafa komið mannabein útúr."

Friðlýstar minjar. "Dysjar á Kúlureit, við yztu búðina á Brunnum." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 34. "Ræningjadysirnar hafa verið settar í samband við Alsírbúana sem rændu hér við land árið 1627. Ekki munu þó verið heimildir fyrir því að þeir hafi farið norður fyrir Snæfellsnes. Önnur munnmæli telja að þarna séu grafnir Spánverjar sem hafi strandað á Hvallátrum. Sú frásögn gæti hafa orðið til vegna Spánverjavíganna árið 1615. Þeir voru hins vegar drepnir í Dýrafirði en ekki á Brunnum og þeir Spánverjar sem ekki voru drepnir, höfðu vetursetu á Vatneyri og fóru utan árið 1616." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Önnur saga er um að þar hafi komið víkingaskip á þegar Gottskálk var orðinn karlægur, hann var uppi á sama tíma og Guðmundur góði (biskup 1203-1237). "... víkingaskip kom þar allmikið og bjóst þegar að taka strandhögg. Settu þeir út báta tvo allmikla og allt liðið í þá með alvæpni. Lenti annar báturinn á Brunnum með 50 manna, aðrir segja 60. En þar var fyrir fjöldi mikill af hraustum vermönnum, sem veittu víkingunum svo

harðfengilegar viðtökur með bareflum og öðrum vopnum, að þeir drápu alla þá, er þar höfðu lagt að landi, og er sagt,að þeir séu dysjaðir þar í Kúlnareitnum, fyrir utan Sandmannabúðirnar." [sjá 038]

"Ein þessara sagna [um ræningjaskip] hermir, að eitt sinn að vorlagi hafi skip komið af hafi að Látrum, stórt og mikið. Sjá lansmenn, að frá skipinu koma þrír bátar, alskipaðir mönnum. Lenda nú bátarnir, en aðkomumenn ganga frá þeim í fjörunni og fara upp á bjarg, til þess að smala saman fénu, sem þar var á beit. Þegar landsmenn sjá aðgerðir þessar, safna þeir saman vermönnum og heimamönnum á Látrum. Er þetta allálitlegur flokkur og búinn út með barefli og önnur vopn. Vilja þá sumir þegar ráðast á ræningja. En gamall maður, sem á Látrum var, fékk komið því til leiðar, að hér var farið með ráðum, og eftir hans fyrirsögn fóru nokkrir menn til báta ræningjanna, meðan þeir voru á bjarginu, og boruðu göt á þá. Lögðust síðan landsmenn í leyni og biðu komu ræningjanna. Eftir nokkra stund koma þeir með fjárhóp mikinn, láta hann út í báta sína og ýta síðan frá landi. En ekki eru þeir langt farnir, er bátarnir sökkva undir þeim. Synda ræningjarnir þá í land, en sumir fleyta sér þangað á röftum. Þá koma Íslendingarnir úr fylgsnum sínum, ráðast á ræningjana og létta ekki ásókn þeirri fyrr en þeir eru allir fallnir, og voru þeir dysjaðir þar sem bardaginn hafði staðið. En skipið siglir aftur frá landi og vissu íslendingar ekki meira um það. Sagt er, að enn finnist mannabein, sem sandinn hefir blásið ofan af, bæði nálægt Kárna [038] og eins utarlega í gömlu veiðistöðinni á Brunnum, en það er þar, sem undanfarandi sagnir herma, að barizt hafi verið."

Ö-Hvallátrar, 15-16; Guðmundur Ólafsson: Fornleifaskráning í Rauðasandshreppi, 25, 27. Vestfirzkar sagnir I, 167. Matthíar Þórðarson: "Smávegis. Um nokkra staði og fornminjar..., Árbók 1924, 45; Vestfirzkar sagnir I, 164-166.

**Ba-138:032** *Brunnabót* heimild lending

1942: "... lendingin er þar allgóð, eftir því sem um er að ræða fyrir opnu hafi, einkum í svonefndum Mjóavogi. Þar var talin því nær líflending." "Bolabás er utan við Brunna. Skammt fyrir norðan hann var aðallendingin, nefnd Bót eða Brunnabót."

Bstbók, 195; Ö-Hvallátrar, 16.

**Ba-138:033** *Brunnavogur* heimild lending

"Önnur [en 032] var heimar og hét Brunnavogur. Hann var talinn eins konar líflending allra þeirra, er réru úr Látravík, hvort þeir fóru frá Brunnum eða annars staðar." "Í eldri skránni segir, að hann hafi stundum verið nefndur Mjóivogur, en Daníel þekkir það ekki."

Ö-Hvallátrar, 16.

**Ba-138:034** *Vogsbúð* heimild verbúð

"Upp af vognum [033] er ein búðin, sem nefnd var Vogsbúð. Við hana er stór steinn, sem nefndur er Júdas. Hann tolldi aldrei í vegg."

Ö-Hvallátrar, 16.

**Ba-138:035** *Lækjarbúð* heimild verbúð

"Heimasta búðin á Brunnum hét Lækjarbúð, og utust var Bæjarbúð."

Ö-Hvallátrar, 16.

**Ba-138:036** *Bæjarbúð* heimild verbúð

"Heimasta búðin á Brunnum hét Lækjarbúð, og utust var Bæjarbúð."

Ö-Hvallátrar, 16.

**Ba-138:037** *Tangabúð* heimild verbúð

"Innan við Vogsbúð [034] er Tangabúð á Brunnatanga."

Ö-Hvallátrar, 16.

**Ba-138:038** *Kárni* dys legstaður **Friðlýstar minjar**

"Upp og inna af Brunnum er Kárnafit, og þar er dys, sem heitir Kárni, orðin lágreist nú. Þar áttu Tyrkir að vera dysjaðir að sögn Daníels. Kárnafit er graslendi, og var það aðalbeitin fyrir kýr og hesta," "Dys. Hóllinn Kárni, 4602/2, er um 40 cm há og um 7-8 m breið nánast hringlaga grasi gróin þúst sem virðist gerð af skeljasandi. Ofan á honum eru 6 -8 steinar í hrúgu. Hóllinn er 5-6 m norðan við veginn, nokkru austan við fiskigarðana sem tilheyra verstöðinni á Brunnum." Friðlýstar minjar. "Hóllinn Kárni." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 34. Ath MÞ í Árb 1924, 45.

"Kárnafit, heitir eftir Kárna, forningja þeirra, sem af komust úr Spánarvígunum á Ströndum. En Látramenn gerðu verulegt skarð í hópinn, er þeir komu við hjá þeim árið eftir, sjálfsagt í leit að matarbjörg eftir vetursetu á Patreksfirði, en af misskilningi urðu viðbrögðin þau, að ljáir og hvalbein Látramanna og vermanna urðu mörgum þeirra að bana. Kárni er dysjaður ásamt nokkrum félögum sínum í fit þessari, en þó fleiri í Kúlureit." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Önnur saga er um að þar hafi komið víkingaskip á þegar Gottskálk var orðinn karlægur, hann var uppi á sama tíma og Guðmundur góði (biskup 1203-1237). Hinn báturinn [sjá 033] lenti við Krókinn, og gengu víkingarnir þar á land, 50 eða 60 að tölu. Fóru þeir þegar á mýrarnar þar fyrir ofan til að smala saman sauðum og nautum og reka til strandar. Fátt manna

er sagt að væri fyrir heima á Látrum nema Gottskálk og synir hans þrír. ... Sögðu þeir karli föður sínum frá komu víkinganna og aðgerðum þeirra ... og mjög eggjaði hann sonu sína til hreystilegrar móttöku. ... Mættust þeir nú á rifinu og sló þegar til bardaga. Höfðu þeir bræður hvalrif að vopnum og gengu svo hart fram, að þeir drápu alla víkingana. ... Víkingar þessir voru dysjaðir þar sem þeir höfðu fallið, og sést dysin enn í dag. Sjást þess ljós merki , að þangað hefir grjótið verið borið, því að ekkert grjót er þar í kring. ... Það er hafi eftir Ólafi heitnum Bjarnasyni á Látrum, að mannabein hafi þar fundist á sínum uppvaxtarárum."

Ö-Hvallátrar, 16; Ö-Hvallátur ath, 1;GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 24-25. Vestfirzkar sagnir I, 167-169.

**Ba-138:039** *Stórikrókur* heimild þvottastaður

"Víkin öll frá Brunnanúp að Bjarnanúp heitir Látravík. Meðfram Látravík er sandurinn kallaður Rif. Heiman við Brunna heitir Brunnatangi. Það eru flúðir, sem fellur fram út af. Fyrir heiman Brunnatanga kemur niður lækur, sem heitir Stórikrókur. Þar sem hann fellur í víkina, heitir Króksbót. Stundum varð að fara með þvott og ull í Stórakrók."

Ö-Hvallátrar, 17.

**Ba-138:040** tóft stekkur

"Undir Arnarnúpi eru Stekkjarflatir. Þar er Stekkur og sjást smátóftir. Þar hefur sjálfsagt verið fært frá. Fráfærum er líklega hætt upp úr aldmótum. Síðast voru hafðar færikvíar heima, og man Daníel ekki eftir öðru."

Ö-Hvallátrar, 17.

**Ba-138:041** gata leið

"Heiman við Miðmundargil heita Hólar. Það eru lágir hólar frá Stórakrók og heim að túni og neðan þeirra votlent graslendi niður undir sandinn, sem nær til sjávar. Smálækur rennur til sjávar heiman við Hóla, og heitir hann Litlikrókur. Í Heimrifit, milli Stórakróks og Litlakróks, heitir Svartavað. Þar lágu fjár- og hestagötur, og þar var einhver vilpa."

Ö-Hvallátrar, 17.

**Ba-138:042** *Svartavað* örnefni vað

"Heiman við Miðmundargil heita Hólar. Það eru lágir hólar frá Stórakrók og heim að túni og neðan þeirra votlent graslendi niður undir sandinn, sem nær til sjávar. Smálækur rennur til sjávar heiman við Hóla, og heitir hann Litlikrókur. Í Heimrifit, milli Stórakróks og Litlakróks, heitir Svartavað. Þar lágu fjár- og hestagötur, og þar var einhver vilpa."

Ö-Hvallátrar, 17.

**Ba-138:043** *Lendingasker* örnefni lending

"Norðan við Sölvatanga var Látralending. Fyrir miðju lendingarsvæðinu er lítið sker, sem heitir Lendingarsker. Það kemur upp úr um stórstraumsfjöru. Leggja má beggja megin við það. Klappir hætta úr sjó en Lendingarsker heita Þvottasker."

"Daníel segir Lendingarsker vera sunnar en Þvottasker, en í fyrrnefndri staðarlýsingu Þórðar Jónssonar segir, að Þvottasker séu sunnan við Lendingarsker."

Ö-Hvallátrar, 18.

**Ba-138:044** *Þvottasker* örnefni þvottastaður

"Norðan við Sölvatanga var Látralending. Fyrir miðju lendingarsvæðinu er lítið sker, sem heitir Lendingarsker. Það kemur upp úr um stórstraumsfjöru. Leggja má beggja megin við það. Klappir hætta úr sjó en Lendingarsker heita Þvottasker. Þegar fjarar, er hægt að fara út á Þvottasker; þau sjást um hverja fjöru. Þau eru beint niður af Ásgarði, húsi Ásgeirs Erlendssonar."

Ö-Hvallátrar, 18.

**Ba-138:045** *Norðarilending* heimild lending

"Beygt var fram fyrir Þvottasker [044] inn í Norðarilendingu, sem svo var kölluð, áður en lendingarbætur voru gerðar. Lendingarbætur voru gerðar um 1937 að sögn Daníels. Var þá rudd vör í hleinarnar. Er grjótinu var rutt til, kom í ljós mólag undir því. Ekki urðu þó mikil not af honum til eldiviðar sökum seltunar, sem í hann hafði sezt."

Ö-Hvallátrar, 18.

**Ba-138:046** heimild mógrafir

"Beygt var fram fyrir Þvottasker [044] inn í Norðarilendingu, sem svo var kölluð, áður en lendingarbætur voru gerðar. Lendingar bætur voru gerðar um 1937 að sögn Daníels. Var þá rudd vör í hleinarnar. Er grjótinu var rutt til, kom í ljós mólag undir því. Ekki urðu þó mikil not af honum til eldiviðar sökum seltunar, sem í hann hafði sezt. Mótekja var annars lítil á Látrum, en fengin Mór í Kollsvík."

Ö-Hvallátrar, 18.

**Ba-138:047** *Fúlavík* heimild lending

"Lúða er við leiðina inn á Fúluvík, sem myndast, þar sem saman kemur Nesið og sandurinn. Í vestanátt safnast mikill þari í víkina og leggur af honum mikla lykt. Í Fúluvík er nú lending."

Ö-Hvallátrar, 19.

**Ba-138:048** *Hagamannabúð* heimild verbúð

"Á sandinum, rétt upp af gömlu lendingunni, er Hagamannabúð. Það er elzta hús á Látrum, og veit enginn, hvenær það var byggt. Hagamannabúð er nú friðuð. Ekki er vitað, við hverja hún er kennd."

Ö-Hvallátrar, 19.

**Ba-138:049** *Gamlarétt* heimild rétt

"Upp af Heimarifi og allt út að Stórakrók heita Grandar. Það er grasbreiðan fyrir ofan sandinn, mest melar. ... Fyrir ofan Grandana eru Holtin og fyrir ofan þau Lágar, sem ná út að Hvanngjárfjalli. Í Holtunum er gömul rétt, kölluð Gamlarétt."

Ö-Hvallátrar, 19.

**Ba-138:050** *Húsvarða* varða

"Nú er farið upp fyrir túnið, og opnast þá dalur til austurs. Hann heitir Látradalur. Hann er alllangur fram af Látrum inn í fjallið, frekar þröngur, en ekki mjög djúpur. Er þó með allbröttum hlíðum að norðan, og er það háls sá, er aðskilur Látra frá Breiðuvík og enda fremst í Bjarnanúp, sem myndar Látravík að norðan. Hálsinn er nefndur Látraháls. Á Látrahálsi er Húsvarða við leiðina til Breiðuvíkur. Hún er hlaðin þannig, að hægt er að setjast inn í hana."

Ö-Hvallátrar, 19-20.

**Ba-138:051** *Látraheiði* gata leið

1942: "Frá Keflavík liggur fjallvegur baka til við Látrabjarg, alla leið að Hvallátrum. Fjallvegur þessi heitir Látraheiði. Áður fyrr þegar útróðrar voru mjög stundaðir úr austurhluta sýslunnar á Hvallátrum og bjargferðir af Rauðasandi, var Látraheiði fjölfarin, einkum á vorin og fyrrihluta sumars, ef vermönnum og bjargmönnum. ... Sneiðingarnir frá Keflavík upp á heiðarbrúnina heita Fuglagötur ... Látraheiði er nú mjög fáfarin leið. Vegurinn er ekki annað en grýttir troðningar, er bugðast innan um endalausar, gráar grjóturðir. Gróður er enginn, annar en gráir gamburmosaflákar á við og dreif. ... Ekki var trútt um, að "óhreint" þætti á Látraheiði, bæði af reimleikum og sjóskrímslum, og eru til sagnir um það. ... Brunnahæð heitir þar sem heiðin er hæst. Heitir þar Lambahlíðarskarð. Þegar komið er vestur af, tekur við dálítill dalur, sem heitir Látradalur. Heitir þar Klofavarða [052] er halla tekur ofan í dalinn. Liggur vegurinn niður dalinn og meðfram dálitlu stöðuvatni heim að Hvallátrum. Heitir Helgaþúfa við túnið þar. Er talin þingmannaleið þaðan og að Skaufhóli á Rauðasandi."

"Fyrir botni Látradals er Látraheiði, fjallvegur til Keflavíkur og Rauðasands. Var fyrrum fjölfarin leið; er hrjóstrug og gróðurlítil."

Bstbók, 94-95; Ö-Hvallátrar, 20.

**Ba-138:052** *Klofavarða* varða

"Þar vestast á heiðarbrúninni [051] heitir Klofavarða, þegar halla tekur niður í dalinn. Hún stendur enn. Varðan er opin að neðan milli tveggja stöpla."

Ö-Hvallátrar, 20; Bstbók, 95.

**Ba-138:053** *Reiðleit* heimild leið

"Upp af Látravatninu norðanverðu er vetrarvegur, gönguleið, þegar sumarleiðin um hálsinn er ófær. Heitir það Reiðleit. Hún er við vestri enda Bjarnahlíðar. Þá er farið lengra fram í dalinn; þar er hálsinn lægri."

Ö-Hvallátrar, 21.

**Ba-138:054** *Tjaldstæði* örnefni tjaldstæði

"Norðvestur af Látravatni eru graslautir, sem heita Tjaldstæði. Þar hefur oft verið tjaldað, en Daníel veit ekki, hvernig nafnið hefur orðið til. Þarna var ekki heyskapur, grastekja eða annað, sem var tilefni til að tjalda. Tjaldstæði eru, þar sem vatnið er leitt niður."

Ö-Hvallátrar, 21.

**Ba-138:055** heimild vatnsból

"Í dalnum neðanverðum er allstórt vatn, sem heitir Látravatn. Úr því er leitt vatn í öll hús á Látrum nema hús Daníels Eggertssonar." "Tjaldstæði eru, þar sem vatnið er leitt niður."

Ö-Hvallátrar, 20-21.

**Ba-138:056** heimild þvottastaður

"Stundum var þvottur þvegin í vatninu [Látravatni]."

Ö-Hvallátrar, 21.

**Ba-138:057** heimild rétt

"Á Nesinu [Látranesi] er rétt og nálægt henni eru fjórir aflraunasteinar ..." "Rétt sem stendur fremst á sjávarbakka [við verstöðina á Látranesi], um 5 m yfir sjávarmáli. Hlaðin úr stórgrýti. Hún brotnaði í aftakaveðri fyrir nokkrum áratugum."

Ö-Hvallátrar, 21-22;GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 28.

**Ba-138:058** *Amlóði* heimild manndómsraun

"Á Nesinu [Látranesi] er rétt og nálægt henni eru fjórir aflraunasteinar, nefndir Amlóði [96 kg], Hálfsterkur [107 kg], Fullsterkur [144 kg] og Alsterkur [177 kg]. Þeir liggja hjá sléttum steini, og á að lyfta þeim upp á hann."

Ö-Hvallátrar, 21-22.

**Ba-138:059** *Steinólfsvík* heimild lending

"Norðan til á Látranesi er frálaus klettur. sem stendur alltaf upp úr. Hann heitir Friðgá. Ekki mun þekkt skýring á nafninu. Þar fyrir norðan er Steinólfsvík. Ekki er vitað um tilefni nafnsins. Í henni var lent, áður en vörin kom."

Ö-Hvallátrar, 22.

**Ba-138:060** garðlag herslugarður

"Norðan til á Látranesi er frálaus klettur. sem stendur alltaf upp úr. Hann heitir Friðgá. Ekki mun þekkt skýring á nafninu. Þar fyrir norðan er Steinólfsvík. Ekki er vitað um tilefni nafnsins. Í henni var lent, áður en vörin kom. Þar eru miklir steinbítsgarðar."

Ö-Hvallátrar, 22.

**Ba-138:061** *Heimabæjarbrunnur* brunnur vatnsból

"Syðsti bærinn á Látrum er nefndur Heimabær. Þar bjó Daníel Eggertsson. Neðar í túninu en Bænhúshóll er Brekka, og þar fyrir neðan heitir Flöt. Í henni eru tveir brunnar. Annar er djúpur brunnur, grafinn og hlaðinn að innan, nefndur Heimabæjarbrunnur. Hann var fyrir neðan Heimabæ og Miðbæ."

Ö-Hvallátrar, 25.

**Ba-138:062** *Gvendarbrunnur* lind vatnsból

"Syðsti bærinn á Látrum er nefndur Heimabær. Þar bjó Daníel Eggertsson. Neðar í túninu en Bænhúshóll er Brekka, og þar fyrir neðan heitir Flöt. Í henni eru tveir brunnar. Annar er djúpur brunnur, grafinn og hlaðinn að innan, nefndur Heimabæjarbrunnur. Hann var fyrir neðan Heimabæ og Miðbæ. Hinn er uppsprettulind, nefndur Gvendarbrunnur. Brunnhús var byggt yfir hann. Þarna var afvatnaður fugl frá öllum bæjunum, hengdi hver sína kippu á þoll."

Ö-Hvallátrar, 25.

**Ba-138:063** *Hjallatóftir* tóft

"Fyrir ofan Miðbæjartúnið upp í brekkunni eru Hjallatóftir. Þar sjást tóftir, en Daníel veit ekki, hvaða hús hefur verið þar."

Ö-Hvallátrar, 25.

**Ba-138:064** *Þrælagróf* álagablettur

"Norðanvert við Gilið er bær, sem nefndur er Húsbær. Þar býr Þórður Jónsson. Þar í túninu er hvilft, sem heitir Þrælagróf. ... Liggur hún inn í svonefnda Bælabrekku. Þar rekst aldrei hey en bóndinn verður að slá það sjálfur."

Ö-Hvallátrar, 26.

**Ba-138:065** *Bæli* örnefni

"Norðanvert við Gilið er bær, sem nefndur er Húsbær. Þar býr Þórður Jónsson. Þar í túninu er hvilft, sem heitir Þrælagróf. ... Liggur hún inn í svonefnda Bælabrekku. Þar rekst aldrei hey en bóndinn verður að slá það sjálfur. Bælabrekka er þvert yfir Bælið, liggur í norður og suður. Bæli er slægjuland fyrir neðan Tröllhól."

Ö-Hvallátrar, 26.

**Ba-138:066** *Tröllhóll* álagablettur huldufólksbústaður

"Bæli er slægjuland fyrir neðan Tröllhól. Þar á að búa huldufólk. Tröllhóll er geysistór hóll að ummáli. Upp á honum er sléttur blettur, sem ekki má hreyfa. Einu sinni var rist þar torf, og missti sá, er það gerði, kú og hest."

Ö-Hvallátrar, 26.

**Ba-138:067** garðlag herslugarður

"Fiskigarðar. Frá Kúlureit liggja fiskigarðar niður að sjó og er allt frá 2 m - 10 m bil á milli þeirra. Garðarnir eru um 0,8 - 1 m breiðir og frá 9 - 16 m langir." Sjá 013, verstöðina á Brunnum. Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 26-27.

**Ba-138:068** tóft verbúð

"Verbúð með tveimur herbergjum, um 10 m austan við Kúlureit. Gaflar snúa í austur-vestur." Sjá 013, verstöðina á Brunnum.

"2.1. Innanmál þessa herbergis er um 2 x 4,5 m. Gaflar eru rúmlega 2 m breiðir. Veggjahæð er 0,6 - 0,8 m. Inngangur er á vesturhlið. 2,2. Innanmál þessarar tóftar er um 3 x 6 m. Að innanverðu eru veggir allt að 0,5 m háir, en að utanverðu við veginn allt að 1,8 m háir. úr þessari tóft höfðu allmargir steinar verið teknir til þess að búa til nýja hleðslu við vegginn. Ljót sár voru víða í gamalgrónum veggjunum eftir þessa tómstundaiðju ferðamanna. Hið nýja veggjabrot var

rifið og steinarnir færðir aftur í upprunalegar hleðslur." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 26-27.

**Ba-138:069** *Brynjólfstak* heimild manndómsraun
"Aflraunasteinar. Tveir aflraunasteinar eru í verstöðinni að Brunnum. Sá stærri nefnist Brynjólfstak, kenndur við Brynjólf Eggertsson sem stundaði sjóróðra frá Brunnum. Sagt er að hann hafi fundið steininn niðri í fjöru, brugðið byrðaról um hann og borið upp á Brunnagrund. Steinninn er 281 kg." Sjá 013, verstöðina á Brunnum.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 26-27.

**Ba-138:070** *Júdas* heimild manndómsraun
"Aflraunasteinar. Tveir aflraunasteinar eru í verstöðinni að Brunnum. Sá stærri nefnist Brynjólfstak, kenndur við Brynjólf Eggertsson sem stundaði sjóróðra frá Brunnum. Sagt er að hann hafi fundið steininn niðri í fjöru, brugðið byrðaról um hann og borið upp á Brunnagrund. Steinninn er 281 kg. Minni aflraunasteinninn heitir Júdas. Nafngiftin mun vera til komin vegna þess að steinninn tolldi ekki í neinni hleðslu. Sú hefð skapaðist um steininn Júdas, að unglingar sem ráðnir voru sem hálfdrættingar fengu fullan hlut ef þeir gátu lyft Júdasi, sem er 130 kg að þyngd." Sjá 013, verstöðina á Brunnum.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 26-27.

**Ba-138:071** *Klofi* heimild manndómsraun
"Aflraunasteinar. Þeir eru fimm á Látranesi. Sá minnsti, Amlóði, er 96 kg, Hálfsterkur er 107 kg. Fullsterkur er 144 kg og Alsterkur er 177 kg [Sjá 058]. Fimmti steinninn, Klofi, er það skammt frá."
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 28.

**Ba-138:072** heimild refagildra
"Refagildra. Þrjár refagildrur eru á þessu svæði og er skammt á milli þeirra. Tvær hafa hrunið saman ..."
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 34.

**Ba-138:073** heimild refagildra
"Refagildra. Þrjár refagildrur eru á þessu svæði og er skammt á milli þeirra. Tvær hafa hrunið saman ..." Sjá 027
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 34.

**Ba-138:074** tóft fjárhús
"Fjárhús. Mjög vel varðveitt og uppistandandi fjárhús um 50 m frá sjó. (Hörður Ágústsson hefur mælt þau upp)."
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 28.

**Ba-138:075** tóft uppsátur
"Uppsátur. Fremst á sjávarbakka. Uppistandandi og sennilega ekki mjög gömul."
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 28.

**Ba-138:076** tóft fjárhús
"Fjárhús. Framarlega á sjávarbakka. Þessi nýlegu fjárhús hafa verið reist ofan á eldri verbúðir."
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 28.

**Ba-138:077** garðlag herslugarður
"Fiskigarðar eru á nesinu utan við fjárhúsin og einnig ofar í fjallshlíðinni."
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 28.

**Ba-138:078** tóft
"Tóft sem er í brekkunni um 50 m norðan við ofannefnda tóftaþyrpingu [018]. Tóftin er hlaðin úr grjóti, um 5 x 2 m að innanmáli. Veggir eru um 1 m breiðir og allt að 0,6 m háir. Inngangur er á miðri suðurhlið. Útskot er inn í norðurhlíðina andspænis inngangi. Það er um 0,8 m í þvermál. Á austurgafli virðist hafa verið gluggi." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 31-32.

**Ba-138:079** tóft útihús
"Útihús tæplega 100 m vestur frá hinum seljatættunum [Á Seljadal - 020]. Tóftin var ekki mæld upp en hún er tvískipt."
"10.1. Innanmál þessarar grjóthlöðnu tóftar eru líklega 5 x 2 m. Inngangur er á miðri vesturhlið tóftarinnar. 10.2. Leifaar óljósrar tóftar sem virðast sem virðast hafa verið við suðurgafl 10.1." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 31-32.

**Ba-138:080** tóft býli
"Básar, eyðibýli. Í hlíðinni fyrir neðna veginn undir Gildruhjalla [025] og upp að Seljavör eru fornar tættur. Ekki er vitað með vissu um hvers konar minjar er að ræða. Hugsanlega er um fornt eyðibýli að ræða sem nefnt var Básar, en ekki skal það fullyrt hér. Þarna er tóft sem er um 6 x 3 m að innanmáli með inngang á miðjum norðurvegg. Hún virðist fremur nýleg, gæti e.t.v. verið verbúð eða fjárhús frá síðustu öld. Undir veggjum þessarar tóftar má greina leifar eldra mannvirkis sem

virðist hafa verið helmingi stærra. Rétt ofan við tóftina er stór steinn og undir norðurhlið hans virðist hafa verið mannvirki, annað hvort kofi eða brunnur. Nokkru vestar er hluti af túngarði. Fleiri minjar, m.a. útihús munu vera á þessu svæði en ekki vannst tími til að kanna svæðið frekar." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 35.

**Ba-138:081** *Básar* heimild býli

1840: "Eyðijarðir eru frá fornöld margar nfl. ... Básar, niðurfallnir í Svartadauða eður circa 1348-1349." "Bjargtangar eru eins og vel er kunnugt, vestasti staður Íslands. Upp af þeim er flatlendi nokkurt, er Básar heita. Þar er sagt, að býli hafi verið til forna, en lagzt í eyði í svarta dauða. Það er gömul sögn um Bása, að á hverjum jólum hafi þaðan horfið sveinn eða meytelpa, og hefðu þau heilluð verið. Sagt er, að upp undan Smáhömrum hafi eitt sinn fundizt lindi eða föt nokkur af telpu einni, er þannig hefði horfið frá Básum." Getur vel verið sama og 096.

SSV, 213; Vestfirzkar sagnir I, 163.

**Ba-138:082** þjóðsaga skrímsli

"Á dögum Guðmundar biskups hins góða er þess getið, að menn þóttust þess vísir, að í Látrabjargi byggi óvættur ein, sem ein vildi fyrir því ráða og spillti mjög veiði mennskra manna. Urðu sigamenn þá fyrir svo miklum slysum, að ekki þótti einleikið. Kom það oft fyrir, þá er sigamaður var niðri í bjargi, að þeir, sem uppi á því voru og gættu festarinnar, urðu þess vísir, að hún varð allt í einu mannlaus, og fannst maðurinn síðar dauður og allur lemstraður undir bjarginu með nokkuð af festinni við sig. En endar hennar voru eins og þeir hefðu verið skornir í sundur með beittu eggjárni. Einu sinni sem oftar er sigamaður niðri í bjargi og sér þá, að nokkuð fyrir ofan sig kemur grá, loðin loppa út úr berginu með skálm eigi litla og ber hana að festinni, svo að þegar fara sundur tveir þættirnir, en ekki hinn þriðji. Þorir nú maðurinn ekki að láta draga sig upp á einum þætti, sker hann því í sundur með hníf sínum og gefur merki til að draga festina upp, og er það gert. Þeim, sem upp á bjarginu voru, brá í brún að fá festina mannlausa og að sjá, að hún hafði verið þverkubbuð í sundur. Fara þeir þá með hana heim að Látrum og fá hana í hendur gömlum, blindum og karlægum manni, sem fjölfróður þótti. Hann þefar úr þverskorna endanum og segir síðan, að einn þátturinn sé skorinn sundur af mennskum manni, en hinir tveir af einhverjum óvætti. ... Finnst maðurinn þar [í bjarginu] heill á húfi, því að óvætturinn hafði ekki sinnt honum frekar."

Á þessum tíma bjó Gottskálk í Hvallátrum og þótti hann fjölkunnugur. Þegar hann gat ekki losað þá við óvættinn leituðu þeir til Guðmundar biskups og kom hann á staðinn til að víga bjargið. "... bergbúinn bað sér eiðar, og þess, að fa'að vera einhversstaðar í bjarginu, og sagði: "Einhversstaðar verða, vondar kindur að vera". Mýktist þá skap biskups svo, hann spurði bjargbúann, hve mikið land hann þurfa myndi. Bjargbúinn svaraði, að biskup myndi geta því nærri, er hann segði honum, hve margt skuldalið sitt væri. Biskup frétti, hve margt það væri, og segir þá bergbúinn: "Ég hef tólf skip fyrir landi, á hverju skipi eru tólf menn, hver maður, hefir tólf skutla, fyrir hverjum skutli verða tólf selir. Svo sker ég hvern sel í tólf lengjur og hverja lengju í tólf stykki, og þá verður stykki á mann og þar að auki tveir um hvern tota (þ.e. selshöfuð) og teldu þar af herra." Gaf biskup þá bjargbúanum leyfi til að búa með skuldaliði sínu í þeim hluta bjargsins, sem síðan hefir heitið Heiðnakast eða Heiðnabjarg. ... nær frá Djúpadal vestur að svo kallaðri Saxagjá.... Við aðgerðir þessar létti af ásóknum bjargbúans og gerði hann ekki vart við sig framar, enda var bann biskups, um að síga í Heiðnabjargið, ekki brotið í margar aldir."

Vestfirzkar sagnir I, 164-166.

**Ba-138:083** þjóðsaga

"Þess er getið, að eitt sinn hafi tveir sauðamenn frá látrum rekið fé þaðan út í Djúpadal. Komu þá að þeim flagðkonur eða skessur tvær og vildu grípa þá. Slapp annar þegar frá þeim og komst heim að Látrum í rökkrinu. Var hann þá móður mjög og dapurí bragði. Heimamenn spurðu hann um hinn sauðamanninn. Vildi hann fátt um það segja, en kvað vísu þessa: "Stóra Helga stolið var,/ stáls er hniginn baldur,/ skelmisfullar skessurnar / sköpuð honum aldur." En nú hittist svo á, að Helgi var heim kominn og hafði einnig undan komizt, og heyrðu menn hann svara, undir loftinu með vísu þessari: "Ýmist birtir eftir skúr,/ Ýmsir fagna lýðir. / Heimtur trölli höndum úr / Helgi kom heim um síðir." Eitt sinn lá skotmaður frá Látrum fyrir refur úti í Djúpadal og varð þar gott til fanga. Þegar hann hefir fengið 19, var það eitt sinn sem oftar, að hann lá í skothúsi sínu. Heyrði hann þá sagt í Kristnukinninni: "Skal hann lengi líðast?" Þá var svarað í Heiðbukinninni: "hann skal gripinn fljótt." Þá var aftur svarað úr kristnukinninni: "Látum hann fylla tuginn". Stökk þá skotmaðurinn af stað og fýsir ei lengur að bíða. En nú sér hann flagðkonu veita sér eftirför. Vill hann þá skjóta á hana með byssu sinni, en hún kveikti ekki. Slítur hann þá af silfurhnappana, er voru á bol hans, og hefir fyrir hleðslu í byssunni. Kveikti hún þá, og skýtur hann á óvættina hvert skotið eftir annað. Fjarlægðist hún við hvert skot, en sótti á aftur, svo að 18 skotum varð hann að skjóta á leiðinni heim að Látrum, og seinast skaut hann við bænhúsið rétt fyrir sunnan bæinn og slapp hann við það."

Vestfirzkar sagnir I, 170-171.

**Ba-138:084** heimild skotbyrgi

"Eitt sinn lá skotmaður frá Látrum fyrir refum úti í Djúpadal og varð þar gott til fanga. Þegar hann hefir fengið 19, var það eitt sinn sem oftar, að hann lá í skothúsi sínu. Heyrði hann þá sagt í Kristnukinninni: "Skal hann lengi líðast?" Þá var svarað í Heiðnukinninni: "hann skal gripinn fljótt." Þá var aftur svarað úr kristnukinninni: "Látum hann fylla tuginn"".

Vestfirzkar sagnir I, 170-171.

**Ba-138:085** heimild skotbyrgi

"Sigmundur [bóndi að Látrum] stundaði mjög refaveiðar og hafði skothús út undir brekkunum, þar sem Gamlistekkur heitir."

Vestfirzkar sagnir I, 172.

**Ba-138:086** *Gamlistekkur* örnefni stekkur

"Sigmundur [bóndi að Látrum] stundaði mjög refaveiðar og hafði skothús út undir brekkunum, þar sem Gamlistekkur heitir."

Vestfirzkar sagnir I, 172.

**Ba-138:087** þjóðsaga skrímsli

"Sigmundur hét bóndi, er bjó á Látrum og var Þórðarson. Ólafur hét bóndi, er bjó í breiðuvík. hann var talinn göldróttur mjög. Sagt er, að Sigmundur ætti Breiðuvík og vildi þangað flytjast, en reka Ólaf nauðugan burt. Heitaðist Ólafur við hann og stóð í deilu þessari með þeim um hríð. ... Var það nótt eina, er hann [Sigmundur] lá í skothúsinu [85], að þyngsli mikil lögðust ofan á húsið og fylgdi þeim myrkur mikið. Greið Sigmundur þá til byssu sinnar, er hlaðin var, og vildi skjóta, en enginn var kostur að eld tæki. Sleit þá Sigmundur hálshnapp úr silfri af skyrtu sinni og hafði að byssuhlaði. Kveikti þá byssan og komst Sigmundur á leið heim. En nú sér hann milli sín og bæjarins folald, sem var flegið og dró á eftir sér húðina. Sótti það þegar að Sigmundi, en hann varði sig með byssunni og skaut að því úr henni. Hörfaði það undan við hvert skot, en leitaði fljótt á aftur, og svo var ásókn þess áköf, að 18 skotum varð Sigmundur að skjóta áður hann næði til bæjarins. Seinast skaut hann á mýrinni fyrir neðan Heimabæinn. En það var ætlun manna, að Ólafur bóndi í Breiðuvík hefði sent Sigmundi sendingu þessa."

Vestfirzkar sagnir I, 172.

**Ba-138:088** *Bjarnabæli* þjóðsaga draugur

Bjarni Jónsson bjó um eða fyri miðja 18 öld á miðbænum að Látrum og þótti mjög fjölkunnugur. "... Bjarni [fór] með öðrum mönnum drottins dag einn að rissuungaveiði út í Saxagjá. ... Vildi hann þá ná unga einum, er óhætt var til að komast, en hnaut fram af, og sat unginn eftir. En Bjarni kom ofan í urð og fékk þegar bana. Litlu síðar féll urð ofan á líkið, og heitir þar síðan Bjarnabæli. Vildu menn nú sækja lík Bjarna á skipi og flytja til kirkju. En jafnskjótt og menn leituðu þess í urðinni, var grjóti að þeim kastað í æsingi mesta svo að nauðulega komust þeir undan. Sagt er, að oft væri reynt að ná líki Bjarna, en ávalt færi á sömu leið. Þóttust allir vita, að hann væri afturgenginn, og sáu hann ferskir menn sem óferskir. Drap hann niður fénað manna, og elti menn með ópi og hrinum, svo að hann ærði suma menn nálega til bana, en kyrkti aðra, að sagt var."

Vestfirzkar sagnir I, 174-178.

**Ba-138:089** *Gvendarbrunnur* lind vatnsból

"Neðarlega í Látradal er vatn eitt allstórt, sem heitir Látravatn. En uppi á háfjalli, rétt hjá veginum, er lítil uppstrettulind, sem þornar stundum í þurrkasumrum. Er hún kölluð Gvendarbrunnur og má telja víst, að Guðmundur biskup góði hafi vígt brunn þennan um leið og hann vígði Látrabjarg."

Vestfirzkar sagnir I, 178-179.

**Ba-138:090** varða

"Allt í kringum brunninn [89] er aragrúi af smávörðum, sem eru til orðnar á þann hátt, að það hefir orðið venja, að hver sá, sem í fyrsta sinn færi yfir heiðina, hlæði þar vörðu. En fyrir þetta starf átti hann aldrei að villast á heiðinni, hversu oft sem hann færi yfir hana."

Vestfirzkar sagnir I, 179.

**Ba-138:091** heimild leið

"Liggur vegurinn til Breiðavíkur í norðaustur yfir Látraháls."

Vestfirzkar sagnir I, 178.

**Ba-138:092** þjóðsaga skrímsli

"Á síðastliðinni öld hefir oft orðið vart við einkennilegan reimleika á fjallvegunum tveimur, er upp frá Látrum liggja [051 og 091], og þó einkum á Látraheiði. ... Fyrst er hans getið skömmu eftir aldamótin 1800. ... Eitt sinn er þess getið [bóndi á Hvallátrum] hafi átt ferð yfir Látraheiði. Þegar hann er heim kominn, hefir hann þau tíðindi að segja, að hann hafi orðið fyrir reimleika nokkrum á heiðinni." Einnig segir af Hálfdáni sem sá eitthvað á heiðinni en greindi ekki frá því hvað það hefði verið.

Vestfirzkar sagnir I, 179-182.

**Ba-138:093** þjóðsaga skrímsli
"Á síðastliðinni öld hefir oft orðið vart við einkennilegan reimleika á fjallvegunum tveimur, er upp frá Látrum liggja [051 og 091], og þó einkum á Látraheiði. ... Fyrst er hans getið skömmu eftir aldamótin 1800. ... Um kvöldið fer hann [Helgi vinnumaður] að vitja fjárins fram í dalinn og heldur fram að Látravatni. ... Þegar Helgi kemur fram að vatninu, veit hann ekki fyrr en komin er rétt að honum einhver svört flygsa. Virðist honum þetta tvífætt skepna, og hefir hún klær eigi alllitlar. Ræðst hún þegar á Helga, festir klærnar í peysu hans og rífur stykki úr henni. Helgi var hraustmenni, riðaði þó allmikið við atlögu þessa, en gat varizt falli. ... En ókind þessi yfirgefur Helga undir eins eftir þetta og hendist frá honum og hvarf."

Vestfirzkar sagnir I, 179-183.

**Ba-138:094** þjóðsaga skrímsli
"Á síðastliðinni öld hefir oft orðið vart við einkennilegan reimleika á fjallvegunum tveimur, er upp frá Látrum liggja [051 og 091], og þó einkum á Látraheiði. ... Fyrst er hans getið skömmu eftir aldamótin 1800. ... Sumarið eða haustið eftir framanskráðan viðburð [112] var það sunnudag einn, að heimamenn frá Látrum fara til Breiðuvíkur-kirkju, því að þangað eiga Látramenn kirkjusókn. Þetta mun hafa verið árið 1876. Einn af þeim, sem þá fóru til kirkju frá Látrum, var Sigurður Finnbogason ... [þegar kirkjufólk ætlar heim finna þau ekki Sigurð og fara að leita að honum] Þegar þeir eru að fara ofan af Látrahálsi Látra-megin, sjá þeir mann koma ofan Látradal, eins og hann kæmi af Látraheiði. Reyndist þetta vera Sigurður, og heldur hann heim að bnæ sínum. Þegar Sigurður kom heim, varð mönnum starsýnt á hann, því að útlit hans var nú alleinkennilegt. Klæði hans voru mjög rifin ... Gat hann þess, að þegar hann hefði verið kominn upp á Látraháls og að vörðu, sem Steinka er nefnd, hefði hann mætt kvikindi nokkru, og þar hefði viðureign sín byrjað við það, en endað hefði hún hjá vörðunni í Lambahlíðarskarði á Látraheiði, og mundi nokkur verksummerki sjást á vörðu þeirri um viðureign þessa, og ekki myndi framar verða vart við þetta í sinni tíð."

Eftirfarandi frásögn er höfð eftir Sigurði Finnbogasyni sjálfum, 10-12 árum eftir atburðinn. "Ég hélt sem leið liggur vestur og upp á hálsinn, þar til komið var a'kjöl. Þá var það, að annar skóþvengur minn brast. Ég settist niður, til að gera við hann. En er ég hafði sezt, kom eitthvað á herðar mér. Ég brást við fast og stóð upp. Þá hrökk þetta fram, en sótti brátt að mér aftur á nýjan leik. Ég sá, að þetta var ekki maður, en þó virtist mér það að nokkru leyti í mannsmynd. Það gekk, eða öllu heldur hoppaði á afturfótunum. Það virtist hafa meðalmanns hæð. Framlimi hafði það, sem líktust handleggjum. Í stað handa hafði það klær, sem það reif með. Mjótt var það um herðar eða bóga. Hausinn var eins og strýta eða keilumynduð hrúga upp úr herðunum. Háls sýndist enginn vera. Andlitsmynd gerði ég mér enga grein fyrir. Kvikindi þetta rann á mig hvað eftir annað og hrifsaði í mig með klónum; en er ég vildi ná tökum á því og þreyta átök við það, hrökk það jafnan undan. Virtist eins og það kærði sig ekkert um svofelldan leik. Ég barði á því með hnefunum, er ég komst í færi, því annar hafði ég ekki til að vopna; var þá sem ég berði á úfna pöru eða skráp, og þétt-fast virtist það fyrir höggunum. Við þettta meiddist ég allmikið á hnúum og víðar á höndum, þótt ekki gæti meiðsl þau talizt stór sár. Föt mín reif það allmikið, er það náði til mín með klónum, þar á meðal húðsterka, nýja "duffelstreyju", sem að síðustu hékk á mér í slitrum. Þannig barst viðureignin út og austur í áttina til Látrabjargs. Þangað virtist mér óvætturinn vilja flæma mig, og varð mér ekki sjálfrátt um stefnuna. Er leikurinn hafði borizt þannig austur á Látraheiði í svo nefnt Lambahlíðarskarð, komum við þar að vörðu allmikilli. Mér varð það þá fangráðs, að ég varðist með grjótinu úr vörðunni og grýtti ókindina með því í tryllingsæð. Hygg ég, að sumar af völum þeim hafi komið allfast við, enda var ég þá ekki alltaf sleppifengur, og missti sjaldan marks, ef í gott færi komst. Leikslokin urðu svo þau, að ókindin hætti aðsókninni og lúðraði frá mér í áttina suður á Látrabjargs-brún."

Vestfirzkar sagnir I, 179-186, 189-190.

**Ba-138:095** *Steinka* varða
"Gat hann þess [sjá 094], að þegar hann hefði verið kominn upp á Látraháls og að vörðu, sem Steinka er nefnd, hefði hann mætt kvikindi nokkru, og þar hefði viðureign sín byrjað við það, en endað hefði hún hjá vörðunni í Lambahlíðarskarði á Látraheiði, og mundi nokkur verksummerki sjást á vörðu þeirri um viðureign þessa, og ekki myndi framar verða vart við þetta í sinni tíð."

Vestfirzkar sagnir I, 185.

**Ba-138:096** varða
"Gat hann þess [sjá 094], að þegar hann hefði verið kominn upp á Látraháls og að vörðu, sem Steinka er nefnd, hefði hann mætt kvikindi nokkru, og þar hefði viðureign sín byrjað við það, en endað hefði hún hjá vörðunni í Lambahlíðarskarði á Látraheiði, og mundi nokkur verksummerki sjást á vörðu þeirri um viðureign þessa, og ekki myndi framar verða vart við þetta í sinni tíð."

Vestfirzkar sagnir I, 185.

**Ba-138:097** þjóðsaga skrímsli
"En í byrjun júlímánaðar býðst Sigmundur að heiman með tvo hesta undir reiðing, til að sækja fugl og steinbít, er hann átti

á Látrum eftir vinnumanninn. Gengur honum ferðin vel að Látrum, og kemur hann þangað án þess að neitt beri við, sem í frásögur sé færandi. Býr hann nú upp á hestana og leggur á Látraheiði fyrri hluta dags. Þegar hann er kominn upp á heiðina nálægt svo kallaðri Klofavörðu [052], kemur einhver tvífætt ókind á móti honum. Ræðst hún þegar á Sigmund og festir kló eða klær sínar í treyju hans, svo að hún rifnar nær því niður úr, og var hún þó úr mjög sterku efni. Sigmundi lá við falli, þá er dýrið réðst á hann. En við það að treyjan rifnaði, losnaði hann frá því, og sýndist honum það þá detta áfram. Undir eins og Sigmundur var laus úr klóm ókindar þessarar, vill hann komast sem fljótast frá henni og tekur á rás beint undan brekkunni ..."

Vestfirzkar sagnir I, 186-187.

**Ba-138:098** *Látranes* heimild verbúð **Friðlýstar minjar**

1942: "Sumir aðkomumenn höfðu búðir og vergögn á svonefndu Látranesi, sunnanvert við Bjarnarnúp, en settu upp á svonefndu Látrarifi [099]. ... Á nesinu er hvergi lending, heldur klappir einar og flúðir og ærið brimsamt." Friðlýstar minjar. "Verbúðir og fiskigarðar á Látranesi norðan bæjanna." Friðl. 12.11.1971. Fornleifaskrá, 35.

Bstbók, 195.

**Ba-138:099** *Látrarif* heimild uppsátur

1942: "Sumir aðkomumenn höfðu búðir og vergögn á svonefndu Látranesi, sunnanvert við Bjarnarnúp, en settu upp á svonefndu Látrarifi. Það er beint niður af Látrabæjunum. Þar settu heimamenn upp, svo og nokkrir Rauðsendingar, þegar þeir réru á Látrum."

Bstbók, 195.

## Ba-139 Breiðavík

30 hdr. 1703. Bændaeign. Hálfkirkja þar frá 1431 til 1824 að sóknarkirkja var sett í Breiðuvík, nú aflögð. Í örnefnaskrá Trausta segir: "Bæirnir voru raunar tveir, en öll húsin voru byggð hlið við hlið, og því hefur líklega yfirleitt ekki verið notað fleirtöluorðið bæir." Ö-Breiðavík, 5. Kirkjan í Breiðuvík átti Breiðuvíkurbjarg og Lambahlíð í Látrabjargi og eru merki við Bæjarbjarg á Melalykkju en við Keflavíkurbjarg á Gorgán.

1458 var B. 36 hdr. jörð meðal eigna Kristínar Björnsdóttur - DI V, 163. 1576 var B. 36 hdr. jörð í eigu Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. 7.7.1622 selur Ísleifur Eyjólfsson Birni Magnússyni B. 36 hdr að dýrleika - Jarðabréf, 113. 3.5.1703 er B. 36 hdr jörð meðal eigna Páls Björnssonar í Selárdal - útræðisjörð, afgengileg af sandi, landsk 2 1/2 hdr í fiski, brekönum eða hverju sem má, 10 1/2 kúg og gjalda aldrei í smjöri - JÁM XIII, 204.

1920: 7,6 ha, garðar 2135 m2, 1/3 sléttað. Útmæling, 0,4 ha. Útmæling 0,1 ha, Lambhúsvöllur, 150 m2. Kálgarðavöllur, 0,3 ha. 1840: "bæði góð heyskapar-, útigangs- og fjörujörð." SSV, 211. 1942: "Fram af víkinni er dálítill dalur, fernur grösugur. Eru þar slægjur og beitiland gott. Vetrarbeit er góð í Breiðavík, og fjörusæld. útræði er ágætt, og bjargið fyrrum mjög gagnsamt, en er nú minna nytjað. / Norðan við Breiðinn lækkar fjallið mjög og heitir þá Hnífar. Þar og í Breiðnum verpur nokkuð af fýl." Bstbók, 98. 1959: "... stór og góð bújörð. Þar er aðstaða til róðra svipuð sem á Hvallátrum, en engjar betri, haglendi og útbeit í betra lagi." ÁFÍ 1959, 122

**Ba-139:001** *Breiðavík* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-139:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:009** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:010** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:011** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:012** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:013** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:014** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:015** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-139:016** heimild hálfkirkja

"Hólavöllur. Rétt neðan við Brúna [047], aðeins til vinstri handar, þegar farið var frá bænum, var lángur hóll. Á honum var kirkjugarður, og þar stóð kirkjan. Annar hóll var rétt sunnan kirkjunnar."

Breiðavík (VB) (Saurbæjarþing) - Hálfkirkja:

1431: Anno domini m. cd. xxx. j. skipade herra Johannes med gudz nad biskup j Skalhollti halfkirkiv j breidavijk er liggur j Savrbæar þijngum med þeim maldaga: ad hvn skal eiga x hvndrad j heimalandi. sem Þordur jonsson gaf henni. er þa atti greinda jord. al hvn taka heima manna Tijvnder oc lysitolla alla meire og menne. oc luka presti ij merkur kaups; Vmáld DI IV 469 598: hálfkirkja; {AM 263 fol. bl. 79}

1703: Þar er hálfkirkja, og er þar embættað tvisvar á ári. Hefur prestur þar fyrir af kirkjujarðarinnar eignarmanni ei nema vi álnir (eins og af bænhúsum plagast eftir dómi hr. Odds). Skulu þar hafa verið tvö kirkjukúgildi, nú úr fallin.

31.12.1824: Kirkja í Breiðuvík gerð að sóknarkirkju; (PP, 179) [konungsbréf] Undir þessa sóknarkirkju lágu Keflavík, Hvallátur, Breiðavík, Láginúpur og Kollsvík. 1840: [Breiðuvíkurkirkja á] tiltekið pláss í [Látrabjargi] og Geldingsskorardal, sem er hvilft í bjargið og fuglabjarg."

SSV, 214; JÁM VI, 313; Ö-Breiðavík, 15.

**Ba-139:017** heimild verbúð **Friðlýstar minjar**

1710: "Á vori um vertíð liggja búendur þar við búðir, lángt frá bænum. Stundum hefur þar á vor eitt aðtökuskip verið, aldri fleiri. Búðir þessar eru 4 nú. Eina þar af brúkar þetta aðtökuskip, þá þar gengur, og er sú fyrsta byggð í fyrra. Hinar 3 brúka búendur sinn hverja. Þar ganga nú 3 skip: 1) aðtökuskipið, sem fyrr er skrifað er 3ggja manna far. 2) og 3) eiga búendur, 4ramanna og 3ggja manna far."

Friðlýstar minjar. "Naust og verbúðir í Breiðuvíkurveri, syðst í Breiðuvík." Friðl. 12.11.1971. Fornleifaskrá, 34.

JÁM VI, 314.

**Ba-139:018** *Kumbarabúð* heimild verbúð

"Kumbari. Þar sem Bakkarnir enda, gengur strandlínan nokkuð inn, og við tekur sandfjara. Í krika þeim, er þannig myndast, voru verbúðir. Þar var róið að vorinu og nokkuð að sumrinu og jafnvel fram á haust stöku sinnum í mínu ungdæmi. ... Stærsta búðin var einnig nefnd Kumbarabúð. ... Í Kumbara var ekki hægt að lenda eða komast fram, nema um hálffallinn sjó eða þar yfir, og þó því aðeins, að gott væri í sjóinn, sérstaklega ef ekki var háflæði. Meðan steinbítsveiðar voru aðallega stundaðar, en það var fram að seinustu aldamótum, var róðrum yfirleitt hagað þannig, að lent var í Kumbara um flæði og gert þar að, enda mátti heita ógerningur að verka steinbítinn, þar sem sandurinn hafði náð tökum en það var rétt innan við Kumbarann." Sennilega á sama stað og 017

Ö-Breiðavík, 3.

**Ba-139:019** *Kumbari* heimild lending

"Í Kumbara var ekki hægt að lenda eða komast fram, nema um hálffallinn sjó eða þar yfir, og þó því aðeins, að gott væri í sjóinn, sérstaklega ef ekki var háflæði. Meðan steinbítsveiðar voru aðallega stundaðar, en það var fram að seinustu aldamótum, var róðrum yfirleitt hagað þannig, að lent var í Kumbara um flæði og gert þar að, enda mátti heita ógerningur að verka steinbítinn, þar sem sandurinn hafði náð tökum en það var rétt innan við Kumbarann."

Ö-Breiðavík, 3.

**Ba-139:020** *Bót* heimild lending

"Svo nefndist aðallendingin í Breiðavíkurveri, nokkuð fyrir heiman Grásleppuvör. Þar var ægisandur."

Ö-Breiðavík, 4.

**Ba-139:021** heimild leið

"Úr verinu og heim að bæ lá leiðin yfirleitt meðfram sjónum eða efst á rifinu, þar til komið var í svonefndan Rifshaus. Þá var beygt til hægri og tekin stefna beint á bæinn. ... Leiðin öll heim mun vera um 3 km og tæplega hálfnuð úr verinu í Rifshaus."

Ö-Breiðavík, 5.

**Ba-139:022** *Tök* heimild

"Undir fjallshlíðinni norðan við Fjarðarhorn var lítils háttar grasi vaxið undirlendi, staksteinóttir harðbali, vegna grjóthruns úr klettunum. Eitt stóreflis bjarg vakti einkum athygli, því það hvíldi á tveim steinum, sem standa nokkuð upp úr jörðu, eins og því hefði verið lyft upp á þá, og mátti skríða undir steininn. Nafnið á plássinu stendur sennilega í sambandi við þessa stakasteina eða "Grettistök"."

Ö-Breiðavík, 6-7.

**Ba-139:023** *Stekkur* tóft býli

1942: Vestan undir Breiðnum er fornt eyðibýli, er hét að Stekk."

"Flosahryggur. Það er stór hryggur undir Flosagili, gamalt hrun úr því og síðan framburður eftir vatni. Nokkuð graslendi er í hryggnum neðanverðum, þar sem hann breiðir úr sér. ... Stekkur. Hann var spölkorn fyrir framan Flosahrygg, rétt undir fjallshlíðinni. Þar var aflangur hóll meðfram hlíðinni, en neðri hluti hennar var stórgrýtisurð. Á Stekknum voru tóttir nokkrar, enda var búið þar nokkur ár eftir 1850. Eini ábúandinn, sem um er vitað þar, var Ólafur Þorgrímsson bóndi í Breiðuvík, Sigurðssonar, kvæntur Þóru Þórðardóttur. Átið 1851 er þetta býli nefnt Urðarhvammur, og er það skiljanlegt af framansögðu, en 1854 er það nefnt Stekkur. Vafalaust er þó Stekksnafnið miklu eldra en þetta og líklegt, að staðurinn hafi verið lagður niður sem stekkur, þegar hér var komið."

Bstbók, 98; Ö-Breiðavík, 8.

**Ba-139:024** *Hlað* heimild rétt

"Hlað. Það var uppi undir hlíðinni, rétt fyrir framan Hafnargil. Þar voru tóttabrot, og var þar (um síðustu aldamót) oft setið hjá kúm fyrstu dagana, sem þær voru úti á vorin."

Ö-Breiðavík, 9.

**Ba-139:025** heimild sel

"Glúmshöfði. Það var hluti af fjallinu sunnan til við Víkina [fram úr sjálfri Breiðavíkinni] ... Seljagil. Það var heiman við Glúmshöfða og átti upptök sín upp á fjalli. Í það rann lækur úr Neðra-Stæðavatni. Seljagilseyrar. Þar sem Seljagil kom niður á undirlendi í Víkinni, voru eyrar með þessu nafni. Þar voru tóttaleifar gamlar, og hefur þar óefað verið sel. Seljaflói. Það var mýrlendi við ána, niður af heimri enda Glúmshöfða."

Ö-Breiðavík, 10.

**Ba-139:026** *Vörðuvað* örnefni vað

"Vörðuvað. Þar lá vegurinn yfir Ána, inn í Örlygshöfn og norður í Kollsvík. Þar voru einnig stillur á ánni, en hvergi annarsstaðar."

Ö-Breiðavík, 11.

**Ba-139:027** *Vörðuvað* örnefni vað

"Vörðuvað. Þar lá vegurinn yfir Ána, inn í Örlygshöfn og norður í Kollsvík. Þar voru einnig stillur á ánni, en hvergi annarsstaðar."

Ö-Breiðavík, 11.

**Ba-139:028** *Breiðavíkurháls* vegur leið

1942: "... yfir Breiðinn liggur ... vegur frá Breiðavík í Kollsvík. Heitir sú leið Breiðavíkurháls."

"Vörðuvað. Þar lá vegurinn yfir Ána, inn í Örlygshöfn [sbr. 063] og norður í Kollsvík. Þar voru einnig stillur á ánni, en hvergi annarsstaðar."

Bstbók, 98; Ö-Breiðavík, 11.

**Ba-139:029** *Eyrarvað* heimild vað

"Eyrarvað (mig minnir, að það væri einnig nefnt Fjárvað.). Það var yfir Ána neðan til á Eyrum."

Ö-Breiðavík, 11.

**Ba-139:030** *Ósvað* heimild vað

"Mjóistrengur. Hann var nokkuð fyrir neðan Eyrarvað [029], myklu grynnri og mjórri en Hestastrengur. Um aldamótin 1900 voru bakkarnir meira að segja að mestu grónir saman, og flóði þar yfir í vatnavöxtum. Ósvað. Það var alllangt fyrir neðan Mjóastreng, nokkurn veginn niður undan Grænadýi. Á þessu vaði var Áin mjög grunn og aur- eða malarbotn."

Ö-Breiðavík, 11.
**Ba-139:031** *Gíslavað* heimild vað
"Gíslavað. Það var fyrir neðan Ósvað [030], og þurfti að stinga það úr árbökkunum, til þess að fært væri með hesta. Gísli, sem þetta er kennt við, mun hafa gert þessar ráðstafanir til að stytta sér leið við heyfluttninga, hefði annars þurft að fara upp á Ósvað. Nafnið er víst ekki gamalt, en ekki hef ég séð með vissu, hver þessi Gísli hefur verið."
Ö-Breiðavík, 11.
**Ba-139:032** *Illálsvað* heimild vað
"Illáll. Stekkjarmýrum hallar heim að ánni. Í þeim voru seylar og mjög blautt, einkum heiman til. Vatnið safnaðist mest á einn stað, þar sem Áin breytir um stefnu til vesturs. Þar nefnist Illáll, og var hann slæmur yfirferðar. Illálsvað. Það var, þar sem Illáll kom í Ána. Þar var malareyri, og rann vatnið mest við norðurbakkann."
Ö-Breiðavík, 11-12.
**Ba-139:033** *Tobbuvað* heimild vað
"Ós. Það var hluti af ánni, milli Ósvaðs [030] og Vatnsins ... Tobbuvað. Það var, þar sem mættust Ósinn og Vatnið."
Ö-Breiðavík, 12.
**Ba-139:034** *Stöðulholt* heimild kvíar
"Hér er komið heim að túngarði, sem var fyrir framn túnið og náði niður undir mýrar. Stöðullinn var skammt frá túngarðinum, ofan til við veginn, frá bæjunum og fram á Söðuholt. Þar voru kýr mjólkaðar á sumrin, og einnig var þar kví fyrir mjólkurær."
Ö-Breiðavík, 13.
**Ba-139:035** garðlag túngarður
"Hér er komið heim að túngarði, sem var fyrir framn túnið og náði niður undir mýrar. Stöðullinn var skammt frá túngarðinum, ofan til við veginn, frá bæjunum og fram á Söðuholt. Þar voru kýr mjólkaðar á sumrin, og einnig var þar kví fyrir mjólkurær."
Ö-Breiðavík, 13.
**Ba-139:036** *Hafnarvegur* vegur leið
"Stöðulholt. Það var flatt, stórt holt heiman við Líkstein. Eftir því lá vegurinn fram í Vík og síðan inn á Rauðasand (og að Sauðlauksdal, ef Dalverpi var farið). Niður af holtinu í Vörðuvaði lá Hafnarvegur."
Ö-Breiðavík, 13.
**Ba-139:037** heimild lambhús
"Aukatún. Það tilheyrði nyrðri jörðinni og var niður af fremsta hluta Hundraðanna, en fyrir ofan fyrrnefnda götu sem lá fram á Stöðulholt. Þetta Aukatún var ... viðbót við eldra túnið, líklega ekki ræktað neitt að ráði, fyrr en rétt fyrir síðustu aldamót. Á Aukatúni var hlaða og lambhús."
Ö-Breiðavík, 14.
**Ba-139:038** heimild lambhús
"Lambhústún. Það var niður af Aukatúninu heimanverðu, neðan við götuna, sem fyrr var nefnd. Viðbót við þetta tún, fram að túngarðinum, var verið að rækta um líkt leyti og Aukatúnið [031]. Á þessu túni var hesthús og lambhús."
Ö-Breiðavík, 14.
**Ba-139:039** heimild hesthús
"Lambhústún. Það var niður af Aukatúninu heimanverðu, neðan við götuna, sem fyrr var nefnd. Viðbót við þetta tún, fram að túngarðinum, var verið að rækta um líkt leyti og Aukatúnið [031]. Á þessu túni var hesthús og lambhús."
Ö-Breiðavík, 14.
**Ba-139:040** heimild hlaða
"Síða. Það var túnhlutinn fyrir neðan götu og heiman Lambhústún. Náði heim að kúahlöðu og fjárhúsi, sem stóðu skammt fyrir norðan bæinn, og að neðanverðu heim að Túnbrekku."
Ö-Breiðavík, 14.
**Ba-139:041** heimild fjárhús
"Síða. Það var túnhlutinn fyrir neðan götu og heiman Lambhústún. Náði heim að kúahlöðu og fjárhúsi, sem stóðu skammt fyrir norðan bæinn, og að neðanverðu heim að Túnbrekku."
Ö-Breiðavík, 14.
**Ba-139:042** *Seyl* garðlag samgöngubót
"Seyl.. Hún lá niður mýrarnar framan til við Síðu og norðan megin við uppgróinn garð, er notaður var sem hestavegur, þegar reitt var heim af engjum. Brú. Fyrrnefndur garður heiman til við Seylina mun hafa verið nefndur Brú, en líklega eingöngu

af þeim, sem voru á nyrðri jörðinni og notuðu þennan veg."
Ö-Breiðavík, 15.

**Ba-139:043** *Brú* vegur samgöngubót

"Brú. fyri meðan Túnbrekku var upphækkaður vegur með skurðum beggja vegna. Á þessari leið rann lækur norður í Vatn, og yfir hann var hellubrú. En þessi vegarspotti (um 50 m), frá Túnbrekku og niður fyrir læk, var allur nefndur Brú. Af því að hann var að nokkru hærri en umhverfið, líktist hann tilsýndar langri brú."
Ö-Breiðavík, 15.

**Ba-139:044** *Bænhústóft* heimild bænhús

"Bænhústóft. Rétt norðan við veginn, þegar komið var niður á Túnbrekku, nærri slétt við jörðu, en vottaði þó fyrir umgjörð." Sennilega annar staður en kirkjan 016.
Ö-Breiðavík, 14.

**Ba-139:045** renna áveita

"Sef. Ofan til við syðri enda Túnbrekkunnar kom væta undan brekkunni, svo að þar myndaðist hálfgert dý. Frá því seytlaði vatn eftir um það bil 2 m breiðri lænu niður í læk þann, sem upptök sín átti í Kaldabrunni. Þessi læna hét Sef. Tungur. Nokkru fyrir sunnan Sefið hafði verið stunginn djúpur skurður niður í fyrrnefndan læk, sem hér var þráðbeinn á löngum kafla, af því hann hafði verið stunginn upp og lagaður til um leið."
Ö-Breiðavík, 16.

**Ba-139:046** renna áveita

"Sef. Ofan til við syðri enda Túnbrekkunnar kom væta undan brekkunni, svo að þar myndaðist hálfgert dý. Frá því seytlaði vatn eftir um það bil 2 m breiðri lænu niður í læk þann, sem upptök sín átti í Kaldabrunni. Þessi læna hét Sef. Tungur. Nokkru fyrir sunnan Sefið hafði verið stunginn djúpur skurður niður í fyrrnefndan læk, sem hér var þráðbeinn á löngum kafla, af því hann hafði verið stunginn upp og lagaður til um leið. Enn var skurður sunnar."
Ö-Breiðavík, 16.

**Ba-139:047** *Klungrahlaða* heimild hlaða

"Góðan spöl fyrir sunnan Enni gekk hryggur niður Brekkuna og dálítið niðu í Mýrlendi neðan Brekkunnar. ... Á nefndum hrygg var nokkuð grýtt og þýft, eina og raunar var yfirleitt í Brekkunni. Sá staður var nefndur Klungur. Klungrahlaða. Það var hlaða ofan til við Klungrin. Áfast henni var fjárhús."
Ö-Breiðavík, 16.

**Ba-139:048** *Kaldibrunnur* brunnur vatnsból

"Kaldibrunnur. Skammt fyrir utan áðurnefndan hrygg fór graslendið í Brekkunni að dragast saman niður að mýrlendinu og endaði loks í horni. Í lægð fyrir utan hrygginn var uppspretta og hlaðinn utan um lítill brunnur. Þetta var Kaldibrunnur. Úr honum rann lækur niður í mýri fyrir neðan og síðan heim eftir. Hér um bil í vestur frá bænum var í 80-100 metra fjarlægð byggt hús yfir lækinn. Þar var tekið neyzluvatn, þvegnir þvottar og afvatnað saltmeti. Héðan rann lækurinn svo neðan við Tungur, og í framhaldi af honum var Brúarlækur."
Ö-Breiðavík, 16.

**Ba-139:049** heimild þvottastaður

"Kaldibrunnur. Skammt fyrir utan áðurnefndan hrygg fór graslendið í Brekkunni að dragast saman niður að mýrlendinu og endaði loks í horni. Í lægð fyrir utan hrygginn var uppspretta og hlaðinn utan um lítill brunnur. Þetta var Kaldibrunnur. Úr honum rann lækur niður í mýri fyrir neðan og síðan heim eftir. Hér um bil í vestur frá bænum var í 80-100 metra fjarlægð byggt hús yfir lækinn. Þar var tekið neyzluvatn, þvegnir þvottar og afvatnað saltmeti. Héðan rann lækurinn svo neðan við Tungur, og í framhaldi af honum var Brúarlækur."
Ö-Breiðavík, 16.

**Ba-139:050** *Brunnhús* heimild vatnsból

"Brunnhús. Það var fyrrnefnt [049] hús, sem lækurinn rann gegnum."
Ö-Breiðavík, 16.

**Ba-139:051** *Lambhúsvöllur* heimild lambhús

"Lambhúsvöllur. Í útsuður frá bænum, skammt fyrir heiman Fiská, voru hólar, sem höfðu verið ræktaðir, aðallega eftir að þar hafði verið byggð hlaða og lambhús. Þetta svæði var kallað Lambhúsvöllur. Árið 1912 var syðri bærinn í Breiðavík rifinn og í hans stað byggt steinhús úti á Lambhúsvelli ofanverðum. Við gröft þarna fyrir húsunum hefur komið upp eitthvað af mannabeinum."
Ö-Breiðavík, 16.

**Ba-139:052** *Lambabyrgi* heimild fjárskýli

"Svo hétu tóttaleifar undir fjallshlíðinni skammt fyrir utan Fiská [rennur niður á sandana skammt fyrir utan [Lambhúsvöll]. Meðan fært var frá, voru lömb höfð þarna fyrst eftir fráfærur."

Ö-Breiðavík, 18.

**Ba-139:053** *Húsvarða* heimild samgöngubót

"Steinka. Af Búðarbrekkum [ofan við verbúðirnar við Kumbrana] liggur vegurinn enn nokkuð á ská út á fjallið. Verður þar brátt fyrir lágur hjalli, sem nefnist Steinka. Frá Steinku liggur vegurinn þvert yfir hálsinn. Þar sem leiðin liggur hæst og þegar fer að halla ofan að Látrum, stóð varða, sem Húsvarða hét. Hún var miklu stærri en venjulegar vörður, og í henni var smáskýli."

Ö-Breiðavík, 18-19.

**Ba-139:054** vegur leið

"Steinka. Af Búðarbrekkum [ofan við verbúðirnar við Kumbrana] liggur vegurinn enn nokkuð á ská út á fjallið. Verður þar brátt fyrir lágur hjalli, sem nefnist Steinka. Frá Steinku liggur vegurinn þvert yfir hálsinn. Þar sem leiðin liggur hæst og þegar fer að halla ofan að Látrum, stóð varða, sem Húsvarða hét. Hún var miklu stærri en venjulegar vörður, og í henni var smáskýli."

Ö-Breiðavík, 18-19.

**Ba-139:055** *Sveinsvarða* varða

"[Húsvarða] er utar á fjallinu en staðir þeir, sem nú hafa verið nefndir, liðlega 300 m yfir sjó. Framhjá henni að austanverðu liggur vegurinn út á bjarg. Frá Breiðavík stefnir bjargvegurinn í aðalatriðum á Sveinsvörðu, beygir þá í suðaustur og sker brátt veg þann, sem liggur inn Látraheiði, en þaðan er stefnan til suðurs út á Geldingsskoradal. Þar og nokkuð utar var aðallega farið á bjarg úr Breiðavík. Með áburðarhesta var þessi leið farin á 1-1 1/2 klst."

Ö-Breiðavík, 20.

**Ba-139:056** vegur leið

"[Húsvarða] er utar á fjallinu en staðir þeir, sem nú hafa verið nefndir, liðlega 300 m yfir sjó. Framhjá henni að austanverðu liggur vegurinn út á bjarg. Frá Breiðavík stefnir bjargvegurinn í aðalatriðum á Sveinsvörðu, beygir þá í suðaustur og sker brátt veg þann, sem liggur inn Látraheiði, en þaðan er stefnan til suðurs út á Geldingsskoradal. Þar og nokkuð utar var aðallega farið á bjarg úr Breiðavík. Með áburðarhesta var þessi leið farin á 1-1 1/2 klst."

Ö-Breiðavík, 20.

**Ba-139:057** *Hádegisvarða* heimild eyktamark

"Hádegisvarða. Hún var á Fossbrekkur [0fan við Fossa], rétt við Fiská. Reyndar voru vörður beggja megin við ána, en skammt var á milli þeirra. Sú, sem var austar, hefur líklega verið hin eiginlega hádegisvarða."

Ö-Breiðavík, 20.

**Ba-139:058** *Fylgsni* heimild

"Neðra-Stæðavatn. Í Stæðunum voru allstór vötn, og hét það sem nær var bænum Neðra-Stæðavatn. Í vötnunum var nokkur silungur. Úr neðra vatninu var samband við Seljagil. ... Við bæði vötnin var lækurinn [sem rann á milli þeirra] hlaðinn upp í streng og hellur lagðar yfir. Þessi fylgsni voru stöku sinnum notuð til silungsveiða á þann hátt, að læðzt var að þeim og lokað fyrir báða enda."

Ö-Breiðavík, 21-22.

**Ba-139:059** *Fylgsni* heimild

"Neðra-Stæðavatn. Í Stæðunum voru allstór vötn, og hét það sem nær var bænum Neðra-Stæðavatn. Í vötnunum var nokkur silungur. Úr neðra vatninu var samband við Seljagil. ... Við bæði vötnin var lækurinn [sem rann á milli þeirra] hlaðinn upp í streng og hellur lagðar yfir. Þessi fylgsni voru stöku sinnum notuð til silungsveiða á þann hátt, að læðzt var að þeim og lokað fyrir báða enda."

Ö-Breiðavík, 21-22.

**Ba-139:060** *Stæðavegur* heimild leið

"Stæðavegur. Svo nefndist vegurinn til Keflavíkur um Stæður."

Ö-Breiðavík, 22.

**Ba-139:061** *Brúðgumaskarð* örnefni

"Brúðgumaskarð. Það er á leiðinni úr Breiðavík og inn á Rauðasand, um 3 km frá Víkurbotni, þar sem halla tekur inn af fjallinu. Sagan segir, að brúðhjón hafi verið á leið til Bæjarkirkju á Rauðasandi og hafi brúðguminn orðið bráðkvaddur á þessum stað."

"Brúðurinn Guðrún að nafni, fór með fríðu föruneyti frá Kollsvík til Saurbæjar á undan brúðgumanum, sem kom á eftir með presti. Presturinn kom einn að Saurbæ og sagði við brúðina: "Komdu sæl o gblessuð, Guðrún mín. Alla daga

kemur kvöld", og sagði henni, að brúðguminn hefði orðið bráðkvaddur í Brúðgumaskarði."
Ö-Breiðavík, 22; Ö-Breiðavík, viðb.

**Ba-139:062** *Fornusel* örnefni sel
"Þau liggja til hægri við veginn upp í Brúðgumaskarð [061], nokkru eftir að komi er upp úr Víkinni. Þau tilheyrðu nyrðri jörðinni, og voru nytjaðar slægjur það um aldamótin 1900. Óvíst er, hversu langt er síðan þar var haft í seli."
Ö-Breiðavík, 22-23.

**Ba-139:063** *Hafnarvegur* vegur leið
"Það var vegurinn úr Breiðavík og inn í Örlygshöfn, sem venjulega var kölluð það ytra aðeins Höfn."
Ö-Breiðavík, 23.

**Ba-139:064** *Hjallagata* gata leið
"Gatan upp á Hjalla nefnist Hjallagata [klettabelti sem nær að Flosagili, sem er fyrir norðan stekk]. Þessi gata greindist frá Hafnarvegi [063] skammt fyrir neðan fjallshlíðina."
Ö-Breiðavík, 23-24.

**Ba-139:065** *Grýluvarða* heimild
"Svo hét varða á brún Hallsins, sunnan við hann miðjan."
Ö-Breiðavík, 25.

**Ba-139:066** heimild smalakofi
"Lambhlíðardalur. Hann skarst inn í bjargbrúnina utanvert við Keflavíkurbjarg, en utan við dalinn var Eyjaskorarnúpur. ... Lambahlíð. Hún var undir Lambahlíðardal. Þar var góð fjárbeit, þó að mikið væri um skriður og grjót. ... Sagt er, að Össur Sigurðsson, sem ólst upp í Breiðuvík og bjó þar í nokkur ár (f 1768.), hafi verið yfir fé í Lambahlíð að vetrum og hafzt við í kofa niðri á bökkum"
Lambahlíð er kölluð eyðihjáleiga í JJ, 182 og skv. JÁM var Lambahlíð eyðipláss sem tilheyrði kirkjunni í Breiðuvík og gæti það svarað til þeirra 10 hundraða sem lögð voru til hennar 1431.
Ö-Breiðavík, 27.

**Ba-139:067** *Húsagjá* örnefni
"Húsagjá. Hún var innan til við miðjan Lambahlíðardal [066]."
Lambahlíð er kölluð eyðihjáleiga í JJ, 182 og skv. JÁM var Lambahlíð eyðipláss sem tilheyrði kirkjunni í Breiðuvík og gæti það svarað til þeirra 10 hundraða sem lögð voru til hennar 1431.
Ö-Breiðavík, 27; Ö-Breiðavíkurbjarg, 4.

**Ba-139:068** *Þráður* heimild lending
"Þráðurinn var mjó vör, sem búin var til með því að taka steina úr hleinum. Þegar ekki var hægt að fara Þráðinn, varð að lenda á Sandbótinni [Bótinni] ..."
Ö-Breiðavík, ath

**Ba-139:069** tóft naust
"Tóftin er hlaðin úr grjóti, að innanmáli um 2 m breið og um 8 m löng. Hún er breiðust um miðjuna og dregst að sér til endanna. Innsti hluti veggjanna er hlaðinn í boga. Þar er tóftin aðeins um 1 m breið. Sjórinn er búinn að brjóta hluta af norður langhlíð naustsins, en innri hluti veggjarins er um 1 m hár. Gólfið í naustinu hallar niður að sjónum og fremst stendur veggurinn enn í um 2 m hæð. Sá veggur er sameiginlegur með ... [071]."
"Samliggjandi tóft ... einnig hlaðinn úr grjóti. Tóftin er að innan máli um 2,5 x 8 m. Hluti þaksins er enn uppistandandi. Þakhallinn virðist hafa verið mjög lítill." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.1.1.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 11.

**Ba-139:070** tóftaþyrping verbúð
"Verbúð. Fimm sambyggð hús. 2.1 Verbúð Jóns Guðjónssonar, f 1881. 2.2. Verbúð Haraldar Ólafssonar. Herbergið er 4,5x3 m að innanmáli. Veggirnir eru um 1 m á hæð og heilir. Bárujárnsþak er nýlega fallið inn í tóftina. Inngangur er við suðausturhorn herbergissins. "Herbergi, e.t.v. byggt við hlið ... [2.2] síðar. Það er um 4 x 2 m að innanmáli, en þrengist aðeins inn og er þar aðeins um 1,5 m breitt. Stór grjóthella er yfir dyrum. Að baki búðar Eldunarkró fyrir verbúðina." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.2.1.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 13.

**Ba-139:071** tóft verbúð
"Verbúðin er allvel varðveitt. Veggirnir eru að jafnaði 1,2 m breiðir, hlaðnir úr grjóti eingöngu, og standa í allt að 0,8 m hæð. Innanmál eru 4 x 2 m. Inngangur er á miðri suðurhlíð. Að húsabaki er dálítil þúst, um 2 m í þvermál, sem gæti bent

til viðbyggingar eða eldra mannvirkis." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.3.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 13.

**Ba-139:072** garðlag

"Fiskreitur. Um 16 m langur og 3 m breiður, fimm metrum vestan við verbúð ... [071]. Garðurinn nær alveg niður að sjávarbakka." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.4.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 13.

**Ba-139:073** garðlag herslugarður

"Fiskigarðar. A.m.k. 2 fiskigarðar með um 5 m millibili. Annar er um 4 m langur, hinn um 10 m. langur. Breidd garðanna er um 0,5-0,6 m. Garðarnir ná niður að sjávarbakka." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.5.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 13.

**Ba-139:074** tóft

"Búðartóft." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.6.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 13.

**Ba-139:075** garðlag herslugarður

"Fiskgarðar. A.m.k. 4 fiskgarðar." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.7.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 13.

**Ba-139:076** garðlag herslugarður

"Fiskgarðar. A.m.k. 2 fiskgarðar." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.8.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:077** garðlag herslugarður

"Fiskgarðar. A.m.k. 4-5 garðar." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.9.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:078** garðlag herslugarður

"Steinbítsgarðar eða hrýgingargarðar. A.m.k. 9 fiskgarðar. Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.10.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:079** brunnur vatnsból

"Brunnur, grafinn af Jóni Guðjónssyni." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.11.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:080** tóft fjárhús

"Fárhús. Veggir eru heilit. Hornin eru bogadregin að utan. Þakið er torfþak lagt ofan á bárujárn. Það er enn uppistandandi." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.12.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:081** tóft verbúð

"Verbúð. Búð Guðmundar Kristjánssonar." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.13.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:082** tóft verbúð

"Búð Sigurðar Guðmundssonar, eintóma." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.14.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:083** *Steinbúð* tóft verbúð

"Verbúð, svonefnd Steinbúð Jóns Guðjónssonar." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.15.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:084** tóft fjárhús

"Fjárhús. Bárujárnshús, byggt á fyrri hluta þessarar aldar." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.16.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:085** tóft verbúð

"Verbúð. Líklega búð Gríms Árnasonar og síðar fjárhús." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.17.
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:086** heimild mið

"Lendingarmerki, svonefnd neðri þráðarmerki og bakmerki fyrir þráð. Þau voru notuð til að miða út stefnuna gegnum "þráðinn" vegna lendingar eða til að marka ákveðin mið." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.18.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:087** tóft verbúð

"Verbúð." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.19.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:088** tóft verbúð

"Verbúð Ólafs Ólafssonar, d. 1898." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.20.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 15.

**Ba-139:089** tóft verbúð

"Verbúð, svonefnd langagörn, hlaðinn 1010 [á að vera 1910] af Jóni Guðjónssyni, Guðmundi Bjarna Ólafssyni, Sveini Benónýssyni, Haraldi Ólafssyni og Ólafi Finnboga Ólafssyni. Þarna var geymdur saltfiskur. Síðar var búðin notuð sem fjárhús Guðmundar Bjarna Ólafssonar." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.21.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 16.

**Ba-139:090** *Bræðraborg* tóft

"Bræðraborg (Steinbúð)." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.22.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 16.

**Ba-139:091** renna

"Þráðurinn. Renna gegnum skerið framan við Kumbara." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.24.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 16.

**Ba-139:091** heimild mið

"Leiðarmerki á Bót." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar. Þar skráð sem fornleif 28.23.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 16.

**Ba-139:092** kuml legstaður

"Lambhúsvöllur. Í útsuður frá bænum, skammt fyrir heiman Fiská, voru hólar, sem höfðu verið ræktaðir, aðallega eftir að þar hafði verið byggð hlaða og lambhús. Þetta svæði var kallað Lambhúsvöllur. Árið 1912 var syðri bærinn í Breiðavík rifinn og í hans stað byggt steinhús úti á Lambhúsvelli ofanverðum. Við gröft þarna fyrir húsunum hefur komið upp eitthvað af mannabeinum."

"Þegar grafið var fyrir undirstöðum steinhúss þess, sem nú 1913 er verið að byggja í Breiðuvík, fundust það í jörðu allmörg bein, manna og hesta. Einkum komu þau í ljós við vesturhlið hússins, og við suðvesturhornið fann ég nokkur mannabein um 30 sm í jörðu." "Vafalaust eru þetta leifar af kumlum fornmanna. Ekki er ástæða til að ætla, að neitt haugfé hafi verið, úr því að það er ekki nefnt, en heimildir góðar. Þó kynnu kumlin að hafa verið rænd. Matthías Þórðarson hefur sjálfur talað við finnandan. Trausti Ólafsson, sem er bróðir mannsins, er byggði húsið, hefur sagt mér, að íbúðarhús þetta hafi verið reist allfjarri gamla bæjarstæðinu og utan túns. Ekki veit hann til, að forngripir fyndust."

Ö-Breiðavík, 14; Matthías Þórðarson: "Smávegis.", Árbók 1924, 46; KEKH, 89.

## Ba-140 Láginúpur

18 hdr. 1703 með hjáleigunum Hólum og Grund, annars 9 hdr. Saurbæjarkirkjueign frá 1397x1419. Fyrst getið 1419 (DI V, nr. 5). Hólar voru farnir í eyði fyrir 1805 og þá nytjaðir til jafns frá Láganúpi og Grund.

1446 er L. 18 hdr. kirkjujörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 691.

1920: 3,2 ha. garðar 505 m2, 3/4 sléttað. Samúelsblettur 0,2 ha. 1840: "útigangs og fjörujörð." SSV, 112. 1942: "Á sumum jörðunum er fleirbýli. Landsnytjar eru svipaðar í Kollsvík sem í hinum víkunum, en hagar þó vart eins kjarngóðir og bjargnot engin. .... Útræði er gott í Kollsvík og oft aflasælt á grunnmiðum vor, sumar og haust, en brimasamt mjög ... Þangað var mjög sótt til róðra víðsvegar að, á meðan sjór var eingöngu sóttur á árabátum. Um síðustu aldamót gengu þaðan 25 bátar og mun svo hafa verið fram á styrjaldarár. Nú róa þar aðeins heimamenn." Bstbók, 98.

**Ba-140:001** *Láginúpur* bæjarhóll bústaður

"Heim við gamla bæ er Partur heim undir tætturnar, en neðan þeirra er Svunta, ofan við hús það, sem nú er ..."

Túnakort 1920; Ö-Láginúpur og Grundir, 4.

**Ba-140:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-140:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-140:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-140:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-140:006** *Hólar* tóft býli

4 1/2 hdr. af heimajörðinni. "Hólar eru bygðir í túninu um sama leyti [fyrir um 50 árum 1703] ..." "Svo er komið heim að túni. Utanvert við það eru Hólar, sem eru lágir sandhólar. Hér var býli endur fyrir löngu ... Þar sér fyrir litlum tóftum."

"Tóftir sjást þar enn. Þar er elzta hús uppistandandi í Kollsvík. Það er hesthús úr tofti og grjóti, helluáreftir og enginn gluggi á. Það var notað sem sumarfjós og hesthús á vetrum ..." Í sóknalýsingu Sauðlauksdalsþinga er getið um eyðijörð, Hóla, sem hafi farið í eyði í Stórubólu 1707 (SSV, 213) en ekki er ljóst hvort það er þessi staður eða Ba-147:012 eða Ba-143:062, þó sennilega sé það þessi sem er sá eini sem var æi byggð er JÁM var gerð.

JÁM VI, 314;Ö-Láginúpur og Grundir, 3; Ö-Láginúpur og Grundir viðb, 2.

**Ba-140:007** heimild verbúð

"Vermannabúðir hafa þar til forna verið 18. Nú eru þar uppi 4ar, sem þessar inntökuskipshafnir liggja við. ... Sumum af þessum búðum hefur tilforna ketill fylgt, nú öngum."

JÁM VI, 316.

**Ba-140:009** heimild lending

"Á merkjum móti býlinu Kollsvík frammi í sjóinn er langur tangi, sem heitir Langitangi. Sunnanvert við tangann heitir víkin Langatangarvík. Utanvert við þennan tanga var lending ..."

Ö-Láginúpur og Grundir, 1.

**Ba-140:010** heimild skotbyrgi

"Strengberg er Strandklettur niður í sjó. Strengbergsfles er aurfles í miðjum kletti. ... Á Strengbergi er skothús, sem notað var fram á daga Ingvars, og legið þar fyri tófu. Húsið er mjög gamalt."

Ö-Láginúpur og Grundir við, 4.

**Ba-140:011** *Svarðarholt* örnefni mógrafir

"... norðan við Torfalæk er Litlafit, sem nær frá Torfalæk og að Kollsvíkurá. Ofan við Litlufit upp með ánni heita Melar. ... Ofan við Melana norðan við Miðlæk er holt, sem heitir Svarðarholt."

Ö-Láginúpur og Grundir, 2.

**Ba-140:012** *Grund* tóft bústaður

"Þá er aftur tekið niður við Kollsvíkurá, sunnan við Miðlæk. Þar komum við að gömlum húsmannstóttum, sem nefndar eru Grund. Þar bjó m.a. Samúel Eggertsson skrautritari."

Ö-Láginúpur og Grundir, 2.

**Ba-140:013** *Syðra-Svarðarholt* örnefni mógrafir

"Þar upp af [Torfamel] er dýjamýri, ekki mjög stór, sem heitir Grásteinsaugu. Þar upp af er holt, sem heitir Syðra-Svarðarholt."

Ö-Láginúpur og Grundir, 3.

**Ba-140:014** garðlag

"Þar þvert fyrir framan túnið er gamalt garðbrot."

Ö-Láginúpur og Grundir, 3.

**Ba-140:015** *Kaldibrunnur* heimild vatnsból

"Nær bæ [en utan við Grundartún], rétt við girðinguna norðan við brekkuna, er Kaldibrunnur."

Ö-Láginúpur og Grundir, 3.

**Ba-140:016** *Þúfustekkur* tóft stekkur

"Fram undan Grunartúni er boði, sem heitir Arnarboði. Utan við hann er Hreggnesi. ... Þá er Undirhlíðarnef, og niður undan því er hellir, sem heitir Kofukellir. ... Beint út af nefinu skerst hlíðin niður í kletta. Það er Undirhlíð, sem nefnið dregur nafn af. ... Utanvert við nefið er Þúfustekkir. Þar eru leifar eftir stekk."

Ö-Láginúpr og Grundir, 4.

**Ba-140:017** *Katrínarstekkur* tóft stekkur

"Þar nokkuð fyrir utan [016] er svo önnur stekkjarkví, sem nefnd er Katrínarstekkur. Katrín þessi var búkona annaðhvort á Grundum eða Láganúpi."
Ö-Láginúpur og Grundir, 4.

**Ba-140:018** *Nónvarða* heimild eyktamark
"Upp á hæðinni þar upp af [017] var svo Nónvarða. Þar var nón frá Grundum."
Ö-Láginúpur og Grundir, 4.

**Ba-140:019** *Eyvararstekkur* heimild stekkur
"Næst untan við Undirhlíðina er í klettunum Smérhellir. ... Næst utan við þetta er Strengberg ... Utan við Strengbergið er annar stekkur, sem heitir Eyvararstekkur. Þessi Eyvör, sem hann dregur nafn af, var kona hér á Láganúpi."
Ö-Láginúpur og Grundir, 4.

**Ba-140:020** *Grófarstekkur* heimild stekkur
"Þegar komið er út fyrir Hnífaflöguhlein, er svonefnt Grófarnef, þar sem klettarnir hækka aftur. ... Utan við nefið niðri í klettunum er Grófarstekkur, og kringum hann er svæði nefnt Grófir. Stekkurinn er á kletti."
Ö-Láginúpur og Grundir, 5.

**Ba-140:021** *Tröllkarlshellir* þjóðsaga tröllabústaður
"Niður og norður frá honum [020] niðri í klettunum, eins og 10 m. neðar, er Tröllkarlshellir. Milli hans og Tröllkonuhellir í Hænuvíkurhlíðum átti að vera samgangur."
Ö-Láginúpur og Grundir, 5.

**Ba-140:022** *Stórhóll* heimild huldufólksbústaður
"Niður undan Grófarstekk [020] lækkar, og skerst þar niður landsvæði. Þar eru lágir sjávarklettar. Þetta svæði heitir Undirlendi. ... Utan við undirlendið í brún er Sandhellir, sem er stærsti hellirinn, 15-20 m. inn. ... Beint upp af Sandhelli er hóll, nokkuð frá brún. Heitir hann Stórhóll. Þar er álfabústaður, og samgangur mikill var talin milli Sandhellis og Stórhóls."
Ö-Láginúpur og Grundir, 5-6.

**Ba-140:023** *Hústóftarbakkar* örnefni
"Utan við Stórhól [022], upp frá brún, eru nefndar Flatir og þá Hústóftarbakkar, frekar lágir klettar."
Ö-Láginúpur og Grundir, 6.

**Ba-140:024** *Gálgasteinar* örnefni
"Upp á brun [Vatnsdalsins] eru tveir gríðarstórir steinar, Gálgasteinar. Sá efri en minni, en sá neðri, eins og 3-4 faðma frá, er stærri."
Ö-Láginúpur og Grundir, 8.

**Ba-140:025** gata leið
"Þá er syðsti hluti jarðarinnar, en það er fjallið Breiður, sem er sunnan við Hnífa og aðskilur Breiðavík og Kollsvík. ... Þá er Breiðshlíð, er nær inn að svonefndri Grenjalág, sem er skarð, sem farið er upp af smölum. ... Hlíðin fyrir framan Grenjalág heitir Vörðubrekka. Þar liggur gatan upp á hálsinn í smárkókum. Er þar allbratt upp en stutt."
Ö-Láginúpur og Grundir, 8-9.

**Ba-140:026** *Vörðubrekka* örnefni
"Þá er syðsti hluti jarðarinnar, en það er fjallið Breiður, sem er sunnan við Hnífa og aðskilur Breiðavík og Kollsvík. ... Þá er Breiðshlíð, er nær inn að svonefndri Grenjalág, sem er skarð, sem farið er upp af smölum. ... Hlíðin fyrir framan Grenjalág heitir Vörðubrekka. Þar liggur gatan upp á hálsinn í smárkókum. Er þar allbratt upp en stutt."
Ö-Láginúpur og Grundir, 8-9.

**Ba-140:027** *Stekkjarvarða* varða
"Skammt ofan við Kartínarstekk [017] er Stekkjarvarða á litlum kletti sem ber þó allhátt séð af sjó."
Ö-Láginúpur og Grundir ath, 2.

## Ba-141 Láganúpsgrund (Grundir)

Hjáleiga frá Láganúpi, 4 1/2 hdr. úr heimajörðinni 1703. Eftir að önnur hjáleiga, Hólar, fóru í eyði á 18. öld, var hún nytjuð til hálfs frá Grundum. Öll hús eru fallin.

1920: 3,2 ha. garðar 600 m2, 3/4 sléttað. Útengi Þ. Bjarnassonar, 0,2 ha. 1840: "útigangs og fjörujörð." SSV, 112. 1942: "Á sumum jörðunum er fleirbýli. Landsnytjar eru svipaðar í Kollsvík sem í hinum víkunum, en hagar þó vart eins kjarngóðir og bjargnot engin. .... Útræði er gott í Kollsvík og oft aflasælt á grunnmiðum vor, sumar og haust, en brimasamt mjög ... Þangað var mjög sótt til róðra víðsvegar að, á meðan sjór var eingöngu sóttur á árabátum. Um síðustu

aldamót gengu þaðan 25 bátar og mun svo hafa verið fram á styrjaldarár. Nú róa þar aðeins heimamenn." Bstbók, 98.

**Ba-141:001** *Grundir* bæjarhóll búst aður
Túnakort 1920.
**Ba-141:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-141:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-141:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-141:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-141:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-141:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-141:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-141:009** heimild verbúð
"Neðst í túninu heitir Búðarlág. Þar voru áður verbúðir í gamla daga."
Ö-Láginúpur og Grundir, 2.
**Ba-141:010** heimild bústaður
"Bakkar eru neðst í Grundaartúni, niður við sjó, við Búðarlág [009]. Þar var þurrabúð lengst, þar sem Þórarinn Bjarnason bjó."
Ö-Láginúpur og Grundir viðb,1.
**Ba-141:011** *Steinsskemma* heimild bústaður
"... var þar rétt hjá [010]. Steinn, bróðir Þórarins, bjó þar með móður sinni."
Ö-Láginúpur og Grundir viðb,1.
**Ba-141:012** *Garðar* garðlag
"Fyrir neðan Grundartún eru hlaðnir garðar, kallaðir Garðar. Vermenn úr Verinu hlóðu þá."
Ö-Láginúpur og Grundir viðb,1.

## Ba-142 Kollsvík

24 hdr. 1703. Bændaeign. Hálfkirkja var þar fyrir siðaskipti og getið um prestkyld 1509. Getið í Landnámu og bjó þar Kollur fóstbróðir Örlygs Hrappssonar á Esjubergi. Jörðin er einnig stundum nefnd Kirkjuból á 15. og 16. öld og var það tekið upp á ný á fyrri hluta þessarara aldar en hætt við það aftur. Nýbýlið Grænahlíð var reist á jörðinni. Býli i Kollsvík: Kollsvík (2 býli), Tröð, Grænumýri, Strákamelur (lítið) og Stekkjarmelur. Bæjarhúsin í Kollsvík skemmdust mikið árið 1856.

1446 er K. 24 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 691. 15.4.1480 fær Einar Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. Kirkjuból í K. - DI VI, 255-56. 1509 er K. 24 hdr jörð meðal eigna Bjarna Andréssonar sem þá var látinn - DI VIII, 267. 30.10.1564 selur Kristín Ólafsdóttir Eggerti Hannessyni 8 hdr. í K. - DI XIV, 311-12. 3.7.1567 selur Arngrímur Björnsson, með samþykki konu sinnar Þóreyjar Ólafsdóttur, Eggerti Hannessyni 8 hdr. í K. - DI XV, 419-20. 28.12.1580 selur Halldór Jónsson, í umboði konu sinnar Kristínar Eyjólfsdóttur, Magnúsi Jónssyni 8 hdr. í K. - Jarðabréf, 113. 28.12.1580 selur Eyjólfur Magnússon Magnúsi Jónssyni 16 hdr. í K. - Jarðabréf, 113. 3.5.1703 er K. 24 hdr jörð meðal eigna Páls Björnssonar í Selárdal, er þá útræðisjörð og tvíbýli og geldur hvor 110 al landsk í því sem þeir kunna að fá en aldrei í smjöri. - JÁM XIII, 204.

1920: 8,1 ha, garðar 864 m2, 1/2 sléttað. Tröðin, 0,4 ha. garðar 180 m2. Útmæling, 1,4 ha. garðar 860 m2. 1840: "hefur gras og útigang." SSV, 112. 1942: "Á sumum jörðunum er fleirbýli. Landsnytjar eru svipaðar í Kollsvík sem í hinum víkunum, en hagar þó vart eins kjarngóðir og bjargnot engin. .... Útræði er gott í Kollsvík og oft aflasælt á grunnmiðum vor, sumar og haust, en brimasamt mjög ... Þangað var mjög sótt til róðra víðsvegar að, á meðan sjór var eingöngu sóttur á

árabátum. Um síðustu aldamót gengu þaðan 25 bátar og mun svo hafa verið fram á styrjaldarár. Nú róa þar aðeins heimamenn." Bstbók, 98. 1959: "Kollsvík er vart bújörð á við Breiðavík, en útræði þótti þar ágætt á árabátum, og gengu þaðan um 25 bátar um sl. aldamót." ÁFÍ 1959, 123.

**Ba-142:001** *Kollsvík* bæjarhóll bústaður
"Steinhús var byggt 1928 og leitt í það vatn." "Upp á túni er Bæjarhóll. Þar byggði Torfi Jónsson fyrsta timburhúsið í Kollsvík, líklega fyrir aldamót. Kjallari hússins var hlaðinn og byggt úr timbri ofan á. Hella var fyrir dyrum, á að gizka 1,5 m á annan veginn og 2 m á hinn og 15-18 cm þykk. Var hún dregin ofan úr Háuhlíð. Þarna er enn hóll, en búið er að slétta hann." Nýja húsið í Kollsvík var byggt 1921.
Túnakort 1920; Ö-Kollsvík, 12-13.
**Ba-142:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-142:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-142:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-142:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-142:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-142:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-142:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-142:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-142:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-142:011** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-142:012** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-142:013** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-142:014** *Tröð* heimild býli
"Sunnan við Stöðul [067] var býli, sem hét Tröð. Hlaðinn var mikill grjótgarður í kringum það." Kortið af Tröð sýnir bæjarhól og 1 eða 2 útihús.
Túnakort 1920; Ö-Kollsvík, 15
**Ba-142:015** *Kirkjuból* mannabein hálfkirkja
1840: "Bænhús hafa til forna verið á ... Kollsvík ..." "Vitað er um heimagrafreit. Upp hafa komið bein við gröft fyrir húsum." MÞ 1924: "Þar virðist hafa verið kirkja og kirkjugarður eða leyfður gröftur. Þar sem nú er fjósið hafa komið upp mannabein úr jörðu, eyrnahringur úr gulli o.fl."
Kirkjuból í Kollsvík (VB) - Hálfkirkja
1509: Leiguliði á að svara prestskyld af jörðinni; DI VIII, 268 1710: Hér hefir fyrir reformationem verið hálfkirkja; JÁM VI, 316 (Sbr. Ísl. Ann 1400-1800 III, 544-5)
JÁM VI, 316; SSV, 213; Ö-Kollsvík viðb og ath, 1; Matthías Þórðarson: "Smávegis. Um nokkra staði og fornminjar, er höf. hefir athugað á skrásetningarferðum sínum." Árbók 1924, 45.
**Ba-142:016** *Gangur* gata leið
"Þá taka við Trumbur, sem eru þrjár klettabríkur eða bogamynduð nef í sjávarklettunum og ganga út í sjóinn. ... Upp af Trumbum er Gangur, sem var gata fyrir fé, þegar það var rekið af Hænuvíkurhlíðum og heim."
Ö-Kollsvík, 3.
**Ba-142:017** *Kollsleiði* örnefni legstaður

"Heima við Völlur er djúpt gil frá kklettum og niður í fjöru, sem heitir Sandgil. Í vestanstormi rýkur sandur úr gilinu upp á dal fyrir ofan, sem heitir Sanddalur ... Við Sandgil er Blakkurinn talinn enda. Verður nú farið upp á nesið og talin nöfn þar. Fremst á fjallinu, á Blakknesniggu, er Kollsleiði, smáhæð eða þústa. Þar á Kollur, sem nam land í Kollsvík, að vera grafinn.

Ö-Kollsvík, 5.

**Ba-142:018** *Grynnstasundsvarða* varða

"Nokkru innar á fjallinu [en 017], upp af Mávakömbum, er Gjárdalsskarð, sem mun tilheyra Hænuvíkurlandi. Nokkru sunnar er varða, sem er í Kollsvíkurlandi, og heitir hún Grynnstasundsvarða. Var miðað við hana, þegar Grynnstasund var farið, milli Bjarnarklakks og Þórðarskers."

Ö-Kollsvík, 5-6.

**Ba-142:019** *Stekkingar* gata leið

"... nú [er] byrjað aftur við Sandgilið [017]. Frá því og heim að Kollavíkurtúni heitir hlíðin Sandahlíð. ... Í klettunum sunnan við Sandgil eru fjárgötur í klettana, sem kallaðar eru Stekkingar. Þetta eru stallar og gangar í klettana, og var farið norður Stekkingar, þegar farið var norður á Blakknes."

Ö-Kollsvík, 6.

**Ba-142:020** *Árún* heimild huldufólksbústaður

"Fjallið upp af Sandhlíð og Kollavíkurbæ frá Bræðragjám nefnist Núpur og var stundum kallað Kollsvíkurnúpur. Hann er alveg fyrir ofan tún. Rétt ofan við Sandhlíðina, í grashlíðinni, er forsandsbrysti uppgróið, sem heitir Bekkur. Heimast á honum ofan við túnið er stór, flatur steinn, sem liggur í hlíðinni. Steinn þessi heitir Árún. Ekki er kunnugt um neina skýringu á þessu nafni, en sagt var, að álfar byggju í steininum"

Ö-Kollsvík, 7.

**Ba-142:021** *Lambagangur* heimild leið

"Efst við brún í Núpnum er Lambagangur, sem liggur yfir allt fjallið, frá Bræðragjám að Stórulág. Stóralág er lynglaut í fjallshlíðinni eða brúninnu á Núpnum og liggur yfir undir Neðri-Jökladalshæð."

Ö-Kollsvík, 7.

**Ba-142:022** heimild mylla

"Aftur er farið til sjávar. Niður undan Sandhlíð eru klettar við sjóinn, sem heita Melsendaklettar. Þetta eru sjávarklettar í fjöru og hægt að ganga fyrir framan þá. Sunnan við Melsendakletta heita Lækir, nokkrar sytrur, sem koma þarna niður. Ein af þeim er Myllulækur. Í honum var byggð kornmylla,. Líklega sjást engin merki hennar lengur, þó gæti það verið."

Ö-Kollsvík, 7.

**Ba-142:023** *Náttmálaholt* garðlag herslugarður

"Verður nú haldið með sjó alveg að merkjum Kollsvíkur og Lágnúpa. ... Upp af skerjunum [sunnan við merkin] og Þórðarkletti er allstórt holt, Náttmálaholt. ... Á holtinu var mikið af steinbítsgörðum, og sést fyrir þeim enn."

Ö-Kollsvík, 8.

**Ba-142:024** *Kollsvíkurver* heimild

"Þá er komið í Kollsvíkurver eða Verið eins og það var kallað í daglegu tali í Kollsvík. Lendingin í Kollsvíkurveri er norðan til í víkinni, beint niður undan Kollsvíkurbæ. Uppsátrið var í allbreiðum bás, sem myndast milli kletta, sem heita Nyðriklettar og Syðriklettar. Á Nyðriklettum stóðu 8 verbúðir. Nyðriklettar eru sunnan við Breiðalæk, og sunnan við klettana rennur Búðarlækur til sjávar, og skipti hann verstöðinni. Við hann var byggt salthús. ... Um aldamót réru 22-24 skip úr Kollsvíkurveri." Sjá kort.

Ö-Kollsvík, 8-9.

**Ba-142:025** heimild lending

1942: "Útræði er gott í Kollsvík og oft aflasælt á grunnmiðum vor, sumar og haust, en brimasamt mjög. Tveir boðar, sem heita Klakkar, eru fyrir framan lendinguna og taka mikið úr brimi. Þangað var mjög sótt til róðra víðsvegar að, á meðan sjór var eingöngu sóttur á árabátum. Um síðustu aldamót gengu þaðan 25 bátar og mun svo hafa verið fram á styrjaldarár. Nú róa þar aðeins heimamenn."

"Þá er komið í Kollsvíkurver eða Verið eins og það var kallað í daglegutali í Kollsvík. Lendingin í Kollsvíkurveri er norðan til í víkinni, beint niður undan Kollsvíkurbæ." "Lendingin ... er norðantil í víkinni, beint niðurundan Kollsvíkurbæjum. Hún liggur milli tveggja skerja er mynda allvíða vík, Þórðarsker ap norðan, en Selkollshleinar með Selkolli fremst, að sunnan." Sjá kort

Bstbók, 98; Ö-Kollsvík, 8-9; Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 185.

**Ba-142:026** heimild uppsátur

"Þá er komið í Kollsvíkurver eða Verið eins og það var kallað í daglegutali í Kollsvík. Lendingin í Kollsvíkurveri er norðan til í víkinni, beint niður undan Kollsvíkurbæ.Uppsátrið var í allbreiðum bás, sem myndast milli kletta, sem heita Nyðriklettar og Syðriklettar. Á Nyðriklettum stóðu 8 verbúðir. Nyðriklettar eru sunnan við Breiðalæk, og sunnan." Sjá kort

Ö-Kollsvík, 8-9.

**Ba-142:027** *Klettabúð* heimild verbúð

ta Ívarssyni A. fyrir 6 hdr. 13.6.1630 - Jarðabréf, 119. Einar Jónsson selur Guðnýju Einarsdóttur (dóttur sinni) 1 1/2 hdr. í A. með því fororði að Þórður Jónsson, maður Guðnýjar, eignist það 1 1/2 hdr. sem er eign erfingja Eggerts Björnssonar 5.1.1684 - Jarðaiklettar. Á Nyðriklettum stóðu 8 verbúðir. Nyðriklettar eru sunnan við Breiðalæk, og sunnan við klettanan rennur Búðarlækur til sjávar, og skipti hann verstöðinni. Við hann var byggt salthús."

"Syðst á Norðari-klettum stóðu fjórar verbúðir og eitt fjárhús í einni hvirfingu. 'A Klettshorninu stóð fjárhúsið, en til hliðar við það, á aðra hönd tvær verbúðir. Sneru dyr gegn suðvestri, en skammt frá dyrum var brattur sand- og moldarbakki, er hallaði niður að Búðalæknum. ... Meðal búðanna sunnar á klettunum voru tvær nefndar sérheitum: Klettabúð, sú, sem dyrum sneri fram af klettunum, og Grundabúð sú sem nær stóð fjárhúshliðinni." Sjá kort.

Ö-Kollsvík, 8-9; Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187-188.

**Ba-142:028** *Grundabúð* heimild verbúð

"Þá er komið í Kollsvíkurver eða Verið eins og það var kallað í daglegutali í Kollsvík. Lendingin í Kollsvíkurveri er norðan til í víkinni, beint niður undan Kollsvíkurbæ.Uppsátrið var í allbreiðum bás, sem myndast milli kletta, sem heita Nyðriklettar og Syðriklettar. Á Nyðriklettum stóðu 8 verbúðir. Nyðriklettar eru sunnan við Breiðalæk, og sunnan við klettanan rennur Búðarlækur til sjávar, og skipti hann verstöðinni. Við hann var byggt salthús."

"Syðst á Norðari-klettum stóðu fjórar verbúðir og eitt fjárhús í einni hvirfingu. 'A Klettshorninu stóð fjárhúsið, en til hliðar við það, á aðra hönd tvær verbúðir. Sneru dyr gegn suðvestri, en skammt frá dyrum var brattur sand- og moldarbakki, er hallaði niður að Búðalæknum. ... Meðal búðanna sunnar á klettunum voru tvær nefndar sérheitum: Klettabúð, sú, sem dyrum sneri fram af klettunum, og Grundabúð sú sem nær stóð fjárhúshliðinni." Sjá kort.

Ö-Kollsvík, 8-9; Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187

**Ba-142:029** heimild verbúð

"Þá er komið í Kollsvíkurver eða Verið eins og það var kallað í daglegutali í Kollsvík. Lendingin í Kollsvíkurveri er norðan til í víkinni, beint niður undan Kollsvíkurbæ.Uppsátrið var í allbreiðum bás, sem myndast milli kletta, sem heita Nyðriklettar og Syðriklettar. Á Nyðriklettum stóðu 8 verbúðir. Nyðriklettar eru sunnan við Breiðalæk, og sunnan við klettanan rennur Búðarlækur til sjávar, og skipti hann verstöðinni. Við hann var byggt salthús."

"Syðst á Norðari-klettum stóðu fjórar verbúðir og eitt fjárhús í einni hvirfingu. Á Klettshorninu stóð fjárhúsið, en til hliðar við það, á aðra hönd tvær verbúðir. Sneru dyr gegn suðvestri, en skammt frá dyrum var brattur sand- og moldarbakki, er hallaði niður að Búðalæknum. Bak við fjárhúsið stóð verbúð, sneri hlið að gafli fjárhússins og dyrum gegn norðvestri." Sjá kort.

Ö-Kollsvík, 8-9; Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187

**Ba-142:030** heimild verbúð

"Þá er komið í Kollsvíkurver eða Verið eins og það var kallað í daglegutali í Kollsvík. Lendingin í Kollsvíkurveri er norðan til í víkinni, beint niður undan Kollsvíkurbæ.Uppsátrið var í allbreiðum bás, sem myndast milli kletta, sem heita Nyðriklettar og Syðriklettar. Á Nyðriklettum stóðu 8 verbúðir. Nyðriklettar eru sunnan við Breiðalæk, og sunnan við klettanan rennur Búðarlækur til sjávar, og skipti hann verstöðinni. Við hann var byggt salthús."

"Syðst á Norðari-klettum stóðu fjórar verbúðir og eitt fjárhús í einni hvirfingu. Á Klettshorninu stóð fjárhúsið, en til hliðar við það, á aðra hönd tvær verbúðir. Sneru dyr gegn suðvestri, en skammt frá dyrum var brattur sand- og moldarbakki, er hallaði niður að Búðalæknum. Bak við fjárhúsið stóð verbúð, sneri hlið að gafli fjárhússins og dyrum gegn norðvestri. Fjórða verbúðin stóð bak við hinar tvær fyrrnefndu búðir og sneri hlið að göflum þeirra og dyr gegnt suðaustri, stóð hún einnig nokkuð hærra en þær." Sjá kort.

Ö-Kollsvík, 8-9; Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187

**Ba-142:031** *Napi* heimild verbúð

"Þá er komið í Kollsvíkurver eða Verið eins og það var kallað í daglegutali í Kollsvík. Lendingin í Kollsvíkurveri er norðan til í víkinni, beint niður undan Kollsvíkurbæ.Uppsátrið var í allbreiðum bás, sem myndast milli kletta, sem heita Nyðriklettar og Syðriklettar. Á Nyðriklettum stóðu 8 verbúðir. Nyðriklettar eru sunnan við Breiðalæk, og sunnan við klettanan rennur Búðarlækur til sjávar, og skipti hann verstöðinni. Við hann var byggt salthús."

"Á norðurhorni Norðari-kletta, var enn ein verbúðahvorfing, fjórar búðir. Ein allstór sneri stöfum í norðvestur og suðaustur, en dyr á miðri hlið gegnt suðvestri. ... en hin, sem sneri dyrum til gagnstæðrar áttar [við 034] hét Napi ... Í

Napa voru tvær skipshafnir. Skömmu fyrir síðustu aldamót bjó þar þurrabúðar fjölskylda." Sjá kort
Ö-Kollsvík, 8-9; Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187-188.

**Ba-142:032** heimild verbúð

"Þá er komið í Kollsvíkurver eða Verið eins og það var kallað í daglegutali í Kollsvík. Lendingin í Kollsvíkurveri er norðan til í víkinni, beint niður undan Kollsvíkurbæ.Uppsátrið var í allbreiðum bás, sem myndast milli kletta, sem heita Nyðriklettar og Syðriklettar. Á Nyðriklettum stóðu 8 verbúðir. Nyðriklettar eru sunnan við Breiðalæk, og sunnan við klettanan rennur Búðarlækur til sjávar, og skipti hann verstöðinni. Við hann var byggt salthús."

"Á norðurhorni Norðari-kletta, var enn ein verbúðahvorfing, fjórar búðir. Ein allstór sneri stöfum í norðvestur og suðaustur, en dyr á miðri hlið gegnt suðvestri. Tvær búðir stóðu hlið við hlið meðfram suðurenda hinnar fyrst nefndu og voru dyr á stöfnum þeirra, er snéru í suðaustur." Sjá kort
Ö-Kollsvík, 8-9; Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187

**Ba-142:033** heimild verbúð

"Þá er komið í Kollsvíkurver eða Verið eins og það var kallað í daglegutali í Kollsvík. Lendingin í Kollsvíkurveri er norðan til í víkinni, beint niður undan Kollsvíkurbæ.Uppsátrið var í allbreiðum bás, sem myndast milli kletta, sem heita Nyðriklettar og Syðriklettar. Á Nyðriklettum stóðu 8 verbúðir. Nyðriklettar eru sunnan við Breiðalæk, og sunnan við klettanan rennur Búðarlækur til sjávar, og skipti hann verstöðinni. Við hann var byggt salthús."

"Á norðurhorni Norðari-kletta, var enn ein verbúðahvorfing, fjórar búðir. Ein allstór sneri stöfum í norðvestur og suðaustur, en dyr á miðri hlið gegnt suðvestri. Tvær búðir stóðu hlið við hlið meðfram suðurenda hinnar fyrst nefndu og voru dyr á stöfnum þeirra, er snéru í suðaustur." Sjá kort
Ö-Kollsvík, 8-9; Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187

**Ba-142:034** *Norðpóllinn* heimild verbúð

"Þá er komið í Kollsvíkurver eða Verið eins og það var kallað í daglegutali í Kollsvík. Lendingin í Kollsvíkurveri er norðan til í víkinni, beint niður undan Kollsvíkurbæ.Uppsátrið var í allbreiðum bás, sem myndast milli kletta, sem heita Nyðriklettar og Syðriklettar. Á Nyðriklettum stóðu 8 verbúðir. Nyðriklettar eru sunnan við Breiðalæk, og sunnan við klettanan rennur Búðarlækur til sjávar, og skipti hann verstöðinni. Við hann var byggt salthús."

"Á norðurhorni Norðari-kletta, var enn ein verbúðahvorfing, fjórar búðir. Ein allstór sneri stöfum í norðvestur og suðaustur, en dyr á miðri hlið gegnt suðvestri. Tvær búðir stóðu hlið við hlið meðfram suðurenda hinnar fyrst nefndu og voru dyr á stöfnum þeirra, er snéru í suðaustur. Var sú fjórða staðsett þannig, að annar hliðarveggur vissi að göflum hinna tveggja síðarnefndu, en gafl að norðurenda hinnar fyrst nefndu. Dyr þessarar búðar sneru í norðaustur. ... Sú, sem dyr snéru til norðasuturs hét Norðpóllinn ..." Sjá kort
Ö-Kollsvík, 8-9; Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187-188.

**Ba-142:035** *salthús* heimild

"Þá er komið í Kollsvíkurver eða Verið eins og það var kallað í daglegutali í Kollsvík. Lendingin í Kollsvíkurveri er norðan til í víkinni, beint niður undan Kollsvíkurbæ.Uppsátrið var í allbreiðum bás, sem myndast milli kletta, sem heita Nyðriklettar og Syðriklettar. Á Nyðriklettum stóðu 8 verbúðir. Nyðriklettar eru sunnan við Breiðalæk, og sunnan við klettanan rennur Búðarlækur til sjávar, og skipti hann verstöðinni. Við hann var byggt salthús." Sjá kort
Ö-Kollsvík, 8-9.

**Ba-142:036** heimild verbúð

"Rétt áður en Búðarlækur [sbr. 024] fellur í sjó, rennur í hann lækur, sem heitir Syðstilækur. Í tungunni milli þeirra, voru margar búðir í tveimur röðum." Sjá kort
Ö-Kollsvík, 8-9.

**Ba-142:037** heimild verbúð

"Sunnan í, þar sem saman koma Syðrilækur og Búðarlækur, kemur lítill lækur, sem ekki hefur nafn. Í tungunni, sem þar myndast voru nokkrar búðir." Sjá kort. Á uppdrættinum er Syðrilækur nefndur Syðstilækur, og fellur han þar til sjávar en ekki í Búðalækinn.
Ö-Kollsvík, 9.

**Ba-142:038** *Strákamelur* heimild bústaður

"Upp af þessari tungu [037] var þurrabúð, sem hét Strákamelur, og smáblettur var kringum húsið. ... Þetta var eiginlega í Verinu, rétt við verbúðirnar."
Ö-Kollsvík, 9.

**Ba-142:039** *Strákamelur* heimild leikvöllur

"Upp af þessari tungu [037] var þurrabúð, sem hét Strákamelur, og smáblettur var kringum húsið. Þarna var gróinn melur,

og þar gengu piltar úr Verinu til leika. Þetta var eiginlega í Verinu, rétt við verbúðirnar."
Ö-Kollavík 9.

**Ba-142:040** *Snorralending* heimild lending
"Sunnan við Selkollshleinar [eru syðsta Lægið fram undan verinu] og Verið er Snorralending."
Ö-Kollsvík, 10.

**Ba-142:041** varða
"Tvær vörður voru hlaðnar upp á holtinu við Snorralendingu [040]."
Ö-Kollsvík, 10.

**Ba-142:042** *Oddatóftir* heimild verbúð
"Fyrir sunnan hana [041] myndast oddi á sandinum, kallaður Oddi. Þar voru verbúðir, en munu nú vera farnar í sand. Össur Guðbjartsson segir, að þar hafi verið kallaðar Oddatóftir í æsku sinni."
Ö-Kollsvík, 10.

**Ba-142:043** *Gvendarbrunnur* lind vatnsból
"Nyrst í túninu er uppspretta, sem nend er Gvendarbrunnur. Hafði Guðmundur góði vígt hann á yfirreiðum sínum, enda í honum afbragðsgott vatn, er gjarnan var sótt handa sjúklingum og sængurkonum."
Ö-Kollsvík, 11.

**Ba-142:044** brunnur vatnsból
"Brunnurinn er rétt undan heimri enda Sandahlíðar, þar sem heita Sandflatir. ... Sunnan við Túnbrekku var byggt Brunnhús og vatnið borið þangað heim í bæ, upp brekkuna áður. Neyzluvatn beggja bæjanna var sótt þangað.
Ö-Kollsvík, 11-12.

**Ba-142:045** *Tranthalagarður* garðlag kálgarður
"Upp af Holum er brött brekka, sem heitir Kinn, og upp með henni, norðar en hún, er skanki sem kallaður er Tranthali. Stór steinn þar efst á brekkibrún heitir Tranthalasteinn, og kálgarður upp í hlíðinni fyrir ofan var nefndur Tranthalagarður. Grjótgarður var hlaðinn í kring um hann, og sést áreiðanlega fyrir honum enn."
Ö-Kollsvík, 11.

**Ba-142:046** *Grænamýri* heimild býli
"Neðst á túni er Grænamýri. Það er ekki mýri, heldur sendið land, og var þarna reist býli, sem nefnt var Grænamýri. Gísli Guðbjartsson reisti þarna nýbýli, og átti hann slægjur upp í túninu."
Ö-Kollsvík, 12.

**Ba-142:047** *Biskupsþúfa* örnefni fjársjóður
"Á Túnabrekku er þúfa með stórum steini, sem kölluð er Birkupsþúfa. Þar á Kollur landnámsmaður að hafa fólgið fé sitt, því hann vildi sjá það frá haug sínum, sem er á Blakknesniddu. Biskupaþúfan sést frá Kollsleiði [017]."
Ö-Kollsvík, 12.

**Ba-142:048** heimild smiðja
"Á hlaðinu beint á móti þessu húsi [001] var húsaröð. Norðast var mókofi á móti íbúðarhúsinu og stétt á milli. ... en mókofinn mun hafa verið smiðja áður".
Ö-Kollsvík, 13.

**Ba-142:049** heimild skemma
"Þá var skemma, þar sem geymd voru amboð, reiðingar, saltkjöt og fleira ..."
Ö-Kollsvík, 13.

**Ba-142:050** heimild hjallur
"Þá var skemma, þar sem geymd voru amboð, reiðingar, saltkjöt og fleira; þá þerrihjallur."
Ö-Kollsvík, 13.

**Ba-142:051** *Össursbær* heimild býli
"Nú kom dálítið bil [á eftir 050] og handan þess bær, kallaður Össursbær, en tvíbýli var í Kollsvík á þessum árum. Bærinn var hlaðinn úr torfi og grjóti, en hálfgaflar úr timbri."
Ö-Kollsvík, 13.

**Ba-142:052** *Gamlibær* heimild býli
"Næst [á eftir 051] var bær, sem kallaður var Gamlibær, en í honum höfðu afi og amma Valborgar og Guðmundar búið."
Ö-Kollsvík, 13.

**Ba-142:053** *Össursskemma* heimild skemma
"Næst [á eftir 052] var stór skemma, sem kölluð var Össursskemma, og þá kom eldiviðarhús."

Ö-Kollsvík, 13.

**Ba-142:054** heimild

"Næst [á eftir 052] var stór skemma, sem kölluð var Össursskemma, og þá kom eldiviðarhús."

Ö-Kollsvík, 13.

**Ba-142:055** *Stórukálgarðar* garðlag kálgarður

"Niður undan öllum þessum húsum voru kálgarðar, sem einu nafni voru kallaðir Stórukálgarðar."

Ö-Kollsvík, 13.

**Ba-142:056** *Smiðjugarður* garðlag kálgarður

"Norðan við mókofann [048] var annar garður, Smiðjugarður, en mókofinn mun hafa verið smiðja áður."

Ö-Kollsvík, 13.

**Ba-142:057** *Langahlaða* heimild hlaða

"Suður af Stórakálgarði [055] var hlaða, sem tilheyrði báðum býlunum og var kölluð Langahlaða, og sitt hvoru megin við hana fjós, sem tilheyrðu hvorum bæ fyrir sig."

Ö-Kollsvík, 13.

**Ba-142:058** heimild fjós

"Suður af Stórakálgarði [055] var hlaða, sem tilheyrði báðum býlunum og var kölluð Langahlaða, og sitt hvoru megin við hana fjós, sem tilheyrðu hvorum bæ fyrir sig."

Ö-Kollsvík, 13.

**Ba-142:059** heimild fjós

"Suður af Stórakálgarði [055] var hlaða, sem tilheyrði báðum býlunum og var kölluð Langahlaða, og sitt hvoru megin við hana fjós, sem tilheyrðu hvorum bæ fyrir sig."

Ö-Kollsvík, 13.

**Ba-142:060** *Fjósagarður* garðlag

"Þar niður af [057-059] var garður, sem kallaður var Fjósagarður."

Ö-Kollsvík, 14.

**Ba-142:061** *Litlahlaða* heimild hlaða

"Syðst í Urðunum er stór steinn,sem kallaður er Kryppukarl. Hann er meira en mannhæðahár, og léku krakkar sér oft í honum. Á túninu suður af honum var svonefnd Litlahlaða og hrútakofi."

Ö-Kollsvík, 14.

**Ba-142:062** heimild fjárhús

"Syðst í Urðunum er stór steinn,sem kallaður er Kryppukarl. Hann er meira en mannhæðahár, og léku krakkar sér oft í honum. Á túninu suður af honum var svonefnd Litlahlaða og hrútakofi."

Ö-Kollsvík, 14.

**Ba-142:063** *Steingrímstóftir* heimild

"Neður af því [062] og suðaustur af gamla bænum voru Steingrímstóftir. Þetta var talsverður hóll áður, en er nú búið að slétta. Í skrá Ara er vikið að sögn um, að þarna hafi búið prestur sá, sem fórst í Steingrímsklifi utanvert við Kvígindisdal. Á hann að hafa flækzt þar í reipi, er hann tók í Kvígindisdal. Ekki mun vitað um neinn Steingrím, sem verið hafði prestur hér, og er engin skýring kunn á nöfnunum, sem dregin eru af nafni þessu. Gamli bærinn, stóð upp undir fjalli, upp af Túnbrekku."

Ö-Kollsvík, 14.

**Ba-142:064** *Bergin* heimild huldufólksbústaður

"Rétt framan til við Lúðu er nokkuð djúp, bogamynduð lág í túnið, sem heitir Bergislág. Reiðvegurinn heim að bæ kom niður brekkinu hjá Bergislág. Þá taka við Bergin, myndið af klettabelti, þar sem jörðin hækkar. Þau eru grasi vaxin að ofan. Í Bergjunum átti að vera huldufólk."

Ö-Kollsvík, 15.

**Ba-142:065** gata leið

"Rétt framan til við Lúðu er nokkuð djúp, bogamynduð lág í túnið, sem heitir Bergislág. Reiðvegurinn heim að bæ kom niður brekkinu hjá Bergislág."

Ö-Kollsvík, 15.

**Ba-142:066** garðlag túngarður

"Túngarðurinn var hlaðinn úr grjóti fyrst, ofan úr brekku og niður fyrir Litlutröð, en síðan úr torfi."

Ö-Kollsvík, 15.

**Ba-142:067** *Stöðull* heimild kvíar
"Rétt utan við túngarðinn er brekka, sem kölluð er Árnateigur. ... Stöðull er sunnan við Túngarð og niður af Ánateig. Þar voru kýr mjólkaðar bæði kvölds og morgna að sumrinu. Á Stöðulinn var 5-10 mín. gangur heiman frá bæ."
Ö-Kollsvík, 15.
**Ba-142:068** *Gamlistöðull* örnefni kvíar
"Sunnan við Árnateig [067] er hóll, sem heitir Gamlistöðull, upp undir urðinni. Á honum er stór steinn, sem heitir Rauðukususteinn."
Ö-Kollsvík, 15.
**Ba-142:069** *Stekkjaremelur* heimild býli
"Þegar farið er úr Verinu suður melana ofan við Strákamel, heita þar Melarandir. ...Syðst við Melarandirnar er býlið Stekkjarmelur. Þar standa enn hús, enda ekki langt síðan búið var þar. Stekkjarmelur nær suður að á." Búið til 1961.
Ö-Kollsvík, 15-16.
**Ba-142:070** *Harðatorfspyttur* heimild mógrafir
"Þegar farið er úr Verinu suður melana ofan við Strákamel, heita þar Melarandir. Vestan þeirra eru Leirar, sandflákar undir Melaröndunum, niður á rifið við sjóinn. ... Norður af Leirunum var sytra, sem hét Harðatorfspyttur, og var nokkuð af vatni í honum. Þar var harðatorf, þ.e. mór, svo svellharður, að varla var mögulegt að stinga hann með skóflu. Mór þessi var mjög hitamikill og líktist mest kolum af þeim mó, sem fékkst í Kollsvík, og voru í honum lurkar. Þetta var þunnt lag líklega ein stunga. Hætt var að taka hann vegna þess, hve erfitt var að vinna hann."
Ö-Kollsvík, 15-16.
**Ba-142:071** *Nautholtadý* heimild mógrafir
"Upp frá Stekkjarmel [069] og Melarindunum [070] heitir mýri Nautholtadý, og ná þau upp að þurrlendinu, upp á móts við Nautholt. Í Nautholtdýjum var aðalmótakið í Kollsvík. Þar var mýrarmór, svo mjúkur, að hægt var að skrifa á hnausana með fingri, þegar þeir komu upp. Þarna voru 3-4 stungur af mó, neðsta lagið bezt. Ein stunga var ofan af. Tekinn var mór til 1924." Ingvar Guðbjartsson segir mó hafa verið tekinn til 1953.
Ö-Kollsvík, 16.
**Ba-142:072** *Nautaholtagötur* gata leið
"Upp frá Melaröndum láu götur upp í Nautaholt, sem kallaðar voru Nautholtagötur. Nautholt er holtið nefnt, sem tekur við upp af Nautholtadýjum [071]."
Ö-Kollsvík, 16.
**Ba-142:073** *Bælishóll* örnefni
"Sunna við Tröð [015], eða upp af suðvesturhorni Traðartúns er gróinn grýttur hóll, sem heitir Bælishóll. Þar var fé bælt áður."
Ö-Kollsvík, 17.
**Ba-142:074** *Hvílusteinn* örnefni áfangastaður
"Upp af þessum dýjafláka er graslendi, sem heitir Leiti, allstórt svæði. Þegar þar er komið, sést heim að bæ. Þetta land liggur með rótum Hæðarinnar. Fyrir framan Leiti, þ.e. sunnan, er allstór steinn, sem heitir Hvílusteinn. Þar hvíldi fólk sig, þegar komið var úr lyngrifi."
Ö-Kollsvík, 18.
**Ba-142:075** heimild stekkur
"Upp af Leitinu, nokkuð hátt í Hæðarhlíð, er Leiðarhjalli. Hann er um miðja hlíðina, þó heldur nær Tröð [069]. Á Leiðarhjalla var Miðleið inn á Lægið miðuð. Þegar kemur lengra fram með Hæðinni, er þar Stekkur fyrir framan Leitið og ofan við Holtin. Þar var stíað og ær mjólkaðar, þegar Guðmundur og Vilborgg voru að alast upp í Kollsvík. Var alllangur vegur þaðan og heim, líklega nærri hálftíma gangur. Niður undan Stekknum er holt, sem heitir Stórgrýtisholt.""
Ö-Kollsvík, 18.
**Ba-142:076** *Húsadalur* örnefni
"... nú er farið norðaustur fyrir Hæðina. Þar er dalur allmikill upp frá Kollsvíkurtúni, sem heitr Húsadalur, og skiptist hann í Neðri- og Efri-Húsadal."
Ö-Kollsvík, 19.
**Ba-142:077** vegur leið
"Um Húsadal [076] lá áður vegurinn til Hænuvíkur."
Ö-Kollsvík, 19.
**Ba-142:078** *Grænudýjavarða* varða samgöngubót

"Ofan við veginn, milli dalanna, er svolítil lækjarsytra, sem kölluð er Grænudý, og þar rétt við veginn er stór og mikil varða, Grænudýjarvarða."
Ö-Kollsvík, 19.
**Ba-142:079** *Bræður* varða samgöngubót
"Suðvestur af Grænubrekki er jarðsig, sem kallað er Hvolf ... Tjörn eru í þessu jarðsigi, kölluð Hvolfatjörn, og brekka bæjarmegin við heitir Hvolfabrekka. Hún er norður af Sandvegshjalla. Frá Hvolfum í suðaustur eru tveir dalir, sem heita Hafnardalir. Þeir eru nefndir Neðri- og Efri-Hafnardalur. Milli þeirra er brekka, sem heitir Stórabrekka. Um þessa dali lá leið á Tunguheiði. Á þeirri leið eru tvær vörður, sem Vilborgu minnir, að hafi verið kallaðar Bræður. Þar átti að beygja af leiðinni, þegar komið var frá Örlygshöfn."
Ö-Kollsvík, 20.
**Ba-142:080** *Tunguheiði* heimild leið
1840: [Alfaravegur] Frá Tungu yfir Tunguheiði til Kollsvíkur."
"Suðvestur af Grænubrekku er jarðsig, sem kallað er Hvolf ... Tjörn eru í þessu jarðsigi, kölluð Hvolfatjörn, og brekka bæjarmegin við heitir Hvolfabrekka. Hún er norður af Sandvegshjalla. Frá Hvolfum í suðaustur eru tveir dalir, sem heita Hafnardalir. Þeir eru nefndir Neðri- og Efri-Hafnardalur. Milli þeirra er brekka, sem heitir Stórabrekka. Um þessa dali lá leið á Tunguheiði. Á þeirri leið eru tvær vörður, sem Vilborgu minnir, að hafi verið kallaðar Bræður. Þar átti að beygja af leiðinni, þegar komið var frá Örlygshöfn."
SSV, 213; Ö-Kollsvík, 20.
**Ba-142:081** gata leið
"Utan við Skarð er dalur, sem heitir Vatnsdalur. Vegurinn á Rauðasand liggur niður dalinn."
Ö-Kollsvík, 21.
**Ba-142:082** *Gvendarsteinn* örnefni
"Utan við Skarð er dalur, sem heitir Vatnsdalur. Vegurinn á Rauðasand liggur niður dalinn. Vestur frá Skarðinu er grastó, sem nefnd er Kolluvíkurtó. ... Talsvert fram af Kollsvíkurtó er steinn með mörgum smásteinum á. Hann heitir Gvendarsteinn og er kenndur við Guðmund góða. Átti að láta stein á Gvendarstein, þegar gengið var hjá."
Ö-Kollsvík, 21.
**Ba-142:083** *Dagmálavarða* varða eyktamark
"Þá er farið aftur að Kálfskletti, sem er þar sem Húdsdalur [076] opnast. Fram af Kálfskletti er varða við gamla veginn, sem heitir Dagmálavarða. Þar voru miðuð dagmál frá gamla bænum."
Ö-Kollsvík, 22.
**Ba-142:084** *Pallanámur* náma
"Pallanámur eru undir sjávarklettum. Norðan til í Bekknum er gult lag af tálgusteini framan í honum, og myndast skúti í. Steinn þessi var tekinn og smíðuð úr honum barnaleikföng o.þ.h. Ekki var þó varanlegt það, sem gert var úr steininum. Pallnámur heita, þar sem steinninn var tekinn. Þær eru kenndar við Pál Bjarnason, sem lengi var í Vatnsdal. Hann var barngóður maður og gerði mikið að því að tálga leikföng úr steininum, þegar hann var í veri og vinnumennsku"
Ö-Kollsvík viðb og ath, 1.
**Ba-142:085** gata leið
"Sunnan við Jökuldal liggur hestavegur, sem farinn var um Hænuvíkurháls."
Ö-Kollsvík, 23.
**Ba-142:086** *Grasvarða* varða landamerki
"Sunnan við Jökuldal liggur hestavegur, sem farinn var um Hænuvíkurháls. Efst á hálsinum er stór varða, sem heitir Grasvarða. Stóð hún ævinlega vel. Þar eru merkin milli Kollsvíkur og Hænuvíkur og leiðin á milli hálfnuð."
Ö-Kollsvík, 23.
**Ba-142:087** *Steilur* gata leið
"Vegurinn niður frá Grasvörðu, niður í Húsadal, er kallaður Steilur, urðótt og stórgrýtt land."
Ö-Kollsvík, 23.
**Ba-142:088** *Össurkvörn* heimild mylla
"Össurkvörn var í Ánni. Hún var eyðilögð, þear byggð var stífla fyrir rafstöð, og sést ekki fyrir kvarnhúsinu nú. Þetta mun hafa verið síðasta kornkvörnin í Rauðasandshreppi, og var hún líklega ein af kóngskvörnunum svonefndu, sem konungur sendi til Íslands. Steinarnir úr kvörninni fóru til Patreksfjarðar og eru þar sennilega enn, við hús það, sem Friðþjófur Jóhannesson átti."
Ö-Kollsvík viðb og ath, 4.

**Ba-142:089** brunnur vatnsból
"Brunnur var fram undan fjósinu og tekið það vatn. Annar brunnur var fjær, og var þar tekið vatn fyrir kýrnar."
Ö-Kollsvík viðb og ath, 3.

**Ba-142:090** brunnur vatnsból
"Brunnur var fram undan fjósinu og tekið það vatn. Annar brunnur var fjær, og var þar tekið vatn fyrir kýrnar."
Ö-Kollsvík viðb og ath, 3.

**Ba-142:091** heimild naust
"Norðanvert í hólnum stóðu fjórar verbúðir [í Kollsvíkurveri 024-042], tvær og tvær saman, en milli þeirra var allstórt bátanaust. Þar hafði vetrarskjól, Fönix, teinæringur allstór, sem var hákarlaskip Kollsvíkinga ... Naustið féll þegar eldri Fönix leið undir lok, en var byggt upp að nýju, þegar vélbáturinn Fönix síðari var keyptur."
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 186-187.

**Ba-142:092** heimild fjárhús
"Syðst á Norðari-klettum stóðu fjórar verbúðir og eitt fjárhús í einni hvirfingu. Á Klettshorninu stóð fjárhúsið, en til hliðar við það, á aðra hönd tvær verbúðir [027-028]. Snéru dyr gegn suðvestri, en skammt frá dyrum var brattur sand- og moldarbakki, er hallaði niður að Búðalæknum."
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187.

**Ba-142:093** heimild verbúð
"Upp af þessum sandbás [básinn milli klettana sjá 026] stóð fjöldi verbúðanna, uppi á og vestan og norðan í all stórum sandhól, er þar hafði myndast. Ekki voru þær skipulega settar. Uppi á hólnum stóðu þrjár búðir í röð og sneru dyr móti vestri." Sjá kort, gæri verið sama og 036, 037, 042.
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 186.

**Ba-142:094** *Heimamannabúð* heimild verbúð
"Upp af þessum sandbás [básinn milli klettana sjá 026] stóð fjöldi verbúðanna, uppi á og vestan og norðan í all stórum sandhól, er þar hafði myndast. Ekki voru þær skipulega settar. Uppi á hólnum stóðu þrjár búðir í röð og sneru dyr móti vestri. ... Uppi á hólnum, hét miðbúðin þeirra þriggja, sem þar er áður getið, Heimamannabúð, það var verbúð annars bóndans á Kollsvíkurjörðinni." Sjá kort, gæri verið sama og 036, 037, 042.
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 186, 188.

**Ba-142:095** heimild verbúð
"Upp af þessum sandbás [básinn milli klettana sjá 026] stóð fjöldi verbúðanna, uppi á og vestan og norðan í all stórum sandhól, er þar hafði myndast. Ekki voru þær skipulega settar. Uppi á hólnum stóðu þrjár búðir í röð og sneru dyr móti vestri." Sjá kort, gæri verið sama og 036, 037, 042.
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 186.

**Ba-142:096** heimild verbúð
"Fjórar stóðu vestan í hólnum [sjá 093-095]. Var að nokkru leyti grafið fyrir þeim inn í hólinn. Vissu dyr á þeim einnig gegnt vestri." Sjá kort, gæri verið sama og 036, 037, 042.
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 186.

**Ba-142:097** heimild verbúð
"Norðanvert í hólnum stóður fjórar verbúðir, tvær og tvær saman, en milli þeirra, var allstór bátanaust [091]." Sjá kort, gæri verið sama og 036, 037, 042.
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 186.

**Ba-142:098** *Meinþröng* heimild verbúð
"Tveir lækir féllu til sjávar milli klettanna, Syðstilækur, oftast nálægt, eða fram með Syðriklettum, en Búðarlækur meðfram Norðari-klettum sunnanverðum. Sunnan við Syðri-lækinn var ein verbúð og fjárkofi, sem einnig var notaður sem verbúð. ... Skammt sunnan við Búðarlækinn stóðu tvær búðir samsíða, eins og fyrr er sagt, og hét önnur þeirra Meinþröng ..." Sjá kort, gæri verið sama og 036, 037, 042. Ég veit ekki hvort hann á við þessa búð, en þessar 2 búðir eru þær einu sem er getið um nálægt Búðarlæknum, svo allt í lagi er að kalla hana þessu nafni þangað til eitthvað annað kemur í ljós.
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187-188.

**Ba-142:099** heimild verbúð
"Tveir lækir féllu til sjávar milli klettanna, Syðstilækur, oftast nálægt, eða fram með Syðriklettum, en Búðarlækur meðfram Norðari-klettum sunnanverðum. Sunnan við Syðri-lækinn var ein verbúð og fjárkofi, sem einnig var notaður sem verbúð." Sjá kort, gæri verið sama og 036, 037, 042.
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187.

**Ba-142:100** heimild
"Við [Búðalæ] sunnanverðan voru "ruðningar", þar sem gert var að fiski og fiskkrær stóðu, sem fiskurinn ... var saltaður í."
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187.
**Ba-142:101** heimild
"Meðfram Búðarlæknum áttu allt að 14 skipshafnir ruðninga sína, og nokkrar þær efstu áttu yfirbyggðar söltunarkrær, voru það einkum heimamenn."
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 187.
**Ba-142:102** heimild
"Skipshafnir frá þessum verbúðum [031-034], sem voru fimm (tvær í einni) höfðu athafnasvæði, ruðninga og söltunatkrær, meðfram læk, er var skamman spöl norðan við Norðari-kletta og hét Breiðilækur."
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 188.
**Ba-142:103** *Eva* heimild verbúð
"Litlu lengra til suðurs [en 092] stóð ein verbuð .... var hún kölluð Eva."
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 188.
**Ba-142:104** *Adam* heimild hjallur
"Gegnt henni [Evu, 103] til vesturs var fiskihjallur, geymsluhús, sem Adam var kallað."
Kristján Júlíus Kristjánsson: "Kollsvíkurver" ÁBS 1959-1967, 188-189.

## Ba-143 Hænuvík

30 hdr. 1703 með hjáleigunni Sellátranesi. Bændaeign. "Hænuvík og Sellátranes eru stundum einu nafni kallað "Bæirnir." Bstbók, 99.

26.4.1405 er hálf jörðin goldin og hálf seld fyrir 11 hdr með landamerkjum í grjótgarðinn inn í staka núpinn og út í stóra gjá á Ytrihlíð með öllum gögnum og gæðum - DI III, 698. 9.9.1548 er tekinn vitnisburður um að séra Jón Erlingsson samdi við Ögmund biskup að Jón skyldi halda H. til að hjálpa sér og börnum sínum - DI XI, 664. 5.7.1552 selur sr. Jón Erlingsson, með samþykki Odds sonar síns alla jörðina H. með Litlu-Sellátrum 30 hdr. að dýrleika - DI XII, 449-50. 1576 er H. 24 hdr. jörð og Sellátur 6 hdr. jörð í eigu Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. 14.5.1582 selur Gvendur Jónsson Magnúsi Jónssyni 24 hdr. í H. - Jarðabréf, 108.

1920: 8 ha, garðar 1400 m2, 1/3 sléttað. Útgarður 0,4 ha. garðar 180 m2. 1840: "... lítil heyskapar- en útigangs- og fjörujörð." SSV, 211. 1942: "[í Látradal er] lítilsháttar graslendi ... Þar er sauðbeit góð, en hættusamt, að fé hrapi. Í Látradal er engin buggð, en fyrrum var oft legið þar við róðra að vorinu og framan af sumri. Er þar skammt til fiskimiða norður í Patreksfjarðarflóa, en brimasamt mjög, því að lending er fyrir opnu hafi. ... Fram af [Hænuvík] er allmikill dalur og grösugur upp í miðjar hlíðar en gróðurlítill þar fyrir ofan ... Vetrarbeit og fjörubeit er allgóð í Hænuvík, hrognkelsaveiði er þar ágæt. Róðrar eru einnig stundaðir þar, einkum þegar fiskur er genginn í Flóann. Jafnan hefur verið fleirbýli í Hænuvík." Bstbók, 99.

**Ba-143:001** *Hænuvík* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-143:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-143:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-143:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-143:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-143:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-143:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-143:008** heimild útihús

Túnakort 1920.
**Ba-143:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-143:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-143:011** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-143:012** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-143:013** heimild sjóbúð
"Þar að auki eru sjómannabúðir tvær, sem landsdrottinn á, viðheldur sjálfur. Önnur þeirra nú í eyði. Við aðra eru tollversmenn, ein skipshöfn."
JÁM VI, 318.
**Ba-143:014** heimild verbúð
"Þar að auki eru sjómannabúðir tvær, sem landsdrottinn á, viðheldur sjálfur. Önnur þeirra nú í eyði. Við aðra eru tollversmenn, ein skipshöfn."
JÁM VI, 318.
**Ba-143:015** heimild lending
"Lending aðgæslusöm mjög fyrir flúðum og útgrynni." Lending Hænuvíkur
JÁM VI, 319.
**Ba-143:016** *Láturdalur* heimild verbúð
"Láturdalur, er ekkert býli, nema þurrar vermannabúðir, og býr enginn lengur en vertíð stendur. Þar eru sjö þurrar vermanna búðir. Á landsdrottinn fimm af þeim sem hann heldur upp að viðum. En tvær, sem aðkomandi formenn eiga viðu í og uppihalda sjálfir." - "... Láturdalur [skiptir] Hænuvíkurhlíðum í Innri- og Ytri-Hlíðar. Dalurinn er tæpur kílómetri á breidd, og á bökkunum við sjóinn kúra nokkrar gamlar sjóbúðatættur."
JÁM VI, 320; Ö-Hænuvík, 7.
**Ba-143:017** Láturdalur heimild lending
"Lendíng háskasöm, helst um fjöru, fyrir flúðum og stórgrýti, og hefur oft hlekst á til skipskemdar, þó ei hafi manntjón orðið." Lending í Látradal.
JÁM VI, 320.
**Ba-143:018** *Þönglabúð* heimild verbúð
"Ein verbúðin stendur á sérstökum stapa sem er laus frá bökkunum. Gæti það verið Þönglabúð sem sagt var að stæði innst á bökkunum, spölkorn frá öðrum búðunum."
Ö-Hænuvík, 7.
**Ba-143:019** *Lægstigangur* heimild leið
"Höldum nú sem leið liggur inn Innri-Hlíðar frá Láturdal. Hægt er að velja tvær leiðir eða fjárslóðir, Lægstagang og Miðgang. Miðgangur liggur í miðju fjalli, neðan kletta alla leið inn í Hænuvík, allbrött á köflum. Við veljum Lægrigang sem, liggur nánast á sjávarbökkunum."
Ö-Hænuvík, 8.
**Ba-143:020** *Miðgangur* heimild leið
"Höldum nú sem leið liggur inn Innri-Hlíðar frá Láturdal. Hægt er að velja tvær leiðir eða fjárslóðir, Lægstagang og Miðgang. Miðgangur liggur í miðju fjalli, neðan kletta alla leið inn í Hænuvík, allbrött á köflum. Við veljum Lægrigang sem, liggur nánast á sjávarbökkunum."
Ö-Hænuvík, 8.
**Ba-143:021** tóft verbúð
"Fljótlega komum við að grasivöxnum toppmynduðum hól sem stendur á klettatanga. Magnúsarhelmur nefnist hóllinn og tanginn sem hann stendur á nær lengra út í sjóinn og klofnar fremst um svokallaðan Magnúsarvog, sem er þröngur og hyldjúpur, gott lægi fyrir smærri báta. Helmurinn og vogurinn eru kenndir við Magnús nokkurn, sem hafði þarna útræði einhvern tíma á síðari tímum. Er verbúðartóft Magnúsar upp af voginum."
Ö-Hænuvík, 8.
**Ba-143:022** heimild vörslugarður
"Af Magnúsarhelmi sést inn á Grenshjalla, sem liggur utan í hlíðinni neðarlega og heitir hlíðin ofan hans Grenshjallahlíð.

...Neðarlega í klettunum ofan Grenshjallahlíðar er brött og allstór grashilla og heita þar Flár eða Innri-Flár ... Innst mjókka Flárnar mjög og verður úr mjór gangur eða klettasilla, sem nær inn í svonefnt Ástríðarstóð, sem er hvannstóð í klettunum. Var syllan lokuð með hlera, svo að fé færi sér ekki þar að voða."

Ö-Hænuvík, 8.

**Ba-143:023** *Hundsgil* örnefni draugur

"[Í efra landi] Innan við Flóann, niður í átt að vatninu liggur Hundagil, alldjúpt á kafla, þar sem það sker sig niður í hjallana. Sú sögn lifði um Hundsgil að það væri kennt við draug í hundslíki, líklega sendingu einhvers galdramanns. Átti draugur þessi að birtast dragandi á eftir sér húðina og rófurna, ekki beint árennileg vera fyrir þá sem höfðu lítið hjarta en fullt af reimleikasögnum í kollinum."

Ö-Hænuvík,12.

**Ba-143:024** *Torfgil* örnefni rista

"[Í efra landi] Nokkur örnefni má finna í Brekkunum. ... Brekkurnar takmarkast að innan við svonefnt Torfgil, og snarbeygir fjallið þar niður eftir (til norðurs). Áframhald er þó á gróinni hlíð eftir að yfir Torfgil er komið, og heitir þar einfaldlega Hlíð. ... Upp af henni endilangri, nálægt miðju fjalli er langur hjalli Torfahjalli ..."

Ö-Hænuvík,12.

**Ba-143:025** heimild skotbyrgi

"... þar sem fremst kúrir gamalt tófuhús (skothús) á landamerkjum á móti Sellátranesi."

Ö-Hænuvík,12.

**Ba-143:026** *Hildarhús* heimild bústaður

"Eftir það [Hvalavík] er fjaran nafnlaus heim að á, en bakkarnir ofan hennar, sem eru lágir og grónir, heita Hildarhúsbakkar. Innarlega á bökkum þessum sést móta fyrir húsi, og segir sagan að þar hafi fyrr meir búið kerling ein sem Hildur hét."

Ö-Hænuvík,13.

**Ba-143:027** *Stekkjartún* tóft stekkur

"Hestlækur var nefndur svo vegna þess að þar var hægt að brynna hestum ferðamanna síðast áður en þeir lögðu á Hænuvíkurháls. Fyrir utan Hestlækinn hækkar land nokkuð og hallar upp að rótum Hjallanna, en þá verður fyrir okkur snarbrött brekka, eins og áður er lýst. Undir Hjöllunum er allvænt hallandi graslendi stekkjartún. Liggur gamla reiðgatan um það framanvert og í snarbröttum sneiðingi upp á Hjalla, rækilega merkt með vörðum efst og neðst í brekkunni. Efst í miðju Stekkjartúni ert greinilegar tóftir, sumar nær heilar að veggjum, örugglega leyfar af stekk þeim er túnið er kennt við."

Ö-Hænuvík,13.

**Ba-143:028** gata leið

"Hestlækur var nefndur svo vegna þess að þar var hægt að brynna hestum ferðamanna síðast áður en þeir lögðu á Hænuvíkurháls. Fyrir utan Hestlækinn hækkar land nokkuð og hallar upp að rótum Hjallanna, en þá verður fyrir okkur snarbrött brekka, eins og áður er lýst. Undir Hjöllunum er allvænt hallandi graslendi stekkjartún. Liggur gamla reiðgatan um það framanvert og í snarbröttum sneiðingi upp á Hjalla, rækilega merkt með vörðum efst og neðst í brekkunni."

Ö-Hænuvík,13.

**Ba-143:029** varða

"Hestlækur var nefndur svo vegna þess að þar var hægt að brynna hestum ferðamanna síðast áður en þeir lögðu á Hænuvíkurháls. Fyrir utan Hestlækinn hækkar land nokkuð og hallar upp að rótum Hjallanna, en þá verður fyrir okkur snarbrött brekka, eins og áður er lýst. Undir Hjöllunum er allvænt hallandi graslendi stekkjartún. Liggur gamla reiðgatan um það framanvert og í snarbröttum sneiðingi upp á Hjalla, rækilega merkt með vörðum efst og neðst í brekkunni."

Ö-Hænuvík,13.

**Ba-143:030** *Þórðarmýri* heimild mógrafir

"Fyrst fyrir heiman Stekkjartún [027] förum við yfir gróðurlítið nafnlaust holt, sem hallar niður að mjóu mýrarsundi, Löngumýri. ... Þórðarmýri heitir mýrarblettur skammt neðar og innar en Langamýri. Eru þar nýlegar mógrafir og móhústóft á lágum hól við mýrina. ... Stungnar voru tvær rekustungur áður en komið var niður á móinn, hin efsta var nefnd svörður. Var hann eitthvað notaður við vegghleðslu. Næsta hét miðsyndi og var ekkert notuð. Þá var komið niður á móinn, og var hann frá einni og upp í 5 rekustungur, jafnvel meira, því að mýrnar í Hænuvík eru mjög misdjúpar. Mór var nýttur til húsakyndingar fram yfir seinna stríð, líklega til ársins 1948, eftir það til þess að reykja við matvæli, allt til 1960 eða lengur. Bestu mómýrarnar voru Magnúsarmýri og Ormarnir, en síðast var tekinn mór úr Þórðarmýri."

Ö-Hænuvík,13.

**Ba-143:031** *móhús* heimild

"Fyrst fyrir heiman Stekkjarhtún [027] förum við yfir gróðurlítið nafnlaust holt, sem hallar niður að mjóu mýrarsundi,

Löngumýri. ... Þórðarmýri heitir mýrarblettur skammt neðar og innar en Langamýri. Eru þar nýlegar mógrafir og móhústóft á lágum hól við mýrina."

Ö-Hænuvík,13.

**Ba-143:032** *Flagamýri* heimild mógrafir

"Enn hallar landið [eftir Þórðarmýri, 030] niður til túns og fyrir neðan næsta holt, sem kallað er Flagamýrarholt, tekur við Flagamýri, sem nær niður ti móts við Þórðarmýri en teygir sig miklu lengra frameftir ... Heiman við Flagamýri miðja eru leifar af móhústóft. Í mýrinni var mikil mótekja fyrr á öldinni, sóttu Patreksfirðingar þangað mó á styrjaldarárunum fyrri þegar eldseytisskortur var í landi."

Ö-Hænuvík,13-14.

**Ba-143:033** *móhús* tóft

"Enn hallar landið [eftir Þórðarmýri, 030] niður til túns og fyrir neðan næsta holt, sem kallað er Flagamýrarholt, tekur við Flagamýri, sem nær niður ti móts við Þórðarmýri en teygir sig miklu lengra frameftir ... Heiman við Flagamýri miðja eru leifar af móhústóft."

Ö-Hænuvík,13-14.

**Ba-143:034** *Magnúsarmýri* heimild mógrafir

"Ef við tökum stefnu af vegi innan af Löngumýri [sbr. 030] og fram eftir, sjáum við framundan flatt holt, nokkuð gróið og sett stórgrýti á víð og dreif. Einn steinninn er áberandi stærstur og ferkanntaður. Steinn þessi hefur verið kallaður tveim nöfnum, Brauðbiti eða Hreinlætissteinn. ... Mýrin inn af Brauðbitanum heitir Magnúsarmýrir og var þar tekinn mór fram á miðja þessa öld."

Ö-Hænuvík, 14.

**Ba-143:035** varða

"Hnjótarnir eru nokkuð áberandi klettakollar efst á hárri brekku, Á þeim innsta, sem mest er áberandi séð frá bæ stóð lengi stór varða, sem sagt var að Davíð Davíðsson, síðar bóndi á Sellátrum í Tálknafirði, hafi hlaðið snemma á þessari öld. Varðan fauk niður í stórviðri fyrir nokkrum árum. Neðst á vörðunni var klof, sem hægt var að skríða í gegnum og stendur þar enn."

Ö-Hænuvík, 14.

**Ba-143:036** heimild mylla

"Í læknum þar sem stíflumannvirkin eru nú, var einhversstaðar myllutóft ..."

Ö-Hænuvík, 15.

**Ba-143:037** *Vörðuvað* heimild vað

"Í læknum þar sem stíflumannvirkin eru nú, var einhversstaðar myllutóft, og svokallað Vörðuvað var á ánni, rétt framan við þar sem lækurinn var tekinn úr henni."

Ö-Hænuvík, 15.

**Ba-143:038** *Vörðuvað* örnefni vað

"Í læknum þar sem stíflumannvirkin eru nú, var einhversstaðar myllutóft, og svokallað Vörðuvað var á ánni, rétt framan við þar sem lækurinn var tekinn úr henni."

Ö-Hænuvík, 15.

**Ba-143:039** *Fornistekkur* tóft stekkur

"Fremst við Torfgilið [024] eru svokallaðir Torfgilshólar og rennur lækur úr gilinu um þá. Þar heiman við gegnur hólabarð fram úr hlíðinni á kafla, með forblautum dýjaveitum. Var það fyrrum nefnt Stekkjarhólar, en sú nafngift er nú ekki notuð. Stekkjarrúst er ofan við þessa hóla og var kölluð Fornistekkur."

Ö-Hænuvík, 16.

**Ba-143:040** *Ormar* heimild mógrafir

"Þegar heimar dregur [er] mýrarstykki við ána, heitir það Ormar ... Vatnsmesta og háskalegasta vilpan heitir Pálsátt, rennur hún rétt heiman við mógrafir, sem nýttar voru frá á miðja öldina. Þar nærri eru a.m.k. tvennar leifar af móhúsum, önnur upp í hlíðinni, hin niðri á hörðum bala skammt framan við Pálsálinn."

Ö-Hænuvík, 16.

**Ba-143:041** *móhús* tóft

"Þegar heimar dregur [er] mýrarstykki við ána, heitir það Ormar ... Vatnsmesta og háskalegasta vilpan heitir Pálsátt, rennur hún rétt heiman við mógrafir, sem nýttar voru frá á miðja öldina. Þar nærri eru a.m.k. tvennar leifar af móhúsum, önnur upp í hlíðinni, hin niðri á hörðum bala skammt framan við Pálsálinn."

Ö-Hænuvík, 16.

**Ba-143:042** *móhús* tóft
"Þegar heimar dregur [er] mýrarstykki við ána, heitir það Ormar ... Vatnsmesta og háskalegasta vilpan heitir Pálsátt, rennur hún rétt heiman við mógrafir, sem nýttar voru frá á miðja öldina. Þar nærri eru a.m.k. tvennar leifar af móhúsum, önnur upp í hlíðinni, hin niðri á hörðum bala skammt framan við Pálsálinn."
Ö-Hænuvík, 16.

**Ba-143:043** tóft stekkur
"Þegar Orminum sleppir [042] tekur við nafnlaust harðlent svæði "fyrir framan Berg". Þar upp af, heimast í hlíðinni heitir Hlíðarendi og við hann er greinilegar vel upphlaðinn Stekkur."
Ö-Hænuvík, 16.

**Ba-143:044** *Ból* tóft kvíar
"Upp á Bergjum [lágt klettabelti skammt frá bænum] neðan við Hærriberg liggur þjóðvegurinn ... og heimreiðin út af honum utar ... Neðan við Bergin er gamalt kvíaból, rétt fyrir innanog ofan túnið, nú á dögum einfaldlega nefnt Ból. Sér þar vel fyrir tóftum og einkennilegrt djúpri laut innan við þær Þarna í kring er grasið grænna en annars staðar."
Ö-Hænuvík, 16.

**Ba-143:045** *Stekkjarflatir* tóft stekkur
"Innan við sandfjöruna gegnur þanghlein eða boði, Stekkaboði um það bil 150 m fram í sjóinn, utantil á móts við Grenjahólinn. Þarna gnæfir núpurinn yfir. Upp af bökkunum við Gildrubótina eru Stekkjarflatir með rústum af stekk ekki langt frá urðinni undir Núpshlíðinni."
Ö-Hænuvík, 16.

**Ba-143:046** *Gildrubót* örnefni refagildra
"Fyrir innan Klakk tekur við sandfjaran Gildrubót. Ekki er vitað hvernig Gildrubótarnafnið er til komið. Á flóði er hún eins og vogur inn í landið, en á fjöru koma flatar hleinar fram af sandfjörunni upp úr sjó. Oft er talsverður reki í Gildrubót ..."
ATH Grenjahóll er þarna rétt hjá.
Ö-Hænuvík, 16.

**Ba-143:047** gata leið
"Af Stekkjarflötum [045] er stutt inn að Grenjahólum ... og styttist þá leiðin inn að Merkjaþúfu sem er á landsmerkjum rétt ofan við gömlu göturnar inn að Sellátranesi."
Ö-Hænuvík, 16.

**Ba-143:048** *Hesthústún* heimild hesthús
"Þegar við komum heim úr hliðinu, þar sem nú liggur alfaraleið heim að Hænuvík sjáum við á vinstri hönd fyrst nafnlaussan hól, þar sem stendur torfkofi fornlegur, gamalt hesthús. Þar heimar tekur við Hesthústún."
Ö-Hænuvík, 16.

**Ba-143:049** *Hesthústún* heimild tún
"Þegar við komum heim úr hliðinu, þar sem nú liggur alfaraleið heim að Hænuvík sjáum við á vinstri hönd fyrst nafnlaussan hól, þar sem stendur torfkofi fornlegur, gamalt hesthús. Þar heimar tekur við Hesthústún. Hefur fremsti hluti þess ekki verið sléttaður enn [1994] ..."
Ö-Hænuvík, 16.

**Ba-143:050** *Hænuvík innri II* bæjarstæði bústaður
"Þar heimar tekur við Hesthústún. Hefur fremsti hluti þess ekki verið sléttaður enn [1994] og stendur þar bær með gömlu lagi. Stendur hann á þeim hluta jarðarinnar sem samkvæmt opinberum gögnum heitir Hænuvík innri II."
Ö-Hænuvík, 16.

**Ba-143:051** *Hesthúshóll* örnefni hesthús
"Frá Þembunni heim að bæ tekur við Flöt og nær hún frá vegi niður á milli fjárhúsa, sem nú standa inn á túninu, og bæja, niður á móts við Hesthúshól, sem enn sést á leiðinni til sjóar. Liggur sjógatan yfir hann."
Ö-Hænuvík, 17.

**Ba-143:052** gata leið
"Frá Þembunni heim að bæ tekur við Flöt og nær hún frá vegi niður á milli fjárhúsa, sem nú standa inn á túninu, og bæja, niður á móts við Hesthúshól, sem enn sést á leiðinni til sjóar. Liggur sjógatan yfir hann."
Ö-Hænuvík, 17.

**Ba-143:053** heimild fjárhús
"Á lágum hól innan við fjárhúsin innan við Flötina stóðu fyrrum fjárhús og hét þar Þverpartur."
Ö-Hænuvík, 17.

**Ba-143:054** garðlag
"Grjótagarður ... lá áfram niður túnið ..."
Ö-Hænuvík, 17.
**Ba-143:055** *Útgarður* garðlag
"Grjótagarður ... lá áfram niður túnið, og innan við hann, neðan Þverparts tók við Útgarður, svæði sem náði alla leið niður að sjó innst á túninu, nefnt svo vegna þess að fyrr meir hefur það legið "fyrir utan garð", þ.e. tileyrði ekki túninu, en hefur verið ræktað upp síðar."
Ö-Hænuvík, 17.
**Ba-143:056** renna
"Um það bil fimmtíu metra frá sjávarbökkunum tók garðurinn vinkilbeygju út eftir, og varð þar spilda fyrir neðan garð, þar sem reiðveguirinn lá um á fyrri tíð. Hét þar Tröð ... Innan garðs ofan við Tröð tók við Partur, sem skiptist í Ingveldarpart við sjógötuna og Mjóapart, langt mjótt stykki innst við garðinn. Partarnir skiptust um ómerkilegan skurð (ein rekustunga) sem þjónaði því hlutverki að veita vatni úr bæjarlæknum framan við flötina niður að sjó, það sem þurfti að nota það til fiskþvotta."
Ö-Hænuvík, 17.
**Ba-143:057** *Steinhúsið* hús
"Á sjóbökkunum beint niður af bænum stendur lítið en háreist steinhús fast við götuna. Þetta hús byggðu eigendur Kollsvíkur- og Hænuvíkurjarða fyrr á öldinni og notuðu sem geymslu- og afhendingarstað vegna sameiginlegra vöruinnkaupa. Urðu þau viðskipti upphaf Sláturfélagsins Örlygs, sem starfaði lengst á Gjögrum í Örlygshöfn."
Ö-Hænuvík, 17.
**Ba-143:058** brú samgöngubót
"Framan við fossinn er gömul brú yfir ána, fyrr meir notuð af ríðandi umferð, og stefnir hún beint á Gullhól, kringlóttan hól, sem er eina kennileitið í ytra túninu, sem fengið hefur að halda sinni upprunalegu mynd."
Ö-Hænuvík, 18.
**Ba-143:059** gerði
"Framan við fossinn er gömul brú yfir ána, fyrr meir notuð af ríðandi umferð, og stefnir hún beint á Gullhól, kringlóttan hól, sen er eina kennileitið í ytra túninu, sem fengið hefur að halda sinni upprunalegu mynd. ... Efst á Gullhól sést móta fyrir hlöðnum hring."
Ö-Hænuvík, 18.
**Ba-143:060** *Reithóll* heimild
"Af Gullhól [sbr. 058] höfum við góða yfirsýn yfir Balana, en þvert inn af honum var áður allmikill hóll, Reithóll, og á honum greinilegar leifar af fiskreitum."
Ö-Hænuvík, 18.
**Ba-143:061** *Hákonarkofatóft* heimild
"Neðan í Reithólnum [060] rétt innan og ofan við fjárhúsin var miklu minni hóll, nefndur Hákonarhóll. Í honum var allstór tóft niðurgrafin, Hákonarkofatóft."
Ö-Hænuvík, 18.
**Ba-143:062** *Hólar* heimild
"Færum okkur nú út fyrir lækinn og komum þá á allháa hólbungu, mikla um sig, sem nefnist einu nafni Hólar. Framarlega rís bunga þessi hæst, var þar áður kallaður Háihóll. ... Fyrir jarðýtuöld voru Hólarnir allir meira og minna merktir mannvirkjaleifum ... Segja marktækar heimildir að Hænuvíkurbærinn hafi staðið úti á Hólnum og trúlega mörg útihús, en síðar verið færður inn fyrir læk ..."
Í sóknalýsingu Sauðlauksdalsþinga er getið um eyðijörð, Hóla, sem hafi farið í eyði í Stórubólu 1707 (SSV, 213) en ekki er ljóst hvort það er þessi staður eða Ba-140:006 eða Ba-147:012 (Sennilega Ba-140:006).
Ö-Hænuvík, 18.
**Ba-143:063** *Fjóstangi* örnefni fjós
"Færum okkur nú út fyrir lækinn og komum þá á allháa hólbungu, mikla um sig, sem nefnist einu nafni Hólar. Framarlega rís bunga þessi hæst, var þar áður kallaður Háihóll. Fram af Háahól lækkuðu hólarnir fram í Áveitur og hét þar fremst Fjóstangi. Fyrir jarðýtuöld voru Hólarnir allir meira og minna merktir mannvirkjaleifum, bæði Háihóllinn, Fjóstangi og svæðið þar um kring."
Ö-Hænuvík, 18.
**Ba-143:064** *Hólakofatóft* heimild útihús

"Séð úr lofti eru Hólarnir [062] ekki langt frá því að mynda þríhyrning. ... Á neðra horninu stóð lengi tóft, sem sýnilega hafði hýst einhverja gripi (Lambhús). Var hún kölluð Hólakofatóft síðustu árin áður en henni var útrýmt með jarðýtutönn."
Ö-Hænuvík, 18.

**Ba-143:065** *blótkelda/hof* heimild
"Þar neðst utan Hólanna er forblaut og botnlaus kelda, Blótkelda og þar sem hún rann næst Hólunum var skorin tóft inn í snarbratta brekku og fullyrti gamalt fólk að þarna hefði verið hof til forna. Talað var um að út hoftóft þessari hefðu legið göng inn eða í gegn um Hólana, og krakkar sem hlupu um Hólana á þessum slóðum fyrst á öldinni, töldu sig verða vara við tómahljóð eða undirgang þegar hlaupið var yfir þetta svæði."
Ö-Hænuvík, 18.

**Ba-143:066** heimild göng
"Þar neðst utan Hólanna er forblaut og botnlaus kelda, Blótkelda og þar sem hún rann næst Hólunum var skorin tóft inn í snarbratta brekku og fullyrti gamalt fólk að þarna hefði verið hof til forna. Talað var um að út hoftóft þessari hefðu legið göng inn eða í gegn um Hólana, og krakkar sem hlupu um Hólana á þessum slóðum fyrst á öldinni, töldu sig verða vara við tómahljóð eða undirgang þegar hlaupið var yfir þetta svæði."
Ö-Hænuvík, 18.

**Ba-143:067** garðlag áveita
"Utan við Undirtún rennur áin nú nokkurnvegin beint framan frá girðingu. Þegar komið er fram fyrir Undirtún og Hóla taka við svokallaðar Áveitur. Er þetta allvíðáttumikið flatlendi, mýrlent en á stórum svæðum slétt af náttúrunnar hendi. Lágu þar áður áveitugarðar um þverar og endilangar Áveiturnar, og var veitt á þær vatni út ánni, sem áður hlykkjaðist um þær."
Ö-Hænuvík, 19.

**Ba-143:068** *rotþró* heimild
"... er byrjað innst, nokkru fyrri innan Steinhús [057]. Þar stendur enn steinþró, áður notuð undir fiskslóg, sem nota átti fyrir áburð á tún. Þróin stendur tæpar meter upp úr túninu og er lokuð að ofan nema hvað lítil ferkönntuð lúga (ca 0,5 x 1m) er til átöppunar og tæmingar."
Ö-Hænuvík, 19.

**Ba-143:069** heimild fjárhús
Aðeins innan við hana [068] og fjær sjónum stóð fyrr fjárhús, tvístæðuhús, sem snéri gafli til sjávar. Áfast var lambhús, byggt þvert fyrir ofan fjárhúsin, á vorin notað sem reykingarkofi fyrir rauðmaga. Við hlið lambhússins að ofan stóð smiðja, sem síðast var notuð af Einari Sigurssyni um 1940."
Ö-Hænuvík, 19.

**Ba-143:070** heimild smiðja
"Aðeins innan við hana [069] og fjær sjónum stóð fyrr fjárhús, tvístæðuhús, sem snéri gafli til sjávar. Áfast var lambhús, byggt þvert fyrir ofan fjárhúsin, á vorin notað sem reykingarkofi fyrir rauðmaga. Við hlið lambhússins að ofan stóð smiðja, sem síðast var notuð af Einari Sigurssyni um 1940."
Ö-Hænuvík, 19.

**Ba-143:071** heimild hjallur
"Rétt utan og neðan við steinþróna [068] stóðu fiskihjallar lengi notaðir til að þurrka grásleppu og rauðmaga."
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:072** *Kró* heimild
"Þar rétt utar [en 071] og fyrir neðan bakka stóð svokölluð kró, þar sem fiskur var saltaður og utan við hana rann á vorin lítill lækur ..."
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:073** heimild fjárhús
"Fast innan við lækinn komum við að hliði á girðingunni, sem stóð innan við fjárhús, sem snéru niður í fjöru, en stóðu uppi á bökkunum meðfram áfstri lítilli hlöðu fyrir ofan, sem byggð var þvert á fjárhúsin."
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:074** *kró* heimild
"Fyrir neðan bakkana, ca. 5 metrum innan við fjárhúsin [073] stóð önnur kró, þar sem fiskur var einnig verkaður. Var hún grafin inn í bakka, einnig önnur tóft örfáum metrum utar sem hafði verið naust útgerðarmannsins."
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:075** heimild naust
"Fyrir neðan bakkana, ca. 5 metrum innan við fjárhúsin [073] stóð önnur kró, þar sem fiskut var einnig verkaður. Var hún

grafin inn í bakka, einnig önnur tóft örfáum metrum utar sem hafði verið naust útgerðarmannsins."
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:076** heimild verbúð
"Rétt þar utan við [075], innan og neðan við Steinhúsið [057], sem stendur upp á bökkunum, stóð lengi gömul verbúð, nokkuð rúmgóð, einnig grafin inn í bakkann, en stóð þó nokkuð hærra en naustið og króin þar fyrir innan."
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:077** heimild uppsátur
"Utan við búð þessa [076] komum við að uppsátri, og á vetrum voru bátar heimamanna dregnir upp á móts við búðina í sendna brekku. Til uppsátrsins var notað spil sem tveir gátu snúið og var staðsett upp á bökkunum fyrir innan steinhúsið [057]. Plássið þar sem bátarnir voru geymdir var varla nema 10 metra breitt, þar utan við var allmikil fjárrétt grafin inn í bakkana fast upp að girðingu."
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:078** heimild rétt
"Plássið þar sem bátarnir voru geymdir [077] var varla nema 10 metra breitt, þar utan við var allmikil fjárrétt grafin inn í bakkana fast upp að girðingu."
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:079** heimild naust
"Utan við rétt [078] átti ytri jörðin sína aðstöðu, fyrst var komið að nausti svokölluðu, þar sem matarforði heimilanna í Hænuvík var geymdur, það er að segja sá hlutur hans sem úr sjó var dreginn. Naustið var grafið inn í bakkann, eins og flestar byggingar á þessum slóðum, en reis þó allhátt, í svipaða hæð og búðin innan við réttina. [076]"
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:080** heimild fjárhús
"Uppi á bökkunum utan við naustið [079] stóð hrútakofi ..."
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:081** heimild þvottastaður
"Uppi á bökkunum utan við naustið [079] stóð hrútakofi, og er þá komið út að læk þeim sem bændur á ytri jörðinni notuðu til fiskþvotta og rann niður túnið á milli Reithóls og Gullhóls úr bæjarlæknum eins og áður er lýst."
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:082** heimild hjallur
"... ofan við girðingu rétt innan við lækinn stóð fiskhjallur, þar sem nú er fjárrétt sem notuð er í dag."
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:083** heimild lending
"Neðar er svo fjaran ... án kennileita utan þess að beint niður af uppsátrinu [077] sjást leifar af vör sem eitt sinn var grafin inn í hleinarnar og var lengi eina brúklega lendingin í Hænuvík."
Ö-Hænuvík, 20.

**Ba-143:084** varða landamerki
"... á mörkunum við Sellátranes. Á hápunkti brúnarinnar á Hænuvíkurnúpi er gamalt skothús [032] ... Úr því er þó ekki bein lína um Merkjaþúfu í stein þann í fjörunni, sem sagður er vera landamerki. En aðeins innar á brúninnu er varða og er hún nákvæmlega í þessari línu."
Ö-Hænuvík, 23.

**Ba-143:085** varða
"... á mörkunum við Sellátranes. Á hápunkti brúnarinnar á Hænuvíkurnúpi er gamalt skothús [032] ... Úr því er þó ekki bein lína um Merkjaþúfu í stein þann í fjörunni, sem sagður er vera landamerki. En aðeins innar á brúninnu er varða og er hún nákvæmlega í þessari línu. ... Mynda þau þá horn, þaðan sem þau liggja í brúninnu að fyrrnefndu tófuhúsi ... Sýnist línan liggja þangað frá brúninni að grjótdyngju innanvert við miðjan Núp og þaðan í hægan sveig út eftir upp Strákahæð fáum metrum fyrir innan vörðu neðst á hæðinni."
Ö-Hænuvík, 23.

**Ba-143:086** varða
"Uppi á Strákahæð [085] er lítið vörðubrot eða rúst á vatnaskilum."
Ö-Hænuvík, 23.

**Ba-143:087** varða
"Uppi á Strákahæð [085] er lítið vörðubrot eða rúst á vatnaskilum. Hæðin er ávöl að ofan og sveigja vatnaskilin þar inneftir,

í átt frá Hænuvíkurbæ, þaðan upp í hægan bratta í nokkrum hlykkjum nálægt hundaþúfu, þaðan sem sést á vörðu á Neshyrnu og niður á Núp."

Ö-Hænuvík, 23.

**Ba-143:088** varða

"Ofan við klettakast sjást tvær vörður á háhæðinni í stefnu beint suður. Önnur varðan er aðeins tveir steinar á stórum steini."

Ö-Hænuvík, 23.

**Ba-143:089** varða landamerki

"... út á við vörðu á kolli Kóngshæðar. Þar skerast lönd fjögurra jarða í einum punkti, þ.e. Hænuvíkur, Tungu, Geitagils og Kollsvíkur." Talin hlaðin af Birni Gunnlaugssyni.

Ö-Hænuvík, 23; Ö-Tunga, 9.

**Ba-143:090** varða

"Norðvestur af vörðunni er Kóngshæð flatlend að ofan, þó er stutt suður í brattar brekkur, sme halla niður í Vatnsdal í Kollsvíkurlandi. Flatir hjallar taka við hver niður af öðrum, þar sem skilin gætu legið á 50-100 m breiðu svæði. Tvær litlar vörður á einni hjallabrúninni gætu verið á vatnaskilum, einkum sú sem sunnar stendur."

Ö-Hænuvík, 23.

**Ba-143:091** varða

"Hér [089-090] mjókkar svæðið sem vatnaskil gætu legið á og sér bæði til Vatnsdals og Hænuvíkur af sama punkti víða. Á einum stað ber hæst sprunginn klapparhrygg sem liggur nálægt stefnunnu austur-vestur. Þar neðar liggur grunn laut sem hefur afrennsli að mestu til Vatnadals. Þar gæti Kollsvík átt smá vík til norðurs. Fyrir utan (neðan) laut þessa stendur vörðubrot og annað á móts við enda lautarinnar nær Hænuvík (frammi á hæðarbrúninni.)"

Ö-Hænuvík, 23.

**Ba-143:092** varða

"Þar beint út af [090-091] er eitt vörðubrotið enn, nákvæmlega á vatnaskilum."

Ö-Hænuvík, 23.

**Ba-143:093** varða

"Liggja þau fram á norðvesturhornið utan við Aurtjörn, rétt sunnan og vestan við sjónvarpssendinn, sem telst vera í Hænuvíkurlandi. Varða rétt utan við sendinn gati verið á vatnaskilum ..."

Ö-Hænuvík, 24.

**Ba-143:094** varða

"Neðarlega í Jökladalshæðinni eru 3 smávörður sem gætu verið nálægt eða á vatnaskilunum."

Ö-Hænuvík, 24.

**Ba-143:095** varða samgöngubót

"Liggur bílvegurinn þarna um. Frá veginum gerast glögg skil niður í skarð (Sanddalaskarð). Þar er varða á lægsta punkti."

Ö-Hænuvík, 24.

**Ba-143:096** varða samgöngubót

"Liggur bílvegurinn þarna um. Frá veginum gerast glögg skil niður í skarð (Sanddalaskarð). Þar er varða á lægsta punkti. Aftur er flatlendara upp á hæsta punkti Gjárdalshæðar, þar sem vörðubrot er á hæsta kolli."

Ö-Hænuvík, 24.

**Ba-143:097** *Klauf* heimild lending

"Í fjörunni innanvert við Forvaða teygja Klaufartangar sig út í sjóinn, lágar þangi vaxnar hleinar sem sjór fellur yfir um hverja flæði. Rétt innan við Klaufartangana er Klauf, gömul lending, og liggur upp frá henni þröng gjá eða einstigi upp á bakkana ..."

Ö-Hænuvík, 7.

**Ba-143:098** garðlag landamerki

Jörðin seld með landamerkjum 1405: "j griottgarden jn j steka [svo] nvpen ok vt j stoRa gia aa ytre hlíd ..."

DI III, 698

**Ba-143:099** álagablettur

1821: "Her I Saudlauksdals sókn er sat ad I Láturdal, óbygdu plátzi, vid Straumnes, sunnanverdt vid Patrixfiardar mynni, mégi hross ecki vera sérhvöria Jóla nótt, enn á öllum tímum ödrum ársins, hefur þetta reint verid sidarst I vetur, frá Bænum Hænuvík, I hvörs Bæarlandeign, þetta plátz er, og dugdi ecki, þó sakadi hrossin eckert, og so skal þad lika altid verid hafa."

FF, 406

**Ba-143:100** heimild bænhús

1840: "Bænhús hafa til forna verið á ... Hænuvík."
SSV, 213.

## Ba-144 Sellátranes

6 hdr. 1703, hjáleiga Hænuvíkur. "Hænuvík og Sellátranes eru stundum einu nafni kallað "Bæirnir." Bstbók, 99. 1703 er býlið talið um 100 ára gamalt. Það virðist þó þegar hafa verið orðin sjálfstæð eign 1405 er hálf Hænuvík var seld og 5.7.1552 selur sr. Jón Erlingsson Hannesi Elarssyni Hænuvík með Litlu-Sellátrum 30 hdr. að dýrleika - DI XII, 449-50 og 1576 eru minni Sellátur 6 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. 1476 átti Kristín Björnsdóttir 4 hdr. í Sellátrum 'j tvo hlutena' og aftur 2 hluti 'j selaatrum j ... tuo hluti.' DI V, 163.

1920: 2,8 ha. garðar 514 m2, 1/2 sléttað. Tóftir 0,3 ha. garðar 144 m2. 1840: "... bezta fjöru- og útigangsjörð, en graslítil." SSV, 211. 1942: "... lítil jörð en notasæl. Ekki sér þar sól á vetrum í 18-20 vikur." Bstbók, 99.

**Ba-144:001** Sellátranes bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-144:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-144:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-144:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-144:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-144:006** *Tóftir* heimild býli
Á túnakorti af Sellátranesi er kort af Tóftum. "... efst í túni heita Tættur." Kortið sýnir bæjarhól og sennilega 1-2 útihús.
Túnakort 1920; Ö-Sellátranes, 3.
**Ba-144:007** heimild lending
"Lending viðlíkt og á heimajörðunni. En hjer verður, fyrir háum grasbökkum, ekki komið skipum undan stórflæðum, nema þaug sjeu reist upp við bakkana, þar sem til þess hefur verið ætlað, og brotið hrófkorn með járnum í melbakkann."
JÁM VI, 319.
**Ba-144:008** *Hjallatún* örnefni hjallar
"... upp með læknum, er túnstykki, sem heitir Rani ... Upp af Rana innan við lækinn heitir Hjallatún." Ö - Sellátranes, 1.
**Ba-144:009** *Smiðjutún* örnefni smiðja
"Þá eru Balar, þar sem húsið er nú, og innst í túni er Smiðjutún."
Ö-Sellátranes, 1.
**Ba-144:010** *Stöðull* örnefni kvíar
".. um túnið rennur Bæjarlækur og að efst í túni heita Tættur. Þar ofan við lækinn [ofan við Smiðjutún 009] heitir Stöðull."
Ö-Sellátranes, 3.
**Ba-144:011** heimild stekkur
"Undir urðinni og hlíðinni heitir Stekkur, og rétt innan við Stekkinn er stór steinn, sem heitir Byrða."
Ö-Sellátranes, 3.
**Ba-144:012** *Lending* örnefni lending
"Innanvert við bæ heitir Lending, og þar í henni er klettur, sem kemur upp um hálffallið og heitir Klakkur."
Ö-Sellátranes, 3.

## Ba-145 Tunga (í Örlygshöfn)

20 hdr. 1703. Ein jörð á 18. og 19. öld en skipt í Neðri og Efri Tungu fyrir 1920. Hjáleigan Hnausar fylgdi þá Neðri Tungu. 1921 var þrýbýli á Tungu og auk þess grasbýlið Leiti.

13.9.1504 selur Gísli Jónsson Andrési Guðmundssyni T. fyrir 20 hdr. - DI VII, 723-25. 1509 er T. 20 hdr jörð meðal eigna Bjarna Andréssonar sem þá var látinn - DI VIII, 267. 9.1.1581 selur Magnús Jónsson, með samþykki

Ragnheiðar Eggertsdóttur konu sinnar, Birni Konráðssyni T. fyrir 20 hdr. - Jarðabréf, 107. Þingstaður Rauðasandshrepps.
1920: Efri Tunga 2,7 ha. garðar 670 m2, 1/8 sléttað. Neðri Tunga 1,6 ha. garðar 400 m2. 1/6 sléttað. Hnausar, 0,3 ha, garðar 230 m2. 1840: "... heyskapar og útigangsjörð, þó undirorpin sandfoki ..." SSV, 211. 1942: "... dalurinn [Örlygshöfn] er grösugur, en sandar með sjó. Lágdalurinn er marflatur og gengur sjór um stórstrauma langt fram eftir miðjum dalnum og heitir það Hafnarvaðall. Er þar bátgengt fram endilangan vaðalinn um flæðar, en grösug áveituengi beggja megin, og hinar beztu slægjur. / ... Dalur þessi hefur verið fjörður að fornu, eða vogur, en svo fyllzt upp af skeljasandi, er allsstaðar berst upp úr firðinum, og árframburði ... Slægjur eru góðar á Hnjóti og Tungu á loðnum og greiðfærum áveituengjum ... Fremur er talið landlétt í Örlygshöfn.." Bstbók, 99-100

**Ba-145:001** *Tunga (Efri)* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-145:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:009** *Tunga (Neðri)* heimild bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-145:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:011** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:012** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:013** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:014** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:015** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:016** *Hnausar* heimild býli
Túnakort af Hnausum fylgir korti af Neðri Tungu.
1920: Hnausar, 0,3 ha, garðar 230 m2. Á túnakorti eru sýndur bæjarhóll og u.þ.b. 3 útihús.
Túnakort 1920.
**Ba-145:017** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:018** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:019** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-145:020** vegur leið
"Fjaran við lækinn innanverðan heitir Innrifjörur; þær ytri eru í Sellátralandi. Þarna var áður hestavegur með sjó. Síðan var hann fluttur ofar, og enn ofar er svo sá nýjasti."

Ö-Tunga, 1-2.

**Ba-145:021** vegur leið

"Fjaran við lækinn innanverðan heitir Innrifjörur; þær ytri eru í Sellátralandi. Þarna var áður hestavegur með sjó. Síðan var hann fluttur ofar, og enn ofar er svo sá nýjasti."

Ö-Tunga, 1-2.

**Ba-145:022** heimild lending

"Innan við Gjögranna beygir ströndinn aftur til vesturs, og myndast þar kverk inn, sem heitir Gjögrabót; þar var lending áður fyrr."

Ö-Tunga, 3.

**Ba-145:023** *Utanbæjarvað* heimild vað

"Næst fram með Vaðlinum er Krákunes, sem er andspænis Neteyri í Hnjótslandi. Neðsta vaðið á Vaðlinum var þar undan Hjnótsfitaroddinum og nefnt Utanbæjarvað. Dró það nafn af því, að þar fóru þeir sem komu utan úr Víkum."

Ö-Tunga, 4.

**Ba-145:024** *Heimrifló̈ð* heimild áveita

"Þar upp af, rétt niður undan Eyrum, sem eru neðst í Neðri-Tungutúni, heitir Heimriflóð. Þarna gerði Guðmundur Bjarnason áveitu úr óskiptu landi, einhverja þá fyrstu, sem gerð var hér í sveit. Nú tilheyrir þetta Neðri-Tungu."

Ö-Tunga, 4.

**Ba-145:025** *Reiðhólar* heimild vað

"Niður milli bæjanna kemur niður á, sem heitir Tunguá. Þegar hún kemur niður á fitina, er hún nefnd Tungukrókur. Niður á Fitinni koma svo lækir ... Við ósinn á Tungukrók er vað yfir Vaðalinn, sem heitir Reiðhólar ... og þriðja vaðið heitir Sumarvað."

Ö-Tunga, 5.

**Ba-145:026** *Sumarvað* heimild vað

"Niður milli bæjanna kemur niður á, sem heitir Tunguá. Þegar hún kemur niður á fitina, er hún nefnd Tungukrókur. Niður á Fitinni koma svo lækir ... Við ósinn á Tungukrók er vað yfir Vaðalinn, sem heitir Reiðhólar ... og þriðja vaðið heitir Sumarvað. Það er af Tungufitarodda beint á Hnjót."

Ö-Tunga, 5.

**Ba-145:027** garðlag

"Fitinni frá Tungukrók var skipt með tréþollum og þvergarði ..."

Ö-Tunga, 5.

**Ba-145:028** renna áveita

"Fitinni frá Tungukrók var skiptt með tréþollum og þvergarði; svo var fráræsluskurður þvert yfir Fitina."

Ö-Tunga, 5.

**Ba-145:029** tóft stekkur

"Næst heiman við Hvamminn [þar stendur félagsheimili] undir hlíðinni er grashjalli, sem heitir Stekkjarhjalli. Á honum eru stekkjartættur, nefndar Stekkur."

Ö-Tunga, 6.

**Ba-145:030** heimild þingstaður

"Fyrir neðan Stekkjarhjallann [029] heita melarnir Hnausar. Á þeim var gamla þinghúsið, sem enn stendur ..."

Ö-Tunga, 6.

**Ba-145:031** *Réttartjörn* tóft rétt

"Undir Hnausunum [sbr. 030] utan við lækinn er tjörn, sem heitir Réttartjörn. Úr henni rennur seil niður fit, og heitir hún Hestaseil. Skammt frá tjörninni má sjá réttarbrot. Hefur það trúlega verið hestarétt."

Ö-Tunga, 7.

**Ba-145:032** *Leiti* heimild bústaður

"Yzt á Neðra-Tungutúni var þurrabúð, sem nefnd var Leiti."

Ö-Tunga, 7.

**Ba-145:033** *Guðmundargarður* garðlag kálgarður

"Guðmundargarður var gamall kálgarður frá Leiti niðri á bökkunum."

Ö-Tunga, 7.

**Ba-145:034** *Ból* örnefni

"Upp með Tunguá er dalur sem heiti Tungudalur. ... Milli fossanna heita Stillur, og framan við ána heitir Bólbrekka. Efst

uppi heitir Ból." Þar er nú uppistaða rafveitu
Ö-Tunga, 7; Ö-Tunga viðb. og ath, 2.

**Ba-145:035** *Fjósabrekka* örnefni fjós
"Þá er að halda heim í Efri-Tungutún. Neðan götu móts við húsið er þýft og grýtt stykki, sem nefnt var Djöflareitur. ... Brekkan fyrir framan Djöflareir heitir Fjósabrekka, og Fjósalækur rann þar niður framan við bæ."
Ö-Tunga, 7-8.

**Ba-145:036** *Kvarnhúslækur* heimild mylla
"Í honum [Fjóslæknum 035] hefur síðar verið kvörn, og af því er Kvarnhúslækjarnafnið dregið." "Hef aldrei heyrt um kvörn í Fjósalæk, en hins vegar var kvörn í Nyðri kvísl Tunguár, dálítið fyrir ofan brekkuna."
Ö-Tunga, 8;Ö-Tunga viðb. og ath, 2.

**Ba-145:037** *Smiðjupartur* örnefni smiðja
"Nokkuð fyrir framan tún er Kolfinnupartur, svo er Smiðjupartur frammi undir Kóngsengjum ..."
Ö-Tunga, 8.

## Ba-146 Geitagil

20 hdr. 1703. Konungseign 1/4, hinn hlutinn bændaeign. Konungshlutinn var seldur Sauðlauksdalskirkju 13.10.1784.

1458 var G. 20 hdr. jörð meðal eigna Kristínar Björnsdóttur - DI V, 163. 1576 er G. 15 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. 9.1.1581 selur Magnús Jónsson, með samþykki konu sinnar Ragnheiðar Eggertsdóttur, 15 hdr. í G. - Jarðabréf, 107. 16.5.1634 tilskilur Björn Magnússon að Guðmundur Jónsson fái honum 5 hdr. í Geitagili fyrir jarðarhluta - Jarðabréf, 122.

1920: 3,7 ha. garðar 1280 m2, 1/7 sléttað. Kóngsengjar, 0,7 ha. garðar 150 m2. 1840: "... einhver sú bezta heyskaparjörð í þessum hreppi, ..." SSV, 211. 1942: "... dalurinn [Örlygshöfn] er grösugur, en sandar með sjó. Lágdalurinn er marflatur og gengur sjór um stórstrauma langt fram eftir miðjum dalnum og heitir það Hafnarvaðall. Er þar bátgengt fram endilangan vaðalinn um flæðar, en grösug áveituengi beggja megin, og hinar beztu slægjur. / ... Dalur þessi hefur verið fjörður að fornu, eða vogur, en svo fyllzt upp af skeljasandi, er allsstaðar berst upp úr firðinum, og árframburði ... Geitagil á slægjur á dalnum fram af Vaðlinum, heitir sá dalur Mikladalur. Fremur er talið landlétt í Örlygshöfn.." Bstbók, 99-100. 1959: "Innst í dalbotninum eru góðar flæðiengjar. Undirhlíðarnar eru grösugar, en grýtt er og bratt, þegar ofar dregur. ... Í Örlygshöfn eru aðallega kúabú." ÁFÍ 1959, 124

**Ba-146:001** *Geitagil* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.

**Ba-146:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-146:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-146:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-146:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-146:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-146:007** *Kóngsengjar* tóft býli
Kort fylgir túnakorti af Geitagili. "Niður af hjallanum [022] er eyðibýlið Kóngsengjar, allmiklar rústir." Á kortinu er sýndur bæjarhóll og 1-4 útihús.
Túnakort 1920; Ö-Geitagil, 4.

**Ba-146:008** gata leið
"Í botn Vaðalsins rann á sú, sem heitir Mikladalsá. Hún kemur eftir Mikladal. Eftir þeim dal er vegarslóði, fjárgötur, til Keflavíkur."
Ö-Geitagil, 1.

**Ba-146:009** *Gálgasteinar* örnefni
"Meðfram Vaðlinum og neðst meðfram ánni eru mýrar, sem heita Ósmýrar. ... Í mýrinni eru tveir stórir steinar, sem nefndur

eru Gálgasteinar. Þeir standa saman og hafa trúlega hrapað úr fjallinu."
Ö-Geitagil, 1-2.

**Ba-146:010** tóft sel
"Hér innar [en 009] er áin í mörgum bugðum. Meðfram henni heitir graslendið Neðr-Bugar, og upp af því eru Efri-Bugar, graslendi undir urðinni. ... Innan við Bugana tekur við í hlíðinni grasi gróinn hjalli, klettalaus brekka, sem heitir Bugahjalli. ... Upp af Bugahjalla eru svo grágrýtisskriður, sem ná inn að svonefndum Smérteig. Innan við þá liggur hjalli skáhallt niður, sem heitir Seljahjalli. Virðist hann vera framhald af Bugahjalla, en skilinn frá Smérteigum. Hvergi sjást nein merki selsins, nema ef vera skyldu rústarbrot, sem eru á hjallanum." "Á Seljahjalla sást vel fyrir seljatóftum, er S.G. var á Seli."
Ö-Geitagil, 2; Ö-Geitagil, ath, 8.

**Ba-146:011** garðlag
"Út af Vallgeirum er grasi vaxinn hjalli nokkuð stór og langur, sem heitir Nautahjalli. Utast á honum heim undir bæ er Nautahjallahaus. Á honum er gamalt garðbrot og gæti verið, að þar hafi verið girt fyrir naut."
Ö-Geitagil, 3.

**Ba-146:012** *Hlaðshóll* tóft stekkur
"Niður af Nautahjalla [011] er smáhóll með rúst á. Hann heitir Hlaðshóll. ... síðan Hlaðshólspartur, sem var kringum Hlaðshól; þar var gamall stekkur."
Ö-Geitagil, 3.

**Ba-146:013** *Móhús* örnefni
"Niður af Nautahjalla [011] er smáhóll með rúst á. Hann heitir Hlaðshóll. Þar út og niður af eru tvö smáholt, sem heita Móhús..."
Ö-Geitagil, 3.

**Ba-146:014** *Svarðarholt* örnefni mógrafir
"Niður af Nautahjalla [011] er smáhóll með rúst á. Hann heitir Hlaðshóll. Þar út og niður af eru tvö smáholt, sem heita Móhús, og utar með ánni er smáholt, sem heitir Svarðarholt."
Ö-Geitagil, 3.

**Ba-146:015** heimild vað
"Þar sem vaðið er á ánni gengur odddi fram í Vaðalinn, og heitir hann Fjároddi."
Ö-Geitagil, 3.

**Ba-146:016** *Vörðubrekka* örnefni
"Bæjarmegin við hann [Nautahjalla 014] heim undir gilið heitir Vörðubrekka."
Ö-Geitagil, 3.

**Ba-146:017** gata leið
"Bæjarmegin við hann [Nautahjalla 014] heim undir gilið heitir Vörðubrekka. Upp hana lá vegurinn áður ..."
Ö-Geitagil, 3.

**Ba-146:018** *Kúagata* gata leið
"Bæjarmegin við hann [Nautahjalla 014] heim undir gilið heitir Vörðubrekka. Upp hana lá vegurinn áður, og Kúagata lá frá Stekk [012] fram á Nautahjallahaus."
Ö-Geitagil, 3.

**Ba-146:019** *Stekkur* heimild stekkur
"Neðan við Vörðubrekku [016] er gamall fornlegur stekkur, Stekkur. Hann er að nokkru grafinn í jörð og dyr eins og gat inn í kró, þar sem lömbin hafa verið sett í gegn."
Ö-Geitagil, 3.

**Ba-146:020** varða
"Hnúkalautarfjallið er beint af Vörðubrekku [016] á Aurholtið. En Aurholt er á vatnahjalla móti Breiðuvík. Á Aurholtinu innanverðu er Skarð milli tveggja varða."
Ö-Geitagil, 4.

**Ba-146:021** *Byrgishjalli* örnefni
"Utan við túnið og neðan hinna hjallanna og neðan Veturlanda er grashjalli, sem heitir Byrgishjalli. Eftir honum er nýi vegurinn."
Ö-Geitagil, 4.

**Ba-146:022** *Langhúsbali* örnefni
"Ofan við Neðra-Gil eða Fremra -Gil upp í horni er afgirt stykki, nefnt Móar. Í því er bali, sem heitir Langhúsbali upp af

Móum."

Ö-Geitagil, 5.

**Ba-146:023** *Stöðull* örnefni kvíar

"Ofan við Neðra-Gil eða Fremra -Gil upp í horni er afgirt stykki, nefnt Móar. Í því er bali, sem heitir Langhúsbali upp af Móum. Aðeins utar er Stöðull, sem fór alveg í nýja veginn."

Ö-Geitagil, 5.

**Ba-146:024** *Sálarháskagarður* garðlag kálgarður

"Þar aðeins utar [en 023] var þúfnakragi, sem einnig fór í nýja veginn, Sálarháski. Kálgarður þar hét Sálarháskagarður."

Ö-Geitagil, 5.

**Ba-146:025** *Brunnhúsflöt* heimild vatnsból

"... Bæjarlækur. Hann rann í brunnhús, og kringum það hér Brunnhúsflöt."

Ö-Geitagil, 5.

**Ba-146:026** *Næpugarður* garðlag kálgarður

"Efra-Geitagilsmegin við girðinguna var Næpugarður móts við Bæjarlækinn."

Ö-Geitagil, 5.

**Ba-146:027** *Hesthústóft* heimild hesthús

"Þar ofar [en 026] var Efri-Brakka og á henni Hesthústóft, sem einnig fór í veginn."

Ö-Geitagil, 5.

**Ba-146:028** *Skipmannsgata* gata leið

"Neðan bæjar er Neðri-Brekka. Upp hana lá Skipmannsgata ..."

Ö-Geitagil, 5.

**Ba-146:029** *Svarðarholtsbyrgi* heimild

"Svarðarholtsbyrgi við Drápsdý. Þar var svörðurinn geymdur."

Ö-Geitagil, ath, 8.

**Ba-146:030** heimild leið

1840: "[Alfaraleið] Frá Geitagili til Breiðavíkur í vestur yfir fjöllin."

SSV, 213.

## Ba-147 Hnjótur

20 hdr. 1703. Bændaeign. Kryppa og Hólar hjáleigur frá 19. öld. 1921 var fjórbýli á Hnjóti auk grasbýlisins Hnjótshóla.

1458 var H. 20 hdr. jörð meðal eigna Kristínar Björnsdóttur 'j tuo hlutina' - DI V, 163. 14.11.1467 selur Halldór Hákonarson sr. Jóni Ormssyni Knjót fyrir Hól í Önundarfirði - DI V, 490. 25.7.1501 hafa Hannes Etars Henreksson kaupmaður og Reineki Grette Henreksson skipherra selt Andrési Arasyni og Guðrúnu Klemensdóttur þau 5 hdr. í Örlygshnjóti sem þeim féll eftir sr. Filippus heitinn Jónsson - DI VII, 578-79.

1920: 3,6 ha. garðar 1150 m2, 2/7 sléttað. Hólar, 0,7 ha, garðar 300 m2. Kryppa 0,6 ha. 1840: "... heyskapar og útigangsjörð." SSV, 211. 1942: "... dalurinn [Örlygshöfn] er grösugur, en sandar með sjó. Lágdalurinn er marflatur og gengur sjór um stórstrauma langt fram eftir miðjum dalnum og heitir það Hafnarvaðall. Er þar bátgengt fram endilangan vaðalinn um flæðar, en grösug áveituengi beggja megin, og hinar beztu slægjur. / ... Dalur þessi hefur verið fjörður að fornu, eða vogur, en svo fyllzt upp af skeljasandi, er allsstaðar berst upp úr firðinum, og árframburði ... Slægjur eru góðar á Hnjóti og Tungu á loðnum og greiðfærum áveituengjum ... Fremur er talið landlétt í Örlygshöfn.." Bstbók, 99-100. 1959: "Innst í dalbotninum eru góðar flæðiengjar. Undirhlíðarnar eru grösugar, en grýtt er og bratt, þegar ofar dregur. ... Í Örlygshöfn eru aðallega kúabú." ÁFÍ 1959, 124

**Ba-147:001** *Hnjótur* bæjarhóll bústaður

"Síðan er Hnjótur. Það er gamla bæjarstæðið vestan við lækinn úr Vandardal í 16 m. hæð." Örnefnaskrá fylgja vangaveltur um nafn bæjarins og handskrifað skjal um bæjarnafni Hnjót og fleira eftir Magnús Má Lárusson.

Túnakort 1920; Ö-Hnjótur, 3.

**Ba-147:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-147:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-147:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-147:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-147:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-147:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-147:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-147:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-147:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-147:011** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-147:012** *Hólar* heimild býli
Sýnt á Túnakorti með Hnjóti. "Heiman við Lambadalsá eru Smáhólar, og handan árinnar er eyðibýlið Hólar; þar eru nú geymd naut."

Á kortinu er bæjarhóll og 1 eða 2 útihús. Í sóknalýsingu Sauðlauksdalsþinga er getið um eyðijörð, Hóla, sem hafi farið í eyði í Stórubólu 1707 (SSV, 213) en ekki er ljóst hvort það er þessi staður eða Ba-140:006 eða Ba-143:062 (Sennilega Ba-140:006).

Túnakort 1920; Ö-Hnjótur, 4.
**Ba-147:013** *Kryppa* heimild býli
Sýnt á Túnakorti með Hnjóti. 1840: "Nýbýli fyrir sjö árum síðan er einasta hjáleigan Kryppa." 1942: "Í túnjaðri á Hnjóti er talið, að verið hafi fornt eyðibýli, Kryppar."

"Ef við förum vestast á merki móti Geitagili, verður þar klettur fyrir okkur, sem heitir Einstakiklettur. Næst við hann er eyðibýlið Krybba ..." Á korti er sýndur bæjarhóll.

Túnakort 1920; SSV, 213; Bstbók, 100; Ö-Hnjótur, 1.
**Ba-147:014** *Stekkjartún* örnefni stekkur
"Næst, austan við Krybbuhrygg, er alldjúpur dalur, sem heitir Vandardalur. ... Næst niðri er Stekkjartún, nú beitiland."
Ö-Hnjótur, 1.
**Ba-147:015** heimild stekkur
"Hæðin beint upp af bænum heitir Núpur. Norðan hans gengur inn dalur, sem heitir Lambadalur. ... Neðst í Lambadal er Stekkur, og þar hefur lækurinn grafið sig niður í móbergið."

"27. Stekkur. Í lítilli laut við lágar klettanibbur um 100 m suður frá safnahúsi. Tóftin er fremur óljós, um 2,5 m x 2,8 m að innanmáli. Greina má leifar af hleðslum úr grjóti við innri veggjarbrún. Veggjahæð er um 0,3-0,4 m og að innanverðu er efri brún veggja við jafnsléttu. Á vesturgafli virðist vera inngangur og frá honum um 7 m löng og 0,6 m breið rás til austurs." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar

Ö-Hnjótur, 3; Guðmundur Ólfsson: Fornleifaskr. í Rauðasandshr, 23
**Ba-147:016** *Hjallholt* örnefni hjallur
"Sunnar [en bæinn] er Víðivöllur og syðst Sporður. Þar sunnar, fast við ána, er holt, sem hét Ólafsholt ... Upp af Sporði er holt, sem heitir Hjallholt."
Ö-Hnjótur, 3.
**Ba-147:017** heimild rétt
"Þar upp af [016], yzt í túni, eru Balar, smá hryggir. Þar upp af er fjárrétt."
Ö-Hnjótur, 3.
**Ba-147:018** heimild bústaður
"Utast í Bölunum [017] er kofi, sem Sólmundur var í."
Ö-Hnjótur, 3-4.
**Ba-147:019** heimild hesthús
"Svo [á eftir 018] er laut, og utan við hana er Bergjahóll. Á honum var hert fiskfang utast, en innst var hesthús."

Ö-Hnjótur, 4.

**Ba-147:020** *Stöðull* örnefni kvíar

"Ofan við Bergjahól [019] er lægð, sem áður var tjörn, er heitir Langatíkstjörn. Næst upp af túni er Stöðull."

Ö-Hnjótur, 4.

**Ba-147:021** *Hellugötur* gata leið

"Eftir Lambadal kemur Lambadalá. Gamli vegurinn heitir þar Hellugötur."

Ö-Hnjótur, 4.

**Ba-147:022** garðlag kálgarður

"Þá er næst Sléttur [á eftir Hólum 012]. Það er hlíðin neðan við Hreppana ... Neðrifit heitir fitin fyrir utan Hnjótkrókinn. Utast á henni heitir Útfit. Þar upp af eru Hópsbakkar, og neðan þess er Hóp. Þar utar er Nóteyri. Þar voru selanæturnar þurrkaðar; síðan var þar kálgarður í tíð Magnúsar Árnasonar. Hann gerði einnig áveitur." 26. Kálgarðar á Neteyri sem er grasi gróin flöt niður við sjó. Garðarnir voru notaðir á árabilinu frá 1910-1914 af bændunum á Hnjóti. Garðurinn er ferhyrndur og grjóthleðsla markar kálgarðinn sem er um 28 m langur og 18 - 19 m breiður. Hann skiptist niður í 4 hólf. Norður hólfin 2 eru um 1,5 m djúp og virðast einna helst vera grafin niður, þó að hugsanlega hafi blásið sand að garðinum utanverðum þannig að hann sýnist niðurgrafinn. Suðurhliðin er nánast sokkin í sand og stendur aðeins ein steinaröð uppúr."

"Áformað var að rækta kál og annað grænmeti í þessum garði sem skipt var á milli þriggja bænda á Hnjóti sem áttu og nytjuðu garðinn. Bera átti skít úr fjárhúsunum í garðinn, en það skorti mannskap til að fylgja því eftir og ræktun reyndist of erfið á þessum stað. Lagðist Lagðist ræktun því af á þessum stað eftir 2-3 ár. Magnús Árnason átti 2 syðstu reitina, Hákon Jónsson átti norðvestur reitinn og Niels Björnsson átti norðaustur reitinn." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.

Ö-Hnjótur, 4;GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 22-23.

**Ba-147:023** heimild áveita

"Þá er næst Sléttur [á eftir Hólum 012]. Það er hlíðin neðan við Hreppana ... Neðrifit heitir fitin fyrir utan Hnjótkrókinn. Utast á henni heitir Útfit. Þar upp af eru Hópsbakkar, og neðan þess er Hóp. Þar utar er Nóteyri. Þar voru selanæturnar þurrkaðar; síðan var þar kálgarður í tíð Magnúsar Árnasonar. Hann gerði einnig áveitur."

Ö-Hnjótur, 4.

**Ba-147:024** *Hróf* tóft naust

"Utar [en 022] eru tættur, sem heita Hróf. Þetta er mjög gamalt og sér aðeins fyrir því." "Uppsátur. Um 15-20 m undir brekkunni neðan við veginn heim að Hnjóti, á aflíðandi flöt niður við sjóinn undir Hafnarmúla, eru þrjár samliggjandi tættur. Þar snúa opnum gafli að sjó og liggja til suðausturs upp í hlíðina, SA-gafl tóftanna hefur sennilega verið grafinn inn í hlíðina. Að innanmáli eru þessar tættur hver um sig um 8 m langar og um 2 m breiðar. Þetta eru uppsátur eða hróf. Engar heimildir eru um þessar tættur sem virðast mjög gamlar."

"20.1 Hróf. Í austustu tóftinni hafa veggirnir fallið saman inn í tóftina. Austurhlið hennar virðist hafa verið grafinn inn í hlíðina. Ekki sést móta þar fyrir hleðslum, þó að þær geti verið undir yfirborði. 20.2 Hróf. Miðtóftin er greinilegust. Hliðarveggir hennar hafa verið hlaðnir úr grjóti. Jarðfastir steinar hafa verið felldir inn í hleðsluna. Hleðslugrjótið er um 0,3 - 0,5 m stórir steinar. 20.3. Hróf. Vestasta tóftin virðist vvera niðurgrafin. Vesturhlið hennar er um 3 m breið og gæti að hluta til verið komin til úr uppmokstri tóftarinnar. Neðst í þessari tóft liggur steinaröð þvert fyrir gaflinn. Þarn hefur hugsanlega staðið þil. Tvö stór björg hafa fallið úr fjallshlíðinni ofan í þessa tóft. Annað hefur stöðvast efst við vesturhliðina, hitt hefur stöðvast neðarlega í miðri tóft." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.

Ö-Hnjótur, 4-5;GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 18.

**Ba-147:025** *Utanbæjarvað* örnefni vað

"Þar er allstór dalur, sem heitir Kálfadalur. Um hann liggur vegurinn frá Utanbæjarvaði."

Ö-Hnjótur, 5.

**Ba-147:026** *Ból* örnefni

"Neðan við veg, neðan Stóðhlíðar, heitir Ból, en þar sem sjónarholtin byrja, heitir Skútahorn."

Ö-Hnjótur, 5-6.

**Ba-147:027** *Mógrafalækur* örnefni mógrafir

"Mógrafalækur rann niður Móana og niður í á."

Ö-Hnjótur viðb,og ath, 2.

**Ba-147:028** tóft býli

"Þurrabúðarkot? Þrjár samliggjandi tættur á grasi vaxinni flöt undir Hafnarmúla, um 2,5 m yfir sjávarmáli og um 6-7 m frá sjó. Tætturnar eru nokkuð sokknar í jörð og fremur ógreinilegar. Að utanmáli eru þær um 16 m á lengd og um 5,5 m að

breidd. Fjórða tóftin er aðskilin frá hinum þremur og er um 6 m sunnan við þær. Fimmta mannvirkið gæti verið brunnur um 23 m austan við hinar tætturnar."

"Engar heimildir eru til um þessar tættur, en í jarðatali frá 1845 er minnst á býli sem sagt að hafi verið milli Hnjóts og Vatnsdals og nefnt Kryppa [013]. Ekki er vitað hvort þetta býli var til eða hvar það hefur verið. Getgátur hafa vaknað um hvort séu fundnar leifar af því koti, en slíkt verður að telja fremur ólíklegt, vegna þess að staðurinn er nokkuð hundruð metrum vestan við Hnjót. Hins vegar er til örnefnið Kryppa, sem er á ás austan við Hnjót. 21.1 Tóft. Innanmál tóftarinnar er um 4,5 x 2 m. Í veggjunum sést móta fyrir grjóthleðslum á austurhlið. Hrúga af steinum er í tóftinni, en það grjót virðist hafa verið tekið úr veggjahleðslunum. Veggjahæð er allt að 0,2 m. Á norður- og suðurgafli sést ekki móta fyrir hleðslum. Grjót hefur hugsanlega verið fjarlægt úr hleðslum suðurgafls. Einnig er hugsanlegt að timburþil hafi verið á norðurgafli. 21.2. Tóft. Að innanmáli er þessi tóft um 6,5 x 3 m. Útlínur tóftarinnar eru mjög ógreinilegar, en þó mótar óljóst fyrir veggjum. Veggjahæð er aðeins um 0,05-0,1 m. Inngangur, rúmlega 1 m breiður, virðist vera austast á norðurhliðinni. Stórt bjarg hefur fallið úr fjallshlíðinni og lent við suðausturhorn tóftarinnar. 21.3. Tóft. Innanmál tóftarinnar er um 4 x 2 m. Greinilega sést móta fyrir veggjahleðslum á þrjár hliðar, sem eru allt að 0,3 m háir. Ekki sjást hleðslur þar sem norðurhliðin hefði átt að vera, og gæti þar hhafa verið timburþil. Rof er í suðvesturhorni tóftarinnar og þar fyrir innan er stór steinn sem hrunið hefur úr fjallinu fyrir ofan. 21.4 Kofi. Um 6 m sunnan við framhúsin virðist vera lítill kofi með um 1 m breiðum veggjum. Veggjahæð er 0,2 - 0,3 m. Innanmál hennar er um 2,1 m og er inngangur á norðurhlið. 21.5. Brunnur. Um 23 m austan tóftanna er um 1 m breið hola. Lág torfhleðsla virðist hafa verið hlaðið kring um hana á þrjár hliðar. Þarna hefur hugsanlega verið brunnur." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr, 19-20.

**Ba-147:029** *Múlahús* tóft beitarhús

"22. Beitarhús, svonefnd Múlahús. Tóftin er fremst á sjávarbakka, á flöt milli brekkuróta og sjávar, vestan við gamlan brúarstöpul göngubrúar undir Hafnarmúla. Stór hluti þessara tófta hefur skemmst í sambandi við vegaframkvæmdir árið 1965, og nú er ekki mikið eftir [af] beitarhúsunum. Af tóftarbrotunum sem sýnileg eru virðist utanmál þeirra hafa verið um 16 x 9 m. Svo virðist þó sem beitarhúsin, sem voru í notkun fram á fyrri hluta þessarar aldar, geti hafa verið reist ofan á eldri minjar, því að nú virðist vera að koma í ljós hellulögð gólf á hluta svæðisins."

"Í þessum tóftum fundust árið 1966 kvarnarsteinar sem í var höggvið krossmark og stafirnir IH. Þeir eru nú á Minjasafninu á Hnjóti." Sjá kort í skýrslu Guðmundar Ólafssonar.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr, 21-22.

**Ba-147:030** *Hnjótsheiði* heimild leið

1840: "[Alfaraleið] úr Örlogshöfn, Hnjótsheiði til Naustabrekku, þvert yfir fjöllin."

SSV, 213.

**Ba-147:031** *Hafnarmúli* heimild leið

1942: "Undir [Hafnarmúla] má ganga með sjó fram, ef ekki eru stórbrim, eða stórstraumsflæðar, er þar um illfærar urðir að fara. Stundum er og farið í miðri hlíð, og er þá hengiflug bæði fyrir ofan og neðan. Þar var áður farið með hesta, en kringum 1860 voru tveir kvenmenn þar á ferð með reiðingshest, og hrapaði hann fram af klettunum ... Mun leiðin eftir það hafa lagzt af sem hestavegur."

Bstbók, 100.

**Ba-147:032** *Mosdalur* heimild leið

1942: "Er nú farið fram Mosdal [í stað fyrir Hafnarmúla sbr. 031], sem er gróðurlítill smádalur austanvert við múlann, og yfir örmjóan háls að baki múlans og niður Kálfadal ofan í Örlygshöfn."

Bstbók, 100-101.

## Ba-148 Vatnsdalur

18 hdr. 1703. Bændaeign.

6.3.1433 handleggur Jón Gunnarsson Birni Þorleifssyni m.a. V. sem Höllu Jónsdóttur hafði til erfða fallið eftir Þórð Jónsson bróður sinn - DI XI, 9-10. 1446 er V. 18 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 4 kúgildi - DI IV, 691. 15.4.1480 fær Einar Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. V. - DI VI, 255-56. 1509 er V. 18 hdr jörð meðal eigna Bjarna Andréssonar sem þá var látinn - DI VIII, 267. 17.1.1581 selur Magnús Jónsson, með samþykki Ragnheiðar Eggertsdóttur konu sinnar, Jóni Konráðssyni V. fyrir 18 hdr. - Jarðabréf, 107. 2.7.1616 selur Herloff Daa Birni Magnússyni V. og Kvígyndisdal hvora fyrir 18 hdr. - Jarðabréf, 111-12.

1920: 3,5 ha. garðar 1122 m2, 3/8 sléttað. 1840: "fjöru- og útigangsjörð, stendur nálægt þeim lítt færa

Hafnarmúla." SSV, 211. 1942: "Er það farsæl og notagóð jörð, tún er stórt, fjörubeit, útræði og hrognkelsaveiði, og hæg til aðdrátta. Þar var áður tvíbýli." Bstbók, 101. 19959: "Hrognkelsaveiði er hér góð og sæmileg aðstaða til róðra, fjörubeit ágæt, en alnd grýtt og örðugt til ræktunar." ÁFÍ 1959, 124.

**Ba-148:001** *Vatnsdalur* bæjarhóll bústaður
"Eyðibýli. Rústir eyðibýlisins Vatnsdals liggja um 80-100 m innan við gamla íbúðarhúsið í Vatnsdal. Stór bæjarrúst sem er um 43 m að lengd og um 9 m breið. Veggir eru úr grjóti og standa í allt að 2 m hæð. Þetta hefur verið burstabær, líklega frá 19. öld. Að öllum líkindum hefur verið hætt að búa á þessum stað þegar nýtt íbúðarhús var byggt í Vatnsdal um aldamótin. Umhverfis bæinn eru fjölmörg mannvirki sem hafa verið hluti af búskaparháttum síðustu aldar, t.d. túngarður, kálgarður, kartöflugarðar, útihús, traðir o.fl. Engar jarðbætur hafa farið fram á þessum stað sem spillt hafa þessum minjum, og hér er því að finna heilstæða mynd af 19. aldar vestfirsku stórbýli."
Túnakort 1920;GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 47.

**Ba-148:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-148:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-148:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-148:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-148:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-148:007** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-148:008** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-148:009** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-148:010** *Múlagarður* garðlag vörslugarður
"Hafnarmúli er allmikil hamraborg norðvestast í landinu. ... Innar er Múlagarður,sem er gamall vörzlugarður."
Ö-Vatnsdalur, 1.

**Ba-148:011** heimild leið
"Hafnarmúli er allmikil hamraborg norðvestast í landinu. ... Innan við Múlann er Hergerðargjá, og var þar farið upp úr fjörunni til forna með hesta, líkt og upp Flosagjá í Breiðuvík."
Ö-Vatnsdalur, 1.

**Ba-148:012** *Des* tóft
"Uppi á Múlanum [010] eru gamlar rústir, sem heita Des, og kringum þær er Múlaflöt."
Ö-Vatnsdalur, 1-2.

**Ba-148:013** *Mosdalsgil* örnefni draugur
"Þegar haldið er suðvestur eftir Múlanum er komið á móts við Litladal, sem er efsti hluti Mosdals. ... Milli Kálfadals að utan og Litladals að innan er mjög fjallshryggur, sem kallaður er Kálfadalsnef. Gil milli Litladals og Mosdals heitir Mosdalsgil, og var þar talið reimt."
Ö-Vatnsdalur, 2.

**Ba-148:014** *Skútavík* heimild uppsátur
"Ef haldið er áfram inn með sjó og farið yfir ána, er þar fyrst Mölvík. Innan við hana er allbreið vík, sem heitir Breiðavík. ... Innan við Breiðuvík er Skútavík, og er talið, að þar hafi verið uppsátur."
Ö-Vatnsdalur, 2.

**Ba-148:015** *Gvendarbrunnur* lind
"Í bökkunum utantil við Skútavík [014] er uppstretta, sem heitir Gvendarbrunnur. Innar er gamall vörzlugarður, sem nefndur er Mosdalsgarður."
Ö-Vatnsdalur, 2.

**Ba-148:016** *Mosdalsgarður* garðlag vörslugarður

"Í bökkunum utantil við Skútavík [014] er uppstretta, sem heitir Gvendarbrunnur. Innar er gamall vörzlugarður, sem nefndur er Mosdalsgarður."
Ö-Vatnsdalur, 2.

**Ba-148:017** *Stekkur* örnefni stekkur
"Undir einu Mosdalsholtinu er Stekkur, og er það innsta örnefni í Mosdal."
Ö-Vatnsdalur, 2-3.

**Ba-148:018** *Miðaftansvarða* heimild eyktamark
"Innan við Mosdal tekur við Vatnsdalsnúpur ... Upp á hánúpnum heitir Napi, hæð efst uppi. Þar var varða, vel hlaðin en hrunin nú. Hún hét Miðaftansvarða og var eyktamark."
Ö-Vatnsdalur, 3.

**Ba-148:019** heimild stekkur
"Að innanverðu í Núpnum [018] er skriða, sem heitir Stekkurð og féll yfir Stekkinn, sem þar var. Frá Stekkurð og heim eftir lá Stekkjargata."
Ö-Vatnsdalur, 3.

**Ba-148:020** *Stekkjargata* gata leið
"Að innanverðu í Núpnum [018] er skriða, sem heitir Stekkurð og féll yfir Stekkinn, sem þar var. Frá Stekkurð og heim eftir lá Stekkjargata."
Ö-Vatnsdalur, 3.

**Ba-148:021** *Nónskarðsvegur* gata leið
"Í fjallinu er laut, þegar Núpnum lýkur, er heitir Nónskarð, fram undir dalbotn að vestanverðu. Það var nón. Nónskarðsvegur hét fjárslóð um Nónskarð, og var þar stundum farið með hesta."
Ö-Vatnsdalur, 3.

**Ba-148:022** heimild lending
"Nú verður haldið áfram með sjó ... við Skútavík [014]. ... Góðan kipp innanvið víkina er Fegrunes. Innan við það er boði, skammt utan landi, sem heitir Vatnsdalsboði. Í krika, sem boðinn myndar við landið, er Lending, lendingarstaðurinn, og voru þar bátanaust og uppsátur."
Ö-Vatnsdalur, 3-4.

**Ba-148:023** heimild naust
"Nú verður haldið áfram með sjó ... við Skútavík [014]. ... Góðan kipp innanvið víkina er Fegrunes. Innan við það er boði, skammt utan landi, sem heitir Vatnsdalsboði. Í krika, sem boðinn myndar við landið, er Lending, lendingarstaðurinn, og voru þar bátanaust og uppsátur."
Ö-Vatnsdalur, 3-4.

**Ba-148:024** *Húsavík* heimild fjárhús
"Inn og upp af Fegrunesi [022] eru Fegrur, nánast tveir samliggjandi grasblettir með uppsprettum. Innan við þær er holt, sem heitir Hjallholt. Er þá komið inn að Vatnsdalsá. Víkin, sem hún rennur í, heitir Vatnsdalsvík. Ytri hluti víkurinnar heitir Húsavík, dregið af fjárhúsum , er stóðu þar."
Ö-Vatnsdalur, 4.

**Ba-148:025** *Hjallholt* örnefni
"Inn og upp af Fegrunesi [022] eru Fegrur, nánast tveir samliggjandi grasblettir með uppsprettum. Innan við þær er holt, sem heitir Hjallholt. Er þá komið inn að Vatnsdalsá."
Ö-Vatnsdalur, 4.

**Ba-148:026** *Hádegisvarða* varða eyktamark
"Hádegishæð heitir á fjallinu í hádegisstað. Þar er varða, Hádegisvarða."
Ö-Vatnsdalur, 4.

**Ba-148:027** *Stöðull* örnefni kvíar
"Túnið: Yzta hornið til norðvesturs heitir Blómakinn. Austan við hana, utan girðingar, var Stöðull."
Ö-Vatnsdalur, 5.

**Ba-148:028** *Lambhúströð* örnefni fjárhús
"Meðfram hjöllunum ... er Lambhúströð og Hesthúströð í suðvestur frá bæ.
Ö-Vatnsdalur, 5.

**Ba-148:029** *Hesthúströð* örnefni hesthús
"Meðfram hjöllunum ... er Lambhúströð og Hesthúströð í suðvestur frá bæ.

Ö-Vatnsdalur, 5.
**Ba-148:030** *Kvíatröð* örnefni kvíar
"Milli Lambhústraðar [028] og Hesthústraðar [029] er Kvíatröð."
Ö-Vatnsdalur, 5.
**Ba-148:031** *Traðargarður* garðlag
"Traðargarður liggur suðvestur fyrir neðan Traðirnar, fremst á Hjöllunum."
Ö-Vatnsdalur, 5.
**Ba-148:032** *Brunnhús* heimild vatnsból
"Við gamla bæinn [001] stóð Brunnhús, sem lækur rann í gegnum. Neðanvert við það er Brunnhúsmýri."
Ö-Vatnsdalur, 5.
**Ba-148:033** *Kaldibrunnur* lind vatnsból
"Uppsprettan, sem veldur Álunum, heitir Kaldibrunnur, frýs aldrei, og er vatnsból bæjarins."
Ö-Vatnsdalur, 6.
**Ba-148:034** *Kindavað* heimild vað
"Aurholt heitir holt sunnan við Löngumýri, og nær það fram að Kindavaði á ánni, sem er hér um bil í miðjum dalnum."
Ö-Vatnsdalur, 6.
**Ba-148:035** *Fremristöðull* örnefni kvíar
"Upp af Breiðuvík heita Blettir. ...Upp frá Blettum ... er Fremristöðull."
Ö-Vatnsdalur, 2, 7.
**Ba-148:036** *Móhús* heimild
"Langamýri nær fram dalinn að Nautalágum, sem eru tvær aflangar smálautir ofan úr fjalli. Úr þeim kemur Nautalágalækur. Heldur innar og ofar í dalnum er Breiðiteigur, og framan við hann eru Grjóturðir. Við þær var Móhús, þarkaust byrgi, hlaðið úr grjóti. Var það fyllt af mó að sumrinu, en honum síðan ekið heim á ísnum."
Ö-Vatnsdalur, 7.
**Ba-148:037** *Álfasteinar* örnefni huldufólksbústaður
"Innan Grjóturða [036], inn undir dalbotni, eru tveir stakir steinar, sem nefndir eru Álfasteinar."
Ö-Vatnsdalur, 7.
**Ba-148:038** *Hjallabrot* örnefni hjallur
"Við Fremridunk var Hjallabrot, enn framar endar dalsundirlendið á Flatahjalla."
Ö-Vatnsdalur, 7.
**Ba-148:039** *Selkolla* örnefni sel
"Í Árdalnum, móts við túnið nyrzt, er smákvos inn í árbakkann, sem heitir Selkolla."
Ö-Vatnsdalur, 7.
**Ba-148:040** *Reiðholt* örnefni leið
"Næst [á eftir 048] er langt og mjótt holt, sem heitir Reiðholt og nær niður að sjó og upp á móts við túnið mitt, þar sem áður var steinbrú yfir ána."
Ö-Vatnsdalur, 7.
**Ba-148:041** heimild stekkur
"Neðar við sjóinn, eru sláttumýrarbakkar. Í framhaldi af þeim er Hvalvíkurnes og Hvalvík. Upp af Hvalvík er Horn. Við Hornið var Stekkur."
Ö-Vatnsdalur, 8.
**Ba-148:042** garðlag túngarður
"Umhverfis bæinn eru fjölmörg mannvirki sem hafa verið hluti af búskaparháttum síðustu aldar, t.d. túngarður, kálgarður, kartöflugarðar, útihús, traðir o.fl."
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 47.
**Ba-148:043** garðlag kálgarður
"Umhverfis bæinn eru fjölmörg mannvirki sem hafa verið hluti af búskaparháttum síðustu aldar, t.d. túngarður, kálgarður, kartöflugarðar, útihús, traðir o.fl."
GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 47.
**Ba-148:044** garðlag kálgarður
"Umhverfis bæinn eru fjölmörg mannvirki sem hafa verið hluti af búskaparháttum síðustu aldar, t.d. túngarður, kálgarður, kartöflugarðar, útihús, traðir o.fl."

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 47.

**Ba-148:045** tóft fjárhús

"Fjárhús eða beitarhús, eru tvær samhliða tættur, hlaðnar úr grjóti, sem snúa göflum nánast í vestur-austur. Húsin standa á grasi vaxinni flöt undir veginum í fjörunni, um 30 m vestan við Vatnsdalsá. Fjárhús. Nyðri tóftin er 7 x 3 m að innanmáli. Inngangur er á V-gafli við norðurhliðina. Meðfram suðurhliðinni er jata um 0,3 m breið og 0,4 m há, hlaðin úr grjóti. Hús með jötu við annan vegginn voru kölluð einstæðuhús (Egill Ólafsson, munnl. heimild). Kjallari eða haughús var sett undir húsið skömmu eftir aldamót. Veggjabreidd er að jafnaði 1 m en er allt að 1,5 m þar sem ... [fjárhús og hlaða] mætast. Veggirnir eru að jafnaði um 1,2 m háir en við S-hlið eru hleðslurnar allt að 1,5 m háar. Tóftin er byrjuð að falla inn. Þakið er þegar fallið og liggur ofan í tóftina og veggir sums staðar farnir að gefa sig. Þakið hefur verið sperruþak með 45 gráðu halla. A.m.k. ein sperra var úr hvalbeini. Hellur hafa verið í þakinu. Hlaða. Grjóthlaðin tóft um 6 x 2 m að innanmáli. Tóftin er grafin niður um 0,5 m undir yfirborð. Veggjahæð er um 1,8 m að innanverðu við norðurhlið, en lægst við suðvesturhornið, um 1 m. Sperruþak hefur verið á tóftinni og liggja viðir úr þakgrindinni og þakhellur ofan í tóftina." Sjá kort í skrá GÓ.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 45.

**Ba-148:046** kuml legstaður

"Kumlastæði. Um 40 m austan við Vatnsdalsá, vestan við kartöflu-, eða kálgarð, á sjávarbakka um 10 - 30 m norðan vegar er svæðið þar sem bátakuml var grafið upp árið 1964. Þetta svæði virðist vera að blása upp og eru nú sýnilegar margar flatar hellur og steinar sem virðast geta verið úr mannvirkjum. Steinar þessir eru á svæði sem er um 17 x 18 m að ummáli. Hellurnar liggja flatar, eins og þær væru í gólfi. Ekki er gott að segja hvort um gólf sé að ræða eða hvort þær hafa lent í svipaðri hæð vegna uppblásturs. Ekki er heldur útilokað að þetta séu hellur úr kumlinu. En e.t.v. er um að ræða leifar af fornu mannvirki sem getur hafa verið í tengslum við kumlið. Með þessu þyrfti að fylgjast og athuga hvort eitthvað nýtt kemur í ljós þarna á næstunni." Sjá kort í skrá GÓ.

"Kumlstæðið var framarlega í hólnum, og gat þar að líta lábarið stórgrýti á víð og dreif, sem jarðýtan hafði fært úr kumlinu. ... mátti glöggt sjá beinamylsnu og rónagla í jarðýtufarinu og til hliðar við það, svo og í bingnum, sem ýtan hafði sett ofan fyrir bakkann. Varð fyrst fyrir hendi að tína saman það, sem lá ofanjarðar, og leyndi sér ekki, að þarna var um að ræða mannabein, þótt mörg væru mulin í smátt. Voru það aðallega hryggjaliðir, rifbeinabrot og leggjabútar, auk rónaglanna, sem mikið var af víðs vegar og sýndu, að um bátakuml myndi að ræða. Úr bingnum kom einnig mikið af hauskúpubrotum, nær heitt lærleggur og ýmis önnur leggjabrot, rifbeinabrot og ýmis smábein, svo sem handa- og fótabein. Flest stærri beinin voru meira eða minna brotin eftir ýtuna, en annars reyndust þau lítt eða ekki fúin, enda hefur skeljasandurinn veitt þeim hin ákjósanlegustu varðveizluskylirði. Er kom að rannsaka kumlstæðið, kom í ljós, að beinin, sem þar voru, voru öll mjög úr lagi færð. Var svo að sjá í fyrstu, að þau hefði raskazt af völdum jarðýtunnar, en síðar kom þó í ljós, að svo gat ekki verið, heldur hafði kumlinu verið raskað á fyrri tímum. Var í kumlinu hin óskiljanlegasta beinakös og hvergi um það að ræða, að bein, sem saman eiga í líkamanum, lægju saman. Var strax greinilegt, að bein voru þarna úr mörgum mönnum, en nær ógerningur var að segja til um það á staðnum, úr hve mörgum þau myndu vera. Undir beinakösinni komu rónaglarnir í ljós í röðum, sem lágu sem næst frá austri til vesturs, og þó lítið eitt nær norðvestri og suðaustri. Var því auðsætt, að báturinn hafði haft þá stefnu og væri vesturhluti hans undir vesturenda grjóthrúunnar, sem jarðýtan hafði látið að mestu óhreyfðan. Hafði hún reyndar skafið nokkuð ofan af henni og fært efstu steinana dálítið til. ... Frá vesturenda kumlsins var betur hægt að átta sig á umbúnaðinum og gerð hans ... Þegar grjótið hafði verið tekið frá komu efstu beinin í ljós uppi á milli neðstu steinanna. Sama óskipulega beinakösin var einnig í þessum hluta kumlsins, og var ógerningur að átta sig á upphaflegri legu beinanna né heldur, í hvora átt höfuðin hefðu upphaflega snúið. ... Þau voru alls úr sjö manns, þremur konum og fjórum karlmönnum. Hafði allt þetta fólk látizt á unga aldri ... Auk mannabeinanna komu í ljós hundsbein, og vour þau aðallega skammt austan við miðjan bátinn, niðri undir botni. ...

Af bátnum var að kalla ekkert eftir nema rónaglarnir, en af þeim var hinn mesti fjöldi. Við suma þeirra loddu ryðmengaðar tréflísar, og á stöku stað sáust merki eftir byrðing, viðarlitur í sandinum og viðarleifar, sem urðu þó hismið eitt, er þær þornuðu. ... Um 12 m suðaustan við kumlið hafði jarðýtan skafið ofan af steinhleðslu, sem reyndist vera eins konar þró, hlaðin úr brimsorfnu grjóti eins og var yfir kumlinu. Voru aðeins tvær steinaraðir í hleðslunni, og var þróin sem næst 1,8 m að lengd og 0,5 að breidd. Hún lá sem næst í sömu stefnu og báturinn, þó örlítið meira til norðust og suðurs. Hún var opin vestur úr, eins og sá endi hafði verið skertur, og ekkert grjót var yfir henni nú. Í þrónni fannst brýni og hrosstönn, og önnur hrosstönn lá þar ofanjarðar." Ýtarlegri lýsing á kumlinu, mununum og beinunum fylga með í möppunni.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 45; Þór Magnússon: "Bátakumlið í Vatnsdal í Patreksfirði" Árbók 1966, 5-14.

**Ba-148:047** *Dalli* þjóðsaga draugur

"Sigurbjörg Jónsdóttir ... átti eitt sinn heima í Vatnsdal við Patreksfjörð. Þar var samtímis henni, Amalía, dóttir Sæunnar Gísla prests. Bar það oft við, að óstjórnarköst komu í hana, oft upp úr þurru. Lýstu þau sér annaðhvort með hlátri miklum

eða gráti. Einu sinni sem oftar fær Amalía eitt kastið, og á þá Sigurbjörg leið ofan af lofti. Sér hún þá Dalla standa í stráks líki á milli hurðanna. Sigurbjörgu verður ekki bilt við, opnar útihurðina og rekur piltinn út."

Vestfirzkar sagnir I, 140-141.

## Ba-149 Kvígyndisdalur

18 hdr. 1703. Bændaeign.

9.9.1548 er tekinn vitnisburður um að séra Jón Erlingsson samdi við Ögmund biskup að fá honum sinn hluta í K. til fullrar eignar - DI XI, 664. 9.1.1581 selur Björn Konráðsson Magnúsi Jónssyni hálfan K. fyrir 9 hdr. með hálfum Sauðlauksdal - Jarðabréf, 107. 17.1.1581 selur Magnús Jónsson Jóni Konráðssyni hálfan K. fyrir 9 hdr. - Jarðabréf, 107. 2.7.1616 selur Herloff Daa Birni Magnússyni K. og Vatnsdal hvora fyrir 18 hdr. - Jarðabréf, 111-12. 22.7.1697 lofar sr. Einar Torfason að reyna að fá K. til ábýlis fyrir Magnús Þórðarson - Jarðabréf, 147.

1920: 3,7 ha. garðar 840 m2, 3/4 sléttað. Hús, 0,8 ha. 1840: "fjörujörð, en sandfoki undirorpin." SSV, 211. 1942: "[í Skolladal] er beitland allmikið og lítilsháttar slægjur, nytjað frá Kvígindsidal [sem er] ... farsæl jörð og notagóð. Hefir þar mikið verið gert til umbóta. Tún er þar allmikið, uppgrónar, greiðfærar sandöldur. Fjörubeit er nokkur og sauðaland gott. Sjóróðrar hafa jafnan verið stundaðir í Kvígindisdal, en brimasamt er þar í hafátt ... Jafnan hefir þar verið vel búið." Bstbók, 101. 1959: "Er [í Skolladal] bithagi og áður engjar frá Kvígindisdal. Kvígindisdalur er þröngur, en sæmilega grasgefinn, sauðland allgott og fjörubeit, en lending er lakri en í Vatnsdal og aðstaða til róðra því verri." ÁFÍ 1959, 125.

**Ba-149:001** *Kvígindisdalur* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.

**Ba-149:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-149:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-149:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-149:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-149:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-149:007** *Húsatún* heimild býli
Kort af Húsatúni fylgir kortinu af Kvígindisdal. "Inn og upp af Standi [008] er Húsatún." Á kortinu er sýndur bæjarhóll og sennilega 1 útihús.

Túnakort 1920; Ö-Kvígindisdalur, 2-3.

**Ba-149:008** heimild stekkur
"Framan í Múlanum er nefnt Skriður. ... Innst þar sem Skriðurnar enda, er Stekkjargjóta. Það er skarð eða lægð í sjávarbakkann. Þar upp af, undir múlanum framan á Þrívörðuhálsi, er gamall Stekkur. Innan við Stekkjargjótu er Standur. Þetta er allt með sjávarklettum ..."

Ö-Kvígyndisdalur, 2.

**Ba-149:009** *Þrívörðuháls* varða
"Þá er Skalladalur búinn. Hálsinn innan við hann, milli hans og Kvígyndisdals, heitir Þrívörðuháls. Háls þessi dregur nafn af þremur vörðum, er standa þar saman og eru hlaðnar af smölum, er stóðu þar yfir fé."

Ö-Kvígyndisdalur, 2.

**Ba-149:010** *Gissuratún* heimild býli
"Fram af Breiðum heitir Molduxahlíðarkast, og má þá segja , að Kinnarnar séu búnar. Neðan við Molduxahlíðarkast nær ánni er Molduxahlíð. Fram af henni eru Gissuratúnaholt. Fram af þeim og fram með ánni eru Gissuratún. Þar á einhver Gissur að hafa búið."

Ö-Kvígyndisdalur, 3.

**Ba-149:011** gata leið
"Upp af þeim er svonefnt Skarð. Þar um liggur götuslóði að Sauðlauksdal, en sá háls heitir Kvígindisdalsháls."

Ö-Kvígyndisdalur, 4.

**Ba-149:012** *Ból* heimild kvíar

"Fyrir framan túnið heitir Leiti. Það byrgir sýn inn í dalinn að miklu leyti. Niður með á er Ból, nú orðið tún. ... Þar voru mjólkaðar ær og kýr." "Kví eða rétt er nú, þar sem Bólið var áður."

Ö-Kvígyndisdalur, 4-5; Ö-Kvígyndisdalur ath, 2.

**Ba-149:013** *Fjóslækur* örnefni fjós

"Sorti kemur upp uppi í Flötunum og er vestastur af þeim lækjum, er renna um túnið. Næstur er Matarlækur, aðeins sunnan við íbúðarhúsið. Aðeins framar en hann er Fjósalækur [horfinn]."

Ö-Kvígyndisdalur, 4.

**Ba-149:014** tóft eldhús

"Upp af Sandvelli ... heitir Eldhústunga. ... Eldhústunga er orðin tún, og sér fyrir tóftum. Þar var hlóðaeldhús, útieldhús."

Ö-Kvígyndisdalur, 4; Ö-Kvígyndisdalur ath, 2.

**Ba-149:015** örnefni lending

"Neðan við túnið er Lending ..."

Ö-Kvígyndisdalur, 5.

**Ba-149:016** garðlag landamerki

"Kvígyndisdalur á land eftir gömlum máldögum inn að grjótgarði þeim, sem er inn á sandmúlanum milli Kvígyndisdals og Sauðlauksdals; beint ofan undan nefndum grjótgarði stendur gamalt vörðubrot - mjög mosavaxið - fundið í gærdag [2 ágúst 1884] ..."

Landamerki Kvígyndisdals

**Ba-149:017** varða landamerki

"Kvígyndisdalur á land eftir gömlum máldögum inn að grjótgarði þeim, sem er inn á sandmúlanum milli Kvígyndisdals og Sauðlauksdals; beint ofan undan nefndum grjótgarði stendur gamalt vörðubrot - mjög mosavaxið - fundið í gærdag [2 ágúst 1884] ..."

Landamerki Kvígyndisdals

**Ba-149:018** *Skriður* heimild leið

1942: "Innan við Vatnsdal taka við svonefndar Skriður. Eru þær sæbrattar, en sæmilegur hestavegur í miðjum hlíðum."

Bstbók, 101

## Ba-150 Sauðlauksdalur

30 hdr. 1703, með báðum Dalshúsum, annars er heimajörðin 20 hdr. Fyrst getið um 1200 - Sturl, 178. Kirkjustaður frá 1512. Hjáleigur, Hærri (Efri) Dalshús og Neðri Dalshús bæði í byggð 1703, aðeins eitt 1760, bæði í eyði 1805. Efri Dalshús eyðilögðust af skriðu 1825 og munu þá hafa verið í byggð. Neðri Dalshús (Ba-151) fóru í eyði um 1860.

1458 var S. 36 hdr. jörð meðal eigna Kristínar Björnsdóttur - DI V, 163. 15.4.1480 fær Þorleifur Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. S. - DI VI, 255-56. 4.7.1480 selur Þorleifur Björnsson Gísla Filippussyni S. - DI VI, 257. 6.10.1483 gefur Gísli Filippusson Dýrfinnu dóttur sinni í heimanfylgju til móts við Jón Jónsson S. fyrir 36 hdr. - DI VI, 501 sbr. 607. 22.8.1489 hefur Filippus Sigurðsson goldið Dýrfinnu Gísladóttur sonardóttur sinni 10 hdr. sem er skógarparturinn í Botni í Patreksfirði með öllu því sem þeim parti hefur fylgt að fornu og nýju "ok saudlauksdalur atti adur en biorn bondi þorleifsson seldi fra." DI VI, 678. 15.9.1514 gefur Jón Jónsson 6 hdr í heimalandi til kirkjunnar - Jarðabréf, 98. 3.12.1533 hafði Jón Jónsson Íslendingur gefið syni sínum Koðráni S. - DI X, 69. 9.1.1581 selur Björn Konráðsson Magnúsi Jónssyni hálfan S. fyrir 15 hdr með hálfum Kvígyndisdal - Jarðabréf, 107. 17.1.1581 selur Jón Konráðsson Magnúsi Jónssyni hálfan S. fyrir 15 hdr með hálfum Botni - Jarðabréf, 107. 25.4.1695 selur sr. Halldór Pálsson, með samþykki konu sinnar, Ingibjargar Magnúsdóttur, Guðrúnu Eggertsdóttur eldri 10 hdr. í Sauðlauksdal - Jarðabréf, 145. Í júní 1703 fá hjónin Sigurður Hákonarson og Ingibjörg Einarsdóttir, Markúsi Snæbjörnssyni vegna sinnar kvinnu Kristínar Einarsdóttur, til eignar 5 hdr í S. en Sigurður hafði staðið í skuld við Kristínu - JÁM XIII, 65.

1920: 8,4 ha. garðar 1130 m2, 3/4 sléttað. 1840: "... nú að mestu aftekinn af sandfoki." SSV, 211. 1840: "... í [Sauðlauksdalsvatni] er misjöfn silungsveiði." SSV, 210. 1847: "Prestur telur heimajörðina að mestu af, af sandi (en heldur þó, að hún mundi byggjast með 4 vætta lsk., og segir að kúgildi sé 4 enn til á staðnum), en hjáleigan Dalshús hafi enn eigi tekið skemmdum af sandfokinu. Silungsveiði er talin í vatninu við túnið, og þar til lagður silungsbátur og tvítugt net, á móti einu kúgildi staðarins." JJ, 189. 1942: "Alla leið frá sjó og heim að vatni er gróðurlaus sandauðn, er nær að vestanverðu allt frá túni í Kvígindisdal. Heim undir bæ í Sauðlauksdal er landið uppblásið af sandfoki. Þó hefir sandfokið ekki gert

mikinn usla á seinustu árum. Og er nú víða að gróa upp aftur sem óðast. Hefir verið girt þar allmikið svæði til sandgræðslu og virðsit það ætla að bera nokkurn árangur. ... Í Sauðlauksdal er tún stórt og hefir þó verið enn stærra, en sandfok hefir brotið af því, neðan frá Ranglát og heim undir bæ. Sér enn fyrir rústum upp á 5 m. háum landbrotahólma nálægt Ranglát. Er túnið allt greiðfært, uppgrónar sandöldur og sæmilega grasgefið, einkum í vætusumrum. Dalurinn er grösugur og sumarfagur, og er vatnið til mikillar prýði. Í því er nokkur silungsveiði og eru áraskipti á því, hve mikil hún er ... Í Sauðlauksdal eru búfjárhagar víðáttumiklir og góðir og skjólsamt í flestum áttum frammi í dalnum. Fjörubeit er engin. Heitt er þar á sólskinsdögum á sumrin og lognsamt." Bstbók, 101-102. 1959: "Við túnfótinn í Kvígindisdal hefjast kalksandarnir, sem um langt skeið hafa fokið frá sjónum í norðaustanstormum og eytt graslendi á þessum slóðum, sérstaklega í Sauðlauksdal ... Að dalsmynninu liggja ávalir múlar á báða bóga, mjög sandorpnir, og sandurinn heufr alveg fyllt upp í mynni vogs þess, sem áður fyrr hefur gengið hér suður úr Patreksfirði. Eru sandar þessi allbreiðir og mynda svokallaðan Sandodda út í fjörðinn, innanvert við dalsmynnið. .. Í Sauðlauksdal, sunnan sandanna í dalsmynninu, er allstórt og djúpt vatn. Þar er góð silungsveiði ... Sandarnir vestan vatnsns teygja sig heim í túnfótinn ... Nú hefur sandfokssvæðið verið girt og gróðurinn, sem hefur barizt við roksandinn, friðaður. Sáð hefur verið melfræi í foksandsbreiðurnar í dalsmynninu, og er nú gróðurinn í sókn að nýju. Vestan vatnsins er nú rakt graslendi, en sandurinn er enn einráður meðfram hlíðinni á stóru svæði. Sunnan vatnsins beygir dalurinn til vesturs, og er þr ágætt graslendi ... Sauðlauksdalur er ágæt bújörð." ÁFÍ 1959, 126

**Ba-150:001** *Sauðlauksdalur* bæjarhóll bústaður

"Leifar [ath 089], hinar fornu tóftir eftir upprunalegt bæjarstæði í Sauðlauksdal. Þær máttu heita örfoka, þegar túnið var girt 1906, en voru vel grónar 1920. Nú eru þær allar horfnar undir jarðveginn, enda liggur akvegurinn heim á staðinn, þar sem þær voru á ofanverðri Þembu." "Hann [Séra Björn] byggði stað og kirkju upp að nýju, hvortveggja fagurt og vandað."

"Það stóð ofan við veginn, beint á móti gamla íbúðarhúsinu. Sléttað hefur verið yfir allt bæjarstæðið fyrir mörgum árum. Alvarleg mistök munu einnig hafa átt sér stað í sambandi við lagfæringar á veginum heim að staðnum árið 1993, er jarðýta ruddi burt undirstöðum framhúsanna. Þetta eru því alvarlegri spjöll þegar haft er í huga að þarna hefur e.t.v. staðið einn af fyrstu burstabæjum á Íslandi. Bærinn hefur staðið í nokkrum halla. Nú er aflíðandi 4-5 m breitt flag upp frá veginum þar sem framhúsið mun hafa staðið. Þar sjást leifar af beinum, postulíni, járnmolum, glerbrotum o. fl. Enn mótar fyrir grafhlaði bakhúsa, austurhlið, á um 26 m löngum kafla. Norðurhliðin sést einnig að hluta. Hún stendur á bakka lækjar sem rennur vestanvið bæinn." Uppdráttur í fornleifaskrá GÓ

Túnakort 1920; Ö-Sauðlauksdalur, 26; GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 37; Jón Kr. Ísfeld: "Prestatal í Barðastrandarprófastdæmis" ÁBS 1957-1958, 31.

**Ba-150:002** heimild kirkja

"Sauðlauksdalskirkja. Byggð 1863. Hún stendur um 30- 40 m sunnan og neðan við íbúðarhúsin í Sauðlauksdal. Þetta er bárujárnsklædd timburkirkja, um 10 x 5 m að utanmáli. Á hurðinni hangir dyrahringur úr kopar í ljónshaus ... Kirkjugarður er umhverfis kirkjuna. Hann er ferhyrndur, um 38 x 32 m að ummáli. Honum hallar nokkuð til suðurs. Garðurinn er fallegur og virðist vel við haldið. Leiðin í honum eru upphlaðin, sem gefur honum áhrifamikinn svip. Verið var að leggja gangstétt frá garðshliði að kirkjudyrum." "Hann [Séra Björn] byggði stað og kirkju upp að nýju, hvortveggja fagurt og vandað."

Sauðlauksdalur í Patreksfirði (VB) -Maríu, Öllumheilögum, Þorláki Bænhús til 1512

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 13 [bætt inn í skrána á 16.-17. öld]. 23.12.1499: Gjafabréf Jóns Íslendings til Sauðlauksdalskirkju um skóg í Trostansfirði - DI VII, 441. 26.7.1501: Jörðin Örlygshnjótur í Sauðlauksdalskirkjusókn seld - DI VII, 578-79.

1505: "Í september 1505, í Laugardal í Tálknafirði, er Ari prestur Guðlaugsson vottur að því, er Stefán biskup Jónsson gefur Jóni bónda Jónssyni Íslendingi orflof til að auka bænhúsið í Sauðlauksdal, svo að þar megi vígja saman hjón, skíra börn og leiða konur til kirkju, og skipar þar heimamannagröft, með þeim máldaga, sem greindur Jón hefði tillagt kirkjunni heimanmund."

29.6.1512: Stefán bp setur sóknarkirkju í Sauðlauksdal; (PP, 179)

15.9.1514: Með samþykki konu sinnar, Dýrfinnu, gefur Jón Jónsson kirkjunni í Sauðlauksdal í Patreksfirði þessar eignir: 6 hdr í heimalandi; 60 sauða beit í jörðina Hvallátur í Saurbæjarkirkjusókn á Rauðasandi, unga og gamla, og hafi þar þessa beit á vetur; teinært skip og þaðan af minna, tolllaust, og ekki meir en eitt hvert ár; bjarg, tolllaust, til fyglingar og eggja, hið fra og neðra; hvannskurð svo mikinn sem Dalsmenn þurfa, en ljá öngvum; séttung í öllum reka í Keflavík; skóg í Patreksfirði, hálfan Dalspart í móts við bóndaeign: sölvafjöru svo að sex menn skulu fara í hana út til Hvallátra. Einn fátækur ómagi, annað hvort úr ætt Jóns eða Dýrfinnu, skal ævinlega fæðast í Sauðlauksdal. Máld DI VIII, 517

1575: Máld DI XV 583

22.6.1903: Leyft að byggja kirkju á Geirseyri og til hennar lagður hluti Sauðlauksdalssóknar, N Patreksfjarðar; (PP, 179) [landshöfðingjabréf]: "... Stefán biskup Jónsson setti þar sóknarkirkju 1512. Jafnframt lagði hann til þeirrar sóknarkirkju helminginn af sóknarbæjum frá Saurbæ. Tveimur árum síðar, eða 1514 gáfu þau hjóninn Jón Jónsson Íslendingur og Dýrfinna Gísladóttir 6 hundruð í heimajörðinni, Sauðlauksdal, til kirkju og mörg ítök og hlunnindi. Þar eftir var saminn kirkjuvíxlumáldagi 1515. Svo er það á árunum 1724-1725 og 1728 að dætur Eggerts sýslumanns Björnssonar og Valgerðar Gísladóttur konu hans, Helga eldri og Helga yngri, Arnfríður og Guðrún, gáfu allt hitt af heimajörðinni til kirkjunnar, og síðan er Sauðlauksdalur staður."

Túnakort 1920. GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 39-40. Jón Kr. Ísfeld: "Prestatal í Barðastrandarprófastdæmis" ÁBS 1957-1958, 25, 31.

**Ba-150:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-150:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-150:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-150:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-150:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-150:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-150:009** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-150:010** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-150:011** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-150:012** *Arnarvörður* varða

1959: "Arnarvörður heita nokkrar vörður á vatnskilum í Dalverpi. Þar er einnig Konráðsvarða, frábærlega vel hlaðin, enda hlaðin í vandvirknissamkeppni." "Arnarvörður heita krossvörður á vatnaskilum milli Sauðlauksdals og Keflavíkur."

ÁFÍ 1959, 126; Ö-Sauðlauksdalur, 1.

**Ba-150:013** *Atlanaust* heimild naust

"Atlanaust, tóftir eftir hið forna uppsátur staðarins, rétt innan við endann á Hamarsendunum, þar sem myndazt hafði grjótrif, er skildi að Sauðlauksdalsvatn og sjóinn. Þarna voru tvö naust [og tóft] af geymslu, hún nokkuð stór (?) ..."

Ö-Sauðlauksdalur, 1.

**Ba-150:014** heimild hjallur

"Atlanaust, tóftir eftir hið forna uppsátur staðarins, rétt innan við endann á Hamarsendunum, þar sem myndazt hafði grjótrif, er skildi að Sauðlauksdalsvatn og sjóinn. Þarna voru tvö naust [og tóft] af geymslu, hún nokkuð stór (?) - og svo tveir hjallar nokkru ofar við Vaðalinn."

Ö-Sauðlauksdalur, 1.

**Ba-150:015** *Árnapostilla* heimild draugur

"... nafn á bletti í Sauðlauksdalstúni. Náði hann frá hlaðvarpanum í Dalshúsum að norðan, götunni heim túnið framan úr dalnum að vestan, en Tjarnarmýrinni og Stórudýjum að austan og sunnan. Bletturinn þessi er ca 12-1300 ferfaðmar ... Tildrög nafnsins Árnapostilla virðast vera þau að í tíð séra Gísla Ólafssonar [líklega 1827] var kaupamaður í Suðlauksdal, kominn sunnan yfir Breiðafjörð, er bar nafnið Jón buri. Manni þessum fylgdi sending (draugur), er nefnd var Barnið. Sagan segir, að séra Gísli hafi haft orð á því í Stykkilshólmi, að sér þætti daufleg vistin í Dal: "Þar skeður aldrei neinn, Ég ætla að fá hann Jón bura með Barninu svona til tilbreytingar í sumar." Þegar Jón kom í kaupavinnu, var honum úthlutað þetta stykki til sláttar. Slátturinn gekk seint og illa, því Barnið tafði fyrir honum. Ekki bætti það um, þó Jón tæki með sér Biblíuna eða aðrar algengar guðsorðabækur í slægjuna. Barnið kunni þetta allt og ónáðaði Jón við sláttinn. En svo kom séra Gísli með flunkunýja húslestrarbók og fékk Jóni bura. Þessa bók hafði Barnið aldrei séð, og Jón gat farið að slá og lauk stykkinu á sæmilegum tíma. Bók þessi var Árnapostilla, húslestrarbók Árna Helgasonar biskups. En þessi vera Jóns bura í Sauðlauksdal dró þann draug á eftir sér að nær öll börn séra Gísla ærðust, og sagnir mynduðust um sendingu og draug þar

í dalnum, er var nefndur Dalli, en það er önnur saga þessu óviðkomandi."

Ö-Sauðlauksdalur, 1-2.

**Ba-150:016** *Akurgerði* garðlag **Friðlýstar minjar**

"Akurgerði er nokkuð stór garðspilda, girt sterkum garði af torfi og grjóti. Læk er veitt undir mannvirkið, og liggur eða lá hann eftir grjót-og torflokræsum með jöfnu millibili undir garðinum. Með hellusteini undir neðri garðveggnum var hægt að stjórna, hve djúpt var á vatnið í jarðveginum."

"Akurgerði sr. Björns Halldórssonar, þar sem hann mun hafa stundað einar fyrstu ræktunartilraunir á Íslandi. Gerðið er friðlýst með þinglýsingu 5. nóvember 1973. Það er upp í miðri hlíðinni um 100-150 m norður af bæjarhúsunum í Sauðlauksdal. Akurgerðið er grafið inn í brekkuna. Það er nú um 36 x 16 m að innanmáli. Norðurhliðin er grafin niður um 3 m inn í hlíðina. Uppmoksturinn hefur sennilega verið látinn suður fyrir til að stækka stallinn. Að sunnanverðu sést aðeins móta fyrir lágri garðhleðslu. Hún hefur verið sléttuð út að mestu, en vestanmegin er hún um 15 cm há. Austur- og vesturhliðar eru allbrattar og lækka til suðurs. Lækjarspræna seytlar úr hlíðinni niður að gerðinu, fyrir miðju, en hverfur þar og kemur aftur fram um 20 m fyrir neðan gerðið." Friðlýstar minjar. "Akurgerði sr. Björns Halldórssonar." Friðl. 05.11.1973. Fornleifaskrá, 35. Sjá kort í örnefnaskrá og í skrá GÓ.. "Nýbúið er að reisa stóran minnisvarða ofan í garðinn. Grafin hefur verið hola fyrir minnisvarðanum, um 3 m í þvermál. Barðstrendingafélagið stendur fyrir þessari framkvæmd. Ekki var sótt um leyfi hjá fornleifanefnd eða Þjóðminjasafni fyrir því að reisa þetta mannvirki innan í sáðgarðinum." 1942: "Kúmen vex þar enn sjálfsáið." Bstbók, 101.

Ö-Sauðlauksdalur, 2. GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 38-39.

**Ba-150:017** *lystihús* heimild

"Í miðjum garðinum [016] ofan til var nokkur upphækkun, og á henni stóð lystihúsið, sem Eggert Ólafsson kvað um."

"Nálægt miðju gerði virðist móta óljóst fyrir lágum görðum sem mynduðu frehyrning, um 4 m að innanmáli. Þessa hefði tæplega verið veitt athygli ef ekki hefði verið sögn um að lysthús Eggert Ólafssonar hefði staðið inn í akurgerðinu. Farið var með jarðýtu í gerðið um 1970 og þar sléttað undir kartöflugarð. Þá gætu ummál þess og útlit hafa breyst verulega. Af ljósmynd sem tekin var af gerðinu árið 1943 virðist það hafa verið mun grynnra en það er í dag. Neðst á norðurhlið er um 0,6-0,8 m stallur eða bakki. Hann gæti verið vísbending um hversu djúpt jarðýtan fór. Með tilliti til þessa rasks er ólíklegt að þarna megi enn sjá móta fyrir leifum lysthússins, en úr því verður tæplega skorið nema með fornleifarannsókn."

Í bréfi til Grunnavíkur Jóns lýsir Eggert Ólafsson listhúsinu svo: "Það var ferhyrnt, allar hliðar jafn langar. Að ofan myndaði þakið "pýramida" ferhyrndan, en efst á toppinum var knappur áttstrendur. Umhverfis húsið var gróðursettur mustarður. Var ávöxtur hans svo mikill, að blöðin tóku upp á þakið."

Ö-Sauðlauksdalur, 3. GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 39; Hannibal Valdimarsson: "Einn af merkustu og bestu sonum Íslands." ÁBS 1968-1974, 54.

**Ba-150:018** heimild vatnsból

"...vatnsból í Sauðlauksdal [var] þó nokkuð langt frá núverandi bæjarstæði. Séra Björn Halldórsson réð bót á þessu. Hann lét grafa skurð úr læk, er féll rétt vestan við hið forna bæjarstæði, og lagði lækjarfarveginn niður á milli heimabæjanna. Þar byggði hann brunnhús og lokaði læknum alla leið ofan hlíðina, heim að brunnhúsinu. Um 1900 voru þessi lokræsi svo saman sigin að víða voru farnar að myndast fúauppistöður í læknum. Lét þáverandi ábúandi, Þorvaldur Jakobson, moka burt öllu þakinu yfir læknum og hreinsa vatnsbrautina, og stóð svo nær 20 ár, en þá var vatnið úr læknum tekið í járnpípur ofan við gamla túngarðinn og lagt í þeim heim í hús og í fjósið."

Ö-Sauðlauksdalur, 5.

**Ba-150:019** *Bælishóll* örnefni

"Bælishóll heitir ávöl bunga í Grashlíðinni, þétt niður undir Digranefinu, en það skilur hlíðina alveg sundur í tvo hluta, og er Bælishóllinn heimri parturinn. ... Sumt fólk kallar þennan hól Bælingshól, er ég tel rangt, því milli hans og Digranefsins eru Bælin, þó nokkuð stórar og rúmgóðar holur undir grassverðinum meðfram lækjarfarvegi. Gátu vel fjórir setið í sumum þeirra. Eitthvað var þarna af matarleifum en ekki leifar eftir að farið hefði verið með eld (líklega eftir heyskaparfólk), enda heyrði ég aldrei sagt, að neinn hafi legið þar úti eða verið þar í felum."

Ö-Sauðlauksdalur, 6.

**Ba-150:020** *Kvíaból* heimild kvíar

"Bólið, nokkuð breitt bungumyndað holt framan við túngarð Björns Halldórssonar og náði fram að Hvammsmýrinni og niður að götunni fram dalinn. Heimst (næst túninu) var þetta algróið og frekar grasgefið. Var sá partur nefndur Kvíabólið, en fremri parturinn var minna gróinn og staksteinóttur og kallaðist Fremrabólið, eftir að girt var. Var girðingin látin ráða merkjum milli þessara nafngifta á landinu. Kvíabólið var mikið notað til að tjóðra þar aðkomugripi, og stundum voru líka slegnir þar nokkrir hestar af töðugresi í kringum kvíarnar, sem stóðu á miðjum Heimrabólinu."

Ö-Sauðlauksdalur, 7.

**Ba-150:021** *Leifshús* heimild bústaður

"Lítið þurrabúðarkot var eitt sinn í túnjaðrinum nálægt Ranglát, hét það Leifshús eða á Leifum [001], bjó þar karl, sem Leifur hét, fyrir löngu." "Þurrabúðarkot. Mannvirki þar sem talið er að áður hafi staðið þurrabúðarkotið Leifar. Það stendur í uppblásinni hlíð, um 15 m ofan við veginn, um 150 m norðvestur af kirkjunni og um 40 m vestan við sandvörslugarðinn Ranglát. Sporöskjulaga hóll, um 10 x 5 m að ummáli að ofan. Þar er um 6 x 2, og 20 cm djúp laut ofan í hann. Hóllinn er 5 - 6 m hár með brattar hliðar. Það sem einnig bendir til mannvirkja eru leifar af grjóthleðslu vestast upp í miðjum hól og grjótdreifar þar í kring. Svo virðist sem að hlíðin umhverfis hólin hafi blásið upp og uppblásturinn stöðvast við hleðslurnar. Ef svo er hefur öll hlíðin einhvern tíma verið í sömu hæð og hóllinn. Nú stendur aðeins lítill hluti þessa húsa eftir á hólnum."

Byggingabréf Leifs:

"Leifur hefur leyfi til á Leifum búa,
þar til hann er laus við lúa
og lýðir gera að honum hlúa."

Sjá kort í skrá GÓ. Hann vitnar í Egil Ólafsson á Hnjóti.

Bstbók, 102.GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 43.

**Ba-150:022** hús bústaður

"Íbúðarhús sr. Þorvalds Jakobssonar. Húsið var reist skömmu eftir aldamót, framan við gamla torfbæinn [001]. Talið er að grjót úr gömlu bæjarhúsunum hafi verið notað að hluta í nýja íbúðarhúsið. Grjóthlaðin skemma eða bílskúr er við vesturgaflinn hlaðin af Finnboga Rúti Þorvaldssyni, föður Vígdísar Finnbogadóttur. Húsið er steinhlaðið og límt með pússningu úr skeljasandi. Með skemmunni eru utanmál hússins 16 x 8 m. Veggjahæð er um 2,2 - 2,5 m. Þar fyrir ofan eru gaflarnir klæddir bárujárni. Bárujárnsþak er á húsinu."

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 37.

**Ba-150:023** *Dalshús (Efri)* heimild býli

1942: "[Hærri Dalshús voru] þar, sem nú er hesthús og votheysgryfja. Aska og bein finnast við gröft á báðum þessum stöðum."

"Efri-Dalshús tók af með öllu í skriðufallinu 1821, og enn hlóðst nokkuð ofan á þá skriðu 1852. Staða bæjarhúsanna stóð þó eftir, en þau voru staðsett rétt ofan við götuna fram dalinn, þar sem nú (1960) er hrútakofi og hesthús staðarins."

"Fjárhús og hlaða, þar sem hugsanlega stóðu áður Hærri (eða Efri)-Dalshús, hjáleigafrá Sauðlauksdal. Húsin standa á lágum hól í miðju túni um 100 m suður frá íbúðarhúsinu í Sauðlauksdal. Að innanmáli er fjárhústóftin um 10 m breið og um 12 m löng. Veggirnir eru hlaðnir úr grjóti Veggjahæð er um 1 m. Veggjabreidd um 1 m. Húsið virðist hafa verið þrískipt að endilögnu. Hliðarskiptin eru 3 m breið. Miðskipið, sem er 4 m breitt, er um 10 - 15 cm lægra en syðrs hliðarskipið, en í svipaðri hæð og nyðra skipið. Þau eru hins vegar aðskilin með steinaröð, um 10 cm hárri og 30 cm breiðri. Við enda hússins er niðurgrafin hlaða sem snýr þvert á fjárhúsið. Hún er líka grjóthlaðin. aðeins breiðari en þau, 11,5 m x 3 m að innanmáli. Botn hlöðunnar er um 1 m neðar en gólfið í fjárhúsinu. Grjóthleðslan sem snýr að hlið fjárhússins virðist hlaðin upp í gólfhæð en ekki hærra. Vestari hluti þessa veggjar er hruninn. Veggjahæð hlöðunnar er annars staðar um 1,5 m hár. Út undan suðvesturhlið fjárhússins eru ójöfnur sem gætu bent til eldri mannvirkja og hugsanlega er tóftin reist ofan á eldri hleðslur."

Bstbók, 102; Ö-Sauðlauksdalur, 9;GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 38.

**Ba-150:024** *Draugagil* heimild mógrafir

"Draugagilið, smálækjarspræna, er kemur upp austan í Grænafellinu og fellur beint út í Þverá nokkuð fyrir vestan Neðri-Steinbrekku. ...Rétt áður en lækurinn kemur á neðsta hjallann undir Grænafellinu, myndast dálítill foss (5-8 metra hár), og myndast þar hið eiginlega Draugagil. Bæði fyri rofan og neðan fossinn eru leirlög í berginu og innan um þau þó nokkuð af surtarbrandi. Hvert um sig eru þau ca. 1/2 metri á þykkt að jafnaði og ná þó nokkuð út með gilinu begjja megin fossins. Þarna voru teknir nikkrir hestburðir af surtabrandi við og við á mínum uppvaxtarárum og notaðir til eldsneytis heima í Sauðlausdal."

Ö-Sauðlauksdalur, 10-11.

**Ba-150:025** *Engjalönd* heimild mógrafir

"Engjalönd: gömul löngu sandorpin áveitusvæði niður af vatninu að austanverðu og náði allt þar til, er landið náði að Lóninu (sjávarborðinu innan við Rifið). ... Um og fyrir aldamótin 1900 var tekinn upp mór á þessum slóðum ..."

Ö-Sauðlauksdalur, 11-12.

**Ba-150:026** *Fjósatunga* tóft fjós
"Fjósatunga, er næsta flöt norðaustan við Fjósaflötina, og náði hún upp að gamla túngarðinum undir brekkunni eins og Efri-Fjósflötin. ... Neðst í tungunni var hóll, er illa spratt og sjáldan var sleginn, nefndur Skalli. Virtist mér helzt þessi þúst vera leifar af torfkofa, hlöðnum úr leirbornum hnaus. Fyrir lögum hússins sást illa, því veggirnir virtust gjörhrundir (leirsteyputilraun). Á tungunni eru víða tóftarbrot. Þar var mér sagt, að fjós það, er flutt var í tíð Jóns Íslendings, hafi staðið, en þangað sótti skozk kona mjólk í þrílita kú um árabil, að þjóðsagan segir, eða þangað til fjósið var flutt á annan stað."
Ö-Sauðlauksdalur, 13.

**Ba-150:027** *Gálgasteinar* örnefni
"Gálgasteinar, heljarbjarg, sem hefur oltið niður á jafnsléttu og klofnað þar, svo hliðbreidd er á milli partanna."
Ö-Sauðlauksdalur, 15.

**Ba-150:028** *Grænafellshorn* örnefni huldufólksbústaður
"Svo heitir austurendi Grænafellsins, á milli Steinbrekkanna og þar upp eftir. Gamlar sagnir segja það oft vera hulda vætti á ferð, og ótrúlega margir hafa heyrt þar kallað til sín, hafi þeir farið ógætilega."
Ö-Sauðlauksdalur, 16.

**Ba-150:029** *Hnappheldan* heimild vörslugarður
"Þetta var fornt nafn á engjavörzlugarði, var á Dagmálaskriðunni, en fór undir skriðuna um miðja 19. öldina. 1897-1900 var byggður annar garður nokkru neðar í hlíðinni, frá urðarfótum niður í vatn, með sama nafni."
Ö-Sauðlauksdalur, 18.

**Ba-150:030** *Hnappheldan* garðlag vörslugarður
"Þetta var fornt nafn á engjavörzlugarði, var á Dagmálaskriðunni, en fór undir skriðuna um miðja 19. öldina. 1897-1900 var byggður annar garður nokkru neðar í hlíðinni, frá urðarfótum niður í vatn, með sama nafni."
Ö-Sauðlauksdalur, 18.

**Ba-150:031** *Hesthúshóll* heimild hesthús
"Hesthúshóll, hóllinn fyrir neðan fjárréttina, meðfram gilinu, niður að Efritröðum. Hólinn er kenndur við hið forna hesthús staðarins, er þar stóð. Hesthúsið var flutt niður á rústir efri-Dalshúsa, en í húsinu við réttina voru höfð lömb."
Ö-Sauðlauksdalur, 19.

**Ba-150:032** *Hestarétt* heimild rétt
"Hestarétt nokkuð stór var neðst á túninu, niður á Rananum, við hlið tóftar þeirrar, er byggð var heyhlaða úr 1901. Meiningin var að flytja þangað hesthús staðarins, en þegar betur var að gáð, var þessi partur túnsins mjög óhentugur fyrir umferð hesta að vertarlagi."
Ö-Sauðlauksdalur, 19.

**Ba-150:033** heimild hlaða
"Hestarétt nokkuð stór var neðst á túninu, niður á Rananum, við hlið tóftar þeirrar, er byggð var heyhlaða úr 1901. Meiningin var að flytja þangað hesthús staðarins, en þegar betur var að gáð, var þessi partur túnsins mjög óhentugur fyrir umferð hesta að vertarlagi."
Ö-Sauðlauksdalur, 19.

**Ba-150:034** *Imbuleiði* álagablettur legstaður
"Imbuklettur heitir dálítið hvolf inn í vestri bakka Bæjargilsins, beint á móti Ennunum ofan við Brysið. Neðan við Imbuklettinn, í sjálfu Bæjargilinu, er Imbuklettur. Inn við vestari enda hans er klettaskora. Í botni þessar klettaskoru og umhverfis hana er mjög grasgefið. Þessa grastoppa má aldrei slá. Fylgið því búfjármissi- kýr, hestur eða 10 ær. Þessi blettur er nefndur Imbuleiði. ... Allt fram til loka 18. aldar var í Sauðlauksdal þingstaður sveitarinnar, og er því hætt við, að þar hafi farið fram aftökur ... Konur voru yfirleitt ekki líflátnar öðrvísi en þær voru brenndar eða þeim drekkt eða hvoru tveggja, ef sakir voru stórar. ... Imbruklettur er kenndur við sakakonu, er þar hefur borið beinin. Eldri maður, Guðmundur Bjarnason, gat um krossmark á þessum stað."
Ö-Sauðlauksdalur, 21.

**Ba-150:035** *Jónavarða* varða áfangastaður
"Jónavarða heitir varða og áningarstaður á Dalsfjalli, beint niður af Draugagilinu (fyrir neðan Steinbrekkurnar, undir Grænafellsshorninu). Sami staður er líka nefndur Jón Þorvarðsson. Átti nafnið að vera bundið við þann geymna höfðingjaprest, Jón Þorvarðarson, er lét ríða móti sér með ölföng, er hann kom úr tíðarferðum. Hér átti hann að hafa geymt ölföng af og til. Önnur sögn er, að hér hafi látist maður með þessu nafni af slysförum."
Ö-Sauðlauksdalur, 22.

**Ba-150:036** *Kúagata* gata leið

"Ofanvert við gamla túngarðinn undir Ennunum og fram fyrir fjárréttina á Hesthúshólnum og þaðan ofan við túnið, fram á Ból, lá Kúagata."

Ö-Sauðlauksdalur, 23.

**Ba-150:037** *Klíningshóll* heimild

"Klíningshóll. Þessi hóll var ekki stór, en á honum miðjum var kraðak af húsatóftum, eins og leifar eftir gamlan bæ eða myndarlegt húsmannssetur. Nú (1970) er búið að jafna þennan hól út með jarðýtu, svo þarna er orðin sléttur völlur."

Ö-Sauðlauksdalur, 23.

**Ba-150:038** *Klumbuvarða* varða

"... varða með bút úr "rúnnholti" úr skipi lögðu í hleðslurnar. Varðan var ekki langt fyrir vestan Skeifnabrjót í Dalverpinu (sjá vegi um Sauðlauksdal). Til var að nefna þessa vörðu Tumbuvörðu."

Ö-Sauðlauksdalur, 24.

**Ba-150:039** *Líksteinn* örnefni áfangastaður

"Líksteinn, stakur steinn, sem stendur upp úr sandinum undir Neðri-Grshlíðinni, nokkuð framan við Sandgilið. Steinninn er að lögun sem aflangur teningur. Þar hvíldu menn sig við líkburðinn heim dalinn, er þau voru flutt til greftrunar. Annar steinn með sama nafni var heim undir Móholtinu, nokkru fyrir neðan Hvarfið. Árið 1808 reif Sandá sér farveg framan við Fitina niður í Sauðlauksdalsvatnið. Í þeim umbrotum hvarf þessi steinn algerlega niður í sandinn, svo ekki örlar á honum enn þann dag í dag. Þessi steinn var ekki eins vel lagaður og minni. Þessir steinar skiptu leiðinni frá Hamarsendum heim að kirkju í 3 jafna parta. Einhverja hluta vegna voru reistir við þessa steina smátrékrossar, sem voru teknir niður á prestskapsárum séra Magnúsar Gíslasonar, vegna þess að franskir sjómenn tóku til að grafa lík við krossmörkin í stað þess að flytja þau alla leið heim að kirkju. Voru líkin grafin upp og þau flutt til kirkju á kostnað franska ríkisins ca. 1870, þegar þetta komst upp eða náðist í málsmetandi menn til að kvarta undan þessu. Krossarnir teknir ofan 1875."

Ö-Sauðlauksdalur, 25.

**Ba-150:040** *Líksteinn* heimild legstaður

"Líksteinn, stakur steinn, sem stendur upp úr sandinum undir Neðri-Grshlíðinni, nokkuð framan við Sandgilið. Steinninn er að lögun sem aflangur teningur. Þar hvíldu menn sig við líkburðinn heim dalinn, er þau voru flutt til greftrunar. Annar steinn með sama nafni var heim undir Móholtinu, nokkru fyrir neðan Hvarfið. Árið 1808 reif Sandá sér farveg framan við Fitina niður í Sauðlauksdalsvatnið. Í þeim umbrotum hvarf þessi steinn algerlega niður í sandinn, svo ekki örlar á honum enn þann dag í dag. Þessi steinn var ekki eins vel lagaður og minni. Þessir steinar skiptu leiðinni frá Hamarsendum heim að kirkju í 3 jafna parta. Einhverja hluta vegna voru reistir við þessa steina smátrékrossar, sem voru teknir niður á prestskapsárum séra Magnúsar Gíslasonar, vegna þess að franskir sjómenn tóku til að grafa lík við krossmörkin í stað þess að flytja þau alla leið heim að kirkju. Voru líkin grafin upp og þau flutt til kirkju á kostnað franska ríkisins ca. 1870, þegar þetta komst upp eða náðist í málsmetandi menn til að kvarta undan þessu. Krossarnir teknir ofan 1875."

Ö-Sauðlauksdalur, 25.

**Ba-150:041** *Lambhúsatún* heimild lambhús

"Lambhúsatún. Milli Bólsins og Tjarnarmýrarinnar og upp að heimreiðargötunni framan úr dalnum var túnspilda, er áður tilheyrði Dalshúsum, sem útbeirjur út Dalshúsatúni. En 1897 var þar bæði byggt fjárhús og heytóft úr grjóti, er tekið var sumpart úr túninu sjálfu og að einhverju leyti úr túngarðinum, er lá þarna rétt hjá. Þetta tún var lengi vel slétt, eftir að húsið var byggt, og spratt vel, en þegar sandfokið minnkaði, fóru að myndast þúfur, eins og víðar á fremra túninu í Sauðlauksdal. Lambhúsið var rekið niður 1921 við ábúendaskiptin."

Ö-Sauðlauksdalur, 25-26.

**Ba-150:042** *Miðmorgunsvarða* varða eyktamark

"Miðmorgundalur, lægð í Skersmúlann upp af miðju Sauðlauksdalsvatns. Þessi lægð er tvískipt af klettarana, er gengin fram milli tveggja gildraga, er sameinast í Miðmorgunsgili. Á klettarananum stendur varða, Miðmorgunsvarða, sem var eyktamark frá Leifum [sjá 001] og gilti líka heiman, þar sem nú eru hús í Sauðlauksdal."

Ö-Sauðlauksdalur, 27.

**Ba-150:043** heimild býli

"Móholtið, holtið milli Rangláts og Hvarfsins. Þarna var áður býli og neðsti hluti túnsins í Sauðlauksdal."

Ö-Sauðlauksdalur, 29.

**Ba-150:044** heimild mógrafir

"Ytri-Múlinn eða Kvígindisdalsmúlinn er neðsti endinn á Kvígindisdalshálsinum. ... Fyrir neðan hlíðina er svo lágmúlinn. ... Á lágmúlanum var mikið mótak, eins og víða í Sauðlauksdal. Er það merkilegt við þetta mótak er, að oft eru stórir og smáir stakir steinar um allt ofan í mótakinu, sem þó nokkuð víða er yfir 5 skóflustungur á þykkt undir þykku sandlagi og

sums staðar undir nokkurra tonna steinum, sem smá saman hafa færzt frá brystinu út á mólögin ..."
Ö-Sauðlauksdalur, 29.

**Ba-150:045** heimild fjós
"Móatún, túnauki, samt innan hinnar gömlu túngirðingar Björns Halldórssonar, efst í vesturenda túnsins. Þetta tún var grætt upp um aldamótin með byggingu sumarfjóss og færikvíanotkun þarna á skriðubungunni, sem myndaðist, þegar hús Efri-Dalshúsa tók af fyrst að mestu 1825 og síðar 1859."
Ö-Sauðlauksdalur, 30.

**Ba-150:046** heimild kvíar
"Móatún, túnauki, samt innan hinnar gömlu túngirðingar Björns Halldórssonar, efst í vesturenda túnsins. Þetta tún var grætt upp um aldamótin með byggingu sumarfjóss og færikvíanotkun þarna á skriðubungunni, sem myndaðist, þegar hús Efri-Dalshúsa tók af fyrst að mestu 1825 og síðar 1859."
Ö-Sauðlauksdalur, 30.

**Ba-150:047** heimild mógrafir
"Móaholtið eða Móholtið. Þarna var neðsti endi Sauðlauksdalstúns, samt að fullu eða mestu komið í auðn, er Björn Halldórsson byggði Ranglát. Um og fyriraldamótin var þarna mótak staðarins, 1880-1896."
Ö-Sauðlauksdalur, 30.

**Ba-150:048** tóft
"Móaholtið eða Móholtið. Þarna var neðsti endi Sauðlauksdalstúns, samt að fullu eða mestu komið í auðn, er Björn Halldórsson byggði Ranglát. Um og fyriraldamótin var þarna mótak staðarins, 1880-1896. ... Tóftir voru þar ..." Sjá kort í örnefnaskrá
Ö-Sauðlauksdalur, 30.

**Ba-150:049** *Ólafsvöllur* tóft býli
"Ólafsvöllur, leifar gamals húsmanns- eða lögmannsbýlis í Sauðlauksdal, upp undir Neðri-Ennunum, áfst við túnið. Þarna eru leifar fornu bæjarrústanna mjög greinilegar. Hefur þarna verið baðstofa og þrjú framhús ásamt vænum útihúsum og matjurtagarði. Baðstofan hefur verið 3 stafgólf 5 álna breið, göng fram af baðstofunni miðri 21/2 alin á breidd, eldhús þar vestur af er jafnlangt fram og baðstofugafl, en búrgeymsla á hina hönd. Þar fyrir austan hesthús eða fjós fyrir 3 gripi og þar austur af fjárhús fyrir ca 24 ær. Tóftarbrot þessi stóðu á 5 metra háu barði, sem þrátt fyrir það spratt mætavel ..." Uppdráttur í Örnefnaskrá
Ö-Sauðlauksdalur, 33-34.

**Ba-150:050** *Prestavað* heimild vað
"Prestavað, þrautavað á Sauðlauksdalsá, nokkuð framan við Langholtið. Áin dreifir sé þarna á sléttlendi og það í beinni leið heiman frá Dal á Dalsfjallsleiðina."
Ö-Sauðlauksdalur, 34.

**Ba-150:051** *Ranglátur* garðlag varnargarður **Friðlýstar minjar**
"Ranglátur, sandvarnargarðsspotti Björns Halldórssonar. Þetta voru 3 garðbútar, sá neðsti, ca. 10-15 faðmar, beint upp af Stóra-Melskarði. Var hann byggður á ávölu, víði vöxnu barði úr torfi og grjóti. Næsti garður, 30 faðma langur, var byggður á beru holti úr grjóti, tvíhlaðinn neðst, en það, er upp úr stóð jarðlaginu, einhlaðinu, einhlaðið og í það notað ýmiss konar rusl. Heimsti garðurinn, hinn raunverulegri Ranglátur, var um það bil helmingi lengri og eins byggður. Allir voru þessir garðar svona 1 1/2 alin á hæð yfir umhverfið."
Friðlýstar minjar. "Sandvarnargarðurinn "Ranglátur" fyrir neðan túnið." Friðl. 05.11.1973. Fornleifaskrá, 35.

1942: "Litlar aðrar minjar sér þar nú eftir Björn prófast, nema garðinn Ranglát, sem hann lét hlaða til varnar fyrir sandfoki. Var sá garður ekki vinsæll af þeim, er að honum unnu, eins og nafnið bendir til." Bstbók, 101-102. "Sr. Björn Halldórsson lét reisa garðinn einhverntíma á árabilinu 1750 - 1780, til varnar sandfoki, sem þá ógnaði búskap í Sauðlauksdal. Garðhleðslan var kvöð sem bændur voru ósáttir við og þaðan er nafngiftin komin. Garðurinn hefur verið hlaðinn úr grjóti. Hann er um 1 m breiður og um 0,4 m hár. Garðurinn hefur verið fjarlægður á um 20-30 m kafla ofan og neðan við veginn heim að Sauðlauksdal. Fyrir neðan veginn stendur garðurinn hátt upp úr sandinum umhverfis, sem sýnir að landið beggja vegna við hann hefur blásið upp. Lengd garðsins var ekki mæld sérstaklega. Af loftmyndum að dæma er hann um 2-300 m langur." Hannibal Valdimarsson segir garðinn hafa verið 560 faðma langann.

Ö-Sauðlauksdalur, 35;GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 42; Hannibal Valdimarsson: "Einn af merkustu og bestu sonum Íslands." ÁBS 1968-1974, 49.

**Ba-150:052** heimild bænhús
"Skersbaugur er sandfláki, sem fellur út af um fjörur, innanvert við Sandodddann og allt að Stóruskriðu, innst á

Skershlíðinni. Vitað er, að Sauðlauksdalskirkja verður mjög snemma eigandi að Hvalskeri og Skersbungum, og var þarna mikið að, menn kæmu seinni hluta vetrar og að haustinu að afla sér þessarar bjargar. ... Til dæmis var sett bænhús í kaþólskum sið vegna þess fólks, er þarna safnaðist saman vor og haust."

Þetta gæti verið í Hvalskerslandi og verið sama bænhúsið og var fallið í lok 12. aldar og getið er um í Hrafns sögu.

Ö-Sauðlauksdalur, 36;

**Ba-150:053** *Svínhagagilsgarður* garðlag vörslugarður

"Svínhagagilsgarður, vörzlugarður (byggður síðast 1899), er fylgdi Svínhagagili og lokaði fyrir neðri enda girðingarinnar handan við vatnið."

Ö-Sauðlauksdalur, 39.

**Ba-150:054** *Steinka* varða

"Skeifnabrjótur, grjótbarið klapparholt, gróðurlítið. Holtið liggur beint fyrir enda Framdalsins, og nær þessi bunga alla leið upp að vörðunni Steinku í Dalverpinu, ferhyrnd, nokkuð efnismikil varða ..."

Ö-Sauðlauksdalur, 40.

**Ba-150:055** tóft stekkur

"Stekkurinn. Þetta er töluvert mannvirki framan við gilið niður undan Miðdagsmorgundalsins og svo að segja beint á móti neðri parti túnsins í Sauðlauksdal, en það er hinum megin við vatnið. Fyrst er það Stekkurinn sjálfur. Í þeirri mynd, sem hann er í dag, virðist hann aðeins hafa rúmað 40-50 fjár fullorðið og svo rúmgóð lambkró. En eitthvað virðast veggirnir hafa verið færðir inn og styttir. Sömuleiðir er þétt við stekkjartóftina önnur tóft af einhverju mannvirki, líklega útihúsi - geymslu - en útlínur þess eru óglöggar. Samt má ráða, að það hefur verið nokkuð stórt. Við hlið Stekkjarins er gerði girt grjótgarði. Ég man óljóst eftir, að þessar byggingar voru notaðar upp úr aldamótunum, en síðan ekki svo ég viti." Sjá uppdrátt í Örnefnaskrá.

Ö-Sauðlauksdalur, 41.

**Ba-150:056** tóft fjárhús

"Sauðhúshjallinn. Svo hét hjalli beint upp af Ennunum ofan við túnið, fyrir ofan urðafætur. Á hjalla þessum er gömul fjárhústóft." Sjá uppdrátt í Örnefnaskrá.

Ö-Sauðlauksdalur, 42.

**Ba-150:057** heimild leið

"Skarðið (skarðið á hálsinum), lægð norðan við Sanddalinn, milli hæstu boltanna á hálsinum, stundum líka kallað Fremraskarðið, því þarna var annað skarð nokkru neðar á hálsinum. Um þetta skarð var gönguleiðin um Kvígindisdalsháls, og er það yfirleitt fjölfarin leið ..."

Ö-Sauðlauksdalur, 44.

**Ba-150:058** heimild stekkur

"Stekkurinn heima var inn á túninu sjálfu, uppi í Ennunum, þar sem séra Magnús Gíslason reyndi að koma upp ræktuðu túni, þegar heimatúnið hvarf undir sand. Stóð hann uppi á Brystinu, beint upp af Akurgerðinu og innanvert við Stekkjarlautina. Þessi stekkur var ekki stór, líklega byggður upp úr 20 kinda húsi. Lambhúskróin ber öll einkenni þess að hafa áður hafa verið smáheyhlaða."

Ö-Sauðlauksdalur, 46.

**Ba-150:059** *Steinarnir hlutlausu* álagablettur

"Steinarnir hlutlausu. Þétt við heimastekkinn [058] voru tveir steinar mjög stórir,heljarbjörg. Þeir voru friðhelgir og skyldu látnir hlutlausir, því þeim fylgdu álög álfa- og trölldóms, langt aftur úr forneskju."

Ö-Sauðlauksdalur, 47.

**Ba-150:060** *Sandvallarhúsið* heimild fjárhús

"Sandvallarhúsið. Þegar séra Þorvaldur Jakobsson kom að Sauðlauksdal 1897, var þarna tóft af niðurföllnu fjárhúsi, en búið var að koma upp öðru nokkuð hærra í Sandvallarbrekkunni, á móts við Akurgerði. Séra Þorvaldur lét strax flytja húsið aftur niður á Sandvöllinn, bæði var þar sléttara og betra að þurrka hey, eins lá það betur við í sandvörnunum. Kom þá fram, að eftir Sjöundármálið hafði þótt reimt þarna í húsinu, en þar hafði Bjarni stundum hafst við, meðan hann var í gæzluvarðhaldinu. Aldrei var hægt að kveða þetta alveg niður, en ekki urðu í sambandi við húsið nein markverð tíðindi þau full 50 ár, er það stóð þarna á grundinni."

Ö-Sauðlauksdalur, 47.

**Ba-150:061** heimild fjárhús

"Sandvallarhúsið. Þegar séra Þorvaldur Jakobsson kom að Sauðlauksdal 1897, var þarna tóft af niðurföllnu fjárhúsi, en búið var að koma upp öðru nokkuð hærra í Sandvallarbrekkunni, á móts við Akurgerði. Séra Þorvaldur lét strax flytja húsið

aftur niður á Sandvöllinn, bæði var þar sléttara og betra að þurrka hey, eins lá það betur við í sandvörnunum."
Ö-Sauðlauksdalur, 47.

**Ba-150:062** *Akurgerðishúsið* heimild fjárhús
"Sandvallarbrekka, snarbrött brekka upp af Sandvellinum. Þarna var ákjósanlegt skíðafæri oft á vetrum ... Ofan við brekkuna stóð áður fyrr fjárhús, Akurgerðishúsið, líklega frá tíð Björns Halldórssonar. Almennt var sagt, að Sandvallarhúsið hafði verið flutt þangað upp eftir vegna reimleika í tíð séra Gísla Ólafssonar, þegar allur dalurinn iðaði af Draugagangi."
Ö-Sauðlauksdalur, 48.

**Ba-150:063** *Söngholt* heimild
"... neðan við túnið.... Söngholt voru tvö í Sauðlauksdal. Liggur Ranglátur, sandgræðslugarður Björns Halldórssonarr, yfir neðra Söngholtið. Á báðum Söngholtunum eru leifar af mannvirki, ferstrendri vörðu eða byrgi, ca. 1 1/2 metri á kant."
Ö-Sauðlauksdalur, 48.

**Ba-150:064** *Söngholt* heimild
"... neðan við túnið.... Söngholt voru tvö í Sauðlauksdal. Liggur Ranglátur, sandgræðslugarður Björns Halldórssonarr, yfir neðra Söngholtið. Á báðum Söngholtunum eru leifar af mannvirki, ferstrendri vörðu eða byrgi, ca. 1 1/2 metri á kant."
Ö-Sauðlauksdalur, 48.

**Ba-150:065** *Silungageymsla* heimild
"Á mótum Bæjarlækjarins og Bæjargilsins, fyrir neðan Atlareit og Kirkjuflötinn, lét Björn Halldórsson gera tjörn, ca. 15 m2 að flatarmáli. Lá vatn úr báðum læknum út í tjörnina. Bakkarnir voru með hellulögðum fylgsnum undir á tvo vegu, en túngarðurinn myndaði þriðja vegginn, en á honum voru nokkuð stórar vatnsgáttir ca. metra fyrir ofan yfirborð tjarnarinnar. Þegar tekið var úr geymslunni, var hellu rennt fyrir opið á byrginu og hreinsað úr byrginu þeir fiskar, er eigi þurfti að nota. ... Lítið fer nú fyrir þessu mannvirki þarna á lækjarmótunum."
Ö-Sauðlauksdalur, 49.

**Ba-150:066** *Dalssel* tóft býli/sel
"... var niður af Stóraleitinu, milli Selholts og Seljatrumbu. Eins og sést á uppdrætti, er þarna um mikið mannvirki að ræða, enda var þarna um tíma hjáleiga frá Sauðlauksdal og þá nefnt Þorgrímskot. ... Dalssel er í þúfnamóa, sem einu sinni hefur verið seltún. ... allt svæðið þarna er hólfað sundur beggja megin við ána í eins konar nátthaga. Þá er þar fjárrétt, er tekið hefur milli 300-500 fjár (250 ær með lömbum). Húsatóftir eru fjölmargar, en smalakofar hafa verið byggðir upp úr sumum þeirra og þær þess vegna orðið ógreinilegri." Sjá uppdrátt í Örnefnaskrá
Ö-Sauðlauksdalur, 52.

**Ba-150:067** *Sönghóll* örnefni
"Nokkuð hár hóll heiman við Hrísmúlann. ... Gamlar og nýjar sagnir eru um, að þarna hafi heyrst söngur, buldur þéttingshátt, og sumir segja allhávær bassasöngur. Þetta var áður fyrr sett í samband við tröllabyggð og hamrabúa ferlega, en ekki við vatnrennsli neðanjarðar."
Ö-Sauðlauksdalur, 52-53.

**Ba-150:068** heimild refagildra
"Eitt sérkennilegasta mannvirkið frá liðnum tíma í Sauðlauksdal eru tvær tófugildrur, er þar eru - önnur í Svínahagagilslautum neðst. Þessi gildra er lítið vönduð að frágangi. Með vír, sem agnið er hengt upp á, er hellum haldið uppi við útganginn úr göngunum, en þær falla báðar fyrir gangopin, ef agnið fer af króknum í turninum" Sjá uppdrátt í Örnefnaskrá
Ö-Sauðlauksdalur, 53-54

**Ba-150:069** heimild refagildra
"Eitt sérkennilegasta mannvirkið frá liðnum tíma í Sauðlauksdal eru tvær tófugildrur, er þar eru ... Tófugildran í Gildruásnum, ofan við Hjallana, heima við túnið í Sauðlauksdal, var miklu eldri og vandlega hlaðin úr völdu grjóti. Þar lá agnið á tveim hellubleðlum upp í turninum. Ef vigt agnsins var létt af bleðlinum, féllu báðar lokurnar niður, svo dýrin lokuðust inni."
Ö-Sauðlauksdalur, 54

**Ba-150:070** *Traðir* garðlag
"Traðirnar. Neðan við hesthúshólinn, efst á gamla túninu, vestanvert við Bæjargilið, eru gömul gerði marghólfuð sundur, og ná þau meðfram gamla túngarðinum, innan við túngarð, allt niður til móts við bæjarhúsin heima í Sauðlaukssdal. Vestari partur þessara mannvirkja er nokkuð óglöggur. ... Traðirnar, þessi smágerði, hafa eflaust verið notaðar til byggræktar og svo síðar til ræktunar rófna og grænmetis. Segja sumir, að séra Björn Halldórsson hafi notað þarna sáðreiti á sínum fyrstu búskaparárum í Sauðlauksdal."

Ö-Sauðlauksdalur, 56.

**Ba-150:071** *Digra-Tobba* varða

"Digra-Tobba, sver og mikil varða á Efri-Steinbrekkunni. Er hún ferhyrnd og nálægt 2 metrar á kant. Hæðin er va. 1 1/2 metri. Þetta er ævafornt mannvirki, og veit enginn tilefni til nafngiftarinnar."

Ö-Sauðlauksdalur, 57.

**Ba-150:072** *Tófugrensvarða* varða

"Tófugrensvarða. Rétt við tófugrenið í mynni Stakkagjárdalsins stendur varða þessi á smábergsholti, ofan við Engjalandamýrina."

Ö-Sauðlauksdalur, 57.

**Ba-150:073** varða landamerki

"Þegar talað var um merki milli Sauðlauksdals og Hvalskers, var sagt; "Mörkin liggja úr Víðivatni beint á móti Þverárósum og í mitt Kjóavatn, og þaðan eins og vötnum hallar beina línu í vörðu uppi yfir Svínhagagilslautum."

Ö-Sauðlauksdalur, 59.

**Ba-150:074** varða landamerki

"Þegar talað var um merki milli Sauðlauksdals og Hvalskers, var sagt ... En sé farin bein stefna eftir Vatnahjallanum að vörðunni, sem var sem næst beint upp af Hlíðargjótunni á Skershlíðinni, og er hún á vatnaskilum."

Ö-Sauðlauksdalur, 59.

**Ba-150:075** varða landamerki

"Þegar talað var um merki milli Sauðlauksdals og Hvalskers, var sagt ... En sé farin bein stefna eftir Vatnahjallanum að vörðunni, sem var sem næst beint upp af Hlíðargjótunni á Skershlíðinni, og er hún á vatnaskilum. Sama er að segja um vörðu nokkru neðar á Múlanum á há-egginni ..."

Ö-Sauðlauksdalur, 59.

**Ba-150:076** heimild vað

"Vöð eru þrjú á Vaðlinum: Uppi við Sauðlauksvatn, um beygjuna við Fitina, þar sem undir Vaðlinum er malarblanda í sandinum, og svo Grjótavað."

Ö-Sauðlauksdalur, 60.

**Ba-150:077** heimild vað

"Vöð eru þrjú á Vaðlinum: Uppi við Sauðlauksvatn, um beygjuna við Fitina, þar sem undir Vaðlinum er malarblanda í sandinum, og svo Grjótavað."

Ö-Sauðlauksdalur, 60.

**Ba-150:078** *Grjótavað* heimild vað

"Vöð eru þrjú á Vaðlinum: Uppi við Sauðlauksvatn, um beygjuna við Fitina, þar sem undir Vaðlinum er malarblanda í sandinum, og svo Grjótavað."

Ö-Sauðlauksdalur, 60.

**Ba-150:079** heimild rétt

"Vínsteinn, stór steinn eða jarðfastur klettur, sem stendur framan undir Hrísmúlanum, ekki langt ofan við Sauðlauksdalsána. ... Framan við steininn var á 18. öld byggð fjárrétt, og er steinninn ein hlið mannvirkisins."

Ö-Sauðlauksdalur, 62.

**Ba-150:080** tóft útihús

"Efst í túni um 100 m suðaustur af kirkjunni í Sauðlauksdal eru þrjár til fjórar samliggjandi tættur, hver við enda annarrar. Tóft. Auðstasta tóftin er stærst, um 8 x 3 m að innanmáli. Hún er hlaðin úr stjóti. Veggirnir eru um 1 m breiðir og allt að 0,8 - 1 m háir. Inngangur er á suðurhlið, aðeinss til hliðar við miðju. Votheysgryfja? Hringlaga tóft. Að innanverðu er hún um 3 m í þvermál. Enginn inngangur er sýnilegur í þessa tóft og hefur þetta sennilega verið súrheys- eða votheysgrifja. Hún er nú svo gróin að ekki er hægt að sjá hvort veggir hennar eru hlaðnir úr grjóti, þó líklegast sé það svo. Dýpt holunnar er um 1 m. Tófrarbrot? Ekki er hægt að greina hvort hér sé um tóft að ræða. Þetta er um 2 m breið geil á milli tóftar 2 og tóftar 4. Hún hækkar inn að miðju þar sem hún nær veggjahæð tóftanna beggja vegna, allt að 1 m á hæð. Kofi, um 3 x 2 m að innanmáli. Hann er hlaðinn úr grjóti og snýr gafli með inngangi fram á hlað. Veggjahæð um 1,1 m. Bárujárnsþak er enn uppistandandi á kofanum. Sperrurnar hafa haft 110 [gráðu] horn og hvíla á staflægjum. Timburþil er á efri hluta gaflanna." ATH kort í skrá GÓ.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 40.

**Ba-150:081** garðlag vörslugarður **Friðlýstar minjar**

"Vörslugarður, hlaðinn þvert yfir dalinn innan og austan við túnin í Sauðlauksdal. Hann er um 300-300 [svo] m austan og

sunnan við kirkjuna. Sagt er að Björn Halldórsson hafi látið hlaða garðinn einhvern tíma á árabilinu 1750-1780. Garðurinn er hlaðinn úr um 0,4 m stórum steinum. Sandur hefur fokið að garðinum og er hann sums staðar orðinn svo gróinn að að ekki sést lengur í steinana. Hann er allt að 1,10 m breiður 0,5 m hár. Hann nær frá Sauðlauksdalsá og upp í miðjar hlíðar beggja vegna dalsins. Samanlögð lengd hans er sennilega um 500-600 m. Kofarústir standa upp að garðinum um 100 m vestur frá ánni."

Friðlýstar minjar. "Vörslugarður frá tíð sr. Björns fyrir framan túnið." Friðl. 05.11.1973. Fornleifaskrá, 35.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 42.

**Ba-150:082** tóft

"Kofarústir standa upp að garðinum [081] um 100 m vestur frá ánni."

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 42.

**Ba-150:083** garðlag traðir

"Traðir lágu frá gamla bæjarstæðinu [001], niður með kirkjugarðinum austanverðum, niður að vatninu. Í dag eru traðirnar horfnar í sand, gróið yfir þær, og sést ekki móta fyrir þeim á yfirborðinu."

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 43.

**Ba-150:084** *móhús* tóft

"Móhús, (eldiviðargeymsla). Tóftin er í sandhólum um 25 m austan við veg, skammt frá afleggjaranum heim að Sauðlauksdal. Þarna var geymdur mór sem tekin var í mýrinni norðaustan og neðan við tóftina. Tóftin er grjóthlaðin, um 3 x 7 m að utanmáli. Hún er full af sandi og vestur- og norðurhliðar eru á kafi í sandi. Veggjabreidd er um 0,7 m og hæð sýnilegra veggja er allt að 1,3 m á austurhlið. Ekki sést móta fyrir inngangi á þeim hliðum sem sýnilegar eru. Sennilega hefur hann verið á norðurgafli." Sjá kort í skrá GÓ.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 44.

**Ba-150:085** tóft fjárhús

"Í hlíðinni um 15 m norðvestan við akurgerðið [020] 34 vel varðveitt fjárhústóft, um 4 x 3 m að innanmáli. Efri hlutinn virðist grafinn nokkuð inn í hlíðina. Inngangur er á suðurgafli. Veggjahæð inn í tóftina er um 1 - 1,1 m, en um 0,6 m að utanverðu. Veggir hafa sigið inn og þak fallið niður í tóftina svo að allerfitt er að átta sig á upphaflegri breidd veggjanna. Við norður-gaflinn er 0,15 m djúp laut, um 2 m í þvermál. Þar hefur sennilega verið heystæði. Um 2 m hæðamunur er á botni fjárhúss og botni heystæðis." sjá kort í skrá GÓ, bls 39.

GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 44.

**Ba-150:086** *Dalli* þjósaga draugur

"Áður en séra Gísli færi í ferð [087] ... er sagt, að hann hafi skipað svo fyrir, að loka bænum vandlega að kvöldinu ... Eftir það mætti enginn opna hann, þó að eitthvað óvenjulegt heyrðist úti. ... á aðfangadagskvöldið í rökkrinu er sagt að smalamaður í Sauðlauksdal hafi heyrt nautsöskur fyrir handan vatnið, en gefið því engan gaum. Seinna um kvöldið, þegar heimamenn eru allir inn komnir, að útiverkum afloknum, er bænum lokað og búizt til jólagleði. ... Heyrist þá ógurlegt nautsöskur úti, og í sömu svifum koma tvö geysimikil högg á stofuþilið ... Þá segir fjósamaðurinn, Halldór Bjarnason: "Það er til skammar að opna ekki fyrir þeim, sem er að berja dyra." Fer hann þá ofan og fram að dyrum og opnar bæjarhurðina, en sér hvorki menn né naut úti né nokkuð óvenjulegt. Ein af dætrum séra Gísla, fer ofan á eftir Halldóri með ljós í hendi, til að lýsa gestinum, sem allir héldu að kominn væri, og aðrar tvær fara líka ofan. En jafnskjótt og Halldór opnar bæinn, detta þær allar niður með froðufalli ... Jafnframt kemur æði á frú Sigríði og börnin öll, sem heima voru ... Eftir nokkra stund hressast sjúklingarnir svo, að þeir gátu sagt frá því, hvað fyrir þá hafði borið. Höfðu allir frá sama að segja, en það var, að undir eins og bærinn var opnaður höfðu börnin þrjú séð svartan hund með hvítan díl í rófunni koma til sín með dinglandi skottið, og samstundir höfðu þau fengið aðsvif. ... [Var séra Gísli látinn vita] Var það döpur heimkoma hjá presti að því sinni, kona hans og börn hálfbrjáluð af hræðslu, en aðrir heimamenn standa uppi ráðalausir. ... Lét hann fólk allt fara í bæinn, lokaði honum, fór einn út á móti sendingunni og var úti mest alla nóttina."

"Eftir nokkurn tíma fer sendingin aftur að gera vart við sig. Ásækir hún konu prests og börn hans, en sjálfum honum gat hún aldrei neitt mein gert." Á endanum voru börn hans flutt af bænum og aðskilin, en Dalli gerðist þó ættarfylgja þeirra og var þeim flestum gjarnt að fá æði.

Vestfirzkar sagnir I, 132-137.

**Ba-150:087** *Dalli* þjóðsaga draugur

"... leggur hann [séra Gísli] af stað heiman frá sér á Þorláksmessu, og var með honum fylgdarmaður sá, er oft hafði verið með honum og hann bar mikið traust til. Þegar þeir eru komnir upp á fjallveginn, sem liggur frá Sauðlauksdal á Rauðasandi, tók fylgdarmaðurinn eftir því að séra Gísli tafðist venju fremur og vildi eins og verða eftir. Loks kemur prestur að máli við förunaut sinn og segir honum að halda einum áfram upp fyrir næstu hæð og bíða sín hinumegin við hana, þar til hann komi

til hans. Sjálfur muni hann dvelja um stund í lægð þessari, og megi hann fyrir engan mun grenslast um hagi sína, þó að biðin verði nokkuð löng. Lofar fylgdarmaðurinn þessu og fór þangað, sem honum var vísað og biður þar langa stund, en prestur kemur ekki. Loks fer honum að leiðast biðin og heldur að eitthvað gangi að presti. Fer hann þá aftur upp á hæðina, til að grenslast eftir honum. Sér hann þá, að séra Gísli er í lautinni, þar sem þeir skildu, og er þar í sviptingum miklum, eins og hann væri að glíma við eitthvað, en þetta "eitthvað" var honum ósýnilegt, því að ekkert sá hann nema Gísla einan. Undir eins og presturinn kemur auga á fylgdarmann sinn og þeir hvor á annan, hættir presturinn látum þessum og dettur allt í dúna logn. Þegar þeir finnast segir séra Gísli, að hann hafi illa gert að brjóta út af boðum sínum; sé þetta hið versta, sem sér hafi verið gert á ævinni. Og þar sem hann hafi eyðilagt gerðir sínar að þessu sinni, muni sér ekki verða auðið að ráða fulla bót á því framar."

Helgi tengir þetta við sögu af draugnum Dalla sem á að hafa verið sendur til Sauðlauksdals á tíma Gísla Ólafssonar af Benedikt Gabríel. Þeim á að hafa lent saman á Bíldudal og rifist um verð á selskinnum, og hótaði Benedikt Gabríel að ef Gísli borgaði honum ekki uppsett verð fyrir skinnin gæti eitthvað óþægilegt farið að koma fyrir á heimili hans.

Vestfirzkar sagnir I, 131-132.

**Ba-150:088** garðlag túngarður
Sr. Björn Halldórsson lét byggja mikinn túngarð í Sauðlauksdal og mun enn sjást fyrir honum (?)
Ö-Sauðlauksdalur

**Ba-150:089** heimild legstaður
1821: "N° 1. Hér í Saudlauksdal, tiáist nordanntil vid túnid, á Sandhóli ad vera Fornmanna haugur, ecki miög stór, er audsiáanlegt mannaverk, og en væntanlegt ad verdi, med tíma, kannadur, hvar umm þá skal giörast upplysing, verdi nockud þar I þeim sama ad finna."
FF, 406

**Ba-150:090** *Dalsheiði* heimild leið
1840: "[Alfaraleið] Frá Sauðlauksdal yfir Dalsheiði að Saurbæ ..." 1942: "Vegur er frá Sauðlauksdal að Bæ á Rauðasandi. Er sú leið kölluð Dalsfjall. Er það allgrösugt."
SSV, 213; Bstbók, 102.

**Ba-150:091** tóft
1942: "Sér enn fyrir rústum upp á 5 m. háum landbrotahólma nálægt Ranglát." Gæti verið sama og 037, 043 eða 048.
Bstbók, 102.

**Ba-150:092** *Dalverpi/Brúðgumaskarð/Prestavegur* heimild leið
1942: "Allur mun Sauðlauksdalurinn vera 5-6 km. á lengd. Úr botni hans liggur daldrag gegn um fjöllin, alla leið vestur í Keflavík. Heitir það Dalverpi. Var þar áður vegur og mun Eggert Ólafsson hafa látið reiða búslóð sína þessa leið til skips, er hann fluttust úr Sauðlauksdal." 1959: "Vestur frá dalnum rekur Dalverpi við, og er um það leið til Keflavíkur og Útvíkna. Liggur leiðin til útkirkjunnar í Breiðavík um Brúðgumaskarð, og er sú leið stundum kölluð Prestavegur. Lét séra Magnús Gíslason ryðja hana, og fóru Sauðlauksdalsprestar hanaum skeið á útkirkjuna."
Bstbók, 102; ÁFÍ 1959, 126.

## Ba-151 Dalshús (Neðri)

Hjáleiga frá Sauðlauksdal, 5 hdr 1703, í eyði 1805, byggðist á ný fyrir 1847 en fór endanlega í eyði um 1860.

**Ba-151:001** *Neðri-Dalshús* tóft býli
1942: "Hét ... annað býlið Dalshús ... stóð bærinn frammi á túninu, þar sem fjárhús eru nú. ... Aska og bein finnast við gröft á báðum þessum stöðum. Dalshús munu hafa verið byggð öðru hverju fram yfir 1880."

"Neðri-Dalshús. Þau voru þar, sem nú eru fjárhús og hlaða, frammi á túninu, neðan við veginn. Hlaðan má heita eins og baðstofan var í Dalshúsum áður fyrr. Þessi hjáleiga var í byggð fram til 1860. Síðast bóndi þar var séra Gísli Ólafsson, þá uppgjafaprestur í Sauðlauksdal." "Eftir að séra Gísli lét af prestskap 1852, byggði hann sér bæ í Dalshúsum í Sauðlauksdal og hafði öll afnot af þeirri hjáleigu. Þar dó hann 31. marz 1861."

"Útihús, þar sem talið er að áður hafi staðið Neðri-Dalshús, sem var hjábýli hjá Sauðlauksdal. Tóttin er á lágum hól, neðarlega í túninu, um 200 m suður af kirkjunni í Sauðlauksdal. Tóttin er um 5 x 3 m að innanmáli. Hún er hlaðinn úr grjóti. Veggirnir eru um 1 m breiðir og allt að 0,8 m háir. Þeir eru nú grónir að ofan og utan. Inngangur hefur verið á

miðri norður langhlið. Gluggi virðist hafa verið á vesturgafli, um 0,6 m breiður. Tóftin hefur hugsanlega staðið á eldri tóftum sem hafa verið nokkru stærri en núverandi tóft. Grjóthrúa er við austurgaflinn. Steinaröð um 0,3 m breið og 0,2-0,3 m há liggur niður frá tóftinni um 20-30 m til suðvesturs." Sjá kort í skrá GÓ.

JÁM VI, 327; Bstbók, 102; Ö-Sauðlauksdalur, 9. GÓ: Fornleifaskr. í Rauðasandshr., 40. Jón Kr Ísfeld: "Prestatal í Barðastrandarprófastdæmi" ÁBS 1959-1967, 44.

## Ba-152 Sker (Hvalsker)

12 hdr. 1703. Sauðlauksdalskirkjueign frá 16. öld. Fyrst getið um 1195 - Sturl, 890.

16.10.1479 lofa Jón Ólafsson og Hallfríður Þórðardóttir að láta Gísla Filippusson fá 1/8 af Hvalskeri ef önnur jarðakaup þeirra riftust - DI VI, 229. 1576 er H. 12 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. Brandarstaðir var grasbýli byggt laust fyrir 1900 og lagðist niður 1930. Karlsstaðir eyðibýli.

1920: 3 ha. garðar 760 m2, 1/2 sléttað. 1840: "... á þessum [bæ] er bezti útigangur og [fjörujörð] og ekki [undirorpin] neinum áföllum." SSV, 211. 1942: "Innanvert við Sandoddann er breið vík, sem heitir Skersbugur. Er þar mikið útfiri. Kúfisktekja er þar mikil. ... Komið hefir það fyrir, að fjórir menn hafi hlaðið fjögurra manna far á einni fjöru og er það mikill kúfiskafli. Síðustu árin hefir Bugurinn ekkert notaður til beitutekju, meðfram vegna þess, að beitunotkun hefir minnkað og smábátum fækkað. / Inn með Bugnum er lág hlíð, með klettabrúnum, en grösug neðan til. Eru þar slægjur nokkurar og allmiklir hagar. ... Jörð þessi er ekki stór, en notagóð og vel í sveit sett. Slægjur eru þar fremur rýrar, en tún dágott og sauðland ágætt sumar og vetur. Dálítil fjörubeit er þar. Nokkur hlunnindi voru að beitusölu í Bugnum á meðan hún var notuð." Bstbók, 103.

**Ba-152:001** *Hvalsker* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-152:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-152:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-152:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-152:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-152:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-152:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-152:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-152:009** heimild bænhús
"Þar var bænhús um tíma ..."
Hvalsker í Patreksfirði (VB) - Bænhús.
1190: Á þeim bæ ... var bænahús; þat lá undir þá kirkju er á Rauðasandi var (Saurbæ). Bænahúsið féll ofan, en bóndi vildi ekki gera upp og ekki greiða 6 aura til graftarkirkju í Saurbæ; Rafnssaga, Bsk I, 646. Mögulega var þetta bænhús ekki heima á bænum sjálfum heldur út undir Sandodda og hefur þá verið sama og Ba-150:052
Ö-Hvalsker, 1.
**Ba-152:010** heimild naust
"Líklega hefur verið naust á Múlaflötum í svonefndri Bugkverk."
Ö-Hvalsker, 1.
**Ba-152:011** *Stekkur* tóft stekkur
"... utan við túnið gegnur klettur fram , sem heitir Skershlein. Þar utar er Ytrihlein, og milli þeirra er nafnlaus vogur. Út og upp af Ytrihlein er gamalt stekkjarbrot, sem heitir Stekkur."
Ö-Hvalsker, 2.
**Ba-152:012** *Brandarstaðir* heimild býli

1942: "Lítið grasbýli var á Hvalskeri, var kallað Brandarstaðir; var byggt laust fyrir síðustu aldamót og lagðist niður 1930." "Beint fram af bæ er Bæjarhlein. Kemur hún upp um stórstraumsfjöru. Höldum svo áfram inn með sjónum. Upp og inn af hleininni er gömul hjáleiga, sem hét Brandsstaðir."

Bstbók, 103; Ö-Hvalsker, 2.

**Ba-152:013** tóft

"Þegar í er komið inn fyrir Skersá, er þar strax við ána Hreggnes. Nokkuð innar heitir Innra-Hreggnes. Þá kemur þar niður niður lítil á, sem heitir Litladalsá. Við hana, niður við sjó, mótar fyrir rústum ..."

Ö-Hvalsker, 2-3.

**Ba-152:014** *Móholt* heimild mógrafir

"Inn af Litladalsbotni er fúasund, sem liggur upp að vegi, og er það nefnt Vonzka. Það liggur upp að Langholti að sunnan og Móholti að vestanverðu. Við Móholt var tekinn mór áður fyrr og þótti sérstaklega góður."

Ö-Hvalsker, 3.

**Ba-152:015** *Karlstún* tóft býli

1942: "Karlsstaðir er afarfornt eyðibýli innan við túnið á Hvalskeri." "Karlstún er á móti Stokkunum. Munnmæli eru um, að þar hafi verið býli og búið þar einsetukarl. Þar eru rústir."

Bstbók, 103; Ö-Hvalsker viðb. og ath, 1.

**Ba-152:016** *Ytrigarður* garðlag varnargarður

"Ytrigarður liggu rniður Hlíðina, gamall varnargarður, rétt fyrir utan kaupfélagið."

Ö-Hvalsker viðb. og ath, 2.

**Ba-152:017** þjóðsaga skrímsli

"... menn [heyra] 9, sem voru inni í bænum á Hvalskeri, næsta bæ fyrir innan Sauðlauksdal, nautsöskur fyrir neðan túnið. Er þá farið út til að athuga þetta og sést þá að einhver skepna, að útliti eins og naut, er að hlaupa út eftir fjörunni, áleiðis til Sauðlauksdals."

Helgi tengir þetta við sögu af draugnum Dalla sem á að hafa verið sendur til Sauðlauksdals á tíma Gísla Ólafssonar af Benedikt Gabríel. Þeim á að hafa lent saman á Bíldudal og rifist um verð á selskinnum, og hótaði Benedikt Gabríel að ef Gísli borgaði honum ekki uppsett verð fyrir skinninn gæti eitthvað óþægilegt farið að koma fyrir á heimili hans.

Vestfirzkar sagnir I, 128-131.

**Ba-152:018** *Dalsheiði* heimild leið

1840: "[Alfaraleið er] ... frá Hvalskeri að Haukabergi á Barðaströnd, í austur yfir Hrossagötuskarð, sem og í suður yfir Dalsheiði að Saurbæ."

SSV, 213

## Ba-153 Skápadalur (Skyttudalur)

12 hdr. 1703 með eyðihjáleigunni Koti. Bændaeign. Einnig eru þar rústir eyðibýlisins Konálsstaða eða Konungsstaða.

9.1.1581 selur Björn Konráðsson Magnúsi Jónssyni S. fyrir 12 hdr. - Jarðabréf, 107. Kot byggðist á ný á seinni hl. 19. aldar og er nú sérstök eign.

1920: 1,8 ha. garðar 280 m2, 1/5 sléttað. 1840: "... á þessum [bæ] er bezti útigangur og [fjörujörð] og ekki [undirorpin] neinum áföllum." SSV, 211. 1942: "... Kot, er ... lítið býli en notagott fyrir sauðfé. Tún er þar lítið, og útslægjur reytingslegar, en vetrarbeit góð og fjara. ... Landkostir eru svipaðir í Skápadal og á Koti; en landrými miklu meira. ... Á seinni árum, og þó einkanlega á styrjaldarárunum, hefir fiskur oft gengið alla leið inn í Ósfjörð og aflast þar til góðra muna frá nálægum bæjum, einkum Vestur-Botni og Skápadal, þótt varla hafi orðið fiskvart utar í firðinum, enda hafa búið þar áhuga- og alamenn." Bstbók, 103-104.

**Ba-153:001** *Skápadalur* bæjarhóll bústaður

1703: "Bærinn hefur fluttur verið, sökum vatnaáhlaups úr gili þar nálægu, og er það bæjartún af skriðu fordjarfað; þó enn nú að nokkru gagni." sjá 007

Túnakort 1920; JÁM VI, 329.

**Ba-153:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-153:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-153:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-153:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-153:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-153:007** *Skyttudalur* tóft býli

"Bærinn hefur fluttur verið, sökum vatnaáhlaups úr gili þar nálægu, og er það bæjartún af skriðu fordjarfað; þó enn nú að nokkru gagni." "Framan við bæinn, þegar komið er inn í dalinn, er Dagmálgil. ... Þar var bærinn áður en skriða eyðilagð hann. Nokkrar tættur sjást þar enn."

JÁM VI, 329; Ö-Skápadalur, 5.

**Ba-153:008** *Kot* heimild býli

1703: "Í Skápadals landareign, milli Skápadals og Skers, er hjáleiga. Kallast Kot. Það hefur bygt verið inn til næstu fardaga. Var landskuld þar 2 1/2 vætt fyrir 16 árum, nýlegast 3 vættir. Nú er það í eyði. ... Þetta býli er eldra en í nokkurs manns minni."

1840: "Eyðijarðir eru frá fornöld margar, nfl. ... Kot [niðurfallið] í harðindunum 1784-1785." 1942: "Frm undir miðja 19. öld voru þar beitarhús frá Skápadal. Síðar var Kot keypt undan aðaljörðinni og þá metið þriðjungur hennar." Túnakort af Koti er til 1920: 1 ha, garðar 260 m2, 1/2 sléttað. Á kortinu er bæjarhóll og sennilega eitt útihús.

JÁM VI, 329; SSV, 213; Bstbók, 103.

**Ba-153:009** *Konálsstaðir/Konungsstaðir* heimild býli

1703: "Á milli Skápadals og Kots er bæjarstæði og túngarða að sjá. Hefur túnið temmilega stórt verið. Þetta bæjarstæði kalla menn almennilega Konálsstade (aðrir kalla það Konungsstade). Sumir ætla það kóngseign verið hafa fyrir löngu. Engir vita þó neinar bevísíngar þar til, og ætla sumir þessi sögn muni af Konungsstaðanafni sinn uppruna fengið hafa. Þetta bæjarstæði hefur verið í eyði meir en í 100 ár, og so lengi eður lengur fylgt Skápadal. Ætla menn að Kot muni uppbygt hafa verið í Konálsstaða landareign. Fabulera menn að á Konálsstöðum hafi fólk horfið (burt heillast), og því hafi jörðin eyðilagst. Kot er lítilfjörlegt kot, og sýnist sem Konálsstaðir muni álíka að gæðum verið hafa, nema hvað túnið hefur þar stærra verið. Nú er túnið komið í hrjóstur og lýng, og leirholt, so óhægt mundi aftur að rækta. So absorberuður og þessir Konálsstaðir Kots byggíng, ef þeir skyldi uppbyggjast, so alt lenti við sama." 1840: "Eyðijarðir eru frá fornöld margar, nfl. Konungsstaðir, ... niðurfallnir í Svartadauða eður circa 1348-1349."

1942: "Í landi jarðar þessarar sér fyrir fornu eyðibýli, sem kallað er Konungsstaðir. Óvíst er, hvort síra Björn Halldórsson hefir haft kot þetta í huga, er hann samdi Atla. En óhugsandi er, að mögulegt hafi verið að hafa þann búskap á koti þessu, sem hann ætlar Atla að hafa á Konungsstöðum, því að landið er gæðasnautt." "Beint niður af því [018] eru Konungsstaðir eða Konálsstaðir."

JÁM VI, 329; SSV, 213; Bstbók, 103-104; Ö-Skápadalur.

**Ba-153:010** *Kleifar* vegur leið

1942: "Upp frá botni Ósafjarðar liggur brattur vegur upp á Kleifaheiði, er kallast Kleifar. Á löngum kafla liggur gatan upp með hrikalegu gljúfragili, sem kallað er Bárðargil. Áður fyrr var gatan alltæpt á gljúfurbarminum og var þá oft ófær á vetrum, sökum harðfennis. Síðar var gatan færð. Vegur þessi yfir Kleifaheiði er sæmilega góður og vel ruddur. Er þetta póstleið frá Barðaströnd til Patreksfjarðar." "Meðfram Bárðargili lá vegurinn upp á Kleifarheiði upp Kleifar. Kleifarnar, sem Kleifaheiðarvegur lá um, eru fjórar að sögn Kristins í Botni,Neðstakleif, Miðkleif, Efstakleif og loks Silfurkleif. Sagnir eru til um, að kostað hafi 40 ríkisdali að gera hestaveg um Silfurkleif, og að kleifin dragi nafn af því, að vinnan hafi verið borguð í silfri. Ari Gíslason getur þess, að þetta hafi verið fyrir 50 árum. Önnur sögn er til um uppruna nafnsins. ... í þingferðum sýslumanns nokkurs hafi koffort hans rekizt hér í bergið og brotnað, svo silfurpeningar hrundu niður á götuna"

Bstbók, 104; Ö-Skápadalur, 2-3.

**Ba-153:011** *Seljagil* örnefni sel

"Nokkru utar en Ósá rennur í fjarðarbotninn kemur niður gil, sem heitir Seljagil. Aðeins eitt Seljagil er í Skápadalslandi."

Ö-Skápadalur, 3.

**Ba-153:012** heimild kolagröf

"Nokkru utar er Ósá rennur í fjarðarbotninn kemur niður gil, sem heitir Seljagil. Aðeins eitt Seljagil er í Skápadalslandi. Það er á milli þess og Bárðargils, sem vegurinn liggur nú í sveigum upp Kleifaheiði. Á stríðsárunum fyrri var grafið eftir kolum utan til við neðsta fossinn í Seljagilinu. Þess sjást merki enn ..."

Ö-Skápadalur, 3.

**Ba-153:013** garðlag herslugarður

"Nokkuð fyrir utan Seljadalseyrar [neðan Seljagils] er önnur eyri viðsjóinn, sem heitir Skeiðseyri. ... Barðstrendingar, sem réru í Kollsvík, fluttu afla sinn inn á Skeiðseyri og höfðu þar steinbítsgarða. Sést fyrir þeim enn."

Ö-Skápadalur, 4.

**Ba-153:014** *Fornistekkur* tóft stekkur

"Hér utar koma þrjú gil niður hlíðina. Þau eru Innstagil, sem nefnt er Skápadalsgil á korti, Miðgil, og Yztagil, nefnt Merkjagil frá Koti. Milli síðast töldu giljanna ofan vegar er Fornistekkur. Svolítill tangi er þar fram, og eru stekkjartóftir það uppi á bökkunum, Í skrá H.G segir, að Fornistekkur sé á bökkunum móti bænum."

Ö-Skápadalur, 6.

**Ba-153:015** örnefni stekkur

"Í skrá Helga Guðmundssonar eru enn nokkur nöfn, sem ekki hefur tekizt að staðsetja; Stekkur ..."

Ö-Skápadalur, 7.

**Ba-153:016** tóft skotbyrgi

"Innan við bæinn [Kot 008] heima er tangi, er gengur fram í sjó og heitir Selatangi. Upp af honum er mýri, og í henni Tófuhústóftir." Í landi Kots

Ö-Kot, 1.

**Ba-153:017** *Nónvörður* varða eyktamark

"... á hæð þeirri, sem nefnd er Kotshjallur. Þessi hæð er 171 meter, og á henni eru Nónvörður. Þetta er upp af Koti."

Ö-Kot, 1.

**Ba-153:018** *Stekkjarhvolf* örnefni stekkur

"Innst í hallanum inn við Vegagilið ... er Stekkjarhvolf. Það er allmikið hvolf.

"Ö-Kot, 1.

**Ba-153:019** *Kotseljamýri* tóft sel

"Kotseljamýri er fram af Vötnum í sömu hæð. Tóttir eru við röndina á Kotseljamýri fyrir neðan ána."

Ö-Kot, ath,

**Ba-153:020** *Hrossagötuskarð* heimild leið

1840: "[Alfaraleið er] ... frá Hvalskeri að Haukabergi á Barðaströnd, í austur yfir Hrossagötuskarð." "1942: "Skammt vestan við Skápadal er fáfarin leið, sem gangandi menn geta farið yfir fjallið, inn á Barðaströnd. Heitir leið þessi Hrossagötuskarð."

SSV, 213; Bstbók, 104.

## Ba-154 Botn (Vesturbotn)

24 hdr. 1703. Bændaeign. Bænhús var þar. Hjáleigan Hlaðseyri 4 hdr. af heimajörðinni.

1446 er V. 24 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 6 kúgildi - DI IV, 691. 7.8.1473 selur Gísli Filippusson Þórði Sigurðssyni B. fyrir 24 hdr. - DI V, 712. 16.10.1479 fá Jón Ólafsson og Hallfríður Þórðardóttir Gísla Filippussyni jörðina Botn fyrir ævinlega próventu - DI VI, 229. 22.8.1489 hefur Filippus Sigurðsson goldið Dýrfinnu Gísladóttur sonardóttur sinni 10 hdr. sem er skógarparturinn í Botni "med þessvm umMerkium. ä millum arnarstapa är ok til lækiar þess er geingur ofan af fialle med gotum þeim sem liggia upp ä fiall fyrir ofan botna ok selialækur er kalladur ok uppä fiall svo langt sem skogur vex ok ofan til siofvar. sem greindum parti hefur at fornu fylgt ok nyiu. ok saudlauksdalur atti adur en biorn bondi þorleifsson seldi fra." DI VI, 678. 17.1.1581 selur Jón Konráðsson Magnúsi Jónssyni hálfan Botn fyrir 12 hdr. - Jarðabréf, 107. 7.11.1590 selur Jón Konráðssyni Magnúsi Jónssyni 12 hdr. í Botni - Jarðabréf, 113-14. 3.5.1703 er B. með hjáleigunni 24 hdr jörð meðal eigna Páls Björnssonar í Selárdal, landsk alls 1 hdr, 5 kúgildi - JÁM XIII, 204. Sauðlauksdalskirkja átti skógarítak í Botni. 1/6 jarðarinnar fylgdi Hlaðseyri um skeið frá 1880 en var kominn undir Botn á ný 1942.

1920: 3,9 ha. garðar 778, 1/6 sléttað. 1840: "... á þessum [bæ] er bezti útigangur og [fjörujörð] og ekki [undirorpin] neinum áföllum." SSV, 211. 1942: "Landrými er þar mikið og landkostir ágætir. Er jörðin talin ein hin mesta flutningsjörð. Þar er nú tvíbýli. Fjörubeit er þar nokkur og vetrarbeit ágæt. Kvistlendi mikið og skógarkjörr nokkur. Fyrrum var þar skógur allmikill ... er nú mjög genginn til rýrnunar fyrir ágang "mannvargs", en mun nú að mestu friðaður. / Á seinni árum, og þó einkanlega á styrjaldarárunum, hefir fiskur oft gengið alla leið inn í Ósfjörð og aflast þar til góðra muna frá nálægum bæjum, einkum Vestur-Botni og Skápadal, þótt varla hafi orðið fiskvart utar í firðinum, enda hafa búið þar áhuga- og aflamenn." Bstbók, 104. 1959: "Hér var áður nokkurt skóglendi, en skógunum var eytt, og blés landið þá, og eru melar

nú mjög áberandi, en lyng og kjarr er þó í sókn á nýjan leik." ÁFÍ 1959, 128.

**Ba-154:001** *Botn* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-154:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-154:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-154:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-154:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-154:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-154:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-154:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-154:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-154:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-154:011** heimild bænhús
"Hefur ante reformationem bænhús verið, en fyrir lángri æfi affallið."
JÁM VI, 330.
**Ba-154:012** heimild útilegumannabústaður
"Austur af Skersskógi eru lægðir og klettahjallar, vaxnir svolitlu grasi, og hetia Suðurormur. Þeir eru við 412 m hæð á korti. Þarna er hrjóstrugt land. Þarna á Ósáin upptök sín að nokkru. Með Suðurorminum er djúpt gil, sem ekki heitir neitt. Sögusögn var til um, að eitt sinn hefði verið sauðaþjófur í Botni, og hefði hann átt byrgi í þessum gjótum. Átti að sjást fyrir því lengi. Ekki hefur það fundizt þarátt fyrir leit. Þjófurinn hafði heitir Jón ..."
Ö-Vesturbotn, 2-3.
**Ba-154:013** *Breiðavað* heimild vað
"Á Ósá er vað um fjöru, sem nefnt er Breiðavað. Ofar, nær fossinum, var annað vað. Var kallað "að fara Kvíslar"; þegar það var farið."
Ö-Vesturbotn, 5.
**Ba-154:014** *Kvíslar* heimild vað
"Á Ósá er vað um fjöru, sem nefnt er Breiðavað. Ofar, nær fossinum, var annað vað. Var kallað "að fara Kvíslar"; þegar það var farið."
Ö-Vesturbotn, 5.
**Ba-154:015** *Svínshóll* tóft
"Fyrir ofan Ósárfoss, upp með Brunabrekku að heimanverðu, er hóll, sem heitir Svínshóll. Á hólnum mótar fyrir einhverjum tóftum, sem segir í skrá Helga, að séu eftir gerði, sem svín hafði verið höfð í. Enginn veit, hvort það hefur við rök að styðjast eða er ágizkun ein."
Ö-Vesturbotn, 5.
**Ba-154:016** *Stöðull* örnefni kvíar
"Niður partinn, heima við Svínshól [015], rennur Silungalækur ... Ofan vð Partinn er Stöðull, dæld í túninu á Brunabrekku. Í skrá Ara segir, að í Stöðlinum sé grasi vaxinn Bolli, en Ólafía kannast ekki við hann. Heiman við Stöðul er Stöðlabrekka, há grasbrekka, sem er aðskilin frá Stöðli af djúpri kvos."
Ö-Vesturbotn, 5.
**Ba-154:017** heimild leið
1840: "[Alfaraleið er] Frá Vestur-Botni í Tálknafjörð, í hánorður, ..." "Um Aurbrekkudalina liggur slóðinn að Norðurbotni í Tálknafirði."

1873: "... frá Höfðadal [liggur leið] yfir Botnsheiði að Botni í Patreskfirði ..."
SSV, 213, 247; Ö-Vesturbotn, 7.

**Ba-154:018** heimild mógrafir
"Milli Bollans og Aurbrekku [neðan við Aurbrekkudalina] ofan við Bollann, er Bollabrekka. Mógrafir voru í Ytri-Bolla."
Ö-Vesturbotn, 7.

**Ba-154:019** Snatavarða varða
"Fyrir heiman Strengbergslágar og ofan Lækjakinn er Lágahvarf. Það er brekka, hvarf frá lautunum. Heim af Lágahvarfi er hnjúkur, sem heitir Hnýtla. Neðst í henni er Hnýtluklettur, en efst á henni er Snatavarða. Þarna var áður mikill skógur. ... Nú getur ekki heitið að sjáist þarna hrísla."
Ö-Vesturbotn, 8.

**Ba-154:020** *Stekkjareyri* örnefni stekkur
"Fyrir neðan Lágahvarf [019] og heima við Hrófá er Lækjarkinn, stundum kölluð Lækir. Hún nær niður að Hrófáreyri. Lítið er eftir af eyrinni nú. Fyrir ofan og heiman Lækina er Leiti, og Laut er fyrir heiman Leiti. Utan við Leiti taka við Bakkar með sjónum út að Stekkjareyri við Botnsá. Stekkjareyri var líka kölluð Seleyri áður."
Ö-Vesturbotn, 8.

**Ba-154:021** heimild lending
"Undir Bökkum [020] er kallað Innstanef, örlítill tangi. Efsta holtið á Bökkunum heitir Strákamýrarholt, og fyrir ofan það er Stráksmýri. Sjónarholt er utan við Strákamýrarholt. Þar var áður lending á Stekkjareyri [020]."
Ö-Vesturbotn, 8.

**Ba-154:022** *Strandarvað* heimild vað
"Botnsá rennur utan við Sjónarholt og í gegnum Stekkjareyri. Þar var á henni vað, Strandarvað. Þar lá vegurinn. Áður lá hann um mitt tún í Botni, og sást móta fyrir tröðum um allt tún."
Ö-Vesturbotn, 8.

**Ba-154:023** vegur traðir
"Botnsá rennur utan við Sjónarholt og í gegnum Stekkjareyri. Þar var á henni vað, Strandarvað. Það lávegurinn. Áður lá hann um mitt trún í Botni, og sást móta fyrir tröðum um allt tún."
Ö-Vesturbotn, 8.

**Ba-154:024** *Hesthúshóll* örnefni hesthús
"Gegnum túnið rennur Bæjarlækurinn, sem kemur úr Krosslæk ... Fyrir innan hann er ofar Hesthústún eða Hesthúshóll ..."
Ö-Vesturbotn, 9.

**Ba-154:025** *Lambhústún* örnefni lambhús
"Gegnum túnið rennur Bæjarlækurinn, sem kemur úr Krosslæk ... Fyrir innan hann er ofar Hesthústún eða Hesthúshóll, og neðar er Lambhústún."
Ö-Vesturbotn, 9.

**Ba-154:026** heimild kvíar
"Fyrir utan tún út að Botnsá heita Móar. Þar var nátthagi. Í honum voru færikvíar, þar sem ær voru mjólkaðar. Fráfærur voru síðast í Botni 1915."
Ö-Vesturbotn, 9.

**Ba-154:027** *Höfðamýri* heimild mógrafir
"Þá er eftir svæðið frá Botnsá og út að Seljadalsá, sem nú er ævinlega kölluð Hlaðseyrará. Er haldið út með sjó. Þegar komið er út fyrir Botná rís upp allmikil hæð, sem heitir Höfði. Ofan við Höfðan er mýrarsvæði, sem nefnt er Höfðamýri. ... Í Höfðamýri voru 8-9 stungur af mó þar sem dýpst var, en djúpt var niður á hann. Frostaveturinn 1918 var mikið til af mó, og kom fólk frá Parteksfirði til að fá mó og allt gekk upp, sem til var."
Ö-Vesturbotn, 9-10.

**Ba-154:028** heimild rétt
"Norðan í Höfðanum [027] er skilarétt."
Ö-Vesturbotn, 10.

**Ba-154:029** heimild stekkur
"Þrjú nes ganga fram af Höfðanum [027], og heita þau talið innan frá; Innsta-Höfðanes eða Innsta-Nes. Á því var stekkur, sem var alveg gróin upp, þegar Ólafía kom að Botni."
Ö-Vesturbotn, 10.

**Ba-154:030** *Staðarhóll* tóft

"Yzt er Yzta-Höfðanes [029] eða Staðarnes. Öll nesin eru með klettum. Fjaran og landið upp af henni fyrir utan yzta nesið er kallað Stöð. Þar upp er er grasi gróinn hóll sem tóftum, sem heitir Staðarhóll."

Ö-Vesturbotn, 10.

**Ba-154:031** *Helguþúfa* þjóðsaga

"Fyrir utan Stöð [030] er holt upp frá sjónum, sem heitir Holt. Þá er langur tangi eða hleinar fram í sjó, sem heitir Langitangi. Beint upp af Langatanga er Helguþúfa, strýtumynduð og klettur að framan. Engin veit, af hverju nafnið er dregið. Munnmæli eru um, að göng eigi að vera upp í Helguþúfu úr fjörunni. Sagt er, að á henni eigi að vera þrír krossar sprungnir í grasið, en þúfan er algróin grasi að ofan. Helguþúfa er mjög einkennilegur staður."

Ö-Vesturbotn, 10.

**Ba-154:032** heimild sel

"Þetta er alllangur dalur [Seljadalur nú kallaður Hlaðeyrardalur] hér inn í fjallið. Dalurinn tilheyrði Vesturbotni áður, og þar var selið þaðan. Síðan náði hreppstjórinn á Hlaðseyri þessu landi."

Ö-Vesturbotn, 11.

**Ba-154:033** *Miðaftansvarða* varða eyktamark

"Fyrir ofan Höfðamýrina [027] ... eru svonefndir Teigar. Þetta er grassvæði austan í Hálsinum,en lítið gras er þar. ... Teigarnir skiptast í þrennt: Grímsteingur er næstur ánni og liggur alveg að gilinu. Síðan er Mið-Teigur og Yzti-Teigur. ... Fyrir utan Yzta-Teig er hnúkur með vörðu á, sem heitir Miðaftaansvarða og var eyktamark frá Botni. Hún er á höggi eða hvarfi frá bæ séð."

Ö-Vesturbotn, 11.

**Ba-154:034** *Gálgasteinar* örnefni

"Fyrir utan hana [vörðuna 033] kemur hlíð, sem heitir Lambahlíð. ... Í Lambahlíð eru tveir stórir steinar, sem eru eins og klofinn steinn, sem heita Gálgasteinar."

Ö-Vesturbotn, 11.

**Ba-154:035** *Guðnýjartóft* heimild

"Þar var Guðnýjartóft, mjög gömul og gróin. Þar liggur nú vegurinn heim túnið."

Ö-Vesturbotn ath, 2.

**Ba-154:036** þjóðsaga

"... á Þorláksmessu er þess getið, að sauðamaður frá Botni í Patreksfirði hafi staðið hjá fé sínuá svo kölluðum Bruna, sem er upp og norður af botni Patreksfjarðar. Sá hann þá eldhnött, eins stóran og tungl í fyllingu, koma eitthvað norðan af fjalli. Kom hnötturinn veltandi ofan Bruna og hélt alla leið til sjávar. Þar beygir hann, fer fyrir botninn á firðinum og síðan út alla Skápadalshlíð, eins langt og sauðamaður gat séð. Alltaf valt hann áfram og fór hratt yfir. Heimamenn í Botni, sem voru við bæinn, sáu líka þennan einkennilega hnött fara út hlíðina hinu megin við fjörðinn."

Helgi tengir þetta við sögu af draugnum Dalla sem á að hafa verið sendur til Sauðlauksdals á tíma Gísla Ólafssonar af Benedikt Gabríel. Þeim á að hafa lent saman á Bíldudal og rifist um verð á selskinnum, og hótaði Benedikt Gabríel að ef Gísli borgaði honum ekki uppsett verð fyrir skinninn gæti eitthvað óþægilegt farið að koma fyrir á heimili hans.

Vestfirzkar sagnir I, 128-130.

**Ba-154:037** *Hrófá* örnefni naust

"Fyrir neðan Lágahvarf [019] og heima við Hrófá er Lækjarkinn, stundum kölluð Lækir. Hún nær niður að Hrófáreyri." sbr. 021

Ö-Vesturbotn, 8

**Ba-154:038** *Kleifaheiði* heimild leið

1840: "[Alfaraleið er] Frá Vestur-Botni í Tálknafjörð, í hánorður, og frá sama bæ í Patreksfirði, í hásuður inn á Barðaströnd að Haukabergi."

SSV, 213.

## Ba-155 Hlaðseyri

4 hdr 1703. Hjáleiga frá Botni. Seinna talin lögbýli í bændaeign, 6 hdr. 1847. Seljadalur heyrði undir Hlaðseyri frá 1880 og fram undir 1940.

1920: 1,6 ha, garðar 528 m2, 3/8 sléttað. 1840: "... á þessum [bæ] er bezti útigangur og [fjörujörð] og ekki [undirorpin] neinum áföllum." SSV, 211. 1942: "... lítil jörð en einkar hæg og notagóð." Bstbók, 105.

**Ba-155:001** *Hlaðseyri* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-155:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-155:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-155:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-155:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-155:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-155:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-155:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-155:009** tóft sel
"Að austanverðu á merkjum móti Vesturbotni er á sú, sem heitir Seljadalsá og kemur eftir dal þeim, sem Seljadalur heitir. ... Í miðjum Seljadal eru fallegar flatir, Seljaflatir, og þar eru tættur eftir Sel." Þetta mun hafa verið sel frá Botni.
Ö-Hlaðseyri, 1.
**Ba-155:010** varða
"Fram af bænum er lágur háls,sem heitir Hallur. Þar út af eru grasgeirar, sem heita Seilar. Hærra og ofar eru Hjallar. Efstur þeirra er langur og einkennilegur hjalli, Vörðuhjalli. Á honum er ævaforn varða."
Ö-Hlaðseyri, 1.
**Ba-155:011** heimild mógrafir
"Mótaka var fram yfir aldamót í svokölluðum mógröfum í þúfnafláka nokkuð í suður frá Hnúkalautum neðan við Einstakaklett, eða því sem næst í vestur frá honum. Þarna var fremur þunnt mólag."
Ö-Hlaðseyri, spurningar nr. 5.
**Ba-155:012** heimild stekkur
"Stekkur var á Hlaðseyri í Hjalli norðanverðum í lítilli hvos sem þar er. Nú liggur þjóðvegurinn ca. 50 m. frá stekknum sem enn sét vel. Mun síðast hafa verið fært frá 1910-1915."
Ö-Hlaðseyri, spurningar nr. 5.

## Ba-156 Raknadalur

6 hdr. 1703. Bændaeign. Kot, sem byggt hafi verið á selstöðu Raknadals var farið í eyði 1703.

2.12.1569 selur Torfi Andrésson, með samþykki móður sinnar Guðrúnar Björnsdóttur, Eggerti Hannessyni R. - DI XV, 327-28. 1576 er R. 6 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 103. 29.3.1607 selur Einar Ormsson Birni Magnússyni R. 6 hdr. að dýrleika - Jarðabréf, 114. 3.5.1703 er R. 6 hdr jörð meðal eigna Páls Björnssonar í Selárdal, landsk 4 vættir, 3 kúgildi - JÁM XIII, 204. 1920: 1,9 ha. garðar 480 m2, 1/3 sléttað. 1840: "... á þessum [bæ] er bezti útigangur og [fjörujörð] og ekki [undirorpin] neinum áföllum." SSV, 211. 1942: "Eftir nafninu að dæma hefir nautaganga verið í dalnum að fornu. Jörð þessi er lítil og slægnarýr, en útigangur allgóður fyrir kindur, og vorgott. Nýtur vel sólar á útmánuðum á Raknadalshlíð, sem er löng og hrjóstrug klettahlíð ... undirlendislaus að mestu." Bstbók, 105. 1959: "Örðugt er þar til ræktunar, og styðst býlið mjög við útbeit á Raknadalshlíð." ÁFÍ 1959, 128.

**Ba-156:001** *Raknadalur* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-156:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-156:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-156:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-156:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-156:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-156:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-156:008** *Sel* heimild býli/sel
"Landskyld ll álnir. Var til forna (fyrir margt löngu) 80 álnir. En síðan kom bygð þar sem selstaða hafði verið frá Raknadal, og varð á þeiri nýlendu 40 álna landskyld, og ræktaðist þar þá jörð til taðna. Síðan fjell af aftur sú bygð, en fyrir slægjur, sem þar höfðu ræktast, var aukið 20 álnum við landskyld heimajarðarinnar. Eru nú síðan undir 30 ár, og so lengi hefur sama landskyld haldist sem nú er."
1942: "Utarlega á Raknadalshlíð, skammt utan við svonefnt Sel ..." "Þar út og niður með fjörunni eru grasfles, sem heita Heimstu-Sléttur. Þar út að eru Mið-Sléttur. Þar næst er Sel. Þar var búið eitt sinn."
JÁM VI, 331; Bstbók, 105; Ö-Raknadalur, 2.
**Ba-156:009** *Miðmorgunsvarða* varða eyktamark
"Framan þess [Stóra-Leitis] er stórt, einkennilegt gil niður í hlíðina, sem heitir Heimra-Snjógil. Framar, upp undir dalsmynni, er kallað Grænudý. Á brún þessarar hlíðar ber við hinumm tvær afar gamlar vörður, og eru það gömul eyktamörk: Miðmorgunsvarða og Dagmálavarða." Í athugasemdum bls. 4, er sagt að vörðurnar séu löngu hrundar.
Ö-Raknadalur, 1.
**Ba-156:010** *Dagmálavarða* varða eyktamark
"Framan þess [Stóra-Leitis] er stórt, einkennilegt gil niður í hlíðina, sme heitir Heimra-Snjógil. Framar, upp undir dalsmynni, er kallað Grænudý. Á brún þessarar hlíðar ber við hinumm tvær afar gamlar vörður, og eru það gömul eyktamörk: Miðmorgunsvarða og Dagmálavarða." Í athugasemdum bls. 4, er sagt að vörðurnar séu löngu hrundar.
Ö-Raknadalur, 1.
**Ba-156:011** heimild stekkur
"Fyrir utan túnið í Raknadal er stór grashóll, sem heitir Stórihóll, og þar út af er lítill, einkennilegur hjalli, Úlmannshjalli. Þar fyrir utan er Stekkjargil og Stekkur [kominn í veginn]."
Ö-Raknadalur, 2.
**Ba-156:012** *Álfabót* örnefni
"Bót fyrir utan túnið með fjörunni heitir Álfabót."
Ö-Raknadalur, 2.
**Ba-156:013** *Hlaðsbrot* tóft naust
"Í bökkunum út af Raknadal eru tvö samliggjandi berg, nefnd Bergin. Þar út af er klettur. beggja vegna vegar, sem oftast vætlar vatn um, og heitir hann Votaberg. Þar út af eru þrjú ból eða grashvilftir út með hlíðinni, og heita þau Heimsta-Ból, Mið-Ból og Kvíaból. Þar út af er grasfles með gömlum tóftum, nefnd Hlaðsbrot. Sagt er, að þar hafi verið útræði. Þetta er neðan við veginn."
Ö-Raknadalur, 2.
**Ba-156:014** *Kvíaból* örnefni kvíar
"Í bökkunum út af Raknadal eru tvö samliggjandi berg, nefnd Bergin. Þar út af er klettur. beggja vegna vegar, sem oftast vætlar vatn um, og heitir hann Votaberg. Þar út af eru þrjú ból eða grashvilftir út með hlíðinni, og heita þau Heimsta-Ból, Mið-Ból og Kvíaból."
Ö-Raknadalur, 2
**Ba-156:015** *Altarisberg* þjóðsaga leið
1959: "... [merki milli Raknadals og Geirseyrar] eru við Altarisberg, utarlega á [Raknadalshlíð]. Guðmundur góði er sagður hafa vígt hlíðina frá Altarisbergi og hafi eigi orðið mannskaðar á henni síðan. Meðan hlíðin va veglaus, voru stundum á henni hættuleg svellalög. Var þá farið frá Raknadal út og upp fjallið Raknadalstagl og yfir á Mikladal og eftir honum að Geirseyri."
ÁFÍ 1959, 129-30

## Ba-157 Geirseyri
20 hdr. 1703. Bændaeign. Bænhús á miðöldum en sóknarkirkja fyrir norðanverðan Patreksfjörð frá 1906. 1703 er nafn

bæjarins skrifað Gesseyre. Vatneyri er byggð í heimalandi Geirseyrar sem upphaflega hefur verið 30 hdr. jörð. Tilheyrir Patreksfjarðarhreppi síðan 1907. Uppdráttur er til af kauptúninu á Patreksfirði frá 1766.

1446 er G. 30 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar sem lágu undir Saurbæ og fylgdu þar 6 kúgildi - DI IV, 691.15.4.1480 fær Einar Björnsson í arfahlut eftir Ólöfu Loptsdóttur móður sína m.a. G. - DI VI, 255-56. 1509 er G. 30 hdr jörð meðal eigna Bjarna Andréssonar sem þá var látinn - DI VIII, 267. 20.9.1517 er gefinn vitnisburður um að Bjarni Andrésson gaf Helgu Gísladóttur G. með 10 kúgildum - DI VIII, 639, 824. 8 .6.1673 telur Hallur Björnsson bróðurdóttur sinni Guðrúnu Ingimundardóttur 15 hdr í G. - Jarðabréf, 128. 21.7.1681 skipta Sturla, Ívar og Bjarni Þórólfsynir með sér föðurarfi sínum með samþykki móður sinnar Helgu Jónsdóttur og fær Sturla í hlut sinn 5 hdr. í Vatneyri og 10 aura í heimajörðinni G. en Ívar eignast 5 hdr. og 10 aura í G. og Bjarni eignast 5 hdr. í Vatneyri og 10 aura í heimajörðinni G. - Jarðabréf, 133, 173. 21.7.1681 selja Sturla og Bjarni bróður sínum Ívari Þórólfssyni það eina hdr. sem þeim hafði skipst í jörðinni G, svo að Ívar á 6 1/2 hdr í þeirri jörðu. - Jarðabréf, 133. 3.10.1695 selur Arnheiður Sturludóttir Jóni Erlendssyni 6 hdr. og 15 aura í G. - Jarðabréf, 145. 25.6.1703 á Jón Erlendsson 10 1/2 hdr í G., landsk 80 al í fiski, peningum og steinbit. Einnig kvaðir flutningur, næturgisting og hálf eða heil mörk brennivíns og geymsla á fémunum. Leigukúgildi 4, í smjöri, fiski eða öðrum peningum. Einnig vorvertíðartollur af einum manni 1 1/2 al lérefts af 6 fiska lérefti. - JÁM XIII, 220-21. "Á árunum 1860-70 mun Markús Snæbjörnsson, eigandi og ábúandi Geirseyrar, hafa byrjað lítilsháttar verzlun á Geirseyri." Bstbók, 107.

1920: 5,2 ha. garðar 400 m2, hús 462 m2, 3/4 sléttað. Kálgarðar í sameign ýmsra húsmanna á Geirseyri og Vatneyri 2534 m2. Útmælingar samtals 1,3 ha, garðar 706 m2. 1840: "... á þessum [bæ] er bezti útigangur og [fjörujörð] og ekki [undirorpin] neinum áföllum." SSV, 211. 1942: "Tún eru allgóð bæði á Geirseyri og Vatneyri." Bstbók, 107. 1959: "Allgott sauðaland er í [Mikldal] og gott berjaland.... Eyrin er grasi gróin, og var þar Vatneyrartúnið til skamms tíma, en fremst á eyrinni fiskreitirnir, þar sem saltfiskuronn var þurrkaður ... Utan við Fjósadal aukast enn mjög hamrarnir, Heitir þar Skjöldur. Neðan við hann er mýrlendi, Vatneyrarengjar, niður að bökkunum við sjóinn, sem eru grasi grónir niður að fjöruborði." ÁFÍ 1959, 132.

**Ba-157:001** *Geirseyri* bæjarhóll bústaður
1942: "Bærinn var þá [1860-70] góðan spöl frá sjó, efst á túninu."

"Hátt í túninu stóð hús úr torfi og grjóti með torfþaki, þilgafli niður fyrir glugga á norðvestur enda og hálfgafl á suðaustur enda úr timbri. Mun að hafa verið 12-14 álna langt og 6 álna breitt með skarðsúð. Sagt er að Thorsteinson eldri hafi látið byggja það."

Túnakort 1920; Bstbók, 107; Markús Ö. Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 7.

**Ba-157:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-157:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-157:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-157:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-157:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-157:007** heimild bænhús
"Þar hefur verið bænhús sem fyrir löngu er eyðilagt."
JÁM VI, 332.

**Ba-157:008** heimild stekkur
"Ofan með ánni var Stekkur; upp af honum hefur nú verið reist Ýtuhús."
Ö-Geirseyri og Vatneyri, 2.

**Ba-157:009** varða
"Inn á miðjum Mikladal er lækur, sem kemur upp við um 351 m. hæð og heitir Gummalækur. Þar var varða."
Ö-Geirseyri og Vatneyri, 2-3.

**Ba-157:010** *Stekkar* örnefni stekkur
"Utan við Kötlugil tekur við snarbrött fjallshlíð, sem heitir Bæjarfjall. Þarna eru klettar á stöku stað. Utan við það er gil, sem heitir Stekkagil, og beggja vegna neðan þess, upp við fjallið, er nefnt Stekkar. Stekkahryggur er framburður gilsins

beint niður eftir. Á honum hefur verið talsvert byggt."
Ö-Geirseyri og Vatneyri, 3.
**Ba-157:011** *Fjósadalur* örnefni fjós
"Við Stekkadal [010] breytir fjallið um nafn og heitir nú Brellur. ... Brellurnar ná út að gili, sem er utan við byggð þorpsins, og heitir sá dalur Fjósadalur."
Ö-Geirseyri og Vatneyri, 3-4.
**Ba-157:012** *Helgaleiði* örnefni legstaður
"Þar efst uppi í túni eru tvö leiði, Helgaleiði og Þrælsleiði ..."
Ö-Geirseyri og Vatneyri, 4.
**Ba-157:013** *Þrælsleiði* örnefni legstaður
"Þar efst uppi í túni eru tvö leiði, Helgaleiði og Þrælsleiði ..."
Ö-Geirseyri og Vatneyri, 4.
**Ba-157:014** *Geirsleiði* álagablettur legstaður
"Þar efst uppi í túni eru tvö leiði, Helgaleiði og Þrælsleiði, og nokkru neðar, rétt ofan við núverandi Fjárhús, er Geirleiði. Þetta má ekki slá, og er sagt, að þar sé sá Geir grafinn, sem hér byggði. Maður nokkur sló þetta; dreymdi hann, að til hans kom maður hempuklæddur, síðskeggjaður og lágur vexti. Bað hann taka ekki ofanaf sér, því þá yrði sér kalt."
Ö-Geirseyri og Vatneyri, 4.
**Ba-157:015** *hof* heimild
"Sagt er, að gamalt hof, sé ofan við gömlu hlöðuna." "Nú hefur veið ýtt þar, og komu upp skrýtnir steinar, annar aflangur, hinn hvöttóttur. Voru klappaðir bollar í báða."
Ö-Geirseyri og Vatneyri, 4; Ö-Geirseyri og Vatneyri, viðb og ath, 3.
**Ba-157:016** tóft
"Inni á Mikladal hefur verið byggð. Þar eru allmiklar rústir. Sigurður A Guðmundsson bónda hér dreymdi, að hann kom í hús þar, og bað kona, að ekki yrði snert við neinu þar." "Rústirnar fyrir neðan Höggið [?]eru þær, sem Sigurð dreymdi drauminn um, en aðeins ein tótt er í Mikladal."
Ö-Geirseyri og Vatneyri, 4, Ö-Geirseyri og Vatnseyri viðb og ath, 3.
**Ba-157:017** heimild legstaður
"Steinn er inni hjá Hólum; undir honum á Guðrún Valdadóttir að vera grafin."
Ö-Geirseyri og Vatneyri, 4.
**Ba-157:018** *Heimri-Bœli* heimild stekkur
"Fjallið norðan við dalinn austast, heitir Flöskuhlíðarfjall. Þar undir er hlíð með ánni, sem heitir Flöskuhlíð. Í hlíðinni er nafnlaust gil, og nokkuð utar er Dagmálagil. Fjallið milli þessara gilja heitir Bælafjall, en undir fjallinu milli giljanna eru beitilönd,sem eru nefnd Fremri-Bæli og Heimri-Bæli. ... Fráfærutótt var í Heimri-Bælum en önnur í Litladal."
Ö-Geirseyri og Vatneyri, 2, Ö-Geirseyri og Vatnseyri, viðb, 1.
**Ba-157:019** heimild stekkur
"Fráfærutótt var í Heimri-Bælum [018] en önnur í Litladal."
Geirseyri og Vatneyri, viðb, 1.
**Ba-157:020** *Drykkjubrekka* heimild áfangastaður
"Inn á miðjum Mikladal er lækur, sem kemur upp við um 351 m. hæð og heitir Gummalækur. Þar var varða. Slakki er utan lækjarins, sem heitir Drykkjubrekka [oft áð þar]"
Ö-Geirseyri og Vatneyri, 3.
**Ba-157:021** *Frönskuleiði* örnefni legstaður
"Frönskuleiði eru í Vatnskrókum."
Ö-Geirseyri og Vatneyri viðb. og ath, 4.
**Ba-157:022** garðlag landamerki
"Mikill grjótgarður var merkjagarður milli Geirseyrar og Vatneyrar, alla leið frá svonefndum Klifkletti og hátt upp í fjalli, en nú má heita horfinn."
Ö-Patrekshreppur, 2.
**Ba-157:023** *Þýzkuleiði* örnefni legstaður
"Fram úr bökkunum, nokkuð fyrir innan grjótgarðinn, er klettur, sem nefndur var Bússa, svo er Þúfnaeyri; frammi á oddanum er smáhóll, sjáanlega mannaverk, og heyrði ég hann nefndan Þýzkuleiði."
Ö-Patrekshreppur, 2.

**Ba-157:024** heimild bústaður
"Ofar á hlaðinu [en 001] stóð baðstofa, búr og eldhús og voru það víst jarðhúsin sem fylgdu jörðinni, voru þau byggð með sperrum, langböndum og helluárefti með torfþaki." Gæti verið sama og 002-006.
Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 7.

**Ba-157:025** heimild hlaða
"Úti á hól fyrir utan stóð hlaða og fjós."
Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 7.

**Ba-157:026** heimild fjós
"Úti á hól fyrir utan stóð hlaða og fjós."
Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 7.

**Ba-157:027** heimild fjárhús
"Á túninu voru fjárhúskofar til og frá og fjárhlaða á hól niðri á túninu sem mun þá hafa verið helmingi minni en nú (1938)." Gæti verið sama og 002-006.
Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 7.

**Ba-157:028** heimild hlaða
"Á túninu voru fjárhúskofar til og frá og fjárhlaða á hól niðri á túninu sem mun þá hafa verið helmingi minni en nú (1938)." Gæti verið sama og 002-006.
Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 7.

**Ba-157:029** heimild
"Niður við sjóinn stóðu 2 hús nokkuð rúmgóð byggð með grind, annað húsið var með timburþili fyrir og timburþaki, hitt allt úr torfi og grjóti."
Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 7.

**Ba-157:030** heimild
"Niður við sjóinn stóðu 2 hús nokkuð rúmgóð byggð með grind, annað húsið var með timburþili fyrir og timburþaki, hitt allt úr torfi og grjóti."
Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 7.

**Ba-157:031** *Miklidalur* heimild leið
1873: "Annar þjóðvegur liggur úr Bíldudal yfir fjall, sem Hálfdán heitir, að Eysteinseyri og fyrir botn fjarðarins upp þaðan í Höfðadal, og svo eftir Mikladal að Vatneyri."
SSV, 247

**Ba-157:032** *Lambeyrarháls* heimild leið
1873: "Frá Lambeyri er vegur yfir Lambeyrarháls að Geirseyri ..."
SSV, 247.

**Ba-157:033** heimild leið
1873: "Frá Lambeyri er vegur yfir Lambeyrarháls að Geirseyri, og annar sömuleiðis úr Smælingjadal."
SSV, 247.

**Ba-157:034** heimild hjallur
1942: "Sagt var, að [Markús Snæbjörnsson sem hóf verslun á Geirseyri] hefði fyrst verzlað í hjalli við sjóinn. Mun hann í byrjun einkum hafa haft skipti við frakkneska fiskimenn."
Bstbók, 107.

**Ba-157:035** *sölubúð* heimild
1942: "Skömmu fyrir 1880 hafði [Markús Snæbjörnsson sem hafði hafði verzlun á Geirseyri 1860-70] reist sölubúð ..."
Bstbók, 107.

**Ba-157:036** *verslunarhús* heimild
1942: "Skömmu fyrir 1880 hafði [Markús Snæbjörnsson sem hafði hafði verzlun á Geirseyri 1860-70] reist sölubúð og önnur verzlunarhús við sjóinn, ..."
Bstbók, 107.

**Ba-157:037** heimild bústaður
1942: "Skömmu fyrir 1880 hafði [Markús Snæbjörnsson sem hafði hafði verzlun á Geirseyri 1860-70] reist sölubúð og önnur verzlunarhús við sjóinn, og réðst hann um þær mundir í það að reisa stórt íbúðarhús tvílyft, hlaðið úr íslenzkum steini og steinlímt. Þótti slíkt stórvirki á þeim tímum. Var það hið fyrsta steinhú á Vestfjörðum. Stendur það enn."
Bstbók, 107-108.

**Ba-157:038** heimild bústaður
1942: "Á Geirseyri voru [um 1885] engin hús nema Sæbjörnsens [037] og þrjú eða fjögur húsmannskot, fátæklegir torfkofar ..."
Bstbók, 108.
**Ba-157:039** heimild
1942: "Á Geirseyri voru [um 1885] engin hús nema Sæbjörnsens [037] og þrjú eða fjögur húsmannskot, fátæklegir torfkofar, og eitt lítið timburhús; stendur það enn." Sennilega sama og annaðhvort 029-030 eða 035-036.
Bstbók, 108.
**Ba-157:040** heimild bústaður
1942: "Um þessar mundir [um 1885] var reist þar timburhús, sem upphaflega átti að nota sem veitingahús, og var kallað Valhöll. Eigandi var Jón Bjarnason, tengdasonur Snæbjörnsens. Skömmu síðar keypti Fischer sýslumaður húsið. Nokkuru fyrir aldamót keypti svo Pétur Á. Ólafsson konsúll húsið, jók miklu við það og prýddi á úmsan hátt og bjó lengi í því."
Bstbók, 108.
**Ba-157:041** *Þúfnaeyri* heimild uppsátur
1942: "Góðan spöl innan við Geirseyri, og utan við Altarisberg skerst dálítil malareyri út í fjörðinn. Hún heitir Þúfnaeyri. Þar var um tíma haft þilskipauppsátur frá Geirseyri." 1959: "Skammt fyrir utan Altarisberg gengur lítil malareyri fram í fjörðinn; heitir hún Þúfneyri. Á heni er lítil tjörn og múrveggir smáhýsis. Þar stóðu uppi Geirseyrarskúturnar um og eftir sl. aldamót og eftirlitsmaður bjó í húsinu."
Bstbók, 107; ÁFÍ 1959, 130.
**Ba-157:042** heimild bústaður
1942: "Góðan spöl innan við Geirseyri, og utan við Altarisberg skerst dálítil malareyri út í fjörðinn. Hún heitir Þúfnaeyri. Þar var um tíma haft þilskipauppsátur frá Geirseyri. Þar var þá ein þurrabúð, sem nú hefur verið rifin."
Bstbók, 107.

## Ba-158 Vatneyri

10 hdr. 1703. Bændaeign. Byggð á stekkjartúni í heimalandi Geirseyrar. Verslunarstaður. Tilheyrir Patreksfjarðarhreppi síðan 1907.

21.7.1681 skipta Sturla, Ívar og Bjarni Þórólfsynir með sér föðurarfi sínum með samþykki móður sinnar Helgu Jónsdóttur og fær Sturla í hlut sinn 5 hdr. í V. og 10 aura í heimajörðinni Geirseyri en Ívar eignast 5 hdr. og 10 aura í Geirseyri og Bjarni eignast 5 hdr. í V. og 10 aura í heimajörðunni Geirseyri. En þar eð 5 hdr í V. eru tilgjöf móður þeirra, þá skyldi hún halda þeirri tilgjöf um sína lífstíð - Jarðabréf, 133. 25.5.1703 á Bjarni Þórólfsson 5 hdr í V., byggist með 2 vætta landsk og 2 kúgildum - JÁM XIII, 211. 1840: "Vatneyri er kauptún með þremur timburhúsum." SSV, 214. "Seint á 18. öld mun fyrst hafa verið byrjað að verzla á Vatneyri, og um langan aldur hafa Frakkar og aðrir útlendir fiskimenn leitað þar hafnar í ofviðrum, því innsigling er stutt og örugg höfn." Bstbók, 107. 1942: "Á tímabilinu 1896-1907 jókst þilskipaútvegurinn mjög og munu þá hafa verið gerð út 12-16 þilskip, stærri og smærri, frá Eyrum, þegar mest var." Bstbók, 108.

1920: 3,5 ha. garðar 364 m2, hús 136 m2, 1/1 sléttað. 1840: "... á þessum [bæ] er bezti útigangur og [fjörujörð] og ekki [unirorpin] neinum áföllum." SSV, 211. 1942: "Tún eru allgóð bæði á Geirseyri og Vatneyri. Vatneyrartún er þó mjög jarðvegsgrunnt." Bstbók, 107. 1942: "Vatneyri er stór, slétt malareyri, sem gengur fram í fjörðinn fyrir utan Geirseyri. Myndast þar allbreið vík, er þar hin bezta höfn í allri hafátt. Á Vatneyri er frá náttúrunnar hendi hið ákjósanlegasta saltfiskverzlunarpláss á Vestfjörðum og þótt víðar sé leitað." Bstbók, 106.

**Ba-158:001** *Vatneyri* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-158:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-158:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-158:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-158:005** *Hlíðardalur* heimild lending

1942: "[úr Hlíðardal] var um fáein ár stundaðir róðrar vor og sumar. Róðrum var hætt þar, þegar vélbátarnir komu, ..." "Vatnakrókur er utan við Vatneyri, innan við Fjósadalsá. Í Hlíðardal var eitt sinn útræði ..."

Ö-Geirseyri og Vatneyri, 5.

**Ba-158:006** heimild beitarhús

"Vatnakrókur er utan við Vatneyri, innan við Fjósadalsá. Í Hlíðardal var eitt einn útræði, og þar voru beitarhús frá Geirseyri."

Ö-Geirseyri og Vatneyri, 5.

**Ba-158:007** heimild fjós

"Mætir okkur þá fyrst uppi á túninu hlaða og fjós, mjög lágkúruleg ..." Gæti verið sama og 002-004.

Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

**Ba-158:008** *verslunarbúð* heimild

"Mætir okkur þá fyrst uppi á túninu hlaða og fjós, mjög lágkúruleg og hillir þá undir timburhúsin framar á eyrinni, voru þau 3. Tvö af þeim sneru í norðvestur og suðaustur og sund á milli, voru það verzlunarbúð og pakkhús. ... Hús þessi voru öll bjálkabyggð og munu bjálkarnir hafa verið 6-7 tommur á hvern kant. Timburþök voru á húsum þessum og náðu þau langt út fyrir upsir."

Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

**Ba-158:009** *pakkhús* heimild

"Mætir okkur þá fyrst uppi á túninu hlaða og fjós, mjög lágkúruleg og hillir þá undir timburhúsin framar á eyrinni, voru þau 3. Tvö af þeim sneru í norðvestur og suðaustur og sund á milli, voru það verzlunarbúð og pakkhús. ... Hús þessi voru öll bjálkabyggð og munu bjálkarnir hafa verið 6-7 tommur á hvern kant. Timburþök voru á húsum þessum og náðu þau langt út fyrir upsir."

Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

**Ba-158:010** heimild bústaður

"Mætir okkur þá fyrst uppi á túninu hlaða og fjós, mjög lágkúruleg og hillir þá undir timburhúsin framar á eyrinni, voru þau 3. Tvö af þeim sneru í norðvestur og suðaustur og sund á milli, voru það verzlunarbúð og pakkhús. Hérumbil 10 föðmum neðar á oddanum stóð íbúðarhús stórt um sig og mikið í þaki. Hús þessi voru öll bjálkabyggð og munu bjálkarnir hafa verið 6-7 tommur á hvern kant. Timburþök voru á húsum þessum og náðu þau langt út fyrir upsir."

Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

**Ba-158:011** heimild hjallur

"Ennfremur var þar á mölinni fiskihjallur stór með helluárefti og torfþaki, að sjá gamall, baðstofuhús fyrir vinnufólk að sofa í undir súð og torfþaki, bæði gaflhlöð voru byggð úr torfi og grjóti."

Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

**Ba-158:012** *Lýsisbúð* heimild

"Torfhús með þili, stórt, sem kallað var lýsisbúð og til hliðar við það eldhús með hálfgafli í öðrum enda."

Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

**Ba-158:013** heimild eldhús

"Torfhús með þili, stórt, sem kallað var lýsisbúð og til hliðar við það eldhús með hálfgafli í öðrum enda."

Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

**Ba-158:014** heimild

"Fyrir ofan hjallinn [011] ... voru tveir kofar með standþili fyrir öðrum enda, í öðrum voru 2 bræðslupottar til lýsisbræðslu, en hinn var smiðja."

Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

**Ba-158:015** heimild smiðja

"Fyrir ofan hjallinn [011] ... voru tveir kofar með standþili fyrir öðrum enda, í öðrum voru 2 bræðslupottar til lýsisbræðslu, en hinn var smiðja."

Markús Ö Thoroddsen: "Eyrar, Patreksfirði 1863" ÁBS 1952-1967, 8.

**Ba-158:016** tóft verbúð

1942: "[úr Hlíðardal] var um fáein ár stundaðir róðrar vor og sumar. Róðrum var hætt þar, þegar vélbátarnir komu, en búðarústir nokkurar eru þar" 1959: "Þar var verstöð um skeið í byrjun þessarar aldar, og standa þar enn verbúðaveggir."

Bstbók, 107; ÁFÍ 1959, 132.

**Ba-158:017** heimild bústaður

1942: "Um 1885 var Sigurður Bachmann eigandi og ábúandi Vatneyrar og rak þar verzlun. Þar var þá eitt fornt timburhús

[sennilega 008, 009 eða 010], bæði notað til íbúðar og verzlunar. Annað timburhús var þá í smíðum ... Á síðasta áratug aldarinnar brunnu hús Bachmanns á Vatneyri."

Bstbók, 108.

**Ba-158:018** heimild

1942: "Um 1885 var Sigurður Bachmann eigandi og ábúandi Vatneyrar og rak þar verzlun. Þar var þá eitt fornt timburhús [sennilega 008, 009 eða 010], bæði notað til íbúðar og verzlunar. Annað timburhús var þá í smíðum. Auk þess voru þar fjórir eða fimm torfbæir, sem húsmenn bjuggu í."

Bstbók, 108.

**Ba-158:019** heimild búslaður

1942: "Á síðasta áratug aldarinnar brunnu hús Bachmanns á Vatneyri. Reisti hann þá nýtt íbúðarhú og sölubúð. Nokkuru síðar, eða 1896, seldi hann Pétri J. Thorsteinson í Bíldudal jörðina og verzlunarhúsin."

Bstbók, 108.

## Ba-178 Selárdalur

Jarðardýrleiki óviss 1710. Kirkjustaður. Hjáleigur: Ytrikrókur, Innrikrókur, Kolbeinsskeiði, Klettur, Skrúði, Þinggerðarhryggur (Rimi), Ytrihús og Fremrihús. Einnig var húsmannsbýlið Melstaður á jörðinni. Af þessum voru Skeiði, Skrúði, Ytrikrókur, Rimi og Ytrihús í byggð 1847. Neðribær og Uppsalir voru kirkjujarðir en kirkjan átti öll lönd milli Líkastapa og Kálfadalsár (Hafragils).

1920: 4,9 ha. garðar 344 m2. 1840: "Túnið er harðbalalegt, en slétt. Engjar í lakara lagi og undirorpnar árennsli úr Bæjarfjallinu og aur úr ánni. Hagar eru hér kostalitlir fyrir búsmala á sumrum, en útigangur góður á vetrum. Hér er og örðugt til sjóar, en þó heimræði haust og vor. ... Afrétti frá Selárdal, fyrir geldneyti, er í Skandadal, ..." SSV, 229. 1847: "Staðurinn, sem prestur telur 40 h. að dýrlika, hefur tún, slétt að hálfu, sem gefa af sér 140 töðuhesta: eingjar eru snöggar og gánga a sér af skriðum og aur árennsli. Búfjárhagar eru hrjóstugir og kjarnalitlir, einkum fyrir nautpening; en fyrir lömb og sauði er á sumrum góð hagabeit í Selárdalshlíðum. Um vetrartímann lifir sauðfé að mestu leiti á þarabeit, og er sjáfaraflinn haust og vor helztu hlynnindi prestsetursins, og vertollarnir, sem árlega er hér um 3 skippund af þorski og 800 steinbítar. Við ber líka að rekavið ber upp á land staðarins." JJ, 190. 1873: Landið er yfirhöfuð þurrt og hrjóstugt og sætir árlegum áföllum af grjóthruni. Í Selárdal er beiti- og slægjuland votlent og lítið og undir áföllum af aur og grjóti. ... Fyrir sauðfénað notast þarabeit á vetrum og hlíðaganga, þá vetri hallar." SSV, 238. 1942: "[Skandadalur] var til skamms tíma hafður að nautaafrétti úr Ketildölum." Bstbók, 114. "Fyrir útsunnan túnið, er mýrarslakki allvíðáttumikill. Þar er mótekja mikil, en illvinnandi sökum vatns. Ekki er heldur unnt að veita vatni því burt, því að landinu hallar frá ánni inn í flóann." Bstbók, 114-15.

**Ba-178:001** *Selárdalur* bæjarhóll búslaður

1840: "Selárdalur er hér reisulegastur bær, ..." 1873: "Selárdalur er hér bezt húsaður bær í Dölum, og því næst Hóll og Hvesta." 1942: "Í Selárdal er timburhús stórt, en staðarhúsin gömlu hafa verið rifin."

"Íbúðarhúsið er einnar hæðar steinhús, byggt árið 1939. Bærinn stendur á hæð hér um bil í miðju túni. Gamli bærinn stóð ríflega breidd sinni framar á hólnum, beint á móti Selárdalskirkju." "Hann [séra Gísli prestur 1785-1829] byggði staðinn um og breytti húsaskipun hans, og stóð sá bær án mikilla viðgerða til 1865."

Túnakort 1920; SSV, 231, 248; Bstbók, 115; Ö-Selárdalur e. H.V, 2; Jón Kr. Ísfeld: "Prestatal í Barðastrandarprófastdæmi" ÁBS 1953, 64.

**Ba-178:002** heimild kirkja

"Kirkjan er helgið Maríu guðs móður og er nú, 1976, 115 ára gömul, byggð árið 1861 af séra Einari Gíslasyni. Þetta er timburhús járnvarið. Hér var áður torfkirkja. ... Í kirkjunni eru nokkrir gamlir kirkjumunur. má þar til nefna ljósahjálm úr kopar og forna kertastjaka á altari, einnig er predikunarstólinn talinn mjög gamall, en áhonum hefur ekki fundizt neitt ártal. Altaristaflan er málverk af kvöldmáltíðinni. Hún er gefin kirkjunni af Bíldudalskaupmanni, Nikolaj Hofgaard árið 1753. Enn má nefna kaleik úr silfri frá árinu 1765. Hann er gjöf frá séra Eggerti Ormssyni. Er sagt að kaleikurinn hafi kostað 75 ríkisdali og 8 skildinga. ...Talið er, að prestar hafi setið í Selárdal, og að þar hafi kirkja verið allt frá því á tólftu öld. Munnmælasögur margar eru um Árum-Kára sem prest í Selárdal, en fyrstur nafnkenndra presta þar var Eyvindur Þórarinnsson, eða Ragnheiðarson, eins og hann var stundum nefndur."

Selárdalur við Arnarfjörð(VB) -Maríu, Pétri

c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 13. 1210: sást í kirkju á sönghúspöllum ok á gólfinu utarfrá blóð - fyrir brennu Hrafns

á Eyri; Rafnssaga, Bsk I 670.
1210/1212: Eyvindr Þórarinsson og Ragnheiðar Aronsdóttur prestur bjó þar; Rafns saga, Bsk I, 664, 667-669; Sbr. Íslendingasaga; Hrafnssaga, Sturl, 236, 239-240
1330: Jon byskup Halldors son for vm Vestfiordu og uigdi kirkiu j Selar dal; Gottskálksannáll, IA 347
1354: Selardalur.
Anno domini Millesimo. ccc°. quinquagesimo quarto Reiknadist svo fallinn maldagi kirkiunnar j selardal. sem hier fylgir so sem herra gyrdur biskup visiterade vestfiordu.

jn primis a hun lond oll milli lijkastapa oc hafragilz hinz nordra med ollum reka vestann til nesskeria skoga. j geitþiofsfirdi at helmijnngi þa sem legid hafa. thil sperdlalijdar ad fornnu millum kollagautuar oc seliadalzar. tyunnda lut j hualreka ä kirkiuboli j kolmuladal. huernn veg sem a lannd ber. vtan smahueli. fimtan kyr. halfan fiorda tog asaudar. ij naut tuæuetur. hesta iij. skip fyrir þriu hundrud oc xvij hundrud j metfe. kirkia a jnnan sig tiolld vmmhuerfis oc steinklædi. messufot fernn. kanntarakapur þriar. sloppa þria. alltaraklædi þrenn, med hueriu alltari. v smellta krossa. mariuskriptir ij oc peturslijknneski. kross med vnndirstodum oc skrijn. silfurkaleka þria. glerglugg. glodaker. elldbera. griotker. tijdagiorda bækr. tolf manuda formelabok oc nicholas sogu. fornt ker j jordu oc eina kistu.

prestar skulu vera ij oc syngia huernn dag messu. kirkia a ordubok. munnlogar ij. kerttistikur iij. Biarnfell. fonntklædi. þanngad skal lukazt tijund oc lysitollar millum galtarar oc hafragilz hinnz nerdra. prestar skulu vera heima badir allar hinar hædstu hatijdir ad ollum tijdum oc syngia sijdan j brott ef þeim lijkar.

Skallagrijmur lagdi thil kirkiu j selardal. atta bækur. formalabok og michalz sogu. messijnngarketil. vatnker. steinklædi. biarnfell lytil. messufata kistu olæsta. boka lectara. bakstur jarnn. jtem a kirkian hinn tijunnda huernn aualann fisk af hurium fiskimanni þeim sem vt rer j kopavijk oc suo af skipunum. Máld DI III 91-92
1392: veitti herra Þorsteinn sira Vermundi Selaardal; Flateyjarannáll, IA 420
[1394]: XVII. Mariukirkia og hins h[eilaga] Peturs j Selärdal ä lond oll mille likastapa og Kalfadalzär. skoga i geirþiofsfijrde. les Vilkinsbok þvi þetta ber saman utan i upphafe stendur hier so: hun a lond oll mille likastapa og Hafragils ens nedra (og er dreiged afftur yfer þesse seinustu ord); Hítardalsbók DI III 775
1397: ä lond oll milli Lykastapa oc Kalfadalsär [skóga, hvalreka] tollur kirkiunnar tiundi huer fiskur sivalur sem a land kiemur bædi j Kopavijk oc nidri vid fioru. Þriggia hundrada skip. Skallagrijmur lagdi til kirkiu [ornamenti og hvalreka]geingur þat i giof j þessum hlutumm sem ei þarf j gialldi. portio Ecclesiæ medann sira Andres var cccc. enn sijdann c oc ij merkur a ij ärum; Máld DI IV 148-149
18.6.1474: Mariæ et Petri kirkia j Selaardal a ... fim hundrud i skögi i trostansfijrde er S Þorsteijrn Þorarinsson keipte aff S Kodran Jonssyne og halldist heffur sijdan under Selärdals kirkiu. ätte þa S kodran allan trostandfiord efftir wittnisburde [frá 18.6.1474] ... i sama breffe seiger ad S Þorsteijrn skilldi i firalsu haffa hagbeijt fyrir kapla medan hann þyrfti ad laata winna i greindum skoge og sting jord til kolgraffa i greindri jordu þar er honum best hentade. Visitatiubok Brynjólfs 1647, 126-27. DI IX, 38.
1496: Dómur um að Selárdalskirkja eigi 10. hlut í hákarli sem á land kemur í Kópavík og skal kirkjan aðeins taka hlut sinn er hinn 10. hákarl er kominn á land - DI VII, 278-79.
1575: Máld DI XV 580-582
16.11.1907: Selárdalsprestakall lagt niður og Selárdalssókn lögð til Otradals, en Laugardalssókn og Eyrarsókn í Patreksfirði gerðar að nýju prestakalli; (PP, 181) [lög]

Túnakort 1920; Ö-Selárdalur e. H.V, 2.

**Ba-178:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-178:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-178:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-178:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-178:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-178:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-178:009** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-178:010** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-178:011** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-178:012** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-178:013** *Innrikrókur* heimild býli

"Innrekrókur, önnur hjáleiga, bygð skamt inn frá hinni [Ytri Krók Ba-181]]fyrir manna minni ..."

JÁM VI, 361.

**Ba-178:014** *Klettur* heimild býli

1710: "Klettur ... bygð í fyrstunni fyrir ekki fullum 20 árum við sjóinn inn frá hinum hjáleigunum, þar sem ekki hafði áður bygð verið, og var þetta býli í nokkur ár fyrst framan af með litilri eður öngri grasnyt, þángað til það ræktaðist smám saman."

1840: "Eyðijarðir eru engar, utan hjáleigan Klettur í Selárdal, sem fyrir 40 árum er aftekin sökum sandfoks."

JÁM VI, 361; SSV, 230.

**Ba-178:015** *Fremrihús* heimild býli

1710: "Fremrehus ... skamt eitt fram með hlíðinni frá Ytrihúsum [Ba-183], bygð og so fyrir manna minni. ... túnið spillist hjer stórlega af skriðum, sem eykst árlega."

JÁM VI, 363.

**Ba-178:016** heimild lending

"Heimræði er hjer árið um kríng, og lendíng nokkuð brimsöm, og gánga so mörg og fá skip staðarhaldarans sem hann fær við komið."

JÁM VI, 359.

**Ba-178:017** *Kópavík* heimild lending

"Kópavík heitir örnefni út með sjónum. Þar er verstaða og lendíng sæmileg."

JÁM VI, 359.

**Ba-178:018** *Kópavík* heimild verbúð

1710: "Kópavík heitir örnefni út með sjónum. Þar er verstaða og lendíng sæmileg. Fara menn þángað innan úr sveitinni á vor um vertíð, og gengu þar 9 skip næst liðið vor, áður hafa gengið undir 20, þegar flest voru fyrir bóluna. ... Verbúðir eru venjulega so margar sem skipin gánga, og er hver skipshöfn út af með sína búð."

1840: "Veiðistöður eru ein í Kópavík .... á vorin ... Nótalgnir eru engar, en net eru lögð á vorin, bæði í veiðistöðunum og heima, nema í Kópavík, sem heita má aflögð, og þar er ekki brúkað utan haldfæri."

JÁM VI, 359-360; SSV, 230.

**Ba-178:019** *Ystidalur* heimild verbúð

1710: Ystidalur, Miðdalur og Sandvík heita þrjár verstöðvar inn frá Kópavík, og gengu í þeim næstliðið vor, öllum samanreiknuðum, 15 skip, og sjaldan fleiri, en stundum færri, og er þetta tveggja, þriggja og fjögra manna för." - "Rétt fyrir innan [Mávatöflu sem er í Miðdal ?] ... er Ystavör, sem er gömul lending." 1840: "Veiðistöður eru ... í Yztadal ... á vorin."

JÁM VI, 360; SSV, 230; Ö-Selárdalur, 6

**Ba-178:020** *Miðdalur* heimild verbúð

1710: "Ystidalur, Miðdalur og Sandvík heita þrjár verstöðvar inn frá Kópavík, og gengu í þeim næstliðið vor, öllum samanreiknuðum, 15 skip, og sjaldan fleiri, en stundum færri, og er þetta tveggja, þriggja og fjögra manna för." 1840: "Veiðistöður eru ... í Miðdal á vorin."

"Þar [í Miðdal] var mesta veiðistöðin, meðan útræði var í Verdölum. ... Verdalir. Þar var veiðistöð mikil að vorinu og voru þar margar verbúðir. Höfðu þar uppsátur. Norðstrendingar, Arnfirðingar, Suðfirðingar og nokkrir Dalamenn. Um 1870 voru um 14 búðir í Verdölum, sem róið var frá, og þó voru fleiri áður. Eftir þetta smáfækkaði búðunum og dró úr aðsókninni að Verdölum, en 1916 mun síðast hafa verið róið þaðan."

JÁM VI, 360; SSV, 230; Ö-Selárdalur, 6-7

**Ba-178:021** *Sandvík* heimild verbúð

1710: "Ystidalur, Miðdalur og Sandvík heita þrjár verstöðvar inn frá Kópavík, og gengu í þeim næstliðið vor, öllum samanreiknuðum, 15 skip, og sjaldan fleiri, en stundum færri, og er þetta tveggja, þriggja og fjögra manna för."

JÁM VI, 360.

**Ba-178:022** *Kálfatjörn* heimild býli
1942: "Í Selárdalstúni austnorðanverðu var áður hjáleigan Kálfatjörn, og sjást þar enn tóftir."

"Þegar komið er inn úr hliðinu á norðurhlið Selárdalstúns, er á hæri hönd votlend kvos, nefnd Tjörn og svæðið það í kring Tjarnartún. Þar var áður ein af hjáleigum Selárdals og hét Kálfatjörn." Kálfatjörn er nefnd í jarðabókum 1760 og 1805.

Bstbók, 115; Ö-Selárdalur e. H.V., 1.

**Ba-178:023** heimild hjallur
"Til vinstri handar við heimreiðina er ávöl hæð, sem áður var bert og blásið malarholt; en er nú orðið grasgefið tún, því hefur ekki verið nafn gefið. Þegar lengra er haldið heim að bænum er á hægri hönd ávöl grasflöt, sem heitir Sjávartunga, en á vinstri hönd svonefnd Hjallflöt. Þar var áður spelahjallur, og mótaði þar til skamms tíma fyrir tóftinni."

Ö-Selárdalur e. H.V., 1.

**Ba-178:024** *Kammerráðstóftir* heimild bústaður
"Nokkru lengra [en 023] til vinstri, þ.e. fjær heimreið, er önnur ávöl hæð í túninu lítt áberandi. Þar voru árið 1965 er undirrtitaður kom hingað, tóftarbrot, og voru þar nefnd Kammerráðstóftir. Báru þær nafni af Guðbrandi Jónssyni sýslumanni og kamerráði í Feigsdal. Þar byggði hann sér hús, er hann fyrst kom til sýslunnar, og þarna mun hann einnig hafa búið á efri árum, er hann hafði látið af embætti. ... Guðbrandur Jónsson var sýslumaður í Barðastrandarsýslu frá 1812 til 1847, en fæddur var hann árið 1777. (Á legsteini hans í Selárdalskirkju er hann þó talinn fæddur árið 1780."

Guðbrandur kammerráð var mikill maður vexti og rammur að afli en lærdómsmaður ekki mikill. Miklar sögur fóru í héraði af auðæfum hans. Var talið, að hann geymdi silfurfjársjóði sína í kútum, en lítið mun hæft í því."

Ö-Selárdalur e. H.V., 1.

**Ba-178:025** *Staðarhólstóftir* heimild bústaður
"Lítum þá á hægri hönd sunnan við Sjávartungu [023]. Þar eru fjárhús og hlaða byggð á árunum 1973-1974. ... Rétt sunnan við hlöðugaflinn voru fram að þeim tíma, er fjárhúsin voru byggð, tóftarbrot, er nefndust Staðarhólstóftir. Þar byggði séra Benedikt Þórðarson sér torfbæ á efri árum, er hann lét af prestskap, og séra Lárus sonur hans tók við staðnum. Nefndi Benedikt bæ sinn Staðarhól, því að þá var prestsetrið, Selárdalur alltaf kallað "staðurinn", og talað um að fara heim að Stað rétt eins og fram að Hólum."

"Benedikt Þórðarson var fæddur að Kjarna í Eyjafirði 30 júlí 18??. Hann var alþingismaður Barðstrendinga 1861 til 1863. Við Selárdal tók hann í desember 1863, tók Lárus son sinn sér til aðstoðarprests árið 1866, en lét af prestskap 1873. Benedikt lést í Selárdal 9. de. 1882."

Ö-Selárdalur e. H.V., 1.

**Ba-178:026** *Kolbeinsreitur* þjóðsaga legstaður
"Við norðurhlið kirkjunnar er blettur, sem ekki hefur verið grafið í um langan aldur. Blettur þessi heitir Kolbeinsreitur. Sú þjóðsaga er tengd þessu örnefni, að á dögum Árum-Kára, sem sagt er að hafi verið prestur í Selárdal í öndverðri kristni og einnig hafi verið bæði rammur af afli og rammgöldróttur, hafi norðan Arnarfjarðar, í Lokinhömrum, búið bóndi sá, er Kolbeinn hét. Þeir Árum-Kári og Kolbeinn voru féndur og eltu árum saman grátt silfur. Kom þar loks, að Kolbeini leiddist þóf þetta og ákvað að binda endi á það með því að gera aðför að presti og drepa hann. En ekki var sopið kálið, þótt í ausuna væri komið.- Bjó nú Kolbeinn skip sitt og hélt áleiðis vestur yfir fjörð til Selárdals. En ekki kom hann klerki að óvöru, því hann vissi af forneskju sinni allt um ferðir Kolbeins og áform. Brá hann við skjótt og magnaði með gjörningi slíkan manndrápsbyl á Kolbein, að hann hlyti að farast. í lendingu. Magnaðist nú veðurofsinn, og er Kári prestur taldi úrslita von, gekk hann til sjávar til könnunar þess, hvernig fyrirtæki hans hefði farnast. Reyndist allt hafa farið eftir hans áætlun. Skip Kolbeins hafði steytt á grynningu, sem þar er fram undan Selárdalslandi og heitir síðan Kolbeinsboði. Skipinu hafði hvolft og það síðan brotnað í spón. Voru menn Kolbeins allir dauðir, en hann sjálfur að brölta hálfdauður í flæðarmáli. Lagði þá prestur við hann landreiðarbeizli og reið honum gandreið um völl einn vígðan, sem síðan ber heitð Kolbeinsskeið. Ein af hjáleigum Selárdals, sem þarna er í sjávarbakkanum ber síðan þetta nafn, en er í daglegu tali nefnt Skeiði. ... En því heitir hann [Kolbeinsreitur] svo, að samkvæmt þjóðsögunni á Árum-Kári að hafa látið jarða Kolbein og menn hans norðan undir vegg Selárdalskirkju."
1821: "c) Þridja Sagann er - ad Kolbeinn Bóndi frá Lokinhomrum hafi verid í Óvinskap vid optnefndann Síra Arinkára, og ætlad ad fara ad hönum, enn vegna Kunnáttu Prests, skyldi skip Kolbeins hfa farid uppá Skér, sem kallad er Kolbeinsbodi, brotnad í spón, og mennirnir drucknad, enn lík Kolbeins fundist um morguninn á Kolbeinsskeidi, hér vid sjóinn, og verid jardad í KolbeinsReit, nordann til vid Kirkjuna."

Ö-Selárdalur e. H.V., 3; FF, 409.

**Ba-178:027** *Kárasteinn* þjóðsaga **Friðlýstar minjar**

1942: "Á hlaðinu, milli bæjarins og kirkjunnar, stendur allmikill kistulagðaur steinn, með klöppuðum bollum. Segja munnmælin, að Kári prestur hafi borið stein þenna framan úr Bogahlíð (um 1 1/2 km. vegalengd), ... Mun steinn þessi að öllum líkindum vera forn blótstallur úr hofi, er þar hefir staðið í heiðni, og bollarnir hlautbollar."

"Rétt milli kirkju og bæjar, þar sem bærinn áður stóð, er grágrýtissteinn allstór, og er hann tilhöggvinn með sléttum hliðar- og gaflflötum sem lítið eitt uppmjór ferhyrningur, en sá hluti hans, sem í jörð er, er all óreglulegur að lögun. Þrír bollar eða skálar hafa verið klappaðir ofan í þann flötinn, sem upp snýr, og eru þær nákvæmlega hringlaga. Tekur hver þeirra einn lítra vatns. Þessi steinn heitir Kárasteinn. Þjóðsagan segir, að þegar Árum-Kári var prestur í Selárdal, hafi hann eitt sinn eftir messu, þegar honum var heitt í hamsi, gengið yfir í hlíðina hinumegin í dalnum, er heitir Bogahlíð, og komið aftur með stein þennan í hempulafinu. Hafi klerkur lagt steininn niður fyrir kirkjudyrunum og látið höggva í hann holur ... með þeim ummælum að mjaltarkonur mundu að jafnaði ekki verða fleiri en þrjár og Selárdal, og skyldu þær fyrir og eftir mjaltir lauga hendur sínar úr regnvatni því, sem í holurnar safnaðist. ... Kárasteinn er 95 cm á lengd, 35 cm á breidd, en hæðin er mismunandi, þar sem neðri kanturinn er óreglulegur að lögun, kúlulaga. Samkvæmt þessu mundi steinninn vega eitthvað nálægt 700-900 kíló. Kárasteinn er undir vernd þjóðminjavarðar." "... ekki er með öllu ólíklegt að sumir af þessum bollasteinum hafi verið notaðir í stað kvarna til þess að mylja í líkt og í mortjeri. En ekki er kunnugt um að slíkt hafi verið nefnt kvarnir eða þess háttar steinar kvernsteinar, aðrir en þessi."

Friðlýstar minjar. "Steinn með 3 bollum í heima við bæinn, við gangstíg milli bæjar og sáluhliðs." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 35.

"Ýmsir telja þó öllu sennilegra um uppruna Kárasteins, að landnámsmenn hafi komið með steininn frá Noregi, og sé hann blótsteinn úr heiðnu hofi, og skálarnar ofan í hann þá hlautbollar,en hlaut var, svo sem kunnugt er, blóð fórnardýra, er stökkt var á blótgesti í hofinu með svonefndum hlautsteini. Kunnugt er, að landnámsmenn fluttu stundum með sér mold úr blótstallanum, og hví skyldu þeir þá ekki einnig hafa flutt með sér stein úr hofinu, þar sem steinninn gat jafnframt komið að gagni sem kjölfesta."

1840: "Steinn stendur hér í Selárdal, mitt á milli kirkju og bæjardyra, líklega höggvinn, knataður. í Hann eru, án efa, klappaðar þrjár holur líkar bollum. Tekur hver þeirra hér um bil hálfanpott. Sagt er, að Árumkári hafi borið hann heim í kápulafi sínu."

1883: "... steinninn er 1 al. og 18 þuml. á lengd og 13 þuml. á breidd, og nær 18 þuml. á hæð, það sem upp stendr úr jörðinni; að ofan eru í steininn 3 bollar í röð vel kringlóttir, og allir nær jafn stórir; þeir eru að þvermáli 6 1/2 þuml. og nær 5 þuml. á dýpt; niðr í jörðina mun steinninn standa um 3/4al. eða meir." Með örnefnaskrá fylgir greinagerð e. Einar Pálsson um hans kenningar um Kárastein.

Bstbók, 115; Ö-Selárdalur e. H.V., 3-4; SSV, 233; Sigurður Vigfússon: Rannsókn um Vestfirði." Árbók 1883, 68; Matthías Þórðarson: "Smávegis." Árbók 1924, 47.

**Ba-178:028** brunnur vatnsból

"... löngum hefur verið erfitt að ná til neyzluvatns í Selárdal, þar sem bærinn stendur á háum hóli, og varð til skamms tíma , en vatnsveita var lögð ofan úr hlíð, að sækja allt vatn ofan í mýri í brunn, sem þar er. ... brunnurinn ... var þarna niðri við mýri, þar sem vatn tekur að seitla undan bæjarhólnum. Á seinni árum var vatnsleiðsla lögð í brunninn og því dælt heim í kjallara og þaðan upp í tunnu, sem fyrir var komið í herbergi upp við hliðina á eldhúsinu (núverandi borðastofu 1976). Brunnurinn var svo endanlega leystur af hólmi og fylltur árið 1965 ..."

Ö-Selárdalur e. H.V., 4-5.

**Ba-178:029** garðlag túngarður

"Kirkjuflöt heitir sá hluti túnsins, sem liggur að neðri kanti kirkjugarðsins. - Stundum er hún nefnd Efri-Kirkjuflöt. - Nær Kirkjuflöt allt niður að gamla túngarðinum. Hann var úr grjóti, og stendur hann enn upp úr jörð."

Ö-Selárdalur e. H.V., 4.

**Ba-178:030** *Kolhústóft* heimild býli

"Þarna, fyrir neðan túngarðinn, voru áður móar, sem nefndust Kolhúsamóar. Þeir náðu norður að Tjarnartúni og eru norðurhluti Neðri-Kirkjuflatar. Litlu sunnar eða framar hét Kolhúsatóft. Þarna var fyrrum ein af hjáleigum Selárdals. Seinustu leyfar bygginga voru lambhús og síðar hlaða, og mundu Seldælir um 1930 eftir þessum tóftum og töldu nýlegar."

Ö-Selárdalur e. H.V., 4.

**Ba-178:031** *Eplagarður* garðlag kálgarður

"Í hallanum framan við Kolhúsatún hið forna mótaði allt fram til 1966 fyrir matjurtagarði, og nefnist svæðið innan hans Eplagarður. Þetta var að sjálfsögðu jarðeplagarður, og hafa Selárdalsklerkar sennilega verið mjög snemma á ferð með jarðeplarækt. Hvort sem það hefur orðið þeim til vakningar eða ekki á þessu sviði, má geta þess, að séra Björn Halldórsson, fyrsti brautryðjandi jarðeplaræktar á Íslandi var eitt ár prestur í Selárdal (1749). Að vísu var það áður en séra Björn hóf sitt

stórmerka ræktunarstarf í Sauðlauksdal, en víst gæti ræktunarstarfi hans hafa verið veitt meiri athygli í Selárdal, en ella, vegna fyrri kynna af manninum."

Ö-Selárdalur e. H.V., 4.

**Ba-178:032** *Fjóspartur* örnefni fjós

"Fyrir ofan Eplagarðinn [031], í hallanum framan við Kirkjuflatirnar var illslægur þúfnaklasi, sem nefndist Skollatunga. Þá tekur við Fjóspartur ... allt þetta svæði nú sléttað ..."

Ö-Selárdalur e. H.V., 5.

**Ba-178:033** heimild hesthús

"Framan við Eplagarði [031] og kirkjaflatir, en neðan Fjósaparts [032] ery tvær mýrartungur, sem enn hefur ekki tekist að þurrka. Handan við þær, en nær ánni var þýfður hólmi ávalur og kúlumyndaður og heitir Hesthústún. Þar var hesthústóft fram til 1967, er Hesthústúnið var tekið til ræktunar."

Ö-Selárdalur e. H.V., 5.

**Ba-178:034** *Stöðlar* heimild kvíar

"Á fremri hluta Hesthústúns [033], skammt frá hliði, sem þar er nú, voru Stöðlar. Þar hafa kvíaærnar einhverntíma verið mjólkaðar, en langt er sjálfsagt síðan það hefur verið. Hinsvegar segir Ólafur Lárusson prófessor, að þar hafi kúastöðulinn enn verið á sínum uppvaxtarárum í Selárdal."

Ö-Selárdalur e. H.V., 5.

**Ba-178:035** *Kvarnarhóll* örnefni mylla

"Framan á hólnum voru nokkur örnefni, sem nú sér engan stað. Af þeim má nefni Kvarnarhóll og Kvarnarhólsflöt, Brunn og Brunnhúsþúfur ... Sennilega hefur verið vindmylla til að mala korn á Kvarnarhólnum ..."

Ö-Selárdalur e. H.V., 5.

**Ba-178:036** heimild hjallur

"Heima á bæjarhólnum eru nú auk bæjarhússins, áhaldahús, rafstöðvarhús og hjallur."

Ö-Selárdalur e. H.V., 5.

**Ba-178:037** heimild lambhús

"Bak við bæjarhólinn, nær Bæjarfjalli, er annar hærri hóll, og heitir hann Hólavöllur. Þar var allt fram til ársins 1970 lambhústóft ..."

Ö-Selárdalur e. H.V., 5.

**Ba-178:038** *Hólavöllur* tóft

"Bak við bæjarhólinn, nær Bæjarfjalli, er annar hærri hóll, og heitir hann Hólavöllur. Þar var allt fram til ársins 1970 lambhústóft og fyrir fleiri tóftum sést móta þar á kolli Hólavallar. Sumir vilja álíta, að bærinn hafi áður staðið upp á Hólavelli, en engin heimild eða munnleg geymd er þó til, er sanni það."

Ö-Selárdalur e. H.V., 5.

**Ba-178:039** *Undirgangur* heimild göng

1942: "Fundizt hefir forn undirgangur, og segja munnmælin, að hann hafi legið frá kirkjunni undir bæinn og út úr hólunum útnorðan til. - Sér þess enn merki þeim megin hólanna."

"Austan í Hólavelli [038] er alldjúp rauf, bersýnilega af manna höndum ger. Heitir þar Undirgangur. Segja munnmæli, að í fyrndinni (á víkingaöld eða Sturlungaöld) hafi verið jarðgöng frá Hólavelli og undir gólf í Selárdalsbæ og kirkju. Niðri við mýri við rætur Hólavallar mótar fyrir hringlaga mannvirki. Á það að vera uppganga úr undirganginum, en raufin sjálf endi ganganna, og hafi yfirrefting fallið niður. - Engin fornleifakönnun hefur farið fram á mannvirki þessu."

1821: "8, Undirgángur er sagt hér í Selárdal hafi verid úr Kirkjunni, undir Bæar-húsunum, og ut fyrir túnid, eda þann part f túninu sem nefnist Hólavöllur; og leigid frá Sudri til Nordurs. Utan til, þar sem Hólavellinum hallar, er stór Lág, hvar undirgángurinn synist vera nidurfallinn."

"Seldælir hinir fornu voru náfrændur Hrafns Sveinbjarnarsonar á Eyri (sem Hrafnseyri er síðan við kennd), en hann sat svo sem allir vita, árum saman undir ofsóknum Þorvaldar Vatnsfirðings, og segir Hrafns saga Sveinbjarnarsonar frá því, að frændur hans, Seldælir, komu tvisvar skipaliði sínu til liðs við Hrafn og varð Þorvaldur frá að hverfa í bæði skiptin. Í þriðja sinn bárust engar njósnir um ferðir Þorvalds, og tókst honum þá að brenna Hrafn inni. Seldælir máttu því vera viðbúnir árásum úr sömu átt og Hrafn frændi þeirra, og það sem helzt mátti til varnar verða gegn því að vera svældir inni eins og melrakki í greni, var það að geta horfið úr bæ eða kirkju og komizt í hvarf frá umsátursstaðnum. Miðað við það, að bærinn hafi staðið móts við kirkjuna, hagar einmitt svo til hér, að við mynni jarðganganna bak við Hólavöll, eru menn með öllu komnir í hvarf frá bænum, og aðeins snertispölur þaðan og í djúpa lág, Rimalág, sem liggur langleiðina til sjávar. Þar sést ekki heldur neitt frá bænum til neinna mannaferða. ... Aðrir telja sennilegra, að bærinn hafi staðið á Hólavelli [060],

og að raufinn sé leyfar af yfirbyggðum vegi niður að vatnsbóli staðarins."

Bstbók, 115; Ö-Selárdalur e. H.V., 6; FF, 408.

**Ba-178:040** *Tóft* heimild býli

"Af Hólavelli blasa við þrjár hjáleigur Selárdals: Tóft ... Af Tóft sést nú ekkert nema lítilsháttar gjótrúst ..."

Ö-Selárdalur e. H.V., 6.

**Ba-178:041** *Barkarleiði* þjóðsaga legstaður

"Þar [á Hólavelli upp af bæjarhólnum] rís áberandi mishæð upp úr harðvallinum og heitir Barkarleiði. Er það sýnilega mannaverk. Ekki er útilokað, að þar hafi einhver Selárdalspresta jarðsett eftirlætis gæðing sinn frá ferðum sínum um Selárdalsheiði til guðsþjónustugerða að Stóra-Laugardalskirkju, eða þá að þetta sé blátt áfram forn öskuhaugur. En þjóðsagan skírir örnefnið á allt annan veg: ... á Börkur að hafa veri vinnumaður Árum-Kára. Hann var mikill maður að vexti og burðum, nánast hálftröll. Börkur hafði þann starfa á sumrum að slá Selárdalstún. Var hann kappsamur við verkið og rann stundum á hann berserksgangur. Nú, sem hann einn góðan veðurdag stendur að slætti, og Gípa kerling hans rakar eftir honum ljána, ávarpar hún bónda sinn og segir: "Mál er að matast, Börkur bóndi". Ekki tók Börkur þessu velmeinta ávarpi konu sinnar betur en sæmdi, var viðskotaillur og svaraði: "Þegi þú kerling, völlurinn, aðrir segja, Riminn skal ráða. Tók Börkur nú að hamast allt hvað af tók, og lauk þeim hamagangi svo, að hann sprakk, og var þegar dauður. "Er hann jarðaður í Selárdalstúni, og heitir þar Barkarleiði," segir í þjóðsögum Jóns Árnasonar. En svo elskaði Gípa mann sinn þrátt fyrir allt, að hún sprakk af harmi og dó. Barkarleiði er einir 5 metrar á lengd og snýr eins og leiði Jóns Hraks frá suðri til norðurs, en ekki frá austri til vesturs, eins og öll leiði snúa ... Bendir þetta til, að Börkur hafi verið heiðingi, eða sökum trölldóms síns ekki verið talin kirkjugarðsgræfur."

1821: "Hér í túninu eru þarad auki tvær stórar aflángar þúfur, grasi vaxnar, 3. fadmar á leingd hvör um sig, kalladar Barkar-leidi, og Þunngerdar-leidi, og draga (eptir því sem sagann segir:), nafn af því, ad Börkur Vinnumadur hjá Arinkara, fyrrum Presti í Selárdal, og Vinnukona hans Þunngerdur, skyldu hafa képpst svo vid, hann ad slá, og hún ad raka eptir hönum, ad bædi hefdi sprúngid af mædi, og verid jördud undir þessum leidum."

Ö-Selárdalur e. H.V., 7; FF, 407-408; ÞJÁ I, 490-92.

**Ba-178:042** *Bólanes* örnefni

"Kálfadalsá ... aðskilur því Tálknafjarðarhrepp og Dalahrepp. En hún rennur eftir litlum dal, sem heitir Kálfadalur ... Fyrir norðan Kálfadal er lítið nes, sem heitir Bólanes. Upp af því, upp undir kletta, er töluvert graslendi ..."

Ö-Selárdalur 1.

**Ba-178:043** heimild smalakofi

"Skandadalur [töluvert norðan við Káldfadal, 042] og eftir honum rennur Skandadalsá. Í Skandadal er töluvert graslendi og góð beit fyrir sauðfé. Fyrir hér um 10 árum var byggður þar kofi handa sauðamanni sem lá þar við að vorinu og gætti sauðfjár Selárdalsbænda í Selárdalshlíðum um sauðburðinn."

Ö-Selárdalur 2.

**Ba-178:044** *Steinbítshamar* heimild sjóbúð

"Sagt er að eitt sinn hafi maður nokkur dregið steinbít og annan fisk úr sjónum upp á hamarinn og af þessu hafi hamarinn fengið nafnið. En maðurinn lá við í kofa, sem var á hamrinum, stundaði veiðina með kostgæfni og fiskaði vel. Einn hvítasunnumorgun hvarf maðurinn og sást ekki framar. Héldu menn, að hann hefði rennt færi sínu þennan morgun, komið á flyðru og hefði hún kippt honum fram af. Segja gamlir menn að fyrir mörgum árum hafi verið hvalbeinavarða framan í hamrinum, og er talið að hún hafi verið notuð með fiskidráttinn á hamrinum. Steinbítahamar mun vera nálægt miðjum Norðurhlíðum ..."

Ö-Selárdalur, 3.

**Ba-178:045** heimild

"Segja gamlir menn að fyrir mörgum árum hafi verið hvalbeinavarða framan í hamrinum [Steinbíts - 044], og er talið að hún hafi verið notuð með fiskidráttinn á hamrinum."

Ö-Selárdalur, 3.

**Ba-178:046** *Kópsvíkurpollur* heimild lending

"Í Kópsvík [norðan við 045] er lending sem heitir Kópsvíkurpollur."

Ö-Selárdalur, 3.

**Ba-178:047** *Snasi* heimild verbúð

"Snasi. Á Snasa stóð innsta búðin í Miðdal."

Ö-Selárdalur, 6.

**Ba-178:048** *Krókslending* heimild lending

"Innan til við Krókshöfða er smábátalega í skjóli við það. Er þar róðrabátum lagt að vorinu og sumrinu heitir Krókspollur. Upp af honum yzt er Skeggjavör, þá Krókslending."

Ö-Selárdalur, 8.

**Ba-178:049** *Krossavík* heimild lending

1840: "Í Krossavík er og vorveiðistaða." "Þá kemur vík, heitir Krossavík. Það er gömul veiðistöð og var þaðan róið fyrir fáum árum. - Innan til við lendinguna í Krossavík er hlein heitir Loftarhlein." Í landi Neðribæjar.

SSV, 230; Ö-Selárdalur, 9.

**Ba-178:050** *Líkastapi* örnefni áfangastaður

"Er þá komið að landamerkjum við sjóinn milli Selárdals og Fífustaðadals. En haldið er að Líkastapi beri nafn af því, að menn hafi hvílt sig hér, þegar lík voru borin inn úr sveit að vetrarlagi til greftrunar í Selárdal."

Ö-Selárdalur, 10.

**Ba-178:051** *Skessuhellir* þjóðsaga tröllabústaður

1840: "Í Skandanum, sunnan til við Skandadal, er hellir lítill, uppí fjalli, sem færustu fjallgöngumenn geta ekki að komizt. Mælt er, að skessa sú, er glímdi við Árumkára, hafi haft þar hýbýli, þá hún hvíldist."

"Skandi. Það er hátt fjall og haft fyrir mið á sjó. Upp að Leiðargeira sést í fjallinu í svartan skúta töluvert fyrir neðan miðja kletta, heitir Skessuhellir. (Samanber söguna af Árum-Kára.)"

1821: "10. Sögusögn er sú medal Almúgans. a) ad á hvörja Iola-nott skyldi í tíd Síra Arinnkára hafa hvorfid einn amdur úr fremsta rúmi í Skálanum, hvar Vinnumenn sváfu í, þángad til Prestur sjálfur skyldi hafa lagst í Rúmid, og breidt ofann á sig Nautshúd. Hefdi Skiessa komid, og þrifid til hanns, enn hann risid upp, tekid mót henni, og þau fært leikinn út úr bænum; bordi Dyra umbúninginn sudur fyri á; tekist enn á, í svo kalladri Sporaglennu; skilid sídann; farid sína leid hvört, hann til fjalls, enn hún út med fjöru, til ad komast aptur í Hellir sinn í Skandadal, enn fundist aptur á Skerjum, (útí Selárdalshlíðum, sunnann til vid Kópavík,) sem heita Biltuskier, af því hann skyldi hafa bilt, eda steipt henni þar ofann fyrir: eptir þad skyldi Prestur hafa farid í Hellirinn, fundid þar dyrgripi, og komid med þá heim til sín á Joladagsmorguninn."

Ö-Selárdalur, 12; SSV, 225; FF, 408-409; ÞJÁ I, 490-92.

**Ba-178:052** tóft stekkur

"Innan til við Strýtuflatir er hryggur, sem nær frá fjallsrótum niður á bakka, heitir Hraunahryggur. Niður undir Hrauninu og niður á bakka innan til við Hraunanes er dálítið sléttlendi, grasivaxið, heitir Hraunanesflatir. Fyrir innan þær og Hraunahrygg eru Stekkjarflatir. Þær ná frá fjallsrótum niður á bakka. En út undir Hraunahrygg neðarlega eru stekkjartóftir."

Ö-Selárdalur, 15-16.

**Ba-178:053** *Melstaður* bæjarstæði bústaður

"Fyrir innan Skeiðstún er Teinahringsdalur. Fyrir innan hann er húsmannsbýlið Melstaður. Þar er löggiltur verzlunarstaður, þó að aldrei hafi þar verzlað verið. Áður var þarna lögbýli, hét Klettur, og stóð gamli Klettsbærinn beint upp af Klettsskerinu ..."

Til er túnakort af Melstað. 1920: 1,2 ha. garðar 698 m2, þar er bæjarhóll og sennilega eitt útihús.

Ö-Selárdalur, 18; Túnakort 1920.

**Ba-178:054** heimild vað

"Árdalirnir fyrir framan Brúna, að utanverðu við ána, heita Skeiðsárdalir. Þeir ná fram að þar sem var Reiðvað á ánni fyrrum. Er nú þar litlu neðar."

Ö-Selárdalur, 18.

**Ba-178:055** *Króksstekkur* heimild stekkur

"Næst verða talin örnefni meðfram nyrði hlíð Selárdals. Kippkorn fyrir ofan Brekkuhvolf er gamall stekkur, heitir Króksstekkur."

Ö-Selárdalur, 19.

**Ba-178:056** heimild stekkur

"... Leiti. Sér þá fram að bænum (staðnum) Selárdal. Fyrir framan Leiti er Stekkjarhvammur. Þar var áður Stekkur frá Húsum."

Ö-Selárdalur, 19.

**Ba-178:057** heimild stekkur

"Þar eru landamerki milli Selárdals og Uppsala. Þar fyrir framan heitir hlíðin Uppsalahlíð. Framarlega í henni er gamall stekkur."

Ö-Selárdalur, 21.

**Ba-178:058** *Göngumannaskarð - Selárdalsheiði* vegur leið

1840: "Fjallvegur liggur frá Selárdal að Krossadal í Tálknafirði, er heiðin kölluð Selárdalsheiði, og er að lengd hálf þingmannaleið bæja milli. Er hún vörðuð og sæmilega rudd."

1873: "Aukavegur er talinn frá Eysteinseyri út með firðinum allt í Krossadal, þaðan upp dalinn yfir Selárdalsheiði og að Selárdal ... Af vegum þessum er það Selárdalsheiði ein, sem er sæmilega ruddur og varðaður vegur millum sóknanna. Þar er Biskupsvarða á háheiðinni, hlaðin upp úr hellugrjóti. Hefur hún þar lengi staðið." 1942: "Um [Krossdal] liggur greiðfær vegur yfir í Selárdal í Arnarfirði."

"Fyrir framan Kjósir er Göngumannaskarð. Þar liggur vegurinn upp á Selárdalsheiði."

SSV, 230, 247; Bstbók, 113; Ö-Selárdalur, 22.

**Ba-178:059** *Kirkjusteinn* örnefni huldufólksbústaður

"... Skarðfossá skiptir löndum milli Selárdalsstaðar og Uppsala og á Selárdalur land fyrir innan ána. ... Upp á Hæðunum eru stórir, einkennilegir steinar. Sá stærsti heitir Kirkjusteinn, en heinn Toppsteinn. Sagt var fyrrum að Kirkjusteinn væri huldufólkskirkja."

Ö-Selárdalur, 23.

**Ba-178:060** *Húsalág* örnefni

"Förum nú ofan dalinn og norður fyrir Selárdalsbæ. Fyrir neðan Votahvamm og Stekkjarhvamm [056] liggur löng lág samhliða hlíðinni heim undir Breiðahvamm, heitir Húsalág."

Ö-Selárdalur, 23.

**Ba-178:061** *Síðugarður* garðlag kálgarður

"... vestast á Síðu og efst, vestur undir mýrinni, er kálgarður, heitir Síðugarður."

Ö-Selárdalur, 25-26.

**Ba-178:062** tóft stekkur

"Niður af Bogahlíð framanverðri eru holt, sem heita Stekkjarholt. Þar eru gamlar Stekkjartóftir. Fyrir framan Stekkjarholt eru eyrar báðu megin við Selárdalsá, heita Seljadalseyrar."

Ö-Selárdalur, 30.

**Ba-178:063** *Einhamar* heimild huldufólksbústaður

"Nær miðhlíðis neðan til í Bogahlíð er stakt klettabelti heitir Einhamar. Áður var haldið að þarna væri huldufólkskirkja, því að sagt var, að hjá hamrinum hefði ljós sést sem ekki gat verið þar af völdum mennskra manna." Hamarinn var einnig eyktamark.

Ö-Selárdalur, 31.

**Ba-178:064** heimild stekkur

"Inn og niður af Einhamri [063] er dálítil brekka, heitir Stekkjarbrekka. Undir henni Stekkur frá Selárdal. Inn af Stekkjarbrekku eru lyngholt inn að Vatnahvilftaá, heita Stekkjarholt."

Ö-Selárdalur, 31.

**Ba-178:065** þjóðsaga nykur

"... Vatnhvilftarvatn. Vatn þetta er of lítið á uppdrætti herforingjarásins. Það er miklu stærra en Stóravatn. Gamlar sagnir sögðu að neðanjarðargangur væri milli þessara tveggja vatna og hefðist nykur við í þeim til skiptis."

Ö-Selárdalur, 32.

**Ba-178:066** *Klúka* heimild býli

"Kippkorn fyrir neðan eða innan Vatnahvilftarár niðri á mýrunum sér fyrir afargömlum tóftum. Fylgir þeim munnmæli, að þar hafi til forna býli verið, sem hafi heitið Klúka. En sagt er að það hafi lagst niður í Svartadauða."

Ö-Selárdalur, 32.

**Ba-178:067** *Dagmálavarða* varða eyktamark

"Auk Stórugjótu eru mörg gil í Neðribæjarnúp Selárdals megin, eitt þeirra heitir Dagmálagil. Upp af því á fjallsbrúninni er varða, sem sagt er að Björn Gunnlaugsson hafi látið hlaða, hún heitir Dagmálavarða."

Ö-Selárdalur, 33.

**Ba-178:068** heimild bústaður

"Um þetta leyti [um 1669] veiktist Helga prestkona [kona séra Páls] á geðsmunum, svo að hún hélzt ekki við á staðnum og lét byggja sér húskofa frammi í Skarðfossárdal, sem er rúmlega 1 1/2 km frá prestsetrinu ..."

Jón Kr. Ísfeld: "Prestatal í Barðastrandsrprófastdæmi" ÁBS 1953, 56.

**Ba-178:069** heimild smalakofi

"Eitt sinn sat ég hjá fé í svonefndri Sundahvylft, sem er fram af Selárdal í Arnarfirði. Hafði ég þar byrgi og sat hjá nætur sem daga." Gæti verið sama og 046.

Vestfirzkar þjóðsögur I, 38.

**Ba-178:070** þjóðsaga skrímsli

"Eitt sinn sat ég hjá fé í svonefndri Sundahvylft, sem er fram af Selárdal í Arnarfirði. ... Ég hafði lagst fyrir um kvöldið þegar ég hafði bælt féð, og var fyriri skömmu sofnaður er hundur minn þaut upp með urri og gelti. Vaknaði ég við það, og sveiaði hundinum í ákafa, svo að hann skyldi ekki styggja féð, en hann espaðist æ meir. Illskaðist ég þá og þaut út; sá ég þá eitthvað ferlíki, sem var að klifrast upp hjallann, er byrgið stóð á. Mannsmynd var á ferlíkiu þessu framanverðu niður að mitti, er svo var mittisdigurt, að það var fullkominn hálfur annar faðmur. Framlimir þess líktust handleggjum, en svo stuttir, að þeir náðu eigi lengra en á móts við alnboga [svo] á manni, og voru þar klær í stað fingra. Eigi sá ég dýrið jafn greinilega að aftanverðu, en mjög var það belgmyndað, og voru þar fæturnir. Var það líkast því, sem dýrið dragi belginn á eftir sér, og var því fyrir þá sök erfitt um hreyfingar. Þegar ég kom út átti ófreskja þessi eigi meira en faðm eftir að byrginu. Ég sigaði hundinum strax á ófreskjuna, og lét jafnframt rigna yfir hana grjóti, sem sem ég gat. Buldi mjög í skrokk dýrsins, er ég kastaði, og spýttist þá úr því vatnsgusa mikil. Jafnhliða mér sótti hundurinn mjög grimmilega að dýrinu, og eftir nokkra stund fór það að skríða niður af hjallanum aftur. Fylgdi ég því eftir með hundinum á ða gizka 200 faðma, eða niður að ánni sem er í Sundshvylft. Var verst að koma því út í ána, og buslaði það mjög. Ég horfði á eftir því yfir ána, en sá eigi lengra til þess sökum myrkurs. Augun í ófreskju þessari sá ég mjög glögglega, og voru þau á stærð við kaffibolla og kolgræn að lit að sjá. Þegar dýrið gekk vaggaði það fremur hægt, og bar fyrir sig hendurnar."

Vestfirzkar þjóðsögur I, 38-39.

**Ba-178:071** *Barkartak* þjóðsaga

1821: "Barkar-tak heitir annar Steirn, settur ofann á tvo adra steina, sem stendur I Selárdals landareign, og er sjáannlega reistur af mönnum. Börkur Vinnumadur hjá Sira Arinkára skyldi hafa sett hann þar."

FF, 408

**Ba-178:072** Herrauðargjá þjóðsaga

1821: "b) Onnur Saga er, ad Herraudur nockur af Jngialdssandi, skyldi hafa farid á skipi undir Slárdalshlídar; tekid þadan 40 eda 50 Saudi; sett skipid; bundid saudina, og lagt sig fyrir med sínum mönnum, undir Seglid í Herraudargjá, sem heitinn er eptir hönum: Smalamadr sira Arinkára skyldi hafa komid ad, og eptir Húsbónda síns undirlagi, borid Grjót á eda utann um Seglid, sem mennirnir sváfu undir, og lagt þá í gegn undir Seglinu."

FF, 409.

**Ba-178:073** heimild rétt

1873: "Réttir eru í Selárdal, mjög gömul rétt og grjóti hlaðin ..."

SSV, 246

**Ba-178:074** *Biskupsvaða* varða samgöngubót

1873: ".... Af vegum þessum er það Selárdalsheiði ein, sem er sæmilega ruddur og varðaður vegur millum sóknanna. Þar er Biskupsvarða á háheiðinni, hlaðin upp úr hellugrjóti. Hefur hún þar lengi staðið."

SSV, 247

**Ba-178:075** garðlag vörslugarður

1942: "[Skandadalur] var til skamms tíma hafður að nautaafrétti úr Ketildölum. Skarð er upp úr dalnum og þaðan greiður vegur í Selárdal. Var garður hlaðinn í skarð þetta til þess að varna nautunum brottgöngu. Fyrir kom það þó aðþau brutu skarð í garðinn og komust til byggða í Selárdal."

Bstbók, 114.

**Ba-178:076** *Fullsterkur* heimild manndómsraun

1942: "Rétt hjá [tóftum Kálfatjarnar] voru um síðustu aldamót þrír aflraunasteinar: Fullsterkur, Hálfsterkur og Aumingi. - Fullsterkur var auðvitað stærstur þeirra, en fremur eðlisléttur, og mun varla hafa vegið yfir 125 kg."

Bstbók, 115.

**Ba-178:077** tóftir býli

1942: "Suður af Uppsölum er allmikið svæði, er kallast Skarðsfossmýri. Hefir þar auðsjáanlega verið stórbýli á fyrri öldum, því að þar eru stórar fornar tóftir, en líklega lagzt niður í svartadauða (Munnmæli segja, að bær þessi hafi lagzt af í stórubólu, en það getur ekki verið rétt, því að Árni Magnússon getur ekki um hana)."

Bstbók, 116.

## Ba-179 Skeiði

Hjáleiga Selárdals 1710. Kallast þá bæði Kolbeinsskeiði og Skeiði. Byggð 1697 eða 1698 skammt frá hinum hjáleigunum,

og hafði ekki verið byggð þar áður. Í byggð fram yfir 1920.

1920: 3,8 ha. garðar 486 m2. 1840: "Túnin eru harðbalaleg og undirorpin megnu sandfoki. Hér er hægra til sjóar en á heimajörðinni, en aðrir kostir líkir." SSV, 229.

**Ba-179:001** *Skeiði* bæjarhóll bústaður
1840: "[stendur] neðst á bökkunum við sjóinn." Kolbeinsskeið á jörðin að heita formlega skv. Bstbók, 114.
Túnakort 1920; SSV, 229

**Ba-179:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-179:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-179:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-179:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-179:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-179:007** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-179:008** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-179:009** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-179:010** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-179:011** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-179:012** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-179:013** *Skútuhróf* heimild naust
"Teinahringsdalur. Þar eru landamerkin milli Skeiðs og Melstaðar. ...Innan til við lækinn í bökkunum sást fyrir skömmu fyrir gömlu hrófi, sem kallað var Skútuhróf. Þar er sagt að séra Páll Björnsson í Selárdal (1645-1706) hafi sett upp skútu sína, þá er hann lét ganga til fiskveiða."
Ö-Selárdalur, 8.

**Ba-179:014** *Daðatún* heimild bústaður
"Skeiðstún er skipt í tvennt af læk, sem þornar upp í þurrkum og heitir því Prettur. ... Ofar uppi í mýri og fyrir innan Prett er hóll, sem mór er nú þurrkaður á og er kallaður Mórhóll, en hét áður Daðatún og hefur hér verið húsmannsbýli til forna."
Ö-Selárdalur,17.

**Ba-179:015** *Mórhóll* örnefni mógrafir
"Skeiðstún er skipt í tvennt af læk, sem þornar upp í þurrkum og heitir því Prettur. ... Ofar uppi í mýri og fyrir innan Prett er hóll, sem mór er nú þurrkaður á og er kallaður Mórhóll, en hét áður Daðatún og hefur hér verið húsmannsbýli til forna."
Ö-Selárdalur,17.

**Ba-179:016** heimild bústaður
"Ofan og innan til við Skeiðstún er þúfnamór, heitir Deggsmór. Þegar Jón Deggur, sem getur um í "Vestfirzkum sögnum" (I. bindi, bls. 154) var í kofa sínum á Skeiði, fékk hann mó þennan til slægna."
Ö-Selárdalur,18.

## Ba-180 Skrúði

Hjáleiga Selárdals 1710, byggð upp úr stekkjarstæði staðarins fyrir manna minni. Við sjóinn ekki langt frá hinum hjáleigunum. Í byggð 1847. 1840 er Skrúði talin liggja undir Skeiði. 1873 er býlisins ekki getið og hefur þá verið í eyði - SSV, 238.

1840: "Túnin eru harðbalaleg og undirorpin megnu sandfoki. Hér er hægra til sjóar en á heimajörðinni, en aðrir

kostir líkir." SSV, 229.

**Ba-180:001** *Skrúði* bæjarstæði bústaður
Túnakort ekki til. Þar sést enn til bæjartófta.
Ö-Selárdalur, 18.

## Ba-181 Krókur (ytri)

Hjáleiga Selárdals 1710, byggð niður við sjóinn, fyrst sem tómthús. Í byggð fram yfir 1920.
1920: 1,6 ha. garðar 428 m2. 1840: "Túnin eru harðbalaleg og undirorpin megnu sandfoki. Hér er hægra til sjóar en á heimajörðinni, en aðrir kostir líkir." SSV, 229.

**Ba-181:001** *Krókur (Ytri)* bæjarhóll bústaður
1840: "[stendur] neðst á bökkunum við sjóinn."
Túnakort 1920; SSV, 229

**Ba-181:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-181:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-181:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-181:005** *Gróf* heimild lending
"Krókstún nær inn að Gróf, en það er djúp laut ofan í bakkana og niður undan henni er lending frá Skeiði og er einnig kölluð Gróf."
Ö-Selárdalur, 17.

**Ba-181:006** þjóðsaga
"Í prestsskapartíð séra Eggerts Ormssonar í Selárdal (1749-1788) bjó á Króki maður, sem Jón hét. Hann var talinn fjölkunnugur ... Jón [deyr], og um sama leyti springur í tvennt stór, rauður steinn, sem var í bökkunum fyrir ofan Flæðihamarsvík fyrir utan krók. Það var hald manna, að Jón hefði fólgið galdraáhöld sín undir steini þessum, og því hafi hann sprungið, þegar Jón dó. Sprungni steinninn sést á áðurnefndum bökkum enn þann daga í dag [1929]."
Vestfirzkar sagnir I, 28-29.

## Ba-182 Rimi

Hjáleiga Selárdals 1710. Kallaður bæði Rimi og Þinggerðarhryggur. Byggð við heimatúnið fyrir manna minni, ekki hafði verið byggð þar áður. Í byggð fram yfir 1920.
1920: 3,8 ha. garðar 766 m2. Sameiginlegt kort fyrir Hús og Rima. 1840: "... að öllu líkt heimajörðinni." SSV, 229.

**Ba-182:001** *Rimi* bæjarhóll bústaður
1840: "liggur svo sem 60 faðma fyrir ofan staðinn, en þó í sama túni." 1873: "[byggð] í heimatúni staðarins, bak við staðinn sjálfan undir fjallinu."
"Af Hólavelli [upp af bæjarhólnum í Selárdal]blasa við þrjár hjáleigur Selárdals: Tóft, Hús og Rimi. Eru túnblettir þeirra allra fyrir löngu runnir saman við Selárdalstún án aðgreiningar. ... Af bygggingum á Rima standa enn moldarveggir, og hafa öll hús þar staðið saman í þéttri hvirfingu." "Nú stendur hlaða, þar sem áður ver Rimabaðstofa [í Rimatúni]."
SSV, 229, 238; Ö-Selárdalur, e. H.V, 6; Ö-Selárdalur, 19; Túnakort 1920.

**Ba-182:002** *Rimastekkur* heimild stekkur
"Fyrir framan Tóftarhvamm er lítill hvammur, heitir Bolli. Fyrir framan hann eru tveir grasgeirar hver fram af öðrum og ná frá klettum töluvert niður eftir hlíðinni, heita Rimateigar. Niður undan þeim í hlíðinni er gamall stekkur, heitir Rimastekkur."
Ö-Selárdalur, 20.

## Ba-183 Hús (ytri)

Hjáleiga Selárdals 1710, byggð skammt fyrir ofan Rima, fyrir manna minni. Í byggð fram yfir 1920.

1920: 3,8 ha. garðar 766 m2. Sameiginlegt kort fyrir Hús og Rima. 1840: "Hér er skriðuhætt mjög á túnið og engar engjar." SSV, 229

**Ba-183:001** *Hús (Ytri)* bæjarhóll bústaður
1840: "... stendur hæst uppi í hlíðinni undir Bæjarfjallinu, svo sem 50 faðma fyrir ofan Rima." 1873: "[byggð] í heimatúni staðarins, bak við staðinn sjálfan undir fjallinu."

"Af Hólavelli [upp af bæjarhólnum í Selárdal] blasa við þrjár hjáleigur Selárdals: Tóft, Hús og Rimi. Eru túnblettir þeirra allra fyrir löngu runnir saman við Selárdalstún án aðgreiningar. ... ytrabyrði íbúðarhússins að Húsum stendur enn, en aðeins veggir af útihúsum, sem voru rifin árið 1964."

SSV, 229, 238; Ö-Selárdalur e. H.V, 6; Túnakort 1920.

**Ba-183:002** *Griputún* þjóðsaga
"Ofan við gömlu heimreiðina að Húsum, yzt og neðst í Húsatúni er lág ávöl hæð, og heitir hún Gríputún. Þjóðsaga er um það, að á dögum Árum-Kára hafi verið hjá honum vinnumaður, sem Börkur hét. Kerling hans hét Gípa, og hvernig sem á því stendur, var túnbleðill þeirra við hana kenndur ..."

Ö-Selárdalur e. H.V, 7.

## Ba-184 Neðribær

20 hdr. 1710. Selárdalskirkjueign

. 1920: 3,2 ha. garðar 408 m2. 1840: "Túnið er sæmilega grasgefið, en undirorpið sandfoki og landbroti af ánni. Engjar litlar og slæmar, einnig er hér hagalítið, en góð fjörubeit á vetrum fyrir sauðfé og hægt til sjóar." SSV, 229. 1873: "Tún jarðarinnar er harðlent, engjar litlar og mjög eyddar af skriðum úr Núpnum. Landið er melar, holt og hraun og kostarýrt, en fjörubeit er þar á vetrum notaleg með sjó fram. Þar er og útræði í svonefndri Krossavík, og upp af henni liggur hið helzta beitiland jarðarinnar." SSV, 238-39.

**Ba-184:001** *Neðribær* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.

**Ba-184:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-184:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-184:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-184:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-184:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-184:007** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-184:008** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-184:009** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-184:010** *Krossavík* heimild verbúð
1710: "Krossavík heitir örnefni hjer inn með sjónum í þessu jarðar landi. Þar er verstaða, og gengu hjer þrjú skip næstliðið vor, áður hafa stundum gengið iiii ... Verbúðir hafa hjer verið 4, og hánga sumar uppi en sumar eru fallnar, og leggur staðarhaldarinn oftast viðu til búðanna, en skipverjarnir byggja þær sjálfir upp og brúka landið til ristu og stúngu."

JÁM VI, 364-365.

**Ba-184:011** *Kumlahóll* örnefni
"Nú skal getið örnefni í Neðrabæjartúni ... Fremst á túninu, þar sem það er hæst heitir Kumlahóll. Fram af honum niður að ánni er árdalur sem heitir Kumlárdalur."

Ö-Selárdalur, 34.

**Ba-184:012** *Hesthúsbrekka* örnefni hesthús

"Niður af Kumlahól heitir Megsingur. Brekka með fram honum, sem snýr að ánni, heitir Hesthúsbrekka."
Ö-Selárdalur, 34.

**Ba-184:013** *Brunnhúslækur* örnefni vatnsból
"Undan Brekkunni [012] rennur lækur heitir Brunnhúslækur. Úr honum er neysluvatn bæjarins tekið."
Ö-Selárdalur, 34.

**Ba-184:014** *Lambhúsbali* örnefni lambhús
"Fyrir neðan lækinn [013] heitir Neðri-Vika. Fyrir innan hana er Lambhúsbali."
Ö-Selárdalur, 34.

**Ba-184:015** *Gvendarbrunnur* lind vatnsból
"Þá er að geta þess að sagt er, að Gvendarbrunnur hafi verið utan til við Eiríkslæk [sem rennur til sjávar úr Þrengslunum] neðanvert við götuna og hafi vatnið úr honum runnið í Eiríkslæk. En nú finnst hann ekki. ... En aðrir segja að Gvendarbrunnur sé rétt fyrir neðan götuna í Ytri-Sneiðingunum."
Ö-Selárdalur, 35.

**Ba-184:016** tóft stekkur
"Fyrir innan hann [Hraunahrygg] er hraun inn undir Drekahrygg heitir Neðrabæjarhraun. Efst í því innan til við Hraunahrygg er grashvolf, heitir Stekkjarbolli. Þar eru gamlar Stekkjartóftir."
Ö-Selárdalur, 35.

**Ba-184:017** *Innristekkur* tóft stekkur
"Innar í hrauninu [en 016] fyrir aftan götuna eru stekkjartóftir heita Innristekkur."
Ö-Selárdalur, 35.

**Ba-184:018** *Drekahryggur* þjóðsaga
"Fyrir innan hraunið liggur hár og mjór kambmyndaður hryggur frá fjallarótum niður á sjávarbakka, heitir Drekahryggur. Gömul munnmæli segja að dreki (skip) liggi á hvolfi í honum."

1821: "1. Haugar eda Fornmannaleidi eru 3. hér í Selárdals sókn. ... c, Dreka-hriggur, heitir lángur hriggur, skamt frá sjó, utann til vid ádurnefnda Krossavík, sem sagt er ad beri nafn af því ad stórt Langskip, kallad Dreki, hafi verid þar sett, og lík skiplagt.* *Uppá midium hriggnum ad ofannverdu sést lægd eda laut, hvar sagt er ad einhvörjir menn til forna hafi byrjad ad grafa upp Hauginn, enn vegna missýninga horfid frá því fyrirtæki." FF, 407.
1840: "Í Krossavík er rúst af svokölluðu Fífuhofi, og sést fyrir rúst af kringlóttum garði kringum það. Einnig, utan til við Krossavík er hryggur kallaður Drekahryggur, og er sagt, að dreki sé þar á hvolfi." SSV, 233.
Ö-Selárdalur, 35-36; FF, 407

**Ba-184:019** *Akurgerði* garðlag
"Innan til við hrygginn [018] niður undir sjávarbökkum sér fyrir gömlum garðmótum, heita Akurgerði. Drekahryggur skýlir því við norðanáttinni.. Sagt er að Stokkmenn ... hafi ætlað að gera þarna kornakur. En þeir hafa sótt vistir handa sér á Patreksfjörð og flutt þær á skipi til Krossvíkur. Þegar þeir komu lögðu þeir skipinu í víkinni. En áður [en þeir fluttu] ... vistirnar í land kom norðaustanstormur, sem sleit upp skipið og braut það í spón svo að vistirnar skemmdust og töpuðust. Hurfu þá mennirnir frá akurgerðinni og komu ekki aftur."
Ö-Selárdalur, 36.

**Ba-184:020** *Fífuhof - Hoftóft* örnefni
"Neðan til í víkinni fyrir utan Krossvíkurá er dálítil grjóthóll sem heitir Hoftóft. En ekki sést þar, svo víst þyki fyrir neinni tóft." - "Fífa var uppi um það leyti, sem kristni var fyrst að ryðja sér til rúms í landinu. En hún fygldi fast hinum forna sið. Hún hafði tvö hof. ... Hitt var úti í Krossavík."

1821: "1. Haugar eda Fornmannaleidi eru 3. hér í Selárdals sókn. ... b. Fífuhof heitir í Krossavík, í Selárdals Landareign, Hóll kringlóttur, grasi vaxinn, hvar Fífa, sem bygdi Fífustadi, og sem Bærinn tekur Nafn, skyldi hafa haft Godahof, og skipad ad heigia sig þar. Hofid, eda Hóllinn er 25. fadmar ummáls, áfastur vid Grióthollt; Laut er í hólnum ad nordannverdu, hvar Dyrnar mættu hafa verid á Hofinu." FF, 407.
1840: " Í Krossavík er rúst af svokölluðu Fífuhofi, og sést fyrir rúst af kringlóttum garði kringum það." SSV, 233. 1873: "Ein slík rúst er innanhallt við Krossavík, þar á bakkanum, og er sú sögn, að Fífa, kerling ein, er fyrst byggði á Fífustöðum, hafi átt þar hof sitt og blótað goð sín." SSV, 250.
Ö-Selárdalur, 37; Vestfirzkar sagnir I, 1; FF, 407.

**Ba-184:021** tóft
"Fyrir innan ána og ofarlega í víkinni, skammt fyrir utan Gvendarskarð og neðan götunnar, sést greinilega fyrir mjög fornlegum tóftum, þó að mjög séu nú upp blásnar."

Ö-Selárdalur, 37.

**Ba-184:022** *Ytri-Sneiðingar* vegur leið

"Innan til í víkinni [Hærri-Krossvík] liggur reiðvegurinn upp brekku í djúpu skarði, sem heitir Gvendarskarð. Er það kennt við Guðmund Jónsson sem var í Melstað og lagði veginn þarna aftur."

Ö-Selárdalur, 37.

**Ba-184:023** heimild brú

"Bóndi sá, sem bjó á Neðribæ í Selárdal um miðja 17. öldina, hafði látið setja viðarbrú á ána hjá sér rétt fyrir neðan túnið. Hann hafði skipað svo fyrir, að þegar hann dæi, þá skyldi taka brúna af ánni, og hafa viðinn úr henni í kistuna utan um sig. Einu sinni er bóndi með mönnum sínum á sjó fram undan Kópnum. Gerði þá aftakaveður svo mikið, að báturinn fórst í Kópanesröstinni, og mennirnir drukknuðu allir. Óveður þessu fylgdi stórregn, svo að vöxtur hljóp í Selárdalsána Flóði hún yfir bakka sína, tók af sér brúna hjá Neðribæ, og flutti hana á sjó út, einmitt sama daginn og eigandi hennar drukknaði í Kópanesröstinni. Lík bónda rak óskert norður á Sauðanes hjá Súgandafirði, og brúarviðinn rak þar líka um sama leyti. Þekktist hann, því að fangamark bónda var á honum. Hann var nú hafður í líkkistuna utan um bóndann, eins og hann hafði mælt fyrir."

Vestfirzkar sagnir I, 36-37.

**Ba-184:024** *Dalli* þjóðsaga draugur

"Veturinn 1912-13 fluttist Sveinn frá Klúku til Magnúsar sonar síns á Neðribæ ... Einu sinni snemma morguns þennan vetur gekk smalinn á Fífustöðum, Guðmundur Helgason, til fjársins, sem lá úti á hlíðinni og með sjónum milli Fífustaða og Neðribæjar. Þegar hann kom út á svo kallaðar Völlur, sá hann spor nokkur í snjónum á og hjá veginum. Að lögun virtust þau eins og hver önnur mannsspor, en þau voru öðrvísi gengin, því að þau lágu í eintómum krókum, líkt og spor eftir hunda, sem fylgjast með gangandi mönnum. Stundum lágu þau kippkorn eftir veginum, síðan beygðu þau upp fyrir hann nokkuð upp í hlíðina, komu því næst ofan aftur og lágu niður fyrir veginn og síðan upp fyrir hann aftur. Þannig lágu þau í krókum þessum alla þá leið, sem Guðmundur fór eftir veginum, en það var frá Völlum og út fyrir Hraunahrygg. Virtust sporin liggja óslitin alla þessa leið, en það er röskur hálftíma gangur. Þegar Guðmundur kemur út fyrir Hraunahrygg, fer hann af sporunum, því að hann heldur til sjávar til að hyggja að fénu, sem hann bjóst við að væri þar. En sporin virtust þá stefna á Neðribæ. Seinna þennan dag flytur Sveinn sig alfarinn að Neðribæ og fór þá sömu leiðina og sporin lágu, en fylgdi auðvitað ekki krókum þeirra. Var talið, að sporin hefðu verið eftir Dalla, því að aldrei fréttist til þess, að nokkur maður hefði farið þessa leið nóttina áður, þó að spurningum væri vandlega haldið um það, bæði af Guðmundi og öðrum, enda hefði enginn maður með fullu viti hagað göngu sinni þannig."

Vestfirzkar sagnir I, 146-147.

**Ba-184:025** heimild

1840: "Utan til við Skriðnafjallið liggur Krossavík, er liggur inn í fjallið, og nær út að Drekahrygg. Er hún beitarland frá Neðrabæ. Uppi á bökkunum í vík þessari sést rúst af sáðgarði þeim og húsi, sem norskir fiskarar og garðyrkjumenn, er kenna áttu íslenzkum netafisking og kornyrkju, byggðu seint á seytjándu öld." Sennilega sama og Akurgerði, 019.

SSV, 224

## Ba-185 Uppsalir

12 hdr. 1710. Selárdalskirkjueign. "Jörðinni er sundurskift í tvo bæi, sem báðir standa innangarða, og var sá síðari uppbygður fyrir 5 árum á fjósastæði, og er sá bærinn síðan kallaður Fremre Uppsaler." 1840: Hér eru tvö býli, og svo sem 20 faðm. milli bæjanna."

1920: 2,3 ha. garðar 759 m2. 1840: "Annað túnið er grasgefið, en hitt liggur árlega undir áföllum af skriðum. Engjar eru í meðallagi. Þar er óhægð til sjóar." SSV, 229. 1873: "Er þar tún og engjar mjög eytt af skriðum, en landkostir til beitar allgóðir." SSV, 238.

**Ba-185:001** *Uppsalir* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-185:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-185:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-185:004** heimild útihús

Túnakort 1920.
**Ba-185:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-185:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-185:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-185:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-185:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-185:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-185:011** *Fremri Uppsalir* heimild bústaður
"Jörðinni er sundurskift í tvo bæi, sem báðir standa innangarða, og var sá síðari uppbyggður fyrir 5 árum á fjósastæði, og er sá bærinn síðan kallaður Fremre Uppsaler."
JÁM VI, 363

## Ba-186 Fífustaðir

30 hdr. 1710 með nýbýlinu Holtsstöðum (Ba-187), sem eru annaðhvort hluti eða hjáleiga af jörðinni. Saurbæjarkirkjueign frá amk. 1441. Í örnefnaskrá segir af býli sem var í landinu, kallað Miðbær. Þingstaður Dalahrepps. 1446 er F. 24 hdr. kirkjujörð meðal eigna Guðmundar Arasonar. - DI IV, 692.

1920: 6,3 ha. garðar 877 m2. 1840: "Túnið er sæmilega grasgefið, en liggur undir áföllum af kriðum. Jörðin er hæg til sjóar." SSV, 228. 1873: "Tún og engjar jarðarinnar liggur undir stórskemmdum af skriðum og aurárennsliúr fjallinu. Engjarnar liggja fram með fjallsrótunum og eru mýrlendar og víðlendar. Er þar mótak gott." SSV, 239 sbr. 247. 1942: "Er það mikil jörð og vel ræktuð." Bstbók, 116.

**Ba-186:001** *Fífustaðir* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-186:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-186:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-186:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-186:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-186:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-186:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-186:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-186:009** *Stöð* heimild lending
1873: "Undir Fífustaðabökkum er verstæði, er Stöð heitir, og er þar allgóð lending bátskipum." "Fyrst verður farið með sjó fram frá Líkstapa [sem er á landamerkjum milli Fífustaðadals og Selárdals] inn að landamerkjum milli Kirkjubóls og Austmannsdals. Skammt fyrir innan Líkastapa er lítil vík heitir Skarfavík. ... þar fyrir innan [Brimnes sem er inn af Líkstapa] er lítil vík, heitir Stöð. Innan til við hana er klettur, heitir Staðarklettur. Stöð var fyrrum notuð sem lending frá Fífustöðum, en nú er hún nokkru innan við svo nefnt Sker."
SSV, 239; Ö-Fífustaðadalur, 39.
**Ba-186:010** *Sker* heimild lending

"Fyrst verður farið með sjó fram frá Líkstapa [sem er á landamerkjum milli Fífustaðadals og Selárdals] inn að landamerkjum milli Kirkjubóls og Austmannsdals. Skammt fyrir innan Líkastapa er lítil vík heitir Skarfavík. ... þar fyrir innan [Brimnes sem er inn af Líkstapa] er lítil vík, heitir Stöð. Innan til við hana er klettur, heitir Staðarklettur. Stöð var fyrrum notuð sem lending frá Fífustöðum, en nú er hún nokkru innan við svo nefnt Sker."
Ö-Fífustaðadalur, 39.

**Ba-186:011** *Þórunnarnaust* tóft naust
"Skammt fyrir innan Sker [010] eru gamlar húsatóftir, sem heita Þórunnarnaust. Þess skal getið, að þetta er gamalt nafn og er ekki dregið af Þórunni Jónasdóttur, sem nú á heima á Fífustöðum."
Ö-Fífustaðadalur, 39.

**Ba-186:012** heimild
"Fyrir innan Fífustaðasand og rif rennur í sjóinn á, sem heitir frá því að kemur að Kirkjubólslandi Kirkjubólsá. En fremst á sandinum rétt fyrir utan Kirkjubólsá er enn gufuketillinn úr norska hvalveiðaskipinu, Ísbirninum, sem strandaði hér 13 mai, 1891."
Ö-Fífustaðadalur, 39.

**Ba-186:013** tóft bústaður
"Nú verður farið aftur út að ytri Landamerkjunum, og talin örnefni í dalnum, sem heitir Fífustaðadalur. ... Önnur stærri lág er þar fyrir innan [Margrétarlág], heitir Skerlág. Hún er upp af Skeri [010]. Rétt fyrir innan Skeralág er holt, heitir Guðjónsholt. Er það kennt við Guðjón Þorsteinsson, sem byggði sér þar kofa og bjó í honum um tíma. Sést þar fyrir tóft eða tóftum."
Ö-Fífustaðadalur, 41.

**Ba-186:014** *Miðbær* heimild býli
"Áður voru hér þrjú býli og hétu Holt [Ba-187]. Miðbær ..."
Ö-Fífustaðadalur, 41.

**Ba-186:015** *Veita* örnefni áveita
"Innan og neðan til við Holtstún [þar sem Fífustaðabærinn stendur] er mýrarsund og lægð, heitir Veita."
Ö-Fífustaðadalur, 42.

**Ba-186:016** *Framri-Veita* örnefni áveita
"Neðan til við það [gamla Fífustaðatúnið] er mýrasund heitir Fremri-Veita."
Ö-Fífustaðadalur, 42.

**Ba-186:017** *Lambhústún* örnefni lambhús
"Fremsti hluti túnsins við framan og ofanverðan Langhól heitir Lambhústún."
Ö-Fífustaðadalur, 42.

**Ba-186:018** *Hofholt* heimild
"Fífa var uppi um það leyti, sem kristni var fyrst að ryðja sér til rúms í landinu. En hún fygldi fast hinum forna sið. Hún hafði tvö hof. Annað var fyrir neðan Kirkjuból á holti sem enn er kallað Hofholt." Sennilega sama og Ba-190, 016.
Vestfirzkar sagnir I, 1.

## Ba-187 Holt

Hjáleiga Fífustaða 1710, 5 hdr. af dýrleika heimajarðarinnar. Kallað Holtsstaðir 1710.

Holtstún var þar sem íbúðarhúsið að Fífustöðum stendur nú. 1840: "Túnið er allgott. Engjar eru í lakara lagi og slæm beit fyrir skepnur, sumar og vetur." SSV, 228.

**Ba-187:001** *Holt* bæjarstæði bústaður
"Yzti hluti túnsins heitir enn Holtstún. Þar stóð áður Holtsbær en nú er það íbúðarhúsið eða bærinn á Fífustöðum." Túnakort ekki til.
Ö-Fífustaðadalur, 41-42.

**Ba-187:002** heimild lending
"Lendíngin er nokkuð brimasöm og stórgrýtt."
JÁM VI, 366.

**Ba-188** **Öskubrekka**

20 hdr. 1710. Selárdalskirkjueign amk frá 1570. Jörðin fór í eyði rétt fyrir 1950.

1446 er Ö. 20 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar. - DI IV, 692. 23.10.1467 fær Einar sonur Björns Þorleifssonar ríka Ö. í arfaskiptum - DI V, 499-503.

1920: 2,4 ha. garðar 340 m2. 1840: "Heyskaparjörð góð og kostajörð á sumri. Túnið er undirorpið skaða af ánni, sem rennur að innanverðu ofan með því." SSV, 228. 1873: "Þar er raklent tún og vott slægjuland og undir skriðuskemmdum. Land fyrir búsmala er þar allgott og rúmt. Á rennur eftir dalnum, er veldur túnskemmdum á stundum með auráburði." SSV, 239.

**Ba-188:001** *Öskubrekka* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.

**Ba-188:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-188:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-188:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-188:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-188:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-188:007** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-188:008** heimild stekkur
"Landamerkin [við Fífustaði] eru um svonefnda Markskriðu. Framan við nefnda skriðu sést enn þá fyrir gömlum stekk."
Ö-Öskubrekka e. L.G, 1.

**Ba-188:009** *Kví* heimild kvíar
"... í Öskubrekkutúni er fremri hluti þess nefndur Leigutún. ... Framan við Leigutún er sléttlendi, og kallast þar Stólpaflöt. Þarna fram eftir er svo valllendi, og er svæðið nefnt Kví. Á sínum tíma munu þarna hafa verið færikvíar."
Ö-Öskubrekka e. L.G, 2.

**Ba-188:010** heimild kolagröf
"Austur af Fögrubrekku rís hár fjallsmúli, Eiríkshorn. ... Hitt er svo að margir kalla þetta horn Kolmúla. Sigurjón Magnússon, er bjó á Öskubrekku, tjáði mér, að það gæti ekki staðizt. Kolmúli væri ekki þetta horn, helur væri það klettahjalli nokkru austar og mjög áberandi. Hafði þar fyrr á tímum verið gert til kola, en svæðið þarna hafði verið skógi vaxið, og er það trúlegt."
Ö-Öskubrekka e. L.G, 3.

**Ba-188:011** heimild fjárhús
"Fyrir framan bæinn heitir Leigutún. Þar voru áður fjárhús, en nú er þar kálgarður."
Ö-Öskubrekka, 44.

**Ba-188:012** *Krókalaut* heimild leið
1840: "Annar fjallvegur er frá Öskubrekku að Sellátrum í Tálknafirði, ruddur, kallast Krókalaut, á að gizka viðlíka langur og [Selárdalsheiði = 1/2 þingmannaleið]." 1873: "Úr Sellátradal er fjallvegur sá, er Krókalaut heitir, og liggur niður í Kolmúladal."
SSV, 230-31, 247.

**Ba-188:013** *Öskubrekkuheiði* heimild leið
1873: Upp úr Krossdal má og fara svonefnda Öskubrekkuheiði og að Öskubrekku."
SSV, 247.

**Ba-189** **Klúka**

12 hdr. 1710. Bændaeign. Kirkjuból átti mánaðar selgöngu í Klúkulandi. En aftur á móti átti Klúka beit fyrir 24 sauði í Hagavík að vetrinum og skipsuppsátur vor og haust í Grísavík í Kirkjubólslandi.

1446 er K. 8 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar. - DI IV, 692. 23.10.1467 fær Einar sonur Björns Þorleifssonar ríka K. í arfaskiptum - DI V, 499-503. 23.9.1545 selur Jón Grímsson Daða Guðmundssyni K. - DI XI, 440. 7.6.1699 er Sveinn Einarsson skipaður umboðsmaður barna Jóns Guðmundssonar vegna 6 hdr. hlutar hans í K. - Jarðabréf, 151-52. 11.4.1703 á Einar Jónsson, umboðspiltur Þórðar Jónssonar, 3 hdr í K., byggð með 1 kúgildi og 20 al landsk í óágreindum aurum - JÁM XIII, 248.

1920: 2,5 ha. garðar 260 m2. 1840: "Það er kostajörð á sumardag, en vetrarríki er þar, óhæg til sjóar og ef til vill undirorpin skaðræði af ánni." SSV, 228. 1873: "Sæmileg grasjörð, en skriðuskemmdum undirorpin. Er þar allgott sauðland á sumrum." SSV, 239.

**Ba-189:001** *Klúka* bæjarhóll bústaður
"Efst á því [túninu] er Hesthúsbali. Þar stóð bærinn áður, en var fluttur niður á túnið af ótta við grjótkast úr fjallinu."
Túnakort 1920; Ö-Fífustaðadalur, 50.

**Ba-189:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-189:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-189:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-189:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-189:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-189:007** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-189:008** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-189:009** tóft sel
"Ofar og framan til við Þverá eru lynglautir heita Nautagrófir. Upp af þeim eru Seltóftir. Þar var haft í seli frá Kirkjubóli, sem átti mánaðar selgöngu þarna í Klúkulandi. En aftur á móti átti Klúka beit fyrir 24 sauði í Hagavík að vetrinum og skipsuppsátur vor og haust í Grísavík í Kirkjubólslandi."
Ö-Fífustaðadalur, 47.

**Ba-189:010** *Krókalautarvegur* vegur leið
"Langt fyrir framan Tungu eru Vegamót, þar sem Krókalautarvegur og Fagradalsvegur skiptast. Liggur Krókalautarvegur í Sellátradal í Tálknafirði en Fagradalsvegur í Fagradal í sama firði."
Ö-Fífustaðadalur, 46.

**Ba-189:011** *Fagradalsvegur* vegur leið
"Langt fyrir framan Tungu eru Vegamót, þar sem Krókalautarvegur og Fagradalsvegur skiptast. Liggur Krókalautarvegur í Sellátradal í Tálknafirði en Fagradalsvegur í Fagradal í sama firði."
Ö-Fífustaðadalur, 46.

**Ba-189:012** heimild fjárhús
"Fyrir framan Klúkutún er grashryggur sem heitir Bringur. Þar voru áður fjárhús, hlaða og stundum hefur þar verið húsmannsbýli."
Ö-Fífustaðadalur, 49.

**Ba-189:013** *Bringur* heimild bústaður
"Fyrir framan Klúkutún er grashryggur sem heitir Bringur. Þar voru áður fjárhús, hlaða og stundum hefur þar verið húsmannsbýli."
Ö-Fífustaðadalur, 49.

**Ba-189:014** heimild kvíar
"Upp af túninu er hryggur sem heitir Kvíahryggur. Upp í honum er gömul Kví."
Ö-Fífustaðadalur, 49-50.

**Ba-189:015** *Fornastekkjarhvammur* örnefni stekkur
"Rétt fyrir framan Kvína er hóll, heitir Grjóthóll. Kirkjubólsmegin við Grjóthól er hvolf, heitir Kvíarhvolf. Þar fyrir utan

er hryggur, heitir Hjallhryggur. Fyrir utan hann er hvolf eða hvammur, sem heitir Fornastekkjarhvammur."
Ö-Fífustaðadalur, 50.

**Ba-189:016** *Hesthúsbali* örnefni hesthús
"Efst á því [túninu] er Hesthúsbali. Þar stóð bærinn áður, en var fluttur niður á túnið af ótta við grjótkast úr fjallinu."
Ö-Fífustaðadalur, 50.

**Ba-189:017** heimild fjárhús
"Ofan til við túnið er útrækt, heitir Fjárhústún. Þar eru nú fjárhús og hlaða."
Ö-Fífustaðadalur, 50.

**Ba-189:018** heimild útihús
"Stór brekka rétt fyrir neðan bæinn er aðeins kölluð Brekka. Fyrir neðan hana er kvísl úr ánni, og hleypur áin í hana í vatnavöxtum; kvíslin heitir Seil. Milli Seilarinnar og árinnar er eyri, heitir Bjarnaeyri. Sagt er að húsmaður, að húsmaður að nafni Bjarni hafi eitt sinn haft þar kofa, og sást þar til skamms tíma móta fyrir einhverri tóft."
Ö-Fífustaðadalur, 50.

**Ba-189:019** *Merkjagarður* garðlag landamerki
"Hjá seil þesari er garðbrot, sem heitir Merkjagarður, og eru í hann landamerki á eyrunum milli Klúku og Kirkjubóls."
Ö-Fífustaðadalur, 51.

**Ba-189:020** álagablettur
"...Álögublettur er upp í Grjóthvilft og þar í mýri milli Hærri Grjótbrekku og Lægri-Grjótbrekku. Hef ég sögu um blett þennan í hinu óprentaða þjóðsagnasafni mínu."
Ö-Fífustaðadalur, 51.

**Ba-189:021** *Kolmúli* örnefni
1873: "Skammt [frá Klúku] er klettahnjúkur sá, er Kolmúli heitir. Skyldi þar í fornöld verið hafa skógur mikill og brunnið af voðaeldi og af þeim bruna hafi síðan fjallið og dalurinn allur dregið nafn sitt."
SSV, 239-40.

## Ba-190 Kirkjuból

24 hdr. 1710. Bændaeign. Fyrst getið 1354. Bænhús á miðöldum. Kirkjuból átti mánaðar selgöngu í Klúkulandi. En aftur á móti átti Klúka beit fyrir 24 sauði í Hagavík að vetrinum og skipsuppsátur vor og haust í Grísavík í Kirkjubólslandi.

1446 er K. 20 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar. - DI IV, 692. 5.9.1460 var tekinn vitnisburður um að Björn Þorleifsson lagði aftur jarðir, sem Guðmundur Arason hafði áður haldið, til arfa Ólafar Aradóttur, og var þá einnig kært um K. - DI XI, 20. 23.10.1467 fær Einar sonur Björns Þorleifssonar ríka K. í arfaskiptum - DI V, 499-503. 23.9.1545 selur Jón Grímsson Daða Guðmundssyni K. - DI XI, 440.

1920: 6 ha. garðar 792 m2. Túnakort af Kirkjubóli og Görðum. 1840: "Þar er grasgefið tún, en þýft. Hér er landkreppa og hrjóstugt, en fjörubeit á vetrum. Hæg til sjóar." SSV, 228. 1873: "Jörðin hefur þýfð tún, útslægjur votar og lítið og kostalétt beitiland." SSV, 40.

**Ba-190:001** *Kirkjuból* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.

**Ba-190:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-190:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-190:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-190:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-190:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-190:007** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-190:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-190:009** *Garðar* heimild býli

Túnakort sýnir býlið Garð með Kirkjubóli, á kortinu sést bæjarhóll og sennilega 2 útihús. Bærinn var rifinn og er ekkert býli þar núna.

Túnakort 1920; Ö-Fífustaðadalur, 54.

**Ba-190:010** heimild bænhús

1710: "Sagt er að hjer hafi að fornu bænhús verið, og sjást hjer í túninu litlar girðíngar, sem líkjast kirkjugarðsleifum." 1840: "Bænhús hefur í gamalli tíð verið á Kirkjubóli í Kolmúladal. Enginn veit nú um upphaf þess eða endi, eða hverjir bæir hafa sótt þangað kirkju." 1873: "Um bænhús í sóknunum eru engin vis skilríki fyrir, hvar verið hafi í fyrstu. Sú er sögn aðeins, að í Dölum hafi bænhús verið á Hóli og á Kirkjubóli. Nær þau hafi lagzt niður, vita menn hér ekki."

1942: "Þar var bænhús í kaþólskum sið. Um síðustu aldamót sá þar fyrir ofurlitlum garði með tóft í miðju." "Fáum föðmum áarmegin við bæinn er ávalur bali, heitir Bæjarhóll. Fífustaða-megin við hann mótaði fyrir mjórri, aflangri tóft með dyrnar á móti Fífustöðum. Hún var kölluð Bænhústóft. En sjávarmeginn við hólinn og aðskilið frá tóftinni sést fyrir hér um bil kringlótti garðmóti, sem er þýft innan veggmóta. Þetta heitir Kirkjugarður. Á seinni árum hefur orðið breyting hér, einkum á Bænhústóftinni, og mun lítið eða ekkert sjást nú fyrir henni."

JÁM VI, 367; SSV, 231, 248; Bstbók, 116; Ö-Fífustaðadalur, 53.

**Ba-190:011** *Hella* heimild lending

1710: "heimræði er hjer á sumur og haust, en mjög gagnlítil um vorvertíð, því lángræði er ærið og lendíng brimasöm, nema fiskurinn gángi inn á fjörðinn, þá er ekki lángræðið að meini, og gengur hjer nú eitt skip ábúanda." 1873: "Undir hraunbökkunum við sjóinn er lending sú, er á Hellu heitir. Skammt þar fyrir innan er Grísavík."

JÁM VI, 368; SSV, 240.

**Ba-190:012** *Grísavík* heimild uppsátur

"Kirkjuból átti mánaðar selgöngu í Klúkulandi. En aftur á móti átti Klúka beit fyrir 24 sauði í Hagavík að vetrinum og skipsuppsátur vor og haust í Grísavík í Kirkjubólslandi."

Ö-Fífustaðadalur, 47.

**Ba-190:013** heimild mógrafir

"Niður af Lækjaruppkomu og fyrir neðan lækinn er allstórt graslendi heitir Bjarnapartur. Hann nær niður að Hesthúsholti og heim að skurði fyrir framan túnið. Þar er mótakið nú."

Ö-Fífustaðadalur, 52.

**Ba-190:014** *Hesthústún* örnefni hesthús

"Fyrir neðan hann [013] er Hesthúsholt. Fyrir neðan það er Hesthústún."

Ö-Fífustaðadalur, 52.

**Ba-190:015** *Virki* örnefni

"Fyrir framan Hesthúsholt eru mýrasund og grasmóar, heita Virki. En engin mannvirki eru þar nú sjáanleg."

Ö-Fífustaðadalur, 52.

**Ba-190:016** *Hofhúsholt* tóft **Friðlýstar minjar**

"Sjávarmeginn við Léreftahvamm [018] er holt, sem heitir Hofhúsholt. Á því miðju er grashóll og þar sem hann er hæstur, virðist vera leifar af gamalli tóft. Tóftin hefur verið úr jarðefnum að mestu eða öllu leyti og er nú blásin upp."

Friðlýstar minjar: "Hoftóft á svo-nefndu Hofholti eða Hofhússholti, fyrir neðan túnið." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 35.

Ö-Fífustaðadalur, 52.

**Ba-190:017** *Hjalltún* örnefni hjallur

"Fyrir innan hann [bæjarlækinn] móts við bæinn heitir Hjalltún. Það er útrækt."

Ö-Fífustaðadalur, 52.

**Ba-190:018** Léreftahvammur heimild þvottastaður

"Hún [Fífa á Fífustöðum] lét þvo léreft sín í Fífustaðaánni fyrir neðan Kirkjuból og þurrkaði þar í hvammi Kirkjubólsmegin við ána, sem enn er kallaður Léreftahvammur."

Vestfirzkar sagnir I, 1.

**Ba-190:019** *Vörðuhóll* varða

"Fyrir innan og neðan Hlíðarkverk er víðáttumikið hraun heitir Kirkjubólshraun. Í hrauninu fyrir neðan götu er hóll með vörðu á; hóllinn heitir Vörðuhóll."

Ö-Fífustaðadalur, 54.

**Ba-190:020** gata leið
"Fyrir innan og neðan Hlíðarkverk er víðáttumikið hraun heitir Kirkjubólshraun. Í hrauninu fyrir neðan götu er hóll með vörðu á; hóllinn heitir Vörðuhóll."
Ö-Fífustaðadalur, 54.

**Ba-190:021** *Stöðull* heimild kvíar
"Fyrir innan Hjallatún [017] er lækur, heitir Stöðullækur. Fyrir innan hann er hóll og á honum var kvíin, þar sem ærnar voru mjólkaðar í; hóllinn hét Stöðull."
Ö-Fífustaðadalur, 54.

## Ba-191 Austmannsdalur

12 hdr. 1710. Bændaeign.

1446 er A. 12 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar. - DI IV, 692. 5.9.1460 var tekinn vitnisburður um að Björn Þorleifsson lagði aftur jarðir, sem Guðmundur Arason hafði áður haldið, til arfa Ólafar Aradóttur, og var þá einnig kært um A. - DI XI, 20. 23.10.1467 fær Einar sonur Björns Þorleifssonar ríka A. í arfaskiptum - DI V, 499-503. 23.9.1545 selur Jón Grímsson Daða Guðmundssyni A. - DI XI, 440. 1576 er A. 12 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 104. 25.4.1695 selur Guðrún Eggertsdóttir eldri sr. Halldóri Pálssyni A. fyrir 12 hdr. - Jarðabréf, 145.

1920: 2,8 ha. garðar 600 m2. 1840: "Þar er þýft tún, en grasgefið. Engjar slæmar. Hægt til sjávar. Hér er og þarabeit á vetrum, en lítil kúabeit á sumrum." SSV, 228. 1873: "... hefur þýft tún og litlar, votar slægjur og á báða vegi hraunurðir graslausar með gamburmosa." SSV, 240.

**Ba-191:001** *Austmannsdalur* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.

**Ba-191:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-191:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-191:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-191:005** *Hella* heimild lending
1710: "Heimræði er hjer sem áður segir um Kirkjuból, og lendíng með sama slag, og gengur hjer nú eitt skip ábúenda." - "Niður og inn af henni [006] er grasflatir, heita Helluflatir. Fyrir neðan þær við sjóinn er lendingin frá Austmannsdal og heitir Hella."
JÁM VI, 369; Ö-Austmannsdalur, 56.

**Ba-191:006** *Austmannsdalsrétt* heimild rétt
1873: "Réttir eru í Selárdal, mjög gömul rétt og grjóti hlaðin, og á Hóli er einnig réttað og í Hvestu, en lögskilarétt í sveitinni er nú ákveðið, að vera skuli í Austmannsdal." "Fyrir innan landamerkin [milli Kirkjubóls og Austmannsdals á bökkunum] er stór skriðuhryggur heitir Réttarhryggur. Rétt fyrir innan hann er skilarétt heitir Austmannsdalsrétt."
SSV, 246; Ö-Austmannsdalur, 56.

**Ba-191:007** tóft stekkur
"Frá Ormi og inn undir og upp fyrir Austmannsdalstún er mýrlent engjastykki. Ofan úr því, kippkorn fyrir innan Orm [mýri], rennur lækur til sjávar, heitir Rauðilækur. Fyrir ofan mýrarnar eru þurrlendis vellir, heita Flatir. Yzt á þeim eru gamlar Stekkjartóftir."
Ö-Austmannsdalur, 57.

**Ba-191:008** *Lambhúshólar* örnefni lambhús
"Ofarlega á túninu heita Lambhúshólar."
Ö-Austmannsdalur, 58.

**Ba-191:009** *Landamerkjagarður* garðlag landamerki
"Skammt fyrir innan Arnarbæli er gamalt garðmót frá bökkum og upp í aura, það er upp í hlíðinni þar sem aurskriðurnar byrja; garðurinn heitir Landamerkjagarður, enda eru þar landamerki milli Austmannsdals og Bakka."
Ö-Austmannsdalur, 58.

**Ba-191:010** *Austmannahaugur* örnefni legstaður
"Í fjallinu eru landamerkin í fjallsgnýpu beint upp af garðmótinu [011]; hún heitir Haugshorn. Upp á því er Austmannahaugur. Þar er sagt að Austmaðurinn, sem bygði Austmannsdal, sé heygður." 1821: "1. Haugar eda

Fornmannaleidi eru 3. hér í Selárdals sókn. a, Audsmanns- eda Austmanns-haugur. Þetta er Hóll kringlóttur, uppdreiginn og ávalur, grasi vaxinn ad ofannverdu, med laut I kollinum, sumkríngdur steinum, sem settir eru 3. hvör ofann á annann, og hvör vid hlidina á ödrum. Haugurinn stendur uppá Fjallsgnípu, kalladri Haugshorn, fyrir ofann Austmannsdal, og þar kyldi Audsmadur- eda Austmadur Bóndi, (: sem Bærinn, og Dalurinn bera Nafn af:) hafa skipad ad heigia sig, svo hann sæi yfir Landid." 1840: "Á áðurnefndu Haugshorni í Austmannadal sést og svo haugur, að sögn Austmanns þess, sem dalurinn dregur nafn sitt af."

Ö-Austmannsdalur, 58; FF, 407; SSV, 233.

## Ba-192 Bakki

18 hdr. 1710. Bændaeign. Gróuhólar þar af 6 hdr. "Þessi jörð er sundurskift í tvo bæi, og standa báðir á sama túninu. Heldur gamli bærinn jarðarnafninu, en sá nýi kallast almennilega Gróuhólar. Túni og engjum er einasta skift milli bæjanna, en öðrum landsnytjum óskift." JÁM VI, 369.

1446 er talin Brekka 20 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar í Arnarfjarðardölum og hlýtur það að vera misritun fyrir Bakka - DI IV, 692. 5.9.1460 var tekinn vitnisburður um að Björn Þorleifsson lagði aftur jarðir, sem Guðmundur Arason hafði áður haldið, til arfa Ólafar Aradóttur, og var þá einnig kært um B. - DI XI, 20. 23.10.1467 fær Einar sonur Björns Þorleifssonar ríka B. í arfaskiptum - DI V, 499-503. 1576 er B. 20 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 104. 4.4.1660 selur Eggert Björnsson bróður sínum sr. Páli Björnssyni 6 hr. í B. - Jarðabréf, 117. 11.5.1680 samþykkja Jón Jónsson og Jón Þorleifsson vegna systranna Halldóru og Ingibjaragar Jónsdætra skipan Gísla Jónssonar er hann skipaði sr. Páli Björnssyni 6 hdr. í B. - Jarðabréf, 116. 7.6.1685 selur Páll Jónsson sr. Páli Björnssyni 6 hdr. í B. - Jarðabréf, 201. 20.10.1699 gefur sr. Páll Björnsson Þorgerði Einarsdóttur skilmálalaust 6 hdr. í B. - Jarðabréf, 152. 4.10.1700 gerir sr. Páll Björnsson kunnugt að hann hafði fengið 12 hdr. í B. af syni sínum sr. Halldóri fyrir aðra jörð - Jarðabréf, 94. 3.5.1703 á Páll Björnsson í Selárdal 12 hdr. í B, landsk 70 al, 3 1/2 kúgildi - JÁM XIII, 205.

1920: Mælingar vantar. 1840: "Þar er hrjóstugt. Tún og engjar undirorpið skriðum úr fjallinu. Hér er útigangur allgóður og hægt til sjóar, lítill heyskapur." SSV, 228. 1873: "Tún og engjar bíða nær því árlega tjón af aur og grjótskriðum. Slægjur eru allvíðlendar mýrar fram í dalinn. Túnið liggur til fjöru. Þar er lending allgóð bátskipum." SSV, 240.

**Ba-192:001** *Bakki* bæjarhóll bústaður
"Á stórum hól á gamla Bakkatúninu er steinhústóft af gamla Bakkabænum. Hefur bærinn brunnið þar tvisvar í minni núlifandi manna. Tóftin heitir nú Brunatóft."
Túnakort 1920; Ö-Bakkadalur, 60.

**Ba-192:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-192:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-192:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-192:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-192:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-192:007** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-192:008** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-192:009** heimild lending
"Heimræði er hjer á sumur og haust, og lendíng sæmileg, en á vorin gjöra menn sig heiman með skip sín út í Selárdalsverstöðu ..." Gæti tilheyrt Gróhólum.
JÁM VI, 370.

**Ba-192:010** heimild naust
"Inntökuskip eru hjer tvö, sem ábúendur í Feitsdal eiga, og geldur annar v álnir fyrir skipstöðu og naustgjörð til prófastsins

..."

JÁM VI, 370.

**Ba-192:011** tóft stekkur

"Haldið verður áfram með upptalningu örnefnanna frá landamerkjum Austmannsdals og Bakka inn eftir. Skammt fyrir innan Landamerkjagarð ... Þar upp af [Innri-Hellu] er brekka, heitir Ytribrekka. Fyrir innan hana er grasflötur, heitir Stekkjarflöt. Fyrir inan hana er önnur brekka, heitir Innribrekka. Við hana eru Stekkjartóftir."

Ö-Bakkadalur, 59.

**Ba-192:012** *Snorralending* heimild lending

"Fyrir neðan Innribrekku [011] við sjóinn er vík, sem heitir Snorralending. Gamlar sagnir eru til um það, að eitt sinn hafi maður leynst á bát sínum í þröngum vogi niður undan Bakkahlíð, meðan óvinur hans, sem voru að elta hann, réru fram hjá og urðu hans ekki varir. Þykir kunnugum líklegt að maðurinn hafi einmitt leynst í Snorralendingu þessari. Hlíðin frá merkjum að utan og inn á næsta örnefni heitir Bakkahlíð ..."

Ö-Bakkadalur, 59.

**Ba-192:013** *Bakkavör* heimild lending

"Þar fyrir innan [Bakkahlíð 012] er lendingarvör, heitir Bakkavör. Í henni frammi í sjónum er steinn, heitir Varnarkollur."

Ö-Bakkadalur, 60.

**Ba-192:014** *Grimssker* heimild lending

"Spottakorn fyrir innan Bakkavör [013] er annar lendingastaður upp með skeri; það og lendingin heitir Grímssker, og er þetta gamalt nafn."

Ö-Bakkadalur, 60.

**Ba-192:015** *Vinaminni* heimild bústaður

"En þar í milli [gamla Bakkatúnsins og Bakkavarar 013] er húsmannsbýlið Vinaminni."

Ö-Bakkadalur, 60.

**Ba-192:016** garðlag kálgarður

"Spölkorn fyrir innan og neðan hana [Brunatóft 001] er kálgarður. Þar stóð áður bærinn Gróhólar eða Grófhólar.

Ö-Bakkadalur, 60.

**Ba-192:017** *Melshús* heimild býli

"Niður af Gróhólum [Ba-193] niðri á bökkum og fyrir innan Bakkatún er húsmannsbýlið Melshús."

Ö-Bakkadalur, 61.

**Ba-192:018** *Laufás* heimild bústaður

"Skammt þar fyrir innan [018] er annað húsmannsbýli, sem heitir Laufás."

Ö-Bakkadalur, 61.

**Ba-192:019** heimild vað

"Fyrir innan Laufás [018] eru Bakkamelar. Þeir ná inn að vaðli, sem heitir Hólsvaðall. Inn í hann skarst að utan malarrif heitir Riftangi. Rétt fyrir neðan oddann á Riftanga er Vað á vaðlinum. Þar rétt fyrir neðan er stór steinn í vaðlinum. Meðan hann stendur upp úr, er vaðallinn reiður"

Ö-Bakkadalur, 61.

**Ba-192:020** *Réttargil* örnefni rétt

"Í fjallinu upp af Brunatóft [Ba-193, 001] er stórt gil, heitir ýmist Réttargil eða Bakkagil."

Ö-Bakkadalur, 61.

## Ba-193 Gróhólar

Hjáleiga eða annað býli á Bakka, 1710. 6 hdr. "Þessi jörð er sundurskift í tvo bæi, og standa báðir á sama túninu. Heldur gamli bærinn jarðarnafninu, en sá nýi kallast almennilega Gróuhólar. Túni og engjum er einasta skift milli bæjanna, en öðrum landsnytjum óskift. ... Gróuhólar. Það er nýi bærinn, sem áður um getur, bygður í heimatúninu hjer um fyrir 30 árum, á fornu fjósstæði, og var það fyrst framan af hjáleiga, en nú reiknast hann að dýrleika vi úr allri jörðinni." JÁM VI, 369

1840: "...liggur í Bakkatúni innantil. Hér eru sömu kotir og ókostir sem á heimajörðinni, nema túnið er betra." SSV, 228.

**Ba-193:001** *Gróhólar* bæjarhóll bústaður

"Spölkorn fyrir innan og neðan hana [Brunatóft Ba-192:001] er kálgarður. Þar stóð áður bærinn Gróhólar eða Grófhólar."

"En fáum föðmum fyrir utan Melshús [Ba-192:018] er nú tóft af hinum síðasta bæ á Gróhólum, sem hét Gróhólabær. En hann var rifinn fyrir skömmu. Það var í bæ þessum sem Bakkaundrin eða Gróhólaundrin urðu árið 1919."
Túnakort ekki til.

## Ba-194 Feigsdalur

30 hdr 1710 með Feitsdalshúsum. Konungsjörð frá 16. öld. Feitsdalur á 17. og 18. öld (Árbók 1923, 50). Feitsdalshús byggð í heimatúninu 10 hdr. 1710. Um 1935 var nýbýlið Grænahlíð byggt í landi Feigsdals. Á miðöldum mun jörð þessi hafa verið kölluð Kirkjuból og er fyrst getið 1460 (DI V, nr. 202) sbr ÓL Byggð og saga, 312-23.

1446 er Kirkjuból 30 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar. - DI IV, 692. 23.10.1467 fær Einar sonur Björns Þorleifssonar ríka Kirkjuból í F. í arfaskiptum - DI V, 499-503.

1920: 8,3 ha. garðar 1209 m2. 1840: "... bezta gras- og kostajörð. Túnið er undirorpið skemmdum [af] ánni, en engjar af skriðum úr Bakkafjallinu." SSV, 228. 1873: "Hefur góð og greiðfær tún og víðlent mýrengi. Jörð þessi liggur í dalbotninum, og eru búfjárhagar kjarngóðir. Engjar liggja undir skemmdum af skriðum úr fjallinu." SSV, 240.

**Ba-194:001** *Feigsdalur* bæjarhóll bústaður
"Oft munu bæjarhús í Feigsdal hafa verið endurbyggð, bæði vegna hrörnunar, og einnig hefur bærinn brunnið 2-3 sinnum. Vera má, að hann hafi eitthvað verið færður til. Lengst mun bærinn hafa staðið á hólnum suðaustur af núverandi húsi. Síðast brann þarna 1965. ... Suðaustur frá núverandi bæjarhúsi hafði bærinn staðið áður fyrr á háum hól, sem nefndur er Bæjarhóll. Nú í seinni tíð var kálgarður framan við nefndan hól."
Túnakort 1920; Ö-Feigsdalur, 2, 6.

**Ba-194:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-194:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-194:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-194:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-194:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-194:007** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-194:008** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-194:009** *Feitsdalshús* heimild býli
"Feitsdalshús heitir annar bærinn, sem bygður hefur verið í heimatúninu fyrir manna minni, afdeildur einasta að túni og engjum, og reiknast fyrir þriðjúng allrar jarðarinnar, að dýrleika x [hdr.]." "Ég man vel eftir, að hesthús var þarna norðarlega í túninu 1914. ... Við færum okkur nú neðst í norðurhornið á túninu, nálægt Strengjum. Þarna hafði verið býli og nefnt Feigsdalshús. Síðar mun annað býli hafa risið þarna á sama stað, kallaðist það Hólatóttir. Upp úr þessum húsatóttum var seinna reist hesthús."
JÁM VI, 371; Ö-Feigsdalur, 6

**Ba-194:010** heimild rétt
"Fremst og neðst í Breiðahvammi var endur fyrir löngu rétt, er að nokkru sést ennþá."
Ö-Feigsdalur, 2.

**Ba-194:011** *Feigsdalsmógrafir* heimild mógrafir
"Fram við túnið í Feigsdal og fremst í flóanum voru Feigsdalsmógrafir ..."
Ö-Feigsdalur, 3.

**Ba-194:012** heimild stekkur
"Þar sem Feigsdalshlíðin endar, taka við flatir niður með ánni, Flatirnar. Fremst á þeim sést fyrir byrgi, sem frá fyrstu tíð mun hafa verið stekkur. Stekkjargil var fyrir framan stekkinn og náði alla leið upp í Skjöld."
Ö-Feigsdalur, 3.

**Ba-194:013** heimild sel

"Þegar komið er upp í dalinn [Torfdal], rétt ofan við Neðribrekkur, tekur við Selið. Þarna var alltaf hlýlegt og gott beitiland á stóru svæði."

Ö-Feigsdalur, 3.

**Ba-194:014** *Torfdalur* heimild rista

"Nafnið Torfdalur er sagt dregið af því, að þarna var sérstakur torfskurður, ekki beint torfrista."

Ö-Feigsdalur, 3.

**Ba-194:015** heimild leið

"Næsti dalur er í senn stærstur og lengstur allra framdalanna, heitir Heiðardalur. Fremst úr honum er farið leið yfir til Laugardals í Tálknafirði."

Um 1180: "[Markús Sveinbjarnarson] fór um veturinn úr Arnarfirði um heiði til Tálknafjarðar og þeir fjórir saman. Og á heiðinni gerði að þeim vont veður svo að þeir fóru villt. Og er minnstar vonir voru brast undir þeim einn hengiskafl og í þessi skriðu týndist Markús prestur og annar maður með honum en sá komst í brott heill úr skriðunni er óknástur var. ... Þessi aturður varð þar sem heitir Feigsdalur." Sturl, 884.

Ö-Feigsdalur, 5.

**Ba-194:016** *Brunnurinn* brunnur vatnsból

"Norðvestan við hólinn [Bæjarhól 001] er lægð mikil og sléttlendi. Þar var nálægt bænum brunnur, vatnsból hússins um langa tíð, en seinna var vatn leitt úr bruninum inn í húsið. Ávalt var talað um Brunninn."

Ö-Feigsdalur, 6.

**Ba-194:017** *Feigsleiði* örnefni legstaður

"Skammt frá þessum stöðum [Feigsdalshúsum/Hólatóftum] hafði sézt fyrir smáhleðslu utan um upphækkun og nefnd Fornadys eða Feigleiði. Þarna var staðurinn, þar sem álitið var, að Feigur búandi væri heygður."

Ö-Feigsdalur, 6.

**Ba-194:018** *Bænhúsflöt* örnefni bænhús

"Þegar komið er neðan frá Bakka, er farið hlíðin og síðan sniðvegur niður á aðalveginn heim að bænum. Skammt frá bænum höfum við á hægri hönd stóran hól, þar sem sagt er, að hálfkirkja hafi staðið. Til þess benda og örnefnin Bænhúsflöt og Kirkjugarður. Er þetta svæði nú allt orðið slétt tún fyrir mörgum árum"

"Nú er búið að slétta hér, en áður var, þar sem sagt var, að kirkjugarðurinnnn hefði verið, stórar aflangar þúfur, sem líktust leiðum. Ég fór með Finnboga þangað, sem Bænhústóft og Kirkjugarðurinn átti að vera 16. júní 1935. Tel ég víst, að þarna hafi síðast verið kálgarður og sést enn fyrir garðmálunum kringum hann."

Ö-Feigsdalur, 6; Ö-Bakkadalur, 63.

**Ba-194:019** garðlag vörslugarður

"Ofan við túnið á þessum stað [018] var afgirt svæði, að nokkru með garði. Þetta var nátthaginn."

Ö-Feigsdalur, 6-7.

**Ba-194:020** varða landamerki

"Landamerki milli jarðanna Feigsdals og Bakka eru í gili í fjalli, er kallast Markgil; ofan undan því garður, er kallast Markhryggur. Á honum er hlaðnar þrjár vörður og eftir tveimur neðri vörðunum bein sjónhending í vörðu, er hlaðin er við ána."

Ö-Feigsdalur, 9.

**Ba-194:021** varða landamerki

"Landamerki milli jarðanna Feigsdals og Bakka eru í gili í fjalli, er kallast Markgil; ofan undan því garður, er kallast Markhryggur. Á honum er hlaðnar þrjár vörður og eftir tveimur neðri vörðunum bein sjónhending í vörðu, er hlaðin er við ána."

Ö-Feigsdalur, 9.

**Ba-194:022** varða landamerki

"Landamerki milli jarðanna Feigsdals og Granda eru úr vörðu, er stendur á holtinu framan til við svokallaða Feigsdalsá, úr nefndri vörðu sjónhending eftir tveimur vörðum er standa framar, miðað við fossinn í Heiðardalsá."

Ö-Feigsdalur, 9.

**Ba-194:023** varða

"Landamerki milli jarðanna Feigsdals og Granda eru úr vörðu, er stendur á holtinu framan til við svokallaða Feigsdalsá, úr nefndri vörðu sjónhending eftir tveimur vörðum er standa framar, miðað við fossinn í Heiðardalsá."

Ö-Feigsdalur, 9.

**Ba-194:024** *Hagagarður* garðlag
"Fyrir austan Nónhorn er dalur, heitir Heiðardalur. Eftir honum rennur á, sem rennur saman við Litladalsá; hún heitir Heiðardalsá. Austanvert við og niður af Nónhorni eru brekkur, heita Heiðardalsbrekkur. Upp af þeim er stór hóll, heitir Sjónarhóll. Kippkorn þar fyrir framan er hryggur þvert fyrir dalinn báðumegin við ána, og vottar fyrir garðmótum á honum; hryggurinn heitir Hagagarður."
Ö-Bakkadalur, 64.

**Ba-194:025** heimild mógrafir
"Framan til við Ljósahrygg, vestanvert í Grandadal eru hólar og dældir, sem ná fram undir Smérteiga. Svæði þetta heitir Hólar. Rétt fyrir framan þá eru gamlar Mógrafir."
Ö-Bakkadalur, 65.

**Ba-194:026** heimild stekkur
"Heim og niður af hrygg þessum [Skriðuhrygg] eru tveir gamli stekkir, Sá efri er aðeins nefndur Stekkur ..."
Ö-Bakkadalur, 65-66.

**Ba-194:027** *Hnúskur* heimild stekkur
"Heim og niður af hrygg þessum [Skriðuhrygg] eru tveir gamli stekkir, Sá efri er aðeins nefndur Stekkur, en sá neðri heitir Hnúskur."
Ö-Bakkadalur, 65-66.

**Ba-194:028** garðlag kálgarður
"Kippkorn fyrir heiman Stekk og Hnúsk byrjar Enni. Þar eru hallandi Mýrlendi. Niður við ána við fremri enda Enna er matjurtargarður nefndur Kálgarður."
Ö-Bakkadalur, 66.

## Ba-195 Grandi

12 hdr. 1710. Selárdalskirkjueign. Bærinn hefur tvisvar verið færður vegna áganga vatns á bæjarstæði.
1920: 2 ha. garðar 471 m2. 1840: "Allgóð heyskapar og kostajörð. ... undirorpin landbroti af ánni." SSV, 227-28. 1873: "Graskot sæmilegt, en land undir skemmdum af vatns- og skriðuágangi." SSV, 240.

**Ba-195:001** *Grandi* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.

**Ba-195:002** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-195:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-195:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-195:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-195:006** *Grandi* bæjarstæði bústaður
"Hætt er bænum fyrir Feitadalsá og Grandá í vatnagángi á vetur, þegar að þær hlaupa upp með jakaburði og gánga alt í kríngum bæinn, og hefur bærinn tvisvar undan þessum háska færður verið, fyrst af tóftum þeim sem eru neðan við túnið ..."
JÁM VI, 372.

**Ba-195:007** *Grandi* bæjarstæði bústaður
"Hætt er bænum fyrir Feitadalsá og Grandá í vatnagángi á vetur, þegar að þær hlaupa upp með jakaburði og gánga alt í kríngum bæinn, og hefur bærinn tvisvar undan þessum háska færður verið, fyrst af tóftum þeim sem eru neðan við túnið, og síðan af öðrum tóftum hjer í túninu, þángað sem nú er hann."
JÁM VI, 372.

**Ba-195:008** *Ásbjarnartóft* tóft bústaður
"Spottakorn fyrir framan Grandatún er gömul tóft á brekkubrún og heitir Ásbjarnartóft. Mun þar hafa átt heima húsmaður sem Ásbjörn hefur heitið."
Ö-Bakkadalur, 66.

**Ba-195:009** *Rúnahella* áletrun landamerki

1840: "... á hellu milli Granda og Hóls er klappað það, er hér er á viðfestu blaði, ... " "Merkin milli Hóls og Granda eru á hryggnum sjávarmegin við neðri enda Granda-Enna. Á hrygg þessum neðarlega er flatur, hellusteinn allstór með rúnum og stöfum klöppuðum á, steinninn heitir Rúnahella."

Rúnirnar eru teiknaðar upp í örnefnaskrá bls. 67, en teikning Einars Gíslasonar frá 1840 er ekki prentuð í SSV.

SSV, 233; Ö-Bakkadalur, 67.

**Ba-195:010** *Hólamógrafir* heimild mógrafir

"Áarmegin við helluna [009] niðri undir á er flatneskju mýri, heitir Merkjaáll. Sem framhald af Grandaennum eru Hólsenni. Sjávarmegin við þau eru miklar mógrafir og eru kallaðar Hólsmógrafir."

Ö-Bakkadalur, 67.

**Ba-195:011** *Hofhúsholt* tóft

"Upp af Hólsennum [010] í hlíðinni er hjalli, sem heitir Fremstihjalli. Kippkorn þar fyrir heiman er bungumyndaður landhluti upp í hlíð, sem heitir Leiti. Niður undan Leiti er mýri en upp úr henni stendur sérstakt holt, sem heitir Hofhúsholt. Á holti þessu sést fyrir eldgamalli tóft og skoðaði ég þetta 16. júní 1935."

Ö-Bakkadalur, 67.

**Ba-195:012** álagablettur

"Gamlt fólk segir að einn Álögublettur sé í Grandaskemmu [hvilft inn í fjallið norður af 'Víðihlíð] og hvergi annarsstaðar í Bakkadal. Þar er blettur einn sem sagt var að ekki mætti slá. Þó var það eitt sinn gert svo að menn viti til, og fengust 10-20 hestar af blettinum. En maðurinn, sem sló blettinn, varð fyrir því óhappi, að þakið fauk af hlöðunni, sem heyið var látið í."

Ö-Bakkadalur, 68.

## Ba-196 Hóll

18 hdr. 1710 með Hólshúsum sem er annar bær í heimatúninu. Bændaeign. Annars var Hóll 12 hdr. en Hólshús 6 hdr. Hólshúsa er ekki getið í yngri jarðabókum.

1446 er Hvoll. 12 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar. - DI IV, 692. 1576 er H. 20 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 104. 9.10.1646 hefur Jón Torfason leyft syni sínum Magnúsi að selja öðrum H. þannig að Magnús svari föður sínum 20 hdr. í jörðu - Jarðabréf, 114. 3.5.1703 er H. 18 hdr jörð meðal eigna Páls Björnssonar í Selárdal, 1 hdr í landsk, 6 kúgildi. - JÁM XIII, 204.

1920: 5 ha. garðar 1000 m2. 1840: "Túnið er þýft og grýtt, en grasgefið. Engjar góðar. Jörðin er undirorpin skemmdum af sandroki, en hæg til sjóar." SSV, 227. 1873: "... hefur land hrjóstugt, en rúmt upp í dalinn og einkum með sjónum í svonefndum Hólshvilftum. Grýtt, þýft, en grösugt tún, útslægjur votlendar, en snöggar. Þar er heimrlæði á haustum og aflasælt." SSV, 241. 1942: "Þar er ræktun mikil, einkannlega mikil og prýðilega stunduð garðrækt. Í Bakkadal neðanverðum hafa stór svæði verið tekin til jarðeplaræktar undanfarin ár, og Dalahreppsmenn einna efstir á blaði um jarðeplarækt af sveitum Vestfjarða." Bstbók, 116,

**Ba-196:001** *Hóll* bæjarhóll bústaður

1840: "Selárdalur er hér reisulegastur bær, Hringsdalur og Hóll." 1873: "Selárdalur er hér bezt húsaður bær í Dölum, og því næst Hóll og Hvesta."

Túnakort 1920; SSV, 231, 248.

**Ba-196:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-196:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-196:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-196:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-196:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-196:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-196:008** heimild útihús

Túnakort 1920.
**Ba-196:009** *Hólshús* heimild býli
"Hólshus. Annar bær í heimatúninu en sama jörð. Bygður fyrir manna minni ..."
JÁM VI, 373.
**Ba-196:010** heimild lending
"Heimræði er hjer á sumur og haust, þó lendíngin sje bæði brimsöm og stórgrýtt. Á vorin gjöra menn sig heiman með skip sín út í Selárdals verstöður ..."
JÁM VI, 373.
**Ba-196:011** heimild mógrafir
"Árið 1935 eða svo var útfært nýbýli úr landi Feigsdals og nefnt Grænahlíð. Skiptir býli þetta landi milli Bakka og Feigsdals. Landamerkin eru úr gilkjarfti efst á Markhrygg, bein lína þaðan niður um flóann og í eyrarodda við ána, beint á móti mógröfunum frá Hóli. Stendur bærinn efst í ennum niður af hvammi þeim, er heitir Breiðihvammur."
Ö-Feigsdalur, 2.
**Ba-196:012** heimild fjárhús
"Litlu innar [en Ungmennafélagshúsið skráð með Granda] eru fjárhús."
Ö-Bakkadalur, 68.
**Ba-196:013** *Hesthústún* örnefni hesthús
"Yzt og neðst í gamla túninu heitir Hesthústún."
Ö-Bakkadalur, 68.
**Ba-196:014** heimild lending
"Fyrir neðan Grundir er mikill skeljasandur niður að sjó, heitir Hólssandur. Fyrir innan hann er sker, heitir Bæjarsker. Kippkorn þar fyri rinnan er nú kálgarður, en fram undan honum var Lending."
Ö-Bakkadalur, 68.
**Ba-196:015** garðlag kálgarður
"Fyrir neðan Grundir er mikill skeljasandur niður að sjó, heitir Hólssandur. Fyrir innan hann er sker, heitir Bæjarsker. Kippkorn þar fyri rinnan er nú kálgarður, en fram undan honum var Lending."
Ö-Bakkadalur, 68.
**Ba-196:016** varða
"Fyrir innan hana [Lendinguna, 015] er nes, fremsti hluti þess heitir Hólstangar. En upp af nesinu liggur hryggur upp í hlíð, heitir Hólshryggur. Á honum er varða neðanvert við alfaraveginn."
Ö-Bakkadalur, 69.
**Ba-196:017** *Hallsgarður* garðlag kálgarður
"Austanvert við Hólatún er kálgarður, sem heitir Hallsgarður."
Ö-Bakkadalur, 69.
**Ba-196:018** *Hallsgarður* heimild bústaður
"Austanvert við Hólatún er kálgarður, sem heitir Hallsgarður. Þar var áður íbúðarhús húsmanns þess, sem Hallur hét."
Ö-Bakkadalur, 69.
**Ba-196:019** *Stekkjarvík* heimild stekkur
"Við sjóinn skammt fyrir innan Hólstanga er vík, sem heitir Stekkjarvík. Á bökkunum fyrir ofan víkina er gamall Stekkur."
Ö-Bakkadalur, 69.
**Ba-196:020** *Stekkjarvík* heimild lending
"En víkin [Stekkjarvík, 019] er aðallending Hólamanna nú."
Ö-Bakkadalur, 69.
**Ba-196:021** *Gildrunes* örnefni refagildra
"Innan til við Stekkjarvík er klettanes, heitir Gildrunes."
Ö-Bakkadalur, 69.
**Ba-196:022** heimild rétt
1873: "Réttir eru í Selárdal, mjög gömul rétt og grjóti hlaðin, og á Hóli er einnig réttað ..."
SSV, 246.
**Ba-196:023** heimild bænhús
1873: "Um bænhús í sóknunum eru engin viss skilríki fyrir, hvar verið hafi í fyrstu. Sú er sögn aðeins, að í Dölum hafi bænhús verið á Hóli og á Kirkjubóli. Nær þau hafi lagzt niður, vita menn hér ekki."

SSV, 247-48.

**Ba-196:024** *Hofholt* heimild **Friðlýstar minjar**

Friðlýstar minjar. "Hoftóft á svo-nefndu Hofholti eða Hofhússholti, nokkuð fyrir framan túnið." Friðl. 31.12.1935.

Fornleifaskrá, 35.

## Ba-197 Hrísdalur

18 hdr. 1710. Bændaeign. Hefur einnig verið nefndur Húsdalur og nú oftast Hringsdalur.

5.9.1460 var tekinn vitnisburður um að Björn Þorleifsson lagði aftur jarðir, sem Guðmundur Arason hafði áður haldið, til arfa Ólafar Aradóttur, þ.á.m. Hrísdal - DI XI, 20.

1920: 6 ha. garðar 1000m2. 1840: "Túnið er hrjóstugt og þýfið. Engjar allgóðar. Kostajörð góð. Þar er útigangur fyrir fé á vetrum. Ekki óhæg til sjóar." SSV, 227. 1873: "Tún er sæmilegt, en útslægjur reitingslegar. Landkostir eru góðir fyrir búsmala. Þar er heimræði á haustum." SSV, 241.

**Ba-197:001** *Hringsdalur* bæjarhóll bústaður

1840: "Selárdalur er hér reisulegastur bær, Hringsdalur og Hóll." 1942: "Þar var fyrsta timburhúsið í Ketildölum reist 1887 af Einari bónda Gíslasyni, en hefir síðan nokkuð verið stækkað og endurbætt."

Túnakort 1920; SSV, 231; Bstbók, 116.

**Ba-197:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-197:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-197:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-197:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-197:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-197:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-197:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-197:009** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-197:010** *Kerling* þjóðsaga draugur

"Landamerki milli Hóls og Hringsdals að innan eru í Innrihvilftará ... Upp í Innrihvilft er hár drangur Hringdalsmegin við ána, hann heitir Riddari. Stakur klettur nálægt Riddara heitir Kerling. Sumir segja að Hringsdalsdraugurinn sem getur um í Vestfirzkum sögum (I bindi, bls. 56) hafi verið settur þarna niður."

Ö-Hringsdalur, 71.

**Ba-197:011** *Draugsþúfa* þjóðsaga draugur

"Innrihviltará er hryggur, sem liggur frá fjallsrótum niður á bakka; hann heitir Hringsdalshryggur. Neðst á hryggnum niður á bökkum er hóll eða þúfa, heitir Draugsþúfa. Þar segja aðrir, að Hrinsdalsdraugurinn hafi verið settur ..."

Ö-Hringsdalur, 71.

**Ba-197:012** *Hringsdalsstekkur* heimild stekkur

"Fyrir innan Hringsdalshrygg, rétt fyrir ofan bakka er stekkur, heitir Hringsdalsstekkur."

Ö-Hringsdalur, 71.

**Ba-197:013** *Pétursvör* heimild lending

"Inn og niður af honum [stekknum 012] er lendingarvör, sem Pétur Björnsson skipstjóri ruddi og bjó til; hún heitir Pétursvör."

Ö-Hringsdalur, 71.

**Ba-197:014** *Seltóft* tóft sel

"Meðfram ánni beggja vegna eru Árdalir, sem ná fram undir Eyrar. Þar sem þeir eru breiðastir heitir Stórárdalur. ... Fyrstu

brekkurnar, sem eru á leiðinni fram dalinn heita Neðstubrekkur. Hér koma tvö gil ofan úr fjalli, heita Heimra-Selgil og Fremra-Selgil. Fyrir framan Neðstubrekku sést fyrir gamalli tóft, heitir Seltóft. Frá Fremra-Selgili að Miðbrekkum heitir hlíðin Selhlíð."

Ö-Hringsdalur, 72.

**Ba-197:015** *Tjaldsteinn* örnefni

"...Selhlíð [014]. Á henni hér um bil miðri er stór steinn, heitir Tjaldsteinn. Ber steinninn nafn þetta af lögun sinni."

Ö-Hringsdalur, 72.

**Ba-197:016** *Strokkur* örnefni huldufólksbústaður

"Fyrir neðan Neðstubrekkur, heiman við ána, eru sléttar flatir með fram ánni, heita Eyrar. Fjallið upp af þeim heitir Eyrarfjall. Hár steinn, á holti rétt fyrir heiman Eyrar, heitir Strokkur. Það eru gömul munnmæli, að eitt sinn hafi smalamaður frá Hringsdal heyrt strokkhljóð í steini þessum, og hafi þá álfkona komið út úr honum með áfir og gefið þær manninum að drekka."

Ö-Hringsdalur, 73.

**Ba-197:017** *Kastalagangur* heimild leið

"Fjallið innan til við dalinn upp af bænum heitir Hringsdalsnúpur. Gangar tveir í núpnum upp af bænum er nefndir, sá neðri heitir Kastalagangur ..."

Ö-Hringsdalur, 74.

**Ba-197:018** *Baulugangur* heimild leið

"Fjallið innan til við dalinn upp af bænum heitir Hringsdalsnúpur. Gangar tveir í núpnum upp af bænum er nefndir, sá neðri heitir Kastalagangur, en sá efri Baulugangur. Sagt er, að fyrir æfalöngu hafi kýr eitt sinn farið eftir honum úr Hvestu út í Hringsdal."

Ö-Hringsdalur, 74.

**Ba-197:019** *Þrælavirki* hleðsla

"Innan til og ofan til á því [túninu] er grund, heitir Efri-Bardagagrund [031]. Ofarlega á henni sést móta fyrir steinhleðslu, heitir Þrælavirki."

Ö-Hringsdalur, 74.

**Ba-197:020** *Víghella* heimild

"Innan til og ofan til á því [túninu] er grund, heitir Efri-Bardagagrund [031]. Ofarlega á henni sést móta fyrir steinhleðslu, heitir Þrælavirki. Neðar á henni er stór hellusteinn, sem stendur upp á rönd og heitir Víghella. Hún er 145 sm. á lengd, 98 sm. á hæð og 90 sm. þykk að neðan." 1885: "Austmaður gjörði marga flugumenn til höfuðs Hringi, en Hringur bar af þeim öllum og braut þá á bak aptur um stein, sem enn er sýndur í túninu í Hringsdal."

"Ekki fær Austmaður fljótt komið fram hefndinni, því Hringur var ekki auðsóttur. ... Nú tekur Austmaður það til ráðs að senda flugumenn til Hrings til þess að vinna á honum. En ekki ná þeir honum, því að Hringur getur tekið alla þá, sem sendir voru til höfuðs honum og hryggbrýtur þá á stórum hellusteini, sem stóð á grundinni fyrir ofan skálann. Hella þessi hefur verið kölluð Vígahella."

Í skýrslu sóknarprests um fornaldarleifar frá 1821 segir: "I Hríngsdal, I Selárdals sókn er, utann til vid Túnid, Völlur, kalladur Bardaga-grund [031], og skammt þar frá er Steirn, kalladur Hríngs steirn, 3. álnir á leingd og 2. álnir á hæd, hjá hvörjum Hríngur bóndi, sem Bærinn líklega tekur Nafn af, hafi verid veiginn." FF, 408 og gæti þetta verið hvort sem er, Vígahella á Bardagagrund efri, eða steinninn stóri á Bardagagrund neðri, sem Hringur á að hafa varist við sbr. sögu Björns M. Ólsens í Árb 1885, 21.

Ö-Hringsdalur, 74; BMÓ Árb 1885, 21; Vestfirzkar sagnir I, 2-3; FF, 408

**Ba-197:021** *Stöðull* örnefni kvíar

"Efst í túninu fyrir utan læk heiti Stöðull."

Ö-Hringsdalur, 74.

**Ba-197:022** heimild lending

"Fyrir neðan innri hluta túnsins við sjóinn er nú lendingarstaður í Hringsdal, kallað Lending."

Ö-Hringsdalur, 75.

**Ba-197:023** *Hringshaugur* mannabein legstaður **Friðlýstar minjar**

1840: "Á svokallaðri Bardagagrund [031] í Hringsdal er haugur langur, sem Hringshaugur er kallaður. Þar er og nefnd Víghella [020], og finnst þar nokkuð af spjótabrotum og fleiru. "

1884: "... í Hringsdal vóru mjer sýndir 2 haugar, sem sagt var að væri úr heiðni. Annar þeirra er nefndur Hringshaugur, og er hann kenndur við Hring nokkurn, sem menn segja að hafi verið landnámsmaðurur ... Hringshaugur heitir

nú rjett að segja niður við sjó fyrir neðan Bardagagrund hina neðri [031], en Austmenn þeir, sem fjellu, eru heygðir svo sem 3 föðmum neðar niðri á sjávarbakkanum, og er þeirra huagur nú að mestu blásinn upp og þar hafa fundizt mannabein. Jeg fann þar 2 beinbrot og virtist að minnsta kosti annað vera úr manni. Á Hringshaugi sýnast vera mannaverk, en ekki haði jeg tíma til að rannsaka hann betur."

"Frammi á bökkum skammt inn og upp af Hreggnesi eru steinhleðslur og lág rúst, heitir Hringshaugur, því að sagt er, að þarna sé Hringur heygður. Nú er haugurinn mjög blásinn upp og hafa mannabein oft fundist þar, t.d. sá ég bein þar 17. júní 1935, þegar örnefni þessi voru skrásett. Sagt er og, að sverðbrot hafi fundist við eða í Hringshaug og hafi verið búin til úr því hnífur. Svo hafi maður skorið sig á hnífnum, en sá skurður hafi verið lengi að gróa."

Friðlýstar minjar. "Hringshaugur, svo nefndur; hann er næstum niður við sjó, fyrir neðan Barðagrund hina neðri." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 35. Björn M. Ólsen skráði söguna um Hring landnámsmann og deilur hans við Austmann í Austmannsdal í Árbók 1885, 21.

SSV, 233, 241; BMÓ Árb 1885, 20-22; Ö-Hringsdalur, 75.

**Ba-197:024** *Vör* heimild lending

"Fyrir neðan Hringshaug [023] er Vör. Þar var aðallending Hringsdalsmanna til 1870."

Ö-Hringsdalur, 75.

**Ba-197:025** varða

"Rétt fyrir innan Neðri-Bardagagrund er holt, heitir Vörðuholt, því að varða er á því."

Ö-Hringsdalur, 75.

**Ba-197:026** heimild stekkur

"En skammt fyrir innan Vörðuholt [025] er gamall Stekkur."

Ö-Hringsdalur, 76.

**Ba-197:027** heimild gripir

"Haustið 1950 voru vegagerðarmenn að vinnu utan við túnið í Hringsdal ... Í garðinum, sem saman var ýtt, fann einn verkamannanna, Marinó Magnússon frá Bíldudal, ryðgað sverð eða sverðshluta. Engin verksummerki voru sjáanleg né heldur fundust fleiri gripir, enda lítt eða ekki eftir leitað. ... Sverðið frá Hringsdal er ekki heilt. Heil eru þó bæði hjölt og meðalkaflinn, en framan á brandinn vantar a.m.k. 40-50 sm langan bút, því að eftir er aðeins dálítill stúfur frá hjöltum, 28 sm langur. Hjölt, meðalkafli og það sem eftir er brandsins, er alls 40 sm að lengd. Hjöltin eru bein frá hlið séð, efra hjalt 8 sm, fremra hjalt 11,5 sm, en bæði eru þau sporöskjulöguð séð ofan eða neðan frá. Ekkert klót eða sverðsknappur hefur verið á sverðinu. Meðalkaflinn er flatur, afturmjókkandi tangi, 9 sm að lengd, og hefur á sínum tíma haft kinnar úr tré eða öðru forgengilegu efni. Brandurinn er 6,5 sm breiður við hjalt, og sjást á honum greinilegar leifar af slíðrum úr tré með skinni utan yfir, líkt og áður hefur sézt á fornum sverðum. Allt er sverðið mjög ryðgað, en heldur þó vel lögun sinni og er ekki mjög vandmeðfarið. Sverð þetta er næsta einfalt að allri gerð og skrautlaust en þó nógu sérkennilegt til þess, að auðvelt er að kveða á aldur þess." Ekki er ljóst af þessri lýsingu hversu nálægt þessi fundur var Hringshaugi.

Kristján Eldjárn:"Fornaldarsverð frá Hringsdal" ÁBS 1950, 9.

**Ba-197:028** *Austmannshaugur* mannabein legstaður **Friðlýstar minjar**

1884: "... í Hringsdal vóru mjer sýndir 2 haugar, sem sagt var að væri úr heiðni. Annar þeirra er nefndur Hringshaugur, og er hann kenndur við Hring nokkurn, sem menn segja að hafi verið landnámsmaðurur ... Hringshaugur heitir nú rjett að segja niður við sjó fyrir neðan Bardagagrund hina neðri [031], en Austmenn þeir, sem fjellu, eru heygðir svo sem 3 föðmum neðar niðri á sjávarbakkanum, og er þeirra haugur nú að mestu blásinn upp og þar hafa fundizt mannabein. Jeg fann þar 2 beinbrot og virtist að minnsta kosti annað vera úr manni. Á Hringshaugi sýnast vera mannaverk, en ekki haði jeg tíma til að rannsaka hann betur."

1942: "Í Hringsdalstúni er einnig örnefni, sem kallað er Hringsleiði og er sagt, að Hringur sé þar heygður. Hvað sem hæft kann að vera í sögum þessum, þá er það víst, að fyrir fáum áratugum, er brim braut neðan úr bökkunum fyrir neðan Bardagagrund, fundust oft mannabein, er hrundu niður úr bökkunum."

Friðlýstar minjar. "Austmannahaugur, er svo heitir; hann er svo sem 3 föðmum neðar á sjávarbakkanum [en Hringshaugur]." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 35.

BMÓ Árb 1885, 20-22; KE:"Fornaldarsverð frá Hringsdal" ÁBS 1950, 7; Skrá um friðlýstar fornaldarleifar í Barðastrandarsýslu" ÁBS 1950, 69; Bstbók, 117.

**Ba-197:029** tóft hlaða

"Skálinn [001] stóð þar, sem nú er hlöðutóft fyrir innan bæjarlækinn í Hringsdal."

Vestfirzkar sagnir I, 3.

**Ba-197:030** þjóðsaga skrímsli

"Eitt sinn var ég á ferð frá Hvestu og út að Hringsdal íArnarfirði ... Þegar ég kom út fyrir svonefnda Rauðsvík sá ég eitthvað dýr þar í fjörunni, mógrátt að lit; lágt að framan en hátt að aftan. Hálsinn var fremur stuttur og fæturnir mjög lubbalegir. Þýrið var á stærð við væna kind. Heldur það út með sjónum en ég gekk uppi a'bökkununum, og fylgdumst við svo að út undir Hringsdal. Hvarf þá dýrið mér, en þar eru mjög háir bakkar, sem skyggja á fjöruna; og vissi ég þá eigi hvað af dýrinu varð. Meðan ég sá til dýrsins tók það stundum harða spretti, og voru tilburðir þess mjög líkir því er köttur stekkur á mús, en eigi tók það lengri spretti í einu en 6-8 faðma. Staðnæmdist það þá og fór að snuuðra í þaranum ... Bar lýsing mín saman við það er aðrir sögðu, sem höfðu séð fjörulalla."

Vestfirzkar þjóðsögur I, 32-33.

**Ba-197:031** *Bardagagrund* þjóðsaga orrustustaður

1821: "I Hríngsdal, I Selárdals sókn er, utann til vid Túnid, Völlur, kalladur Bardaga-grund, og skammt þar frá er Steirn, kalladur Hríngs steirn, 3. álnir á leingd og 2. álnir á hæd, hjá hvörjum Hríngur bóndi, sem Bærinn líklega tekur Nafn af, hafi verid veiginn." 1840: "Á svokallaðri Bardagagrund í Hringsdal er haugur langur, sem Hringshaugur er kallaður. Þar er og nefnd Víghella [020], og finnst þar nokkuð af spjótabrotum og fleiru. "

1942: "Skammt fyrir innan íbúðarhúsið er slétt flöt, sem nefnd er Bardagagrund. Þar er mælt, að Hringur landnámsmaður hafi fallið fyrir austmanni þeim, er bjó í Austmannsdal. Þar er jarðfastur steinn, uppmjór með hvassri egg eða rönd, sem mælt er, að menn hafi verið brotnir um á bak aftur. - Líklegra er þó, að þarna hafi verið blótstaður í heiðni, og tóft sú, er mótar fyrir og sagt er, að muni vera skálatóft Hrings, sé forn hoftóft."

1873: "Sú er sögn, að sá hafi Hringur heitið, er hér bjó fyrst, gildur bóndi, er átt hafi óvildarmenn, er veittu honum heimsókn og felldu hann í orustu eftir fræga vörn austur frá bænum, og þar á hann að vera heygður að fornum sið á túnbakkanum." SSV, 241; Sjá einnig Víghellu, 020, sem sennilega er sama og Hringssteinn. Samkvæmt sögn þeirri sem Björn M. Ólsen skráði eftir Einari Gíslasyni gullsmið í Hringsdal fóru Austmaður og menn hans að Hringi og eftir að hann stökk úr skálanum "stóð leikurinn fyrst á grund þeirri þar í túninu, sem síðan er kölluð Bardaggrund hin efri; þar stendur steinn sá, sem fyrr var sagt að Hringur hefði hat til að hryggbrjóta á flugumennina ... þegar hann sá, að hann mundi ekki fá varizt á þessum stað, hljóp hann niður á Bardagagrund hina neðri. Þar er stór steinn; ljet Hringur steininn hlífa sjer að baki ..." BMÓ Árb 1885, 21

FF, 408; SSV, 233, 241; Bstbók, 116-17.

**Ba-197:032** tóft bústaður

1942: "Líklegra er þó, að þarna hafi verið blótstaður í heiðni, og tóft sú, er mótar fyrir og sagt er, að muni vera skálatóft Hrings, sé forn hoftóft."

"[Hringur] ... reisir ... bú í Hringsdal í Ketildölum. Hann lætur gera skála mikinn á bæ sínum ... Skálinn stóð þar, sem nú er hlöðutóft fyrir innan bæjarlækinn í Hringsdal." Ekki er útilokað að þetta sé sami staður og Þrælavirki, 017.

Bstbók, 117; Vestfirzkar sagnir I, 2-3.

## Ba-198 Neðri Hvesta

36 hdr. 1710, 2 bæir. Bændaeign. Bænhús á miðöldum. Tvíbýli 1935, efri og neðri bær.

5.9.1460 var tekinn vitnisburður um að Björn Þorleifsson lagði aftur jarðir, sem Guðmundur Arason hafði áður haldið, til arfa Ólafar Aradóttur, þ.á.m. Hvestu - DI XI, 20. 2.10.1615 selur Eyjólfur Magnússon, með samþykki konu sinnar Sigríðar Daðadóttur, Birni Magnússyni 18 hdr. í N-H. - Jarðabréf, 116. 4.5.1617 selur Einar Ormsson, með samþykki konu sinnar Þuríðar Árnadóttur, Birni Magnússyni 18 hdr í N-H. - Jarðabréf, 117. 10.4.1633 selur Einar Ormsson, með samþykki konu sinnar Þuríðar Árnadóttur, Birni Magnússyni 18 hdr í N-H. - Jarðabréf, 116. 3.5.1703 er H. 36 hdr jörð meðal eigna Páls Björnssonar í Selárdal, landskuld alls 2 hdr, fjórbýli 2 1/2 + 3 + 2 + 2 kúgildi, mannslán af tveimur ábúendum - JÁM XIII, 205.

1920: 4,8 ha. garðar 1159 m2. 1840: "[heyskaparjörð góð og kostug að sumri] Snjókoma er þar mikil á vetrum. Jörðin liggur undir skemmdum af sandfoki." SSV, 227. 1873: "Þar er grösugt votlendi og búfjárhagar góðir. Með sjó liggur sandrif þvert um dalinn, og þar fyrir ofan Hvestuvaðall. Fellur þar sjór inn um mjóan ós á hveri flæði, og má þar fleyta skipum upp til bæjarins í Neðri-Hvestu." SSV, 241. 1873: "Mótak, nema í Hvestu og Fífustöðum lítið." SSV, 247.

**Ba-198:001** *Neðri Hvesta* bæjarhóll bústaður

1873: "Selárdalur er hér bezt húsaður bær í Dölum, og því næst Hóll og Hvesta."

Túnakort 1920; SSV, 248.

**Ba-198:002** heimild útihús

Túnakort 1920.
**Ba-198:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-198:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-198:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-198:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-198:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-198:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-198:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-198:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-198:011** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-198:012** *Bjarnastaðatóftir* heimild
"Biarnastadatofter heitir örnefni hjer í landinu fram frá bænum. Þar sjást litlar tóftaleifar, og eru menn í efa, hvört þar hafi nokkurntíma bygð verið eður aldrei. Ekki má þar bygð setja fyrir heyskaparleysi og landþröng."
JÁM VI, 374.
**Ba-198:013** *Bænhúshóll* heimild bænhús
"Bænhús segja munnmæli að hjer hafi verið í fyrndinni, og heitir hjer enn Bænhúshóll í túninu."
JÁM VI, 374.
**Ba-198:014** *Hvestuhjalli* heimild lending
"Góðan spöl fyrir innan ... Hólaklett er vík, sem heitir Rauðavík. ... Rétt fyrir innan Rauðsvík er en, nafnlaust, og innan til á því er lending Hvestumanna." Sameiginleg örnefnaskrá fyrir báða Hvestubæina.
Ö-Hvesta, 77.
**Ba-198:015** heimild verbúð
"Upp af henni [lendingunni 014] er hjalli heitir Hvestuhjalli. Lendingin hefur og verið nefnd þessu nafni. Þar hefur verið verbúð til skamms tíma."
Ö-Hvesta, 77.
**Ba-198:016** *Gálgasteinar* örnefni aftökustaður
1942: "Skammt innan við [timburhús við lendingu Hvestumanna] eru tveir steinar á sléttum mel. Steinar þessir standa nær því saman, og lítið sund á milli. Þar er mælt, að sakamenn hafi verið hengdir fyrr á öldum, og þeir nefndir Gálgasteinar."
"Spölkorn fyrir framan Hvestuhalla eru tveir klettadrangar heldur lágir með hér um bil 6 álna millibili; þeir heita Gálgasteinar."
Bstbók, 117; Ö-Hvesta, 77.
**Ba-198:017** *Gonsutóftir* tóft
"Kippkorn fyrir framan Breiðahvamm er stórgrýtisurð, sem nær hátt upp í hlíð og ofan fyrir fjallsrætur; urðin heitir Hrakurð. Niður af henni er framhald af mýrunum og fyrir neðan þær er valllendis mór, heitir Gonsumór. Þar í mónum eru eldgamlar tóftir. Sagt er að valva eða seiðkona hafi búið þarna og hafi hún heitir Gonsa. En talið er hér, að gonsa þýði að gorta eða hæla sér um skör fram. Áður nefndar tóftir heita Gonsutóftir. Aðaltóftin snýr með endann í dalinn og er 6 1/2 metrar að lengd. Inn af henni hefur verið lítið afhýsi. Breiddin hefur verið nálægt tveimur metrum."
Ö-Hvesta, 78.
**Ba-198:018** *Álfkonusteinn* örnefni huldufólksbústaður
"Þar fyrir framan [017] eru hólmar og kvíslar úr Hvestuvaðli fram að Neðri-Hvestutúnum; hólmarnir og kvíslarnar heita Krókar. Neðst í engjunum er lækjarfarvegur, heitir Sortukrókur. Stór steinn skammt fyrir framan Hrakurð heitir Álfkonusteinn."
Ö-Hvesta, 78.

**Ba-198:019** tóft stekkur
"Í hlíðinni þar fyrir framan [018] er gömul stekkjartóft."
Ö-Hvesta, 78.

**Ba-198:020** *Oddsstekkur* heimild stekkur
"Hryggur fyrir framan og neðan teiginn [Lífteig, vetrarbeit] niður undir gilinu er nefndur Lífteighryggur. Í hlíðinni fyrir framan hrygginn er hvolf, sem heitir Tófuhúshvolf. Í því er gamall stekkur, sem heitir Oddsstekkur. Mun hann vera kenndur við Odd, afa Dagbjarts Elíassonar, sem nú býr í Neðri-Hvestu."
Ö-Hvesta, 79.

**Ba-198:021** *Gullhúsatún* örnefni býli
"Fremst og hæst heitir túnið Gullhúsatún ... Sagt er að áður hafi verið sérstakt býli og hafi heitið Gullhús."
Ö-Hvesta, 80.

**Ba-198:022** *Gullhúsadý* heimild fjársjóður
"Fremst þarna í túninu á bakkanum á Gullhúsalæk var dý, sem nú er horfið, og hét Gullhúsadý. Var það gömul sögn að í því væri gullkista og hefðu menn reynt að ná henni, en ekki tekist. Þó er sagt að náðst hafi annað handahaldið af henni. Var það fyrst gefið Selárdalskirkju og þaðan komst það á Forngripasafnið og er innan á hurðinni, þar sem fornmunirnir eru geymdir."
Ö-Hvesta, 80.

**Ba-198:023** *Bæli* örnefni
"Sunnan til við Kollustreng [kvísl úr Hvestuá sunnan við túnið] er engjastykki, heitir Bæli."
Ö-Hvesta, 81.

**Ba-198:024** heimild stekkur
"Fyrir framan túnið er engjastykki sem heitir Þórðarenni. ... Framan til við ofanvert Þórðarenni er lækur,, heitir Stekkjarlækur. Fyrir framan lækinn var sá Stekkur, sem síðast var notaður í Hvestur. En þar var áður býli, sem hét Bjarnastaðir [012] og er talið að stekkurinn hafi verið bygður upp úr honum."
Ö-Hvesta, 81.

**Ba-198:025** tóft sel
"Frá Háubrekku og fram undir Fremra-horn heitir dalurinn efst Hærridalur, en næst ánni Neðridalur. Í Neðridal er Seltóft."
Ö-Hvesta, 83.

**Ba-198:026** álagablettur
"Í hlíðinni utan til við Hrakurð í Neðri-Hvestulandi er dálítill slægjublettur, sem gömul munnmæli segja, að ekki megi slá, því að huldufólkið í Álfkonusteininum [018], sem þar er skammt frá hafi hann til afnota. Eitt sinn var hann þó sleginn í minni núlifandi manna. Gerði það Gísli Guðmundsson, sem þá bjó á Neðri-Hvestu. Hann bjó þar í nokkur ár eftir síðustu aldamót, kom þangað 1902. Eftir að slá blettinn, missti Gísli margt fé úr bráðapest."
Ö-Hvesta, 88.

**Ba-198:027** þjóðsaga draugur
"Haustið 1895 eða 96 byggði Jón Jónsson bóndi í Neðri-Hvestu, skothús uppi í hlíðinni fyrir ofan bærinn í Neðri -hvestu. Það var byggt upp úr gamalli tóft, sem líktist helzt stekktóft. ... brátt fór honum að heyrast [þegar hann lá þar], þegar logn var, og ekkert glapti, eins og einhver kæmi gangandi að skothúsinu. Hann heyrði, að marraði í snjónum, og hann heyrði glögg sporaskil. ... Ávalt heyrðust sporin liggja að húsinu, en aldrei frá því. Sum kvöld heyrði hann þetta glöggt, en stundum heyrði hann ekkert. ... Það var kringum góulokin, að Jón lá í húsinu tvö kvöld hvort eftir annað. ... Þegar komið er fram undir dagsetur [fyrra kvöldið], heyrir hann tvö einkennileg högg, hvort eftir annað, og er eins og einhver hafi barið einhverju ofan í jörðina nokkuð langt í burtu fr'ahúsinu. Nú líða fimm til tíu mínútir, og heyrist ekkert. Þá heyrast önnur tvö högg. Því næst er aftur 5 til 10 mínútna þögn og síðan þriðju tvö höggin. ... Nú heyrir Jón ekki fleiri einkennileg hljóð þetta kveld, hvorki högg né fótatak. Þó liggur hann töluverðan tíma, eftir að högginn hættu ... Kveldið eftir fer Jón um líkt leyti í skothúsið og kveldið áður. Ber nú ekki á neinu, þar til er lítið vantaði á dagsetur. Þá heyrir hann högg eins og kveldið áður. Þau voru alls sex líkt og áður. ... [síðan]fer Jón að heyra einkennileg hljóð í þekjunni á skothúsinu. Fyrst var eins og fingurgómur væri lauslega dreginn eftir illa hefluðu borði. ... Síðan kom þetta aftur og var þá greinilegra, strokan lengri og hljóðið hærra. Þannig ágerðist þetta smátt og smátt, þar til hljóðið var orðið að all-háværri samfellri stroku. Nú var hljóðið líkast því sem verið væri að draga hákarlsskráp eftir þili. ... Jón [fær] svo mikinn kjark í sig, að hann hleypur út úr skothúsinu, eins fljótt og hann getur með uppdregna byssuna á undan sér og ætlar að skjóta það, sem hefur verið að ónáða hann. En þegar hann kemur út, sér hann ekkert ...Jón skoðar nú þakið á húsinu ... En ekki gat Jón héð nein för eða merki í snjónum, sem á húsinu lá, og ekki heldur í snjónum í kringum það."

Vestfirzkar sagnir I, 64-68.

**Ba-198:028** heimild skotbyrgi

"Haustið 1895 eða 96 byggði Jón Jónsson bóndi í Neðri-Hvestu, skothús uppi í hlíðinni fyrir ofan bærinn í Neðri -Hvestu. Það var byggt upp úr gamalli tóft, sem líktist helzt stekktóft. ... veggir skothússins voru byggðir úr grjóti; og svo var húsið mjótt að maður varð að beita lagi til þess að snúa sér við í því, þegar þess þurfti. Inngangurinn var í annan enda þess, en skotgatið á hinum. Reft var yfir húsið með viði, og lá mænás milli gafla þess. En þakið var yfir með torfi."

Vestfirzkar sagnir I, 64-67.

**Ba-198:029** *Andahvilft* þjóðsaga fjársjóður

"Ólafur hafði grætt mikið fé á hvalveiðum sínum og var stórauðugur maður. Sagt er, að hann hafi látið peninga sína í hálftunnur og grafið þær niður í hvilftinni fyrir innan Hvestuvaðal, sem kölluð er Andahvilft. Hafi hann mælt svo um, að þriðji maðurinn frá sér, sem bæri sitt nafn, skyldi finna peningana og eignast þá. Líka er sagt, að staðurinn, sem hann hafi grafið peningana á, hafi verið þannig valinn, að þaðan hafi bæði sézt á Rafnseyrarhyrnu og burstina á naustinu hans. Naustið var fyrir innan Hvestuvaðal uppi undir Andahvilftarbrekkum. Sagt er, að sjö dalakútar séu grafnir niður í Andahvilftinni, og sé einn andi hjá hverjum kút til þess að gæta peninganna. Af öndum þessum dregur hvilftin nafn og er kölluð Andahvilft eða Sjöundahvilft" Segir ekki að hvoru Hvestubænum Ólafur bjó. "Einu sinni var maður nokkur, sem átti heima í Fremri-Hvestu, að grafa eftir peningum í Andahvilftinni. Hann kemur ofan á mannvirki og telur víst, að nú sé hann búinn að finna peningana og hafi á í hendi sér. En þá verður honum litið heim til bæjar síns og sýnist hann standa í björtu báli. Þegar hann sér þetta, hættir hann við gröftinn og hleypur heim til þess að reyna að bjarga einhverju úr brunanum. Þegar hann kemur heim, er ekkert að, og vissi einginn til þess, að þar hefði kviknað í." Í möppunni eru fleyri reynslu sögur þeirra sem grófu þarna.

Vestfirzkar sagnir I,18-19.

**Ba-198:030** heimild naust

"Líka er sagt, að staðurinn, sem hann hafi grafið peningana á [029], hafi verið þannig valinn, að þaðan hafi bæði sézt á Rafnseyrarhyrnu og burstina á naustinu hans. Naustið var fyrir innan Hvestuvaðal uppi undir Andahvilftarbrekkum."

Vestfirzkar sagnir I,18.

**Ba-198:031** heimild leið

1873: "Fjöll eru há [í Hvestdal] og með klettum miklum. Taka þau að sjó fram báðumegin Hvestunnar, og er þjóðgatan í fjörumáli undir þeim. Í eystra fjallinu, niður við fjöru, er hengiihamar sá, er Hvestuhamar heitir. Fyrir hann verður að sæta sjóarföllum, og þar eru landa- og sóknaskil. Taka þar við Galtarfjörur ... torfær hættuleið sökum grjóthruns og skriðufalla í sjó fram."

SSV, 241.

**Ba-198:032** heimild rétt

1873: "Réttir eru í Selárdal, mjög gömul rétt og grjóti hlaðin, og á Hóli er einnig réttað og í Hvestu."

SSV, 246.

## Ba-199 Efri (Fremri) Hvesta

12 hdr. 1710. Bændaeign.

1446 er H. 12 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar. - DI IV, 692. 23.10.1467 fær Einar sonur Björns Þorleifssonar ríka E-H. í arfaskiptum - DI V, 499-503. 5.9.1460 var tekinn vitnisburður um að Björn Þorleifsson lagði aftur jarðir, sem Guðmundur Arason hafði áður haldið, til arfa Ólafar Aradóttur, þ.á.m. Hvestu - DI XI, 20. 12.8.1577 selur Gísli Jónsson biskup, í umboði sonar síns Árna, sr. Halldóri Einarssyni E-H. 12 hdr að dýrleika - Jarðabréf, 106. 22.6.1703 fær Helga Halldórsdóttir afgjaldið af Hvestu en skiptir á því við bróður sinn, Þorgrím, fyrir afgjaldið af hálfu Tungufelli í Svarfaðardal, 70 al og 3 kúgildi. - JÁM XIII, 283 og systur sína, Helgu, fyrir afgjaldið af 8 hdr í Tungufelli, 28 al, 1 kúgildi - JÁM XIII, 218.

1920: 5,2 ha. garðar 660 m2. 1840: "Bezta grasjörð og kostajörð á sumri. Bærinn stendur undir neðstu brekkunum fremst í dalnum við ána. Jörð þessi er frí fyrir öllum skemdum, utan lítilfjörlegu landbroti af ánni. ... [heyskaparjörð góð] ..." SSV, 227

**Ba-199:001** *Efri Hvesta* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-199:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-199:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-199:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-199:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-199:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-199:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-199:008** *Bæli* örnefni

"Þar niður af er Bæli. Það er niður við Hvestuá. Þá er komið nálægt býlinu, sem heitir Fremri-Hvesta."

Ö-Hvesta, 84-85.

**Ba-199:009** *Álfkonusteinn* örnefni huldufólksbústaður

"Efst í Fremri-Hvestutúni heitir Fótur. Norðan til við Fót heitir Loðfætla. Neðan við Loðfætlu er stór steinn, heitir Álfkonusteinn."

Ö-Hvesta, 85.

**Ba-199:010** *Fremristekkjarhvolf* örnefni stekkur

"... förum aftur til fjalls. ... Fjallið það austur af heitir Víðirhlíðarfjall. Hlíðin niður af því heitir Víðirhlíð. Niður undan Víðirhlíð eru Hvilftarbrekkur. Í þeim er dálítill teigur, heitir Merarteigur. Niður undan honum er hvolf, heitir Fremrastekkjarhvolf."

Ö-Hvesta, 85.

**Ba-199:011** *Neðristekkjarhvolf* örnefni stekkur

"Norðanvert við Víðhlíðarfjall er gil, heitir Fremragil. Fjallið þar fyrir norðan heitir Miðtindur. Þar fyrir norðan er gil, heitir Neðragil. Niður undan því er hvolf, heitir Neðrastekkjarhvolf."

Ö-Hvesta, 85-86.

## Ba-200 Bíldudalseyri

1710: "Nýlendu hafa danskir uppbygt á Bíldudalseyri hjá sínum búðum í Litlueyrar landareign með eigandans leyfi; grasnyt er þar lítil, og ekkert hygg eg landdrottinn hafi í landskuld fengið hingað til." JÁM VI, 379. 391. 1847 er Bíldudalseyri 20 hdr. og er Höll þá einig 20 hdr, ásamt Hólshúsum. "Hann [Sýslumaður] skýrir enn fremur frá, að jarðir þessar allar saman sé kallaðar Bíldudalur, en hafi hver um sig fengið þann greinda dýrleika eptir samkomulagi millum eigenda og leiguliða, að sjálfur verzlunarstaðurinn sé á Bíldudalseyri, hluta út Litlueyri, er áður var talin 20 h. og að Höll frá upphafi hafi verið aðaljörðin, en Litla Eyri og Bíldudalseyri hafi heyrt undir, en nafnið Hólshús hafi komið í staðinn fyrir Litlu Eyri, þegar Bíldudalseyri er áður aðeins talin 5 h. úr Litlu Eyri, var orðin yrkt upp sem jörð sér." Algengara virðist þó að telja að Litlaeyri og Bílduadalseyri sé sama jörðin. 1942 náði verslunarlóðin frá Banaklettum að Bræðraminni (grasbýli) alls um 860 m langt belti - Bstbók, 117. Verslun hefur verið í Bíldudal frá því á 17. öld a.m.k.

15.5.1541 selur Erlingur Gíslason Bíldudal og Eyri með 14 kúgildum er þar voru fyrir Saurbæ á Rauðasandi - DI X, 616-17.

1920: 1,4 ha. garðar 1700 m2, 1/1 sléttað. Garðar allra húsmanna í Bíldudal 5329 m2. Útmælingar Bíldælinga samtals 3,3 ha. garðar 2128 m2. 1942: "Þar er vel ræktað tún og sléttað. Innst í túninu er grafreitur Bíldudalssóknar, girtur steinsteyptum garði, og vígður 7. júní 1926." Bstbók, 119.

**Ba-200:001** *Bíldudalseyri* bæjarhóll bústaður

"Þar stóð til forna bærinn þar sem nú stendur Félagsheimilið."

Túnakort 1920; Örnefni í Bíldudal, 83.

**Ba-200:002** *Íshús* heimild

"Rétt utan við þorpið eru landamerki Auðahrísdals og Bíldudals um klett, sem stendur við veginn út í Ketildali. Heitir kletturinn sá Bani. Fram af Bana gengur þanghlein í sjó fram, heitir Banahlein, eða Kvennahlein. ... Kippkorn þar fyrir innan

er önnur hlein, upp af henni stóð íshús það, sem Pétur Thorsteinsson lét byggja 1896. Hlein þessi hlaut þá nafnið Íshúshlein."

Örnefni í Bíldudal, 83.

**Ba-200:003** *verslunarstaður* heimild

"Næst þessu [002] er malareyri, þar sem verslunarhúsin stóðu til forna, heitir Bíldudalseyri."

Örnefni í Bíldudal, 83.

**Ba-200:004** *Skipakambur* heimild uppsátur

"Malarkambur við sjóinn frá gömlu verslunarhúsunum fram að Búðargilslæk, heitir Skipakambur. Þar voru þilskip sett upp að vetrinum."

Örnefni í Bíldudal, 84.

**Ba-200:005** *Naustaból* örnefni naust

"Fyrir framan Búðargilslæk taka við bakkar skammt frá sjó, fyrst er bakki, sem heitir Kaldibakki. Framantil í honum kemur upp uppspretta af köldu, góðu vatniheitir Kaldabuna. Í sjónum fram undan henni er steinn, heitir Hvolpasteinn. Skammt fyrir innan Köldubunu taka við bakkar, sem sjór hefur víða brotið framan af, heitir Brotnubakkar. Fram af þeim er tangi, heitir Brotnubakkatangi. Fyrir innan hann er bugur inn í ströndina, heitir Naustaból."

Örnefni í Bíldudal, 84.

**Ba-200:006** stífla

"Við Íshúsið [002] var eitt sinn tjörn, e.t.v. gerð af manna höndum með því að stífla lækinn. Tjörnin sú er löngu horfin."

Ö-Bíldudalur ath, 1-2.

**Ba-200:007** *Grænibakki* heimild býli

"Grænibakki var lítið býli og tún alveg fram á bakkabrún." Ekki ljóst hvort það tilheyrði Bíldudal eða Hóli.

Ö-Bíldudalur ath, 2.

**Ba-200:008** *Búðeyri* bæjarstæði bústaður

1710: "Budeyre heitir tómt hús niðrá Bíldudalseyri hjá kaupmannsbúðinni. Bygt í fyrstunni fyrir 7 eður 8 árum að forlagi kaupmannsins, til að húsmaðurinn skyldi vakta búðirnar."

JÁM VI, 379.

## Ba-200b Auði Hrísdalur

"Audehrisdalur, fornt eyðiból á milli Hvestu og Hóls í Bíldudal, í Hóls landi. Þar sjást ljós byggíngamerki af tófta og girðíngaleifum, en ekki hefur hjer bygð staðið í manna minni eða þeirra feðra, og veit enginn að segja af dýrleika eða byggíngarkostum á þessu eyðibóli. Ekki má hjer aftur byggja, því túnið er uppblásið og í hrjóstur komið. Heyskapurinn er mjög lítill, og landið skriðurunnið og uppblásið, og er þetta eyðibólsland brúkað til beitar fyrir fje og hesta frá Hóli." 1805 var jörð þessi höfð til beitar frá Hóli og taldist til þeirrar jarðar frekar en Bíldudalseyrar. Hún hefur síðan byggst á ný um hríð en farið í eyði aftur 1831 - SSV, 252. 1575 var Auðihrísdalur kirkjujörð kirkjunnar á Hóli í Bíldudal. 3.5.1703 taldist A. hluti af Litlueyri og var eign Páls Björnssonar í Selárdal - JÁM XIII, 205.

1920: 1 ha. garðrar 590 m2, hús 228 m2, 1/2 sléttað. 1942: "... fremur ógrasgefið og harðbalalegt dalverpi, og lítið tún." Bstbók, 117.

**Ba-200b:001** *Auði Hrísdalur* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-200b:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-200b:003** heimild stekkur

"Fyrir framan túnið eru holt og fyrir framan þau í hlíðinni er Stekkur. Fyrir aftan hann er gil í fjallið og skriða niður af því; gilið heitir Stekkjargil og skriðan Stekkjarskriða."

Ö-Auðhrísdalur, 2.

**Ba-200b:004** *Stundilmorgunssteinar* heimild huldufólksbústaður

"Fremst í Auðahrísadal heitir Dalbotn og Brekkur. Neðarlega í þeim eru tveir áberandi steinar fyrir neðan dálítin töðugresisblettt. Stærri steinninn mun vera rúm mannhæð að stærð. Þeir eru fyrir utan ána. Steinarnir eru nefndir Stundilmorgnasteinar eða Stundismorgnasteinar. Gömul saga er til um það að í steinum þessum hafi huldufólk búið."

Ö-Auðhrísdalur, 2.

**Ba-200b:005** *Háfagata* gata leið
"Fram úr bökkunum rétt fyrir innan dalinn gengur þunn klettabrík í sjó fram og heitir Háfur. ... Reiðgata yfir klettana fyrir innan og ofan Háf heitir Háfagata."
Ö-Auðhrísdalur, 3.
**Ba-200b:006** *Kolagrafarhryggur* örnefni kolagröf
"Kippkorn fyrir innan Háf [005] er sker, sem sjaldan fer í kaf, heitir Flatsker. ... Kippkorn fyrir innan Flatasker er hár hryggur, heitir Kolagrafahryggur."
Ö-Auðhrísdalur, 3-4.
**Ba-200b:007** *Mómýrar* heimild mógrafir
"Farið er fram í dal þeim megin [stekkjarnegin ?]. Fyrir framan Dýrhundseyru er Tröllagil. ... Ef farið er upp með Tröllagili að framan,heita þar Neðribrekka og Efribrekka. Fyrir framan þær heita Mómýrar. Þar var tekinn mór frá Auðahrísdal. Mun hafa verið tekið síðast 1926."
Ö-Auðhrísdalur, viðb, 1.
**Ba-200b:008** *Einvígi* sögustaður vígi
1877: "Oven for handelsstedet hæver er anseligt fjæd Torvgravaryg (Torfgrafarhryggr) sig frem; dettes yderste del, der kaldes "Envige" (Einvígi), er ved en lodret klöft afsondret fra det övrige fjæld. Oven den klöft siges Gisle at have sprunget for fra "enviget" at forsvare sig mod sine fjender. På fjældet hinsides klöften vises nogle tuer (3-5), der skal være opkastede over de af Gisle dræbte fjender."

"Að innanverðu er dalsmynnið myndað af allstórri gnípu, sem er skilin frá hálendinu með djúpri grá eða gjótu. Gengur gjótan úr fjallsbrúninni, sem er með fram firðinum yfir í Auðahrísdalinn. Gnípan er kölluð Einvígi, en gjótan Einvígisgjóta eða Gíslagjá. Munnmælasögur eru til um það, að Gísli Súrsson hafi einu sinni verið eltur af óvinum sínum eftir fjallinu fyrir innan Auðahrísdal. Skildi með þeim við gjótuna, því að Gísli stökk yfir hana og fram á Einvígja og varðist þaðan. En þeir, sem voru að elta hann, gátu ekki komist yfir gjána og urðu að hverfa heim til sín við svo búið. Óljósar sagnir eru um það, að Gísli hafi í þetta sinn drepið nokkra af þessum óvinum sínum, og eiga þeir að vera dysjaðir þarna uppi á fjallinu."

"Ef nokkur sannindi eru í sögu þessari, hlýtur gjótan að hafa verið alt öðru vísi og verri yfirferðar á dögum Gísla, en hún er nú. Nú eru veggir hennar svo fláir, að hún sýnist ekki vera neinn verulegur tálmi á leiðinni fram á Einvígjann. Þar að auki er gjótan breiðari en svo, að nokkur maður geti stokkið yfir hana. Hún mun vera um 20 faðmar að breidd." Einvígisgjóta er merkt inn á uppdrátt Herforingjaráðsins. Svipaðar sagnir eru tengdar sama örnefni á Haganesi handan fjarðarins - sbr. Ba-201:033-35
KK I, 557; Vestfirzkar sagnir I, 10-11.
**Ba-200b:009** heimild legstaður
1877: "På fjældet hinsides klöften [008] vises nogle tuer (3-5), der skal være opkastede over de af Gisle dræbte fjender." "Óljósar sagnir eru um það, að Gísli hafi í þetta [008] sinn drepið nokkra af þessum óvinum sínum, og eiga þeir að vera dysjaðir þarna uppi á fjallinu."
KK I, 557; Vestfirzkar sagnir I, 10-11.

## Ba-201 Hóll í Bíldudal

60 hdr. 1710 með öllum hjáleigum, heimajörðin sjálf 30 hdr. Hálfkirkja í notkun til um 1675. Hjáleigur: Fremrihús og Hjallhólar, síðan er Litlaeyri hluti af jörðinni með hjáleigunni Litlueyrarhúsum og tómthúsinu Búðeyri. Í viðauka aftast í jarðabók 1710 stendur að Litlaeyri sé kölluð lögbýlisjörð og að Hóli fylgi 2 hjáleigur, önnur þeirra sé nýlega byggð og kallist Hólar, en önnur eldri nefnist Hús. Höll hjáleigulaus 1847 og þá 20 hdr.

1847: "[Sýslumaður] skýrir enn fremur frá, að jarðir þessar allar saman [Bíldudalseyri, Hóll og Hólshús] sé kallaðar Bíldudalur, en hafi hver um sig fengið þann greinda dýrleika [20 hdr. hver] eptir samkomulagi millum eigenda og leiguliða, að sjálfur verzlunarstaðurinn sé á Bíldudalseyri, hluta úr Litlueyri, er áður var talin 20 h. og að Hóll frá upphafi hafi verið aðaljörðin, en Litla Eyri og Bíldudalseyri hafi heyrt undir, en nafnið Hólshús hafi komið í staðinn fyrir Litlu Eyri, þegar Bíldudalseyri er áður aðeins talin 5 h. úr Litlu Eyri, var orðin yrkt upp sem jörð sér." JJ.

15.5.1541 selur Erlingur Gíslason Bíldudal og Eyri með 14 kúgildum er þar voru fyrir Saurbæ á Rauðasandi - DI X, 616-17. 2.12.1569 selur Torfi Andrésson, með samþykki móður sinnar Guðrúnar Björnsdóttur, Hól og Litlueyri báðar fyrir 60 hdr. - DI XV, 327-28. 1575 telst jörðin Bíldudalur vera 40 hdr að dýrleika. 8.8.1677 selur Benedikt Halldórsson sr. Páli Björnssyni hálfa jörðina Hól 30 hdr. að dýrleika með hálfri hjáleigunni Litlueyri og hálfum Auðahrísdal - Jarðabréf,

118. 8.7.1685 selur Jón Þorláksson Þórði bpi bróður sínum 20 hdr í Bíldudal og þar til 10 hdr í Litlueyri - Jarðabréf, 282. 12.5.1686 selur Jón Árnason, í umboði Þórðar Þorlákssonar bps, sr. Páli Björnssyni Hól 30 hdr að dýrleika með hálfri hjáleigunni Litlueyri og hálfum Auðahrísdal - Jarðabréf, 118. 3.1.1687 selur sr. Páll Björnsson Árna Guðmundssyni 5 hdr. í Hóli - Jarðabréf, 137. 3.5.1703 er Litlaeyri 20 hdr jörð meðal eigna Páls Björnssonr í Selárdal, og fylgir henni Auðihrísdalur og landsk af báðum býlunum 140 al og tæp 6 kúgilsi - JÁM XIII, 205. 27.6.1703 á Árni Guðmundsson 5 hdr í H., landsk 2 vættir og 1 1/2 kúgildi. Árni hefur einnig 35 hdr af Hóli án leigu - JÁM XIII, 226-27.

1920: 8,5 ha. garðar 964 m2, 3/4 sléttað. 1851: "Dalurinn sjálfur er mýrlendur og bærilega grasgefinn, en hlíðarnar beggja vegna hrjóstugar mjög og skriðuorpnar." SSV, 252.

**Ba-201:001** *Hóll* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-201:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-201:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-201:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-201:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-201:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-201:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-201:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-201:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-201:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-201:011** heimild hálfkirkja
Sást til bænhústóftar austan við bæjarhúsin fram til 1950 er túnið þar var sléttað.
15.9.1387: [Vitnisburður um að Halldór prestur Sigurðarson] sä og yferlas opid Breff Herra Jöns Biskups Halldörssonar med hans heilu og oskoddudu hangandi Jnsigli. hvort ed svo greindi mäldaga Halfkyrckiunnar j Billdudal. In primis. ad kyrckjuprestur j Otradal skal syngja til adur neffndrar kyrckju i Bijldudal annan hvorn dag helgann. og hinn fiorda dag hvorn dag fyrri. skal þar lükast ij merkur offurs. skal takast heima kyrckjutijund og lysitollar aller. smätijunder allar. þær er minni eru enn skiptitijunnd. Skal öll kyrckjutijund og prestfiordungur aff Bijldudalseyri lukast til kyrckjunnar i Bijlldudal og allar smätijunder og lysitollar. Lagdi Grijmur Audunarson kyrckiunni j Otradal v kyr og eitt hross j möti adurgreindum mäldaga þrattnefndrar Bijlldudalskyrckiu. DI IX, 20.
1575: XLVII. Bijlldudalur.
Halfíkirkian I Billdudal. ä Audahrijsdal. Jtem tolf ær. og ij kijr. Jtem ij hauklar sæmeliger og tuær kluckur. litlar. Jtem Jördinn xlc. Máld DI XV 582
1710: "Bænhús hefur hjer áður verið, sem af er fallið fyrir nokkrum árum, en embætti seinast flutt fyrir 36 árum eður þar um." JÁM VI, 376.

Í Bíldudalskirkju sem nú er, vígðri 2.12.1906 er gömul altaristafla frá 1737, sennilega ættuð úr Otradalskirkju, og Predikunarstóll sem gefinn var Bíldudalskirkju árið 1699 af maddömu Klein, sem bendir til að kirkjan á Hóli hafi þá enn staðið. Jóhann Klein hafði Bíldudal á leigu og rak þar verslun 1684-89. Í kirkjunni eru einnig tvær klukkur, önnur frá 1650, sennilega frá Otradal.

JÁM VI, 376; Örnefni í Bíldudal, 86; Jón Kr. Ísfeld: "Prestatal í Barðastrandarprófastdæmi" ÁBS 1954, 58-59.
**Ba-201:012** *Fremrihús* heimild býli
1710: "Hjáleiga bygð í heimatúninu fyrir 23 árum, og reiknast að dýrleika fyrir v [hdr] úr heimajörðinni."
JÁM VI, 377.
**Ba-201:013** *Hjallhólar* heimild býli

1710: "Hiallhoolar. Önnur hjáleiga í heimatúninu, bygð í fyrstunni fyrir 12 árum, og hefur reiknast inn til næstu 2 ára iii [hdr], en nú fyrir v [hdr] úr allri heimajörðinni."

JÁM VI, 377.

**Ba-201:014** *Litlaeyri* bæjarstæði býli

1710: "Þessi bær er sagt að í fyrstunni hafi verið hjáleiga af Hóli, en lángvarandi, það menn til vita, hefur þetta býli með Litlueyrarhúsum reiknast fyrir þriðjúng allrar jarðarinnar, úr skift einasta að túni og engjum, og stendur þessi bær niður frá Hóli við sjóinn." 14 hdr. 1710.

Til er túnakort af Litlueyri. Þar er hún 4,8 ha. garðar 300 m2, með bæjarhól og 4-6 útihús. Verslunarstaðurinn í Bíldudal byggður að hluta í Litlueyrarlandi.

JÁM VI, 377; Túnakort 1920.

**Ba-201:015** *Litlueyrarhús* heimild býli

1710: "Bygð fyrir manna minni, hjer um fyrir 100 árum, í Litlueyrar túni, og er reiknuð að dýrleik fyrir vi [hdr] ..."

JÁM VI, 378.

**Ba-201:016** *Fornistekkur* heimild stekkur

"Gil í fjallinu upp af Brotnubakkartanga [005], heitir Merkjagil. ... Fyrir framan Merkjagil er stórt gil í fjallinu heitir Stekkjargil. Hryggur niður af því heitir Stekkjarhryggur. Fram og niður af honum eru gamlar stekkjatóftir, heita Fornistekkur. Hann var frá Litlueyri ... Fornistekkur er nú horfin vegna íbúðarbygginga."

ATH hvað eigi að gera við Litlueyri. Var hluti af Hóli en síðan er verslunarstaðurin byggður úr landi Litlueyrar. Hún er ekki nefnd 1847.

Örnefni í Bíldudal, 84.

**Ba-201:017** *Kirkjuvað* heimild vað

"Fyrir sunnan eyrina fellur Litlueyrará. Ós hennar heitir Litlueyrarós. Yfir hann er brú, heitir Litlueyrarbrú. Skammt fyrir framan hana er gamalt vað á ánni, heitir Kirkjuvað. Það var farið yfir ána þegar flóð var í ósinn. Haldið er að nafnið sé dregið af því að þar var oft farið í kirkjuferðum til Otradals."

Örnefni í Bíldudal, 84.

**Ba-201:018** *Torfkistufljót* heimild

"Kippkorf þar fyrir framan [018] er fljót í ánni, heitir Torfkistufljót. Nafn fljótsins dregið af veiðiferð, voru stungnar grifjur í bakka fljótsins og byrgðar í þær gekk silungur og var tekinn. Í Torfkistufljóti eru landamerki Litlueyrar og Hóls við ána, sem heitir Litlueyrará eftir að hún kemur í Litlueyrarlandareign."

Örnefni í Bíldudal, 84-85.

**Ba-201:019** *Bæli* örnefni

"Í suðvesturhorni túnsins [á Litlueyri ?] heitir Bæli."

Örnefni í Bíldudal, 85.

**Ba-201:020** *Hólskot* heimild býli

"Landamerki Hóls og Litlueyrar liggja þvert um dalinn úr Tvígiljaskriðusporði um Rauðalækjarvað í Torfkistufljóti. Framan við þau og niður við ána er áframhald Litlueyrarfitjar og heitir Hólsfit. Milli hennar og Hólstúns eru Hólsholt. Framantil á þeim stóð Hólskot." Ekki er minnst á þetta nafn í jarðabókum 1710 eða 1847. Einnig nefnt Ketilhús.

Örnefni í Bíldudal, 85.

**Ba-201:021** *Rauðalækjarvað* heimild vað

"Landamerki Hóls og Litlueyrar liggja þvert um dalinn úr Tvígiljaskriðusporði um Rauðalækjarvað í Torfkistufljóti."

Örnefni í Bíldudal, 85.

**Ba-201:022** *Steindórstóft* tóft

"Austarlega í Hólstúni út undir Rauðalæk var tóft nefnd Steindórstóft."

Örnefni í Bíldudal, 85.

**Ba-201:023** *Lögmannssteinn* örnefni

"Rétt hjá henni [022] var flöt, sem nefnd var Lögmannsflöt. Hjá flötinni er steinn, sem nefndur er Lögmannssteinn. Sú var sögn að lögmaður einhver, talið jafnvel Ari lögmaður Jónsson biskups Arasonar, hafi einhverntíma slegið tjöldum á flötinni og örnefni þessi því við hann kennd."

Örnefni í Bíldudal, 85.

**Ba-201:024** *Málfríðarstaðir* heimild býli

"Munnmæli eru um fjórða býlið í landareign Hóls. Málfríðarstaðir. Steðsetning þess er mjög á reiki og þess er ekki getið í jarðabók Árna og Páls."

Örnefni í Bíldudal, 86.

**Ba-201:025** Hólsstekkur tóft stekkur

"Fyrir framan Hólshrygg er gamall stekkur. Hólsstekkur."

Örnefni í Bíldudal, 86.

**Ba-201:026** tóft

"Nálægt honum [stekknum 025] eru leyfar fleiri tófta og greinuleg túngarðsbrot þar í kring. Virðist þetta vera æfagamalt. Gæti verið að þar hafi einhverntíma verið býli og sögnin um Málfríðarstaði [025] verið tengd því. Í jarðabók Árna og Páls eru Hólakot og Hólshús nefnd Hjallhólar og Fremrihús og virðist þá nýlega byggð sem hjáleigur frá Hóli."

Örnefni í Bíldudal, 86.

**Ba-201:027** *Hnúkssel* tóft sel

"Skammt fyrir framan Hólsstekk er Stórihryggur. Þar fram og niður af er Votihvammur. Klettarnir í fjallinu enda skammt fram og upp af Votahvammi og heitir þar Fjallsöxl. Úr henni fellur djúpt gil, sem myndar stóra skriðu, enda heitir skriðan Stóraskriða. Fyrir framan Fjallsöxl gengur dalverpi inn í fjalllendi, heitir Geldingadalur. Niður af honum er grasivaxinn hjalli, heitir Grænihjalli. ... Fram og niður af Grænahjalla eru gamlar seltóftir, heita Hnúkssel."

Örnefni í Bíldudal, 86.

**Ba-201:028** *Rafstöð* heimild

"Fyrir vestan Rjúpnadal er stór hæð, heitir Hnúkur. Aðaldalurinn neðan frá Stóruskriðu [sbr. 027] dregur nafn af Hnúk þessum og heitir Hnúksdalur. Á rennur eftir honum heitir Hnúksá. ... Hnúksá var virkjuð á árunum 1927-1928 fyrir Bíldudalskauptún. Var virkjunin 50 kw. og rekin í 30 ár. Þá var sett upp díselstöð á Bíldudal og gamla virkjunin notuð áfram fyrir bæina Hól og Litlueyri um 18 ára skeið, sem þá fyrst urðu rafmagns aðnjótandi. Virkjunarhúsið, sem jafnan var nefnt Rafstöð, er staðsett fyrir sunnan Hnúksá gegnt Stóruskriðu."

Örnefni í Bíldudal, 86.

**Ba-201:029** *Prestáll* heimild mógrafir

"Fyrir neðan Rafstöðina [028] eru mýrar, sem takmarkast að norðanverðu af Hnúksá og að sunnanverðu af holtum sem bera ekki nafn en mýrar þessar heita Prestsáll. Þar er mótekja og víðar í dalnum."

Örnefni í Bíldudal, 86-87.

**Ba-201:030** *Seljadalur* örnefni sel

"Hann liggur sunnanvert við háls, sem skilur á milli hans og Hnjúksdals." "Gegnt Tungum [031] norðanvert við Seljadalsá er skógi vaxin kinn, heitir Seljadalskinn. Vestur og upp af henni er brekka sem heitir Snorrabrekka. Nú svotil horfin vegna vegagerðar. Upp og vestur af henni, við ána er slægjuland Seljadalsengi. Gegnt því fyrir handan ána eru tóftarbrot [nú horfin vegna vegagerðar] taldar vera Seltóftir."

Örnefni í Bíldudal, 87, 88.

**Ba-201:031** *Auðarleiði* örnefni legstaður

"Á brúninni fyrir austan skarðið [Töfluskarð] er klettaborg sem heitir Tafla. Þar norður og niður af er dalur, heitir Kálfadalur. Eftir honum rennur Kálfadalsá. Kletthorn austur og upp af Kálfadal heitir Kálfadalshorn. Norðvestan við Kálfadalsá er fell, sem heitir Strengfell. Á því eru í námunda við það er hringur af smásteinum, sem smalar og annað fólk hefur hrúgað þarna saman. En þarna er sagt að sé leiði Auðar, konu Bílds þess, sem Bíldudal nam og dalurinn er kenndur við, heitir Auðarleiði. Niður undan Strengfelli eru Tungur. Eftir þeim rennur Tungulækur."

"Kona Bílds á að hafa heitir Auður. Hún bað um að jarðsetja sig þar sem hún sæi best yfir landnám sitt og var hún jörðuð á svonefndu Strengfelli eins og áður er sagt. Hún hafði beðið þess, að þeir sem best myndu eftir sér skyldu kasta þremur steinum á leiði sitt þegar þeir ættu leið hjá. Hefur það og verið gert og það jafnvel af fólki sem enn er á lífi. [Þetta er skráð 1936). En nú er þessu löngu hætt."

Örnefni í Bíldudal, 88, 90.

**Ba-201:032** *Hjálmarstóft* tóft

"Nesið fyrir innan Bíldudalsvog heitir Haganes. Fjallið upp af því heitir Haganeshyrna. Frammi á nesinu er tóft kölluð Hjálmarstóft. Þarna átti á sínum tíma að byggja kofa handa Hjálmari gogg (sambr. Vestfirskar sagnir I bindi, bls. 354.) Ekkert varð þó úr því að Hjálmar byggði þarna því að af byggingu þessari komst aldrei neitt nema tóftin. (Mun hann hafa andast á Hólshúsum áður en af þessu yrði ...)."

Örnefni í Bíldudal, 89.

**Ba-201:033** *Einvígishjalli* þjóðsaga

"Í hlíðinni nálægt Haganesgarði [klettabelti frá fjalli til fjöru] er hjalli, heitir Einvígishjalli. Landamerki milli Otradals og Litlueyrar munu nú talin í Haganesgarði. En lengi hefur stykkið milli hans og Hólsleitis, Haganesið, verið þrætuepli milli

viðkomandi jarða. Er sagt að þræta sú hafi byrjað á landnámstíð. Sagt er að Otri hafi numið Otradal en Bíldur Bíldudal. Hafi þeir barist um landamerkin á áðurnefndum hjalla. Orðið þar hvor öðrum að bana og séu þeir þar heygðir. Eiga að sjást þar þúrstur tvær og séu dysjar þeirra. Aðrir segja að dysjarnar séu mitt á milli Hólsleitis og Haganesgarðs þar fyrir ofan götuna (Þústur þær eru þó sýnilegar klapparþústur og annað ekki). Til er og sú sögn að þeir hafi áttst við á Haganeshyrnu, hrint hvor öðrum fram af og dysjar þeirra séu upp á hyrnunni."

Þessar sögur eru mjög áþekkar sögninni um hjallann Einvígi þar sem Gísli Súrsson á að hafa fyrirkomið nokkrum fjandmönnum sínum á Torfgrafarhrygg handan fjarðarins í Auða Hrísdalslandi sbr. Ba-200b:008-009

Örnefni í Bíldudal, 89-90.

**Ba-201:034** þjóðsaga legstaður

"Í hlíðinni nálægt Haganesgarði [klettabelti frá fjalli til fjöru] er hjalli, heitir Einvígishjalli. Landamerki milli Otradals og Litlueyrar munu nú talin í Haganesgarði. En lengi hefur stykkið milli hans og Hólsleitis, Haganesið, verið þrætuepli milli viðkomandi jarða. Er sagt að þræta sú hafi byrjað á landnámstíð. Sagt er að Otri hafi numið Otradal en Bíldur Bíldudal. Hafi þeir barist um landamerkin á áðurnefndum hjalla. Orðið þar hvor öðrum að bana og séu þeir þar heygðir. Eiga að sjást þar þústur tvær og séu dysjar þeirra. Aðrir segja að dysjarnar séu mitt á milli Hólsleitis og Haganesgarðs þar fyrir ofan götuna (Þústur þær eru þó sýnilegar klapparþústur og annað ekki). Til er og sú sögn að þeir hafi áttst við á Haganeshyrnu, hrint hvor öðrum fram af og dysjar þeirra séu upp á hyrnunni."

Örnefni í Bíldudal, 89-90.

**Ba-201:035** *Haganeshyrna* þjóðsaga legstaður

"Í hlíðinni nálægt Haganesgarði [klettabelti frá fjalli til fjöru] er hjalli, heitir Einvígishjalli. Landamerki milli Otradals og Litlueyrar munu nú talin í Haganesgarði. En lengi hefur stykkið milli hans og Hólsleitis, Haganesið, verið þrætuepli milli viðkomandi jarða. Er sagt að þræta sú hafi byrjað á landnámstíð. Sagt er að Otri hafi numið Otradal en Bíldur Bíldudal. Hafi þeir barist um landamerkin á áðurnefndum hjalla. Orðið þar hvor öðrum að bana og séu þeir það heygðir. Eiga að sjást þar þúrstur tvær og séu dysjar þeirra. Aðrir segja að dysjarnar séu mitt á milli Hólsleitis og Haganesgarðs þar fyrir ofan götuna (Þústur þær eru þó sýnilegar klapparþústur og annað ekki). Til er og sú sögn að þeir hafi áttst við á Haganeshyrnu, hrint hvor öðrum fram af og dysjar þeirra séu upp á hyrnunni."

Örnefni í Bíldudal, 89-90.

**Ba-201:036** heimild leið

1873: Annar þjóðvegur liggur úr Bíldudal yfir fjall, sem Hálfdán heitir, að Eysteinseyri ..."

SSV, 247.

## Ba-202 Hólshús

"Spölkorn ofar í dalnum er Hóll, voru þar áður hjáleigurnar Hólakot og Hólshús." Barðstrendingabók, 119. "[Sýslumaður] skýrir enn fremur frá, að jarðir þessar allar saman sé kallaðar Bíldudalur, en hafi hver um sig fengið þann greinda dýrleika eptir samkomulagi millum eigenda og leiguliða, að sjálfur verzlunarstaðurinn sé á Bíldudalseyri, hluta út Litlueyri, er áður var talin 20 h. og að Hóll frá upphafi hafi verið aðaljörðin, en Litla Eyri og Bíldudalseyri hafi heyrt undir, en nafnið Hólshús hafi komið í staðinn fyrir Litlu Eyri, þegar Bíldudalseyri er áður var aðeins talin 5 h. úr Litlu Eyri, var orðin yrkt upp sem jörð sér." Í viðauka aftast i jarðabók 1710 stendur að Litlaeyri sé kölluð lögbýlisjörð og að Hóli fylgi 2 hjáleigur, önnur þeirra sé nýlega byggð og kallist Hólar, en önnur eldri nefnist Hús.

**Ba-202:001** *Hólshús* bæjarstæði býli

"Fremst á Hólstúni var þriðja býlið hét Hólshús." Túnakort ekki til.

Örnefni í Bíldudal, 86.

## Ba-203 Otradalur

Staður 1710, 10 hdr. 1847. Hjáleigan Otrárdalshús þá í byggð. Vindheimar eyðihjáleiga. Tóptir önnur eyðihjáleiga getið 1805. Otradals er getið í Njálu, Eyrbyggju, Gísla sögu og Hávarðar sögu og á þar að hafa búið Eyjólfur grái sonur Þórðar gellis. Fyrst getið 1235 - Sturl, 367.

1920: 8,8 ha. garðar 865 m2, 1/2 sléttað. 1851: "Dalurinn er að mestu mýrlendur og fremur grasgefinn, eftir sem talið er í þess fáskrúðugri dölum. Núpar eru beggja vegna með bröttum klettabeltum, og hlíðarnar þar undir eintómur aur. En neðar betur smáhvammar og hryggir vaxnir töðugresi, en grýttir og skriðuorpnir. Á fellur eftir dalnum (Otradalsá). Í

henni er lítilfjörleg silungsveiði ..." SSV, 252. 1882: "... túnið er ákaflega stórt ..." Árb 1883, 68.

**Ba-203:001** *Otradalur* bæjarhóll bústaður
1882: "... bærinn stendr að vestanverðu í dalnum, skammt upp frá sjónum, enn hinn forni bær hefir staðið ofar eða nær hlíðinni, enn verið fluttr sökum skriðna úr fjallinu."
Túnakort 1920; SV Árb 1883, 68.

**Ba-203:002** heimild kirkja
1882: "Kirkjan stendr nú fram undan bænum, enn sagt er. að hin gamla kirkja hafi staðið neðar í túninu eða nær sjónum, og þar hafi fundizt mannabein, er þar var grafið til."
Otradalur í Arnarfirði (VB) -Guði, Maríu, Bartholomeo postula, Tómasi erkibiskupi, Þorláki, Cecilíu
c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 13
[1324]: Otradal.
kirkia j otradal er helgud allzvalldandi gudi oc heilagri gudz modur marie. og hinum heilaga barttolomeo postola. er þann stad a allann. Thomasi erchibiskupe. Thorlaco biskup. Ceciliu meyu. n a allt heimaland. millum haganess og beytils hamra. og j trostannzfidi thil allra þarfenda. en leyfa engum. stadarmenn skulu hoggua þar sem þeir vilia. suo vijtt sem land a skog. kyr xij. hross ij. hundrad voru. kirkia ä jnnan sig. kluckur ij. krossar iij. kalek. oc flatskript. kistil oc kistu. alltarisklædi þriu. glodaker oc kantarakapu. refil. munnlogar ij. thil kirkiu þessarar leggiast tijunndir og lysitollar oc groptur af ollum bæium milli galltar oc lannganess. Jtem barttolomeus lykneski er þordur buti gaf. Máld DI II 576
1.8.1375: Kirkjan í Haga á - skogar partt j trostans firde j otradals kirkiu sockn j sunnudal; DI III 301
[1394]: XVIII. Kirkia i Otradal er helgud allzvalldanda Gude hun ä allt heimaland mille Hagan[ess] og beytishamra les Vilkinsbok þvi þetta ber saman; Hítardalsbók DI III 776
1397: a alltt heimalannd milli Haganess oc Beitilshamra [+skóg] Þangad liggia tiunder oc gropttur af ollum bæiumm milli Galltar oc Langaness. Þetta hefer lokist kirkiunne j Testamentum epter Markus Þorkelsson. Half jord ad Fosse oc x kugilldi. Jtem vjc epter sira Svein skalla er hann var kirkiunni skylldugur i reikning. Jtem kugilldi epter Þorkel Magnusson Jtem kugilldi epter Markus Steinolfsson. portio Ecclesiæ vjc; Máld DI IV 147-148
[1446]: fifustader kyrkiujord [annaðhvort Selárdals eða Otradals]; DI IV 692
10.3.1451: Jörðin Reykjafjörður liggur í Otradalsþingum; DI V 82
[1491-1518]: Máld DI VII 80
1575: Máld DI XV 580
18.7.1904: ákveðið að flytja Otradalskirkju til Bíldudals; (PP, 183) [lög] 16.11.1907: Selárdalsprestakall lagt niður og Selárdalssókn lögð til Otradals,; (PP, 181) [lög]
Túnakort 1920; SV Árb 1883, 68.

**Ba-203:003** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-203:004** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-203:005** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-203:006** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-203:007** heimild fjós
1710: "Hætt er staðnum sem kirkjunni fyrir skriðuhlaupi úr bæjargilinu sem að túninu hefur grandað, og hefur þetta skriðufall fyrir 12 árum hlaupið á fjósið, brotið það niður og drepið peníngínn. Var það þá allnærri staðnum. Var síðan flutt heim að staðnum."
JÁM VI, 380.

**Ba-203:008** *Otradalshús* heimild býli
1710: "Hjáleiga bygð í heimatúninu fyrir manna minni, og hefur stundum legið í eyði köflum saman."
JÁM VI, 380.

**Ba-203:009** *Vindheimar* heimild býli
1710: "Eyðihjáleiga. Bygð í fyrstunni hjer um fyrir 26 árum, og varaði bygðin inn í næstu 16 eður 17 ára, síðan í auðn, og stóð þessi hjáleiga í heimatúninu út við túngarðinn."
JÁM VI, 380.

**Ba-203:010** heimild býli/sel
1710: "Girðíngar og tóftarústir sjást hjer í landinu, þar sem síðan hefur verið brúkuð selstaða. Það eru munnmæli, að þar hafi staðurinn staðið í fyrstunni áður en kristni kom í landið, en ekkert hafa menn hjer víst um að segja. Ekki má hjer bygð setja, því landið er uppblásið og í hrjóstur komið."
JÁM VI, 380.

**Ba-203:011** heimild stekkur
"Hlíðin inn frá Haganesi heitir Otradalshlíð. Kippkorn fyrir innan Haganesgarð er skriða, heitir Bauluskriða. Fyrir innan hana er hjalli uppi í hlíðinni, heitir Ytri-Stekkjarhjalli. Kippkorn þar fyrir innan er Innri-Stekkjarhjalli. Fyrir neðan hann er gamall Stekkur."
Ö-Otradalur, 18.

**Ba-203:012** *Álfkonuberg* örnefni huldufólksbústaður
"Upp og inn af Litlanesi, eru smá strandklettar, rétt fyrir utan túnið, heitir Álfkonuberg. Á ég sögu í handriti um huldufólkið í Otradal og mun Álfkonuberg þetta hafa verið talið aðalheimkynni þess hér."
Ö-Otradalur, 18.

**Ba-203:013** *Víghella* örnefni
"Á grund skammt fyrir ofan Litlanes er stór hellusteinn reistur á rönd. Lá niður um stund, en var reistur upp af mælingamönnum og hafður til þess að merkja 5. km frá Bíldudal. Það var gömul sögn að menn hefðu verið hryggbrotnir á steini þessu í bardaganum, sem getur um í sögu Hávarðar Ísfirðings, þó að aðrir segi, að bardaginn hafi verið háður þarna á grundinni og neðri hluta túnsins. Hellusteinninn var kallaður Víghella."
Ö-Otradalur, 18-19.

**Ba-203:014** *Gvendarbrunnur* lind vatnsból
"Fyrir neðan tún og skammt fyrir aftan Lendingu [015] er uppsprettulind, sem heitir Gvendarbrunnur."
Ö-Otradalur, 19.

**Ba-203:015** *Otradals-Lending* heimild lending
"Niður undan túninu er Otradals-Lending."
Ö-Otradalur, 19.

**Ba-203:016** *Gamli Kirkjugarðurinn* örnefni kirkjugarður
"Neðarlega í túninu innan til við veginn heim að bænum, er afgirt svæði með hlið í vestur, upp á móti brekkunni. Í ungdæmi Ingibjargar, annars heimildarmanns míns, var sagt að þetta væri gamall kirkjugarður, hét og Gamli Kirkjugarðurinn." - "... sagt er, að hin gamla kirkja hafi staðið neðar í túninu, eða nær sjónum, og þar hafi fundizt mannabein, er þar var grafið til."
Ö-Otradalur, 19; Sigurður Vigfússon: "Rannsókn um Vestfirði." Árbók 1883, 68.

**Ba-203:017** brunnur vatnsból
"Neðst í rönd túnsins er brekka, heitir Brunnabrekka. Fyrir neðan hana var Brunnur, og Brunnhús. Þangað var sótt vatn, þegar Prettur [lækur] þraut."
Ö-Otradalur, 19.

**Ba-203:018** *Vörðuholt* varða
"Fyrir framan túnið er holt með vörðu, heitir Vörðuholt."
Ö-Otradalur, 19.

**Ba-203:019** *Hvammur* heimild mógrafir
"Kippkorn fyrir framan Vörðuholt [018] og niður við á, er langt hólf, heitir Langholt. Fram af Djúpalæk eru slægjur í hallandi landi í hlíðarfótunum, heita Enni. Upp af þeim er Klettastandur í fjallsbrúninni, heitir Tröllkarl. Fyrir framan Enni er gil í fjallið, heitir Smyrlagil. Rétt fyrir framan það er grashvammur í hlíðinni heitir aðeins Hvammur. Þar er mótekja."
Ö-Otradalur, 20.

**Ba-203:020** tóft sel
"Niður af honum [Hvammi 019] eru votlendar mýrar, heita Selálar. Fyri neðan þá eru gamlar Seltóftir."
Ö-Otradalur, 20.

**Ba-203:021** *Otraleiði* þjóðsaga legstaður
"Otraleiði, heitir stór grjóthóll á fjallinu nálægt Bæjargili. ... Sagt er að Otri sem nam Otradal og dalurinn er kenndur við, sé heygður í Otraleiði. Þegar smalar gengu hjá því, voru þeir vanir að láta þrjá steina á það, því sagt var, að þeim myndi verða illt, ef þeir gerðu það ekki. Áður er þess getið, að Otri hafi hafi fallið í viðureign sinni við Bíld frá Bíldudal [sjá Hól í Bíldudal]. En til er önnur sögn, sem hermir að Bíldur sé heygður á fjallinu á móti Otraleiði. Þeir hafi verið vinir og viljað sjá hvor til annars, eftir dauðann, jafnframt því að sjá landnám sín."

1873: "[Otrardalur dregur] nafna af fornmanni einum, er þar bjó, Otri, og er það mál manna, að hann sé heygður uppi á [Haganesnúpi]. Er þar og haugmyndaður haugur nokkur eður þúfa, en hvort hann er heldur manna- eður náttúrusmíði, sést ógjörla."

Ö-Otradalur, 20, 22; SSV, 252.

**Ba-203:022** garðlag túngarður

"... túnið er ákaflega stórt, og má síðast rekja hinn forna garð, sem verið hefir sumstaðar mjög digr."

Sigurður Vigfússon: "Rannsókn um Vestfirði." Árbók 1883, 68.

**Ba-203:023** *Tóftir* heimild býli

Eyðihjáleiga talin með staðnum í jarðabók 1805. Hugsanlega sama og 010.

JJ, 186

**Ba-203:024** *akurgerði* gerði

1882: "Upp í túninu er ferskeytt girðing, öll nær slétt, sem líklega hefir verið einhverskonar akr eða sáðland ..."

Sigurður Vigfússon: "Rannsókn um Vestfirði." Árbók 1883, 68.

## Ba-204 Dufansdalur

48 hdr. 1710. Bændaeign. Landnámsjörð og á þrællinn Dufan að hafa búið í D. eftir að Án og Grélöð fluttu sig til Eyrar. Fyrst getið 1212 - Sturl, 923. Bænhús á miðöldum. Á jörðinni voru 3 bæir 1710. 1920 voru þeir tveir, Dufansdalur neðri og fremri.

1446 er D. 50 hdr. jörð meðal eigna Guðmundar Arasonar. - DI IV, 692. 23.10.1467 fá Þorleifur og Árni synir Björns Þorleifssonar ríka D. í arfaskiptum - DI V, 499-503. 16.10.1479 lofa Jón Ólafsson og Hallfríður Þórðardóttir að láta Gísla Filippusson fá hluta í D. ef önnur jarðakaup þeirra riftust - DI VI, 229. 1.6.1498 fellur dómur þar sem fram kemur að Guðmundur Arason seldi Þóri Steinólfssyni D og var það kaup dæmt löglegt og var D. því dæmdur eign Ólafs Jónssonar [dóttursonar Þóris] - DI VII, 383-84. 27.6.1554 selur Eggert Hannesson Jóni Erlingssyni Dugansdal 48 hdr að dýrleika ásamt með 12 hdr. í Trostansfirði - Jarðabréf, 100. Um 1620: Oddur Arason fékk Jón Magnússyni hálfan D. 'og var hans erfðajörð eftir móður sína' - JÁM XIII, 305. 9.4.1642 eignast Gísli Jónsson D. 48 hdr að dýrleika, 5 hdr í Fossi, 22 1/2 hdr í Reykjarfirði og 20 hdr í Trostransfirði í arfaskipti eftir foreldra sína Jón Magnússon og Ástríði Gísladóttur - Jarðabréf, 119-20. 1680 fær Halldóra Jónsdóttir D. 48 hdr að dýrleika í erfðaskipti eftir Gísla Jónsson - Jarðabréf, 120.

1920: 7,6 ha. garðar 1542 m2, 1/3 sléttað. 1851: "Dufansdalur er bæði mýr- og þurlendur. Vestanmegin dalsins nær graslendið lengra upp til fjalls en í Otradal, og lítið er um hamra í hlíð þeirri, en austanmegin er hlíðin nær ekki annað en björg og skriður. Frammi í dalnum er skógur nokkur ... Hrognkelsaveiði nokkur, en vorkópaveiði er þar nú nærri gjöreydd." SSV, 254.

**Ba-204:001** *Dufansdalur* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-204:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-204:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-204:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-204:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-204:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-204:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-204:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-204:009** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-204:010** *Fremri-Dufansdalur* bæjarstæði bústaður

Á Túnakort er stærð 4,8 ha. garðar 454 m2, 1/2 sléttað. Einnig er sýndur bæjarhóll og um það bil 10 útihús.
Túnakort 1920.

**Ba-204:011** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-204:012** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-204:013** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-204:014** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-204:015** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-204:016** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-204:017** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-204:018** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-204:019** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-204:020** heimild útihús
Túnakort 1920.

**Ba-204:021** heimild bænhús
"Bænhús er sagt að hjer hafi að fornu verið, sem af sje fallið fyrir manna minni, sjest þó enn deili til kirkjugarðsleifa."
"Fyrir nokkrum árum var kálgarðurinn fyrir neðan bæinn færður út og austur á túnið og stækkaður. kom þá í ljós beinagrind af ungum manni eða kvennmanni, og var hún grafin þar aftur. Hér var bænhús til forna og hefur þarna verið grafreitur þess."
JÁM VI, 380; Ö-Dufansdalur e. H.G, 26.

**Ba-204:022** heimild fjós
1710: "Hætt er efsta bænum stórlega fyrir skriðum, og hefur hjer fyrir x árum skriða á bæinn hlaupið, þegar að túnið tók af og braut baðstofuna, so mönnum var naumlega sjálfborgið. Í sama sinn tók fjósið af so nautin dóu. Þá gekk þessi skriða mjög að heimabænum, þó honum grandaði ei."
JÁM VI, 382.

**Ba-204:023** *Múli* náma
"Dufansmúli er fjallsmúlinn milli Dufansdals og Þernudals. Núpsfles heitir mosaflá, sem gengur af brún og niður í núpinn. Náma er í Múlanum, og var unninn þar surtarbrandur í fyrri heimsstyrjöld, og er hellirinn sagður 80 metra langur, en ekki nema 3-4 metrar á breidd. Vatn er í námunni, enda mikið hrunið fyrir munann."
Ö-Dufansdalur, 2.

**Ba-204:024** *Múlabót* heimild lending
"Múlabót er vík við innanverðan Múlann [023], og er þar góð lending."
Ö-Dufansdalur, 2.

**Ba-204:025** *Vörðuhryggur* örnefni
"Á móti bænum er allhár gróinn skriðuhryggur, sem heitir Vörðuhryggur. Þar var jafnan gengið á brún í smalamennskum og smalað fram fjallið."
Ö-Dufansdalur, 2.

**Ba-204:026** *Surtarbrandsteigur* heimild kolagröf
"Hlíðin. Fyrir ofan Bleytur er Hlíðin grösug og þurr, og er þar bezta beitiland, og liggja þar grasteigar upp að klettur. Surtarbrandsteigur; þar finnast viðarkol."
Ö-Dufansdalur, 3.

**Ba-204:027** *Heiðarvað* heimild vað
"Heiðarvað. Þar var farið yfir ána, þegar Dufansdalsheiði var farin, en nú er orðið langt síðan hún var farin."
Ö-Dufansdalur, 3-4.

**Ba-204:028** *Bósi* heimild huldufólksbústaður
"Svæðið upp frá Dalá og upp að hlíðarfótum er kjarri vaxið og í því mýrar litlar og hólar, og heitir þetta stykki Bósafoldir. Framarlega á þeim er einstakur steinn, sem sagður var dvergabær, og heitir hann Bósi."
Ö-Dufansdalur, 4.
**Ba-204:029** *Smiðjuhvammur* tóft smiðja
"Bolli er í hvilft í fjallið framan við Heimribekk, og er þar grösugt og mikið aðalbláberjaland. Þar eru tveir lækir, sem heita Bollagil, og byrjar nú aftur klettar í fjallinu. Þar er stór hvammur alveg frá ánni og upp að hlíðinni, og heitir hann Smiðjuhvammur. Þar er sagt, að hafi verið gert til kola fyrr á árum, og sjást þar tóftarbrot óljós á einum stað."
Ö-Dufansdalur, 4.
**Ba-204:030** *Neðriból* tóft kvíar
"Efriból er hár hóll, grasi vaxinn, og stór steinn á miðjum hól. Bólalaut er stór graslaut, spöl framar en Efriból. Skógur eða kjarr er þaðan alveg niður að Dalá, og er það stórt stykki. Neðriból eru grasblettur, ræktanlegur, niður undan Efribólum. ... Heiðarvaðsmýri er niður við ána, Neðriból þar nokkru ofar. Þar er tóft, og þar liggur götuslóði, gegnum kjarrið fram að Laugará og heitir Neðstugötur"
Ö-Dufansdalur, 6; Ö-Dufansdalur, viðb, 2.
**Ba-204:031** *Kiðutóftir* tóft
"Leiti er upp af Leitismýrum, og sést af því heim að bænum, þegar komið er framan úr dalnum. ... Kiðutóftir eru spölkorn fyrir heiman Leiti, og eru þar tóftarbrot, nokkuð greinileg."
"Sagt er að Snæbjörn Pálsson, bóndi í Dufansdal á fyrri hluta 19. aldar, hafi haft þar geitur sínar."
Ö-Dufansdalur, 6; Ö-Dufansdalur e. H.G, 28.
**Ba-204:032** *Ból* heimild kvíar
"Fremri-Bólabrekka er fyrir ofan túnið í Fremri-Dufansdal og nær út að Bæjará. Ær voru mjaltaðar á Bóli, sem er fyrir ofan túnið, við Bæjará, um 100 metra frá bæ. Kýr voru einnig mjólkaðar þar á sumrum. Síðast var fært frá 1932 ..."
Ö-Dufansdalur, 6.
**Ba-204:033** *Gljúfrarétt* heimild rétt
"Bæjargljúfur er neðan við neðsta fossinn [í Bæjará], er er þar hlaðin allstór rétt, er ávallt var kölluð Gljúfrarétt, og myndar bergið í gljúfrinu annan vegginn."
Ö-Dufansdalur, 7.
**Ba-204:034** gata leið
"Fyrir utan Fremrikika er á ánni grösugur hvammur alldjúpur, og er hann kallaður Grjótbrúnargljúfur. Yfir þau liggur fjárgata, og er Kinn fyrir ofan hana, en fyrir neðan hana er Kinnarfoss."
Ö-Dufansdalur, 7.
**Ba-204:035** *Ytri-Bólbrekka* örnefni
"Ytri-Bólbrekka er fyrir ofan ytra túnið og nær upp að Ólafshjalla og út að gili, sem rennur niður með túninu ..."
Ö-Dufansdalur, 7.
**Ba-204:036** tóft stekkur
"Ytri-Bólbrekka er fyrir ofan ytra túnið og nær upp að Ólafshjalla og út að gili, sem rennur niður með túninu, og heitir það Rollugil. Kinnar eru fyrir utan Rollugil, og eru það smáenni, gasi vaxin, og utan við þær er Stekjarholt. ... Utan við Stekkjarholt eru tveir smálækir, Stekkjargil, og utan við þau eru smátóftarbrot, sem heita Stekkur. "
Ö-Dufansdalur, 7.
**Ba-204:037** *Neðstiflói* heimild rista
"Lengja er þar fyrir neðan [Snibbu sem er utar en stekkurinn 036], mjó mýri og blaut ... grjótborinn hryggur þvert yfir mýrina, sem var naumast hestheld nema á þessum hrygg, og kallast hann Stópar ... Neðan þeirra er Neðstiflói; þar er reiðingstorf allgott."
Ö-Dufansdalur, 8.
**Ba-204:038** tóft naust
"Neðan við Búrin er Árósinn, og er hann alllangur og djúpur um flæði. Var oft lent það bátum, og er þar allstór tóft, sem bátur hefur verið hafður í." "Þessi tóft er mjög mjó, og hefur bátur í henni verið nær því í skorðum við vegg hennar."
Ö-Dufansdalur, 8; Ö-Dufansdalur viðb 2.
**Ba-204:039** tóft naust
"Naust; þar eru tóftir nokkrar. Þar er í vörinni steinn allstór, og kemur hann því nær á þurrt um stórar fjörur, en fer á kaf í flóði."

Ö-Dufansdalur, 8.

**Ba-204:040** *Vörðuholt* örnefni

"Holtasund heitir upp af Ingimarssteinum. Þar er grasi vaxið skarð í holtin, Sjónarholt fyrir innan, en Háaholt fyrir utan. ... Utan við Háaholt er Vörðuholt og grassund á milli."

Ö-Dufansdalur, 9.

**Ba-204:041** *Stekkjartangatóft* tóft stekkur

"Hóar heita upp frá Vörðuholti [040]. ... Stekkjartangi er utan Hóla. Er það nes mjög lítið. Inn við hann er vík, sem nefnist Stekkjartangabót. Upp frá henni er mýrlendi, sem heitir Stekkjartangamýrar, og er í þeim stór kelda eða dý, Grænadý. Yzt í Stekkjartangamýrum er tóft allstór, Stekkjartangatóft. Hún er hringlaga, og mótar fyrir garði út frá henni."

Ö-Dufansdalur, 9.

**Ba-204:042** *Dufansdalsrétt* heimild rétt

"Upp frá Stekkjartangagartóft [041] er hár hryggur, sem heitir Kattarhryggur. Þarna eru komnir klettar í fjallið, og heita Stekkjartangaklettar. Ná þeir út að gili, sem heitir Hlaðsgil eða Réttargil, en skammt utan við það er Dufansdalsrétt. Var hún lengi aðalrétt hreppsins, en er nú að hruni komin og hefur ekki verið notuð í ein fimmtán ár ..."

Ö-Dufansdalur, 9.

**Ba-204:043** *Hvassanesgangur* gata leið

"Hvassanesgil er upp af Flugu [utar en Bárusteinn], en er eiginlega alveg þurr nema í leysingum eða miklum rigningum. Utan við það liggur fjárgata í sneiðingum upp klettana, og er það fjölfarið af fé á sumrum. Heitir það Hvassanesgangur,"

Ö-Dufansdalur, 10-11.

**Ba-204:044** *Dufi* þjóðsaga legstaður

"Dufi er hár, hauglaga hóll og er sagður haugur Dufa þess, er fyrstur byggði Dufansdal. Ekki er nú hóllinn samt líklegur til að vera mannaverk. Heiðarvegurinn liggur upp með Dufa, og er þaðan örskammt á kjöl."

Ö-Dufansdalur, 12.

**Ba-204:045** *Guðnavarða* varða

"Háihjalli nær frá Hvassnesgili og út á Otradalsnúp. Háihjalli nær frá Hvassanesgili og út á Otradalsnúp. Guðnavarða er á Grjótbrún upp af Háahjalla. Hún sést vel, og er þó orðið hrunið nokkuð ofan af henni. Hún hefur verið vel hlaðin og efnismikil, meira en metri í þvermál. Hæðin á henni í dag er góður metri."

Ö-Dufansdalur, 14-15.

**Ba-204:046** *Fjárhúsatún* örnefni fjárhús

"... í túni. Þau eru nokkur: Frambæjartún. Brunnabrekka. Bæjarbrekka. Bæjarhóll. Fjárhúsatún."

Ö-Dufansdalur, 15.

**Ba-204:047** *Dysin* örnefni legstaður

"... í túni. Þau eru nokkur: Frambæjartún. Brunnabrekka. Bæjarbrekka. Bæjarhóll. Fjárhúsatún. Ármalir. Fremrieyrar. Dysin, nú upphlaðið leiði, og ekkert vitað um það."

Ö-Dufansdalur, 15.

**Ba-204:048** Brunnabrekka örnefni vatnsból

"... í túni. Þau eru nokkur: Frambæjartún. Brunnabrekka."

Ö-Dufansdalur, 15.

**Ba-204:049** *Benediktstóft* heimild

"Efsti hluti þess [Neðra Dufansdalstúns] heitir Benediktstún. Á því voru gamlar bæjartóftir, hétu Benedikstóftir. Öskuhaugur sést þar grasivaxinn enn. En fjárhús var byggt upp úr tóftunum. Hefur örnefnum þessum fylgt sú sögn að Benedikt Gabríel Jónsson, galdaramaður hafi búið hér ... Sögn þessu mun vera röng að því leyti að kenna örnefni þessi við Benedikt Gabríel, því að hann mun aldrei hafa búið í Dufansdal. En örnefnin munu vera kennd við Benedikt þann, er bjó hér 1762."

"Fyrir nokkrum árum var kálgarðurinn fyrir neðan bæinn færður út og austur á túið og stækkaður. kom þá í ljós beinagrind ad ungum manni eða kvennmanni, og var hún grafin þar aftur. Hér var bænhús til forna og hefur þarna verið grafreitur þess."

Ö-Dufansdalur e. H.G, 26.

**Ba-204:050** *Jöragarður* örnefni kálgarður

"Grænhóll. Útrækt. Benediktshúsatún. Hrafnavöllur. Jöragarður. ... Jöragarður er kálgarður, gerður af manni, sem Jörundur hét, nokkru fyrir aldamót."

Ö-Dufansdalur, 15; Ö-Dufansdalur viðb, 4.

**Ba-204:051** *Ytriflói* heimild mógrafir
"Ytriflói, þar eru Mógrafir. Mótak er víða í Dufansdal, en hvergi gott. Mórinn er laus í sér og ekki hitamikill. Oftast var hann tekinn í flóanum út og niður af bænum. Víðast voru tvær og hálf stunga ofan á mó og mórinn svo sex stungur, þaðsem dýpst var."
Ö-Dufansdalur, 15.

**Ba-204:052** *Goðatóft* heimild
"Goðatóft var neðst í túni. Enga sögn heyrði ég um, hvers vegna hús hét svo, en ég man vel eftir henni, og var hún kjörin felustaður, um metersdjúp og slétt í botninn. Hún var á sléttlendi og engir steinar í henni, enda ekkert grjót þarna nærri. Sléttað var yfir hana um 1950, og sér hennar nú ekki meir."
Ö-Dufansdalur, 16.

**Ba-204:053** *Dagmálavarða* varða eyktamark
"Dagmálavarða vestanvert við Skarðsfell á Fossheiði var eyktamark."
Ö-Dufansdalur, 16.

**Ba-204:054** *Neðstugötur* gata leið
"Efriból er hár hóll, grasi vaxinn, og stór steinn á miðjum hól. Bólalaut er stór graslaut, spöl framar en Efriból. Skógur eða kjarr er þaðan alveg niður að Dalá, og er það stórt stykki. Neðriból eru grasblettur, ræktanlegur, niður undan Efribólum. ... Heiðarvaðsmýri er niður við ána, Neðriból þar nokkru ofar. Þar er tóft, og þar liggur götuslóði, gegnum kjarrið fram að Laugará og heitir Neðstugötur" Sbr. 020.
Ö-Dufansdalur, 6; Ö-Dufansdalur, viðb, 2.

**Ba-204:055** *Miðgötur* gata leið
"Efriból [030] eru spöl fyrir ofan Neðriból, og liggur þar líka annar götuslóði fram að Laugará og heitir Miðgötur."
Ö-Dufansdalur, viðb, 2.

**Ba-204:056** *Ánargerði* garðlag
"Þar er nefnt Ánargerði, en naumast sér þar fyrir neinum mannvirkjum. ... er hringlaga garður úr torfi, og nær hann upp í Sjóarholt og nær því niður að Nausti og gæti hafa verið haldinn umhverfis akurblett." Sbr. 028.
Ö-Dufansdalur, 8; Ö-Dufansdalur viðb, 2.

**Ba-204:057** heimild leið
"Gönguleið var þarna áður og hét að fara "fyrir Botna". Var þá ýmist farið upp úr Þernudal eða Dufansdal og komið niður í Vestur-Botn í Patreksfirði. Var þá farið fyrir ofan drög dalsins í Norður-Botni í Tálknafirði. ... Ekki var þarna um neina götu að ræða, en smá vörðubrot minnir mig, að séu þarna."
Ö-Dufansdalur viðb, 2-3.

**Ba-204:058** *Hjallagata* gata leið
"Hjallaskarð er heiman við Hærrikinnar, beint upp af Snibbu. Um það liggur götuslóði, sem heitir Hjallagata, og var áður heybandsleið, ef heyjað var á Hjöllum. Skarðið lætur lítið yfir sér."
Ö-Dufansdalur viðb, 5.

**Ba-204:059** *Hallgata* gata leið
"Efsta gatan heitir Hallgata og liggur af Fremri-Bólbrekku upp Hallinn í sniðgötu, svo fram hjalla þann, sem heitir Undir felli og aftur af honum í sniðgötu upp í Hagana, og var þetta heybandsleið, þegar heyjað var í Högum."
Ö-Dufansdalur viðb, 6.

**Ba-204:060** *Bólamýri* álagablettur
"Rétt við Efriból er mýri lítil, sem heitir Bólamýri, og var hún talin álagablettur og viss vanhöld á skepnum, en hún var sleginn."
Ö-Dufansdalur viðb, 6.

**Ba-204:061** *Gaddstóft* tóft bústaður
"Við Naust [039] er tóft, sem nefnd er Gaddstóft. Þar átti heima einsetumaður um og eftir síðustu aldamót. Maður þessi hét Jón, að viðurnefni gaddur, og man ég ekki til, að ég heyrði föðurnafn hans. Hann mun hafa talizt til þeirra, sem nefndir eru kynlegir kvistir."
Ö-Dufansdalur viðb, 7.

**Ba-204:062** *Helga* þjóðsaga legstaður
"Fyrir heiman Langahjalla er Hlaðgil. En þar fyrir heiman er Leynishjalli. Fyrir neðan hann er grasbeð, heitir Helga. Sagt er, að Helga, kona Dufans landnámsmanns, sé þar heygð."
Ö-Dufansdalur e. H.G, 27.

**Ba-204:063** *Kerlingarhóll* þjóðsaga legstaður
"... skammt fyrir framan Helgu er grjóthóll, heitir Kerlingarhóll. Sagt er, að fóstra Dufans sé þar heygð."
Ö-Dufansdalur e. H.G, 27.
**Ba-204:064** *Dalli* þjóðsaga draugur
"Einu sinni þegar Snæbjörn Pálsson bjó í Dufansdal, voru börnin þar á bænum að leika sér í feluleik. Fer þá eitt þeirra, Torfi, sonur bóndans, inn í fjárhús til að fela sig. Var þar dimmt mjög, því að húsið var gluggalaust. En birtu lagði þó inn um dyrnar og lýsti það upp næst þeim. Torfi fer á gafl í húsinu og felur sig þar, sem myrkrið er mest. Bíður hann þar um stund, en enginn leitar hans þangað. Þegar honum leiðist biðin, snýr hann fram húsið, og ætlar að fara út til leiksystkina sinna. En þá sér hann í ljósaskiptunum, þar sem myrkrið og birtan mættust, svartan hund með lafandi eyru. Torfi sá glóra í eldrauð augu hans og fannst hann blína þeim svo sterkt á sig, að allur máttur fór úr honum, og var hann nær hniginn niður. En í þeim svifum kemur eitt barnanna, telpa, Guðbjörg að nafni, inn í húsið með fasi miklu, og hvarf þá sýn þessi allt í einu, en Torfi fékk máttinn aftur. ... Þegar Torfi segir fullorðna fólkinu frá sýn þessari, er honum sagt, að þetta hafi Dalli verið ... Atburður þessi hefir borið við um miðja síðustu öld."
Vestfirzkar sagnir I, 137-138.

## Ba-205 Foss

20 hdr. 1710. Hálf jörðin er Otradalskirkjueign og er það bær út af fyrir sig, skammt frá hinunm í sama túni, hinn helmingurinn er í bændaeign og er það hinn forni bær. Merki milli Foss og Reykjarfjarðar eru við Stóruurð í Hrafnsskagahlíð. 1575 á "kirkian ... jord hälfa ad Fosse tekst aff x aura leiga i millum Vadhamars og Hagagardz fyrer innan Vrd ä Hraffnzhagahlijd." Húsmannsbýlið Grund var lengi hluti Fossár.

1.1.1554 selur Ketill Jónsson Einari Pálssyni hálfa jörðina F. fyrir 10 hdr. - DI XII, 100. 11.8.1557 selur Einar Pálsson Eggerti Hannessyni hálfa jörðina F. fyrir 10 hdr. - DI XIII, 247-48. 1576 er F. 10 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 104. 9.4.1642 eignast Gísli Jónsson 5 hdr. í F eftir foreldra sína Jón Mganússon og Ástríði Gísladóttur - Jarðabréf, 119-20. 7.6.1685 selur Páll Jónsson sr. Páli Björnssyni 10 hdr í F. - Jarðabréf, 201.

1920: 4,3 ha. garðar 495 m2, 1/2 sléttað. 1851: "Skógur er talsverður í Fossfjalli. Beitiland er þar ágætt, og fjallshlíðarnar sæmilega grösugar. Innan til við Foss fer fjallgarðurinn að beygjast til landnorðurs. Hlíð er þar fyrir innan, er Hrafnskagahlíð heitir. Er hún slægna og beitland allgott." SSV, 254

**Ba-205:001** *Foss* bæjarhóll bústaður
"Í túninu fyrir innan bæinn er hóll, heitir Ljóshóll. Þar á hólnum var Fossbær til forna. En nafn sitt ber hann af því, að sagt er, að ljós hafi sést þar, sem ekki gat stafað frá mennskum mönnum."
Túnakort 1920.
**Ba-205:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-205:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-205:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-205:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-205:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-205:007** *Grund* heimild bústaður
"Fyrir neðan Fosstún og Orm var lengi húsmannsbýli, hét aðeins Grund."
Á Túnakort eru Grundir 0,9 ha, garðar 278 m2. Þar er bæjarhóll og 2-4 útihús.
Túnakort 1920; Ö-Foss, 33.
**Ba-205:008** *Einbúi* örnefni huldufólksbústaður
"Frá Þernudalsá til Fossár er grund með fram sjónum, heitir Fossgrund. Fyri rofan hana, hér um bil alla, er lækur, sem sjór fellur alllangt upp eftir, heitir Ormur. ... Stakur steinn fyrir ofan Orm heitir Einbúi. Sagt var fyrrum, að þar byggi huldufólk."
Ö-Foss, 32.
**Ba-205:009** *Ljóshóll* örnefni

"Í túninu fyrir innan bæinn er hóll, heitir Ljóshóll. Þar á hólnum var Fossbær til forna. En nafn sitt ber hann af því, að sagt er , að ljós hafi sést þar, sem ekki gat stafað frá mennskum mönnum."
Ö-Foss, 33.

**Ba-205:010** *Hjallhóll* örnefni hjallur
"Fyrir innan Ljóshól [009] og Hrútslæk, er annar hóll, heitir Hjallhóll."
Ö-Foss, 33.

**Ba-205:011** *Kvennagangur* heimild leið
"Bæjarmegin við Hrútslæk er gangur upp á hjalla þennan, heitir Kvennagangur."
Ö-Foss, 34.

**Ba-205:012** *Skessa* varða
"Varða á brúninnu þar fyrir utan [011] heitir Skessa."
Ö-Foss, 34.

**Ba-205:013** *Sæmundarstekkur* heimild stekkur
"Þar fyrir ofan [Hærri-Skjól] er stór brekka, endi hennar, næst ánni, þar sem vegurinn liggur, heitir Tagl. Þar fyrir ofan er gamall stekkur, heitir Sæmundarstekkur."
Ö-Foss, 34.

**Ba-205:014** *Fossheiðarvegur* vegur leið
"Vegur liggur upp með Fosstúni að utanverðu upp á fjallið og heiði er heitir Fossheiði. ... Vegamót. Þar skiptist Fossheiðarvegur. Liggur annar vegurinn ofan í Tungumúla á Barðaströnd en hinn ofan í Mórudal og ofan að Krossi."
Ö-Foss, 34-35.

**Ba-205:015** vegur leið
"Vegur liggur upp með Fosstúni að utanverðu upp á fjallið og heiði er heitir Fossheiði. ... Vegamót. Þar skiptist Fossheiðarvegur. ... hinn ofan í Mórudal og ofan að Krossi."
Ö-Foss, 34-35.

**Ba-205:016** *Leikvöllur* vegur leið
"Vegur liggur upp með Fosstúni að utanverðu upp á fjallið og heiði er heitir Fossheiði. ... Vegamót. Þar skiptist Fossheiðarvegur. Liggur annar vegurinn ofan í Tungumúla á Barðaströnd en hinn ofan í Mórudal og ofan að Krossi. Vegurinn, sem liggur ofan að Tungumúla, heitir Leikvöllur og þeim vegi er nú aðeins haldið við."
Ö-Foss, 34-35.

**Ba-205:017** *Brunabrún* þjóðsaga aftökustaður
1942: Skógurinn innan við ána nefnist Sumarliðaskógur, og kenndur við Sumarliða nokkurn, sem munnmæli segja, að hafi verið brenndur fyrir galdragrun, í sambandi við veikindi Helgu konu Páls prófasts í Selárdal. Ekki er þó Sumarliði talinn í annálum þeim er frá galdramálum þessum herma. En ýmis líkindi eru þó til, að saga þessi sé sönn."

"Fyrir neðan hann [Bala] er allmikið skóglendi, heitir Sumarliðaskógur. Fyrir neðan hann er hjallbrún, heitir Brunatún. Síðustu tveimur örnefnum fylgir sú sögn að eitt sinnn hafi maður sá, er Sumarliði hét, búið í Fossi. Þetta var á þeim tíma, þegar ofsóknir séra Páls Björnssonar í Selárdal voru í algleymingi. Sumarliði var grunaður um galdra, tekinn fastur og brenndur á Brunabrún með hrísi úr Sumarliðaskógi."
Bstbók, 119-20; Ö-Foss, 35.

**Ba-205:018** *Kolviðarhjalli* örnefni kolagröf
"Fyrir norðan Kolviðarhjalla er skóglendi, heitir Selskógur. Í honum eru gamlar Seltóftir. Selskógur nær til sjávar."
Ö-Foss, 36.

**Ba-205:019** tóft sel
"Fyrir norðan Kolviðarhjalla er skóglendi, heitir Selskógur. Í honum eru gamlar Seltóftir. Selskógur nær til sjávar."
Ö-Foss, 36.

**Ba-205:020** *Ytri-Smiðjuhvammur* örnefni smiðja
"Fyrir norðan Selskóg heitir hlíðin Hrafnsskógarhlíð. Á henni er Ytri-Smiðjuhvammur og Innri-Smiðjuhvammur."
Ö-Foss, 36.

**Ba-205:021** *Landamerkjagarður* garðlag landamerki
"...Hrafnsskógarhlíð [020] nær norðan að stórri urð, sem heitir Landamerkjaurð. Í henni er Landamerkjagarður. Þar eru landamerki milli Foss og Reykjafjarðar."
Ö-Foss, 36.

**Ba-205:022** *Hagagarður* garðlag

c. 1570: Otradalskirkja "ä jord hälfa ad Fosse tekst aff x aura leiga I millum Vadhamars og Hagagardz fyrer innan Vrd ä Hraffnzhagahlijd."

DI XV, 580

## Ba-206 Reykjarfjörður

30 hdr. 1710 og á jörðinni standa 4 bæir, sem allir standa á sama túninu og er allt landið óskipt nema eitt tún og engjar leiguliða. Bærinir eru Reykjarfjörður 15 hdr., Miðhús 7 1/2 hdr., Hverahús 5 hdr., og Fremrahús 2 1/2 hdr. Í Reykjafirði var bænhús á miðöldum. Fyrst getið um 1208 - Sturl, 913. 14.5.1626 selur Hannes Ívarsson Jóni Magnússyni 7 1/2 hdr í R. - Jarðabréf, 119. 13.6.1630 selur Jón elsti Ívarssyni Jóni eldra Magnússyni bróður sínum 7 1/2 hdr í R. Yngsti Jón lagði bróður sínum, elsta Jóni, sinn part úr túni fyrir hans fremsta part, er Jón Magnússon aftur eignaðist, svo að Jóns Magnússonar partar lægi saman, en þeirra partar saman bræðra, miðlungs Jóns og yngsta Jóns. - Jarðabréf, 119. 19.2.1633 selur Jón Ívarsson yngsti Jóni Magnússyni eldra 7 1/2 hdr í R að tilgreindum helmingi túns og húsa á þeirri jörðu móts við Jón Ívarsson miðaldra þeirra bræðra - Jarðabréf, 119. 9.4.1642 eignast Gísli Jónsson 22 1/2 hdr. í R. í arfaskipti eftir forledra sína Jón Magnússon og Ástríði Gísladóttur - Jarðabréf, 119-20. 9.10.1670 selur Jón Jónsson, með samþykki konu sinnar Þórunnar Björnsdóttur og bróður síns Ívars Jónssonar, Gísla Jónssyni 7 1/2 hdr í R. sem faðir hans hafði gefið honum til arfaskipta - Jarðabréf, 120. 1680 fær Ingibjörg Jónsdóttir R. í arfahlut eftir Gísla Jónsson - Jarðabréf, 120. 8.10.1698 skipta synir Þorleifs Kortssonar með sér arfi eftir hann, með samþykki Ingibjargar Jónsdóttur móður sinnar. Guðmundur fær m.a. Reykjarfjörð 30 hdr að dýrleika - Jarðabréf, 150. Sbr. JÁM XIII, 182. 30.4.1703 er R. 30 hdr jörð meðal erfðajarða Guðmundar Þorleifssonar. Heimajörðin svaraði til 15 hdr og var lanskuld af henni 5 vættir og 2 fjórðungar, kúgildi 5. Neðrihús var hjáleiga 7 1/2 hdr, landskuld 2 vættir 2 fjórð., 3 kúg. Efrihús var hjáleiga 5 hdr. landskuld 1 vætt 6 fjórð., 2 kúg. Kofi var hjáleiga 2 1/2 hdr, landskuld 1 vætt 2 fjórðungar, 1/2 kúg. Fyrrum var afgiftin goldin í fiski en nú óáskildum aurum vegna fiskleysis. - JÁM XIII, 169.

1920: 5,7 ha. garðar 1289 m2. 1/5 sléttað. 1851: "Þar er skógur nær enginn, slægjur allgóðar en beit lítilfjörleg. Tún eru þar aurrunnin. ... Skriðurunninn er úthagi [í Hrafnsskaganúpi] ... Hrognkelsaveiði er þar einar góð." SSV, 254-55.

**Ba-206:001** *Reykjarfjörður* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-206:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-206:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-206:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-206:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-206:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-206:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-206:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-206:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-206:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-206:011** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-206:012** heimild útihús
Túnakort 1920
**Ba-206:013** heimild bænhús

"Bænhús meinast hjer að fornu hafa verið, og stendur hjer eitt hús við bæinn með girðíng í kring, ei ólíkri kirkjugarðsleifum."
JÁM VI, 383.

**Ba-206:014** *Miðhús* heimild bústaður
"Midhus. Þar er sá annar bærinn í heimatúninu, bygður fyrir manna minni, og reiknast úr allri jörðunni að dýrleika viij [hdr]." Öðru nafni Neðrihús sem samkvæmt bréfi Guðmundar Þorleifssonar frá 30.4.1703 var 7 1/2 hdr, með landskuld 2 vættir 2 fjórðungar og 3 kúgildi.
JÁM XIII, 169; JÁM VI, 383.

**Ba-206:015** *Hverahús* heimild bústaður
"Hverahus. Þriðji bærinn í heimatúninu, bygður fyrir manna minni, að dýrleika v [hdr] úr allri jörðunni." Öðru nafni Efrihús sem samkvæmt bréfi Guðmundar Þorleifssonar frá 30.4.1703 var 5 hdr, með landskuld 1 vætt 6 fjórðungar og 2 kúgildi.
JÁM XIII, 169; JÁM VI, 384.

**Ba-206:016** *Fremrihús* heimild bústaður
"Fremrihús. Fjórði bærinn í heimatúninu, bygður hjer um fyrir 20 árum, og reiknast síðan að dýrleika fyrir iij [hdr] úr allri jörðinni. Öðru nafni Kofi sem samkvæmt bréfi Guðmundar Þorleifssonar frá 30.4.1703 var 2 1/2 hdr, með landskuld 1 vætt 2 fjórðungar og 1/2 kúgildi.
JÁM XIII, 169; JÁM VI, 384.

**Ba-206:017** *Málfríðarstaðir* örnefni
"Rétt fyrir norðan urðina [merki milli Foss og Reykjahlíðar] eru dálitlir grashvammar, sem heita Málfríðarstaðir. Engar tóftir eru þar nú sjáanlegar, enda mjög ólíklegt, að þar hafi nokkurn tíma hús verið, því að hér er aðeins brött hlíð."
Ö-Reykjarfjörður, 2.

**Ba-206:018** *Boði* tóft
"Núpurinn er lægri að framan, og heitir þar Boðaskál. Leiti niður frá núpinum heitir Boðahaus eða Boðahvarf. Nesið þar fram af fyrir neðan götu heitir Boði. ...frammi á Boða eru einnig gamlar tóftir."
Ö-Reykjarfjörður, 2-3.

**Ba-206:019** gata leið
"Núpurinn er lægri að framan, og heitir þar Boðaskál. Leiti niður frá núpinum heitir Boðahaus eða Boðahvarf. Nesið þar fram af fyrir neðan götu heitir Boði."
Ö-Reykjarfjörður, 2.

**Ba-206:020** tóft
"Fyrir innan Boða [018], það er suðvestan til við hann, tekur við slægna- og beitiland, sem heitir Byggðir. Þar eru fornlegar tóftir ..."
Ö-Reykjarfjörður, 3.

**Ba-206:021** *Vörðuholt* örnefni
"...Svartahvolfshryggur [skilur] milli Byggða og Svarthvolfs ... Fyrir innan hrygginn taka við mýrar, sem heita Steinsengi ... Fyrir neðan og heiman Steinsengil er holt, sem heitir Vörðuholt."
Ö-Reykjarfjörður, 3.

**Ba-206:022** heimild mógrafir
"Fyrir innan Steinsengi [021] tekur við mýrlendi, sem heitir Svarthvolfsáll. Hvolf þar fyrir ofan heitir Svarthvolf. Niður af Svarthvolfsál er Móholt, en neðst í álnum eru mógrafir. Mótekja var víða í dalnum."
Ö-Reykjarfjörður, 3.

**Ba-206:023** heimild stekkur
"Fyrir framan Svarthvolfsál [022] eru áframhaldandi mýrar. Nokkur hluti þeira heitir Ásbjarnarengjar. Fram af Ásbjarnarengjum er Stekkjaráll. ... Fyrir ofan Stekkjarál við fjallsræturnar var Stekkur. Var til skamms tíma rekið fé inn í hann til rúningar."
Ö-Reykjarfjörður, 3.

**Ba-206:024** *Eiríksgata* gata leið
"Upp Lötubrekkurliggja gamli götuslóðar, sem heita Eiríksgata. Má fara eftir götuslóðum þessum á Fossheiði og hefur sú leið verið farin til skamms tína (1936)."
Ö-Reykjarfjörður, 5.

**Ba-206:025** *Dagmálavarða* varða eyktamark
"Fyrir heiman Miðgil er enn hlíð, sem heitir Dagmálahjallar. Þeir ná heim að gili, sem heitir Dagmálagil. Niður frá Dagmálagili breiðir úr sér skriða, nokkuð gróin. Hún heitir Dagmálshryggur. Nokkru ofar og suðaustan við gilið rís hæð.

Á henni stendur varða [eyktamark]. Hún heitir Dagmálavarða."
Ö-Reykjarfjörður, 7.

**Ba-206:026** heimild fjárhús
"Fyrir neðan fremri bæinn, þar sem fjárhús og hlaða standa nú (1936) ..."
Ö-Reykjarfjörður, 8.

**Ba-206:027** *Illihóll* álagablettur
"Fyrir neðan fremri bæinn, þar sem fjárhús og hlaða standa nú (1936), er slétta, sem heitir Hlaðsvöllur. Þar rétt fyrir innan er hár bali, sem heitir Illihóll. Fylgdu honum þau munnmæli, að ekki mætti breiða á honum aðreitt hey, því að það myndi þá fjúka. Illihóll er þétt við merkin milli túnanna."
Ö-Reykjarfjörður, 8.

**Ba-206:028** *Goðahofstóft* heimild
"Rétt fyrri innan Neðra-Reykjarfjarðarbæinn var fornleg tóft, sem talið var, að væri Goðahofstóft. En þar er slétt flöt nú, því að sléttað var yfir tóftina sumarið 1926. Tóftinni höfðu fylgt þau munnmæli, að ekki mætti við henni hreyfa. Bóndinn hirti þó ekki um ummæli þessi og sléttaði yfir tóftina áður umgetið sumar. En rétt á eftir veiktist hann í lungnabólgu og dó úr henni. Það mun hafa verið hans síðasta verk að slétta yfir tóftina."
Ö-Reykjarfjörður, 9.

**Ba-206:029** *Hesthústún* örnefni hesthús
"Innarlega í túnröndinni á neðra túninu er Hesthúsatún ... skilið frá hinum hluta túnsins af læk."
Ö-Reykjarfjörður, 9.

**Ba-206:030** laug sundlaug
"Fyrir innan Hesthústún [029] er heit uppspretta, sem nefnd er Hver. ... Kippkorn fyrir neðan Hver hefur Sundlaug verið byggð úr torfi yfir Hveralá [sem rennur úr Hver]."
Ö-Reykjarfjörður, 9-10.

**Ba-206:031** *Naust* heimild lending
"Niður af Mjölkinn [grasteigar innan við Hver] er Lending samkvæmt skrá Helga Guðmundssonar. Matthías Jónasson kveðst aldrei hafa heyrt þetta örnefni, en alltaf verið talað um Naust, t.d. að fara inn að Naustum, hittast við Naustin."
Ö-Reykjarfjörður, 10.

**Ba-206:032** heimild stekkur
"Fyrir innan Lendingu [031] er hátt holt, sem heitir Stekkjarholt. Þar er gamall Stekkur."
Ö-Reykjarfjörður, 11.

**Ba-206:033** *Skipadalur* örnefni
"Rétt fyrir innan hann [stekkinn 031] er lækur eða á, sem heitir Skipadalsá. ... Rennur áin ofan úr dal, er heitir Skipadalur. Það er gömul sögn, að í dal þeim hafi eitt sinn fundizt skipaflak."
Ö-Reykjarfjörður, 11.

**Ba-206:034** *Hlað* örnefni fjárskýli
"Á Skeleyri [grastangi fram í sjó] er gamalt Hlað."
Ö-Reykjarfjörður, 11.

**Ba-206:035** *Bóndamannahlein* heimild lending
"Núpurinn austanvert við Reykjarfjörð heitir Sunnesnúpur. Láglendi fram af núpnum heitir Sunnnes. ... Reykjafjarðarmegin á Sunnnesi er dálítil urð fyrir neðan götu, sem heitir Kattarurð. Inn og niður af henni gengur hlein fram í sjóinn, sem heitir Bóndamannahlein. Innan við hana er góð lending."
Ö-Reykjarfjörður, 11.

**Ba-206:036** gata leið
"Núpurinn austanvert við Reykjarfjörð heitir Sunnesnúpur. Láglendi fram af núpnum heitir Sunnnes. ... Reykjafjarðarmegin á Sunnnesi er dálítil urð fyrir neðan götu, sem heitir Kattarurð."
Ö-Reykjarfjörður, 11.

**Ba-206:037** *Gvendarbrunnur* lind
"Innan til á Sunnnesi [035] eru klettadrangar, er gatan liggu ryfir. Klettarnir heita Stigar. Klettahjalli í hlíðinni þar inn af heitir Grenishjalli. Í götunni spölkorn fyrir innan Grenshjalla, og neðar, er uppspretta, sem heitir Gvendarbrunnur. Talið er, að hún hafi verið vígð af Guðmundi góða."
Ö-Reykjarfjörður, 12.

**Ba-206:038** *Ytri-Brunnahryggur* örnefni

"Hlíðin fyrir innan Grenshjalla heitir Sunnhlíð. ... Þegar komið er alllangt inn á hlíðina og nær henni miðri, er komið að tveimur hryggjum með hvolfi á milli. Sá ytri heitir Ytri-Brunnahryggur."

Ö-Reykjarfjörður, 12.

**Ba-206:039** *Vörðuhóll* varða

"Dagmálagil er fram og upp af fremsta býlinu í Reykjarfirði. ... Grasteigar í því [Felli] nálægt Dagmálagili heita Lambablettir. ... Sjávarmegin við Lambabletti er urð, kölluð Stóraurð. Niður af henni er hóll, sem kallaður er Vörðuhóll; á honum er varða."

Ö-Reykjarfjörður, 7-8; Ö-Reykjarfjörður viðb, 1.

## Ba-207 Trostansfjörður

30 hdr. 1710. Bændaeign. Á jörðinni eru tveir bæir sem báðir bera sama nafn. Minni bærinn talinn þriðjungur jarðarinnar.

18.6.1474 átti séra Koðrán Jónsson allan T. og seldi þá séra Þorsteini Þórarinssyni og staðnum í Selárdal 5 hdr. í skógi í T. - DI IX, 38. 27.6.1554 selur Eggert Hannesson Jóni Erlingssyni Dugansdal 48 hdr að dýrleika ásamt með 12 hdr. í Trostransfirði - Jarðabréf, 100. 5.10.1555 selur Eggert Hannesson Ormi Erlingssyni 13 hdr. í T. - Jarðabréf, 100. 1576 er T. 30 hdr. jörð meðal eigna Eggerts Hannessonar - Jarðabréf, 104. 3.12.1576 selur Þorlákur Einarsson Eggerti Hannessyni 5 hdr. í T. - Jarðabréf, 104. Ragnheiður Eggertsdóttir erfir T., kona Magnúsar Jónssonar - JÁM XIII, 182. 14.11.1580 selur Magnús Jónsson Torfa Andréssyni T. fyrir 30 hdr. - Jarðabréf, 97. 3.3.1601 semja Bjarni Björnsson og Ari Magnússon að Ari selji Birni T. 30 hdr að dýrleika ásamt 9 kúgildum sem Ari á með þeirri jörð - Jarðabréf, 110. [ódags] selur Ari Magnússon, með samþykki Kristínar Guðbrandsdóttur konu sinnar, Bjarna Björnssyni T. 30 hdr. að dýrleika ásamt 9 kúgildum er fylgja jörðinni - Jarðabréf, 105. 8.7.1641 selur Björn Bjarnason Guðmundir Jónssyni 20 hdr í T. Guðmundur fær að njóta þeirra húsa, sem nú eru uppbyggð á heimajörðu T. og Jón Ívarsson á ekki sjálfur. - Jarðabréf, 105. 21.2.1642 selur Björn Bjarnason Guðmundi Jónssyni 10 hdr í T. - Jarðabréf, 105. 9.4.1642 eignast Gísli Jónsson D. 48 hdr að dýrleika, 5 hdr í Fossi, 22 1/2 hdr í Reykjarfirði og 20 hdr í Trostransfirði í arfaskipti eftir foreldra sína Jón Magnússon og Ástríði Gísladóttur - Jarðabréf, 119-20. 1680 fær Ingibjörg Jónsdóttir T. í arfaskipti eftir föður sinn Gísla Jónsson - Jarðabréf, 120. 8.10.1698 skipta synir Þorleifs Kortssonar með sér jörðum hans með samþykki Ingibjargar Jónsdóttur móður sinnar og fær Guðmundur T. 30 hdr. að dýrleika - Jarðabréf, 150. Sbr. JÁM XIII, 182. 30.4.1703 er T. 30 hdr jörð meðal erfðajarða Guðmundar Þorleifssonar. Heimajörðin var þá 10 hdr með landskuld 3 vætti og 4 kúgildi. " hjáleigur, 10 hdr hvor og þriggja vætta landsk. af hvorri. 4 kúgildi með annari en 3 1/2 með hinni. Fyrrum var skreiðargjald eftir þessa jörð en nú í öllum óáskildum aurum - JÁM XIII, 169

1920: 5,7 ha. garðar 555 m2, 1/2 sléttað. 1851: "Þar eru tvö býli. Beitiland er þar ágætt og skógur mikill í báðum dölunum." SSV, 255.

**Ba-207:001** *Trostansfjörður* bæjarhóll búst aður

Túnakort 1920.

**Ba-207:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-207:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-207:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-207:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-207:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-207:007** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-207:008** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-207:009** *Trostansfjörður* heimild bústaður

Hjer eru tveir bæir, skamt eitt á milli þeirra, og er minni bærinn talinn þriðjúngur allrar jarðarinnar, en báðir hafa þeir sama nafni."

JÁM VI, 384.
**Ba-207:010** *Innri-Brunnahryggur* örnefni
"Hryggur þar rétt fyrir innan [Ytri-Brunnahrygg í landi Reykjarfjarðar] heitir Innri-Brunnahryggur."
Ö-Trostansfjörður, 40.
**Ba-207:011** *Naustaflöt* örnefni naust
"Innar á hlíðinni [010] eru tveir klettahamrar, heita Ytri-Tréhamar og Innri-Tréhamar. Kippkorn þar fyrir innan er mjög einkennilegur steinn, heitir Goggur. Þar fyrir heiman eru grasflatir, heita Flatir. Fyrir neðan þær, eða neðst af þeim, niður við sjó er Naustaflöt."
Ö-Trostansfjörður, 40.
**Ba-207:012** *Torfamýri* örnefni rista
"Þar fyrir heiman [011] eru Holt. Til þeirra má telja Yzta-Holt. ... Upp af Yzta-Holti er klettabelti, heitir Strengur. Fyrir ofan sama holt, er grashvolf, heitir Hvolf. Fyrir heiman Streng er grasblettur í fjallinu, heitir Yzti-blettur. Fyrir framan Hvolf er nafnlaus mýri. En fyrir framan hana er önnur mýri, sem heitir Torfamýri."
Ö-Trostansfjörður, 40-41.
**Ba-207:013** *Konráðsvarða* varða
"Fjallið hér fyrir ofan heitir Sunnfjall. Þá er haldið inn fjall og komið að fjallvegi, sem heitir Lækjarheiði. Hún liggur milli Trostansfjarðar og Brjánslækjar á Barðaströnd. Á vegi okkar verður varða, er heitir Konráðsvarða."
Ö-Trostansfjörður, 41.
**Ba-207:014** *Lækjarheiðarvegur* vegur leið
"Fjallið hér fyrir ofan heitir Sunnfjall. Þá er haldið inn fjall og komið að fjallvegi, sem heitir Lækjarheiði. Hún liggur milli Trostansfjarðar og Brjánslækjar á Barðaströnd. Á vegi okkar verður varða, er heitir Konráðsvarða."
Ö-Trostansfjörður, 41.
**Ba-207:015** tóft sel
"Vötn innan til við Lækjarheiðarveg [014], heita Vetrarvötn. Fyrir neðan þau er slægjublettur, heitir Engi. Þá er haldið ofan fjallið, og komið að brekku, er heitir Girðisbrekka. Fyrir neðan hana er djúp graslaut, heitir Kústa. Þar fyrir neðan eru Seltóftir."
Ö-Trostansfjörður, 42.
**Ba-207:016** heimild leið
"Um það [Breiðaskarð] má fara eftir götuslóðum í Vatnsfjörð á Barðaströnd og er þá komið ofan að Hellu."
Ö-Trostansfjörður, 43.
**Ba-207:017** *Vörðuhnúkar* örnefni
"Fyrir austan Breiðaskarð [016] er fell, heitir, Klakkur. Þar fyrir austan er skarð, heitir Mjóaskarð. Þar fyrir austan er enn fell, heitir Breiðafell. Þá er farið ofan fyrir Drápu. Fyrir heiman hana eru uppi á fjalli hnjúkar, heita Vörðuhnjúkar."
Ö-Trostansfjörður, 43.
**Ba-207:018** *Gildruhjalli* örnefni refagildra
"Fyrir veratan Neðri-sléttur er dalur, heitir Þverárdalur. Eftir honum rennur áður nefnd Drápa. Kippkorn fyrir innan Drápu og skammt fra Sanndalsá er votlefnd mýri, heitir Langáll. Þar fyrir ofan eru Hólar. Þar fyri rofan er skarð, heitir Karlaskarð. Þar fyrir ofan er holt, heitir Hærri-Sláttu holt. Þar fyrir heiman er Hærri-sláttur. Rétt fyrir heiman Hærri-Sláttuholt heitir ... Neðri sláttu holt. Þar fyrir ofan er Neðri-sláttur. Fyrir neðan það er hjalli heitir Gildruhjalli."
Ö-Trostansfjörður, 43-44.
**Ba-207:019** *Geitatóft* tóft geitakofi
"Fyrir neðan hann [018] og rétt fyrir ofan túnið í Trostansfirði er gömul tóft, heitir Geitatóft."
Ö-Trostansfjörður, 44.
**Ba-207:020** *Stöðull* örnefni kvíar
"Rétt fyrir ofan túnið er Stöðull."
Ö-Trostansfjörður, 44.
**Ba-207:021** *Hesthúsbali* örnefni hesthús
"Fremst og efst í því [túninu] er Hesthúsbali."
Ö-Trostansfjörður, 44.
**Ba-207:022** heimild fjárhús
"Þar sem fjárhúsin standa nú heitir Balar."
Ö-Trostansfjörður, 44.

**Ba-207:023** *Hlöðubali* örnefni hlaða
"Þar fyrir ofan [022] er Hlöðubali."
Ö-Trostansfjörður, 44.

**Ba-207:024** *Grettistak* örnefni
"Rétt fyrir innan Neðrafell heitir Högg. Þar beygist inn í Norðdal. Fyrir neðan Högg er stór steinn, heitir Grettistak. Hann stendur þar á holti. Fyrir innan og neðan Grettistak gengur nes fram í sjó heitir Litlanes."
Ö-Trostansfjörður, 44.

**Ba-207:025** *Gjögrar* heimild lending
"Þar fyrir innan [Litlanes 024] eru sjávarklettar og er lending vestanvert við þá. Lending þessi er kölluð Gjögrar."
Ö-Trostansfjörður, 44-45.

**Ba-207:026** garðlag vörslugarður
"Þar fyrir innan [Litlanes 024] eru sjávarklettar og er lending vestanvert við þá. Lending þessi er kölluð Gjögrar. Klettar þessir eru nefndir Hlein. Þar fyrir innan er gamalt garðmót, heitir Garður. Þarna var vörslugarður úr grjóti, hlaðinn af bændunum í Trostansfirði ... Hann var hlaðinn fyrir aldamót."
Ö-Trostansfjörður, 44-45.

**Ba-207:027** *Lambahlað* örnefni
"... þau örnefni sem eftir eru nálægt sjónum og niðri í Norðdal. ... Hlíðin frá Ófærum að Norðdal heitir Norðhlíð. Fyrir heiman Hvamm eru klettar grasivaxnir hið efra, heitir þar Bali. Þar fyrir heiman eru grasteigar í hlíðinni, heita Streymur. ... Fyrir neðan Streymur er graslendi, heitir Lambahlað. Þar sést þó engin tóft."
Ö-Trostansfjörður, 46.

**Ba-207:028** *Sel* tóft beitarhús
"Kippkorn þar fyrir heiman gengur hlein í sjó fram, heitir Einvarðarhlein. ... Fyrir heiman það heitir Sel. Þar er allmikið slægjuland og voru þar áður beitarhús, en nú eru þar tóftir eftir þau."
Ö-Trostansfjörður, 47.

**Ba-207:029** *Stekkjarhjalli* örnefni stekkur
"Þá er komið að Norðdal, og verður farið framan í hann, fyrst að norðanverðu. Fyrir framan Sel [028] er hjalli, heitir Stekkjarhjalli."
Ö-Trostansfjörður, 47.

**Ba-207:030** *Kvíaból* heimild kvíar
"Rétt fyrir innan bæ í Trostansfirði er Kvíaból, og þar hjá rennur Bóllækur, djúpur skorningur. Síðustu fráfærur í Trostansfirði munu hafa verið 1938."
Ö-Trostansfjörður viðb, 1.

**Ba-207:031** garðlag vörslugarður
"Á Norðurhlíð fyrir innan Hvamm, inn í Trostansfjörð, heitir Uppsalabali. Bali og Uppsalabali eru hlið við hlið, grasteigar. Fyrir neðan Uppsalabala eru Uppsalir, dálítið langt klettabelti rétt fyrir ofan götu. Uppsalagil rennur í gegnum klettana eð aniður með þeim. Uppsalir eru það brattir klettar, að þeir eru ómanngengir. Dálítið graslendi er fyri rofan þá, Uppsalabali, og dálítið hátt upp á hann, og stórt graslendi fyri rinnan. Klettarnir eru skammt frá sjó, og upp að þeim hefur verið hlaðinn vörzlugarður úr grjóti. Engar rústir veit Kristján um á Uppsölum eða í næsta nágrenni við þá. Hafi einhver mannvirki verið þar, t.d. stekkur eða byrgi, er það horfið."
Ö-Trostansfjörður viðb, 2.

**Ba-207:032** *Selholt* örnefni sel
"Selholt er innan við Norðdalsá, smáholt."
Ö-Trostansfjörður viðb, 3.

**Ba-207:033** *Skyrkollavað* heimild vað
"Vöð á Sunndalsá eru þrjú. Neðst er Skyrkollavað ..."
Ö-Trostansfjörður viðb, 4.

**Ba-207:034** *Breiðavað* heimild vað
"Vöð á Sunndalsá eru þrjú. Neðst er Skyrkollavað og næst er Breiðavað. Á því verður að fara yfir þrjár kvíslar."
Ö-Trostansfjörður viðb, 4.

**Ba-207:035** *Sniðbrot* heimild vað
"Vöð á Sunndalsá eru þrjú. Neðst er Skyrkollavað og næst er Breiðavað. Á því verður að fara yfir þrjár kvíslar. Sigurlaug man ekki nafnið á þriðja vaðinu. ... að þriðja vaðið á Sunndalsá heitir Sniðbrot; það ætti að vera efsta vaðið."

Ö-Trostansfjörður viðb, 4, 2.
**Ba-207:036** heimild fjárhús
"Syðst og efst í túni er Fjárhúsatún, nokkuð stórt stykki. Þar var fjárhús, og enn stendur þar hlaða."
Ö-Trostansfjörður viðb, 4.
**Ba-207:037** heimild hlaða
"Syðst og efst í túni er Fjárhúsatún, nokkuð stórt stykki. Þar var fjárhús, og enn stendur þar hlaða."
Ö-Trostansfjörður viðb, 4.
**Ba-207:038** *Eyrarvað* heimild vað
"Á Neðri-Norðdalseyrum er vað á Norðdalsá. Það heitir Eyrarvað."
Ö-Trostansfjörður viðb, 1.
**Ba-207:039** tóft hesthús
"Á Efri-Launavelli eru hesthústóftir."
Ö-Trostansfjörður viðb, 2.
**Ba-207:040** *Grænatóft* tóft
"Grænatóft er tóft syðst og efst í túni."
Ö-Trostansfjörður viðb, 2.
**Ba-207:041** *Sneiðingur* gata leið
"Gatan upp af Eyrinni, Sunndalseyri, heitir Sneiðingur."
Ö-Trostansfjörður viðb, 2.

## Ba-208 Sperðlahlíð

6 hdr. 1710. Hrafnseyrarkirkjueign. Í eyði fyrir 1942. 1397 hafði Hrafn Tómasson gefið kirkjunni "jord halfa j Sperdlahlyd" DI IV, 145-46.

1920: 1,6 ha. garðrar 263 m2, 1/3 sléttað. 1851: "Hlíðarnar þar eru ekki mjög grýttar eður brattar. Grasbeit góð, en skógarlaust." SSV, 255. 1959: "Er þar brattlendi og tún þýft. Utan við bæinn er brött og skriðurunnin hlíð, en innan við hann er Seljadalur með fjallengjateigum." ÁFÍ 1959, 161.

**Ba-208:001** *Sperðlahlíð* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-208:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-208:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-208:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-208:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-208:006** *Garður* garðlag vörslugarður
"Fyrir innan Stórahrygg er gríðarmikill grjótgarður, sem kallaður var Garður. Hefur hann ekki haggazt enn. Garður var vörzlugarður fyrir hross og kýr"
Ö-Sperlahlíð, 2-3.
**Ba-208.007** heimild stekkur
"Rétt fyrir innan Garð er Voithvammur, mýrlendur. Svæðið frá honum heim að Stóralæk heitir Stekkur. Þar var stekkur uppistandandi, þegar Kristján var barn, og mátti reka fé inn í hann. Stekkurinn sést enn. Hann er á að gizka 15 mín. gang frá bæ. Eiríkur Eiríksson, sem lengi bjó í Sperðlahlíð á undan föður Kristjáns, hefur líklega notað stekkinn."
Ö-Sperlahlíð, 3.
**Ba-208:008** *Skothúshjalli* heimild skotbyrgi
"Fyrir innan Stekk [007] er Stórilækur. ...Fyrir utan Stóralæk er mikill hjalli, Breiðihjalli. Næsti hjalli fyrir ofan heitir Skothúshjalli. Á honum var tófuhús."
Ö-Sperlahlíð, 3.
**Ba-208:009** tóft skotbyrgi

"Skothús var einnig á Breiðahjalla [008] og sést enn að því tóftin."
Ö-Sperlahlíð, 3.

**Ba-208:010** *Húsatún* örnefni

"Vestasti hluti túnsins fyrir neðan Bæjarlæk heitir Húsatún."
Ö-Sperlahlíð, 3.

**Ba-208:011** Hesthústún örnefni hesthús

"Vestan til í túninu, fyrir neðan Húsatún, er Hesthústún."
Ö-Sperlahlíð, 3.

**Ba-208:012** *Móhjalli* heimild mógrafir

"Fyrir ofan túið er hallandi graslendi, sem heitir Fegrur. ... Fyrir innan og ofan Fegrur er stór grasteigur, Teigur, og þar fyrir innan langur, nokkuð breiður hjalli, sem heitir Móhjalli. Þar eru gamlar mógrafir."
Ö-Sperlahlíð, 4.

**Ba-208:013** tóft sel

"Innan til við Seljadalseyri rennur Seljadalsá til sjávar. Í henni eru þrír fossar ... Spöl frá sjó er hjalli, sem Seljadalsá kemur ofan af og heitir Fjárhjalli. ... Á Fjárhjalla eru gamlar Seltóftir vestan árinnar. Tóftirnar sjást áreiðanlega enn. Engar sagnir eru um Selið."
Ö-Sperlahlíð, 4.

**Ba-208:014** heimild mógrafir

"Þegar komið er fram fyrir Móhjalla [012], taka við Mógrafir, talsvert miklar, sem voru 4-5 stungur á dýpt. Þar var tekinn mór, meðan Kristján átti heima í Sperlahlíð, síðast trúanlega 1935."
Ö-Sperlahlíð, 5.

**Ba-208:015** heimild mógrafir

"Niður með Mógröfum rennur Mólækur í Seljadalsá. Upp með honum eru Mólautir. ... Í Mólautum voru gamlar mógrafir."
Ö-Sperlahlíð, 5.

**Ba-208:016** heimild mógrafir

"Svolítið ofar en Mógrafir [014] er Bekkur, grashjalli. Hann er ekki alveg í miðjum dalnum, en sömu megin við ána og Mógrafir. Á Bekk eru gamlar mógrafir, sem enn (1980) sést vel fyrir."
Ö-Sperlahlíð, 5.

**Ba-208:017** *Kirkja* örnefni huldufólksbústaður

"Þá taka við Svörtuloft. Það eru langir, svartir hamrar, ómanngengir. ... Klettarinir ná inn á Stofur og eru upp af þeim. ... Vestan til á þeim er lítill klettur, sem heitir Kirkja. Fyrrum var sagt, að þar væri huldufólkskirkja."
Ö-Sperlahlíð, 6.

**Ba-208:018** *Akureyri* örnefni

"Niður af Jaðri gengur fram í sjóinn eyri, sem heitir Akureyri. Hún er sléttlend og grasi gróin."
Ö-Sperlahlíð, 7.

**Ba-208:019** *Smiðjuhvammur* örnefni smiðja

"Skammt fyrir innan Akureyri er hvammur, sem heitir Smiðjuhvammur. Eftir honum rennur Smiðjuhvammslækur. Um hann eru nú merkin móti Langabotni ..."
Ö-Sperlahlíð, 7.

**Ba-208:020** *Kollagata* heimild leið

"Kristján heyrði sagt, að landamerkin hefðu verið í Kollagötu, sem lá upp í Berserkjahraun og þaðan áfram. ... Í gömlum máldögum er getið um Kollagötu sem merki, t.d. þegar rætt er um skógarítök kirkna í Geirþjófsfirði. Kristján hefur getið sér þess til, að Kollagata hafi aldrei verið til sem fjallvegur. Eina vísbendingin um Kollagötu er nafnið á ánni, Kollagötuá, sem er fyrir innan núverandi landamerki og því í landi Langabotns. Kollagata hefði að líkindum legið upp með ánni, en þar er aðeins fjártroðningur og ókleift með hesta. Stytzta leið þaðan var yfir í Vatnsdal, en komið þá niður langt fyrir framan vatn, og ekki sennilegt, að menn hafi tekið á sig þann krók."
Ö-Sperlahlíð, 7-8.

**Ba-208:021** *Kollagata* örnefni kolagröf

"Aðspurður, hvort Kollagata [020] gæti hafa tengzt kolagerð, sagði Kristján, að vel gæti verið, að gata hefði legið frá Botni að Kollagötuá, en þar er einmitt skóglendi mikið ..."
Ö-Sperlahlíð, 8.

**Ba-208:022** *Berserkjabrú* þjóðsaga samgöngubót

"Kristján heyrði sagt, að landamerkin hefðu verið í Kollagötu, sem lá upp í Berserkjahraun og þaðan áfram. Þegar Kristján var barn, heyrði hann munnmæli um Berserkjahraun og að berserkir nokkrir hefðu átt að gera þar vegabætur. Í því sambandi var einnig talað um Berserkjabrú, sem átti að vera einhversstaðar á fjallveginum upp úr Geirþjófsfirði. Afi Kristjáns rakst einhverju sinni á merki um mannvirki þarna á fjöllunum, en fann staðinn aldrei aftur þrátt fyrir mikla leit, og veit nú enginn, hvar þetta hefur verið. Vera kann, að mannvirki þessi hafi verið gerð í sambandi við hinn forna Hornatáaveg, sem enginn veit nú með vissu, hvar lá."

Ö-Sperlahlíð, 8.

**Ba-208:023** *Álfasteinn* örnefni huldufólksbústaður

"Stór steinn á Breiðahjalla heitir Álfasteinn; er stór og auðþekkjanlegur."

Ö-Sperlahlíð viðb, 1.

**Ba-208:024** *Hádegisvarða* varða eyktamark

"Á brún Hádegisgjótu [upp af Köstum], áreiðanlega ytri brúninni, var stór varða, Hádegisvarða. Var miðað við hana fremur en gjótuna, ef nákvæmt átti að vera."

Ö-Sperlahlíð viðb, 3.

**Ba-208:025** *Sperlahlíðarrétt* tóft rétt

"Sperlahlíðarrétt er hjá Sperlahlíðarvör. Þar er ekki rétt, að engin vör hafi verið. Hún var beint niður af Sperlahlíðarnausti. Stæðilegar tóftir eru enn bæði af réttinni og naustinu. Gamla réttin er fyrir framan Húsatún."

Ö-Sperlahlíð viðb, 5

**Ba-208:026** *Sperlahlíðarnaust* tóft naust

"Sperlahlíðarrétt er hjá Sperlahlíðarvör. Þar er ekki rétt, að engin vör hafi verið. Hún var beint niður af Sperlahlíðarnausti. Stæðilegar tóftir eru enn bæði af réttinni og naustinu. Gamla réttin er fyrir framan Húsatún."

Ö-Sperlahlíð viðb, 5

**Ba-208:027** heimild rétt

"Gamla réttin er fyrir framan Húsatún."

Ö-Sperlahlíð viðb, 5

**Ba-208:028** heimild rétt

"Einnig er gömul rétt hlaðinn við Svörtukletta."

Ö-Sperlahlíð viðb, 5

**Ba-208:029** *Eiríksnaust* tóft naust

"Fyrir innan Bæjarklett er nausttóft, kölluð Eiríksnaust, sennilega kennd við Eirík Eiríksson, sem bjó 12 ár í Sperlahlíð á undan föður og afa Kristjáns."

Ö-Sperlahlíð viðb, 5

**Ba-208:030** *Tjaldstaðir* heimild tjaldstæði

"Fyrir ofan Engistjörn er dálítið þurrt og slétt stykki. Það heitir Tjaldstaðir. Þar var tjaldað, þegar heyjað var á Seljadal."

Ö-Sperlahlíð viðb, 7

**Ba-208:031** *Móhjallavegur* vegur leið

"Lækur, sem heitir Reiðlækur, kemur ofan úr Mólautum og rennur í Seljadalsá. Upp með honum að vestanverðu lá vegur, sem kallaður var Móhjallavegur. Hann lá undir brún, þar yfir lækinn og beint upp að Mógröfum. ... Mó- og heyflutningar af Seljadal fóru eftir Móhjallavegi."

Ö-Sperlahlíð viðb, 7

**Ba-208:032** *Heybandsvegur* vegur leið

"Yfri lækinn lá líka vegur í Rjóður. Hann var kallaður Heybandsvegur."

Ö-Sperlahlíð viðb, 7

**Ba-208:033** þjóðsaga skrímsli

"... var húsfreyjan ein heima með börnin ... Sigríður [var] stödd úti, og þá heyrir hún hljóð, sem henni virtist líkast hvelli af skoti. ... Sigríður fer þá í bæinn og segir hafliða syni sínum ... að hann skuli fara inn á svo kallað Leiti og vita, hvað hann sjái. Fer hann þegar inn á Leitið og litast þar um, en sér engan mann ... Þegar Hafliði sér engan mann, heldur hann heimleiðis. Áður hann er langt kominn heim á leið, verður honum litið ofan í fjöruna, og þá sér hann eins og hvítar klessur í henni rétt fyrir innan Sperðlahlíðarnaustin [026]. Klessur þessar báru vel af við svartan fjörusandinn, sem þar er. Nú heldur hafliði ofan eftir, á leið til sjávar, til að athuga þetta nánar. Þegar hann er kominn ofan á bakkana, sér hann klessurnar betur en áður, og þá sér hann líka, að einhver spor eru í sandinum rétt hjá þessum hvítu klessum. Frá bökkunum, þar sem Hafliði var, og ofan í fjöruna eru hér um bil 200 faðmar. Hafliði fer ofan í fjöruna, og þá sér hann, að þessi spor eru hvorki eftir hest né

nautgripi, né nokkra aðra skepnu, sem hann þekkti. ... Svo var að sjá, sem sporin væru ekki eftir ferfætta skepnu, heldur tvífaætta, því að þau lágu í beinni línu, hvert fram af öðru. Á milli sporanna var sem svarðaði 1 1/2 alin. Ekki sýndist Sigríði þau vera stærri um sig en stór hestsspor, en svo voru þau djúp, að þau mundu vera hesti í hófskegg. Þó er hér svartur, harður malarsandur. Er sá sandur miklu harðari en hvítur skeljasandur. Það leit út fyrir, að fótunum, sem myndað höfðu sporin, hefði verið kippt beint upp úr förunum aftur, en hefðu ekki verið dregnir áfram um leið og þeim var lypt, því að hvergi sást sleikt úr röndum sporanna."

Uppdráttur af sporunum er í meðfylgjandi grein um þetta, ásamt nánari lýsingu á hvítu klessunum sem fólk taldi vera saur frá dýrinu. "Það fréttist seinna að Sperðlahlíð, að Anna, kona Páls í Botni, hefði verið úti á túni í Botni einmitt um það leyti, sem Sigríður heyrði hljóðið í Sperðlahlíð. Þá hafði Önnu sýnzt eitthvað fara upp í vörina í Sperðlahlíð, og hélt hún, að það væri siglandu bátur. Hún fer þá inn í bæ og sækir kíki til þess að athuga þetta betur, en þegar hún kemur út, er það horfið. Enginn bátur kom að Sperðlahlíð þann dag ..."

Vestfirzkar sagnir I, 279-282.

**Ba-208:034** heimild leið

1877: "Den stejle li på bægge sider af fjældpynten ud mod söen (Sperlahlíð) frembyder en af de mest berygtede veje I fjorden. Den smalle, mellem klippeblokke og löse sten liggende sti afbrydes idelig af nys tilkomne stenskred, over hvilke man så må krydse oven eller neden for vejen; på sine steder er lien så brt, at man må krybe hen ad stien hældende sig ind ad og holdende sig ved forskellige klippeblokke; et andet sted ligger stien lodret ned mellem löse sten og skærver, hvorpå den gör en pludselig svigning om en klippeblok, der indsnævrer vejen, så at en kofferthest kun med störste besvær kan manövreres her omkring ... Ved den förste af disse [þ.e. tveim múlum sem ganga út í fjörðin] ligger gården Sperlahlid (-hlíð), som man förstnår til efter med störste besvær at have ladet hetene vade et stykke I den klippefulde strand."

KK I, 559.

## Ba-209 Botn í Geirþjófsfirði

6 hdr. 1710, í eyði síðan í bólunni. Hrafnseyrarkirkjueign. Getið í Gísla sögu. Einnig Langibotn. Merki milli Botns og Krosseyrar eru í Kýrhvammi." Samkvæmt Hrafnseyrarkirkjumáldögum átti kirkjan Geirþjófsfjörð milli Kolagötu og Stapagils, og bendir það orðalag til að jörðin hafi ekki verið byggð á 13.-15. öld amk.

1920: 2,5 hs. garðar 765 m2, 3/4 sléttað. Í Gísla sögu höfðu njósnarmenn Eyjólfs gráa það að yfirskyni að þeir væru við skógarhögg í Botni er þeir leituðu Gísla. 1851: "Í Botni er skógur mikill, beit góð, en slægjur að mestu leyti til fjalls, og því örðugt þeim að ná." SSV, 255 1959: "Kollagötuá er fagur fjallalækur, sem fellur fossandi af brún þvert niður að fjarðarbotninum. Þar suður af eru miklar skálar eða dalverpi í suðurbrúnir, Vatnahvilftir. Á Botn þar fjallslægjur. Á neðri Túnvöllum í brúnunum var talin 100 hesta slægja, en 80 hesta í Vatnahvilft. Bratt er þar niður fyrir heybandslest. Nú er aðeins túnið í Botni slegið. Gefur það á fjórða hundrað hestburði í meðalári, en aðeins um 100 hestburði, meðan fjallslægjur voru notaðar. Svo mjög hefur það verið bætt af núverandi ábúanda ... síðan 1923 ..." ÁFÍ 1959, 162.

**Ba-209:001** *Botn* bæjarhóll bústaður

"...gegnt núverandi bæjarstæði, er svonefndur Bæjarhóll. Þar voru vallgrónar tóftir af gömlum bæ, sem svipaði til Auðartófta nema sýnu stærri. Munnmæli herma að þarna hafi bærinn staðið um aldir, en verið fluttur á einhverri tíð á núverandi stað vegna reimleika." Húsið að Langabotni var fyrst reist við Norðamannabryggju [038], en flutt inn eftir síðar.

Túnakort 1920.

**Ba-209:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-209:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-209:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-209:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-209:006** *Álfkonuberg* heimild

"Landamerkin eru í Smiðjuhvammi ... innan við lækinn, er Hvammsholt. Inn af því tekur við svæði sem er kallað Holt. ...

Hringlaga holt er upp af Holtunum og myndar hvamm, er heitir Krókur. Hér upp af er Álfkonuberg. Það er klettabelti, dálítið sérstakt, slétt að ofan. Var mikill átrúnaður á því áður."

Ö-Langibotn, 2.

**Ba-209:007** *Laufhóll* hús

"Undir Álfkonubergi [006] er hús, sem Laufhóll heitir."

Ö-Langibotn, 2.

**Ba-209:008** *Tjaldeyri* heimild tjaldstæði

"Þá er komið að Kollgötuá [sjá Sperðlahlíð], sem kemur úr Hærrihvilftarvatni. Innanvert við hana, við sjóinn, er Tjaldeyri. Þar voru oft reist tjöld ferðafólks."

Ö-Langibotn, 2.

**Ba-209:009** *Tóbakslaut* heimild áfangastaður

"Inn fyrir Tjaldeyri [008] eru Tjarnir. Þær eru tvær ... Þar upp af er Lokinhamarskógur ... Upp af Lokinhamarsskógi er Túnvöllur ... Upp af Túnvöllum er Neðri-Vatnahvilft. Austarlega á henni er Tóbakslaut og Tóbakslautarvatn. Er graslendi í kringum það. Líklega hefur þarna verið áningarstaður, þegar komið var upp, en þarna um lá gata, er farin var frá Langabotni yfir í Penningsdal."

Ö-Langibotn, 3.

**Ba-209:010** *Kollagata* gata leið

"Inn fyrir Tjaldeyri [008] eru Tjarnir. Þær eru tvær ... Þar upp af er Lokinhamarskógur ... Upp af Lokinhamarsskógi er Túnvöllur ... Upp af Túnvöllum er Neðri-Vatnahvilft. Austarlega á henni er Tóbakslaut og Tóbakslautarvatn. Er graslendi í kringum það. Líklega hefur þarna verið áningarstaður, þegar komið var upp, en þarna um lá gata, er farin var frá Langabotni yfir í Penningsdal. ... lá frá Langabotni, upp í Tóbakslaut, áfram bak við Horn og yfir í Penningsdal og niður að Hellu."

Ö-Langibotn, 3-4.

**Ba-209:011** *Hádegisvarða* varða eyktamark

"Skammt vestur af Tóbakslautarvatni [009] er Hádegishnhúkur og á honum er Hádegirvarða."

Ö-Langibotn, 3.

**Ba-209:012** *Tófuhúsholt* örnefni skotbyrgi

"Upp af Eyrum er Tófhúsholt."

Ö-Langibotn, 4.

**Ba-209:013** *Einhamar* örnefni

1877: "Lige over for tunet, syd for åen, findes temlig höjt oppe I lien en fremspringende, omtrent 30 al. lang og 10 al. höj, klippe, der nu kaldes Enhamar (Einhamar). Klippen, der er afdelt I 3-4 små hamre, er for til og til siderne så höj og brat, at det kun undagelsesvis er mulgit at klatre noget op efter og nå den på klippen stående med spydstik; derimod kan den med lethed omgås, og adgangen er da åben bag fra, men vedkommende vil altid ved at trække sig ud på en af hamrene kunne have ryggen fri. Neden under klippen ligger nedfaldne tenblokke opdyngede, men ellers er hele lien heromkring kratgrot. Klippen kaldes so sagt nu Enhamar, men det er dog måske rettest at antage, at det er dette sted, som i Gísl. nævnes "Klevene", og at, hvad der I sagaen nævnes Enhamar (Einhamarr, Gísl I, 70; II, 156) kun har været en enkelt klippeblok I klevene; ellers bliver det nemlig umuligt at forstå, hvad det er, sagaen betegner som klevene. Under (eller: I, ved) klevene - Gísl. II bruger også en gang udtrykket "kletterne" - syd for åen havde Gisle so sagt sit ene skjul; derhen begiver han sig med sin hustru og fosterdatter den skæbnesvangre nat, da hans fjender kommer til gården og over den rimdække jord kan forfölge deres spor til skjulestedet. Da fjenden nærmer sig, går de alle tre op I klevene, hvor de finder stedet bedst til forsvar, og værger sig herfra med knipler. Kvinderne overmandes tilsidst, men længe stræber fjenderne forgæves at komme op I klevene. Pludselig, da modstanderne er komne Gisle tæt på livet, springer han fra klevene over (I. "op", II. "ned") på den hammer, der hedder Enhamar, og forsvarer sig herfra. Umiddelbart för Gisle falder, springer han ned (I. "fra hamren", II. "over klöften") og dræber endnu en mand, men må så bukke under for overmagten."

1883: "Einhamar heitir svo enn í dag; hann er einstakr klettahamar að sunnanverðu í dalnum, út og upp undir hlíðinni frá kleifunum að sjá; stendr hann í miklum halla og snýr nær út og inn; sér framan á hann og þó nokkuð á ská frá kleifunum, og þess vegna gengr hann nokkuð í sig ... Fram úr Einhamar gengr stórt klettanef eða klettastandr með sléttu bergi, alveg þverhnýptu að framan; stendr þessi klettr langt fram úr hamrinum; að innanverðu eða til vinstri handar, gengr upp gjá eða einstigi, sem liggr í bug; þar má fara upp á klettastandinn, og getr einn maðr farið senn; af standinum má komast upp á hamarinn, sjá pl II mynd 3 (Einhamar eins og hann lítr út að framan, svo sem 50 faðma neðan úr skóginum). Einstigið eða gjáin verðr ekki sýnd, því hún felst í skugganum vinstra meginn við bergið. Hér framan í hamrinum upp á þessum

klettastandi varðist nú Gísli, því þar er það einasta og öruggasta vígi, sem hér um getr verið að ræða ..."

1877: "Nú verða talin nöfn fram [í stefnu frá sjó] dalinn og tekið fyrst sunnan við Botnsá. Lágiskógur heitir upp frá ánni. ...Einhamarsrjóðu og Einhamar eru þar ofan við. Þar féll Gísli Súrsson."

KK I, 560-61; Sigurður Vigfússon: "Rannsókn um Vestfirði." Árbók 1883, 47; Ö-Langibotn, 4.

**Ba-209:014** *Axarfoss* sögustaður

"Fyrir framan ... [girðingu umhverfis Lágskóg] er Axarfoss á ánni. Þar rétt hjá er fylgsni Gísla Súrssonar. Átti hann að hafa kastað öxi í fossinn."

Ö-Langibotn, 4.

**Ba-209:015** *Brunnhús* heimild vatnsból

"Í þessari lægð [rétt suður af bænum] kom upp lækjarsytra móts við bæinn og hét Brunnlækur. ... Þar við kofana [016] var Brunnhús. Var þar vatn tekið handa kindum ..."

Ö-Langibotn, 6.

**Ba-209:016** heimild fjárhús

"Neðar á túninu, við þeennan læk [015], stóðu gömul fjárhús. Voru þar einkum geymd lömb og hrútar."

Ö-Langibotn, 6.

**Ba-209:017** *Mógrafaholt* örnefni mógrafir

"Norðan við túnið er Silungalækur eða Stóri-Silungalækur. ... Rennur hann fram norðan við Barnaholt, neðan við Mógrafaholt ..."

Ö-Langibotn, 6.

**Ba-209:018** *Auðartóftir - Gíslabær* tóft býli **Friðlýstar minjar**

1877: "Sydöst for den nuværende gård findes I tunet, tæt ved åen, tomter, der kaldes "Gíslabær"; som navnet antyder; vil man heri se lævningerne af Gisles gård."

1883: "Mannvirki þetta er í einu lagi eða samfast, og skiftist í þrjár tóttir, það er als 60 fet á lengd og 36 fet á breidd um miðjuna. Heimsta tóttin er 23 fet á lengd, að því er séð verðr, því fjárhúskofi hefur verið bygðr við endann á henni, og ef til vill stungið eitthvað af enda tóttarinnar í hann. Miðtóttin er níu fet á breidd, enn lengd hennar er breiddin á mannvirkinu um miðjuna, þannig að hún eftir lögun sinni snýr þversum. Fremsta tóttin er 28 fet á lengd. Dyr heimstu tóttarinnar eru á miðjum hliðvegg, er að ánni veit; enn á þeirri fremstu út úr hliðveggnum sama meginn, rétt við hornið á miðtóttinni. Út úr miðtóttinni sjást engar dyr, að því er séð varð; gólf miðtóttarinnar er jafnvel lægra enn á hinum, og þannig lagað, að víddin smámjókkar, og verðr að síðustu sem djúp laut í miðjunni. Allir veggir tóttanna eru digrir og mjög flattir út. Víða sést fyrir hleðslusteinum og kampsteinarnir sáust og stóðu nokkuð upp úr." "Suðaustantil í túni eru fornar tóftir, Auðartóftir eða Auðarbær. Eiga það að vera tóftir af bæ Auðar, konu Gísla Súrssonar."

"Auðarbær eða Gíslabær, svo nefndur, sem er rúst undir lágri brekku er liggur frá Botnsá til norðurs, skammt fyrir ofan túnið á Botni." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 35.

1883: "Ég lét fyrst grafa ofan í litlu miðtóftina, því að þar var mér mest forvitni á, er sagan segir berlega, að Gísli hafði jarðhús undir rekkju sinni. Tóftin var mjög djúp í miðju. Gröfina tók ég þannig, að hún væri út fyrir hinar innri grjóthleðslur á alla vegu. Undir eins og niðr kom, varð eg var við grjóthleðslur miklar alt um kring í tóftinni. Lengd grafarinnar er vel 16 fet, enn breidd 7 fet. Þannig gróf eg niðr jafnt alla gröfina, þar til er eg kom niðr í hið upprunalega gólf tóftarinnar, sem var mjög einkennilegt. Fyrst var gólgskán eftir allri tóftinni. Hún var svartleit og lá í föstum lögum eða flísum ... Innan um gólfskánina voru drefjar af viðarkolaösku og viðarkolamolar. Undir gólfskánni var gólfið alt steinlagt enda í millum í tóftinni, og var steinlagið mjög svo lítið úr lagi gegnið, nema á einstöku stað vóru steinarnir komnir upp. Alt í kring umhverfis, svo sem áðrvar sagt, var tóftin hlaðin úr grjóti, bæði smáu og stóru. Nokkurir steinar voru hlaupnir inn úr efri lögum hleðslunnar, og lágu niðri í tóftinni. ... Um lengdina er hér um bil hið sama að segja, nema 2 steinar vóru samkvæmt lögun tóftarinnar hlaupnir inn í nyrðra veggnum eða í gafli hennar, enn 1 sat þar óhaggaðr. Lengd tóftarinnar innanmáls reyndist því 13 fet, enn breidd 4 fet. Dýpt tóftarinnar sem svvo hún er nú, verð, að því er næst verðr komizt, um og yfir 3 fet. Hið einkennilegasta við tóft þessa er það, að hvergi nokkursstaðar vóru nein merki til dyra, því að allsstaðar var steinhleðsla umhverfis ... Ég hygg því, að varla geti verið vafi um að þetta litla hús í miðri byggingunni sé hvílugólf Gísla, með þessu jarðhúsi undir. ... Ég rannsakaði dyrnar á eystari tóftinni, og eru þær á sama stað og myndin sýnir. Þar að auki gróf eg gröf inn úr dyrunum yfir þvera tóftina, 10 feta langa og yfir 4 feta breiða, einungis til þess að rannsaka gólfið. Þar fann eg þegar í dyrunum gólfskán og svo innar eftir það sem grafið var. Þessi gólfskán var lítið eitt ljósari enn í jarðhúsinu, og með litlum koladrefjum í. Gólf þetta lá miklu hærra enn í jarðhúsinu, sem skiljanlegt er. Enn fremr gróf eg litla gröf við austrgaflinn til þess að sjá þar gólflagið, og reyndist það á sama hátt og af sömu dýpt. Að síðustu gróf eg í vestrtóftina (hina stærstu á myndinni) með þverveggnum á jarðhúsinu. Var sú gröf 6 fet á lengd, enn 3 fet á breidd, einungis

til að rannsaka gólfið, og reyndist það alveg sama og í austustu tóftinni ... Dyrnar á þeirri tóft prófaði eg og, og reyndust þær að vera á sama stað og eg hafði áðr ætlað ..."

KK I, 560; Sigurður Vigfússon:"Rannsókn um Vestfirði." Árbók 1883, 43; Sigurður Vigfússon: "Rannsókn á Vestfjörðum 1888" Árbók 1888-1892, 138-140; Ö-Langibotn, 8.

**Ba-209:019** garðlag túngarður

"Túngarður forn hefur áður legið um túnið, sem þá var miklu minna er nú. Sjávarmegin mátti rekja hann frá Brunnlæk norður túnið í átt til Silungalækjar. Lá hann miðja vegu milli bæjar og sjávar. Síðan var fylgt Litla-Silungalæk austur og fram túnið að Barnholtsbrekku, meðfram henni í átt að Túnfossi. Nokkru neðan við Neðrafljót liggur garðurinn þvert frá brekkurnni að ánni og hefur það myndað varnargarð gegn því, að áin hlypi inn á túnið.

Ö-Langibotn, 8.

**Ba-209:020** tóft

"Víða voru kofatóftir í túninu, sumar nánast þúfur, aðrar hálfgrónar leifar útihúsa."

Ö-Langibotn, 8.

**Ba-209:021** *Breiðavað* heimild vað

"Nokkuð vestan við suður frá bænum , er vað á ánni, sem heitir Breiðavað ..."

Ö-Langibotn, 9.

**Ba-209:022** *Fremravað* heimild vað

"Nokkuð vestan við suður frá bænum , er vað á ánni, sem heitir Breiðavað, og framar, á móts við Auðartóftir, er Fremravað."

Ö-Langibotn, 9.

**Ba-209:023** vegur leið

"Tunguá sker Háubrekku og þar er í ánni Tungufoss ...Þar fyrir neðan er fossinn Bani ... á breiðunni milli þessara fossa er svokallað Tunguvað. Lá heybandsvegur um það úr Tungum og Fremri-Túnvöllum. Lá leiðin í sneiðingum ofan með Þrífossum, um Tungur og holtin og heim."

Ö-Langibotn, 9.

**Ba-209:024** heimild stekkur

"Stekkur er norðaustur af túninu."

Ö-Langibotn, 10.

**Ba-209:025** *Neðri-Mógrafir* heimild mógrafir

"Framan við hann [stekkinn 024] eru Neðri-Mógrafir og Hærri-Mógrafir þar fyrir ofan. Lélegt mótak var þar, en var stundum notað."

Ö-Langibotn, 10.

**Ba-209:026** *Hærri-Mógrafir* heimild mógrafir

"Framan við hann [stekkinn 024] eru Neðri-Mógrafir og Hærri-Mógrafir þar fyrir ofan. Lélegt mótak var þar, en var stundum notað."

Ö-Langibotn, 10.

**Ba-209:027** *Túnvellir* heimild mógrafir

"Mór var líka tekin upp á Túnvöllum."

Ö-Langibotn, 10.

**Ba-209:028** *Hærrigötur* gata leið

"Upp og austnorður og Hærri-Mógröfum [026] er hryggur sem heitr Kárahryggur. ...Fyrir framan Kárahrygg liggja götur eftir hlíðinni, Hærrigötur, Miðgötur og Neðstugötur. Aðallega var talað um Hærrigötur, en hinar voru líka til."

Ö-Langibotn, 10.

**Ba-209:029** *Miðgötur* gata leið

"Upp og austnorður og Hærri-Mógröfum [026] er hryggur sem heitr Kárahryggur. ...Fyrir framan Kárahrygg liggja götur eftir hlíðinni, Hærrigötur, Miðgötur og Neðstugötur. Aðallega var talað um Hærrigötur, en hinar voru líka til."

Ö-Langibotn, 10.

**Ba-209:030** gata leið

"Upp og austnorður og Hærri-Mógröfum [026] er hryggur sem heitr Kárahryggur. ...Fyrir framan Kárahrygg liggja götur eftir hlíðinni, Hærrigötur, Miðgötur og Neðstugötur. Aðallega var talað um Hærrigötur, en hinar voru líka til."

Ö-Langibotn, 10.

**Ba-209:031** heimild stekkur

"Stekkjarhryggur er dálítið svæði. Hann nær niðurundir sjó skammt fyrir vestan Bót. Upp af honum er Stekkjargjóta eða

Stekkjargil. Er það næsta gil fyrir vestan Káragil. ... Neðan til á Stekkarhrygg er Stekkur ..."
Ö-Langibotn, 13.

**Ba-209:032** *Naust* örnefni naust
"Stekkjarhryggur er dálítið svæði. Hann nær niðurundir sjó skammt fyrir vestan Bót. Upp af honum er Stekkjargjóta eða Stekkjargil. Er það næsta gil fyrir vestan Káragil. ... Neðan til á Stekkarhrygg er Stekkur og niðri við sjó eru Naust."
Ö-Langibotn, 13.

**Ba-209:033** *Ýmisnaust* heimild uppsátur
"Ytar en Stekkjarhryggur [032] og Ytrigjóta er Ýmisnaust, gamalt uppsátur."
Ö-Langibotn, 13.

**Ba-209:034** *Fjárhúsatún* örnefni fjárhús
"Nokkuð fyrir utan Flatir [utan við 033] er Fjárhúsatún eða Húsatún og upp af því Fjárhústúnshryggur eða Húsatúnshryggur."
Ö-Langibotn, 13-14.

**Ba-209:035** *Efstigangur* heimild leið
"Svæði í hlíðinni, alllangt fyrir ofan Flatir [034] er kallað Flár. Smalaleiðir þar um voru kallaðar Efstigangur, Miðgangur og Neðstigangur."
Ö-Langibotn, 14.

**Ba-209:036** *Miðgangur* heimild leið
"Svæði í hlíðinni, alllangt fyrir ofan Flatir [034]er kallað Flár. Smalaleiðir þar um voru kallaðar Efstigangur, Miðgangur og Neðstigangur."
Ö-Langibotn, 14.

**Ba-209:037** *Neðstigangur* heimild leið
"Svæði í hlíðinni, alllangt fyrir ofan Flatir [034]er kallað Flár. Smalaleiðir þar um voru kallaðar Efstigangur, Miðgangur og Neðstigangur."
Ö-Langibotn, 14.

**Ba-209:038** *Norðmannabryggja* heimild
"Fyrir utan Fjárhúsatún er Norðmannabryggja, hlaðin úr grjóti. Þetta var talsvert mannvirki á sinni tíð, og sést vel fyrir henni enn, þótt farin sé að hrynja. Bryggjan mun hafa verið gerð í sambandi við selveiði eða hvalveiði."
Ö-Langibotn, 14.

**Ba-209:039** álagablettur
"Á Neðri-Stöpum [upp af Stapatá] er Álagamýri eða Álagablettur."
Ö-Langibotn, 14.

**Ba-209:040** *Dynjandiheiði* heimild leið
"Upp frá Langabotni eru þrjár leiðir farnar í Arnarfjörð: Leiðin að Dynjanda heitir Dynjandiheiði, að Kirkjubóli í Mosdal Kirkjubólsheiði, en að Skógum í Mosdal heitir hún Skógaheiði."
Ö-Langibotn, 15.

**Ba-209:041** *Kirkjubólsheiði* heimild leið
"Upp frá Langabotni eru þrjár leiðir farnar í Arnarfjörð: Leiðin að Dynjanda heitir Dynjandiheiði, að kirkjubóli í Mosdal Kirkjubólsheiði, en að Skógum í Mosdal heitir hún Skógaheiði. Er tvær hinar síðarnefndu voru farnar, var farin sama leið frá Langabotni, en leiðir skiptust síðar."
Ö-Langibotn, 15.

**Ba-209:042** *Skógaheiði* heimild leið
"Upp frá Langabotni eru þrjár leiðir farnar í Arnarfjörð: Leiðin að Dynjanda heitir Dynjandiheiði, að kirkjubóli í Mosdal Kirkjubólsheiði, en að Skógum í Mosdal heitir hún Skógaheiði. Er tvær hinar síðarnefndu voru farnar, var farin sama leið frá Langabotni, en leiðir skiptust síðar."
Ö-Langibotn, 15.

**Ba-209:043** heimild smiðja
"Í Smiðjuhvammi [á merkjum mót Sperðlahlíð] ofan til er stórþýfður grasmói. Sé vel skoðað, má sjá, að þetta þýfi er leifar einhverra húsa. Sagt er að, að fyrr á öldum hafi þjóðleið legið frá Hellu á Barðaströnd og yfir í Botn. Var þá komið ofan í Smiðjuhvamm. Hafi þar verið smiðja, rauðablástur og áningarstaður ferðamanna, enda graslendi sæmilegt fyrir hesta."
Ö-Langibotn, 15.

**Ba-209:044** heimild leið

"Um fjallveginn fer tvennum sögum. Telja sumir, að hér hafi legið hinn forni Hornatáavegur og dregið nafn af fellinum, sem rísa fyrir botni Trostansfjarðar og heita þá Hornatær. ... Aðrir, s.s. Pétur Jónsson frá Stökkum (Barðstrendingabók, bls. 70.), segja þetta rangt. Fellin heita frá austri til suðvesturs: Norðfell, Breiðafell, Klakkur og Ármannsfell. Horntær eða Hornatáavegur hafði legið norðan að úr Dýrafirði í suðurhjöllum Glámu og ofan í Tröllatungur í Vattardal. Það, sem tekur nokkurn veginn af öll tvímæli um réttmæti þess, se Pétur frá Stökkum segir um þennan veg, er uppdráttur, frá því um 1740, gerður af séra Hjalta Þorsteinssyni í Vatnsfirði. Á þessum uppdrætti af Vestfjörðum, sem er furðu nákvæmur, eru Hornatær greinilega merktar á þeim slóðum, sem Pétur telur þær vera."

Ö-Langibotn, 15.

**Ba-209:045** *Dalagata* gata leið

"Auk þess var sleginn Slægjubolli og Slægjulautir, og þá mun hafa verið farin Dalagata. Lá hún um holtin fram eftir miðjum dal og með Leiargili á Dynjandisheiði. Dalagata var einnig vetrarleiðin í Mosdal. Þegar ófært var með Káragili vegna snjóa og hálku, var hún farin."

Ö-Langibotn, 17.

**Ba-209:046** tóft **Friðlýstar minjar**

1883: "Upp undir hlíðinni fyrir norðan ána, nokkru ofan enn beint upp undan Auðarbæ, var mér sýnt lítilfjörlegt mannvirki, sem sýndist vera; það er í stóru grashvolfi eða lægð, og framan í þúfubarði, í nokkurn halla; þetta mannvirki var ferskeytt að lögun, og var djúp lægð ofan í það í miðju, vel alin, enn að utan og þó einkannlega að ofan var það jafnt og yfirborð jarðar, enn fyrir báðum kömpunum sást, og greinilega fyrir dyrunum, sem sneru ofan eftir bænum; þetta mannvirki var mjög lítið, að eins nokkur fet á hvern veg. ... Ofan í þetta var djúp laut, rúm al. á dýpt. Ég lét hér grafa niðr ferskeytta gröf, eftir því sem mér sýndist vera innri brúnin af hleðslunni; fyrst var þykt grasrótarlag, og þá moldarlag; þegar niðr kom, rúmar 2 ál. fra yfirborði í kring, fann eg vott af ösku, og lítið lag af dekkra jarðlagi, sem líktist því, að það væri einhvers konar plöntulag fúið; síðan lét eg til reynslu grafa lengra niðr, nær al., og fann engin kennimerki; enn þá spratt hér upp vatn ... gólfið hefir því auðsjáanlega verið þar sem askan og dökkleita lagið var ... Öðru megin í kampinum var stór jarðfastr steinn, og myndaði hann kampinn öðru meginn, enn hinu meginn í kampinum var greinileg hleðsla af steinum, þó einungis í dyrunum sjálfum og þeim meginn sem inn vissi; dyrnar vóru ekki breiðari enn svo, að smokra hefir mátt sér á hlið inn, og sýnast hafa legið snið inn með steininum. Langan hellustein fann eg í tóttinni, sem líklega hefir legið yfir dyrunum, og verið hafðr fyrir dyrtré, og síðan hefir hann fallið inn í tóttina. Innanmál á þessari ferskeyttu tótt var 8 fet á annan veg, enn 7 fet á hinn. Eina og áðr er sagt, sást enginn vottr fyrir veggjum að utan, er stæði upp umhverfis; miklu heldr hallaði ofan í þessa laut, einkannlega að ofan. Þegar nú þannig var reft yfir, þá hefir hæðin frá gólfi og upp undir þakið verið á þriðju al., eða kann ske fram undir mannhæð; mátti þá gera þakið bunguvaxið; varð þetta þó ekki hærra enn aðrar þúfur þar í kring ..."

"Fylgsni Gísla Súrssonar hið nyrðra; það er í lægð framan í þúfnabarði nokkru í nokkrum halla, uppi undir hlíðinni fyrir norðan Botnsá, nokkru ofar en beint upp undan Auðarbæ." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 35. Gæti verið sama og 014.

Sigurður Vigfússon: "Rannsókn um Vestfirði." Árbók 1883, 46-49.

**Ba-209:047** tóft **Friðlýstar minjar**

1883: "Niðr frá kleifunum með ánni er hvammr, allr grasi vaxinn og með skógarrunnum, enn lítið eitt grjót í barðinu fyrir ofan, er að fjallinu veit. Ég leitaði að fylgsninu eftir sögunum ... Þegar við eitt sinn gengum upp eftir hvamminum, varð mér litið til hægri handar, sá eg þar sem ferskeytta laut inn á milli skógarrunnana, upp við barðið; niðri í þessari laut var graslag öðrvísi ... þar er ... hvammr með skógarrunnum, og var þar þessi ferskeytta laut upp við barðið, milli runnanna; er hún 5 faðma frá ánni, og sést ekki þangað, fyrr enn komið er á barðið fyrir heiman hvamminn. Hér lét eg grafa niðr, og var fyrst þykt grasrótarlag, svo mold. Þegar niðr kom, nær al. frá yfirborðinu í lautinni, kom eg ofan á berghellur nokkurn veginn flatar, sem sumstaðar líktust því, að hellulagt væri, enn það skal eg þó ekki fullyrða; þegar eg fór nákvæmlega að gæta að, var það auðsjáanlegt, að fúið rof eða torf, með árefninu föstu í, lá yfir öllu gólfinu, eða ofan á berghellunni; það sem loddi saman af þessu og heillegast var, tók eg og varðveitti og þurrkaði; vóru sumir lurkarnir svo heillegir að þeir loddu saman. Síðan gróf eg til allra hliða, eftir því sem mér sýndist mannvirki þetta hafa verið að innan; þá fann eg bita eða leifar af rafti digrum, sem mér fyrst sýndist vera af rekaviði; hann lá í stefnu frá barðinu fyrir ofan, og nær vestrhlíðinni, enn svo var hann blautr og fúinn, að nær mátti sneiða hann sundrmeð járnrekunni; af þessum rafti tók eg dálítinn bút, sem helzt hékk saman, og þurkaði. Hér vóru svo glögg kennimerki, að það var sjáanlegt, að þetta hafði verið mænirásinn, og að þakið með árefninu föstu í hafði fallið niðr, og mænirásinn til hliðar, og svo smátt og smátt myndast uppfylling og jarðvegr ofan á; að framanverðu, þar sem að ánni vissi, sá eg votta fyrir lítilfjörlegum þvervegg, enn að ofanverðu hefir verið grafið upp undir barðið. Innanmál á þessu var, að því er séð varð, 9 fet á annan veg, enn 8 fet á hinn. Af því er ráðið varð af gólfinu og barðinu fyrir ofan, hefir þetta ekki getað verið hærra enn rúmar 2 al. eða eitthvað á þá þriðju. ... Þakrofið varð enn auðkennilegra, þegar það þornaði; sáust greinilega förin í það eftir áreftið; nokkrir birkilurkar eru heillegir. Þegar þessi bútr

úr mænirásnum þornaði fullkomlega, kom það í ljós, að í honum var eik, enn alt flísaðist þetta sundr við þurkinn, og eru þær flísar nú harðar sem annað tré ..." Friðlýstar minjar. "Fylgsni Gísla Súrssonar hið syðra; það er í litlum grashvammi við ána, fyrir neðan Kleifarnar." Friðl. 25.10.1930. Fornleifaskrá, 35. Gæti verið sama og 014.

Sigurður Vigfússon: "Rannsókn um Vestfirði." Árbók 1883, 46-51.

**Ba-209:048** tóft

1924: "Páll bóndi Þorsteinsson í Botni gerði þar mikinn matjurtagarð um 16 faðma frá Auðarbæ [018] ... Gróf hann fyrir garðlaginu og fann þá fyrir grjótrúst, hleðslur, veggi fjóra, er mynduðu reglulegan fer hyrning, 19 m langan og 7 1/2 m. breiðan. Í miðri þessari stóru tótt voru 2 veggir með um 60 cm millibili og álíka (60 cm.) háir; fyrir endum var og hlað, en lengdin 3 3/4 m. innan veggja. Hefur hjer verið langeldur. - Rjett við fundust á gólfinu leifar af lár (úr tré) og í honum lítið brýni og skæri."

Matthías Þórðarson: "Smávegis." Árbók 1924, 48.

**Ba-209:049** tóft

1924: "Önnur tótt, lítil, er milli Auðarbæjar [018] og garðsins, austantil við hann, og hefur það hús verið áfastvið hina stærri tótt."

Matthías Þórðarson: "Smávegis." Árbók 1924, 48.

## Ba-210 Krosseyri

12 hdr. 1710. Selárdalskirkjueign. Kölluð Geirþjófsfjarðareyri í Sturl og Arons sögu og 1224 var bóndi þar landseti Rafnssona á Eyri - Sturl, 290-91; Bsk I, 622. Einnig getið í Hávarðarsögu að því að talið er (sbr KK I, 557). Bænhús á miðöldum. Í eyði er örnefnaskrá var gerð. Merki við Steinanes eru um Deildargil.

1920: 1,1 ha. garðar 239 m2, 1/3 sléttað. 1851: "Þar er beitiland allgott, en slægjur litlar og erfiðar." SSV, 255. 1959: "Tún er lítið, fremur brattlent, en grasgefið, hagarnir og hlíðarnar hrjóstrugt að sjá, en gróður þó kjarngóður og kjarrlendi nokkurt, þegar ofar dregur í hlíðina." ÁFÍ 1959, 163.

**Ba-210:001** *Krosseyri* bæjarhóll bústaður

Túnakort 1920.

**Ba-210:002** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-210:003** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-210:004** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-210:005** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-210:006** heimild útihús

Túnakort 1920.

**Ba-210:007** heimild bænhús

"Bænhús er sagt að hjer hafi að fornu verið, en engin sjást þess nú merki. Þó er hjer í túninu einn húskofi, sem bygður var upp úr tóftarbroti því sem kallaðist Bænhústóft."

JÁM VI, 387.

**Ba-210:008** *Aronsnaust* heimild naust

"Gamalt naust sé rétt fyrir utan túnið, heitir Aronsnaust, kennt við Aron Hjörleifsson." Sjá Biskupasögur I, 622-25. "Aron var þá á Geirþjófsfjarðareyri og var í nausti og gerði að báti Þórarins. Hann fann eigi fyrr en tveir menn vopnaðir gengu að naustinu og sneru inn er þeir sáu manninn ... " Sturl, 291.

"[Aron leyndist hjá Jóhamar bónda á Geirþjófsfjarðareyri] ... bóndi átti slitinn bát ok varla sjófæran, hann átti þar nokkut undir um byrgðir sínar; Aron tókst þat á hendur, at gjöra at bátnm um sumarit. [Sigurðr og Egill koma þar til hans sem hann er að verki] Brynja Arons lá á saxinu skipsins, ok tók Sigurðr upp brynjuna ok fanst mikit um, ok kallar allvel fara. Egill var út genginn, ok gekk upp á skriðuna, ok sér þrjá menn ríða alvopnaða, snýr hann nú heim at naustinu, ok segir, hver efni í eru." Bsk I, 623-24. Þetta á að hafa átt sér stað árið 1224.

Ö-Krosseyri, 58.

**Ba-210:009** tóft stekkur

"Fyrir utan naustið [008] er klif við sjóinn, heitir Ytra-Klif. Fyrir utan það er graslendi, heitir Land. Þar fyrir utan er gil, heitir Stekkjargil. Hryggur fyrir neðan það heitir Stekkjarhryggur. ... Fyrir utan Stekkjarhrygg er hvolf, heitir Stekkjarhvolf. Í því er gömul tóft, heitir Stekkur."

Ö-Krosseyri, 58-59.

**Ba-210:010** heimild leið

"Þegar farið er frá Krosseyri upp í Hokinsdal ... er farið undir Öxlum ..."

Ö-Krosseyri viðb, 1.

**Ba-210:011** *Uppgangur* heimild leið

"Þegar farið er frá Krosseyri upp í Hokinsdal ... er farið undir Öxlum, en ef farin er ytri leiðin, sem kölluð var, er farinn Uppgangur milli Djúpseyrargils og Deildargils."

Ö-Krosseyri viðb, 1-2.

**Ba-210:012** garðlag

"Inn á Klifi á Krosseyri er tvíhlaðinn grjótgarður."

Ö-Krosseyri viðb, 1.

**Ba-210:013** *Skekkingar* gata leið

"Þegar farið er upp yzt í Sprotum, heita Skekkingar, götuslóði, sem liggur sitt á hvað."

Ö-Krosseyri viðb, 1.

**Ba-210:014** *Gvendarbrunnur* örnefni

"Stórihryggur var ýmist kallaður Brunnabryggur eða Brunahryggur. Rétt hjá honum er pollur í götu, sem heitr Gvendarbrunnur."

Ö-Krosseyri viðb, 1.

**Ba-210:015** heimild skotbyrgi

"Í Stekkjarhrygg stendur Skothús, byggt af Kristjáni Pálssyni, og skaut hann þaðan tófur."

Ö-Krosseyri viðb, 1.

**Ba-210:016** *Axlargangur* heimild leið

"Upp á Öxl er Axlargangur, efsti gangurinn í Krosseyrarfjalli."

Ö-Krosseyri viðb, 2.

**Ba-210:017** *Krosseyrarrétt* heimild rétt

"Krosseyrarrétt, stendur frammi á Tanga (Krosseyrartanga), þó nokkuð stæðileg."

Ö-Krosseyri viðb, 3.

**Ba-210:018** þjóðsaga skrímsli

"Að kvöldi þess dags sem sporin sáust í Sperðlahlíð, var við á Krosseyri sá atburður, er nú skal lýst. - Engir fulltíða karlmenn voru þá heima, og annað fólk var þar ekki þetta kvöld, nema Guðný með börnin sín ung og tveir drengir um og rétt yfir fermingu. Þegar dimma tekur, er ljós kveikt í baðstofunni, þar sem heimilisfólkið er. Heimilishundurinn er inni í banum, en flökkuhundur frá Botni er úti. Líður nú fram eftir kvöldinu, þar til að klukkan er farin að ganga níu. Heyrir þá fólkið að hundurinn, sem úti var, fór að gelta í ákafa, eins og einhver væri að koma. Heimahundurinn tekur undir inni í bænum, og gera þeir báðir ákaflega mikinn hávaða. Fólkinu heyrist eins og gengið sé upp með glugganum og upp fyrir bæinn, og var sem þunglega næri stigið til jarðar. Jafnframt heyrðust einkennileg hljóð úti. Þau líktust helzt hrotum í sofandi manni. En hundurinn geltir grimmilega og gefur engin grið. Fylgir hundsgeltið sporahljóðinu upp fyrir bæinn. Þaðan færist hundsgeltið til sjávar og þagnar um síðir. ... Morguninn erftir, þegar farið var að athuga, sáu heimamenn einkennileg spor, sem lágu upp með bænum og upp fyrir hann og síðan til sjávar. ... hvert þeirra hafi verið beint fram undan öðru, eins og dýrið hefði ekki gengið nema á tveimur fótum. Hvert spor myndaði tvo hringi, hvor utan yfir öðrum. Sporið var töluvert dýpra í miðjunni og mynduðust af því hringirnir. Þvermál hins ytra myndi vera um 18 þumlunga, en hins innra um sex. En annars var ytri hringurinn allógreinilegur." Sá sem skráð er eftir sá sporin.

Vestfirzkar sagnir I, 283-284.

## Ba-211 Steinanes

18 hdr. 1710. Konungseign. Merki milli Steinaness og Krosseyrar eru um Deildargil.

1920: 6,1 ha. garðar 578 m2, 1/2 sléttað. 1851: "Hlíðin er grýtt mjög og aurrunnin ... og undirlendið þar ... mjög lítið. Beit er í Steinanesi létt og slægjur mjög litlar." SSV, 256. 1959: "Þar er brattlent og grýtt ... Þetta er útbeitar og útræðisjörð og hæfði fremur fyrri tíma búskaparháttum en nútíma." ÁFÍ 1959, 163.

**Ba-211:001** *Steinanes* bæjarhóll bústaður
Túnakort 1920.
**Ba-211:002** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-211:003** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-211:004** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-211:005** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-211:006** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-211:007** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-211:008** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-211:009** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-211:010** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-211:011** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-211:012** heimild útihús
Túnakort 1920.
**Ba-211:013** *Skessa* varða landamerki
"Nú hefur ekki verið úr því skorið það ég bezt veit, hvar lögleg landamerki eru milli Hokinsdals og Steinaness, og til eru þrjár útgáfur af því. Stór varða var hlaðin af landmælingarmönnum, sem nefndist Skessa, uppi á Hálsinum ..."
Ö-Steinanes, 1.
**Ba-211:014** heimild draugur
"Við eru stödd í Selmannagatskletti, og yfir gnæfir Langanesnúpur. Í framhaldi af Selmannagatskletti kemur bás inn í klettinn, sem heitir Andabás. Þar hafði átt að reka lík þriggja eða fjögra manna, sem fórust af bát þarna fyri utan, og eru sagnir um, að slysinu hafi valdið ósætti, lík rekið upp í þennan bás og eftir það hafi verið reimt þar."
Ö-Steinanes, 1.
**Ba-211:015** *Höfn* heimild lending
"Höfn heitir lendingarstaður kipp fyrir innan Lausastand [fyrir innan 014]. Þar var oft lent og bátur settur undan sjó, ef hvessti út af Borgarfirðinum. Jafnvel menn innan úr Mosdal gerðu þetta og gengu svo heim."
Ö-Steinanes, 2.
**Ba-211:016** *Brunhólar* örnefni
"Upp af Öxinni [liggur að mestu í sjó fram um 10 metra hár um fjöru], er skarð, sem Yztaleitisskarð nefnist .... Næsta leiti fyrir innan heitir Brunhólar, en mér er nær að halda, að það eigi að vera Brunnhólar, því að þar eru smálækjarsytrur. Þarna erum við kominn kipp inn fyrir Arnarstand."
Ö-Steinanes, 2.
**Ba-211:017** *Magnúsargangur* heimild leið
"Magnúsargangur var stutt frá Ingveldarskarði, mig minnir frekar að utanverðu. Þetta nær inn við Djúpseyrará."
Ö-Steinanes, 4.
**Ba-211:018** heimild mógrafir
"Óvenjulegt mótak var á mýrum á Steinanesi."
Ö-Steinanes viðb, 1.
**Ba-211:019** *Steinanesrétt* heimild rétt
"Fyrir innan Steinakirkju niður við sjó stendur Steinanesrétt. Réttin er fallegasta hleðsla, sem Kristján hefur séð, mjög stæðileg."
Ö-Steinanes viðb, 1.

**Ba-211:020** *Sjógarður* garðlag
"Grjótgarður var hlaðinn frá réttinni [019] með sjónum, alla leið inn að nausti, kallaður Sjógarður."
Ö-Steinanes viðb, 1.

**Ba-211:021** *Naust* örnefni naust
"Grjótgarður var hlaðinn frá réttinni [019]með sjónum, alla leið inn að nausti, kallaður Sjógarður."
Ö-Steinanes viðb, 1.

**Ba-211:022** *Hesthúsflöt* örnefni hesthús
"Fyrir utan hann [Bæjarlækinn] og neðst í því [túninu] er Hesthúsflöt."
Ö-Steinanes e H.G, 60.

**Ba-211:023** *Átjánmannareitur* örnefni legstaður
"Í túninu , kippkorn niður af bænum er smáþúfnareitur aftan með Bæjarlæk, heitir Átjánmannareitur. Sagt er að átján menn hafi verið jarðaðir þar í Svartadauða."
Ö-Steinanes e H.G, 60.

**Ba-211:024** *Steinkirkja* örnefni huldufólksbústaður
"Fyrir utan og neðan Hesthúsflöt og túnið er mikil klettaborg, heitir Steinkirkja. Sagt var að þar væri huldufólkskirkja."
Ö-Steinanes e H.G, 60-61.

**Ba-211:025** *Kór* örnefni huldufólksbústaður
"Við syðri endann á Steinkirkju [024] niður undan túninu er dálítil vík inn í klettana og líkist það fjósrétt, heitir Kór. Mun þarna hafa átt að vera kór huldufólkskirkjunnar. En sjór gengur upp í hann um stórstraumsflæðar."
Ö-Steinanes e H.G, 61.

**Ba-211:026** *Steinaneshá1s* vegur leið
1959: "Frá Steinanesi er skömm gönguleið norður yfir hálsinn að Hokisnsdal ..." - "Upp frá Steinanesi liggur vegur yfir í Hokinsdal í Ísafjarðarsýslu. Vegurinn heitir Steinaneshals."
ÁFÍ 1959, 164; Ö-Steinanes e H.G, 61.

**Ba-211:027** *Hlöðuleiti* örnefni hlaða
"Rétt fyrir utan Steinakirkju [024] er leiti, heitir Hlöðuleiti."
Ö-Steinanes e H.G, 61.

**Ba-211:028** heimild stekkur
"Þar fyrir utan [027] eru grasbakkar, heita Flötubakkar. Þar upp af er skarð í brúnina, heitair Kýrskarð. Beint niður undan því er gamall Stekkur. Klettar þar við sjóinn heita Stekkjarklettar."
Ö-Steinanes e H.G, 61.

**Ba-211:029** *Seljaleiti* tóft
"Kippkorn fyrir utan Kýrskarð [028] er annað skarð í brúnina þar fyrir ofan mýrar, heitir og Mýrarskarð. Um þetta svæði er leiti, heitir Seljaleiti. Þar eru fornar tóftir."
Ö-Steinanes e H.G, 61.

**Ba-211:030** *Sæluhöfn* heimild lending
"Við ytri enda þeirra [Kálfaslétta] eru klettar, heita Hafnarbarð. Fyrir utan það er dálítill bugur inn í ströndina heitir Sæluhöfn. Þar er ágæt lending."
Ö-Steinanes e H.G, 62.

**Ba-211:031** *Vetrarvegur* vegur leið
"Var hann ekki farin, nema þegar mikill snjór var í hálsinum og oft skafl af brún. Ferðamenn áttu sterka og góða stafi með járnbroddi í öðrum enda og var kallaður broddstafur. Með honum pjökkuðu þeir spor í harða skafla, og þegar á Vetrarveginn kom og verð að róa niður, settu þeir stafinn milli fóta sér, settust á hann og létu broddinn rista snjóinn og héldu báðum höndum um stafinn."
Ö-Steinanes ath, 1.

**Ba-211:032** *Sjöundarbás* heimild
"Um Sjöundabásinn [fyrir utan Sæluhöfn 030] er raunasaga, og var hún sögð á þessa leið. Á Hrafnseyri var margt fólk í gamla daga og víðar. ... Í góðu veðri fóru 7 manns á róðrarbát til Bíldudals í kaupstaðarferð frá Hrafnseyri. Var þar bóndinn, vinnumaður hans, vinnukonan, og var hún ófrísk. Engra nafna er getið. Ferðin gekk vel og afgreiðslan líka. Nú þurfti að halda heim og voru menn þá orðnir mjög ölvaðir, en samt var farið á stað. Veður var gott. Margt bar á góma hjá bónda og vinnumanni um barn vinnukonunnar. Kenndu þeir hvor öðrum um og urðu fokvondir og fóru að fljúgast á. Hvolfdi bátnum og allir fóru á kaf, allir ósyndir. Þetta skeði fram af básnum. Einn unglingspiltur komst á land og til bæjar

og sagði fréttirnar, og eftir honum er höfð þessi saga. Svo rak öll líkin upp í þennan bás, og af því ber hann þetta nafn, Sjöundabás. Öll líkin voru flutt til Hrafnseyrar og jörðuð þar í sömu gröf."

Ö-Steinanes ath, 2.

## VI. *Heimildaskrá*


Björn M. Ólsen: 'Rannsóknir á Vestfjörðum 1884.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1884-85:* 1-23.

**Bstbók:** *Barðstrendingabók*, Reykjavík 1942.

**DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn* I-XVI, Kh. og Rv. 1853-1976.

**FEB**: *Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757* I-II, Rv 1943.

**FF:** *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823*, Sveinbjörn Rafnsson gaf út, Reykjavík 1983.

'Frakkar á Vatneyri fyrir 100 árum.' *Árbók Barðastrandarsýslu 1955-1956* VIII. (1957), 10-12.

Gísli Vagnsson: 'Hornatær.' *Hrakningar og heiðavegir* IV, Reykjavík 1957, 162-64.

Guðmundur Ólafsson: *Fornleifaskráning í Rauðasandshreppi. Vesturbyggð*, Reykjavík 1994.

Hannibal Valdimarsson: 'Einn af merkustu og bestu sonum Íslands.' *Árbók Barðastrandarsýslu 1968-1974*,

**ÍF:** *Íslenzk fornrit*, Rv 1933-.

**JÁM**: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43; 12-13, Rv. 1990.

**JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.

Jóhann Skaptason: 'Fróðleiksmolar um jarðir í Barðastrandarsýslu.' *Árbók Barðastrandarsýslu* III. *1950*, (1950), 58-61.

Jóhann Skaptason: 'Hvar voru forn landamæri Botns og Sperðlahlíðar.' *Árbók Barðastrandarsýslu* IV. *1951*, (1951), 83-87.

Jóhann Skaptason: 'Hvað olli hruni Kollsvíkurbæjar?' *Árbók Barðastrandarsýslu* VI. *1953*, (1953), 99.

Jóhann Skaptason: 'Barðastrandarsýsla.' *Árbók Ferðafélags Íslands 1959*.

Jón Kr. Ísfeld: 'Prestatal í Barðastrandarprófastdæmi.' *Árbók Barðastrandarsýslu* V. *1952*, (1952), 65-75.

Jón Kr. Ísfeld: 'Prestatal í Barðastrandarprófastdæmi.' *Árbók Barðastrandarsýslu* VI. *1953*, (1953), 55-67.

Jón Kr. Ísfeld: 'Prestatal í Barðastrandarprófastdæmi.' *Árbók Barðastrandarsýslu* VII. *1954*,

(1955), 58-66.

Jón Kr. Ísfeld: 'Prestatal í Barðastrandarprófastdæmi.' *Árbók Barðastrandarsýslu* VIII. *1955-1956,*(1957), 34-38.

Jón Kr. Ísfeld: 'Prestatal í Barðastrandarprófastdæmi.' *Árbók Barðastrandarsýslu* IX. *1957-1958,* (1968), 25-32.

Jón G. Jónsson: 'Krosseyri í Suðurfjarðarhreppi.' *Árbók Barðastrandarsýslu* IV. *1951*, (1951), 79-82.

Jón G. Jónsson: 'Í landnámi Geirólfs Valþjófssonar.' *Árbók Barðastrandarsýslu* IV. *1951*, (1951), 88-96.

Jón G. Jónsson: 'Trostansfjörður í Suðurfjarðahreppi.' *Árbók Barðastrandarsýslu* V. 1952, (1952), 76-84.

Jón G. Jónsson: 'Fróðleiksmolar um jarðir í Barðastrandarsýslu.' *Árbók Barðastrandarsýslu* VI. *1953*, (1953), 100-112.

Jón G. Jónsson: 'Fróðleiksmolar um jarðir í Barðastrandarsýslu.' *Árbók Barðastrandarsýslu* VII. *1954*, (1955), 69-82.

Jón G. Jónsson: 'Fróðleiksmolar um jarðir í Barðastrandarsýslu.' *Árbók Barðastrandarsýslu* VIII. *1955-1956*, (1957), 18-32.

Jón G. Jónsson: 'Fróðleiksmolar um jarðir í Barðastrandarsýslu.' *Árbók Barðastrandarsýslu* IX. *1957-1958*, (1968), 14-24.

Jón Steffensen: 'Lýsing mannabeina úr fornminjafundinum í Vatnsdal, Patreksfirði.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1966*, 33-54.

**KEKH**: Kristján Eldjárn: *Kuml og haugfé í heiðnum sið á Íslandi*, Akureyri 1956.

**KK:** Kristian Kaalund: *Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island* I-II, Kbh 1877-82.

Kristinn Guðlaugsson: 'Hornatáavegur.' *Hrakningar og heiðavegir* III, Reykjavík 1953.

Kristján Eldjárn: 'Fornaldarsverð frá Hringsdal.' *Árbók Barðastrandarsýslu* III. *1950*, (1950), 5-10.

Kristján Eldjárn: 'Merkilegar girðingar á Melanesi á Rauðasandi.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1964*, 88-93.

Kristján Júlíus Kristjánsson: 'Kollsvíkurver.' *Árbók Barðastrandarsýslu 1959-1967*,

Markús Ö. Thoroddsen: 'Eyrar, Patreksfirði 1863. Frásögn Guðmundar Sigurðssonar fyrrverandi hreppstjóra.' *Árbók Barðastrandarsýslu* X. *1959-1967*, (1974), 7-8.

Matthías Þórðarson: 'Skýrsla um viðbót við Þjóðminjasafnið árið 1917.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*, 26.

Matthías Þórðarson: 'Smávegis. Um nokkra staði og fornminjar, er höf. hefir athugað á skrásetningarferðum sínum.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1924*, 42-58.

Ólafur Lárusson: 'Frá Ara Andréssyni. Brot úr sögu Bæjar á Rauðasandi.' *Árbók Barðastrandarsýslu* I. *1948*, (1948), 5-26.

Ólafur Lárusson: 'Bæjanöfn í Barðastrandarsýslu.' *Árbók Barðastrandarsýslu* V. *1952*, (1952), 5-20.

Sigurður Vigfússon: 'Rannsókn um Vestfirði, einkannlega í samanburði við Gísla Súrssonar sögu.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1883*, 1-70.

Sigurður Vigfússon: 'Rannsókn á Vestfjörðum 1888.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1888-1892*, 124-142.

Sigurður Vigfússon: 'Rannsóknir í Breiðafirði 1889.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1893*, 1-23.

'Skrá um friðlýstar fornaldarleifar í Barðastrandarsýslu.' *Árbók Barðastrandarsýslu* III. *1950*, (1950), 66-69.

SSV: *Sóknarlýsingar Vestfjarða* I-II, Reykjavík 1952.

*Vestfirzkar sagnir* I, safnað hefur Helgi Guðmundson, 2-3.

*Vestfirzkar þjóðsögur* I, skráð hefur Arngrímur Fr. Bjarnason, 32-33.

Þorvaldur Thoroddsen: 'Bjarndýrin undir Látrabjargi og Bardagalágir.' *Árbók Barðastrandarsýslu* IV. *1951*, (1951), 97-98.

Þór Magnússon: 'Bátkumlið í Vatnsdal í Patreksfirði.' *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1966*, 5-32.